I. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árið 1929.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1929 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	230000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1070000
4.	Aukatekjur	400000	
5.	Erfðafjárskattur	20000	
6.	Vitagjald	320000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	30000	
			1095000
	Flyt ...	... ...	2165000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	2165000
11.	Útflutningsgjald		900000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)...	500000	
13.	Tóbakstollur	700000	
14.	Kaffi- og sykurtollur...	1000000	
15.	Annað aðflutningsgjald	160000	
16.	Vörutollur	1000000	
17.	Verðtollur	600000	
			3960000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		25000
19.	Pósttekjur	475000	
20.	Símatekjur	1500000	
			1975000
21.	Víneinkasala		400000
	Samtals ...	... ...	9425000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
	Samtals ...		34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	27000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
		51000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		60000
6. Aðrir vextir...		100000
Samtals ...	... ...	269000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
Samtals ...	... ...	80000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1929 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.–20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	156589	
2. Dönsk lán, danskar kr. 197680,39	237216	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8370:15:3	184156	
		577961
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	164608	
2. Dönsk lán, danskar kr. 354453,56	425344	
3. Enska lánið 1921, £ 2240:6:0	49286	
		639238
III. Framlag til Landsbankans, 16. greiðsla.		100000
Samtals ...	... ...	1317199

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins..		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	200000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		204350
Samtals ...	... ...	204350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	36000	
	b. Til risnu	4000	
			40000
2.	Til utanferða ráðherra		6000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		69000
4.	Annar kostnaður		25000
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		26200
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900	
	b. Til pappírs og prentunar	9000	
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000	
			10900
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		4000
			181100
II.	Hagstofan:		
1.	Laun		12500
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		10000
3.	Prentun eyðublaða		1800
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		16800
6.	Til að gefa út manntalið 1703...		1000
			46100
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra	20000	
	b. Húsaleiga...	5000	
	c. Kostnaður við embættið	20000	
	d. Til skrifstofuhalds...	17000	
			62000
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000
3.	Ríkisráðskostnaður		4000
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		6000
			84000
	Samtals ...	... ...	311200

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	30500	
b. Annar kostnaður, alt að	5000	
		35500
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		132500
3. Laun hreppstjóra		27600
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	24600	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		32340
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 4 skrifara	18700	
b. Laun 6 tollvarða	25500	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1800	
e. Innheimtukostnaður	7500	
f. Ýms gjöld, alt að	11000	
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
		69000
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		95000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		500
8. Til landhelgisgæslu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		200000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
12. Borgun til sjódómsmanna		2000
13. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A ...		646440

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		18000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		40000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B ...	... ...	144000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		253000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. —		
Flyt ...	... ...	262450

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	262450
15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi Suður- og Vesturland, og augnlæknisins á Akureyri, er hafi Norður- og Austurland til yfirferðar, enda hafi þeir dvöl að minsta kosti á einni eða tveim höfnum í hverri sýslu.		
		3200
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8. Til geislalækningastofu ríkisins..		11000
9. Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
Flyt ...	... ...	284650

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	284650
11. Holdsveikraspítalinn			72600
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7650	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun starfsmanna	13000		
2. Viðurværi 55 manna (ca. 140 a. á dag)	25000		
3. Klæðnaður	1700		
4. Lyf og sáraumbúðir	1500		
5. Eldsneyti	8000		
6. Ljósmeti	2500		
7. Húsbúnaður og áhöld	2000		
8. Viðhald á húsum	2500		
9. Þvottur og ræsting	1800		
10. Greftrunarkostnaður	500		
11. Skemtanir	600		
12. Skattar o. fl.	4350		
13. Ýmisleg gjöld	1500		
		64950	
		72600	
12. Geðveikrahælið á Kleppi			59525
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	13500		
2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag)	48000		
3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
4. Lyf og sáraumbúðir	500		
5. Ljós og hiti	10000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	3000		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		93150	
		99850	
	Flyt ...	99850	416775

		kr.	kr.
	Flutt ...	99850	416775
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
	Mismunur ...	59525	
13. Heilsuhælið á Vífilsstöðum		... ...	1700
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis...		6700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi..	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting..	5500		
6. Viðhald húsa...	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		234840	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
	Mismunur ...	1700	
14. Heilsuhælið í Kristsnesi (rekstrarkostnaður).		... ...	3000
15. Önnur gjöld:			
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands		100000	
	Flyt ...	100000	421475

		kr.	kr.
	Flutt ...	100000	421475
b.	Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að utanhjeraðssjúklingar, sem borgað er fyrir af almannafje, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.	18000	
c.	Bólusetningarkostnaður	2500	
d.	Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
e.	Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
f.	Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
g.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
h.	Til berklabjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	3500	
i.	Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
j.	Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	2000	
k.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
l.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
m.	Til Elínar Sigurðardóttur, 90 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1080	
			154280
16.	Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna	... ...	36000
	Samtals ...	... ...	611755

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	95000	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
	c. Brjefhirðingamenn	22000	
			197000
2.	Póstflutningur		170000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	10000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
	d. Önnur gjöld	63500	
			114000
	Samtals A. ...	... ...	481000
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	16000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			42400
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 10000		
	2. Norðurárdalsvegur 60000		
	Flyt ... 70000	... ...	42400

			kr.	kr.
		Flutt ...	70000	 42400
	3. Húnavatnssýsluvegur		35000	
	4. Vallhólmsvegur		15000	
	5. Þelamerkurvegur...		10000	
	6. Vaðlaheiðarvegur		50000	
	7. Vopnafjarðarvegur		15000	
	8. Hróarstunguvegur		12000	
	9. Um Skaftáreldhraun í V.-Skaftafellss.		10000	
	10. Biskupstungnabraut		25000	
	11. Til vegar á Hólmahálsi, gegn 1/4 annarsstaðar að		8000	
				250000
	b. Viðhald og umbætur			225000
				475000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum			100000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)			30000
V.	Fjallvegir			20000
VI.	1. Til áhalda, alt að			20000
	2. Til bókasafns verkamanna			300
				20300
VII.	Til sýsluvega:			
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.			30000
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923			35000
				65000
VIII.	Til dragferjuhalds:			
	1. Á Lagarfljóti			300
	2. - Skjálfandafljóti			300
	3. - Blöndu			300
				900
IX.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá			150
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði			5000
XI.	Styrkur til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn			4000
	Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.			
		Samtals B. ...		 762750

		kr.	kr.
	C.		
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	180000	
	b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
			240000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		100000
	Samtals C. ...	... ...	340000
	D.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl..		40000
II.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð...		150000
III.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	320000	
	2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...	15000	
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	36000	
	4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	200000	
	6. Áhaldahúsið	3000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	13000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	15000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	8000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	6000	
	11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	8000	
	13. Símastöðin á Siglufirði	7500	
	14. Til aukaritsímaþjónustu	5000	
	15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	98000	
	16. Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að 14100		
	Flyt ... 14100	753000	190000

		kr.	kr.
	Flutt ... 14100	753000	190000
b.	Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 9500		
c.	Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		27200	
17.	Til Steindórs Björnssonar	1200	
18.	Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			782000
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
V.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VI.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
VII.	Viðhald landssímanna		160000
VIII.	Áframhaldsgjald		25000
IX.	Til kenslu fyrir símamenn		3000
X.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XI.	Ýms gjöld		7000
	Samtals D. ...	... ...	1268500
	E. Vitamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1.	Laun vitamálastjóra ... ... Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.	7600	
2.	Laun aðstoðarverkfræðings	5650	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að... ...	3500	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1750	
			18500
II.	Laun vitavarða.. ... ... Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		25000
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		105000
	Flyt ...	... ...	148500

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	148500
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V. Ýmislegt:		
a. Til uppsetningar leiðarljósa	15000	
b. — breytinga ljóstækja Reykjanesvitans	20000	
c. — að stofna bókasöfn fyrir vitaverðina	2000	
d. — International Hydrographic Bureau í Monaco	3530	
e. — annara útgjalda	10000	
		50530
Samtals E. ..	... ..	209030

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupdæmið:		
1. Laun biskups	8600	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		10600
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	406	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
8. Til ýmsra útgjalda...	5000	
		309156
Samtals A. ...	... ...	319756

		kr.	kr.
	B.		
	Kenslumál.		
I.	Háskólinn:		
	a. Laun		93000
	b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...		1500
	c. Til kennara í lagalæknisfræði		500
	d. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að		2000
	e. Námsstyrkur		15000
	Fjárveiting þessari skal skift í 25 skamta 400 kr. og 20 skamta 250 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt; þó má leggja saman alt að 8 skamta 250 kr. og gera úr helmingi færri 500 kr. skamta og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið í háskólanum.		
	f. Húsaleigustyrkur		9000
	g. Til kensluáhalda læknadeildar		1000
	h. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði		2800
	i. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla		4000
	j. Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	——— 1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	——— 2400		
	3. Ýms gjöld 5000		
	———		8900
	k. Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta		750
	Flyt ...		138450

		kr.	kr.
	Fluttar ...	138450	
l.	Byggingarstyrkur til stúdentagarðsins ... ... enda sje ekki byrjað á byggingunni fyr en lög eða skipulagsskrá, er stjórnin samþykkir, hafa verið sett um hana.	25000	
			163450
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b.	Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að	2500	
			26500
III.	Mentaskólinn almenni:		
a.	Laun	74200	
b.	Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns skólans 400		
	2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 6000		
	3. Til skólahússins utan og innan ... 3000		
	4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að 25000		
	5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ... 2700		
	6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót 2900		
	7. Læknisþóknun 500		
	8. Til vísindalegra áhalda 1000		
	9. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólanum 2500		
	10. Ýmisleg gjöld 3500		
	11. Til verðlaunabóka 100		
	12. Húsaleiga 1250		
		48850	
			123050
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
	Flyt ...	... ...	313000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	313000
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		24200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakenslu .	9500		
2. Til framhaldsnáms fyrir nemendur, sem lokið hafa gagnfræðaprófi ...	10000		
3. Vegna kostnaðar við heimavistina	2000		
4. Til bóka og kensluáhalda	1000		
5. Til eldiviðar og ljósa	6500		
6. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.	700		
7. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
8. Til skólahússins utan og innan ...	1500		
9. Til ýmislegra gjalda	3000		
		35100	
			59300
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.	2500		
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	2000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		14500	
			33500
	Flyt ...	... ...	405800

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	405800
VI.	Stýrimannaskólinn:		
	a. Laun	13500	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til stundakenslu. 1500		
	2. Til eldiviðar og ljósa 1700		
	3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra 300		
	4. Ýmisleg gjöld 2500		
		6000	
			19500
VII.	Vjelstjóraskólinn:		
	a. Laun	8800	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til stundakenslu 840		
	2. Húsnæði 4200		
	3. Ljós og hiti 1300		
	4. Ræsting 700		
	5. Til prófhalda 800		
	6. Ýms gjöld 500		
		8340	
	Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.		17140
VIII.	Bændakensla:		
	1. Til bændaskólans á Hólum:		
	a. Laun 9650		
	b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu... 1450		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms, alt að 1000		
	2. Til kensluáhalda. 800		
	3. Til eldiviðar og ljósa... 3500		
	4. Ýmisleg gjöld 2500		
	7800		
		18900	
	Flyt ...	18900	442440

		kr.	kr.
	Flutt ...	18900	442440
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	8550		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 2450			
2. Til kensluáhalda... ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 2500			
4. Ýmisleg gjöld 12000			
	17750		
		27600	
			46500
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
IX. Iðnfræðsla:			
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskó'a í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		6000	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		500	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til skólahalds		500	
Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar.			
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.			
d. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis		4000	
			11000
	Flyt ...	... ...	499940

		kr.	kr.
	Fluttar ...	... ...	499940
X.	Verslunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	6000	
	b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..	6000	
			12000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 1000		
		1900	
	3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11100
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 21000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		31000	
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 14000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
	c. Til raflýsingar 4000		
		20000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		51000
	Flyt ...	... ...	574040

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	574040
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5800		
b. Skrifstofukostnaður hans	1200		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000		
		8000	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		266000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		25650	
4. Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		7000	
5. Til prófdómara við barnapróf		4000	
6. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að		25000	
7. Til fræðslumálarits...		800	
8. Til kenslubóka fyrir barnaskóla...		1500	
9. Utanfararstyrkur handa barnakennurum		3000	
			340950
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	10500		
b. Til aðstoðarkenslu	600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms ... 600			
Alt að helmingi fjárins má verja til verðlauna handa nemendum.			
2. Til kensluáhalda.. ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 2500			
	7900		
		19000	
2. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar		45000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins.			
	Flyt ...	64000	914990

	kr.	kr.
Flutt ...	64000	914990
Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
3. Til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^2/_5$ kostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.		
4. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	16000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
5. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
		101000
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðraskóla á Staðarfelli, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð hans ...	4000	
2. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	4000	
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
3. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
4. Til húsmæðrafræðslu við alþýðuskóla Þingeyinga, $^2/_5$ byggingarkostnaðar	11000	
		20500
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		24000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
Flyt ...	... ...	1061490

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1061490
XVIII. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ...	3000	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar, enda sjeu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, 1/5 kostnaðar, alt að	4000	
		8800
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
Samtals B. ...	... ...	1072090

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. og 2. bókavarðar, 500 kr. til hvors.	1000	
Flyt ...	19300	

	kr.	kr.
Flutt ...	19300	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	12000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	600	
		42060
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6200	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		12700
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornmenjavarðar)	7150	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	800	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
Þjóðminjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		13000
4. Náttúrufræðifjelagið:		
a. Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til amtsbókasafnsins á Akureyri ... ... að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi		3000
Flyt ...		84660

	kr.	kr.
Flutt ..	... ...	84660
þar bókavörslu, með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar.		
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafjelagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði að fjelagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar og og hefji útgáfuna á þessu ári...		6800
12. Til Fornleifafjelagsins		800
13. Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14. Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Hegranesþings)		2000
15. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
16. Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1000
17. Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
18. a. Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers	8000	
b. Til hljómsveitar Reykjavíkur	4000	
c. Til þess að kaupa listaverk.	3500	
		15500
19. Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		1200
20. Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		7025
21. Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
22. Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
Flyt ...	... ...	137685

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	137685
23.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6700	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
			7900
24.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
25.	Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1800
26.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
27.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		800
28.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
29.	Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
30.	Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1200
31.	Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
32.	Til Íþróttasambands Íslands		2500
33.	Til Björns Jakobssonar, til íþróttakenslu		4000
34.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		3500
35.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6700	
	b. Til sama, til aðstoðar	1200	
			7900
36.	Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, síðasti fjórðungur andvirðis		2500
37.	Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		3500
38.	Ferðastyrkur til útlanda		6000
	Samtals ...	... ...	184485

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		230000
2. Til sandgræðslu...		40000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram lögmæltan kostnað eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		15000
4. Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		140000
5. Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 4. greiðsla		6000
6. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		4000
7. Til skógræktar:		
a. Laun	11910	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	20000	
c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
		33110
8. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	10000	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
c. Til að rannsaka búfjársjúkdóma	4000	
		14700
9. Til fjárkláðalækninga		6000
10. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
11. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót	4800	
b. Til aðstoðar	4000	
c. Húsaleiga	3000	
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
e. Til áhaldakaupa	500	
		13500
12. Til veðurstofu Íslands:		
a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
Flyt ...	14900	503310

		kr.	kr.
	Flutt ...	14900	503310
	b. Til aðstoðar	12350	
	c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
	d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
	e. Til loftskeytatækja	800	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
			51600
13.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
14.	Til Fiskifjelagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		70000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
15.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	16600	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
	c. Laun 4 síldarmatsmanna	8800	
	d. — 4 ullarmatsmanna	2200	
	e. — 5 kjötmatsmanna	4100	
	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			47900
16.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
17.	Til bryggjugerða og lendingabóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun		15000
18.	Til markaðsleitar erlendis		20000
19.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
20.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 1,50 kr. fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún býr til, alt að		6000
21.	Til gerlarannsókna		2000
22.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		4700
	Flyt ...	... ...	744510

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	744510
23.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		800
24.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
25.	Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
26.	Til sambands norðlenskra kvenna		450
27.	Til Bandalags kvenna		450
28.	Til kvenrjettindafjelags Íslands		500
29.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
30.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		7500
31.	Laun húsagerðarmeistara		7250
32.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda, 4000 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.	5500	
	b. Ferðakostnaður og skrifstofufje	1000	
	c. Til steinsteypukenslu	4000	
			10500
33.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
34.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa ...		8000
35.	Til ræktunarsjóðs:		
	a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
	b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
	c. Hluti af útflutningsgjaldi	65000	
			105000
	Samtals ...	... ...	891160

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga		500000
2.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3.	Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		7000
4.	Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík		3500
5.	Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6.	Til slysatryggingar		10000
7.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
8.	Til bjargráðasjóðs		24000
9.	Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
10.	Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi ... ... Þar af til Internationales Bureau zur Bekämpfung des Alkoholismus í Lausanne í Svisslandi.		10000
11.	Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
12.	Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
13.	Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
14.	Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja ..		600
	Samtals ...	... ...	664300

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	25192,55	
	b. Embættismannaekkjur og börn	17128,19	
	c. Uppgjafaprestar	635,28	
	Flyt ...	42956,02	

		kr.	kr.
	Flutt ...	42956,02	
d. Prestsekkjur		5595,94	
e. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923		2500,00	
			51051.96
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Þorvalds Pálssonar læknis ...	300,00		
2. — Sigurðar Magnússonar læknis ...	169,87		
3. — Halldórs Briems bókavarðar ...	960,00		
		1429,87	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7. — Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8. — Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9. — Rannveigar Tómasdóttur	300		
10. — Önnu Gunnlaugsson	900		
11. — Kristbjargar Marteinsdóttur	600		
12. — Kristínar Jacobson	600		
13. — Guðnýjar Jónsdóttur	400		
14. — Kirstínar Þ. Blöndal	300		
15. — Guðlaugar Magnúsdóttur...	2000		
16. — 3 barna hennar	300		
17. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
18. — Jenny Forberg	600		
19. — Astu Hallgrímsson	600		
		10725,00	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2. — Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4. — Sig. prófasts Gunnarssonar	662,25		
5. — Guttorms Vigfússonar...	600,00		
6. — Jóns Ó. Magnússonar...	600,00		
7. — Björns Þorlákssonar	208,00		
Flyt ...	3675,25	12154,87	51051,96

		kr.	kr.
Flutt ...	3675,25	12154,87	51051,96
8. Til Stefáns Jónssonar	370,00		
9. — Jóhannesar L. Lynge	1000,00		
		5045,25	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2. — Auðar Gísladóttur	300,00		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10. — Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
12. — Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
13. — Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
18. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
20. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
21. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
22. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
23. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
24. — Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
25. — Önnu Stefánsdóttur	200,00		
26. — Helgu Skúladóttur	230,00		
		7078,47	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
Flyt ...	1460,00	24278,59	51051,96

			kr.	kr.
	Flutt ...	1460,00	24278,59	51051,96
5.	Til Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6.	— Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7.	— Guðmundar Björnssonar	150,00		
8.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
9.	— Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
10.	— Páls J. Árdals	600,00		
			3760,00	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Guðm. Kristjánssonar	300		
2.	— Böðvars Jónssonar	200		
3.	— Hallgríms Krákssonar	200		
4.	— Jóhanns Jónssonar	200		
5.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
6.	— Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
7.	— Daníels Jónssonar	200		
8.	— Jens Þórðarsonar	300		
9.	— Friðriks Möllers	1200		
10.	— Anínu Arinbjarnardóttur	200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14.	— Guðm. Kristjánssonar	200		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
16.	— Friðriks Klemenssonar	2000		
17.	— Kristjáns Blöndals	1000		
18.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
19.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
20.	— Hans Hannessonar pósts	300		
21.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ...	200		
22.	— Ólafs Ólafssonar pósts	200		
23.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
			9400,00	
g.	Ritöfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	Til Þorsteins Gíslasonar	2000		
	Flyt ...	10200	37438,59	51051,96

		kr.	kr.
	Flutt ... 10200	37438,59	51051,96
6. — Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7. — dr. Helga Pjeturss	4000		
8. — Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
9. — Einars Benediktssonar	4000		
		20400,00	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2. — Guðrúnar Jónsdóttur	300,00		
3. — Arnbjargar Einarsdóttur	300,00		
4. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6. — 2 barna hennar	200,00		
7. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300,00		
8. — Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
		3100,00	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítala-forstöðukonu	400		
2. — Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
3. — Kristínar Sigurðardóttur júbil-ljósmóður	500		
4. — Matthildar Þorkelsdóttur júbil-ljósmóður	500		
5. — Þórdísar Símonardóttur júbilljós-móður	500		
6. — Jakobínu Sveinsdóttur jubilljós-móður	500		
7. — Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
8. — Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300		
9. — Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300		
10. — Jórunnar Guðmundsdóttur ljós-móður	300		
11. — Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
12. — Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
13. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
14. Til Páls Erlingssonar	1200		
	Flyt ... 6200	60938,59	51051,96

		kr.	kr.
	Flutt ... 6200	60938,59	51051,96
15.	Til Erlends Zakaríassonar 300		
16.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri 300		
17.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra 300		
18.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar 400		
19.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar 200		
20.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar 400		
21.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar 300		
22.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará 500		
23.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar 600		
24.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar 300		
25.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar 300		
26.	— Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar. 600		
27.	— Halldóru Pjetursdóttur Briem ... 600		
28.	— Kristjönu Benediktsdóttur 400		
29.	— Bjargar Guðmundsdóttur 400		
30.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti 400		
31.	— Henriette Kjær 600		
32.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar 400		
33.	— frú Ástu Einarson 600		
		14100,00	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j.	Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara	1200,00	
k.	— ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar	1000,00	
l.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000,00	
			80238,59
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		50436,22
	Samtals ...	... ...	181726,77

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Tekjur eru áætlaðar árið 1929:

Samkvæmt	2. gr.	... ...	9425000.00		
—	3. —	... ...	34600,00		
—	4. —	... ...	269000,00		
—	5. —	... ...	80000,00		
				kr.	9808600,00

En til gjalda er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	... ...	1317199,00		
—	8. —	... ...	60000,00		
—	9. —	... ...	204350,00		
—	10. —	... ...	311200,00		
Samkvæmt	11. gr. A.	... ...	646440,00		
—	11. — B.	... ...	144000,00		
			790440,00		
—	12. gr.	... ...	611755,00		
—	13. — A.	... .	481000,00		
—	13. — B.	... ...	762750,00		
—	13. — C.	... ...	340000,00		
—	13. — D.	... ...	1268500,00		
—	13. — E.	... ...	209030,00		
			3061280,00		
—	14. — A.	... ...	319756,00		
—	14. — B.	... ...	1072090,00		
			1391846,00		
—	15. —	... ...	184485,00		
—	16. —	... ...	891160,00		
—	17. —	... ...	664300,00		
—	18. —	... ...	181726,77		
—	19. —	... ...	100000,00		
—	20. —	... ...	10000,00		
				kr.	9779741,77
		Tekjuafgangur		kr.	28858,23

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 100 þús. kr. til þess að reisa frystihús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánið er veitt sýslufjelögum eða samvinnufjelögum bænda, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.
2. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
3. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfélaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Stjórninni er heimilt að veita Árnessýslu uppgjöf á Flóavegarláninu, sem veitt var sýslunni, úr Viðlagasjóði samkvæmt skuldabrjefi dags. 25. apríl, 1924 að upphæð kr. 40868,98.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.
II. Að greiða halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1927, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1928, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og

að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1928 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við frv. til fjárlaga fyrir 1929.

Vegna þess að ætlast er til, að Alþingi komi saman nálega mánuði fyr en venjulega, hefir það reynst vandkvæðum bundið að afla, í tæka tíð þeirra gagna, sem nauðsynleg eru til þess að fá sæmilega glögt yfirlit yfir fjárhagslega afkomu líðandi árs, og því ekki auðvelt að semja fjárlögin með þeirri nákvæmni sem æskilegt hefði verið.

Hinsvegar ætti að mega treysta því, að þingnefndir þær, sem um fjármálin fjalla, hafi betri aðstöðu um að byggja á reynslunni, þareð búast má við, að þegar nokkuð kemur fram á þingið verði komnar fullnaðar skýrslur frá innheimtumönnum úr öllum sýslum og kaupstöðum landsins. Laun embættismanna og starfsmanna ríkisins eru áætluð nokkru lægri en í fjárlögunum fyrir árið 1928, með tilliti til þess, að dýrtíðaruppbótin muni fara heldur lækkandi. Það hefir ekki þótt ástæða til að áætla laun nefndra starfsmanna nákvæmar en svo, að oftast er látið standa á hundruðum, enda virðist það tilgangslítið, þar eð enginn getur með vissu sagt um, hversu há dýrtíðaruppbótin muni verða, þegar þar að kemur.

Það virðist svo, sem að sumir tekjuliðir muni varla ætla að ná þeirri upphæð, sem fjárlögin gera ráð fyrir, svo sem tekju og eignarskattur, erfðafjárskattur, áfengistollur o. fl. Auk þess hafa, eins og kunnugt er, aðrir meiri háttar tekjustofnar verið skertir til muna á síðustu þingum, og verður því eigi hjá því komist, annaðhvort að draga úr framkvæmdum eða afla nýrra tekna, eftir því sem frekast þykir fært.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, hefir eigi þótt fært að taka til greina allar tillögur forstjóranna, sem standa fyrir hinum ýmsu greinum ríkisframkvæmdanna. Tillagið til síma og brúa hefir því verið lækkað, um hjer um bil 100 þúsund krónur til hvors um sig, enda hefir verið litið svo á, að undir sumum kringumstæðum væri hentugra að taka lán til slíkra meiri háttar framkvæmda, heldur en að íþyngja um of gjaldþoli manna á erfiðum tímum.

TEKJUBÁLKURINN.

Um 2. gr.

1. Fasteignaskatturinn hefir árið 1922—26 orðið að meðaltali 228 þús. kr. en þrjá fyrstu fjórðunga þessa árs er hann kominn nokkuð yfir þá upphæð, og virðist því mega áætla hann, að minsta kosti, 230 þús. kr., enda eðlilegt að hann fari nokkuð hækkandi árlega.

2. Tekju- og eignarskatturinn hefir fimm síðastliðin ár, orðið samtals hjerumbil 6 miljónir króna eða á ári til jafnaðar rúmlega 1200 þús. kr., en það þykir óvarlegt að áætla hann eins háan og framangreint meðaltal sýnir, vegna þess, að árin 1924—25 voru miklu meira en meðal afkomuár, og er hann því í þessu frv. talinn 800 þús. kr.

Á þessu ári er ekki innheimt meira en sem svarar 800 þús. kr. af tekjuskattinum, og er upphæðin í frv. ákveðin í samræmi við það.

3. Lestagjaldið, 40 þús. kr. er full hátt, miðað við reynslu undanfarinna ára, en þó er ekki vonlaust um að sú upphæð fáist.

4. Aukatekjur eru hækkaðar upp í 400 þús. kr., enda ætti það að vera óhætt, ef nokkuð má marka undanfarandi reynslu. Til septemberloka s. l. voru innheimtar aukatekjur orðnar hjerumbil 330 þús. kr. og lítur því út fyrir, að þær muni fara talsvert fram úr áætlun þetta árið.

5. Erfðafjárskatturinn er lækkaður um helming, með tilliti til þess að hann virðist vera mjög óviss tekjugrein. Hann er á þessu ári orðinn að eins 15 þús. kr., og óvíst hvað úr því rætist.

6. Vitagjaldið er hækkað um 20 þús. kr., miðað við reynslu líðandi árs, og lítil ástæða til að áætla, að siglingar til landsins fari minkandi.

7. Liðirnir 7, 9 og 10 eru óbreyttir. Um 10. liðinn skal það tekið fram, að þótt nokkur tilraun væri gerð á síðasta þingi til þess að fá honum breytt, þá hefir ráðuneytið, enn sem komið er, ekki getað fundið rjettmætari grundvöll fyrir þeim skatti en þann sem nú er.

8. Stimpilgjaldið er óbreytt, með því að síðari ára reynsla bendir til, að eigi muni vera fært að setja það hærra, ef áætlunin á að geta staðist.

9. Útflutningsgjaldið er hækkað um 50 þús. kr. og er eigi annað sjáanlegt, en að það muni vera sæmilega varlega áætlað, með hliðsjón af síðari ára útkomu.

10. Áfengistollur, þar með talið óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir, er færður niður í 500 þús. kr., og mun það vera full hátt, því þótt hann hafi orðið miklu hærri sum árin, þá er nú svo komið, að eftir þessa árs reynslu er það meira en vafasamt að hann nái þessari upphæð.

11. Tóbakstollurinn er lækkaður um 100 þús. kr., og virðist eigi gerlegt að áætla hann hærri, eftir því sem reynslan hefir orðið, það sem af er þessu ári.

12. Kaffi- og sykurtollurinn er óbreyttur, enda má telja hann nokkurnveginn fastan og tryggan tekjulið.

13. Annað aðflutningsgjald er hækkað um 10 þús. kr., miðað við það, sem af er þessu árinu.

14. Vörutollurinn er óbreyttur, vegna þess, að ekkert er fram komið, sem gefi tilefni til að ætla að hann fari lækkandi.

15. Verðtollurinn er lækkaður um 250 þús. kr., og má telja vafasamt hvort það sje nægileg lækkun.

16. Gjald af sætinda- (konfekt) og brjóstsykurgerð er hækkaður um 5 þús. kr., og er líklegt að það sje eigi of hátt, með því að slíkur iðnaður er að aukast í landinu,

17. Pósttekjur áætlaðar eins og verið hefir.

18. Símatekjur sömuleiðis.

19. Tekjur af víneinkasölunni eru lækkaðar um 50 þús. kr. og er vafasamt hvort það er nægileg niðurfærsla, en hins vegar hefir munurinn verið svo mikill milli áranna, að erfitt er að gera sjer grein fyrir, hvaða upphæð sje næst sanni.

20. 3., 4. og 5. gr. gefa ekki tilefni til sjerstakra athugasemda, þar sem þar er um smávægilegar upphæðir að ræða, sem ekki eru miklum breytingum undirorpnar.

GJALDABÁLKURINN.

Skuldir við ríkissjóð 31. des. 1927 sundurliðast þannig:

7. gr.

Innlend lán.

1.	Lán frá 1920			kr.	2000000,00
2.	Háskólalánið 1919			—	1000000,00
3.	Íslandsbankalán 1918			—	100000,00
4.	Silfurbergsnámulán			—	28000,00
5.	Staðarfellslán			—	7269,17
6.	Landbelgissjóðslán	kr.	504622,03		
	Þar frá dregst: Framlag sjóðsins til rekstarkostnaðar 1927	—	135000,00	—	369622,03
7.	Landsbankalán, til ritsíma tekið 1916 til 25 ára með bankavöxtum	kr.	56000,00		
	Sama 1918	—	51000,00		
	Sama (Hlaupar. 1039)	—	589652,62	—	696652,62

Dönsk lán.

1.	Tekið hjá dönskum bönkum 1909 til 30 ára, til að kaupa 3 fl. bankavaxtabrjef, með 4½ % vöxtam d.	kr.	575000,00		
2.	Lán tekið hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaup-				
	Flyt	kr.	575000,00	kr.	4201543,82

	Fluttar	kr. 575000,00	kr. 4201543,82
	mannahöfn 1912, til 30 ára til að kaupa 3. fl. bankavaxtabrjef með 4½ % vöxtum . d.	— 129166,60	
3	Lán hjá Norr. ritsímafjel. til símalagninga, með 4% vöxtum tekið til 30 ára 1913 d.	— 340185,62	
4.	Lán hjá Norr. ritsimafjel. tekið 1917 til 30 ára, með 5% vöxtum . . . . . d.	— 400056,04	
5.	Lán hjá Handelsbanken tekið 1917 til 10 ára og viðbótarlán 1923, vextir ½ % hærri en forvextir þjóðbankans danska . . d.	— 180000,00	
6.	Lán hjá dönskum bönkum tekið 1. júlí 1919, með 5% vöxtum til 20 ára	— 2700000,00	
7.	Lán tekið í Bicuben til heilsuhælisins á Vífilsstöðum . . . . . d.	— 128474,24	
	D.	kr. 4452882,50 á 1/20	5343459,00
	Enska lánið 1921	£ 121679-5-0 á 22/00	2676943,50
		Ísl. kr.	12221946,32

Um 8. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemdar.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður er áætlaður 200 þús. kr., er það nokkru lægra en verið hefir, með það fyrir augum, að þingið eigi að verða til muna styttra, heldur en þau hafa verið síðustu undanfarin ár. Störfum þingsins ætti að mega koma svo fyrir, að það þyrfti eigi að standa nema um 2 mánuði, eða í allra lengsta lagi 10 vikur.

Um 10. gr.

Óbreytt að öðru en því, að laun hafa verið lækkuð lítillega, þar sem það átti við, með tilliti til lækkandi dýrtíðaruppbótar.

11. gr.

Tillagið til landhelgisgæslu er lækkað um 35 þús. kr., en gert ráð fyrir að framlag Landhelgissjóðsins hækki eftir því, sem með kynni að þurfa. Hinsvegar er búist við, að útgjöldin, ef vel er á haldið, geti einnig lækkað til muna.

12. gr.

Útgjöldin hafa lækkað til muna, því að niður hafa fallið allstórir liðir eins og t. d. byggingarkostnaður á Kleppi, Kristnesi og auk þess hefir framlag til Landsspítala lækkað um 50 þús. kr. Þess skal getið, að rekstrarkostnaður Heilsuhælisins á Kristsnesi er ekki sundurliðaður vegna þess, að þar var engin reynsla fengin til að byggja á, og verður ekki fyr en að fyrsta starfsárinu liðnu.

13. gr.

A. Póstmál.

Útgjöldin til póstmálanna hafa hækkað um hjer um bil 9 þús. kr. eftir tillögum aðalpóstmeistara, og stafar sú hækkun aðallega af fjölgun póstmanna, og þar af leiðandi auknum launagreiðslum, einnig hefir liðurinn 3 c. hækkað um 2500 kr. án þess þó að til greina hafi verið tekin tillaga aðalpóstmeistara um aukin og bætt húsakynni fyrir póstafgreiðsluna á Ísafirði.

B. Vegamál.

Útgjöldin á þessum lið hafa lækkað til muna, enda hefir þar verið dregið nokkuð úr og ýmsir liðir lækkaðir frá því, sem vegamálastjórinn hefir lagt til. Um þessar breytingar þarf eigi að fjölyrða nú með því, að þeirra hefir áður verið getið í hinum almennu athugasemdum við frumvarp þetta.

C. Samgöngur á sjó.

Upphæðin er hin sama og í fjárlögum fyrir 1928, enda þótt að stjórninni sje það ljóst, að eigi verður hjá því komist, að bæta strandferðirnar til muna í nánustu framtíð, en það er eigi auðvelt að gera sjer grein fyrir hversu mikið fje muni þurfa til þess. Það verður því að koma til álita þingsins hvernig hinum væntanlegu samgöngubótum verði haganlegast fyrirkomið, og hversu mikið fje verði hægt að leggja af mörkum til þeirra.

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

Þessi liður hefir verið lækkaður um hjer um bil 80 þús. kr., sem aðallega stafar af því, að framlagið til nýrra símalagninga hefir verið lækkað um 110 þús. kr. Aftur á móti hafa aðrir liðir hækkað nokkuð, en það er einungis óhjákvæmileg útgjöld við aukna starfrækslu.

E. Vitamál.

Þessi liður er lækkaður um hjer um bil 20 þús. kr., og stafar sú breyting af því, að ekkert fje er áætlað til þess, að reisa nýja vita. Aftur á móti hafa ýmsir liðir hækkað nokkuð, svo sem laun vitavarða, rekstrarkostnaður vitanna o. fl.

14. gr.

A.

Þessi liður hefir eigi tekið verulegum breytingum og heildarupphæðin því nálega hin sama, að eins lítilfjörleg lækkun, en þá hefir heldur eigi verið hægt að taka til greina ýmsar af tillögum biskupsins, og má í því sambandi minnast á, að í þessu frumvarpi er áætluð helmingi lægri upphæð til húsabóta á prestssetrum en biskupinn lagði til, að tekin yrði upp á fjárlögin.

B.

Í þessum kafla hafa ýmsar minni háttar breytingar átt sjer stað, en engar

þeirra eru þess eðlis, að það gefi tilefni til sjerstakra athugasemda. Heildarupphæðin hefir lækkað lítilsháttar, en auðvitað hefir eigi verið hægt að sinna öllum kröfum og tillögum hinna ýmsu stofnana um aukin fjárframlög.

15. gr.

Framlög til safnanna eru lítið breytt frá því sem verið hefir, enda hefir því miður eigi verið fært að taka til greina ýmsar tillögur frá forstöðumönnum þeirra, til aukningar og umbóta, sem að þeir telja nauðsyn á; þess má vænta að fjárveitinganefnd taki til greina eitthvað af því sem hjer kann að hafa fallið undan.

Styrkurinn til Þjóðvinafjelagsins hefir verið hækkaður um 5000 kr. og er ákveðið, að þeirri upphæð verði varið til að gefa út æfisögu Jóns Sigurðssonar, og mun nokkur undirbúningur þegar vera hafinn til þess, að útgáfunni geti orðið lokið sem fyrst.

Ennfremur hefir verið tekin upp 4000 kr. fjárveiting til Björns Jakobssonar til íþróttakenslu, og mun það væntanlega eigi mæta neinni verulegri mótspyrnu þareð sjáanlegt er, að mikill og góður árangur er orðinn af starfi hans, og má vænta hans því meiri, sem fjárhagsleg aðstaða verður betri.

16. gr.

Á þessari grein hafa orðið allmargar breytingar til lækkunar, svo að mismunurinn nemur um 75 þús. kr. Hinsvegar er viðbúið, ef að vanda lætur, að við meðferð þingsins komi ýmsir nýir liðir til útgjaldaauka. Aðalbreytingin sem lækkuninni hefir valdið er sú að tillag til framhalds landmælinga hefir verið felt niður, ástæðurnar fyrir því eru þær, að fjárhagurinn virðist tæplega svo góður, að fært sje að framkvæma verkið nú þegar, enda þótt æskilegast hefði verið. Þá er einnig á það að líta, að margir líta svo á, að best færi á því, að starf þetta yrði unnið af innlendum mönnum.

Styrkurinn til Búnaðarfjelags Íslands er hækkaður um 30 þús. kr., en þess ber jafnframt að gæta, að tillagið til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, sem áður var sjerstakur liður er þar í innifalinn.

Tillagið til Fiskifjelags Íslands er hækkað um 5000 kr., en farið var fram á 40 þús. kr. hækkun, en eigi þótti fært að verða við þeim tilmælum frekar en þetta.

Það má teljast nýmæli, að veittar eru 4000 kr. til að rannsaka búfjársjúkdóma og ætti að mega vænta af því mikils gagns þegar fram líða stundir.

17. gr.

Gefur ekki tilefni til skýringa.

18. gr.

Á þessari grein hafa orðið nokkrar breytingar, sem ekki þurfa skýringar við, þar sem svo stendur á að eftirlaun ekkna koma í stað embættismanna, eða starfsmanna er látist hafa.

Með því að styrkurinn til Jóhannes L. Lynge, til þess að safna til Íslenskrar orðabókar, fellur niður úr 15. gr., hefir nefndur Jóhannes L. Lynge verið settur undir C-lið 18. gr. með 1000 kr. styrk.

19.—21. gr.

Þurfa ekki skýringa.

22. gr.

Sýslunefnd Árnessýslu hefir samkvæmt fundarályktun 29. jan. 1927 sent erindi, þar sem óskað er að Alþingi veiti sýslunni uppgjöf á Flóavegarláninu, sem veitt var úr viðlagasjóðnum 25. apríl 1924. Umsókninni fylgir álit veganefndar Árnessýslu, þar sem gerð er allítarleg grein fyrir því, að öll sanngirni mæli með því, að sýslan verði leyst frá skuld þessari, enda engar líkur til þess, að hún geti greitt lánið, eins og fjárhag hennar er nú komið. Ráðuneytið taldi rjett að taka beiðni þessa inn á fjárlögin, og þykir líklegt að Alþingi muni fallast á röksemdafærslu veganefndar sýslunnar.

23.—25. gr.

Gefa ekki tilefni til sjerstakra skýringa.

SKRÁ

yfir lögmælt eftirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna í árslok 1927.

	kr.	kr.
A. Embættismenn.		
1. Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsúrskurður 9/4 1907)	641,91	
2. Halldór Briem kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri	1440,00	
3. Marínó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu (konungsúrskurður 30/11 1908)	1008,00	
4. Helgi Guðmundsson, hjeraðslæknir í Siglufjarðarhjeraði (konungsúrskurður 1/11 1910)	1000,00	
5. Axel Valdemar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður 1/7 1911)	1876,62	
6. Eiríkur Briem, 1. kennari við prestaskólann (konungsúrskurður 20/10 1911)	1737,78	
7. Bjarni Jensson, hjeraðslæknir í Siðuhjeraði (konungsúrskurður 17/2 1914)	1000,00	
8. Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (konungsúrskurður 7/10 1914)	2276,70	
9. Sigurður Ólafsson, sýslumaður í Árnessýalu (konungsúrskurður 30/7 1915)	2571,35	
10. Davíð Scheving, hjeraðslæknir í Ísafjarðarhjeraði (konungsúrskurður 2/8 1914)	1266,67	
11. Guðmundur Eggerz, sýslumaður í Árnessýslu	1558,52	
12. Skúli Árnason, hjeraðslæknir í Grímsneshjeraði... ...	800,00	
13. Jón Jónsson, læknir	991,67	
14. Sigurður Magnússon, læknir	963,33	
15. Kl. Jónsson, fv. landritari	4000,00	
16. Stefán Gíslason, hjeraðslæknir	1000,00	
17. Magnús Guðmundsson, fv. ráðherra	1060,00	25192,55
Flyt ...	... ...	25192,55

	kr.	kr.
Fluttar ...	... ..	25192,55
B. Embættismannaekkjur og börn:		
1. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassens amtmanns, frá 1/10 1891...	750,00	
2. Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja Einars Guðjohnsen hjeraðslæknis, 1/8 1891	187,50	
3. Ásta Hallgrimsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1/1 1894	350,00	
4. Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði, frá 1/5 1894...	305,00	
4. Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá 1/11 1895	430,80	
6. Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briems amtmanns, frá 1/1 1905...	625,00	
7. Elín G. Blöndal, ekkja P. Blöndal hjeraðslæknis ...	187,50	
8. Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar hjeraðslæknis	189,37	
9. Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving hjeraðslæknis, frá 1/2 1909	187,50	
10. Elina Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1/1 1910	875,00	
11. Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar hjeraðslæknis í Hróarstungubjeraði, frá 1/9 1910	150,00	
12. Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis í Sauðárkróksbjeraði, frá 1/11 1910	212,50	
13. Óliva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar, frá 1/9 1913...	560,83	
14. Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtmanns Havsteen, frá 1/6 1915...	750,00	
15. Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915...	500,00	
16. Theódóra Thoroddsen, ekkja Skúla Thoroddsen sýslumanns, frá 1/6 1916	535,17	
17. Elín Stephensen, ekkja Magnúsar landshöfðingja Stephensen, frá 1/5 1917	1166,67	
18. Sofía Johnsen, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Þorgríms Johnsen, frá 1/9 1917	321,53	
19. Þórunn Stefánsdóttir, ekkja fyrv. kennara síra Jónasar Jónssonar, frá 1/10 1917	200,00	
Flyt ...	8484,37	25192,55

		kr.	kr.
	Fluttar ...	8484,37	25192,55
20.	Guðný Bjarnarson, ekkja fyrv. sýslumanns Björns Bjarnarson, frá 1/1 1919	350,00	
21.	Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndals hjeraðslæknis í Borgarfjarðarhjeraði	187,50	
22.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá 1/8 1920 ... ... kr. 340,00		
	Samkvæmt konungsúrskurði 12/11 1920, handa Jóni Þórði, f. 15/1 1913 ... ... — 4,33		
		344,33	
23.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara	450,00	
24.	Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar hjeraðslæknis í Reykhólahjeraði...	187,50	
25.	Steinunn Frímannsdóttir, ekkja Stefáns Stefánssonar skólameistara á Akureyri...	715,82	
26.	Anna Daníelsson, ekkja hæstard. Halldórs Daníelss.	859,37	
27.	Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þórðar Pálssonar læknis	187,50	
28.	Ingibjörg Magnúsdóttir, ekkja Júl. Halldórssonar hjeraðslæknis, frá 1/6 1924	212,50	
29.	Margrjet Lárusdóttir, ekkja Guðm. Þorsteinssonar hjeraðslæknis, 1/4 1924	150,00	
30.	Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1924 ... ... kr. 187,40		
	Samkvæmt konungsúrskurði 20/8 1924, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs, 80 kr. árlega:		
	1. Elísabet Vilhelmína, f. 14/7 1914.		
	2. Karl Jóhann, f. 7/9 1916.		
	3. Guðríður Erla, f. 8/1 1921.		
	4. Axel Valgarður, f. 30/9 1922 ... ... kr. 320,00		
		507,40	
31.	Katrín Skúladóttir, ekkja Guðm. Magnússonar prófessors, frá 1/12 1924...	425,00	
32.	Til tveggja barna H. Hafsteins	200,00	
33.	Anna Gunnlaugsson, ekkja Halldórs Gunnlaugssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1925 ... ... kr. 150,00		
	Samkvæmt konungsúrskurði 10/8 1925, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs, 100 kr. árlega:		
	1. Ella Vilhelmína, f. 2/8 1914 ... ... — 100,00		
	Flyt ... — 250,00	13261,29	25192,55

		kr.	kr.
	Fluttar ... kr. 250,00	13261,29	25192,55
2.	Gunnar Þór, f. 10/6 1919 ... ... — 100,00		
		350,00	
34.	Kirstín Þ. Blöndal, ekkja Ásgeirs Blöndals hjeraðslæknis, frá 1/2 1926 ... ... kr. 187,50		
	Samkv. konungsbr. 18/3 1927 með kjördóttur hennar Esther, f. 24/12 1915, til 16 ára aldurs ... ... — 100,00		
		287,50	
35.	Þórunn Siemsen, ekkja Frans Siemsens sýslumanns, frá 1/1 1926...	391,90	
36.	Þóra Magnússon, ekkja Jóns Magnússonar ráðherra, frá 1/7 1926...	1200,00	
37.	Jenny Forberg, ekkja Oluf Forberg, landssímastjóra, frá 1/4 1925...	500,00	
38.	Ragna Gunnarsdóttir, ekkja Ólafs Gunnarssonar, hjeraðslæknis, frá 1/2 1927... ... ... kr. 150,00		
	Samkv. konungsúrskurði 18/3 1927, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs:		
	1. Nanna, f. 28/1 1915 ... ... — 100,00		
	2. Sigrún, f. 2/8 1916 ... ... — 100,00		
	3. Kristín, f. 30/6 1918 ... ... — 100,00		
	4. Björn, f. 1/12 1920... .. .. — 100,00		
	5. Gunnar, f. 6/1 1922 ... ... — 100,00		
	6. Ólafur, 18/1 1924 ... ... — 100,00		
		750,00	
39.	Sigríður Blöndal, ekkja Björns Blöndal, hjeraðslæknis, frá 1/10 1927	150,00	
40.	Kristín Þórarinsdóttir, ekkja Kr. Kristjánssonar, hjeraðslæknis, frá 1/12 1927	237,50	
			17128,19
	C. Uppgjafaprestar:		
1.	Tómas Björnsson, að Barði, frá fardögum 1902	405,28	
2.	Jón Magnússon, prestur að Ríp, frá fardögum 1904...	203,00	
			635,28
	Flyt ...	... ...	42956,02

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	42956,02
	D. Prestsekkjur:		
1.	Anna Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	100,52	
2.	Ásta Þórarinsdóttir frá Grenjaðarstað	170,00	
3.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	100,00	
4.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði	100,00	
5.	Camilla S. Briem frá Hruna	129,43	
6.	Elín Scheving frá Vogsósum	100,00	
7.	Guðríður Pjetursdóttir frá Höfða	114,63	
8.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100,00	
9.	Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergstöðum	107,54	
10.	Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183,78	
11.	Guðrún Ólafsdóttir frá Otrardal	100,00	
12.	Guðrún Pjetursdóttir frá Görðum	314,81	
13.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
14.	Halldóra Hallgrímsdóttir frá Görðum á Akranesi ...	154,25	
15.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað	158,95	
16.	Hansína Þorgrímsdóttur frá Þingeyrum	129,06	
17.	Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri	101,55	
18.	Jóhanna S. Jónsdóttir frá Víðvík	150,00	
19.	Kristín Sveinbjarnardóttir frá Holti	181,40	
20.	Lilja Ólafsdóttir frá Breiðabólstað	118,43	
21.	Margrjet Þórðarþóttir frá Gaulverjabæ	139,86	
22.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131,36	
23.	Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi	118,60	
24.	Ragnheiður Gísladóttir frá Eyvindarhólum	101,81	
25.	Sigríður Jónsdóttir frá Melstað	188,06	
26.	Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka	131,26	
27.	Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík	104,16	
28.	Þórey Kolbeins frá Staðarbakka	115,53	
29.	Helga Ketilsdóttir frá Grindavík	100,00	
30.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147,50	
31.	Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka	102,65	
32.	Sigríður Halldórsdóttir frá Holti í Önundarfirði	184,36	
33.	Guðlaug Vigfúsdóttir frá Stafafelli	90,80	
34.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási	142,10	
35.	Guðfinna Jensdóttir frá Miklabæ	116,96	
36.	Guðrún Sigurðardóttir frá Flatey	118,93	
37.	Guðbjörg Hermannsdóttir frá Þingvöllum	118,30	
38.	Þórunn Bjarnadóttir frá Vigur	144,44	
	Flyt ...	5045,43	42956,02

		kr.	kr.
	Flutt ...	5045,43	42956,02
39.	Anna Stefánsdóttir frá Stað í Súgandafirði	100,00	
40.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	72,94	
41.	Valgerður Karólína Guðmundsdóttir frá Grenivík ...	164,63	
42.	Guðrún Hermannsdóttir frá Breiðabólstað	212,94	
			5595,94
	E. Lög nr. 119, 1922:		
	Einar Þorkelsson fyrv. skrifstofustjóri Alþingis	... ...	2500,00
	Samtals ...	... ...	51051,96

2. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1926.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

---

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögum 1926, eru veittar kr. 1462072,94 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—10. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

	I. Ráðuneytið o. fl.	Kr.	Kr.	Kr.
4.	Annar kostnaður	28297,61		
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum ...	1790,36		
6.	Til pappírs og prentunar	9536,92		
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum ...	4521,51		
			44146,40	
		Flyt	44146,40	

		Kr.	Kr.
	Flutt	44146,40	
	II. Hagstofan.	Kr.	
3.	Pappír, prentun og hefting hagtíðinda	981,34	
4.	Húsaleiga, ljós, hiti	490,35	
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður ...	4786,00	
7.	Til að gefa út manntalið 1703	140,25	
			6397,94
	III. Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðsskrifstofu í Kaupm.höfn	2050,93	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd ...	782,70	
			2833,63
			53377,97

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

	A. Dómgæsla og lögreglustjórn:		
1.	b. Hæstirjettur: Annar kostnaður ...	1949,95	
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík	351,14	
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa o. fl.	19091,67	
	b. Laun 3 tollvarða	17672,45	
	d. Hiti og ljós	1646,02	
	e. Ýms útgjöld	7332,36	
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og annara bæjarfógeta	8300,00	
8.	Til landhelgisgæslu	49196,04	
10.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa	5220,00	
11.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	39252,33	
12.	Borgun til sjódómsmanna	1995,00	
13.	Borgun til setu- og varadómara ...	3170,09	
			155177,05
	Flyt	155177,05	53377,97

		Kr.	Kr.
	Flutt	155177,05	53377,97
	B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:		
1.	Burðareyrir og embættisskeyti:		
	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	Kr. 14627,69	
2.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar o. fl. ...	5885,25	
3.	Til embættiseftirlitsferða	1607,25	
			22120,19
			177297,24
	4. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:		
	Til læknaskipunar og heilbrigðismála:		
5.	b. Til lækningaferða kringum landið	300,00	
8.	Til geislalækningastofu ríkisins	2952,91	
16.	a. Til byggingar landsspítala í Rvík	55000,00	
	l. Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum	174,32	
			58427,23
	5. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:		
	Samgöngumál.		
	A. Póstmál.		
3.	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara eftir reikningi	6474,78	
	d. Önnur gjöld	26635,22	
			33110,00
	B. Vegabætur.		
I.	3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	5106,33	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga ...	14543,74	
	5. Skrifstofukostnaður	2978,78	
II.	b. Viðhald og umbætur	140992,26	
III.	Til brúargerða	86949,94	
	Flyt	250571,05	33110,00 289102,44

		Kr.	Kr.	Kr.
	Flutt	250571,05	33110,00	289102,44
IV.	Til slitlags á akvegum	2000,00		
V.	Fjallvegir	6075,08		
VI.	Til áhalda	10573,51		
VII.	1. Til akfærra sýsluvega	4093,46		
			273313,10	
	C. Samgöngur á sjó:			
1.	Til strandferða	48123,49		
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum	14700,00		
			62823,49	
	D. Hraðskeyta- og talsímasamband:			
II.	Til viðauka símakerfa	2092,41		
III.	Til nýrra símalagninga	81173,23		
IV.	2. Aðalskrifstofa landssímans ...	3420,48		
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík... ...	14215,70		
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	72782,23		
	7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu...	9513,40		
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	12613,55		
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	4868,33		
	11. Símastöðin í Hafnarfirði	4267,59		
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum ...	3950,89		
	13. Símastöðin á Siglufirði	7767,66		
	14. Til aukaritsímaþjónustu	601,25		
	16. Loftskeytastöðin á Hesteyri ...	588,80		
	18. Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva	5555,93		
V.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	17418,55		
VI.	Viðhald og viðbót stöðvanna	12974,76		
VII.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar	806,78		
VIII.	Viðhald landssímanna	50968,81		
IX.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	984,59		
	Minningarkostnaður landssímans ...	9250,83		
			315815,77	
	Flyt		685062,36	289102,44

		Kr.	Kr.
	Flutt	685062,36	289102,44
E. Vitamál.	Kr.		
I. 3. Til skrifstofuhalds	813,37		
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar...	32,85		
II. Laun vitavarða	1226,17		
III. Rekstrarkostnaður vitanna	37532,02		
IV. Sjómerki, viðhald sæluhúsa..	12990,20		
V. Til þess að reisa nýja vita	34572,88		
VI. Ýmislegt	65596,73		
		152764,22	
			837826,58

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

Til kirkju- og kenslumála.

A. Andlega stéttin.

b. 6. Til húsabóta á prestssetrum ...	»	10060,75	

B. Kenslumál.

I. Háskólinn:			
f. Til kensluáhalda læknadeildar ...	6647,50		
h. Hiti ljós, ræsting og vjelgæsla ...	282,31		
3. Ýms gjöld	2466,33		
II. a. og b. Námsstyrkur ísl. stúdenta í erlendum háskólum	300,00		
c. Til læknaefna til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis	1153,24		
III. Mentaskólinn:			
b. 4. Til tímakenslu og prófdómenda	5194,88		
b. 6. Námsstyrkur.	146,67		
b. 10. Ýmisleg gjöld	4147,11		
b. 11. Til verðlaunabóka	7,20		
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
b. 1. Til aukakennara og tímakenslu	2526,00		
b. 3. Til eldiviðar og ljósa	1956,94		
b. 5. Til dyravörslu	100,00		
b. 7. Til skólahússins utan og innan	696,59		
V. Kennaraskólinn:			
b. 1. Tímakensla...	2726,33		
b. 6. Til viðhalds	473,95		
Flyt	28825,05	10060,75	1126929,02

		Kr.	Kr.	Kr.
	Flutt	28825,05	10060,75	1126929,02
	b. 7. Ýmisleg gjöld	638,71		
VI.	Stýrimannaskólinn:			
	b. 4. Ýmisleg gjöld	159,76		
VII.	Vjelstjóraskólinn:			
	b. 4. Ýms kostnaður	2302,12		
VIII.	Bændakensla:			
	1. Bændaskólinn á Hólum:			
	c. 2. Til kensluáhalda	341,91		
	3. Til eldiviðar og ljósa	212,96		
	4. Ýmisleg gjöld	715,75		
	2. Bændaskólinn á Hvanneyri:			
	c. 2. Til kensluáhalda	42,60		
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:			
	2. b. Annar kostnaður	428,75		
XIII.	Almenn barnafræðsla:			
	3. Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu	33054,03		
	4. Til prófdómara við barnapróf ...	3796,65		
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:			
	2. Til viðbótarbyggingar við Eiðaskóla	19500,00		
XVI.	Til kenslu heyrnar- og málleysingja	9564,71		
			99583,00	
				109643,75

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmenta og lista.

2.	Þjóðskjalasafnið:		
	2. Til að binda inn og búa um skjöl	900,00	
3.	Þjóðminjasafnið:		
	e. Til eftirlits á Þingvöllum	705,00	
5.	Landsbókasafnshúsið:		
	a. Til eldiviðar og ljósa	775,45	
	b. Til viðhalds og áhalda	1196,28	
32.	Til landskjálftarannsókna	82,00	
33.	Til veðurathugana og veðurskeyta	12240,06	
			15898,79
		Flyt	1252471,56

		Kr.
	Flutt	1252471,56

8 gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

		Kr.	
	Til verklegra fyrirtækja:		
14.	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	9911,91	
15.	Til eftirlits með skipum og bátum	2173,90	
16.	Til bryggjugerðar og lendingarbóta	2427,81	
21.	Til að leitast fyrir um markað íslenskra afurða ...	5186,66	
23.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum	1502,48	
			21202,76

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

	Til almennrar styrktarstarfsemi:	
3.	Styrkur til sjúkrasamlaga	290,38

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

	Óviss útgjöld	188108,24
	Samtals	1462072,94

Ástæður

fyrir frumvarpi þessu eru í landsreikningnum 1926, athugasemdum yfirskoðunarmanna við þann reikning og svörum ráðherra gegn þeim athugasemdum.

3. Frumvarp

til laga um samþykt á landsreikningnum 1926.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

	Áætlun	Reikningur
I. Tekjur:	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	215000,00	238950,53
2. Tekju- og eignarskattur	800000,00	1071032,03
3. Lestagjald af skipum	30000,00	42458,00
4. Aukatekjur	325000,00	455953,70
5. Erfðafjárskattur	35000,00	72286,16
6. Vitagjald	250000,00	330121,59
7. Leyfisbrjefagjöld	10000,00	16164,27
8. Stimpilgjald	300000,00	374198,27
9. Skólagjöld	20000.00	23600,00
10. Bifreiðaskattur	22000,00	37325,71
11. Útflutningsgjald	800000,00	877609,94
12. Áfengistollur	530000,00	786920,63
13. Tóbakstollur	450000,00	1134450,95
14. Kaffi- og sykurtollur	975000,00	1159463,16
15. Annað aðflutningsgjald	115000,00	242814,16
16. Vörutollur	1400000,00	1414817,46
17. Verðtollur	800000,00	1304696,38
18. Gjald af sætinda- og brjóstsykurgerð	15000,00	20000,74
19. Póstlekjur	350000,00	581538,05
20. Símatekjur	1150000,00	1409652,88
21. Víneinkasala	375000,00	200000,00
22. Tóbakseinkasala	275000,00	... ...
23. Steinolíueinkasala	60000,00	... ...
24. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	48100,00	40515,14
25. Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrj.fum o.fl.	230000,00	199884,78
26. Óvissar tekjur, ýmisl. greiðslur og endurgjöld	264666,66	831784,74
27. Tekjur samkv. sjerstökum lögum	... ...	284786,50
28. Auknar lausar skuldir	... ...	507210,26
29. Mismunur á tilfærslum á greiðslum gjaldheimtum.	... ...	433,32
30. Eytt af sjóði	... ...	38565,88
Samtals	9844766,66	13697235,23

	Áætlun	Reikningur
II. Gjöld:	kr.	kr.
1. Greiðslur af lánum til ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	2638488,00	1764613,58
2. Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000,00	60000,00
3. Kostnaður við alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	199800,00	245142,97
4. Til ríkisstjórnarinnar:		
I. Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.	182380,00	222839,28
II. Hagstofan	49600,00	56202,15
III. Utanríkismál o. fl.	36500,00	39333,63
5. A. Dómgæsla og lögreglustjórn	607678,00	766338,63
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	125000,00	163352,38
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	914855,00	1006658,04
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	427366,00	485175,37
B. Vegabætur	499320,00	791746,77
C. Samgöngur á sjó	297000,00	359823,49
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	951000,00	1315562,10
E. Vitamál	176420,00	330150,22
8. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Andlega stjettin	324556,00	379102,78
B. Kenslumál	1115726,66	1244995,63
9. Til vísinda, bókmenta og lista	251910,00	270161,46
10. Til verklegra fyrirtækja	715440,00	730346,18
11. Til almennrar styrktarstarfsemi	460200,00	648245,41
12. Eftirlaun og styrktarfje	180492,63	174925,60
13. Óviss útgjöld	100000,00	288108,24
14. Lögboðnar fyrirframgreiðslur...	4000,00	25226,25
15. Eimskipafjelag Íslands o. fl.	»	148992,82
16. Fjárgreiðslur samkv. lögum og fjáraukal.	»	1288336,92
17. Til jafnaðar móti fiskveiðasektum	»	624995,19
18. Aukin innstæða	»	237860,14
19. Afhent smámynt til geymslu	»	29000,00
Samtals ...	10317732,29	13697235,23

Athugasemd við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykt. Landsreikningurinn fyrir árið 1926 verður lagður samhliða þessu frv. fyrir Alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð og fjárlögin, og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

4. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga um verðtoll af nokkrum vörum.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

Lög nr. 47, 15. júní 1926 skulu vera í gildi til ársloka 1930.

Athugasemd við frumvarp þetta:

Þar sem fyrirsjáanlegt er að ríkissjóður eigi má við því, án uppbótar, að missa tekjulið, er nemur c 600000 kr., en þá upphæð mun mega áætla af verðtollinum, þá þykir eigi fært annað en framlengja gildi nefndra laga um tvö ár, eða til ársloka 1930.

5. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

Í stað »til ársloka 1927« í 2. málsgr. 1. gr. laganna komi: »til ársloka 1930«.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þar sem fyrirsjáanlegt er að efnahagur ríkissjóðs á næstu árum eigi má við því að missa tekjuauka þann, sem umrædd lög heimila að innheimta til ársloka 1928, þykir rétt að heimildin verði framlengd til ársloka 1930, og í því skyni er frumvarp þetta framborið.

6. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

Í stað orðanna »til ársloka 1928« í niðurlagi 1. gr. laganna komi »til ársloka 1930«.

Athugasemd við lagafrumvarp þetta:

Þar sem ákvæðin um dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins falla úr gildi í árslok 1928, en eigi þykir gerlegt að láta þau falla úr gildi, án þess að lögleiða einhver tilsvarandi ákvæði í þeirra stað, er þetta frv. fram borið.

Stjórnin hefir eigi sjeð sjer fært að þessu sinni að gera tillögur um gagngerða breytingu á launum starfsmanna ríkisins, enda verður að álíta að slíkt sje svo mikið og vandasamt verk, að nauðsyn beri til að milliþinganefnd starfi að því.

7. Frumvarp

til laga um meðferð skóga og kjarrs, friðun á lyngi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Í skógum og kjarri má ekki höggva trje nje hrís öðru vísi en svo, að höggið sje innan úr, eða skógurinn eða kjarrið að eins grisjað. Ekkert sværði má berhöggva, nema landið sje tekið til ræktunar. Birkirunnum og birkirótum í skógum og kjarri má ekki kippa upp. Ekki má rífa lyng, fjalldrapa, víði nje mel, heldur klippa það eða skera. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er heimilt að banna að taka upp slíkan gróður á þeim svæðum, er ætla má að slíkt geti valdið uppblæstri landsins eða verulegum skemdum. Þeim er og heimilt að banna að taka mosa í gróðurlitlum hraunum.

2. gr.

Nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri skulu settar af atvinnumálaráðherra, eftir tillögum skógræktarstjóra og útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur er eða kjarr.

3. gr.

Skógræktarstjórinn eða skógarverðirnir eftir fyrirlagi hans, skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir, samkvæmt reglum þeim er getur um í 2. gr., skipa fyrir um hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar eða kjarrs um alla framkvæmd á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorast undan að fylgja þeim út í skóginn eða kjarrið. Eigandi eða nothafi skal skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu til þess að höggva á alt að 400 fermetra svæði í skóginum eða kjarrinu, til þess að kynnast hvernig höggva skal.

4. gr.

Eigendur eða notendur skóga og kjarrs geta ekki bannað skógræktarstjóra eða skógarvörðum, nje heldur hreppstjórum eða öðrum þeim, sem eftirlit kynni að vera falið, umferð um land sitt, hvort sem er girt eða ógirt.

5. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn, til þess að kynna sjer fyrirskipanir þeirra, að því er meðferð skóga og kjarrs snertir, er þeim ber að hafa eftirlit með. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 8 kr. um daginn, er greiðast úr ríkissjóði.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að veita eigendum og notendum jarða tillag úr ríkissjóði til að girða bæði skóglendi og skóglaust land, til þess að koma þar upp nýjum skógargróðri, með þeim skilyrðum er hjer segir:

Ríkissjóður leggur til girðingarefnið og kemur því á næstu höfn við það svæði, sem girða skal. Hann leggur einnig til verkstjóra við uppsetning girðingarinnar, en eigandi eða nothafi flytur girðingarefnið frá höfninni að girðingarstaðnum á sinn kostnað og leggur til þann vinnukraft, sem þarf til uppsetningarinnar, annan en verkstjórann. Gera skal samning milli ríkissjóðs annarsvegar og eiganda eða nothafa hinsvegar um skógargirðingu og skal hann þinglesinn í þeirri þinghá þar sem skógarjörðin liggur, sem kvöð á jörðinni. Ríkissjóður greiðir annan helming en eigandi eða nothafi hinn helming viðhaldskostnaðar á girðingunni.

7. gr.

Skógræktarstjóri ákveður í hvert skifti, að hve miklu leyti má hafa þau svæði, er getur um í 6. gr. fyrir beitiland. Heimilt er honum að leyfa að beita þar kúm og sauðfje frá 20. júní til 1. október. Komi til greina að rækta nýjan skógargróður á einhverjum hluta hins girta svæðis, þá verður eigandi eða nothafi að setja upp um þann hluta nægilega trausta girðingu á sinn kostnað, ef hann vill halda beitinni áfram á öðrum hluta svæðisins. Sje

hið girta svæði stórt og sjeu á því skóglaus mýrarsund, getur það komið til greina að skógarvörður leyfi eiganda eða nothafa að hafa þar sauðfje sitt, frá því það er tekið af afrjettum og til 1. nóvember.

8. gr.

Ef eigendur eða notendur skógræktarsvæða þeirra, sem girt hafa verið að nokkru eða öllu leyti á kostnað ríkissjóðs, rjúfa þann samning sem gerður hefir verið um friðun landsins, þá er skógræktarstjóra heimilt að fengnu samþykki atvinnumálaráðuneytisins að taka burt girðinguna á kostnað eigenda eða notenda.

9. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum og skógarverðir í umdæmum sínum, hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs, og hvort brotið sje gegn friðunarákvæðunum í 1. og 7. gr. þessara laga. Skulu þeir jafnskjótt og þeir verða þess varir senda skýrslu um það til skógræktarstjóra, er síðan ber málið undir atvinnumálaráðuneytið og ákveður það svo hvað gera skuli frekar í málinu.

10. gr.

Brot á móti lögum þessum varða sektum frá 50—500 kr. til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum, sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög nr. 51, 30. júlí 1909 um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl. eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lög nr. 51, 30. júlí 1909, um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi, eru orðin úrelt að ýmsu leyti og því þörf á að breyta þeim nokkuð.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram það, sem hjer fer á eftir:

Um 1. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1. gr. laganna frá 1909. Ákvæðum um mosarif er lítið eitt breytt.

Um 2.—4. gr.

Samhljóða 2.—4. gr. laganna frá 1909 að mestu leyti.

Um 5. gr.

Samhljóða 6. gr. laganna frá 1909, nema að því leyti, að hreppstjórum eru ákveðin 8 kr. daggjöld á eftirlitsferðum þeirra, í stað 4 kr. í lögunum frá 1909.

Um 6.—8. gr.

Það hefir þótt nauðsynlegt að setja ákvæði um að veita megi styrk úr ríkissjóði til skógargirðinga á jörðum einstakra manna, þegar sjerstaklega vel hagar til. Er ætlast til að gjörður sje samningur um slíkar girðingar í hvert skifti og þar tekið fram það sem þarf um ráð skógræktarinnar yfir girðingunni og hinu girta landi.

Um 9. gr.

Samhljóða 8. gr. laganna frá 1909.

Um 10.—11. gr.

Þurfa ekki skýringa.

8. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á viðvarpi.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Alþingi heimilar ríkisstjórninni, að láta reisa og starfrækja nýja loftskeytastöð í Reykjavík. Skal hún þannig gerð, að nota megi hana jöfnum höndum til að viðvarpa tali og söng sem til vanalegra firðskeytasendinga.

Sendiorka stöðvarinnar í loftneti skal að meðaltali eigi vera minni en 5 kw. til talsendinga og ritorka 10 kw. eða meira. Stöðin heitir *Viðvarpsstöð Islands í Reykjavík.*

2. gr.

Landssímanum skal falið að annast alt, er lýtur að umsjón og rekstri stöðvartækjanna, einnig innheimtu, greiðslur og reikningshald vegna stöðvarinnar og viðvarpsins, eftir nánari fyrirmælum atvinnumálaráðuneytis. Landssímanum skal að fullu endurgreiddur allur sá kostnaður, er þetta kann að hafa í för með sjer.

3. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld viðvarpsstöðvarinnar skal tekin sem sjerstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju. Halli, sem verða kann á rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna víðvarpsráð til 1 árs í senn. Ræður stjórnin forseta þess, en einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands og hinn þriðji skal valinn meðal þriggja manna, er »Fjelag víðvarpsnotanda« tilnefnir, enda sje þá fjórðungur víðvarpsnotanda á landinu fjelagar í fjelagi þessu. Ef það skilyrði er eigi fyrir hendi, velur stjórnin einnig þriðja mann í víðvarpsráðið. Ákveður atvinnumálaráðherra þóknun þessara manna.

5. gr.

Víðvarpsráðið skal hafa yfirumsjón með starfsemi víðvarps-stöðvarinnar, að öllu því, er ekki heyrir undir landssímann samkvæmt 2. gr. Semur atvinnumálaráðuneytið erindisbrjef handa víðvarpsráðinu eða ákveður störf þess í reglugerð, er það gefur út um starfrækslu víðvarpsins.

Víðvarpsráðinu til aðstoðar skal ráðinn víðvarpsstjóri (með fullum árslaunum), er hafi á hendi daglega framkvæmd víðvarpsins og stjórni sendingum, samkvæmt fyrirmælum víðvarpsráðs og landssímastjóra. Víðvarpsstjóri skal skipaður af atvinnumálaráðherra samkvæmt tillögum víðvarpsráðs og landssímastjóra.

6. gr.

Af hverju víðvarps-viðtaki á landinu skal greitt árlegt afnotagjald, til þess að standast straum af rekstri stöðvarinnar. Ráðuneytið ákveður afnotagjaldið um 1 ár í senn að fengnum tillögum víðvarpsráðs og landssímastjóra. Víðvarpsráðið semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur víðvarpsins í samráði við landssímastjóra og skal það sent ráðuneytinu til samþyktar.

7. gr.

Eftir að lög þessi öðlast gildi og stöðin er tekin til starfa, má enginn nota viðtak (viðtæki) fyrir víðvarp, án þess að tilkynna það landssímastjóra og greiða lögboðið gjald af því. Ef af þessu er brugðið, varðar það sektum frá 50—500 krónur, ef afbrotið varðar ekki þyngri hegningu, og skulu tækin upptæk ger. Skal farið með þessi viðurlög sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal stöðin vera reist svo fljótt sem unt er.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt þingsályktun 7. maí 1927 skipaði atvinnumálaráðherra 15. sept. s. á. þriggja manna nefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um ríkis-

rekstur útvarps og hefir sú nefnd samið frumvarp þetta. Um frumvarpið vísast annars til eftirfarandi greinargerðar nefndarinnar.

Um ríkisrekstur viðvarps.

Álit og tillögur viðvarpsnefndar.

1. Skipun nefndarinnar og tildrög.

Hinn 7. maí 1927 bar hr. alþingismaður Jakob Möller fram svohljóðandi tillögu til þingsályktunar í Neðri deild Alþingis:

»Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd til að rannsaka og gera tillögur um ríkisrekstur útvarps. Í nefnd þessari skulu eiga sæti: landssímastjóri, einn maður tilnefndur af stjórn »Fjelags viðvarpsnotenda« og þriðji maður valinn af ríkisstjórninni.

Álit og tillögur nefndarinnar leggist fyrir næsta þing«.

Var tillagan samþykt með öllum greiddum atkvæðum.

Nefndin var skipuð 15. sept. þ. á., er liðnir voru 4 mánuðir frá þinglausnum. Var hr. Gísli J. Ólafson, landssímastjóri skipaður formaður, en af hálfu ríkisstjórnarinnar var valinn dr. Páll Eggert Ólason prófessor og af hálfu viðvarpsnotanda hr. Lúðvík Guðmundsson skólastjóri. Vegna fjarvistar gat hann þó ekki starfað í nefndinni og kom í hans stað hr. Jón Eyþórsson veðurfræðingur, er fjelag viðvarpsnotanda hafði tilnefnt sem varamann.

2. Fundarhöld og starfsemi nefndarinnar.

Nefndin kom saman í fyrsta skifti 19. sept. á skrifstofu landssímastjóra, og þar hafa allir fundir farið fram. Var það ákveðið, að Jón Eyþórsson skyldi hafa á hendi ritarastörf fyrir nefndina og honum falið að semja uppkast að nefndaráliti á þeim grundvelli, sem nefndarmönnum talaðist til jafnharðan.

Auk þeirra funda, sem nefndin hefir átt um málið, hafa nefndarmenn lagt stund á að kynna sjer sem best tilhögun viðvarps í öðrum löndum, og gera áætlanir um tilhögun og kostnað við viðvarpsstöð hjer á landi, er ríkið stæði fyrir. Nefndin hefir í starfi sínu einskorðað sig við sjálfa þingsályktunartillöguna, en eigi fundið ástæðu til þess, eins og á stóð, að leita fyrir sjer um það, hverjar horfur væru á afsali sjerleyfis frá fjelaginu »Útvarp«.

3. Viðvarpið erlendis.

Saga viðvarpsins er stutt, en viðburðarik. Það er ekki fyr en eftir 1920, að farið er að gera verulegar tilraunir til að viðvarpa tali og hljómleikum; var það og mjög af vanefnum gert fyrst í stað. Ríkisstjórnirnar höfðu því nær alstaðar að lögum alger umráð yfir loftskeytastöðvum og loftskeytatækjum. Lögðu þær blátt bann fyrir, að einstakir menn ættu eða notuðu þráðlaus tæki til að senda eða taka á móti firðskeytum eða firðtali. Var það

óttast, að þeir mundu trufla skeytasendingar ríkisstöðvanna og í öðru lagi hlusta á skeyti og tilkynningar, sem þeim alls ekki var ætlað. Fyrsta verk þeirra sem áhuga höfðu á viðvarpi og trú á framtíð þess, var því að fá losað um þessi lagabönd. Úr því að það tók að verða auðsóttara og löggjafarnir tóku að láta undan áliti almennings í þessu efni, var farið að stofna viðvarpsfjelög, til þess að hrinda málinu áleiðis, með því að kynna það almenningi og reisa viðvarpsstöðvar, oftast í smáum stíl og skammdrægar. Var og fremur lítil ánægja að hlusta á þessar fyrstu sendingar. Söngur og hljóðfæraslátt heyrðist eins og frá gömlum og slitnum glymskröttum, og í miðjum klíðum gullu við hvaðanæfa morse-teikn frá sterkum neistastöðvum. Það var meira forvitni og undrun, sem ýtti undir menn, heldur en nautn af því sem fjekst í aðra hönd.

En framfarirnar, sem orðið hafa síðustu 5 árin, eru líka næsta ótrúlega miklar. Vísindamenn og verkfræðingar hafa starfað af kappi og unnið bug á hverjum bernskukvilla viðvarpsins af öðrum. Neistastöðvar eru að hverfa úr sögunni, bylgjusvið sendistöðvanna eru skarpt afmörkuð og valnæmi (selectivitet) »viðtakanna« svo mikið, að truflanir óviðkomandi stöðva eru hverfandi til móts við það, sem var í byrjun. Viðvarpsfjelögin hafa fært út kvíarnar, aukið hlutafje sitt og reist nýjar og orkumiklar sendistöðvar fyrir miljónir króna. Viðvarpsnotöndum hefir fjölgað svo að undrum sætir. Má fullyrða, að almenningur hafi sjaldan gripið svo á lofti nokkurt nýmæli sem þetta. Ríkisstjórnirnar hafa og viðurkent viðvarpið, talið það mikilsvert menningartæki, og greiða nú götu þess á allan hátt.

Vjer teljum ekki fjarri lagi að taka hjer upp stutt yfirlit um skipun viðvarpsins í nokkrum löndum Evrópu, er vjer höfum helst kynni af. Flestar heimildirnar eru miðaðar við síðari hluta ársins 1926:

England (Stór-Bretaland).

British Broadcasting Company var stofnað 15. des. 1922. Hlutafjeð var 100000 £ í 1 £ hlutabrjefum. Var hverjum viðvarpsverksmiðjueiganda frjálst að gerast hluthafi. Fjelagið hefir átta aðalstöðvar víðsvegar í ríkinu og senda þær fregnir, veðurspár og tímamerki oft á dag. Einnig fyrirlestra, sem ætlaðir eru skólum í smábæjum og sveitaþorpum. Gera nemendur og kennarar oft viðtök (viðtæki) í fjelagi og gefa skólanum.

Tekjur fær fjelagið með tvennu móti: 75% af notandagjöldum, sem er 10 sh. af hverju tæki; afganginn 25% fær póst- og símastjórnin. Ennfremur fær fjelagið 10% af tækjasölu frá tækjaverslunum þeim, sem í fjelaginu eru. Eru tæki frá þeim í staðinn merkt BBC og viðurkend nothæf af póst- og símastjórninni. Ágóði hluthafa í fjelaginu má ekki fara fram úr $7^1/_2$%.

Bannað er að viðvarpa auglýsingum og þjóðmálaræðum, og fregnir þær, sem viðvarpað er, standa undir umsjá fjögurra frjettastofa.

Sjerleyfi það, er stjórnin veitti B. B. C., var á enda í árslok 1926. Nýtt fjelag hefir verið myndað, sem tekur allan rekstur og stjórn viðvarpsmála í sínar hendur. Ríkisstjórnin tilnefnir stjórn fjelagsins og má því telja fyrirkomulagið jafngilt ríkisrekstri.

Frakkland.

Þar eru margar viðvarpsstöðvar, flestar reknar af einkafjelögum, en sumar af ríkinu. Leyfisgjald 1 frc í eitt skifti fyrir öll. Þó borga veitingahús og skemtistaðir 200 frc. í eitt skifti fyrir öll. Afnotagjald ekkert. Skipulagslaust fram að þessu.

Þýskaland.

Margar viðvarpsstöðvar. Þær fyrstu tóku til starfa 1923. Ríkið reisir stöðvarnar og sjer um viðhald þeirra og rekstur, en viðvarpsefni annast sjerfjelög. Notandagjald 24 gullmörk á ári. Notendum hefir fjölgað frá ágúst 1924 til ágúst 1926 úr 150 þús. upp í 1250 þús., þ. e. 8-faldast. Þess er nákvæmlega gætt, að enginn hafi viðvarpið að fjeþúfu og hafa stjórnarvöldin strangt eftirlit með öllum fjármálum fjelaganna. Þar sem tekjuafgangur verður, er honum jafnað niður milli smærri fjelaga, sem hafa örðugan fjárhag.

Czekoslovakia.

Fyrst var þar einkafjelag stofnað 1924, er gerði tilraunir með litla sendistöð. Upp úr því var svo stofnað stórt hlutafjelag með framlagi frá póstmálastjórn, blöðum og búnaðarfjelagi. Ríkið hefir tekið að sjer rekstur stöðvarinnar, en fjelagið »Radiojournal« sjer um viðvarpsefni, undir eftirliti ríkisins. Hver 96. af landsbúum hefir viðtak.

Stöðin í Prag er talin einhver besta viðvarpsstöð í Evrópu. Er hún gerð af Standard Electric A/S með 5 kw. loftnetsorku. Heyrist um alla Evrópu og jafnvel til Ameríku, þegar vel stendur á.

Sviss.

Margar smærri stöðvar. Vegna landslags verða stöðvarnar skammdrægar á ódýr tæki. Stöðvarnar reknar af einkafjelögum undir eftirliti ríkisins. Notandagjald skiftist milli ríkisins og sendistöðvanna.

Finnland.

Þar er í ráði, að ríkið láti reisa stórstöð með 25 kw. orku. Notendur um 20000.

Rússland.

25 viðvarpsstöðvar og um 2 mill. notendur. Stöðvarnar sumpart reknar af ríkisstjórninni, sumpart af sjerleyfishöfum.

Svíþjóð.

Hlutafjelagið »Radiotjänst« stofnað af stórblöðum og fregnstofum. Hlutafje 180 000 kr. Leyfið gildir 2 ár, frá 1. jan. 1925 að telja. Landssíminn hefir látið reisa 5 stöðvar víðsvegar um landið á 1 kw. hverja og loks eina stórstöð í Motala (30 kw.). Landssíminn á stöðvarnar og sjer um viðhald og rekstur þeirra, en fjelagið um viðvarpsefni. Not viðvarpsins voru í fyrstu bundin við

1200 klst. ári, en hefir farið hraðvaxandi, og nú er víðvarpstíminn 2000. Auk aðalstöðvanna hafa smáfjelög eða einstakir menn víða reist litlar endurvarpsstöðvar, svo að stöðvarnar voru alls 33 seint á árinu 1926.

Hver notandi greiðir 10 kr. á ári og er tala þeirra yfir 200 þús. Skiftist gjaldið milli landssímans og fjelagsins. Mikið lagt upp úr fyrirlestrum um fræðandi efni. Oftast 10 hálftíma fyrirlestrar á viku. Námskeið í ensku og þýsku. Fyrirlestrar vegna skóla út um land.

Noregur.

Kringkastingsselskap í Oslo og annað í Björgvin með 5 ára sjerleyfum. Stöðvarnar eign fjelaganna, en símastjórnin sjer um rekstur þeirra. Notandagjald 20 kr. ári, þar af renna 80% til fjelaganna og 20% til landssímans. Einnig fá þau 10% stimpilgjald af öllum tækjum og flestum varahlutum. Notendur um 40 þús., en fjölgar óðum. Rekstur víðvarpsins hefir borið sig vel.

Danmörk.

Eftir að einkafjelög höfðu haldið uppi víðvarpi um 2—3 ár, ákvað ríkið, með lögum 13. mars 1926, að taka málið algerlega í sínar hendur. Ein aðalstöð með ca. 7 kw. orku í loftneti hefir verið reist í Kalundborg. Er stöðin gerð af Standard Electric A/S og kostaði uppkominn um 750 þús. kr. Víðvarpinu stjórnar nefnd manna, sem skipuð er af stjórninni, og eru nokkrir þeirra valdir samkv. tillögum víðvarpsnotanda. Notendur eru nú um 160 þús.

Af því sem hjer hefir verið tekið fram, um víðvarp í öðrum löndum, virðist þetta auðsætt: . .

1. Alt stefnir í þá átt að hafa fáar, en orkumiklar stöðvar.

2. Stöðvarnar eru reistar fyrir ríkisfje og símastjórnir annast rekstur þeirra og viðhald.
3. Sjálft víðvarpið er oftast í höndum sjerstakra fjelaga með eftirliti eða íhlutan stjórnarvaldanna.
4. Víðvarpið er talið menningartæki handa alþýðu manna, og eru því settar skorður við því, að einstaklingar ábatist af því fjárhagslega.

4. Víðvarpið hjer á landi og gildi þess um hag og menning þjóðarinnar.

Víðvarpið er svo nýtilkomið hjer á landi og hefir náð svo litlum viðgangi, að af innlendri reynslu eða árangri af starfi þess er ekki mikið að græða. Víðvarpsstöðin í Reykjavík er of skammdræg til þess, að von sje á, að hún hafi eignast marga viðskiftamenn. Og sjerstaklega var það hið óhæfilega háa stofngjald, 85 kr., sem gerði öllum þorra manna ókleift að gerast víðvarpsnotendur. Styður nefndin þessi orð sín með því, að eftir nærri tveggja ára starf h.f. Útvarps, eru notendur þó að eins um fimm hundruð. Enn fremur kemur óánægja og vonbrigði manna út um landið vel í ljós í brjefum, sem

»Fjelagi viðvarpsnotanda« hafa borist frá tækjaeigendum, og hefur nefndin haft þau til athugunar.

Vjer verðum því aðallega að miða vonir þær, sem hægt er að gera sjer um notagildi viðvarpsins hjer á landi við hliðsjón af þeim árangri og vinsældum, sem það hefir átt að fagna í öðrum löndum, þar sem því hefir verið komið í eins gott horf og föng er á. Með það fyrir augum getur engum blandast hugur um, að þetta nýmæli á alveg sjerstakt erindi til vor Íslendinga. Strjálbýli landsins og hinar afar stopulu samgöngur valda því, að alt sem við ber utan landsins og jafnvel innan þess, kemst ekki til eyrna öllum þorra landsmanna fyrr en liðnar eru vikur og jafnvel mánuðir frá því, að tíðindin gerðust. Þetta mun eiga sinn þátt í því, að fólki til sveita, finst það sitja á hakanum í tíðinda- og samgönguleysinu og fýsir til þeirra staða, er meiri hafa samgöngur og fleiri skemtanir að bjóða. Auk almennra tíðinda má og nefna ýmsar nauðsynlegar tilkynningar, er daglega geta að haldi komið, svo sem veðurfregnir, tímamerki, gengisfregnir, afla- og markaðsfregnir, stjórnarráðstafanir o. þvl.

Það er lítt mögulegt að hugsa sjer svo mikið lagt af símalínum um gjörvalt landið, að þessar tilkynningar geti borist öllum, sem þær þurfa að vita og færa sjer í not. Mörg afskekt sveit, sem meir girnist símalínu til þess að fá fregnir, heldur en að senda skeyti, mundi vera mörgum sinnum betur komin með því að eiga kost á viðvarpi, sem heyrst gæti á hverju heimili án ókleifra útgjalda. Er því eigi ósennilegt, að krófur þeirra um síma mundu verða minna háværar, og að ríkið gæti með góðri samvisku farið sjer hægara í símalagningum, sem engan veginn bera sig fjárhagslega, ef öllum landsmönnum væri gefinn kostur á að heyra viðvarp.

Þá ber eigi síður að líta á viðvarpið í þágu menningar og mentunar, ef viturlega er á haldið. Í borgum og bæjum hafa kvikmyndahús fengið orð á sig, sumpart með rjettu, að vera mikilsvarðandi í alþýðumentun. Menn eiga þar kost á að sitja á sama stað og sjá ókunn lönd og ókunna lýði bera sjer fyrir augu. En þessu verður að eins viðkomið í margmenni. Þeir sem í strjálbýli búa fara þess jafnan á mis. Með viðvarpi má segja þeim frá þessu öllu og mörgu fleira, án þess að þeir flytji sig um set. Það má varpa til þeirra bestu fyrirlestrum, sem völ er á í höfuðstaðnum. flytja þeim bestu söngskemtanir sem völ er á, ekki einungis hjer á landi, heldur og með nálægum þjóðum. Er þar átt við endurvarp frá erlendum stöðvum um viðvarpsstöð hjer á landi.

Enn fremur má halda uppi kenslu frá viðvarpsstöðinni. Má halda námskeið í hverri þeirri grein, sem kend verður með fyrirlestrum, kenna tungumál með rjettum framburði, leiðbeina um bókaval og bókalestur o. þvl.

Loks er ónefnd ein mjög mikilsverð ástæða fyrir því, að hjer beri að reisa stóra viðvarpsstöð, eins og hjer verður síðar lagt til, og hún er sú, að þá getum við með mjög hægu móti náð til eyrna áheyrenda svo hundruðum þúsunda skiftir og jafnvel miljónum. Með fyrirlestrum á erlendum málum má fræða allan þennan lýð um land vort og þjóð, afurðir þess og atvinnumál yfir höfuð og ótal margt annað, sem óþarfi er hjer upp að telja. Þetta er

vafalaust mjög þýðingarmikið atriði, sem þegar á þessu stigi málsins ber að taka fult tillit til.

Að öllu þessu athuguðu, telur nefndin viðvarpið svo mikilsvert um allan þrifnað landsbúa, að ríkinu sje full ástæða að taka það í sínar hendur og skiljast eigi við það, fyrr en það er komið í svo gott horf sem efni og ástæður leyfa.

Fleiri en ein leið er fær að þessu marki. Í fyrsta lagi væri hugsanlegt að stofna til hlutafjelags í líku sniði og Eimskipafjelagið íslenska, þar sem ríkið væri hluthafi og veitti fjelaginu alla þá vernd og stuðning, sem það mætti. Hefði fjelagið svo á hendi allan rekstur og framkvæmd í viðvarpsmálum landsins.

Í öðru lagi mætti hugsa sjer, að ríkið ljeti reisa og starfrækja viðvarpsstöðina í sambandi við landssímann, en framkvæmd á viðvarpinu og efnisval væri fengið í hendur einkafjelagi t. d. Fjelagi viðvarpsnotanda.

Nefndin vill að eins benda á þessar leiðir, en telur það hinsvegar utan starfsviðs þess, sem henni hefir verið afmarkað, að ræða þær nánara.

Þriðja leiðin er sú, að ríkið bæði reisi viðvarpsstöðina og starfræki að öllu leyti.

Er þetta sú leiðin, sem nefndinni hefir verið falið að rannsaka og og gera tillögur um og einmitt sú leið, sem nefndin telur hentasta eftir því sem horfir við hjer á landi nú.

Vegna fámennis í landinu er ekki unt að ætla, að viðvarpið geti orðið gróðavænlegt til fjár, og á heldur ekki að vera það sem viðurkent menningartæki, fremur en t. d. skólar. Það er því hætt við, að erfitt yrði með hlutafjársöfnun, ekki síst þar sem hlutafjelag það, sem sjerleyfi hefir nú á hendi til viðvarpsrekstrar, hefir stórtapað á rekstrinum. Það mundi því, að ætlun nefndarinnar, alt af bera að sama brunni, að ríkið yrði að bera aðalbyrðina af fjárhagnum. Og úr því að svo er komið, virðist liggja beinast við, að ríkið hafi bæði tögl og hagldir í sínum höndum.

Að svo miklu leyti sem fjelag viðvarpsnotanda hefir getað kynt sjer álit almennings um þetta efni, virðist það vera því nær eindregin ósk viðvarpsnotanda, að ríkið taki málið í sínar hendur. Leyfir nefndin sjer þessu til árjettingar að vísa til fylgiskjala nr. 1 og 2, sem eru spurningar frá fjelagi þessu til viðvarpsnotanda og svar frá einum tækiseiganda á Austfjörðum hr. Páli Þormar.

4 a. Viðvarpsstöðvar.

Til þess að koma á fót viðvarpi, sem heyrst geti um alt landið, eru tvær leiðir fyrir hendi:

1. Ein sterk viðvarpsstöð í höfuðstaðnum, er dragi um alt land, að svo miklu leyti sem staðhættir hindra ekki.
2. Fleiri orkuminni stöðvar hjer og þar á landinu.

Af þessum tveimur leiðum er nefndin einhuga um það, að mæla með hinni fyrrnefndu.

Það má ljóslega sjá af reynslu annara landa að meir og meir stefnir í þá áttina að hafa stöðvarnar færri og orkumeiri. Má þá að vísu reisa orkuminni stöðvar í fjarlægari landshlutum, er aðallega endurvarpi því, sem aðalstöðin sendir.

Hjer á landi mundi það verða ókleift í minni kaupstöðum að fá boðlegt viðvarpsefni, þegar til lengdar lætur. Reksturinn mundi verða dýrari með mörgum smástöðvum.

Að þessu athuguðu mælir nefndin með því, að ríkið láti reisa viðvarpsstöð í Reykjavik, er eigi hafi minni orku en 5 kw. í loftneti til viðvarpssendingar og sje enn fremur þannig gerð að nota megi hana til venjulegra skeytasendinga til útlanda, og sje orka hennar í loftneti þá eigi minni en 10 kw.

5. Stofnkostnaður við 5 kw. viðvarpsstöð.

Stjórnarráðið hefir sent nefndinni tilboð, frá Standard Electric A/S í Osló ds. 3. mars 1927, um 5 kw. viðvarpsstöð, er einnig megi nota til skeytasendinga með 10 kw. orku. Hefir nefndin komið sjer saman um að nota þetta verðtilboð að grundvelli í áætlunum um stofnkostnað og rekstur slíkrar stöðvar.

Tilboðið nær að eins yfir sendir, vjelar, varahluti og uppsetning. Stengur, loftnet, jarðnet, vjelahús og annar útbúnaður er ekki áætlaður í tilboðinu.

Til þess að ráða fram úr, hvort tiltækilegt mundi vera að hafa þessa væntanlegu stöð í tvíbýli við núverandi loftskeytastöð, hefir nefndin leitað álits þeirra verkfræðinganna Guðmundar Hlíðdals og Gunnlaugs Briem. (Fylgiskjöl 3 og 4). Telja þeir, að þetta mundi fært, en eru hinsvegar á einu máli um það, að slíkt fyrirkomulag mundi stela mjög úr langdrægni stöðvarinnar, bæði sakir of lágra stanga, og svo mundu loftnetin draga orku hvert frá öðru. Að vísu mundi tvíbýlið spara nokkur útgjöld í fyrstu, en það er svo hverfandi lítið, samanborið við orkutap stöðvarinnar, að nefndin leggur eindregið til, að væntanleg viðvarpsstöð verði reist af nýju og á öðrum stað í bænum eða í nánd við hann.

Tilboðið frá Standard Electric A/S er í tvennu lagi og má velja milli tveggja stöðva með jafnmikilli orku, en miklum verðmun. Liggur munurinn í því, að dýrari stöðin getur sent skeyti með meiri öldulengd og því vissari til langdrægni, en til viðvarps eru þær jafngildar eða því sem næst.

Hjer fer á eftir áætlun um stofnkostnað allan fyrir hvora stöðina um sig. Er hún samkvæmt áætlun hr. Gunnlaugs Briem með lítils háttar breytingum, sem nefndin hefir gert.

TILBOÐ I

(bylgjulengd 1000—1500 m.).

Sendir og vjelar	£ 9676	ísl. kr.	214 000
Varahlutir	£ 1533	— —	34 000
	Flyt .	ísl. kr.	248 000

	Fluttar .	ísl. kr.	248 000
Uppsetning	£ 1000	— —	22 000
Tvær stengur 110 m. háar		— —	125 000
Loftnet og jarðnet		— —	10 000
Vjelahús og lóð (250×200 m.)		— —	80 000
Önnur tæki, varahlutir o. fl.		— —	30 000
Útbúnaður við viðvarpssal, hljóðfæri o. fl.		— —	12 000
	Alls	ísl. kr.	527 000

TILBOÐ II

(bylgjulengd 1000—1500 m. fyrir viðvarp, 1000—4000 f. skeyti).

Sendir og vjelar	£ 15613	ísl. kr.	346 000
Varahlutir	£ 1533	— —	34 000
Uppsetning	£ 1000	— —	22 000
Þrjár stengur (ca 125 m.)		— —	220 000
Loftnet og jarðnet		— —	20 000
Vjelahús og lóð		— —	80 000
Önnur tæki og varahlutir		— —	30 000
Útbúnaður á viðvarpssal, hljóðfæri o. fl. .		— —	12 000
	Alls	ísl. kr.	764 000

Í húsinu er gert ráð fyrir íbúð handa stöðvarverði, en ekki viðvarpssal til söngs og hljómleika. Væri æskilegt að honum yrði ætlaður staður í væntanlegu húsi landssímans.

Sakir hins mikla verðmunar á tilboðunum vill nefndin leggja til, ef til kemur, að stöðin yrði boðin út á líkum grundvelli sem gert er ráð fyrir í fyrra tilboðinu. Auðvitað er dýrara tilboðið ákjósanlegra að því leyti, að þá myndi landið eignast um leið fullkomna skeytastöð til beinna viðskifta við fjarlæg lönd.

6. Rekstrarkostnaður.

Nefndin gerir ráð fyrir að landssímastjórnin annist rekstur stöðvarinnar og eftirlit, reikningshald, innheimtu á gjöldum og greiðslur. Verði þetta einungis fært viðvarpinu til reiknings, að svo miklu leyti sem það hefir í för með sjer aukið mannahald eða aukinn kostnað fyrir landssímann. Yrði að halda fjárhag og reikningsfærslu viðvarpsstöðvarinnar alveg út af fyrir sig, og ekki blanda því á neinn hátt saman við fjárhag landssímans.

Til þess að annast viðvarpsefni og stjórna viðvarpssendingum sje ráðinn hæfur maður með fullum árslaunum eftir ástæðum. Yfir honum skal vera þriggja manna viðvarpsráð, er ráði aðaltilhögun í starfsemi viðvarpsins. Er þeim ætlað að koma saman vikulega að jafnaði og leggja þá drög að viðvarpsefni fyrir vikuna, sem í hönd fer. Þeir skulu hafa vakandi auga á öllu því, sem horfir til hags fyrir starfsemi viðvarpsins, með hliðsjón af innlendri og erlendri reynslu. Þeir skulu bera ábyrgð á málfrelsi viðvarpsins þannig,

að sem flestar stefnur og hugsjónir, sem uppi eru, fái þar aðgang, en stilla svo í hóf, að engri einstakri sje gert hærra undir höfði en öðrum.

Viðvarpsráðið skyldi skipað af stjórninni til 1 árs í senn. Ræður stjórnin forseta, annar sje tilnefndur af Háskóla Íslands og hinn þriðji valinn meðal þriggja, er fjelag viðvarpsnotanda tilnefnir, ef að minsta kosti ¼ hluti allra viðvarpsnotanda eru meðlimir fjelagsins; að öðrum kosti skal hann skipaður af ríkisstjórninni.

Með þessu fyrirkomulagi verður áætlun nefndarinnar um rekstrarkostnað á 1. ári, sem hjer segir, miðaður við 1200 viðvarpsst. á ári:

1.	Kostnaður við prógrömm	kr. 40.000
2.	Rafmagn 35 kw. á 0/20, 3 st. að jafnaði . .	— 8.000
3.	Viðhald á stöðinni	— 20.000
4.	Ræsting, ljós, hiti o. fl.	— 4.000
5.	Aukið mannahald landssímans, skrifstofukostnaður, innheimta, eyðublöð , ...	— 14.000
6.	Ófyrirsjáanleg útgjöld . . . , ...	— 4.000
	Alls	kr. 90.000

Í fyrsta lið eru talin laun viðvarpsstjóra, áætluð alt að 7500 kr. og laun viðvarpsráðs, 600 kr. á hvern, 1800 kr.

Hjer við bætast svo vextir af stöðvarláninu og afborganir. Fer sú upphæð eftir því, á hvern hátt fjárins er aflað og á hve löngum tíma á að greiða höfuðstólinn. Erlendis mun það vera venja hlutafjelaga að reikna með 5 ára greiðslutíma á stöðvarverðinu, en nefndin telur enga frágangssök að reikna með 10 ára greiðslutíma fyrir slíka stöð, sem hjer ræðir um. Verður nánara vikið að þessu síðar.

7. Viðvarpsefni og stundafjöldi.

Nefndin hefir gert ráð fyrir, að eigi yrði viðvarpað nema h. u. b. 1200 stundir á ári eða 3 st. daglega. Ber í þessu efni bæði að líta á kostnaðinn, en þó sjerstaklega, að menn verði ekki gerðir ofsaddir af viðvarpi þegar á 1. ári. Erlendis hefir þótt nokkuð brydda á þessum agnúa. Fræðslu og skemtunum væri haldið svo að fólki í viðvarpinu, að það kynni sjer ekki »magamál« fyrst í stað, en síðan fylgdi lystarleysi og vandfýsni við því, sem í boði væri. Þetta er sker, sem aðrar þjóðir hafa ekki varað sig á, en vjer ættum að láta reynslu þeirra kenna oss að sigla hjá því. Vitanlega má altaf auka stundafjöldann eftir því sem reynslan bendir til og efnahagur leyfir.

Efnisval og kostnað við það hefir nefndin lagt eins nákvæmlega niður fyrir sjer og föng eru til. Eigi þykir ástæða til að birta sundurliðaða áætlun yfir kostnaðinn nje taxta þá, er nefndin hefir hugsað sjer, en efnið ætti að skiftast eitthvað á þessa leið:

1. Tilkynningar, fregnir, veðurskeyti tvisvar á dag . .	365 st. á ári	30.4 %
2. Kensla, 6 hálftímar á viku til jafnaðar	150 —	12.5 —
3. Guðsþjónustur og kirkjusöngur, alt að	100 —	8.3 —
4. Fyrirlestrar, upplestur og barnasögur	220 —	18.3 —
5. Söngur, hljóðfærasláttur og endurvarp frá erl. stöðvum	365 —	30.4 —
	Alls 1200 st. á ári	99.9 %

Til samanburðar má nefna það, að síðastliðið ár var efnisskiftingin hjá enska viðvarpinu sem hjer segir:

Söngur og hljómleikar af ýmsu tagi	67.17 %
Leikrit og upplestur	1.69 —
Fyrirlestrar, ræður, kensla og frjettir	20.83 —
Guðsþjónustur	4.18 —
Viðvarp fyrir börn (æfintýri o. fl.)	4.18 —
Ýmislegt	2.05 —
Samtals	100.10 %

Sjest af þessum samanburði, að íslenska viðvarpinu er ætlaður miklu meiri tími hlutfallslega til fregna og fyrirlestra, en minni til söngskemtana.

Viðvarpinu er aðallega ætlað að starfa að kvöldinu og verða að eins fregnir, guðsþjónustur og stöku fyrirlestrar flutt fyrra hluta dags. Gæti skiftingin hugsast þannig:

Árdegis- og miðaftans varp:		
Fregnir og tilkynningar	180 st. á ári	
Guðsþjónustur	100 —	
Fyrirlestrar	20 —	
		300 st.
Kvöldvarp:		
Maí—ágúst, 125 dagar á 1½ st. . . .	180 st. á ári	
Sept.—apríl, 240 dagar á 3 st. . . .	720 —	
		900 —
	Alls	1200 st.

Með þessu móti hyggur nefndin, að 40 þús. krónur sjeu rífleg áætlun fyrir kostnaði við viðvarpsefni á fyrsta ári.

8. Notandagjöld og tekjur.

Tekjur stöðvarinnar yrðu því nær eingöngu árgjöld viðvarpsnotanda. Er vitanlega ógerningur að segja fyrir með vissu, hve margir þeir muni verða fyrstu árin eða hve ört viðvarpið nái viðgangi. Fer það sjálfsagt mest eftir því, hve víða á landinu stöðin heyrist á ódýr tæki (krystal eða 1 lampa) og

svo, hve hátt árgjaldið verður. Hr. Guðmundur Hliðdal gerir ráð fyrir, að 5 kw. stöðin muni heyrast ca 50 km. yfir fjalllendi á krystaltæki og úti-loftneti, en 250 km. á 1-lampa tæki. Ef stöðin er í Reykjavík, ætti eftir þessu þriðjungur landsmanna að geta notast við krystaltæki eða $^4/_5$ við krystal og eins lampa tæki. En þriggja lampa tæki mundi þurfa til þess að heyra hana vel á Austurlandi. Hr. Gunnlaugur Briem áætlar langdrægnina nokkru minni, á krystal 35 km., á einn lampa 140 og á þrjá lampa 420. Eru vegalengdir þessar og miðaðar við, að hlustað sje í heyrnartóli. Ef nota skal gjallarhorn, þarf að bæta við 1 lampa í tækin.

Uppdráttur, sem fylgir, mun sýna hvar þessi takmörk liggja um landið og einnig íbúatölu innan þeirra.

Jafnvel þótt gengið sje út frá minni langdrægninni, ætti fullur helmingur landsmanna að geta heyrt stöðina á tiltölulega ódýr tæki (30—100 kr.).

Hæsta notandatala, sem búast má við í fyrirsjáanlegri framtíð, mundi vera 10 þús., þ. e. 10. hver maður á landinu eða annað hvert heimili. Þessu hámarki má þó ekki gera sjer von um að ná, fyr en gjöldin hafa lækkað að miklum mun, frá því sem fært mundi að setja þau í upphafi.

Nú sem stendur munu vera 500 notendur, sem hafa fengið leyfi landssímastjóra til þess að nota viðvarpstæki. En víða um landið munu vera tækjaeigendur, sem enn ekki hafa fengið leyfi. Þykir nefndinni ekki ósennilegt, að samtals muni vera milli 7 og 8 hundruð tækjaeigendur á landinu.

Nefndinni þykir ekki óvarlegt að gera ráð fyrir því, að þessi tala tvöfaldist á fyrsta ári, eftir að fullkomin viðvarpsstöð hefir verið reist, og fari svo nokkurn veginn jafnt vaxandi upp í 5000 á 5 fyrstu starfsárunum. Á sama tíma telur nefndin æskilegt, að árgjaldið lækki úr 50 kr. niður í 32 kr. Verður þó að sjálfsögðu að miða lækkunina við notandafjölda og fjárhaginn yfirleitt, þegar til framkvæmda kemur.

Með þessu móti yrðu væntanlegar tekjur viðvarpsins sem hjer segir:

1. árið	1500	notendur á	50 kr.	75000 kr.
2. —	2500	—	- 45 —	112000 —
3. —	3200	—	- 40 —	128000 —
4. —	4200	—	- 36 —	151200 —
5 —	5000	—	- 32 —	160000 —

Nefndin er ekki í vafa um það, að æskilegt hefði verið til eflingar viðvarpinu, að árgjaldið hefði þegar frá byrjun verið lægra en 50 kr. En vegna mikils rekstrarkostnaðar þykir það naumast tiltækilegt.

Við áætlun þessa um notendafjölda hefir nefndin haft hliðsjón af því, hve margir símanotendur eru hjer á landi. Þeir eru á 4. þús. og er það tiltölulega meiri notkun heldur en víðast hvar annarstaðar. Nú mundu flestir þeir sem síma hafa, bæði hafa hug og efni á því að fá viðvarp. Þegar svo þess er gætt, að símanotendur eru nær því eingöngu í bæjum, en viðvarpið á engu að síður fyrir sjer að færast út um sveitirnar, telur nefndin ofanritaða áætlun um notandafjölda *mjög* varlega.

Nefndin hafir hugleitt aðrar leiðir til að afla viðvarpinu tekna. Næst lagi þá að taka t. d. 10% aukatoll af viðtökum og varahlutum til þeirra. Ef gert er ráð fyrir, að 5000 tæki verði keypt á 5 árum og meðalverð þeirra 100 kr. í innkaupi, mundi þessi tekjuliður geta orðið alls 50 þús. kr. á því tímabili. En þess ber að gæta, að aukatollur þessi mundi koma tvöfaldur fram í álagningu á tækin og auka verð þeirra svo, að tafið gæti fyrir viðgangi viðvarpsins. Mundi þá tollurinn ekki ná tilgangi sínum og verða vafasöm tekjugrein. Auk þess þykir nefndinni árgjaldið, sem notendum er ætlað að greiða, svo hátt, að ekki sje rjett að íþyngja þeim með auknu tækjaverði. Nefndin vill því heldur ráða frá, að þessi tekjustofn verði notaður.

Ef viðvarpsstöðin yrði reist, mætti nota hana til að senda veðurskeyti til útlanda, þau sem nú eru send með sæsímanum. Fyrir þessa skeytasendingu fær nú Mikla norræna ritsímafjelagið 8000 kr. danskar á ári. Þessa upphæð, sem svarar 10,000 ísl. krónum, mætti þannig ná til rekstrar stöðvarinnar.

Í þessu sambandi er vert að geta þess, að veðurstofnanir þær erlendis, er nú greiða gjald fyrir veðurskeyti frá Íslandi, hafa margsinnis látið þá ósk í ljósi, að skeytin yrðu send sem loftskeyti. Nú eru skeytin send með sæsímanum til Skotlands, þaðan með landlínum til Lundúna, og þaðan eru þau send um sterka loftskeytastöð ásamt enskum veðurskeytum. Gallinn við þetta fyrirkomulag er í fyrsta lagi sá, að einkum morgunskeytin tefjast á leiðinni og koma notöndum ekki í hendur, fyr en þeir hafa sent veðurspár sínar. Er að því mikill bagi, vegna þess, að mjög oft verður að haga veðurspám fyrir næsta dag algerlega eftir því, hvernig veðurlagið er við Ísland.

Í öðru lagi hefir orðið að takmarka svo orðafjölda veðurskeytanna, vegna sæsímans, að þau láta ekki í tje margar þær upplýsingar, sem nú eru almennt taldar nauðsynlegar. Úr þessu væri vandalaust að bæta með loftskeytum. Þar munar litlu, hvort sent er nokkrum orðum fleira eða færra.

Í þriðja lagi er þess getið, að nú sjeu aldrei sendar leiðrjettingar á því, sem rangt kann að hafa verið í veðurskeytunum, t. d. loftvog lesin rangt eða eitthvað misritast við athugun.

Í fjórða lagi væri loftskeytastöð innan handar að senda veðurskeyti oftar á dag, og mundi það oft koma sjer mjög vel fyrir veðurspár í nágrannalöndum vorum austan hafs. Ef flugferðir eiga nokkra framtíð fyrir sjer hjer á landi, eða að og frá landinu, yrði t. d. nauðsynlegt að senda út veðurathuganir og veðurspár á hverri klukkustund að deginum og einu sinni eða tvisvar að nóttunni eftir ástæðum.

Að öllu þessu athuguðu er það skiljanlegt, að gjaldið mundi verða greitt með ljúfara geði, og meiri líkur til þess, að það geti haldist lítt breytt, frá því sem nú er, ef hægt væri að telja, að það gengi aðallega til rekstrar loftskeytastöðvar, sem að miklu leyti væri reist vegna veðurskeytanna.

Mæla þessar ástæður mjög með því, að ríkið komi þessari stöð á fót.

Veðurstofan greiðir nú landssímanum 10 þús. krónur á ári fyrir veðurfregnir til hennar og veðurspár, sem sendar eru út um landið. Veðurspárnar væri sjálfsagt að senda því nær eingöngu með viðvarpi jafnskjótt sem stórstöðin væri reist og fult skipulag komið á reksturinn. Að vísu má líta svo á,

að viðvarpið hafi mikinn óbeinan hag af því, að flytja veðurfregnirnar, því að þær mundu ýta undir marga til þess að fá sér viðvarpstæki. En eftir ástæðum getur nefndin mælt með því, að veðurstofan verði látin greiða viðvarpinu alt að 5000 kr. á ári fyrir að senda veðurfregnir, enda lækki þá gjaldið til landssímans um sömu fjárhæð.

Auk árgjaldanna má þá gera ráð fyrir því, að viðvarpið fái um 15000 kr. tekjur á ári annarstaðar frá.

Yrðu tekjur stöðvarinnar því samkvæmt framanskráðri áætlun, að viðbættum 15000 kr.:

		Rekstrar-kostnaður	Tekjur umfram rekstrarkostnað
1. ár	90000	90000	0
2. »	127000	95000	32000
3. »	143000	100000	43000
4. »	166200	105000	61200
5. »	175000	110000	65000

Rekstrarkostnaðurinn er látinn hækka um ca. 5 þús. kr. á ári með það fyrir augum, að viðvarpið verði aukið að stundafjölda og meira lagt í kostnað í viðvarpsefni, þegar frá líður.

Eigi að síður þykir nefndinni óhætt að gera ráð fyrir, að all-álitleg fjárhæð muni fást umfram rekstrarkostnað, til þess að standa straum af vöxtum og afborgun stöðvarverðsins. Aðeins 1. árið mundi ekki gera betur en að bera reksturinn, nema með því móti að notöndum fjölgi örar heldur en nefndin hefir áætlað. En þegar frá líður ætti viðvarpið algerlega að bera sig sjálft, enda þótt árgjaldið verði lækkað að miklum mun, og viðvarpsstundum fjölgað.

Nefndin hefir hugleitt nokkuð, hvernig hentugast mundi að afla fjár til þess að reisa stöðina og leyfir sjer í því efni að gera svo feldar tillögur:

1. Að ríkið leggi fram alt að 100 þús. kr. til stofnkostnaðar og vaxtagreiðslu á 1. ári.
2. Að tekið verði sjerstakt lán, um 230 þús. kr., helst innan lands. Skyldi það vera afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en greiðast síðan að fullu á næstu 5 árum með jöfnum ársgreiðslum.
3. Að mikið af stöðvarverðinu (sendir og vjelar) sje fengin að láni hjá fjelagi því, sem stöðin yrði keypt af, gegn fullri greiðslu innan 5 ára frá því að hún er reist. Hefir t. d. Standard Electric A/S boðist til að láta stöðina gegn jöfnum afborgunum á 5 árum (sbr. fylgiskj. nr. 5).

Ef farið væri að þessum tillögum mundi áætlun um fjárreiður viðvarpsins, fyrstu 5 árin, verða sem hjer segir:

Gjöld.		Tekjur.	
1. ár.			
1. afborgun stöðvarverðs og uppsetning	kr. 70000	Tillag ríkissjóðs	kr. 95800
Vextir af eftirstöðvum 6% af 200 þús.	— 12000		
Vextir af 230 þús. á 6%. . .	— 13800		
Samtals	kr. 95800	Samtals	kr. 95800
2. ár.		Tekjur af viðvarpsst. umfram rekstrarkostnað . .	kr. 32500
2. afborgun stöðvarverðs. .	kr. 50000	Halli	— 40300
Vextir.	— 22800		
Samtals	kr. 72800	Samtals	kr. 72800
3. ár		Tekjur af viðvarpsst. umfram rekstrarkostnað . .	kr. 43000
3. afborgun stöðvarverðs. .	kr. 50000	Halli	— 26800
Vextir.	— 19800		
Samtals	kr. 69800	Samtals	kr. 69800
4. ár.		Tekjur af viðvarpsst. umfram rekstrarkostnað . .	kr. 61200
4. afborgun stöðvarverðs. .	kr. 50000	Halli	— 5600
Vextir.	— 16800		
Samtals	kr. 66800	Samtals	kr. 66800
5. ár.			
Síðasta afborgun stöðvarverðs	kr. 50000	Tekjur af viðvarpsst. umfram rekstrarkostnað . .	kr. 65000
Vextir.	— 13800		
Samtals	kr. 63800	Samtals	kr. 65000

Það yrði því að eins fyrstu fjögur árin, sem stöðin þyrfti styrk úr ríkissjóði, að ætlun nefndarinnar. Úr því mundi hún bæði bera rekstur og afborganir sjálf og jafnvel *geta* endurgreitt mikið af framlagi ríkissjóðs; en í þess stað þykir nefndinni sennilegt, að árgjöldin yrðu látin halda áfram að lækka.

Nefndin hefir einnig gert yfirlit um tekjur og gjöld stöðvarinnar yfir alt lánstímabilið og telur engu spilt þótt hún sje birt; en vitanlega er ómögulegt að sjá fyrir allar þær breytingar sem kunna að verða gerðar á rekstri viðvarpsins áður en svo langur tími er liðinn.

Áætlunin er bygð á framangreindum lánskjörum, að notendafjöldi stígi upp í 6000 á 10 árum og að árgjaldið haldist óbreytt, 32 kr., frá og með 5. ári. Með tekjum eru einnig taldar 15000 kr. á ári fyrir veðurskeyti:

Ár	Notanda-fjöldi	Árgj. kr.	Tekjur	Gjöld			Halli
			Árgjöld + 15000 kr.	Rekstur kr.	Afborganir og vextir kr.	Samtals kr.	Tekjur ÷ gjöld kr.
1	1500	50	90000	90000	95800	185800	÷ 95800
2	2500	45	127500	95000	72800	167800	÷ 40300
3	3200	40	143000	100000	69800	169800	÷ 26800
4	4200	36	166200	105000	66800	171800	÷ 5600
5	5000	32	175000	110000	63800	173800	+ 1200
6	5200	32	181400	115000	57040	172040	+ 9360
7	5400	32	187800	120000	54280	174280	+ 13520
8	5600	32	194200	125000	51520	175520	+ 18680
9	5800	32	200600	130000	48760	178760	+ 21840
10	6000	32	207000	135000	46000	181000	+ 26000

Þessar áætlanir bera það með sjer, að upphæð sú er ríkissjóður þyrfti að leggja fram 4 fyrstu árin, mundi nema um 170 þús. kr., en síðari árin mundi verða tekjuafgangur, fullar 90 þús. krónur, enda þótt rekstarkostnaður sje látinn hækka mjög ríflega með ári hverju.

Nefndin verður því að álíta, að fjárframlag ríkissjóðs, til þess að hrinda þessu fyrirtæki af stað, geti eigi talist óhæfilegt, þegar þess er gætt, hve mikið fæst í aðra hönd: *Viðvarps- og skeytastöð, sem kostar rúmlega hálfa miljón króna, og síðast en ekki síst, óbeinn hagnaður allra landsmanna af því, sem viðvarpið mun flytja þeim til fróðleiks og skemtunar.*

Reykjavík 10. des. 1927.

Gísli J. Ólafson.

Jón Eyþórsson. *Páll Eggert Ólason.*

9. Frumvarp

til laga um mentamálanefnd Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Eftir alþingiskosningar skal í sameinuðu Alþingi kjósa með hlutbundnum kosningum þriggja manna nefnd, er starfar alt kjörtímabilið og kallast mentamálanefnd Íslands. Hlutgengur í nefndina er hver íslenskur borgari, sem hefir kosningarrjett til Alþingis og er búsettur í Reykjavík, eða svo nærri bænum, að hann eigi auðvelt með að sækja þangað daglega fundi. Nefndin skiftir sjálf með sjer verkum í byrjun hvers kjörtímabils, og starfar endurgjaldslaust, nema öðruvísi sje ákveðið með fjárlögum.

2. gr.

Hlutverk mentamálanefndar Íslands er:

a. Að úthluta árlega því fje, sem Alþingi veitir til viðurkenningar skáldum og listamönnum.
b. Að kaupa fyrir landsins hönd listaverk fyrir það fje, sem kann að vera veitt í því skyni á fjárlögum.
c. Að hafa yfirumsjón með listaverkasafni landsins og undirbúa, eftir því sem unt er, byggingu listasafns í Reykjavík.
d. Að kaupa altaristöflur handa kirkjum, allra þjóðkirkjusafnaða, eftir því sem fje er til þess lagt frá hlutaðeigendum.
e. Að úthluta námsstyrk er árlega greiðist úr ríkissjóði til stúdenta og annara nemenda erlendis. Skal nefndin við úthlutun námsstyrks veita fyrst og fremst til þess náms, sem sýnilega er mest þörf fyrir í landinu, og sje útaf þeirri reglu brugðið, þá að eins þar sem um alveg óvenjulega sjerhæfileika er að ræða. Að öðru leyti skal við úthlutun þessa námsstyrks farið eftir hæfileikum nemenda, dugnaði og reglusemi. Nefndin skal, eftir fremsta megni, með aðstoð sendimanna Íslands erlendis, hafa eftirlit með að styrkþegar fari vel með fje sitt og tíma, og sje sannanlega útaf brugðið, getur nefndin svift þá framhaldsstyrk.
f. Að úthluta ókeypis fari milli Íslands og annara landa til manna, sem fara til útlanda til alþjóðargagns.
g. Að hafa á hendi yfirstjórn sjóða, er stofnaðir kunna að verða með sjerstökum lögum til eflingar lista og vísinda á Íslandi, enda sje mentamálanefnd falið þetta vald í stofnskrám sjóðanna.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Með frv. þessu er ætlast til að skapa meira samhengi og yfirlit, en áður hefir verið um nokkrar mikilsverðar, andlegar framkvæmdir í landinu. Þingkosinni nefnd, sem að öllum líkindum yrði varanleg, og þar sem fulltrúar úr öllum aðalflokkum þingsins ættu sæti, er hjer með falin umsjón með úthlutun listamanna- og skáldastyrks, og nokkur önnur skyld störf. Hefir margs verið frestað í þessu efni. Eitt sinn veitti þingið sjálft skáldalaun á fjárlögum, og eru til margar lítið ánægjulegar þingræður um verðleika skálda, t. d. Þorsteins Erlingssonar og Einars Kvaran, frá þeim tímum. Þá hefir sískiftandi stjórnum, sem oft hafa lítinn áhuga fyrir listum og vísindum verið falið að fara með þetta vald. Hefir það ekki reynst allskostar heppilegt heldur. Má í því efni benda á, að málverkasafn landsins hefir í nokkuð mörg ár, ekki eignast eitt einasta listaverk eftir frægasta málara landsins, Ásgrím Jónsson. Með því að fela starfið nefnd, sem valin er af öllum flokkum, og starfar þó að minsta kosti heilt kjörtímabil, má vænta þess, að betur verði fyrir málum þessum sjeð, en áður hefir verið.

Nú sem stendur er það lítið, sem landið á af listaverkum, aðallega geymt í þinghúsinu og ráðherrabústaðnum. Sjálfsagt framtíðartakmark er að landið eignist sjálfstætt listasafn og er nefndinni ætlað að hafa forustu um rannsókn og undirbúning þess máls.

Sú óvenja hefir komist á, að fleiri og færri altaristöflur eru árlega keyptar erlendis í íslenskar kirkjur, oftast eftir lítilfjörlega listamenn. Engin slík tafla stendur í nokkru sambandi við íslenskt þjóðlíf. Þessi óvenja verður að hætta og er þess vænst, að íslenskir listamenn geti framvegis bætt úr þessari þörf.

Fram að þessu hefir algerlega skort framsýni og skipulag um úthlutun námsstyrks erlendis, bæði handa stúdentum og öðrum. Sökum þessa fyrirhyggjuleysis er nú til mikill fjöldi ungra verkfræðinga, sem ekkert fá hjer að gera, og landið hefir styrkt. Hinsvegar vantar forustu við byggingu algengra íbúðarhúsa. Ungar menningarþjóðir, t. d. Japanar, láta sendisveitir sínar hafa eftirlit með starfi námsmanna sinna, er ríkið kostar í öðrum löndum og sýnist það eðlileg venja.

Þar sem landið styrkir Eimskipafjelag Íslands nú mjög mikið, og gerir það væntanlega framvegis, færi vel á að fjelagið léti þingið fá til umráða ákveðna tölu ókeypis farseðla ár hvert, handa mönnum, sem beint eða óbeint fara utan í landsins þjónustu, en nú fara slíkir menn oft á landsins kostnað með erlendum skipafjelögum. Auk þess gæti landið á þennan hátt, oft greitt fyrir fræðimönnum, íþróttamönnum, skáldum og listamönnum, sem þurfa að eiga kost á að komast til útlanda við og við.

Í öðru frv., sem þingið í vetur fær til meðferðar, verður lagt til að stofna sjóð til eflingar listum og vísindum í landinu, og er ætlast til að hann standi undir yfirumsjón mentamálanefndar Íslands.

10. Frumvarp

til laga um sundhöll í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Alþingi heimilar landsstjórninni, að leggja alt að 100 þús. kr. móti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur til að byggja sundhöll í Reykjavík er sje fullbúin til afnota vorið 1930, með þeim skilyrðum, sem hjer segir:

a. Að Reykjavíkurbær leggi sundhöllinni til ókeypis heppilega lóð nærri hinum nýja barnaskóla bæjarins og heitt laugavatn, eftir að það hefir gengið gegnum hitaleiðslur þess skóla.
b. Að sundhöllin sje í öllum aðalatriðum gerð samkvæmt þeirri teikningu, sem Guðjón Samúelsson húsameistari hefir gert fyrir Alþingi, þannig að laugarnar sjeu þrjár, samhliða, ein sjerstaklega ætluð íþróttamönnum, önnur til kenslu og hin þriðja með sjóvatni, er hitað sje með því að leiða þar í gegn úrgangsvatn úr hinum sundþrónum.
c. Að nemendur úr skólum sem landið kostar, að meira eða minna leiti, í Reykjavík, fái ókeypis aðgang til æfinga í sundhöllinni, eftir nánara samkomulagi milli bæjarstjórnar og stjórnar landsins.
d. Að Reykjavíkurbær kosti viðhald og rekstur sundhallarinnar, en selji þó ekki almenningi aðgang dýrari en þarf til að fyrirtækið beri sig.

Greinargerð.

Sundhallarmálið hefir verið til meðferðar á Alþingi oftar en einu sinni og verið nokkuð rannsakað og undirbúið. Á næstu missirum verður vatnið úr Laugunum hjá Reykjavík leitt til bæjarins til að hita hinn nýja barnaskóla og Landsspítalann. Eru þar með fengin undirstöðu-skilyrði sundhallarinnar, með því að henni mun fullkomlega nægja vatn það, sem búið er að hita barnaskólann. Mikill áhugi er vaknaður hjá íþróttamönnum í Reykjavík að hrinda sundhallarmálinu í framkvæmd, og bæjarstjórnin ákveðið fyrir sitt leyti að styðja að því að málið komist áleiðis fyrir 1930. Þykir sanngjarnt að landið leggi fram hálfan byggingarkostnaðinn með þeim skilyrðum sem fram eru tekin, en að bærinn kosli síðan rekstur og viðhald. Þykir því sjálfsagðara að landið styðji þetta mál, þar sem slík sundhöll myndi verða hin mesta lyftistöng íþróttaframfara í landinu, bæta heilsu fleiri en taldir verða og auka mjög þrifnað og hreinlæti almennings.

11. Frumvarp

til laga um fræðslumálanefndir.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Stjórn barnakennarafjelags Íslands, forstöðumaður kennaraskólans og fræðslumálastjóri skulu skipa fræðslumálanefnd barnaskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk fræðslumálanefndar barnaskóla Íslands, er að gera starfsskrá fyrir barnafræðslu landsins, og ákveða kenslubækur í öllum aðalkenslugreinum. Ennfremur að ákveða hámark starfs fyrir hvert aldursár barna á skólaskyldualdri í heimakenslu, farskólum og föstum barnaskólum. Landsstjórnin staðfestir og auglýsir með hæfilegum fyrirvara ákvarðanir fræðslumálanefndar barnaskólanna.

3. gr.

Í stjórn barnakennarafjelags Íslands skulu vera 5 barnakennarar, búsettir í Reykjavík eða svo nærri bænum, að þeim sje kostnaðarlítið að sækja þangað fundi. Þeir skulu vera kosnir með skriflegri atkvæðagreiðslu meðal fjelagsmanna um land alt. Öllum starfandi barnakennurum í landinu skal heimil innganga í fjelagið, og árgjald hvers fjelagsmanns má ekki vera meira en 5 kr. Fræðslumálanefnd starfar launalaust, en fær endurgreidd nauðsynleg útgjöld við síma og brjefaskriftir af barnafræðslufje.

4. gr.

Með reglugerð má fyrirskipa þriggja manna fræðslunefnd við ungmennaskóla landsins.. Skal fræðslumálastjóri sjálfkjörinn í nefndina, en meðnefndarmenn skipaðir til 3 ára í senn úr hópi starfsmanna við framangreinda skóla. Fræðslumálanefnd þessi hefir með höndum hliðstætt starf fyrir ungmennaskólana eins og til er tekið í 2. gr. að því er snertir barnaskóla landsins.

5. gr.

Nú óhlýðnast skóli í verulegu atriði fyrirskipunum hlutaðeigandi fræðslumálanefndar og skal þá landsstjórninni skylt að halda eftir styrk eða launagreiðslum til hans, þar til úr er bætt.

6. gr.

Fjelagi íslenskra barnakennara ber að fullnægja skilyrðum 3. gr. eigi síðar en 1. júlí 1929. Sje það ekki gert falla lög þessi úr gildi, að því er snertir barnaskólanana.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eldri lög og fyrirmæli, er fara bága við þessi lög.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Fræðslumál landsins eru enn á tilraunastigi, og skipulagi þeirra að mörgu leyti óbótavant. Með skipun fræðslumálaráðs fyrir barnaskólana og síðar fyrir ungmennaskólana í landinu er gert ráð fyrir að nokkuð megi úr þessu bæta. Þörfin er mest um barnafræðsluna og því er byrjað þar. Trúnaðarmönnum kennarastjettarinnar og sjálfskipuðum leiðtogum hennar, forstöðumanni kennaraskólans og fræðslumálastjóra er falið að skamta börnunum námsverk hvern vetur, velja þeim námsbækur, og hæfileg viðfangsefni. Aðaltilgangur þess skipulags, sem hjer er leitast við að byggja er sá, að fræðslan og verkefnin sjeu við hæfi barna, ekki of þung, og ekki deyfandi fyrir námslöngun og lífsþrótt þeirra.

Síðar er gert ráð fyrir, að skipa megi samkvæmt lögum þessum, fræðslunefnd fyrir ungmennaskóla landsins, og verður starf hennar að sjálfsögðu að samræma kenslu og uppeldisstarfsemi þessara skóla, eftir reynslu þeirri sem fengin er.

12. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að verja af ríkisfje alt að 100 þús. kr. til að kaupa land og láta reisa betrunarhús og letigarð, þar sem skilyrði þykja góð, til að fangar, og slæpingar, sem ekki vilja vinna fyrir sjer eða sínum, geti stundað holla og gagnlega vinnu.

Greinargerð.

Það er nú alment viðurkent að fangahúsið í Reykjavík uppfylli ekki lengur kröfur þær, sem hegningarfræðin gerir til betrunarhúsa. Veldur þar

margt um. Húsið er inni í miðjum höfuðstaðnum. Það er alt of lítið, hefir nálega engin skilyrði til að fangarnir geti unnið, síst at öllu undir berum himni. Vegna þess hve garðurinn er lágur og hús bygð upp að honum, hefir reynst erfitt að einangra þar fanga, meðan á rannsókn hefir staðið.

Með vaxandi þjettbýli við sjávarsíðuna, og einkum vegna hins óra vaxtar höfuðstaðarins, hefir myndast talsverð stjett slæpinga, er ekki vilja sinna gagnlegri vinnu, og verða sjálfir, og þá ekki síður börn þeirra, þjóðfjelaginu til byrði. Úr þessu þarf að bæta og er álitið að vel megi sameina nýtísku betrunarhús og letigarð, þar sem heilsuhraustir letingjar væru þvingaðir til að vinna. Slík stofnuu yrði að vera í sveit, ekki fjarri höfuðstaðnum. Þar yrði að reka allstórt bú, mikla garðrækt, en um vetur stunda smíði, vefnað og saum. Með þessum hætti yrði fangahúsið sjálfstætt heimili, er væntanlega þyrfti ekki að verða landinu til verulegrar byrði, er fram liðu stundir, auk þess sem vist í vinnuheimili mun líklegri til að hafa bætandi áhrif á hugi siðferðislegra sjúklinga, heldur en innilokun og iðjuleysi. Af letigarðinum myndi mörgum sveitar- og bæjarfjelögum stafa mikið gagn á þann hátt, að landeyður, sem nú vilja ekki vinna fyrir sjer eða börnum sínum, myndu mjög oft fremur vilja vinna eins og frjálsir menn, heldur en komast á slíkt vinnuheimili, þar sem aðbúðin væri að vísu góð, en þeir þó sviftir frelsi um lengri eða skemmri tíma.

Að svo stöddu er ekki hægt að gera nákvæma áætlun um stofnkostnað betrunarhúss og vinnuheimilis í sveit, en allar líkur eru til, að það myndi ekki verulega fara fram úr þeirri upphæð, sem hjer er tiltekin.

13. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina að byggja hús fyrir opinberar skrifstofur.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa hús fyrir opinberar skrifstofur á lóð landsins við Lindargötu eða Ingólfsstræti. Húsið má vera alt að 30 m. á lengd, þrjár hæðir, og tvær skrifstofuraðir á hverri hæð. Skilrúm milli skrifstofanna skulu vera færanleg, svo að stækka megi og minka hverja þeirra.

Greinargerð.

Landið rekur nú fjölmargar skrifstofur, sem eru dreifðar um allan bæinn. Sumar þeirra verða ríkissjóði töluvert dýrar. Dreifing þeirra er mjög óþægileg bæði fyrir þá, sem þar vinna, en þó allramest fyrir menn sem þurfa að ljúka erindum í mörgum af þessum skrifstofum. Sjálft Stjórnarráðið er

orðið alt of þröngt, og mun fyrir nokkru tekinn upp sá siður, að hafa útibú þaðan annarstaðar í bænum. Kemur varla til mála annað, en að landið reisi sjer hentuga skrifstofubyggingu á landi sínu Arnahólstúni. Ætti slík bygging að geta verið einföld og óvenjulega ódýr eftir stærð. Skilrúmin yrðu að vera færanleg, eins og tíðkast í skrifstofubyggingum í Ameríku, og hægt að lengja húsið síðar meir eftir því sem þörf krefur og getan leyfir. Hvenær bygt yrði, færi eftir efnahag landssjóðs, og því hve mikla áherslu þingið leggur á að koma við þeim árlega sparnaði, sem leiða myndi af samfærslu á skrifstofum landsins.

14. Frumvarp

til hjúalaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

I. kafli.

1. gr.

Fyrirmæli þessa kafla gilda að eins um vistarráð þeirra hjúa, sem ekki hafa náð 21 árs aldri. Ákvæði vistarsamnings, sem koma í bága við þessi lög, eru ógild, svo fremi þau miða til að rýra rjett hjúsins. Samningar um vinnu við heimilisstörf um skemri tíma en missiri, eða skildaga í milli, hníga ekki undir lög þessi.

2. gr.

Hver sjálfráða maður má ráða sig hjú. Vistráðum þeirra, sem ekki eru sjálfráða, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

Hinir almennu hjúaskildagar eru 14. maí, eða 3. maí í þeim sveitum, þar sem hjúaskildagi hingað til hefir verið haldinn þann dag, og 1. október, eða 1. vetrardagur, þar sem það þykir betur henta.

Lengd vistartíma ráða aðiljar, þó svo, að enginn vistarsamningur er gildur fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn.

Samningar um vist að hálfu árlangt, eins og að undanförnu hefir verið venja, hníga undir þessi lög, en um samninga um vinnu við heimilisstörf árdegis eingöngu eða síðdegis eingöngu verður lögunum ekki beitt.

4. gr.

Þegar *samið* er um vist skildaga á milli, skal vistartíminn vera á enda á næsta skildaga, enda hafi ekki tekist samningar um vistráðin af nýju.

Sanni ógift vinnukona að hún eigi kost á giftingu, áður en vistartíminn er á enda, getur hún sagt upp vistinni til næsta skildaga með mánaðar fyrirvara.

Nú verður ekki vitað um lengd vistartímans, og telst hann þá á enda á næsta almenna skildaga eftir að vistarráðin hófust.

Á skildaga er hjúi rétt að víkja úr vist á hádegi.

5. gr.

Vistráðið ársbjú sitt skal húsbóndi, nema öðru vísi sje um samið, láta sækja í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en 100 kg. þunga. Kostar húsbóndi flutning þenna án endurgjalds frá hjúinu.

Nú getur hjúið ekki farið í vistina þegar þess er vitjað, og er því eigi sjálfu um það að kenna, þá er eigi húsbónda skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina. Ef hjúið getur ekki komið í vistina innan þriggja vikna frá skildaga, er húsbóndi laus vistarráðanna ef hann vill.

6. gr.

Hjú, sem ráðið er skemur en ár, skal ef öðruvísi er ekki um samið af sjálfsdáðum koma í vistina á skildaga, og eigi síðar en á náttmálum í sveit, en um miðaftan í kaupstöðum og þorpum. Ef hjú kemur ekki í vist sína á rjettum tíma er húsbóndi ekki bundinn við vistarráðin, nema hann innan þriggja sólarhringa fái vitneskju um, að hjúið gat ekki komið í vistina vegna atvika, sem það átti ekki sök á. Þegar svo stendur á, er húsbóndi ekki skyldur að bíða hjúsins lengur en 10 daga frá skildaga.

Kaup hjús reiknast frá þeim degi, sem það kemur í vistina.

7. gr.

Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og rúmfatnað, ef hjú sefur á heimili húsbónda síns, og aðra aðhlynningu eftir því, sem venja er til í hverri sveit eða bæ hjúum að veita auk kaups. Hjúið á heimtingu á að sofa eitt sjer í rúmi, og að fá hreinar rekkjuvoðir eða lök í rúm sitt einu sinni á mánaðarfresti og hreint handklæði einu sinni á viku. Í frístundum sínum á vetrum skal hjúi fengin dvöl í viðunanlega hlýju herbergi.

8. gr.

Ef upphæð kaups hefir eigi verið ákveðin, skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitavenja að gjalda hjúum á því reki.

Ef eigi hefir verið samið um annan gjalddaga kaupsins og um mánaðarkaup er að ræða, hefir hjúið rjett til að krefjast greiðslu kaupsins við lok hvers mánaðar. Ef kaupið hins vegar er ákveðið í einu lagi fyrir allan vistartímann hefir hjúið að liðnum 3 mánuðum af vistartímanum rjett til þess að krefjast greiðslu á kaupi því, er það hefir unnið fyrir hinn fyrsta vistarmánuð, eftir 4 mánuði á kaupi fyrir annan vistarmánuð o. s. frv., þannig, að jafnan standi tveggja mánaða kaup ógreitt hjá húsbónda þess, þar til vistarráðum er löglega lokið.

Ef ekki er öðru vísi um samið, teljast $^3/_4$ af árskaupi hjús kaup fyrir tímabilið frá 14. maí (3. maí) til 1. október (1. vetrardags) (sumarkaup), og $^3/_4$ hlutar af sumarkaupinu teljast kaup fyrir tímabilið frá 14. júlí til 1. október.

Við lok vistartíma skal húsbóndi hafa lokið kaupi hjús að fullu.

Ef vistarráðum lýkur fyr en upphaflega var ákveðið, hefir hjúið rjett til kaups fyrir þann tíma, sem það hefir unnið. Hafi hjúið meðan á vistar-

ráðum stóð verið frá vinnu án þess sjúkdómi sje um að kenna (sbr. þó 10. gr.), missir það rjett til kaups fyrir þann tíma.

9. gr.

Nú sýkist hjú í vistinni eða slasast og er húsbóndi þess skyldur til að annast hjúkrun þess eftir því er síðar segir.

Ef húsbóndi kýs að hafa sjúkling utan heimilis síns, hefir hann rjett til að flytja hann í opinbert sjúkrahús án samþykkis hjúsins ef læknir telur það nauðsynlegt vegna hjúsins sjálfs eða vegna sótthættu, sem heimilinu stafi af sjúkdóminum.

Verði hjú vitskert, svo að hjúkrun þess sje sjerlegum erfiðleikum bundin, getur húsbóndi krafist, að sveitarstjórn ráðstafi sjúklingnum þegar í stað.

Sjúkt rúmfast hjú má húsbóndi ekki, jafnvel með sjálfs þess samþykki og þótt vistartíminn sje á enda, flytja burt, svo fremi þar af getur hlotist mein sjúklingnum sjálfum eða öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Ef húsbóndi samt flytur hjúið burtu og sjúklingnum þyngir við flutninginn, skal hann skyldur til að standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins nema læknir hafi áður en flutningurinn var framkvæmdur, lýst því að hann væri hættulaus eða nauðsynlegur vegna sjúklingsins sjálfs, eða ef slysið eða sjúkdóminn ber svo brátt að, að ekki var ráðrúm til að leita læknis, og húsbóndinn hefir með tilhlýðilegri gætni flutt hjúið í opinbert sjúkrahús.

10. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs og kostar það þá sjálft lækning sína og geldur húsbóndi fyrir það fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt og á hans vegum, en eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

11. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess eða atvikum, sem hann á sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir atvinnutjón, ef nokkurt verður, eftir að það er farið frá honum.

12. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna breytni þess sjálfs nje húsbónda þess verði gefin sök á, og er húsbónda þess skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstakt sjúkrafæði — alt að fjórðungi vistráðningartímans, þó ekki lengur en til enda hans. Ef hjúið verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þó ekki á sjúkrahúsi, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað, sem svarar matarverði í svo langan tíma, sem nú var greint.

13. gr.

Nú liggur hjú sjúkt, en ekki hálfum mánuði lengur á tímabilinu maí til október eða mánuði lengur um aðra árstíma, og skal hjú einkis í missa af kaupi sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup fyrir þann tíma, sem umfram er, og það getur ekki int af hendi störf sín.

14. gr.

Kostnað, sem leiðir af lækning hjús, borgun fyrir lyf, sjerstaka hjúkrun, dvöl í sjúkrahúsi eða annari slíkri stofnun, er húsbónda óskylt að greiða nema þegar svo stendur á, sem segir í 11. gr.

15. gr.

Nú getur hjú vegna sjúkleika, sem atvikast svo, sem um ræðir í 10. og 12. gr., eftir mánaðar vanheilsu enn ekki rækt störf sín, og er þá hvorum aðilja um sig heimilt að segja upp vistarsamningnum með eins mánaðar fyrirvara.

16. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað sinn eða fyrir fæði og hjúkrun, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

17. gr.

Deyi hjú í vist eiga erfingjar þess að eins heimtingu á þeim hluta af kaupinu, sem álíta verður að það hafi unnið fyrir áður en það varð ófært til verka. Greftrun þess skal húsbóndi annast, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarfje, ef með þarf.

18. gr.

Þótt hjú sje ráðið til ákveðinna starfa skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem samboðin eru stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa.

Ef hjúið með samningi er beinlínis undanþegið því að gegna ákveðnum störfum, getur það þó aldrei orðið skylt til að leysa þau af hendi, nema að eins til bráðabirgða í skyndilegum forföllum annars heimilisfólks, er þau verk átti að vinna.

19. gr.

Ef hjú í kaupstað eða kauptúni sækir kvöldskóla, iðnskóla, unglingaskóla eða annan slíkan skóla, skal húsbóndi haga vinnutíma hjúsins þannig, að kostur verði skólagöngunnar, nema tilskilið hafi verið í vistarsamningi, að ákveðin störf skyldu unnin á sama tíma.

20. gr.

Nú deyr húsbóndi, og skal þá vistarráðum áfram haldið með ekkju hans, erfingjum eða búi, ef búnaður stendur, þó er hvorum aðilja um sig heimilt að slíta vistarráðum á almennum skildaga með tveggja mánaða fyrirvara eða frá 1. degi mánaðar með þriggja mánaðar fyrirvara.

21. gr.

Í þrotabúi húsbónda eða dánarbúi, þar sem ekki er gengist við arfi og skuldum, hefir hjú, sbr. 83. gr. 5 b. skiftalaganna frá 12. apríl 1878, forgangsrjett til kaups og matarverðs, þó eigi fyrir lengri tíma aftur en eitt ár að telja frá næsta almennum hjúaskildaga áður en gjaldþrotaskiftin hófust eða húsbóndi ljest. Nú er vistarráðunum haldið áfram við búið, samkv. 20. gr. og ber þá að svara kröfu hjúsins fyrir þann tíma úr búinu óskiftu, sbr. 82. gr. b. skiftalaganna.

22. gr.

Nú flytur húsbóndi búferlum, eftir að vistarsamningur er gerður, en áður en vistartími byrjar, 50 km. burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist, eða úr sveit í kaupstað eða öfugt, og er hjúinu þá ekki skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann enn fremur greiða hjúi kaup fyrir 2 mánuði og að auki matarverð samkv. 29. gr., ef hann hefir ekki látið hjúið vita um flutninginn 4 vikum hið skemsta, áður en vistartíminn átti að byrja. Ef hjúið flytur í vistina alt að einu, er húsbóndinn skyldur að standast þann sjerstaka kostnað, sem það hefir haft í för með sjer fyrir hjúið.

Ef húsbóndi flytur búferlum eftir að hjúið er komið í vistina gilda samskonar ákvæði.

23. gr.

Hjúi er vitalaust að koma ekki í vistina ef það getur sannað, að húsbóndinn hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, misþyrmt hjúi eða svelt það, leitast við að tæla hjú til illverka eða lauslætis, enda hafi hjúi verið ókunnugt um þessar sakir þegar samningar um vistina tókust.

Ef hjú er komið í vistina þegar það fær vitneskju um eitthvert þeirra afbrota af hálfu húsbónda, sem nefnd voru, er því heimilt að víkja úr vistinni fyrirvaralaust, enda geri það svo innan 14 daga eftir að það fjekk vitneskju um verknaðinn. Kaups getur hjúið að eins krafist fyrir þann tíma, sem það var í vistinni.

24. gr.

Hjúi er heimilt að ganga fyrirvaralaust úr vistinni þegar það getur sannað, að húsbóndi hafi gerst sekur um alvarlegt brot á skyldum sínum gagnvart því, svo sem ef hann:

1. misþyrmir hjúinu,

2. leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis eða ef aðrir heimilismenn gera sig bera að slíku og húsbóndi veitir ekki hjúinu tilhlýðilega vernd, þótt það beri sig upp undan því við hann,
3. lætur hjúið að staðaldri búa við illa og ónóga fæðu, óforsvaranlega aðhlynningu eða heilsuspillandi húsnæði,
4. meiðir freklega mannorð hjúsins eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af,
5. geldur hjúi ekki kaup í ákveðinn tíma þótt krafist sje,
6. stofnar ranglega og að nauðsynjalausu lífi eða heilsu hjúsins í hættu.

25. gr.

Ef hjú, án þess að sjúkleiki eða önnur lögleg forföll tálmi, eða fyrir hendi sjeu ástæður, er heimili því að rifta vistarráðunum, kemur ekki í vistina á ákveðnum tíma, svo að því er synjað viðtöku, eða kemur alls ekki, skal það greiða húsbónda bætur, sem svara til helmings áskilins kaups fyrir umsaminn vistartíma. Ef hjú gengar ólöglega úr vistinni, greiði það sömu bætur, miðað við vistartímann sem eftir er.

Nú gengur hjú úr vistinni vegna atviks, er greinir í 24. gr., og skal húsbóndi þá greiða því hæfilegar bætur, er þó nemi ekki meiru en kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði, sbr. 29. gr., í sama tíma, þó ekki yfir 8 vikur.

26. gr.

Húsbóndi þarf ekki að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín eða veita því viðtöku ef hann getur sannað:

1. að hjúið hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, drýgt glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur,
2. að hjúið hafi smitandi sjúkdóm, eða það sökum vanheilsu eða fötlunar, eða að því er konu snertir, sökum þess að hún er barnshafandi, sje óhæft til að vinna það verk, sem það var ráðið til,
3. að hann hafi, er vistarsamningurinn var gerður, verið blektur með fölskum vitnisburðum um hjúið,
4. að hjúið kunni ekki til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og það þá þóttist kunna til.

Þetta sem talið hefir verið, skiftir þó að eins máli, svo fremi það verði ekki sannað, að húsbóndi hafi verið vitandi um þessi atvik, er hann rjeð hjúið.

Nú verður húsbóndi fyrst áskynja einhverra þeirra atvika, er nefnd voru, þegar hjúið er komið í vistina, og er honum þá heimilt fyrirvaralaust að víkja hjúi úr vistinni, enda geri hann það innan 14 daga eftir að hann varð vitandi þessa. Ekki verður þó konu, sem barnshafandi hefir orðið áður en hún kom í vistina, vísað úr vist eftir að 5 mánuðir eru liðnir frá því að hún kom í vistina og aldrei með minna en mánaðar fyrirvara.

27. gr.

Húsbóndi má þegar vísa hjúi úr vist, er hann getur sannað, að hjúið hafi gerst mjög brotlegt gegn skyldum sínum eða ef framferði þess er mjög ábótavant, svo sem ef hjúið:

1. drýgir glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur,
2. leggur hönd á húsbóndann, eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja,
3. sýnir húsbóndanum, eða þeim, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, óhlýðni um að inna af hendi störf sín í þarfir heimilisins,
4. tælir börn á heimilinu til illverka,
5. er aftur og aftur drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans,
6. raskar heimilisfriði með lauslætisframferði,
7. gengur með smitandi samræðissjúkdóm,
8. spillir af ásettu ráði eignum húsbænda eða misþyrmir skepnum, sem það á að hirða,
9. sýnir af sjer megnt og ítrekað skeytingarleysi um störf sín og hirðuleysi í umgengni.

Þegar hjúi er vísað úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem taldar eru í þessari gr. og 26. gr., ber því umsamið kaup fyrir þann tíma, sem það hefir unnið heimilinu.

28. gr.

Ef húsbóndi riftar ólöglega vistarráðum eða vísar hjúi úr vistinni, skal hann gjalda því hæfilegar bætur er þó ekki nemi meiru en hálfu kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði fyrir sama tíma, þó ekki lengur en 8 vikur.

29. gr.

Matarverð hjús skal, þegar ekki er öðru vísi umsamið, ákveðið af hlutaðeigandi lögreglustjóra, eftir því sem hæfilegt þykir þar í hjeraði og með hliðsjón af því, hverskonar hjú er um að ræða, þó ekki undir 1 kr. á dag.

II. kafli.

30. gr.

Viðskifti húsbónda og hjús, sem er 21 árs að aldri, fara eftir samningum þeirra á milli um vistarráðin. Ekki má hjúið þó afsala sjer fyrirfram neinum rjettindum samkvæmt 9. og 11.—12. gr. og afsal slíkra rjettinda síðar frá hálfu hjúsins er ógilt gagnvart framfærslusveit hjúsins, ef það fellur henni til byrði.

Nú er enginn sjerstakur vistarsamningur gerður milli aðilja, eða í vistarsamningi, þó gerður hafi verið, er ekki tekið nægilega fram hvernig vistar-

ráðum er varið og gilda þá fyrirmæli I. kafla þessara laga, enda þótt hjúið hafi náð 21 árs aldri.

III. kafli.

31. gr.

Með mál milli húsbónda og hjús út af vistarráðum skal farið sem einkalögreglumál.

32. gr.

Brot gegn 7. og 19. gr. varða sektum frá 10—200 kr., er renna í ríkissjóð. Með mál út af þeim brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

33. gr.

Nú heldur húsbóndi ólöglega fyrir hjúinu fjármunum þess og skal hann þá eftir kröfu hjúsins sæta sektum frá 10—200 kr. Mál út af þessu eiga einnig undir lögreglurjett.

34. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um vinnuhjú frá 26. jan. 1866 og 9.—14. gr. fátækralaga nr. 43, 31. maí 1927. Ennfremur er úr gildi numin 7. gr. tilsk. 5. mars 1737 og önnur lagaákvæði, sem kunna að koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi var samþykt þingsályktun (þskj. 79) í Neðri deild, þar sem var meðal annars skorað á stjórnina, að endurskoða hjúalöggjöfina, tilsk. 26. jan. 1866, og leggja málið fyrir næsta þing.

Endurskoðun þessarar löggjafar var nú reyndar framkvæmd um áramótin 1922—23 og lagði þáverandi stjórn frumvarp fyrir þingið 1923 um þetta efni (Þingskj. 3). Það varð að ágreiningsefni í Efri deild, þar sem frv. var fyrst lagt fram, hvort setja skyldi heildarlög um efnið eins og frv. var eða að eins gera smávægilegar breytingar á hjúalögunum, og fjell frv með jöfnum atkvæðum í deildinni. Sama stjórn lagði frumvarpið aftur fyrir þingið 1924 (Þskj. 9), nú í Neðri deild, og hafði gert á því óverulegar breytingar. En það fór á sömu leið og áður, frv. var felt í deildinni með litlum atkvæðamun.

Með því að stjórnin lítur svo á, að þörf sje lagasetningar um þetta efni, hefir hún viljað verða við ofangreindri þingsályktun og telur sjálfsagt að lögin sjeu heildarlög, og með því að frv. frá 1923 með breytingunum frá 1924 er í fullu samræmi við kröfur tímans og vel úr garði gert, er hjer með lagt fyrir þingið frumvarpið frá 1924 með eftirfarandi breytingum, sem sjá má við samanburð á frumvörpunum.

Um nokkrar af einstökum greinum frumvarpsins skal tekið fram það sem hjer fer á eftir:

Um 1. gr.

Ekki virðist ástæða til að láta þá vinnusamninga, eða þau vistarráð, er standa skemur en misseri, eða skildaga í milli, hníga undir lög þessi. Þar sem til er ætlast að vinna við heimilisstörf standi stutta stund, virðist ástæðulaust að láta ákvæði laganna ná til slíkra samninga.

Um 3. gr.

Með því að sumstaðar á landinu er venja að fólk komi í vetrarvist 1. vetrardag, þykir rjett að sá dagur megi vera löglegur hjúaskildagi.

Um 6. gr.

Rjett þykir að hjúið hafi nokkurn frest, til þess að koma vitneskju til húsbóndans um, af hvaða sökum það getur ekki komið. Þá verður og að álítast rjettmætt, að nokkur tími verði að líða frá skildaga til þess að húsbóndi geti verið laus við vistarráðin, þá hjú af óviðráðanlegum ástæðum ekki getur komið í vist.

Um 8. gr.

Þessi breyting er afleiðing af breytingunni við 3. gr.

Um 9. gr.

Greinilegra er að skýrt sje tekið fram, að húsbónda sje ekki heimilt að flytja sjúkt hjú í burtu, þó vistartíminn sje á enda, ef sjúkdómi hjúsins er þannig háttað, að heilsu þess geti stafað hætta af flutningnum.

Um 13. gr.

Sanngjarnt virðist, að þessi tími sje tiltekinn frá maí til október.

Um 14. gr.

Það verður að álítast ósanngjarnt að húsbóndi eigi fremur í þeim tilfellum, sem þessi málsgrein fjallar um, að bera kostnað af sjúkdómi hjúsins, heldur en undir ýmsum öðrum kringumstæðum. Enda myndu þessir sjúklingar all oftast verða fluttir á sjúkrahús. Er því lagt til að húsbónda beri ekki að greiða slíkan kostnað.

Um 16. gr.

Grein þessi er ný. Sjálfsagt verður að telja, að það sje ákveðið í lögunum, á hvern hátt húsbóndi eigi að fá greiddan þann kostnað, er hann kann að hafa af sjúkdómi hjúsins, þegar honum ber að fá hann greiddan.

Um 26. gr.

Það virðist rjettmætt að konum, sem þannig er ástatt um, sje nokkuð meiri rjettindi trygð en verið hefir hjer til, einkum sjeu þær búnar að vera all-

langa stund í vistinni. Sje um ársvist að ræða, t. d. frá vori til vors, er í raun og veru sjálfsagt að konan eigi rjett á að vera í vistinni yfir veturinn, sje hún búin að vinna yfir dýrustu sumarmánuðina hjá húsbóndanum. En sje hins vegar konu vísað úr vist af þessum sökum, má ekki minna vera, en það sje gert með nokkuð löngum fyrirvara, svo að konunni vinnist tími til að útvega sjer vist annarsstaðar.

Um 30. gr.

Að eins skýrara framtekið, að ákvæði laganna geti einnig tekið til þeirra manna, sem eru 21 árs og eldri, sje vistarsamningum í einhverju atriði áfátt.

Um 31. gr.

Sjálfsagt er að gera meðferð þessara mála milli húsbónda og hjúa, eins auðvelda og ódýra eins og hægt er.

Um 32. og 33. gr.

Það sýnist betur fara á því, að efni þessara greina sje þannig skift.

Að öðru leyti vísast til hinna ítarlegu athugasemda við frumvarpið 1923 og aths. 1924.

15. Frumvarp

til laga um smíði og rekstur strandferðaskips.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta smíða, eða kaupa, 400—500 smálesta gufuskip til strandferða. Kostnaður við kaup og rekstur skipsins greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Skipið skal útbúið 70—80 teningsmetra kælirúmi og hafa a. m. k. 40 sjómílna vökuhraða. Farþegarúm sje ætlað 40—50 manns, aðallega á 2. og 3. farrými. Að öðru leyti skal skipið lagað til siglinga á vandgæfari, minni hafnir, sem aðalstrandferðaskipið miður getur annast.

3. gr.

Heimilt er stjórninni að taka lán til skipakaupanna, eftir því sem þörf kann að verða á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er að efni til samhljóða þingmannafrumvörpum, sem borin hafa verið fram á undanförnum þingum, en ekki hafa náð fram að ganga. Munurinn sá, að hjer er um að ræða heimildarlög.

Um þörfina á nýju strandferðaskipi nægir að vísa til rökstuðnings við fyrri meðferð málsins á Alþingi, en síðan mun hún hafa komið enn skýrar í ljós. Um kostnaðinn hafa áður legið fyrir glöggar skýrslur, sem óþarfi er að endurtaka.

16. Frumvarp

til laga um búfjártryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi 1928.)

I. kafli.

Vátryggingasjóðir sveita- og bæjarfjelaga.

1. gr.

Heimilt er sveita- og bæjarfjelögum á Íslandi að stofna vátryggingarsjóði, með skylduábyrgð fyrir kýr, kynbótanaut, kynbótahesta og hrúta.

Verksvið sjóðanna og fyrirkomulag fer eftir lögum þessum og nánari ákvörðun reglugerðar.

Yfirstjórn þeirra mála, sem undir lög þessi falla, hefir atvinnumálaráðherra. Hann úrskurðar og ágreining er rísa kann út af lögum þessum, nema um dómsmál sje að ræða.

2. gr.

Vátryggingarsjóður bætir $^4/_5$ hluta alls þess skaða, er eigendur eða afnotahafar vátrygðra gripa verða fyrir, af hverskonar vanhöldum gripanna, ef ekki er um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða handvömm hlutaðeiganda, þjóna þeirra eða nánustu erfingja, að áliti virðingarmanna sjóðsins.

Til vanhalda teljast dauðsföll gripa af sjúkdómum og slysum, svo og vanheimtur og afurða- og afnotamissir sakir veikinda og eðlisgalla (t. d. ófrjósemi kynbótadýra), eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

3. gr.

Aldrei má hafa í vátryggingu eldri gripi en hjer segir: hrúta 6 vetra, kynbótanaut 12 vetra, kýr 15 vetra og stóðhesta 18 vetra.

Lambhrúta má eigi taka í vátryggingu, fyr en liðnir eru 8 dagar frá bólusetningu. Svo getur og stjórn vátryggingasjóðsins krafist þess, að vátrygðir hrútar skuli bólusettir veturgamlir og eldri, en ekki er heimilt að sjóðurinn bæti skaðann, þótt hrútur farist af bólusetningu, nema stjórn sjóðsins hafi fyrirfram viðurkent þann er bólusetur. Vátrygging á kynbótahestum nær til slysa af völnun, þó því að eins að dýralæknir, eða annar maður er stjórn sjóðsins hefir viðurkent, vani.

4. gr.

Vátryggingarskylda hvílir á öllum eigendum þeirra gripa, sem taldir eru í 1. gr., þegar samþykt hefir verið á löglegan hátt að stofna vátryggingarsjóð, sbr. 7. gr.

5. gr.

Takast má vátryggingarsjóður á hendur almenna vátryggingu sauðfjár og hrossa í þeim sveitar- og bæjarfjelögum, þar sem fóðurtrygging er í góðu lagi að áliti Búnaðarfjelags Íslands. Leita skal þó samþykkis ráðherra um þetta í hverju einstöku tilfelli og aldrei getur vátrygging náð til vanhalda á vorlömbum.

6. gr.

Hvergi má vátryggja annarsstaðar þann $^1/_5$ hluta af virðingarverði vátrygðra gripa, sem ekki er vátrygður samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Húsráðendur í sveitum, þeir er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum og eigendur vátryggingarskyldra gripa í bæjarfjelögum og kauptúnum, sem eru hreppar út af fyrir sig, geta á lögmætum fundi stofnað vátryggingarsjóð, samkvæmt lögum þessum.

Meiri hluti atkvæða allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppi, eða búfjáreiganda í bæjarfjelagi eða kauptúni sem er sjerstakur hreppur, ræður úrslitum, og hafa þeir allir jafnan atkvæðisrjett, án tillits til gripaeignar. Þó hafa formenn kynbótafjelaga sjálfstæðan atkvæðisrjett fyrir kynbótagripi fjelaga þeirra, sem þeir eru formenn fyrir.

Fundur er lögmætur í sveitum, þá er hreppsnefnd boðar hann öllum húsráðendum og formönnum kynbótafjelaga með skriflegu fundarboði, og eigi minna en tveggja vikna fyrirvara, en í bæjum, eða kauptúnahreppum er bæjarstjórn eða hreppsnefnd boðar hann öllum eigendum vátryggingarskyldra gripa, með fundarboði í blaði, auglýsingu á fjölförnum stað í bænum eða kauptúninu, eða með umburðarbrjefi, og með viku fyrirvara. Jafnan skal taka fram í fundarboðum, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Nú er samþykt á lögmætum fundi að stofna vátryggingarsjóð, eftir því sem fyr var sagt, og skal þá sveitar- eða bæjarstjórn tafarlaust tilkynna það atvinnumálaráðherra, en hann gerir svo fljótt sem verða má allar þær ráð-

stafanir, sem hann telur nauðsynlegar eða reglugerð ákveður, til þess að sjóðurinn geti tekið til starfa.

8. gr.

Sveitarsjóður í hreppum, en bæjarsjóður í bæjarfjelögum, ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er hvíla á vátryggingarsjóði, og greiðir skaðabætur, ef vátryggingarsjóður hrekkur ekki til. En vátryggingarsjóður endurgreiðir slík lán, svo fljótt sem því verður við komið. Skal þá, ef nauðsyn krefur, auka iðgjöldin svo, að skuldin verði greidd að fullu á næstu 10 árum, af aukaiðgjöldum.

9. gr.

Hreppsnefnd í hreppum en í bæjum bæjarstjórn hefir með höndum alla stjórn og umsjón vátryggingarsjóðs og setur fje hans á vöxtu á hentugum stað, með fullri tryggingu. Sama gildir um innheimtu iðgjalda til sjóðsins, svo og um skýrslugerð og reikningshald. Iðgjöld hafa sama lögtaksrjett og sveitarútsvör, og ber stjórnin ábyrgð á, að iðgjöldin komist í vátryggingarsjóð á rjettum gjalddaga.

Um endurskoðun og úrskurð reikninga sjóðsins gilda sömu reglur sem um reikninga sveitar- eða bæjarsjóðs, og skal skila reikningnum á þeim tíma, sem reglugerð ákveður.

Nú vill sveitar- eða bæjarstjórn ekki taka að sjer stjórn og umsjón vátryggingarsjóðs, eða innheimtu iðgjalda til sjóðsins, er henni þá heimilt að skipa 3 menn í nefnd, til 6 ára hvern, af búfjáreigendum sveitar- eða bæjarfjelagsins, til þess að hafa starf þetta á hendi. Þó þarf til þess samþykki atvinnumálaráðherra. Hefir stjórnarnefnd þessi þá sama rjett og skyldur gagnvart sjóðnum sem sveitar- eða bæjarstjórn.

10. gr.

Nú er vátryggingarsjóður stofnaður samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður eða lögreglustjóri nefna til virðingarmenn 2 eða fleiri fyrir sjóðinn, eftir því sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn ákveður nánar, og einn varamann fyrir hverja tvo aðalvirðingarmenn, til þess að virða gripi til vátryggingar og skaðabóta samkvæmt lögum þessum og nánari ákvæðun reglugerðar.

Verði ágreiningur milli virðingarmanna og vátryggjenda sker stjórn sjóðsins úr, en áfrýja má þeim úrskurði til atvinnumálaráðherra.

11. gr.

Allar virðingargerðir rita virðingarmenn inn í sjerstaka bók, er ráðherra lætur gera og leggur til, en stjórn sjóðsins varðveitir, og sendir hún ráðherra afrit af öllum virðingargerðum og skaðabótavirðingum á þar til gerð eyðublöð, svo oft sem ráðherra ákveður og eftir þeim reglum, sem ráðherra setur.

12. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinum vátrygðu gripum og greiðist af eigendum þeirra. Eigandi telst í þessu sambandi hver sá, er vátryggingarskylda gripi hefir undir höndum, hvort sem þeir eru eign hans eða leigugripir, eða þeir eru í hans umsjá sem formanns í fjelagi, er gripina á eða hefir á leigu.

13. gr.

Nú eru gripir, sem vátrygðir eru samkvæmt lögum þessum, veðsettir, og nær þá veðrjetturinn einnig til vátryggingarfjárins. Fyrirgeri veðsetjandi rjetti sínum til skaðabóta, hefir veðhafi eigi að síður rjett til skaðabótanna, að svo miklu leyti sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

14. gr.

Iðgjöld til vátryggingarsjóðs ákveður atvinnumálaráðherra með reglugerð eða auglýsingu, og skal þá leggja til grundvallar vanhaldaskýrslur þær, sem um getur í 15. gr., þegar þær eru fengnar, en að öðrum kosti þær bestu upplýsingar um vanhöld, sem ráðherra getur aflað sjer á annan hátt. Heimilt er ráðherra jafnan að breyta iðgjöldum, þegar honum þykir ástæða til, svo að þau sjeu í sem bestu samræmi við eðlileg eða venjuleg vanhöld, en tilkynna skal hann breytinguna eigi síðar en 3 mánuðum áður en ákveða skal iðgjöld eftir henni.

15. gr.

Til leiðbeiningar um rjettlátan og hæfilegan mælikvarða fyrir iðgjaldagreiðslum, skal atvinnumálaráðherra leggja fyrir lögreglustjóra landsins að safna skýrslum um vanhöld á búpeningi, í því formi sem ráðherrann ákveður. Skal skýrslum þessum fyrst safnað árið 1928 og uppfrá því svo lengi sem þurfa þykir, og eigi skemur en í 5 ár.

II. kafli.

Um búfjártryggingarsjóð Íslands.

16. gr.

Árið 1929 skal stofna sjóð, er nefnist Búfjártryggingarsjóður Íslands með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 15 þúsund krónum árlega í 20 ár samfleytt. Hlutverk sjóðsins er að endurtryggja vátryggingarsjóði sveita- og bæjarfjelaga, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Í Búfjártryggingarsjóði Íslands skulu allir vátryggingarsjóðir sveitar- og bæjarfjelaga, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum þessum, endurtryggja fyrir

skaða, sem verður á vátrygðum gripum, umfram áætluð venjuleg vanhöld, og skylt er að bæta, enda greiði vátryggingarsjóðirnir 1/5 hluta af iðgjöldum sínum í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

Atvinnumálaráðherra ákveður hvað teljast skuli venjuleg vanhöld, sbr. 14. og 15. gr. Hann ákveður og í reglugerð gjalddaga endurtryggingariðgjalda og um greiðslu skaðabóta úr Búfjártryggingarsjóði, svo og um önnur viðskifti hans við vátryggingarsjóðina.

18. gr.

Atvinnumálaráðherra annast stofnun, stjórn og framkvæmdir Búfjártryggingarsjóðs Íslands og lætur ávaxta fje hans á tryggilegan hátt. Þegar honum þykir nauðsyn bera til, getur hann falið einum manni eða fleirum stjórn sjóðsins á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, er hann ákveður.

Búfjártryggingarsjóður Íslands skal árlega leggja 5—10% af endurtryggingargjaldi hvers vátryggingarsjóðs sveitar- og bæjarfjelaga — undir nafni hans sem vaxtaeiganda — inn í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, með þeim skilmálum, að helmingur vaxta leggist jafnan við höfuðstól, en hálfir vextir greiðist Búfjártryggingarsjóði Íslands upp í aukagjöld hvers vátryggingarsjóðs, samkv. 19. gr., þegar ekki verður hjá þeim komist, en ella leggist allir vextir við höfuðstól.

19. gr.

Nú verða vanhöld svo mikil á vátrygðum gripum, sem endurtrygðir eru í sjóði þessum, að hann hrekkur eigi til endurtryggingar, og skal þá ríkissjóður lána vaxtalaust það sem á skortir, og endurborgast það eftir því sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiru en 25 þúsund krónum, skal leggja á alla vátryggingarsjóði sveitar- og bæjarfjelaga aukagjöld, í rjettu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins, sem um fram er 25 þúsund krónur, greiðist ríkissjóði að fullu á eigi lengri tíma en 10 árum.

20. gr.

Nú er atvinnumálaráðherra færðar líkur fyrir því, að of há sje vátryggingarvirðing á gripum í einu eða fleiri vátryggingarfjelögum, sem stofnuð eru samkvæmt lögum þessum, og er honum þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðingu í þeim fjelögum. Lækki þá virðing til jafnaðar, greiðist kostnaður við endurvirðingu úr hlutaðeigandi vátryggingarsjóði, en að öðrum kosti greiðist kostnaðurinn úr Búfjártryggingarsjóði Íslands.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

21. gr.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um nánara fyrirkomulag á tryggingarsjóðum sveitar- og bæjarfjelaga og á Búfjártryggingarsjóði Íslands. Skal þar meðal annars segja fyrir um flokkun vátrygðra gripa eftir vanhaldahættu og ákveða upphæð iðgjalda fyrir hvern flokk, og skulu þau vera $^1/_5$ hluta hærri en áætluð venjuleg vanhöld. Reglugerð þessa og tilkynningar um breytingar á iðgjöldum sbr. 14., 15., 17. og 19. gr., skal senda öllum sveitar- og bæjarfjelögum á landinu.

22. gr.

Í reglugerðinni skal gefa leiðbeiningar um hverjug meta skal skaða af vanhöldum, og ákveða nánar hvað telst til vanhalda, sem skylt er að bæta. Eru reglur þær og leiðbeiningar bindandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur atvinnumálaráðherra prenta eyðublöð fyrir vátryggingarskírteini handa öllum vátryggjendum og sjeu þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, sem einkum varða hvern vátryggjanda.

Ábyrgð vátryggingarsjóðs byrjar, þá er vátryggjandi hefir í hendur fengið vátryggingarskírteini, eða greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi. Enn fremur lætur ráðherra prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir vátryggingarsjóðina og Búfjártryggingarsjóð Íslands, svo og fyrir vanhaldaskýrslur lögreglustjóranna.

23. gr.

Gerðabækur og vátryggingarbækur fyrir vátryggingarsjóði og Búfjártryggingarsjóð Íslands lætur ráðherrann tilbúa og fá vátryggingarsjóðirnir þær ókeypis. Bækurnar eru eign ríkisins og skulu sendar Landskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru, og nýjar bækur komnar í stað hinnar eldri, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar ákveður.

Vanskil á bókum varða sektum alt að 100 krónum, er renna í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

24. gr.

Vanhaldaskýrslur skal prenta á kostnað ríkissjóðs, en aðrar skýrslur, skírteini og bækur á kostnað Búfjártryggingarsjóðs Íslands.

25. gr.

Brot vátryggjanda og vanræksla á ákvæðum laga þessara og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða rjettindamissi til skaðabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Svo má og í reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar 5—200 kr, er renna í sjóð þann, er brotið er við.

26. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Langt er síðan mönnum varð það ljóst, að búfjárrækt væri áhættumikil borin saman við tekjur þær, sem hún gefur í meðalári. Hafa hætturnar aðallega verið með tvennu móti: fóðurskortur og hætta af slysum og sjúkdómum. Einkum hefir þótt mikið við liggja að tryggja fyrir fóðurskorti, því gömul reynsla segir, að vel fóðrað búfje sje alla jafna vanhaldalítið. Undanfarin ár hefir nokkuð verið að því unnið að tryggja búfje fyrir fóðurskorti, bæði með löggjöf og frjálsum fjelagsskap, og hefir nokkuð orðið ágengt, þó sú trygging hafi óvíða orðið svo örugg sem skyldi. Fóðurtryggingunni er þó svo langt komið, að ósennilegt er að verðmætustu gripir búanna, svo sem kýr og kynbótagripir þeir, sem verðmætastir eru, falli fyrir fóðurskort. Aftur á móti eru þessir gripir svo verðmætir, að meðal bónda, hvað þá minni, er tilfinnanlegt, þó hann missi ekki nema einn slíkan grip, t. d. kú eða valinn hrút. Ennfremur er það reynt, að með vaxandi ræktun gripanna verða þeir fínbygðari og því hættara við ýmsum kvillum. Vex því nauðsyn bænda ár frá ári að geta vátrygt gripi sína. Loks er að nefna þá verðhækkun, sem orðið hefir á kynbótagripum síðustu árin. Kynbótahrútar seljast nú alt að 200 kr. og stóðhestar alt að 1000 kr., þó er sennilegt að verð þessara gripa hækki til muna á næstu árum, jafnframt því sem mönnum skilst til hlítar, að þeir gripir sjeu »metfje«, eins og þeir eru nefndir í Búalögum. Fátækir menn hafa því ekki efni á að kaupa kynbótagripi, nema þeir um leið geti vátrygt þá,

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að vátryggja megi alt búfje í þeim sveitum, sem hafa trygt sig gegn voða af fóðurskorti. Þó virðist ekki hægt fyrir vátryggingarsjóði, eins og enn standa sakir, að tryggja unglömb, því vanhaldahætta þeirra er mjög misjöfn í sveitunum, og víða þar sem fjörubeit er notuð mikið, er áhættan með lömbin svo mikil, og mörg vafaatriðin um handvömm, að ekki getur komið til mála að vátryggja þau. Þá fyrst, þegar fundnar eru ástæðurnar fyrir landlægum vanhöldum á lömbum á hverjum stað, er hægt að ráða bót á þeim, og þegar vanhöldin eru komin niður í meðallag þeirra sveita, sem ekki liggja undir sjerstökum vanhöldum á þeim, vegna bættrar meðferðar, er tími kominn til að vátryggja þau. Aftur á móti virðist mega tryggja þau strax fyrir vanheimtum að haustinu.

Með almennum búfjártryggingum verður búfjeð veðhæft. Er það bændum mikið hagræði, þar sem um lánsþörf er að ræða, því bæði eru veðlán ódýrari en önnur lán, og að öllu leyti heilbrigðara, að bændur geti fengið lán út á eignir sínar, án annara hjálpar, heldur en að þurfa í hvert sinn að fá ábyrgðarmann, þó um smálán sje að ræða.

Um fyrirkomulag búfjártryggingganna gat verið um ýmsar leiðir að ræða.

Í þessu frumvarpi er stungið upp á þeirri tilhögun, að gefa heimild til að stofna vátryggingarsjóð í hverju sveitar- og bæjarfjelagi, og að ríkissjóður stofni jafnframt endurtryggingarsjóð, er nefnist Búfjártryggingarsjóður Íslands, með árlegu tillagi næstu 20 árin, eigi minna en 15 þús. kr. á ári, en auk þess fái hann 1/5 hluta allra iðgjalda hinna einstöku vátryggingarsjóða, gegn því að bæta þeim þann skaða, er þeir hljóta af vanhöldum um fram meðallag. Þykir þetta nauðsynlegt, til tryggingar, því þegar svo vill til, að óvanalega mikil vanhöld eru í einstakri sveit, gæti hlutaðeigandi vátryggingarsjóði orðið um megn að standa straum af tryggingunum nema þá að íþyngja búfjáreigendum tilfinnanlega. Aftur er ósennilegt, að endurtryggingarsjóðurinn verði oft fyrir stórum útborgunum, því fágætt er að óáran og heilsuleysi búfjár nái yfir mikinn hluta landsins í senn.

Til mála gat komið að stofna aðeins einn búfjártryggingarsjóð fyrir alt landið, þar sem hægt væri að tryggja búfje beinlínis. Ekki þótti þó fært að leggja það til, því líklegt er að starfræksla slíks sjóðs hefði orðið tilfinnanlega dýr og stjórnendur hans oft hlotið að bresta nægilegan kunnugleika í einstökum sveitum, hvað þá heimilum.

Í frv. er gert ráð fyrir, að gefin verði út reglugerð, sem segi nánar fyrir um tilhögun tryggginganna, svo og að ákveðið verði um iðgjaldahæðina, eftir því sem reynslan sýnir hæfilegt.

Um einstakar greinar frumvarpsins og málið í heild sinni nægir að öðru leyti að vísa til Búnaðarþingtíðinda 1925 og 1927, og ritgerðar um búfjártryggingar, sem prentuð er í 40. árg. Búnaðarritsins, ásamt uppkasti að reglum fyrir búfjártryggingarfjelög í sveitum og uppkasti að frumvarpi fyrir Búfjártryggingarsjóð Íslands.

17. Frumvarp

til laga um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Bannað er öllum að flytja til landsins lifandi spendýr og fugla. Þó getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá banni þessu, enda setji þá reglur í hvert sinn, í samráði við ráðunaut sinn í þessum efnum, er öruggar sjeu til varnar því, að alidýrasjúkdómar flytjist hingað með dýrum þeim, er innflutningur verður leyfður á.

2. gr.

Frá löndum þeim og landshlutum, þar sem gin- og klaufaveiki eða aðrir hættulegir alidýrasjúkdómar ganga, eða eru orðnir landlægir, er bann-

aður allur innflutningur á heyi, hálmi, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk, smjöri, ostum, eggjum og þureggjum, hverskonar fóðurvörum frá mjólkurbúum, notuðum fóðurmjölssekkjum, og tuskum allskonar.

Frá sömu löndum og landshlutum er og bannaður innflutningur á ull. Þó getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu fyrir ull til verksmiðjuiðju, enda sje hún sótthreinsuð utan lands eða innan undir öruggu eftirliti.

Frá sömu löndum og landshlutum er enn fremur bannaður innflutningur á notuðum fatnaði, fiðri, fjöðrum og dúni, stráteppum, körfum úr strái, dýrahári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem burstavörum allskonar, penslum, kústum og hrosshársborðum. Innflutningsbann á vörum þessum kemur þó ekki til framkvæmda, ef vörurnar hafa verið sótthreinsaðar áður en þær voru fluttar á skip og fylgi vottorð um það farmskránni að sótthreinsun hafi farið fram og að vörurnar hafi ekki smitast, frá því sótthreinsunin fór fram þar til þær voru fluttar á skip. Þó er atvinnumálaráðuneytinu heimilt að fyrirskipa sótthreinsun á tjeðum vörum, er þær koma hingað til lands, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að banna einnig, með auglýsingu, innflutning frá sömu löndum og landshlutum, sem ræðir um í 2. gr., á öðrum þeim vörum, sem hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.

4. gr.

Hver sá maður, sem kemur hingað til lands frá útlöndum, skal á fyrstu höfn, sem skipið kemur á, áður en hann stígur af skipsfjöl, gefa lögreglustjóra eða sóttvarnarlækni yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi á síðustu þrem mánuðum áður en hann lagði af stað frá útlöndum, dvalið eða verið á ferð í sveit, þar sem gin- og klaufaveiki, eða aðrir hættulegir og næmir alidýrasjúkdómar hafa gengið síðastliðið ár.

Hafi farþeginn dvalið eða verið á ferð í slíku hjeraði á síðustu þrem mánuðum, skal hann tafarlaust einangraður, þar til hann og farangur hans hafa verið tryggilega sótthreinsaðir.

Ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, getur atvinnumálaráðherra fyrirskipað sótthreinsun á farþeganum og farangri hans, ef vegabrjef hans sannar ekki, að hann hafi dvalið síðustu þrjá mánuði þar sem engin smitunarhætta var.

5. gr.

Öll þau dýr, sem um getur í 1. gr. og eru með skipum þeim sem koma til landsins, t. d. eign skipverja eða farþega, skulu tryggilega einangruð, eftir fyrirmælum hlutaðeigandi lögreglustjóra eða sóttvarnalæknis, meðan skipið er hjer við land. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra bannað, með auglýsingu, skipum þeim er sigla hingað til lands, að hafa meðferðis nokkur þau dýr, er ræðir um í 1. gr.

6. gr.

Brot gegn 1., 2. og 5. gr., svo og auglýsingum, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út samkv. 3. og 5. gr. varða sektum frá 100—10000 krónum fyrir skipstjóra þann, sem dýrin eða bannvörurnar flutti inn, og jafn háum sektum fyrir eigandann, og skulu dýrin eða bannvaran gerð upptæk, dýrunum lógað en bannvaran ónýtt að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft í skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borga allan kostnað er af því leiðir. Enn fremur bæti eigandinn allan skaða, er af þeim dýrum eða þeirri vöru hlýtst, er hann flutti inn án leyfis, eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins.

Brot gegn 4. gr. varða 100 - 10000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sá sem brotlegur verður skal auk þess bæta alt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Berist gin- og klaufaveiki til landsins eða annar hættulegur og næmur alidýrasjúkdómur, hefir atvinnumálaráðuneytið heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir er það telur nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu veikinnar.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 15. júní 1926 um innflutningsbann á dýrum o. fl.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það er auðsætt, hve miklir hagsmunir það eru fyrir landbúnaðinn, að íslensku húsdýrin hafa enn ekki fengið marga þá sjúkdóma. sem erfiðastir hafa reynst nágrannaþjóðum vorum, og skal sjerstaklega bent á tvo, gin- og klaufaveikina og hundaæðið.

Nú er svo komið fyrir nágrannaþjóðum vorum, að þær verða árlega að kosta of fjár til að halda sjúkdómum þessum í skefjum, og þó er sá skaðinn ótalinn sem stærstur er, en það eru margháttuð verslunarhöft, sem af þessu leiða.

Þessa sjerstöðu vora er nauðsynlegt að varðveita, meðan þess er nokkur kostur, enda þótt það valdi nokkurri fyrirhöfn og árlegum fjárútlátum, því með því eru varðveittir framleiðslumöguleikar hálfrar þjóðarinnar og reynt að tryggja óhindraða verslun með íslenskar búfjárafurðir á erlendum mörkuðum.

Íslendingar standa mjög höllum fæti fyrir hættulegum búfjársjúkdómi ef

hann bærist hingað. Hjer er hörð veðrátta, langur gjafatími, óhentugt fóður handa sjúkum dýrum, þar sem oft yrði að nota þurt hey, í staðinn fyrir mjöl eða grænfóður, sem er það eina, sem þannig veikar skepnur geta nærst á; samganga búfjárins á sumrin, strjálbýli sveitanna, sem veldur erfiðleikum að einangra með lögregluvaldi og loks dýralæknafæð landsins.

Afleiðingin af þessum ástæðum er sú, að bærist gin- og klaufaveikin hingað fyrri hluta vetrar, hlyti hún að stráfrepa búfjeð á þeim svæðum, sem hún næði að herja, en eftir næsta sumar væri ekkert hjerað landsins óhult fyrir henni. Líkt er að segja um hundaæðið. Meðgöngutíminn, áður en veikin brýtst út, er margir mánuðir, jafnvel heil ár. Myndi hún því geta læðst um landið án þess að vart yrði við, svo að þegar hún brytist loks út, væri ekki hægt að bæla hana niður.

Til þessa hafa Íslendingar verið lausir við þessa skæðu sjúkdóma í alidýrum vegna einangrunar sýkingarsvæðanna erlendis, en nokkru hefir hepni þó hlotið að ráða, fyrst hvergi hefir hepnast að útrýma þeim, þar sem þeir hafa einu sinni komið, og þeir halda áfram að leggja undir sig ný og ný svæði. Eftir því sem samgöngur vorar og viðskifti við útlönd vaxa, hlýtur sýkingarhættan að vaxa að sama skapi. Er þess ljóst dæmi af Noregi síðastliðinn vetur. Væri því óvarlegt mjög að treysta eingöngu á löggjöf annara þjóða og hepni okkar til að verjast þessum vágesti, er flestu öðru mundi verri fyrir íslenskan landbúnað.

Að þessu athuguðu hefir þótt rjett að leggja frumvarp þetta fyrir Alþingi. Hefur frumvarp það, er lá fyrir síðasta Alþingi um þetta efni, verið lagt til grundvallar við samningu frumvarpsins, og einnig hefir verið stuðst við löggjöf Norðurlanda í þessum efnum.

Út af einstökum greinum frumvarpsins þykir rjett að taka fram það sem hjer fer á eftir.

Við 1. gr.

Það verður að álítast afar áríðandi að banna innflutning á húsdýrum með öllu. Er sjálfsagt að undanþága sje ekki veitt frá því, nema ítrustu varúðar sje gætt, um að einangra þau svo lengi, að sýkingarhætta af þeim sje algerlega útilokuð. Er hjer ekki gengið lengra en nágrannaþjóðir vorar gera.

Við 2. gr.

Það kann að þykja aðgangshart að banna innflutning á sumum þeim vörum, sem nefndar eru í þessari grein, svo sem smjöri, ostum, eggjum. Má og telja það óhagræði fyrir þá, sem ekki framleiða þessar vörur. En hins vegar fylgir vörutegundum þessum það mikil hætta, að dómi dýralækna vorra, að óforsvaranlegt er að leyfa óhindraðan innflutning. Skal í þessu sambandi bent á það, að þó mjólkin, sem smjörið er unnið úr, sje gerilsneydd og ostarnir soðnir, þá kemur mjólkin ógerilsneydd til mjólkurbúanna, og sömu mennirnir — og í sömu fötunum — sem handfjatla mjólkina ógerilsneydda, þegar hún kemur frá heimilunum, fara líka með vörurnar eftir að búið er að vinna mjólkina, en mjólk kemur oft til mjólkurbúanna, eftir að skepnan hefir veikst á hlutaðeigandi heimili, en áður en veikin þektist. Egg er sú vara, sem ekki er hægt að

sótthreinsa nema með suðu, ef að eins eru taldar þær leiðir, sem kleifar eru kostnaðar vegna.

Við 3. gr.

Virðist ekki þurfa skýringar við.

Við 4. gr.

Augljóst er að strangleika verður að gæta með innflutning á mönnum, því t. d. gin- og klaufaveikin er sannanlega mjög næm, og sýkiefni veikinnar er talið að geti lifað mjög langan tíma utan þeirra einstaklinga, sem hún sýkir.

Við 5. gr.

Sama hætta getur stafað af dýrum þeim, sem kunna að vera með skipum er sigla hjer við land, eins og af innfluttum dýrum. Er því rjett að gæta hinnar mestu varúðar, einnig að þessu leyti.

Við 6. gr.

Mjög mikið er í húfi ef þrjóskast er gegn fyrirmælum laganna. Virðist því sjálfsagt að dýr þau og vörur, sem flutt eru inn í heimildarleysi sje gerð upptæk og dýrunum lógað en vörurnar ónýttar, einnig að allháar sektir liggi við brotum gegn lögunum og virðast sektir þær er ákveðnar eru í greininni hæfilega settar.

Við 7. gr.

Bæri sú óhamingja að höndum, að gin og klaufaveikin bærist til landsins, er auðvitað afaráríðandi að alt sje gert sem að haldi má koma, til að hefta útbreiðslu veikinnar. Er því nauðsynlegt að gefa atvinnumálaráðuneytinu víðtækt vald til varnarráðstafana.

Við 8. og 9. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

18. Frumvarp

til laga um dýralækna.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Dýralæknar skulu vera tveir. Annar í suður- og vesturamti og hafa aðsetur í Reykjavík, hinn í norður- og austuramti og hafa aðsetur á Akureyri. Laun dýralækna skulu ákveðin í launalögum.

2. gr

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr ríkissjóði 5 krónur í fæðispeninga, fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirmælum 4. gr. í lögum 2. febr. 1894 um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o, fl.

3. gr.

Þá er dýralæknir ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararbeina og fæði, eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum 2. gr. þessara laga.

4. gr.

Stjórnarráðið setur dýralæknum erindisbrjef og ákveður í því starfsvið þeirra.

Lög nr. 61, 3. nóv. 1915 um dýralækna eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi 1925 samþykti Neðri deild »að skora á landsstjórnina að veita ekki þau embætti og sýslanir, sem losna og hún telur unt að komast af án, fyr en Alþingi hefir gefist kostur á að láta í ljós álit sitt um niðurlagning þeirra eða sameining við annað embætti eða sýslan«.

Á síðastliðnu hausti losnaði dýralæknisembættið í Reykjavík, en stjórnin hefir ekki veitt embættið, þareð hún álítur að það orki tvímælis að dýralæknaembættin hafi komið að þeim notum sem gert er ráð fyrir er þau voru stofnuð.

Telur stjórnin að fært sje að komast af með tvo dýralækna, í bili að minsta kosti, en leggur hinsvegar áherslu á að í þess stað sjeu framkvæmdar vísindalegar rannsóknir og tilraunir um ráð gegn þeim búfjársjúkdómum sem nú valda mestu tjóni hjer á landi og leggur fyrir þingið sjerstaka tillögu um það.

19. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

Eftirskráðar breytingar skulu gerðar á þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar: 18. gr., 19. gr., 26. gr., 27. gr., 28. gr., 29. gr., 30. gr., 31. gr., 38. gr. og ákvæðum um stundarsakir.

1. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 18. gr. komi: annaðhvert ár. — Aftan við greinina komi tvær nýjar málsgreiuir, svo hljóðandi:

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Það þing má ekki sitja lengur en 4 vikur án samþykkis konungs.

Með lögum má ákveða, að reglulegt Alþingi skuli háð árlega.

2. gr.

Í stað orðanna »á ári« í niðurlagi 19. gr. komi: fundum sama þings.

3. gr.

Í stað »40« í fyrstu málsgr. 26. gr. komi: 42.
Í stað »26« í annari málsgr. sömu gr. komi: 28.
Í stað »34« í þriðju málsgr. sömu gr. komi: 36.

4. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:
Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

5. gr.

28. grein stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt og þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum. Sama er og ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.

6. gr.

Síðustu málsgr. 29. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 30 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningarnar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

7. gr.

Í stað tölunnar »35« í 30. gr. stjórnarskrárinnar skal koma: 30.

8. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 31. gr. skal koma: annaðhvert ár.

9. gr.

Í stað orðsins »fjárhagsár« í 38. gr. komi: fjárhagstímabil.

10. gr.

Stjórnarskipunarlög þessi öðlast þegar gildi, er konungur hefir staðfest þau.

11. gr.

Í stað 2. ákvæðis um stundarsakir komi:

2. Umboð landskjörinna þingmanna og varamanna falla niður við næstu almennar alþingiskosningar eftir 9. júlí 1930.

12. gr.

Á eftir 3. ákvæði um stundarsakir komi ný málsgr., svo hljóðandi:

4. Ef stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi meðan Alþingi 1928 á setu, má á því þingi setja fjárlög fyrir bæði árin 1929 og 1930, enda þótt frumv. til þeirra hafi ekki verið lagt fyrir það í þingbyrjun.

Þannig samþykt á Alþingi 1927.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 76. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Íslands er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi að nýju, óbreytt.

20. Frumvarp

til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

I. kafli.

Svið laganna.

1. gr.

Undir lög þessi falla verksmiðjur, verkstæði og vinnustöðvar, þar sem nokkrir menn vinna saman að jafnaði og talið verður, sbr. 3. gr., að lög þessi eigi að taka til, svo og eimkatlar og vjelar, sbr. III. kafla laganna.

2. gr.

Sjerhver, sem fyrir eigin eða annara reikning stjórnar fyrirtæki, sem um ræðir í 1. gr., eða iðju, sem rekin er með vjelum knúðum eimi, vatni,

vindi, olíu, rafmagni eða annarskonar orkugjafa, skal tilkynna skoðunarmanni fyrirtæki þetta, tegund þess, orkugjafa og stærð, tölu verkamanna, aldur þeirra og kyn, og láta í tje þær skýrslur, er sýna hvernig fyrirtækinu er háttað. Þau fyrirtæki sem til eru þegar lög þessi ganga í gildi, skal tilkynna innan 30 daga frá þeim tíma.

Nú rekur ríkið, sýslu- eða sveitarfjelag fyrirtæki, sem fellur undir lög þessi og getur þá atvinnumálaráðherra úrskurðað slíkt fyrirtæki undanþegið eftirliti skoðunarmanns, ef trygging er fyrir því, að fylgt sje öllum heilbrigðis- og öryggisráðstöfunum, sem lög þessi greina.

3. gr.

Skoðunarmaður tilkynnir stjórnanda fyrirtækis, með rökstuddum úrskurði, hvort það fellur að öllu eða nokkru leyti undir lög þessi. Nú vill hann ekki una þessum úrskurði og má hann þá innan 30 daga skjóta honum til atvinnumálaráðherra, er leggur á málið fullnaðarúrskurð.

Skoðunarmaður og stjórnandi fyrirtækis geta, hvor fyrir sig, hvenær sem er síðar, krafist úrskurðar atvinnumálaráðherra um, hvort fyrirtæki skuli falla undir lögin eða verða undanþegið þeim.

II. kafli.

Tilhögun á vinnustöðum.

4. gr.

Sjerhver, sem ætlar að reisa eða reka verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, getur krafist umsagnar skoðunarmanns um hvort hið fyrirhugaða skipulag komi í bága við lög þessi eða reglugjörðir settar samkvæmt þeim. Í þessu skyni skal hann láta í tje sundurliðaða greinargjörð með nægilegum uppdráttum yfir allt fyrirkomulag vjela og húsakynna, eftir því sem skoðunarmaður kann að krefjast.

Nú vill hlutaðeigandi ekki una úrskurði skoðunarmanns og getur hann þá krafist yfirskoðunar og fer um hana eins og segir í 20. gr.

5. gr.

Verksmiðjum, verkstæðum og vinnustöðvum, sem lög þessi taka til, skal haga þannig, að líf, heilsa og limir verkamanna við vinnu og dvöl á vinnustaðnum, sje tilhlýðilega verndað. Stigar skulu traustir og greiðir og útgöngudyr tálmalausar.

6. gr.

Vinnustofur í verksmiðjum og verkstæðum, sem gerð eru eftir að lög þessi ganga í gildi, mega ekki lægri vera undir loft en 2,5 m. Atvinnumálaráðherra ákveður hvort þessi regla skuli einnig gilda um verksmiðjur og verkstæði sem áður eru reist.

Við vinnu skal hver verkamaður hafa 8 rúmmetra loftrúm hið minsta.

Loftrásir, vjelknúðar ef nauðsyn krefur, til þess að veita inn hreinu lofti, skulu vera í öllum vinnustofum.

Stór suðu- eða bræðsluílát, svo og ílát með hættulegum efnum, skulu girt eða varin, svo að verkamenn falli eða gangi ekki ofan í þau.

Vinnustofur og aðrar vistarverur verkamanna skulu vera þannig, að auðvelt sje að gæta hreinlætis, reglusemi og hollustuhátta.

7. gr.

Við vinnu í vinnustofum skal birta vera nægileg og tryggilega búið um lýsingartæki. Í lokuðum vinnustofum skal upphitun vera nægileg og fara eftir því hver vinna er stunduð.

8. gr.

Verkamenn skulu eiga kost á að neyta matar sins undir þaki. Þar sem hollustuhættir krefjast, að ekki sje matast í vinnustofunni, skal verkamönnum fengið annað húsrúm til afnota um máltíðir.

9. gr.

Um tilhögun, starfsháttu og önnur atriði, sem greinir í þessum kafla, setur atvinnumálaráðherra nánari fyrirmæli í reglugerð eða reglugerðum fyrir hvert einstakt fyrirtæki eða flokk fyrirtækja.

Nú lúta ákvæði reglugerðar að hibýlaskipun, og ber þá að taka tillit til hversu hana megi framkvæma, án þess að íþyngja um of fyrirtæki, sem rekið er þegar lög þessi öðlast gildi.

Við samning reglugerðar ber að leita álits hlutaðeigandi vinnuveitanda og verkamanna eða atvinnufjelagsskapar hvors um sig.

III. kafli.

Um eimkatla og vjelar á landi.

a. Örggi.

10. gr.

Ákvæði þessa kafla ná til eimkatla á landi og allra vjela, ef notkun þeirra getur orsakað hættu á lífi, limum og heilbrigði þess, er gætir þeirra eða sem er í nánd við þær, nema sjálfskaparvíti sje. Til vjela teljast, aflvjelar knúðar eimi, vatni, vindi, gasi, steinoliu, bensíni, rafmagni eða öðrum orkugjafa, og vjelar sem settar eru í hreyfingu af aflvjel, þar með talinn búnaður allur, svo sem hjól, reimar og eimrásir, og þess háttar, til að flytja orku frá einni vjel til annarar, eða einum vjelarhluta til annars.

Eimketill er hvert það ílát eða pípukerfi þar sem vökvi er hitaður í það mikið, að eimþrýstingur hans sje meiri en þrýstingur andrúmsloftsins.

11. gr.

Sjerhver vjel og eimketill, allur búnaður þeirra og undirstöður, skal vera fulltraust.

Girðingar og hlífar skulu settar um hjól, ása, reimar og alla ganglimi, er mönnum stafar hætta af að nálgast. Lok eða ristar skulu settar yfir brunna, grópir í gólf, þrær og því um líkt. Girðingar skulu vera um palla og stiga.

Vjelar skulu þannig settar og katlar, að nægilegt sje gangrúm og vinnurúm umhverfis. Verði ekki nægilegu gangrúmi viðkomið skal þar vera girt.

Rafmagnslagnir skulu gerðar samkvæmt reglugerðum, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 7, 15. júní 1926 um raforkuvirki.

Þar sem síðar er talað í lögum þessum um eimkatla og vjelar er einnig átt við búnað allan og eimrásir.

12. gr.

Þannig skal um vjelar búið, að þær verði ræstar hættulaust fyrir alla, sem við þær starfa.

Nú eru fleiri vjelar knúðar orku frá einni aflstöð og skal þá búa svo um, að stöðva megi hverja vjel um sig þótt aflstöðin vinni.

Þar sem þarf að smyrja, hreinsa og líta eftir vjel á meðan hún starfar, skal búa svo um, að það verði gert án hættu.

Gæta skal þess, að gólf, þrep eða pallar í námunda við vjelar og katla, þar sem unnið er eða gengið um, verði ekki hált vegna olíu eða annars.

Birta skal vera svo góð í vjelarúmi, sem menn vinna í, að allir hreyfilegir hlutar vjelarinnar, sem hætta getur stafað af, sjáist greinilega.

13. gr.

Heimilt skal atvinnumálaráðherra að gera vægari kröfur en lög þessi annars ákveða til eimkatla með lágþrýsting og eimkatla úr sjerstöku efni eða af sjerstakri gerð, svo fremi ákvæðum laga þessara verður ekki viðkomið án mikilla vandkvæða eða kostnaðar, en þó skal þess gætt, að öryggi þeirra sje jafnan fulltrygt.

14. gr.

Grafvjelar, fallhamrar og eimkatlar þeirra og aðrar slíkar vjelar á floti, sem ekki heyra undir ákvæði laga nr. 37, 1922 um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, heyra undir ákvæði þessara laga.

b. Gæsla.

15. gr.

Sá einn hefir rjett til gæslu eimkatla, sem hefir vjelstjóranpróf eða leggur fram vottorð frá nefnd þriggja manna, sem atvinnumálaráðherra til þess skipar, að hann hafi næga þekkingu á gæslu eimkatla og notkun heitvatnstækja, enda sje hann 18 ára og reglusamur.

Krefjast skal hins sama af þeim, sem gæta skal aflvjela, ef ráðherra að fengnum tillögum skoðunarmanns, telur þess þörf.

16. gr.

Sá, sem hefir gæslu eimketils á hendi, má ekki, meðan eldur er undir katlinum, vera utan þess herbergis, sem ketillinn er í, þannig að það hindri hann frá gæslu ketilsins að staðaldri.

17. gr.

Hvert fyrirtæki, sem notar vjel, sbr. 10. gr., eða eimketil, skal hafa eftirlitsbók, gegnumdregna, tölusetta og löggilta af lögreglustjóra.

Í bókina skal rita greinilega og skipulega og blað má ekki rífa úr henni og eigi afmá eða gera ólæsilegt það, sem skrifað hefir verið. Ef leiðrjetta þarf, skal það gert í athugasemd.

Í bók þessa skal rita hve margar klukkustundir ketill hefir verið notaður milli hreinsana, hvenær hreinsaður, skoðaður eða við hann gert, ennfremur um galla, sem fram kunna að koma við notkun hans, svo og hafi hann ekki verið notaður um skemri eða lengri tíma.

Að lokinni aðal- eða aukaskoðun á eimkatli eða vjel, skal um árangur skoðunarinnar rita í eftirlitsbókina ásamt athugasemd um hirðingu ketilsins eða vjelarinnar og fyrirskipanir skoðunarmanns um viðgerðir þær og endurbætur, sem hann telur nauðsynlegar og skal hann jafnframt kveða á um frest til að koma þessu í lag, og undirskrifa gerðina.

c. Skoðun.

18. gr.

A. Um skoðun á katli skal beðið, sbr. 2. gr.:
a) Áður en hann nýsmíðaður er tekinn til notkunar.
b) Eftir aðalviðgerð, og
c) eftir flutning, þó eru farandkatlar undanskildir.

Hver sem verður eigandi að farandkatli, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það skoðunarmanni. Eiganda ber og að tilkynna hvar ketillinn sje, þegar skoðunarmaður æskir þess.

Hafi hliðar eimketils við notkun, vegna vatnsleysis eða af öðrum ástæðum, orðið fyrir verulegri aflögun eða glóhitun, skal eigandi eða notandi hans þegar í stað tilkynna það skoðunarmanni, og má þá ekki nota ketilinn fyr en skoðun hefir farið fram og fengið er leyfi til þess.

Aðalskoðun á katli fer fram:
1) Í þeim tilvikum, sem getið er undir stafl. a—c, og
2) fjórða hvert ár miðað við síðustu aðalskoðun.

Við aðalskoðun skal ketillinn vandlega skoðaður utan og innan, og þess gætt að ákvæðum 11. gr. um smíði og búnað sje fullnægt og skal hann þrýstireyndur æski skoðunarmaður þess.

Aukaskoðun skal fara fram milli aðalskoðana svo oft sem ástæða þykir til.

B. Skoðun á vjelum skal fara fram áður en þær nýsmíðaðar eru teknar til notkunar, en að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra reglur eftir því sem þurfa þykir.

19. gr.

Eiganda eða notanda eimketils eða vjelar er skylt að láta skoðunarmanni í tje alla nauðsynlega aðstoð við skoðunina.

Nú sannast við skoðun eimketils, að sjerstök hætta stafi af notkun hans framvegis, og getur þá skoðunarmaður bannað hana þar til yfirskoðun hefir farið fram, er votti að ketillinn sje fulltryggur til notkunar. Ákvæði þessi gilda og um vjelar. Hjer umrætt bann má vera munnlegt, en innan þriggja daga skal það staðfest og rökstutt skriflega.

Nú verður gæslumaður áskynja, að galli sje á eimkatli eða vjel, og er honum þá skylt að tilkynna eiganda eða notanda og verði ekki úr gallanum bætt tilkynna það skoðunarmanni við næstu skoðun.

20. gr.

Eigandi eða notandi eimketils eða vjelar getur krafist yfirskoðunar á þeim. Yfirskoðun framkvæma 3 sjerfróðir menn, sem til þess eru skipaðir af lögreglustjóra.

Yfirskoðunarmenn skulu láta lögreglustjóra í tje skýrslu um skoðunina. Staðfesti yfirskoðunarmenn ekki hina fyrri skoðun í öllum greinum, skulu þeir skýra frá hver atriði hennar þeir fallast á, og hverjum þeir breyta.

Verði ágreiningur milli yfirskoðunarmanna, ræður afl atkvæða. Úrskurður yfirskoðunarmanna er fullnaðarúrskurður.

21. gr.

Skoðunarmönnum skal frjáls aðgangur að öllum rúmum, þar sem vjelar, eimkatlar og annað þeim tilheyrandi er, eða rúmum, sem eimi er veitt í.

Það er skylda skoðunarmanna að sjá um, að skoðanir þær, sem umgetur í 18. gr., sjeu framkvæmdar svo fljótt sem verða má.

22. gr.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um smíði og búnað eimkatla og vjela og um gæslu þeirra, svo og hverjar vjelar sjeu eftirlitsskyldar og katlar, og hvernig skoðun og eftirliti skuli hagað.

IV. kafli.

Ýmisleg ákvæði.

23. gr.

Eftirlit með verksmiðjum og vjelum er undir yfirumsjón atvinnumála-

ráðherra, er skipar svo marga skoðunarmenn, sem þurfa þykir; skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn og vera valinkunnir og óvilhallir menn, og svo vel til starfans fallnir, sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir skuli inna starf sitt af hendi samviskusamlega.

Skoðunarmenn eiga rjett á þóknun fyrir starfa sinn samkvæmt gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur. Þóknunina greiði eigandi ketils eða vjelar og má taka hana lögtaki. Þurfi skoðunarmaður að takast ferð á hendur vegna skoðunar, skal ferðakostnaður hans greiddur úr ríkissjóði.

Kostnað við yfirskoðun borgar beiðandi að öllu leyti.

24. gr.

Skoðunarmaður skal leita aðstoðar hjeraðslæknis þegar um heilbrigðisráðstafanir er að ræða, svo getur skoðunarmaður fengið sjer aðstoð sjerfræðinga um önnur atriði, sem liggja fyrir utan svið sjerþekkingar hans.

25. gr.

Ef slys, er veldur dauða eða verulegu áfalli, ber að höndum í verksmiðju, á verkstæði eða vinnustöð, eða við ketil eða vjel, sem lög þessi taka til, ber þeim, er þá stjórnar fyrirtækinu tafarlaust að tilkynna það lögreglunni. Telji hún, að brot á fyrirmælum þessara laga eða reglugjörðum settum samkvæmt þeim, sje sök í slysinu, skal hún kveðja skoðunarmann til, er þá skal, að ósk Slysatryggingarinnar, gefa henni nákvæma skýrslu um atvik öll að atburðinum.

26. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugjörðum settum samkvæmt þeim varða sektum frá 20—2000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

27. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugjörðum settum samkvæmt þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1928.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta þingi var í Neðri deild samþykt þingsályktun þar sem skorað var á stjórnina að leggja fyrir Alþingi nú frumvarp til laga um öryggis- og heilbrigðiseftirlit með verksmiðjum. Stjórnin hefir tekið þessa áskorun til greina með frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir.

Hjá nágrannaþjóðum vorum, þar sem iðnaður er gömul og margþætt at-

vinnugrein, hefir fyrir alllöngu síðan komist á lögboðið eftirlit með verksmiðjum, og hjá oss er iðnaður kominn á það stig, og notkun vjela á landi það almenn, að einsætt er, að opinbert eftirlit á að vera með því, að líf og heilsa verkamanna sje sem best trygt. Það getur þó orkað nokkurra tvímæla hve löggjöf vor á þessu sviði á að vera yfirgripsmikil og nákvæm.

Við samning frv. þessa, sjerstaklega við I. og II. kafla, er höfð hliðsjón af dönsku verksmiðjulögunum frá 1913, en sá kostur er tekinn, að marka höfuðlínurnar á líkan hátt og gert er í lögum nr. 37/1922 um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra. Til fyllingar lögunum og innan ramma þeirra er ætlast til, að settar verði reglugerðir í einstökum greinum, sniðnar eftir högum og þörfum vorum.

Í III. kafla frv. er lagt til grundvallar frv. til laga um eftirlit með eimkötlum og vjelum á landi, sem nefnd, er Verkfræðingafjelag Íslands hafði sett 1924, hafði samið, en V. Í. sent stjórninni í okt. 1926 með tilmælum um, að hún legði fyrir þingið 1927, sem ekki varð af. Frv. V. Í. var bygt á dönskum lögum um eftirlit með eimkötlum á landi frá 1919, en að miklu leyti sniðið eftir áðurnefndum lögum nr, 37/1922. Verkfræðingafjelagið hefir nú látið stjórninni í tje aðstoð sína við samningu þessa frumvarps, með því að hr. rafmagnsstjóri Steingrímur Jónsson, formaður fjelagsins, hefir að henni unnið.

Um titil laganna skal það tekið fram, að í honum er greint annað höfuðatriði þeirra, eftirlit með verksmiðjum, en á hinn bóginn að eins nefndar vjelar, því að vjel í víðari skilningi tekur einnig yfir eimkatla. Langir lagatitlar eru ætíð hvimleiðir.

Um einstök atriði skal þetta tekið fram:

Um I. kafla.

Í þessum kafla er afmarkað svið laganna. Öll fyrirtæki, sem þar eru greind, eiga eftir eðli sínu að vera eftirlitsskyld og þess vegna ber að tilkynna þau öll. En til þess að takmarka eftirlitið og að ekki verði unnið óþarft eftirlitsstarf, er það látið undir úrskurð stjórnarvalda hver fyrirtæki og vjelar sjeu eftirlitsskyldar.

Um 1. gr.

Það þykir ekki þurfa að skilgreina þau hugtök, er greinin ræðir um, en samkv. slysatryggingarlögunum er verksmiðja talið annað en verkstæði, enda mun það og styðjast við málvenju, og vinnustöð fellur undir hvorugt hinna, enda tekur það orð yfir útivinnustöð og mun sjerstaklega eiga við vinnu undir beru lofti.

Ætlast er til að eftirlitsskylda geti hvílt á öllum þessum fyrirtækjum, þar sem 3 menn — »nokkrir« — hið fæsta vinna saman að jafnaði. Um vjelar gildir þetta ekki. Í byrjun má gera ráð fyrir, að mörg fyrirtæki verði undanþegin eftirliti, en eftir því sem iðnaður vex í landinu og nú starfandi fyrirtæki færa út kvíarnar, fjölgar hinum eftirlitsskyldu fyrirtækjum.

Um 2. gr.

Fyrsta mgr. þykir ekki þurfa skýringar umfram það er áður er sagt um I. kafla og 1. gr., en þess skal að eins getið, að lengri en 30 daga tilkynningarfrestur fyrir starfandi fyrirtæki þykir ekki þurfa ef lögin ganga ekki í gildi fyr en seint á árinu 1928.

Önnur mgr. er sett með tilliti til þess, að fyrirtæki, sem rekin eru af hinu opinbera, hafa oft sjerstaka aðstöðu til að rækja sjálf eftirlitið og hafa oft sjálf eftirlitsstarf innan síns verkahrings, svo sem rafmagnsstöðvar, sporbrautir, símar, vitar o. fl.

Um 3. gr.

Eftirlit bakar hverju fyrirtæki nokkurn kostnað og því verður að vanda sem best til úrskurðarvaldsins, og tryggja aðstöðu skoðunarmanns svo, að hann geti notið sín. Áfrýjun til atvinnumálaráðherra þykir veita hina gildustu tryggingu fyrir rjettri skýringu laganna eða reglugerðanna, sem hann setur sjálfur, en málefni þessi eru síður fallin til að vera dómstólamál. Hvernig sem úrskurður fellur á hann ekki að geta verið ósanngjarn gagnvart neinum aðila.

Um II. kafla.

Þessi kafli er um tilhögun á *vinnustöðum*. Þetta orð hefir víðtækari merkingu en vinnustöð, flt. vinnustöðvar. Þar sem undir það fellur verksmiðjur, verkstæði og vinnustöðvar.

Um 4. gr.

Greinin lýtur að því, að stjórnandi fyrirtækis eigi rjett á að fá sem fyrst vissu sína um það, hversu honum ber að gera fyrirtæki sitt úr garði. Rjett þykir að áfrýja megi úrskurði skoðunarmanns til yfirskoðunar, sem þá veitir fullnaðarúrslit.

Um 5.—8. gr.

Ákvæði þessara greina hafa að geyma grundvallaratriði um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir, og eru þar greind hin einstöku atriði, er gefa verður sjerstaklega gaum að, en verði öll nánara rakin og ákveðin í reglugerðum, sem settar verða samkv. 9. og 22. gr.

Um 9. gr.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að tillit verði að taka til fjárhagsástæðna eftir því sem unt er, og frestur veittur á kostnaðarsamri breytingu, er gera þarf til að koma tilhögun í löglegt horf.

Hags beggja aðila þykir best gætt með því að undirbúningi reglugerða sje hagað á þann hátt, sem 3. mgr. ákveður. Og misklíðarefni verða varanlegast útilokuð ef þannig er að farið.

Um III. kafla.

Sem almennar athugasemdir um þenna kafla þykir rjett að taka hjer upp ummæli í greinargerð fyrir frv. V. Í. sem áður er nefnt og hljóða svo:

»Víða um land, en þó sjerstaklega hjer í Reykjavík, eru til eimkatlar og ekki allfáir af þeim hafa svo háan þrýsting, að þeir geta valdið stórslysum sjeu þeir ekki hirtir eins og vera ber. Hve margir þeir eru er ókunnugt, en vitanlegt er að eitt vjelarverkstæði hjer hefir á seinni árum smíðað og sett upp milli 20 og 30 eimkatla, og frá útlöndum hafa verið fluttir hingað allmargir eimkatlar, en mest gamlir.

Nú er kunnugt að sumir þessara eimkatla hafa verið notaðir árum saman, án þess að nokkur sjerfræðingur hafi litið á þá, og hirtir af mönnum, sem engin trygging er fyrir að sjeu til starfans hæfir. Er því full ástæða til að taka alla þessa katla undir eftirlit hins opinbera, eins og gert er í öllum öðrum löndum, til þess að forðast slys.

Hið sama má segja um ýmsar aflvjelar svo sem olíuvjelar, eimvjelar, gasvjelar o. fl. svo og margskonar vinnuvjelar svo sem trjesmíðavjelar, málmsmíðavjelar, frystivjelar o. fl. svo og útbúnað þeim tilheyrandi svo sem reimar og hjól. Eru sumar þessara vjela mjög hættulegar, þeim sem við þær starfa, einkum þegar þær eru settar upp í alt of litlu og óhentugu plássi svo sem sumstaðar á sjer stað hjer á landi. Margar þessara vjela eru gamlar orðnar og yfirleitt mun vera sá siður hjer að láta þessar vjelar ganga sjer til húðar með ljelegum útbúnaði og litlu viðhaldi, sökum þess að eftirlit með þeim vantar. Enda hafa þegar hlotist nokkur slys af, bæði á limum og lífi . . . «.

Frv. V. Í. laut aðallega að kötlum, en í þessu frumvarpi eru vjelar teknar jafnhliða, en sá greinarmunur gerður í einstökum atriðum, sem við þykir eiga, og nánara verður gerð grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 10. gr.

Í greininni er tiltekið hvaða vjelar falla undir lögin og eimkatlar. Hið síðara hugtakið er skilgreint, en hinu fyrra lýst svo, að ekki á að verða vafi um hverju skoðunarmanni ber að líta eftir.

Um 11. og 12. gr.

Þessar greinar eru uppistaðan í þeim ákvæðum, sem reglugerðir um öryggi katla og vjela eiga að fjalla um. Munu þau undirstöðuatriði, sem mestu máli skifta tekin fram í greinum þessum, en öll nánari ákvæði eiga að vera í reglugerðum.

Þessar greinar svara annars til 5.—8. gr. í II. kafla.

Um 13. gr.

Undanþáguheimild með tilliti til katla með lágþrýsting, er aðallega til þess að undanþiggja alla miðstöðvarkatla til upphitunar húsa hinni almennu reglu; ef þeir væru látnir falla undir hana yrði eftirlitið of víðtækt, enda hægt á kostnaðarminni hátt að hafa trygt eftirlit með öryggi þeirra.

Um 14. gr.

Vjelar, svo sem dýpkunarvjelar í höfnum, skurðgröfur og aðrar vjelar notaðar við vatnsvirkjun falla ekki undir lög nr. 37, 1922 og verða því að teljast með landvjelum.

Um 15. og 16. gr.

Vjelstjórapróf, þar sem útheimtist þriggja ára verkleg æfing og tveggja ára bóklegt nám, á að vera nægileg trygging fyrir kunnáttu manns til að gæta eimketils. Önnur minni próf, svo sem hin alm. mótormannapróf, sem eru ekki nægileg til gæslu annara vjela, geta aftur á móti ekki talist næg trygging, og verður því maður með slíku prófi að fá vottorð eins og 15. gr. gerir ráð fyrir.

Um 17. gr.

Eftirlitsbók verður að telja sjálfsagða. Annars þarf greinin ekki skýringu.

Um 18. gr.

Farandkatlar teljast katlar, sem eru á hjólum eða settir á vagna (Lokomobil), og til þess gerðir að vinna á ýmsum stöðum. Eigandi á að ábyrgjast ketil hvar sem hann er og er það í samræmi við lög um notkun bifreiða nr. 56, 1926, 16. gr.

Aðalskoðun verður að vera mjög vandlega af hendi leyst en þess þykir ekki þörf að ákveða það í lögum, að aukaskoðun fari fram árlega, en gert ráð fyrir að hún fari fram ár hvert á öllum stærri kötlum.

Vjelar eru svo margvíslegar, að ekki þykir ráðlegt að setja í lög fasta skoðun á ákveðnu árabili allra vjela. Það sem mestu varðar er það, að vjel skuli ekki nýsmíðuð tekin til notkunar án skoðunar, og kemst hún við það undir það eftirlit, sem ástæða þykir til.

Um 19.—21. gr.

Greinarnar þurfa ekki skýringa.

Um 22. gr.

Hin víðtæka heimild atvinnumálaráðherra til að kveða á í reglugerð um það, sem greinin tiltekur, er í samræmi við hugsun laganna eins og áður er lýst. Þykir þetta nauðsyn, til þess að gætt verði í einstökum atriðum allrar hagsýni og eftirliti hagað eftir þörf og nauðsyn hvert eitt sinn.

Um IV. kafla.

Um kaflann sjálfan þarf ekkert sjerstakt að taka fram.

Um 23. gr.

Í byrjun greinarinnar eru að eins taldar verksmiðjur og vjelar og er það í samræmi við titil laganna.

Hjer er útnefningartímabil skoðunarmanna sett 4 ár í samræmi við 1.

nr. 37, 1922, enda má búast við því, að víða verði sömu menn sem hafa skoðun á hendi samkvæmt hvorumtveggja lögunum. En þó er það vafamál hvort ekki væri rjett að láta útnefning skoðunarmanns gilda um óákveðinn tíma. Hætt við að skoðun verði ekki eins gaumgæfileg stundum hjá skoðunarmanni, sem býst við að láta af starfanum á næstunni. Æfing eftir færni skoðunarmannsins og útnefning til óákveðins tíma getur og stuðlað að sjálfstæði hans.

Skoðunarmenn eiga ekki að eins að vinna starf sitt vel, heldur mega þeir ekki í eiginhagsmunaskyni eða á annan hátt misbrúka þá þekkingu, sem þeir komast að í starfi sínu til tjóns fyrir aðila. — Ferðakostnað skoðunarmanns á að greiða úr ríkissjóði, sbr. 1., nr. 37, 1922.

Um 24. gr.

Ætlast er til að fyrirtækið sjálft beri einnig kostnað við þessa aðstoð, en upphæðin verður að vera samningsatriði í hvert sinn, nema fyrir hjeraðslækna, ef gjaldskrá þeirra kann að mæla sjerstaklega fyrir um svona verk.

Um 25. gr.

Þessi grein fer í sömu átt og 12. gr. 1. nr. 44, 1925 um slysatryggingar, en hjer er lögð skylda á herðar skoðunarmanni, sem á að vera sjerlega vitnisbær maður í svona tilfellum. Ef um brot á lögunum er að ræða tekur lögreglan málið í sínar hendur til frekari rannsóknar.

Um 26.—28. gr.

Greinarnar þurfa ekki skýringar. Þótt lögin öðlist gildi ákveðinn dag, geta þau þó ekki komið til framkvæmda fyr en allmikill undirbúningur hefir farið fram, og í hverju hann er fólginn þykir ekki þurfa að fara hjer frekari orðum, en vísa til laganna sjálfra um það.

21. Frumvarp

til laga um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfjelags Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Ákvæði laga nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, skulu einnig gilda um fasta starfsmenn Búnaðarfjelags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Athugasemdir.

Stjórn Búnaðarfjelags Íslands hefir farið þess á leit, að lagt verði fyrir Alþingi frumvarp til laga um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfjelagsins og því er þetta frumv. fram borið, og vísast til brjefs fjelagsins, sem prentað er hjer með, um ástæður fyrir frumvarpinu.

BÚNAÐARFJELAG ÍSLANDS
LÆKJARGATA 14. — REYKJAVÍK

Reykjavik, 16. sept. 1927.

Á Búnaðarþingi í vetur vakti Páll skólastjóri Zóphóníasson máls á því, að rjett væri að lögum nr. 51, 27. júní 1921 um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra yrði breytt á þá leið, að þau tækju einnig til fastra starfsmanna Búnaðarfjelags Íslands.

Fjárhagsnefnd Búnaðarþingsins var falið málið til athugunar, og lagði hún fram eftirfarandi tillögu:

»Búnaðarþingið felur stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að fara þess á leit »við ríkisstjórnina, að hún hlutist til um að starfsmenn Búnaðarfjel. Ísl. geti, »gegn því að greiða sama hundraðsgjald og embættis- og sýslunarmenn »ríkisins af launum sínum í lífeyrissjóð embættismanna ríkisins (samkv. lög- »um nr. 51, 27. júní 1921), orðið aðnjótandi sama lífeyris og þeir, úr sjóði »þessum«.

Málinu var á þessu stigi vísað til 2. umr. en kom ekki fram aftur og fjekk því enga endanlega afgreiðslu.

Nú hefir stjórnarnefndin ákveðið að ráða Pál Zóphóníasson ráðunaut fjelagsins í nautgripa- og sauðfjárrækt frá 1. júní n. á., en hann hefir í umsókn sinni um þá stöðu óskað þess, að stjórnarnefndin hlutist til um það við ríkisstjórnina, að hann haldi eftir sem áður óskertum, fyrir sig og konu sína, þeim rjetti sem hann hefir nú, samkvæmt áðurnefndum lögum, enda greiði hann eftirleiðis í sjóðinn af sínum ráðunautslaunum það hundraðsgjald sem lögin ákveða.

Stjórnarnefndin hefir lofað að taka þessa ósk til greina, og fyrir því er þess hjermeð farið á leit við hæstvirta ríkisstjórn, að hún taki til athugunar hvort fært er að taka þessa málaleitun til greina, og skal í því sambandi bent á tvær hugsanlegar leiðir:

1.) Að svo yrði ákveðið í lögunum, að menn, sem áður hafa verið í þjónustu ríkisins, og hafa sem slíkir, trygt sjer og maka sínum lífeyri og ellitryggingu, megi halda því áfram, þótt þeir gangi í fasta þjónustu Búnaðarfjelags Íslands, enda haldi þeir þá áfram að greiða iðgjöld af launum sínum hjá fjelaginu, eftir sömu reglum og aðrir embættismenn.

2.) Að lögunum verði breytt þannig, að þau nái einnig til fastra starfsmanna Búnaðarfjelagsins, þannig að þeir verði jafnir fyrir þessum lögum öðrum, embættismönnum ríkisins, ef þeir óska þess.

Til stuðnings þessari málaleitun skal, auk þess sem þegar er tekið fram bent á eftirfarandi atriði:

a. Búast má við, að það geti oftar komið fyrir en nú, að starfsmenn bændaskólanna gangi í þjónustu Búnaðarfjelagsins, og mun þeim þá að vonum þykja ilt að tapa því fje, sem þeir hafa lagt fram til þess að tryggja sjer eða ekkju sinni — og börnum — lífeyri. Hinsvegar má líka gera ráð fyrir, að ráðunautar fjelagsins taki kennarastöðu við bændaskólana. Ættu þeir að vera vel til þess fallnir, þar sem þeir hafa þá átt kost á því, öðrum fremur, að kynnast íslenskum búskaparháttum og búskaparskilyrðum og afla sjer innlendrar reynslu, sem verða mætti þeim, sem kennurum, að góðu gagni. Og þá ætti þeim ekki að verða óhagræði í því, að hafa þegar safnað sjer og sínum ellitryggingu.

b. Að vissu leyti má líta svo á, að Búnaðarfjelagið sje ein grein af atvinnumálaráðuneytinu, sem nú skipar 2 menn af 3 í stjórn þess, og starfsmenn þess starfsmenn ríkisins, þótt ekki sje það kallað svo. Virðist þá eðlilegt að þeir hafi sama rjett og skyldur, sem embættismennirnir, gagnvart lífeyrissjóði og ekkjutryggingu, enda má líta svo á, að þeir sitji í föstum stöðum í þarfir þjóðfjelagsins. Og starfssvið þeirra er hliðstætt starfi bændaskólakennaranna og í eðli sínu álíka þýðingarmikið fyrir landbúnaðinn.

c. Þótt gert sje ráð fyrir ákveðnum uppsagnarfresti í erindisbrjefum fyrir fasta starfsmenn Búnaðarfjelagsins, þá má þó líta svo á, að þessir menn, þegar þeir eru ráðnir í þjónustu fjelagsins, hafi fengið jafntrygga stöðu til frambúðar, sem starfsmenn ríkisins, enda mun ekki uppsagnarákvæðinu hafa verið beitt nema tvisvar sinnum við starfsmenn fjelagsins, síðan það var stofnað.

Virðingarfylst.

M. Stefánsson.

Til stjórnarráðs Íslands.

22. Frumvarp

til laga um Menningarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi 1928.)

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Menningarsjóður.. Tilgangur hans er að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn íslenskrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar. Til sjóðsins fellur árlega alt andvirði fyrir áfengi, hverju nafni sem nefnist, sem ólöglega er flutt til landsins og upptækt gert af rjettvísinni, svo og allar sektir brot á áfengislöggjöfinni, bæði samkvæmt landslögum og lögreglusamþyktum. Í fyrsta skifti skulu falla til sjóðsins hluti ríkissjóðs fyrir upptækt vín og áfengissektir árið 1927.

2. gr.

Mentamálanefnd landsins hefir á hendi yfirstjórn Menningarsjóðs. Í janúar ár hvert skiftir sjóðsstjórnin innkomnum tekjum frá síðast liðnu ári í þrjá jafna hluta. Skal einum þriðjungnum varið til þess að gefa út góðar alþýðlegar fræðibækur, og úrvals skáldrit, frumsamin eða þýdd. Annar þriðjungurinn gengur til að kosta vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins og til útgáfu vísindalegra ritgerða um íslenska náttúrufræði. Einum þriðjunginum skal varið til að kaupa listaverk fyrir landið, og til verðlauna fyrir teikningar af byggingum eða húsbúnaði í þjóðlegum stíl. Þegar sjerstaklega stendur á má verja tilteknum hluta af tekjum Menningarsjóðs til bygginga fyrir náttúrugripasafn landsins og listasafn.

3. gr.

Bókaútgáfu Menningarsjóðs stýra þrír menn sjálfkjörnir: Prófessorarnir í íslenskum bókmentum og sögu við háskólann í Reykjavík og kennarinn í íslensku við kennaraskóla landsins. Sá hluti sjóðsins, sem verja skal til náttúrufræðilegra rannsókna, stendur undir stjórn annara þriggja sjálfkjörinna manna: Forstöðumanns náttúrugripasafnsins í Reykjavík og kennaranna í náttúrufræði við mentaskólann í Reykjavík og gagnfræðaskólann á Akureyri. Sá hluti sjóðsins sem á að styðja listir stendur undir beinni stjórn mentamálanefndar landsins.

4. gr.

Þegar tekjur Menningarsjóðs verða eitthvert ár meiri en að áliti yfirstjórnar sjóðsins getur talist meðallag, skal taka frá í húsbyggingarsjóð tveggja af hinum þrem deildum (sbr. 2. gr.) það sem umfram verður meðaltekjum. Skulu þessir tveir byggingarsjóðir ávaxtast í Landsbankanum, og má ekki skerða þá fyr en yfirstjórn sjóðsins með samþyktir Alþingis lætur byrja á að reisa hinar umræddu byggingar. Þeim þriðjungi af óvenjulegum tekjum sjóðsins, sem ekki gengur til að byggja söfn yfir listaverk landsins og náttúrugripi, skal verja til að kosta útgáfu merkilegra ritverka, sem eru stærri en það að venjulegar árstekjur útgáfudeildarinnar nægi til að standast kostnaðinn.

5. gr.

Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verslun þá með bækur, er óhjákvæmilega leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálf ræður nefndin og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar og frágangi þeirra. Þegar svo vill til, að hinir sjálfkjörnu stjórnarmenn í útgáfu- eða náttúrufræðis-deild sjóðsins verða að dæma um efni er snerta þá persónulega, skal mentamálanefnd landsins skipa hæfa menn í þeirra stað, meðan úr þeim málum er skorið.

6 gr.

Sú deild Menningarsjóðs er styður íslenska listaþróun, skal kaupa jöfnum höndum listaverk eftir málara og myndhöggvara og bæði taka tillit

til hins varanlega gildis listaverkanna og að skapa óháðan markað fyrir listaverk eftir íslenska menn, án tillits til búsetu. Nú eru árstekjur þessarar deildar sjóðsins 10. þús. kr. eða minna og má þá verja 1/5 hluta þeirra til að verðlauna teikningar af húsum og húsmunum í þjóðlegum stíl, þar sem leitað er samræmis við höfuðdrætti í náttúru landsins. Aldrei má verja meir en 2000 kr. á ári til slíkra verðlauna, nema öll sjóðstjórnin og formenn mentamálanefnda beggja deilda samþykki.

7. gr.

Fjármálaráðaneytið annast alla innheimtu á tekjum Menningarsjóðs, samkv. 1. gr. Handbært fje sjóðsins skal jafnan geymt í Landsbankanum. Endurskoðendur landsreikninga skulu árlega endurskoða reikninga allra deilda sjóðsins, enda sje hann síðan prentaður í Stjórnartíðindunum.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli er koma í bága við lög þessi.

9. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á hverju ári tilfalla landinu nokkrar tekjur fyrir upptækt áfengi og sektir fyrir áfengisbrot. Hins vegar er þessi upphæð þó of lítil til þess að nokkuð verulega muni um hana á fjárlögum landsins. Er hjer lagt til að tekjur þessar verði árlega látnar ganga til lista og vísinda og til bættrar almennrar mentunar í landinu. Um tvent hið fyrnefnda má segja, að bæði listamenn og vísindamenn er vilja stunda náttúrufræði landsins, hafa jafnan átt erfitt uppdráttar og mun svo löngum verða. Er það ekki með öllu vansalaust fyrir þjóðina, að rannsóknir á náttúru Íslands hafa aðallega verið gerðar af útlendingum, eða þá með styrk útlendra vísindastofnana. Sje gert ráð fyrir að meðaltekjur Menningarsjóðs yrðu 20—25 þús. kr., myndi sá þriðjungur er gengi til vísindarannsókna samt geta haft veruleg áhrif og orðið þjóðinni bæði til gagns og sæmdar.

Listamenn Íslendinga eru erfiðlega staddir. Nálega aldrei fá þeir markað fyrir verk sín í öðrum löndum, því að hver þjóð lætur sína eigin listamenn sitja fyrir Íslendingum. Hinsvegar er markaður fyrir listaverk eðlilega lítil í landinu sjálfu hjá jafnfámennri þjóð. Ef íslensk list á nokkurntíma að geta blómgast verulega, verður þjóðin öll, þ. e. landið sjálft, að skapa nokkurn markað fyrir listaverk og það árlega. Mundu listaverkin verða almenningi til mestrar gleði og þroska ef þau væru ekki öll geymd í listasafni landsins heldur dreifð að nokkru í skólum og öðrum opinberum byggingum.

Á hinn bóginn verður því ekki neitað, að landið þarf að eignast við-

eigandi byggingar fyrir söfn yfir listaverk og náttúrugripi. Nú getur viljað til þau atvik einstöku sinnum að Menningarsjóði áskotnast verulegar fjárhæðir t. d. ef skip hlaðið vínföngum er gert upptækt. Er þá ætlast til, að þær óvenjulegu tekjur gangi að tveim þriðju hlutum til þessara áðurnefndu safnabygginga, en þriðjungurinn til að gefa út merk rit, sem sjóðurinn hefði ekki annars efni á að koma fyrir almenningssjónir.

Um bókaútgáfuna er það að segja, að fámenni þjóðarinnar og einangrun landsins veldur því, að þjóðin lifir við sífelt bókahungur, a. m. k. að því er snertir góðar bækur. Ef fje væri til útgáfu, eiga Íslendingar kost á óþrjótandi auðæfum, þar sem eru úrvalsrit heimsins, bæði fræðibækur og skáldrit, sem eins og nú hagar til eru og verða framandi öllum þorra manna. Svo hraparlega erfið er útgáfuleiðin hjer á landi, að sum hin ágætustu ritverk þjóðarinnar sjálfrar, t. d. ljóð Jónasar Hallgrímssonar eru með öllu ófáanleg í sæmilegri útgáfu. Hjer er gert ráð fyrir, að stjórn útgáfudeildarinnar hafi óbundnar hendur um bókavalið, geti gefið út gamlar og nýjar íslenskar bækur, og þýddar bækur, fræðirit og skáldskap. Stjórn útgáfufélagsins má ekki setja önnur takmörk en að hún velji verulega góðar bækur og gefi þær út vel og smekklega.

Alþýðumentunin er undirstaða alls andlegs lífs í landinu og sjálfstæðis þjóðarinnar. En listir og vísindi tákna hámark þjóðarþroskans. Þess vegna ber að sinna jafnt þessum þrem greinum andlegrar starfsemi.

23. Frumvarp

til laga um friðun Þingvalla.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Frá og með árinu 1930 skulu Þingvellir við Öxará og umhverfi þeirra, sem tilgreint er í lögum þessum vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

2. gr.

Takmörk friðhelga svæðisins skulu vera sem hjer segir:

a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.
b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár, Fjárhúsmúli, og efsta brún Ármannsfells norðaustur móts við Meyjarsæti.
c. Að norðaustan: Frá Ármannsfelli, um Meyjarsæti norðanvert við Hofmannaflöt í stefnu að Hliðargjá gegnt Tröllatindi.
d. Að austan: Eystri bakki Hliðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

Landið innan ofannefndra takmarka skal varið fyrir ágangi af sauðfje og geitum. En skógurinn og villidýralíf, sem þar kynni að geta þrifist, skal vera algerlega friðað.

Ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði, eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka nema með leyfi Þingvallanefndar og húsameistara ríkisins.

3. gr.

Friðlýsta landið skal vera undir vernd Alþingis og æfinlega eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.

4. gr.

Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefir fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands, og annara jarða í ríkiseign, sem til eru greindar í 2. gr. Þingvallanefnd skal kosin með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi í lok hvers þings eftir nýafstaðnar kosningar, í fyrsta skifti á þingi 1928.

5. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um friðlýsta svæðið og meðferð þess. Skal hún bygð á lögum þessum, en staðfest af stjórnarráðinu. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld á Þingvöllum og verja því fje upp í kostnað við friðunina. Enn fremur að brot á áfengislöggjöf landsins megi varða alt að þrefalt hærri sektum en annarstaðar á Íslandi. Þingvallanefnd má ráða umsjónarmann á Þingvöllum til 5 ára í senn.

6. gr.

Öll óhjákvæmileg útgjöld við verndun Þingvalla, samkvæmt lögum þessum, greiðast árlega af alþingiskostnaði.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara skulu varða sektum alt að 1000 kr., þriggja mánaða fangelsi eða hvorutveggja eftir málavöxtum.

Greinargerð.

Um mörg undanfarin ár hafa þjóðræknir menn beitt sjer fyrir því, að Þingvellir, eða nánara tiltekið láglendið norður af Þingvallavatni, yrði gert að friðlýstum helgistað þjóðarinnar. Árið 1919 var samþykt þingsályktunartillaga sem gekk í þessa átt, og skyldi samkvæmt henni ekki byggja til sauðfjárbúskapar tilteknar jarðir á þessu svæði. Á þingi 1923 var frv. um friðun Þingvalla borið fram í Ed. og samþykt þar, en dagaði uppi í Nd. í þinglokin. Um nokkur undanfarin ár hefir landið kostað umsjónarmann á Þingvöllum meðan

gestastraumur er mestur þangað. Það hefir gert nokkurt gagn, t. d. að varna því að tómar öskjur, flöskur og hverskonar úrgangur lægi á almannafæri á þeim stöðum, sem þúsundir innlendra og erlendra manna heimsækja í lotningarfullum hug. Hinsvegar hefir það komið berlega í ljós hin síðari ár, að ekki getur verið tvíbýli á Þingvöllum. Ef prestur eða bóndi á Þingvöllum hefir jörðina til ábúðar og notar sjer þann rjett í venjulegum skilningi, þá getur orðið nær óverandi fyrir gesti að dvelja á staðnum, því að þá má ábúandi gera þeim óheimila umferð þar, eftir því sem honum þóknast. Að sjálfsögðu vinnur sauðfjárrækt ábúandans algerlega á móti því að fallegur birkiskógur geti aftur klætt Þingvallahraun.

Nefnd sú er starfar að því að undirbúa þúsund ára hátið Alþingis, og hins íslenska ríkis, 1930, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að ekki yrði hjá því komist að efna til löggjafar um verndun Þingvalla. Hefir hún ritað stjórninni svohljóðandi brjef:

Reykjavík, 6. des. 1927.

Á fundi sínum í gær ályktaði undirbúningsnefndin að óska þess, með sjerstöku tilliti til hátíðahaldanna 1930, að landsstjórnin undirbúi og leggi fyrir næsta Alþingi lagafrumvarp, þar sem hinu opinbera sjeu trygð full umráð Þingvallalands og þess nágrennis, sem þurfa þykir.

Þessari ályktun leyfir nefndin sjer hjer með að beina til ráðuneytisins.

Jóhannes Jóhannesson.
Ásg. Ásgeirsson.

Með frv. þessu er að nokkru bætt úr þeirri þörf sem um ræðir í brjefi Þingvallanefndar, en þó má vera að síðar þurfi að bæta við öðru frv. viðvíkjandi ábúð jarðanna á hinu friðlýsta svæði, ef ekki tekst að koma þar á æskilegri breytingu með samkomulagi.

Sje litið á meðferð þjóðarinnar á Þingvöllum, þá er hún óglæsileg. — »Vellirnir« hafa eins og nafnið bendir til verið grasivaxin sljetta, mynduð af árframburði. Nú eru þeir orðnir litt hæfir til umferðar, sundurtroðnir af hestafótum og vatnsgrafningi. Nú er unnið að því að bæta þau hermdarverk fyrir 1930 og gera vellina líka því, sem náttúran hafði við þá skilið. — Gistihúsið »Valhöll« og tilheyrandi geymsluhús hafa stórskemt forna helgistaði. Vegurinn eftir Almannagjá hefir breytt útliti hennar. Brúin yfir Öxará er smekklaus og klunnaleg. Drekkingarhyl hefir verið breytt með óþörfu jarðraski. Fallegur foss í ánni var eyðilagður með sprengingum þegar brúin var gerð yfir Öxará. Þingvallakirkja er fúin og að hruni komin. Bærinn er hvergi nærri viðunandi á þeim stað. Skógurinn sem áður náði heim að Þingstaðnum er nú víðast hvar horfinn eða bældur og kræklóttur. Þannig hefir verið búið að hinum forn-helga stað. Og ef ekki væri nú bætt úr með löggjöf, gætu tveir af leiguliðum landsins í Þingvallasveit virkjað Öxarárfoss til heimilisnytja. Með núverandi rjettleysi Þingvalla gæti svo farið, að steinsteypukassar yrðu reistir á vestari bakka Almannagjár þannig að heildarsvipur hjeraðsins gerspiltist.

Með frv. þessu er leitast við að verða við hinni almennu ósk þjóðar-

innar að vernda Þingvöll og hinar sögulegu minningar vegna óborinna kynslóða. Enn fremur að gera kleifari undirbúning þúsund ára hátíðarinnar.

Hjer er gert ráð fyrir tvennskonar friðun í Þingvallasveit. Fyrst að landið milli Almannagjár og Hrafnagjár verði alfriðað fyrir hættulegum ágangi búfjár og leitast við að hjálpa skóginum til að breiða sig aftur um alt hraunið. Engin ástæða er til að bygð leggist niður í Skógarkoti og Hrauntúni, því að verndun staðarins myndi geta veitt ábúendunum þar betri atvinnu en sauðfjárrækt á engjalausum jörðum. Í öðru lagi er ætlast til að bændum á jörðum, er liggja báðu megin við friðlýsta svæðið, verði meinað að gera þar nokkurt jarðrask, sem spillir útliti hjeraðsins, en það gæti auðveldlega orðið af mishepnuðum húsabyggingum, girðingum, vegum, rafleiðslum o. s. frv. Eftirlit Þingvallanefndar með jörðum þessum hindrar á engan hátt atvinnurekstur en tryggja að síður verði í Þingvallahjeraði unnin hermdarverk, eins og nú hefir verið gert á þingstaðnum sjálfum,

Takmark þjóðrækinna manna með friðlýsingu Þingvalla er að vernda sem best hina sögulegu helgistaði og náttúrufegurð Þingvallasveitar.

24. Frumvarp

til laga um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

I. kafli.

Um refsingar.

1. gr.

Vinnuskylda skal vera samfara hegningu með fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

2. gr.

Hvarvetna þess, er fangelsi við vatn og brauð liggur við afbroti, má í þess stað dæma brotamann til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi í eigi skemri tíma en 12 daga og eigi lengur en 6 mánuði.

3. gr.

Ákvæðin um skilorðsbundna hegningardóma í 1.—4. gr. laga nr. 39, 16. nóvember 1907, taka einnig til manns, sem dæmdur er samkvæmt hinum almennu hegningarlögum eða 4. gr. laga þessara í alt að eins árs betrunarhússvinnu.

II. kafli.

Um þjófnað og fleiri afbrot.

4. gr.

Hver sem sekur verður um þjófnað skal í fyrsta sinn sæta fangelsi eða betrunarhússvinnu alt að 2 árum.

Ef hið stolna er eigi 30 króna virði og engin atvik eru samfara afbrotinu, er þyngi saknæmi þess og hinn seki hefir eigi áður orðið uppvís að auðgunarglæp skal málssókn því að eins höfða, að sá krefjist þess, sem misgjört er við.

5. gr.

Ef þjófnaðarafbrotið er mjög stórfelt, svo sem vegna þess með hvaða hætti það er framið, eða af því að glæpamaðurinn hefir búið sig vopnum eða öðru hættulegu tæki, eða vegna verðmætis hins stolna eða hversu ástatt var um það eða geymslustað þess, má þyngja refsinguna fyrir afbrotið alt að 6 ára betrunarhússvinnu.

6. gr.

Nú hefir maður, er til refsingar skal dæma samkvæmt 4. eða 5. gr., áður verið dæmdur fyrir þjófnað eða fyrir brot þau, er ræðir um í 23. —27., kap. hinna alm. hegningarlaga, og má þá hækka refsinguna um allt að helmingi af þeirri refsingu, er hann hefði hlotið annars. Ef hann oftar en einu sinni áður er dæmdur fyrir þessi afbrot, má refsingin verða tvöfalt þyngri.

7. gr.

Nú legst vinnufær maður í óreglu og slæpingsskap og verður þar af leiðandi sveitinni til þyngsla, vanrækir framfærsluskyldu sína gagnvart einhverjum, sem við það verður bjargþrota, eða greiðir ekki úrskurðað meðlag með maka sínum eða barni, og skal þá lögreglan aðvara hann, og ef unt er, vísa honum á vinnu með atbeina fátækrastjórnarinnar.

Ef sami maður innan árs frá því að hann var aðvaraður, verður staðinn að hinu sama hátterni og með sömu afleiðingum, sem áður greinir, skal honum refsað með fangelsi eða betrunarhússvinnu alt að 12 mánuði.

8. gr.

Nú legst maður í slæpingsskap á þann veg, að ástæða er til að ætla að hann hafi ekki ofan af fyrir sjer á löglegan hátt, og skal þá lögreglan leggja fyrir hann að leita sjer heiðarlegrar atvinnu innan ákveðins, hæfilegs tíma. Hlýðnist hann ekki þessari skipun skal honum refsað eins og segir í 7. gr.

Spilamenska telst ekki heiðarleg atvinna. Og lögreglan getur ennfremur í fyrirmælum sínum til hlutaðeigandi, sem skulu vera brjefuð og birt honum með vottum, ákveðið, að tiltekin starfsemi, sem í eðli sínu er grunsamleg og örðugt að hafa eftirlit með, verði ekki talin heiðarleg atvinna.

9. gr.

Nú hefir maður verið dæmdur samkvæmt 7. eða 8. gr. eða oftar en einu sinni fyrir auðgunarglæp og getur þá lögreglan lagt fyrir hann að koma til staðar á vissum tímum og gefa skýrslu um hvar hann býr eða dvelur og hvaða atvinnu hann stundar.

10. gr.

Sá, sem gerir sjer atvinnu af glæfraspilum eða að koma öðrum til þátttöku í þeim, enda sjeu þau eigi leyfð af þeim, sem að lögum eða venju samkvæmt er heimilt að veita slík leyfi, skal sæta fangelsi eða allt að eins árs betrunarhússvinnu.

Nú fremur maður brotið í atvinnu sinni og má þá dæma hann til að hafa fyrirgert rjetti til þeirrar atvinnu um lengri eða skemri tíma eða að fullu og öllu.

11. gr.

Sá, sem veitir húsaskjól fyrir óleyft glæfraspil, skal sæta sektum eða fangelsi. Sá, sem tekur þátt í slíku spili, sæti sektum.

12. gr.

Glæfraspil skulu öll spil um peninga eða peningavirði talin, enda sje spilið þess eðlis og það, sem undir er lagt svo mikils virði, að telja megi ávinningslöngunina aðalatriðið.

Veðmál, teningskast og annað slíkt skal undir sama skilorði talið til glæfraspila.

Með dómi skal ákveðið að vinningur af glæfraspili skuli gerður upptækur.

III. kafli.

Hvenær fá lögin gildi.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928, þó verður ákvæðum 1. og 2. greinar laganna ekki beitt fyr en dómsmálaráðuneytið hefir tilkynt og gefið út reglugjörð um hvar og hvernig vinnan komi til framkvæmda.

14. gr.

Ákvæði 3.—6. gr. taka til allra mála, sem ekki eru dæmd úrslitadómi áður en lögin öðlast gildi, en 7.—12. gr. tekur að eins til brota, sem framin eru eftir þann tíma.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 230.—234. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er upp á síðkastið orðin ærið almenn krafa að hegningarlöggjöf vor verði endurskoðuð. Við þessari kröfu mun að vísu ekki verða daufheyrst lengur, en með því að búast má við, að gagngerð endurskoðun taki talsverðan tíma, en nokkur atriði gildandi hegningarlöggjafar þurfa að rjettu lagi bráðra aðgerða við, og önnur atriði vanta þar, sem rjett þykir að lögleiða, er þetta frumvarp lagt fyrir þingið nú. Æskilegt hefði verið, að unnist hefði tími til að taka fleiri atriði upp í frumvarpið, en breytingar þær á gildandi lögum, sem í því eru, eru þó svo víðtækar, að ákvæði I. kafla ná til refsinga fyrir meginþorra þeirra brota, sem hjer eru framin, og 4.—6. gr. miða að því, að ráða bót á þeim ákvæðum gildandi laga, sem telja má meðal hinna úreltustu, en taka jafnframt til afbrots, sem er hið langtíðasta enn hjer á landi. Annars þykir ekki þörf að greina fleira um frumvarpið almennt eða gera sjerstaklega grein fyrir hverjum kafla fyrir sig, en um einstakar greinar skal það sagt sem á eftir fer.

Um. 1. gr.

Frumboðorðið um alla refsivist nú á tímum er það að halda föngum til vinnu. Ákvæði hegningarlaganna um fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í alt að 6 mánuði fær ekki samrýmst þeirri stefnu, að takmarka sem mest vinnulausa refsivist. Þetta atriði er ekki að eins hegningarfræðilegt heldur og hagfræðilegt, og er einsætt að láta ekki lengur dragast að gera þessa umbót á hegningarlöggjöfinni, sem greinin mælir fyrir um.

Um 2. gr.

Vatns- og brauðsrefsing er hin tíðasta hegning sem beitt er hjer á landi fyrir brot á hegningarlögunum. Nú munu flestir sammála um það, að þessi refsitegund sje lítt til þess fallin að hafa siðbætandi áhrif á fanga og til næsta lítils nýt, nema til þess að sefa ofsa eða móthróa manns í fangavist og lina líkamsþrek hans. Í greininni er dómstólunum gefin heimild til að velja milli tveggja refsitegunda og er hjer valin hin sama leið og verið hefir í lögum í Danmörku yfir 20 ár og borið hefir þann árangur, að nú er vatns- og brauðsrefsing lítið notuð. Eins mánaðar vinnuvist er látin samsvara 5 daga fangelsi við vatn og brauð, sbr. 29. gr. hgl.

Um 3. gr.

Skilorðsbundnir hegningardómar voru hjer, eins og annarsstaðar, teknir í lög sem tilraun og því farið sem allra skemst í þá stefnu. Vegna nú fenginnar góðrar reynslu, þykir ekki varhugavert að víkka svið fyrir þessa dóma og það því fremur, sem þess eru ekki fá dæmi, að dæma hefir orðið brotamann í betrunarhússvist sökum beinna ákvæða hegningarlaganna, þótt brot hans í sjálfu sjer hafi verið þess eðlis og alt ráð hans sjálfs, að skilorðsbundinn dómur hæfði best. Dómstólarnir munu og hjer eftir, sem hingað til, gæta varkárni í þessu efni.

Um 4. og 5. gr.

Þessar greinar eiga að taka yfir þjófnað, sbr. 230. og 231. gr. hgl. En hjer er farin sú leið að stryka út hinar gömlu skörpu markalínur milli einfalds þjófnaðar og stórþjófnaðar, Það er fengið alveg dómstólunum í hendur að meta sakargildi hins framda afbrots. Að vísu tekur 4. gr. aðallega til einfalds þjófnaðar, samkv. 230. gr. hgl., en samkv. 4. gr. ber einnig að refsa fyrir allmörg þjófnaðarafbrot, sem telja verður nú til stórþjófnaðar, samkv. 231. gr. hgl. Þeirri grein hafa verið færðar fleiri fórnir um dagana en verðugt er.

Öll í meira lagi saknæm þjófnaðarbrot ber að heimfæra undir 5. gr., og þykir nægilegar leiðbeiningar gefnar í greininni um það, hvenær henni ber að beita.

Í 4. gr. er lágmark refsingar ákveðið fangelsi, og eiga dómstólarnir því völ á milli allra tegunda fangelsisrefsinga, en eru ekki bundnir við vatn og brauð eins og í 230. gr. hgl. Hámark refsingar er hið sama sem í 230. gr. Í 5. gr. er hámark refsingar sett 2 árum lægra en í 231. gr. og styðst við það, að 6 ár hefir reynst nægilegt hámark refsingar fyrir þjófnað síðan hgl. voru sett.

Nýmæli eru í 2. mgr. 4. gr. Þykir þetta ákvæði ekki geta komið í bága við góða reglu í þjóðfjelaginu, en getur aftur verið afarmikilsvert fyrir þann sem hefir missjeð sig.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað 232—234. gr. hgl. og miða að hinu sama og 4. og 5. gr., að höggva sundur óeðlilega lagaramma, en leggja að öllu leyti á vald dómstólanna að meta, upp að settu hámarki, hvenær þyngja skal refsingu vegna ítrekunar afbrots.

Um 7. og 8. gr.

Hagsmunir þjóðfjelagsins krefjast þess, að borgararnir afli sjer uppeldis við löglegt, heiðarlegt starf, en sói ekki fje almennings með skaðvænlegu hátterni sínu. — Óregla og slæpingsskapur með þeim afleiðingum, sem getur í 7. gr., er því glæpur gagnvart þjóðinni, og ber að refsa fyrir hann.

Fyrir afbrot samkv. 7. gr. verður þó því að eins refsað, að maðurinn sje vinnufær og hafi »lagst« í óreglu og slæpingsskap aftur þrátt fyrir fengna aðvörun, og sjálfskaparvíti sje, að hann hafi ekki stundað eitthvert heiðarlegt starf. Fátækrastjórnin og lögreglan haldast í hendur um að koma brotamanni á rjettan kjöl og er hann hlítir ekki aðvörun og tilvísun um vinnu, á hann að vera rjettlækur undir refsingu.

Ákvæði 8. gr. eru sama eðlis og 7. gr., en lúta að þeim slæpingjum, sem ætla má að hafi ekki heiðarlegt eða löglegt starf sjer til framfæris, svo sem spilamensku, áfengissmyglun, áfengissölu eða annað ólöglegt athæfi. Frekari vissa fæst fyrir því, að ákvæðum greinarinnar geti orðið beitt, ef lögreglan hefir vald til fyrir fram að láta hinn brotlega vita, að honum henti ekki að leita vissra starfa, sem hún tiltekur.

Um 9. gr.

Greinin þykir ekki þurfa skýringa.

Um 10.—12. gr.

Fyrirmæli þessara greina eru eiginlega endurnýjun ákvæða Jónsbókar, Þjófabálks 17, um »dufl, teningskast um peninga og veðmál«. En þessi ákvæði verður að telja alveg fallin úr gildi fyrir notkunarleysi.

Orðið glæfraspil á að taka til allra athafna, sem getur í 12. gr. 1. og 2. mgr., en til þess að athöfnin sje refsiverð verður að meta það í hvert sinn hvort það, er undir er lagt, sje svo mikils virði, að ávinningslöngunina verði að telja aðalatriðið. Virðist ekki varhugavert að láta dómstólana framkvæma þetta mat. Spilið getur hinsvegar heyrt undir glæfraspil þótt úrslitin velti ekki eingöngu á tilviljun en fari að nokkru leyti eftir kunnáttu spilarans.

Í þessum lögum þykir ekki fært að undanþiggja refsingu glæfraspilamensku er fram fer í einkabústöðum manna, því að þá væri fyrirfram útilokað, að lögin næði tilgangi sínum gagnvart spilamensku, er á sjer stað og sannanlegt er um, að valdið hefir stjórtjóni og glæpsamlegu atferli ekki svo fárra manna, án þess að refsa mætti spilurunum samkvæmt 10. gr. Þess vegna eru ákvæði 11. gr. höfð þetta víðtæk. Hvort það annars tekst með refsingum að hefta þenna spilafaraldur, sem á sjer stað, verður reynslan að skera úr, en að hamla honum nokkuð ætti að mega takast.

Þegar spilamenskan fer fram eða að henni er stuðlað í atvinnuskyni, er refsingin fangelsi og getur orðið betrunarhúsvinna, sbr. 10. gr., en samkvæmt 11. gr. sektir eða fangelsi. Er það ekkert varhugavert að láta þann, sem tekur þátt í glæfraspili, þótt ekki í atvinnuskyni sje, sæta sektum, þar sem hann tekur þátt í verknaði, sem er óheiðarlegur sem atvinnurekstur.

Vinning allan ber að gera upptækan, þar sem verknaðurinn er vítaverður fyrir hvern þann, er tekur þátt í honum.

Um III. kafla.

Sökum húsnæðisleysis getur ákvæði 1. og 2. gr. ekki komið til framkvæmda við innivinnu fyr en aukið húsnæði fæst. En annars á dómsmálaráðuneytið að setja reglur um framkvæmd vinnunnar og getur hún fult svo vel verið útivinna, og það enda heppilegast oftast, en alt að einu mun þó þörf aukins húsnæðis.

Ákvæði 14. gr. þurfa ekki skýringar við, en þess getið, að 3.—6. gr verða ekki til að þyngja refsingu frá því sem hún er í gildandi lögum en í flestum tilfellum til linunar. En ákvæðið viðvíkjandi 7.—12. gr. er sjálfsagt þar sem um nýmæli er að ræða.

25. Frumvarp

til laga um kynbætur nautgripa.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 8 mánaða ganga laus í heimahögum eða afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi þar sem ekki er nautgriparæktarfjelag skal vera nautgripakynbótanefnd skipuð þrem mönnum. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd. Í fyrsta sinni á vorhreppaskilaþingi 1928 og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

Nú er nautgriparæktarfjelag starfandi í hreppnum, viðurkent og styrkt af Búnaðarfjelagi Íslands og er þá stjórn þess sjálfkjörin kynbótanefnd og hefir allar sömu skyldur og rjettindi sem kynbótanefnd kosin á almennum sveitarfundi hefir eftir lögum þessum.

3. gr.

Á hverju hausti, fyrir 1. október, skal kynbótanefnd velja eða útvega innan hrepps eða utan hæfilega mörg naut, kyngóð og efnileg, til undaneldis í hreppnum, til jafnlengdar næsta ár. Naut þau, sem kynbótanefnd velur í þessu skyni, skal hún taka á leigu eða kaupa, eftir því, sem hún hefir heimildir til og telur rjett. Semur hún þá um leiguna eða kaupverðið, svo og um greiðsluskilmála. Skal nefndin þegar gera hreppsbúum valið kunnugt.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að nautgripakynbótum, nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann í fjelagi o. s. frv.

Kynbótanefnd getur leyft að kynbótanaut gangi laus, ef örugt þykir að þau geti engan skaða gert. Þó ber eigandi ábyrgð á ef skaði hlýtst af.

4. gr.

Öll kynbótanaut, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis, eða verðlaun hafa hlotið á nautgripasýningum, sem Búnaðarfjelag Íslands hefir styrkt, skal merkja með aluminium merki í hægra eyra og sjeu í það mótaðir stafirnir Kn og skal sjá um að þessi merki sjeu jafnan glögg.

Nú sannast að einhver hefir merkt naut þessu merki, án leyfis kynbótanefndar, enda hafi það ekki hlotið verðlaun, eins og fyr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkt naut, hvar sem það hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa því sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

5. gr.

Öll naut eldri en 8 mánaða, sem ekki eru ætluð til undaneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda eða halda í öruggri vörslu vor hvert, þegar kýr eru leystar út. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum ef tjón hlýtst af. Taka má slík naut hvar sem þau hittast nema í öruggri vörslu sjeu, og ráðstafa þeim sem óskilagripum og selja án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist naut merkt Kn í hægra eyra, gæslulaust án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er það var valið fyrir, sem undaneldisnaut, og skal þá taka það í örugga gæslu og, ef þörf gerist á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart, svo fljótt sem unt er.

Ef nautsins er ekki vitjað og eigi er greiddur áfallinn kostnaður, áður en liðnar eru 2 vikur frá því að það var tekið, má ráðstafa því sem óskilagrip og selja með fjögra vikna innlausnarfresti.

7. gr.

Hreppskilafundur ákveður þóknun fyrir starf kynbótanefndar.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, leigu eftir kynbótanaut, fóður, hirðingu, kostnað við girðingu o. s. frv., jafnar nefndin niður á allar þær kýr, sem bera í hreppnum á því ári, þó svo að aldrei verði hærra gjald en 8 kr. fyrir hverja kú. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til kynbótanefndar, á þeim tíma er hún tiltekur, og er gjaldið lögtakskræft. Nú verður kostnaður meiri en hámarksgjaldi nemur á hverja kú, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.

Atvinnumálaráðuneytið sker úr ágreiningi útaf greiðslu kostnaðarins.

8. gr.

Nautgripakynbótanefnd skal bóka ályktanir sínar og aðrar gerðir svo sem reikninga, skýrslur, brjef o. fl.

Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Nefndarfundir eru lögmætir og ályktunarfærir, þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir eru sammála. Formaður nefndarinnar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld kynbótastarfseminnar, eftir hver áramót. Reikningurinn skal yfirskoðaður af hreppsnefnd og lagður fram á vorhreppaskilaþingi.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum 50—500 krónum, er renna að hálfu í sveitarsjóð þar sem brotið verður uppvíst og að hálfu í sveitarsjóð þar sem hinn seki á heima.

10. gr.

Mál sem rísa útaf brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna getur atvinnumálaráðherra sett með reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1928.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 20. nóvember 1905 og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 20, 20. október 1905 var sýslunefndum heimilt að gera samþyktir um kynbætur nautgripa fyrir alla sýsluna eða nokkurn hluta hennar, eftir því sem hagfeldast þætti. Þessi lög hafa komið að heldur litlum notum og hefir því þótt ástæða til að gera nýja skipan á um kynbætur nautgripa samkvæmt því sem felst í þessu frumvarpi.

Það mun öllum ljóst að það skiftir miklu máli fyrir landbúnaðinn, að nautgripakynið sje sem best, þannig, að sem mest eftirtekja fáist af nautgriparækt manna. Hingað til hefir þessu víðast verið oflítill gaumur gefinn og því of litlar framfarir orðið á þessu sviði. Með frumvarpi þessu er mönnum gert að skyldu að hefjast handa um þetta nauðsynjamál landbúnaðarins og er frumvarpið að miklu leyti sniðið eftir lögum nr. 19, 15. júlí 1926 um kynbætur hesta.

Ef frv. þetta verður að lögum, verður ekki þörf fyrir lög nr. 20, 20. okt. 1905 og þykir því rjett að nema þau úr gildi.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins virðist ekki þörf að ræða.

26. Frumvarp

til laga um byggingar- og landnámssjóð.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Af tekjum ríkissjóðs skal árlega leggja 250 þús. kr. í sjóð, er nefnist Byggingar- og landnámssjóður.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda býlum í landinu og fjölga þeim með þessum hætti:

1. með því að veita lán:
   a. til að endurbyggja íbúðarhús á sveitabýlum,
   b. til að byggja upp nýbýli á landi, sem er í einkaeign eða í eign sveitar- eða bæjarfjelaga.
   c. bæjarfjelögum og kauptúnum, sem eru sjerstakur hreppur, til að koma upp nauðsynlegum byggingum fyrir kúabú á ræktuðu eignarlandi bæjar- eða hreppsfjelagsins.
2. með því að verja fje samkvæmt ákvörðun landsstjórnarinnar til að byggja upp nýbýli á landi, sem ríkið á eða kaupir í því skyni.

Nýbýli í lögum þessum telst hvert það býli, sem reist er af nýju, annaðhvort á gamalli eyðijörð eða landi, sem skift er úr jörð, sem er í ábúð, hvort sem því í upphafi fylgir nokkurt ræktað land eða ekki.

3. gr.

Skilyrði fyrir láni úr sjóðnum eru:

I. til endurbygginga samkv. 2. gr. 1. a.:
   a. að lántakandi sje íslenskur ríkisborgari, fullráða og standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.
   b. að hann sanni með vottorði tveggja skilríkra manna, sem nákunnugir eru högum hans, að hann sje duglegur, reglusamur, sparsamur og fyrir uppeldis- og þroska sakir vel fallinn til landbúskapar.
   c. að hann sanni, að hann eigi svo mikil efni, sem nauðsynleg eru til búskaparreksturs á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist þær byggingar, er nauðsynlegar eru fyrir ábúð á henni.
   d. að ekki sje fyrirsjáanleg hætta á, að dómi trúnaðarmanna sjóðsins eða þeirra manna, er stjórn sjóðsins kveður til, að jörðin eyðist af ágangi vatna, sandfoki, sjávarflóðum eða þess háttar.
   e. að húsin sjeu gerð úr varanlegu efni og gerð þeirra innan og utan sje samþykt af stjórn sjóðsins.
   f. að húsin sjeu vátrygð fyrir upphæð, er nemi fullu kostnaðarverði þeirra.
   g. að hlutaðeigandi sveitarstjórn, eða hreppstjóri ef sveitarstjórn á í hlut, mæli með umsókninni og telji jörðina svo vel í sveit setta, að ráðlegt sje að endurreisa íbúðarhús á henni.
   h. að sannað sje með vottorði hreppstjóra, að húsakynni sjeu óhæf til íbúðar vegna hrörnunar, eða með vottorði hjeraðslæknis, að heimilisfólki sje þar búið heilsutjón.

II. til nýbýla samkv. 2. gr. 1. b.
   a. skilyrði þau, er greind eru undir I. a.—g. og ennfremur,
   b. að lántakandi eigi ekki annarsstaðar jörð eða býli sem fjölskylda geti haft lífsframfæri af.

c. að hann hafi ekki áður fengið lán til húsagerðar á jörð eða nýbýli,
d. að landið, þar sem húsa á, sje lagt býlinu til æfinlegra nota með þegar ákveðnum landamerkjum,
e. að býlið geti, að dómi trúnaðarmanna sjóðsins, veitt fjölskyldu sæmileg skilyrði til framfærslu, þegar það er komið í fulla rækt.

III. Skilyrði fyrir láni samkv. 2. gr. 1 c. er, að kúabúið sje rekið af bænum eða hreppnum, íbúunum til nota en ekki selt á leigu eða rekið sem gróðafyrirtæki.

4. gr.

Lán til að endurreisa íbúðarhús á sveitabýlum skulu, þar til annað verður ákveðið með lögum, sitja fyrir lánum til að reisa nýbýli á óræktuðu landi.

Lán þessi, samkv. 2. gr. 1 a., skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

5. gr.

Lán til að reisa nýbýli á ræktuðu landi, eða til að reisa býli, sem ræktað land fylgir, skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sje $3^1/_2$% í 50 ár.

Lán til nýbýla, sem reist eru á óræktuðu landi og ekkert ræktað land fylgir, eru bæði afborgunar- og vaxtalaus fyrstu 5 árin. Síðan skal endurborga höfuðstólinn með jöfnum afborgunum á 50 árum en enga vexti greiða.

6. gr.

Lán samkv. 4. og 5. gr. má nema: 1) alt að verði aðfengins byggingarefnis, þar til telst þó ekki sandur, möl, steinn, torf, mór eða mosi þótt afla verði utan landareignar, 2) og tveim þriðju hlutum af kaupi steinsmiða og trjesmiða, er nauðsynlega þurfa að húsagerðinni að vinna.

7. gr.

Lán samkv. 3. gr. III., mega nema alt að $^4/_5$ hlutum byggingarkostnaðar, þó ekki yfir 40 þús. kr., og skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sje 5% í 42 ár.

8. gr.

Sá er byggir nýbýli eða við því tekur skal innan 2ja ára frá því er það var bygt, hafa girt það land, er hann tekur til túnræktar og innan 5 ára skal hann hafa fullræktað að minsta kosti er nemi 10 vallardagsláttum.

9. gr.

Nú verða ábúanda- eða eigendaskifti, með sölu eða erfðum, að fasteign sem stendur í skuld við Byggingar- og landnámssjóð, og er þá enginn ábúðar- eða kaupsamningur gildur um eignina nema með árituðu samþykki stjórnar sjóðsins. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin

hafa verið frá því er fasteignamat fór síðast fram. Sje um leiguábúð að ræða, má eftirgjald ekki vera hærra en sem svarar 4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs, miðað við síðasta fasteignamat og virðingarverð umbóta, er síðar hafa verið gerðar.

Ef fasteign er seld eða leigð með öðrum hætti en hjer segir, fellur lán það, er hvílir á eigninni, í gjalddaga fyrirvaralaust.

10. gr.

Lán til bygginga greiðir sjóðurinn út í þremur hlutum þannig:

Fyrsta hluta þegar efni til byggingarinnar er alt keypt og komið á staðinn. Annan hluta þegar byggingin er komin undir þak. Þriðja og síðasta hluta þegar byggingin er fullgerð.

Skal hin útborgaða fjárhæð í hvert sinn miðuð við þann útlagða hluta kostnaðar, sem lánshæðin fer eftir samkv. 6. gr.

Sje um lán til bygginga peningshúsa eða útihúsa að ræða, skal það útborgað í tveim hlutum, þannig að fyrri hlutinn skal greiddur þegar húsin eru komin undir þak og síðari hlutinn þegar þau eru fullgerð og um upphæð útborgunar fer í hvert sinn eftir sömu reglum sem segir í 2. málsgr. þessarar greinar.

11. gr.

Skylt er ábúanda að halda vel við mannvirkjum þeim, er lán hefir verið veitt til úr Byggingar- og landnámssjóði. Trúnaðarmenn sjóðsins, er stjórn hans skipar, 2 eða fleiri í hverjum hreppi, skulu hafa eftirlit með viðhaldi byggingarinnar, og tilkynna stjórn sjóðsins, ef því er í einhverju ábótavant.

12. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn hverju því fasteignarveði, er stjórn sjóðsins tekur gilt.
b. Gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sje býlið ekki veðsett með fyrsta veðrjetti.
c. Gegn ábyrgð sýslu- bæjar- eða hreppsfjelaga að áskyldu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.

13. gr.

Vextir og afborganir lána og afgjaldskvaðir, svo og leiga eftir nýbýli, sem eru ríkiseign og andvirði þeirra ef seld eru, renna í Byggingar- og landnámssjóð.

14. gr.

Nýbýli, er reist verða á landi, sem er ríkiseign, skulu seld á leigu þannig, að afgjaldið sje aldrei hærra en 4% af verði lands að viðbættum 2% af verði húsa, eftir síðasta fasteignamati.

15. gr.

Landstjórninni er heimilt að taka lán, alt að 5 miljónir króna, hvort heldur er hjer á landi eða erlendis, handa Byggingar- og landnámssjóði til

stuðnings þeirri starfsemi, er honum er ætlað að vinna samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

16. gr.

Handbært fje sjóðsins skal jafnan standa á vöxtum í Landsbanka Íslands eða í jarðræktarbrjefum.

17. gr.

Stjórn sjóðsins og reikningshald skal falið Ræktunarsjóði Íslands, og hefur stjórn hans sjer til aðstoðar við lánveitingar þriggja manna nefnd, sem skipuð sje búnaðarmálastjóra, leiðbeinanda um húsagerð til sveita og þriðja manni, er atvinnumálaráðherra nefnir til. Skal ekkert lán veitt úr sjóðnum nema nefndin mæli með því.

Stjórn sjóðsins má, ef þörf krefur, ráða sjer til aðstoðar sjerstakan húsameistara, er þá kemur að öllu leyti í stað leiðbeinanda um húsagerð til sveita.

18. gr.

Yfirskoðunarmenn landsreikninganna skulu árlega endurskoða alla reikninga sjóðsins, og skal þeim greidd þóknun fyrir starf sitt. Skýrsla um starfsemi sjóðsins með áritun yfirskoðunarmanna, skal árlega birt í Stjórnartíðindunum.

19. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir umsjón með sjóðnum og setur hann nánari reglur um hann með reglugerð, þar á meðal hve háa upphæð samtals má árlega lána úr sjóðnum.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn lögum þessum og ákvæðum reglugerðarinnar.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við samningu frv. þessa hefir frv. til laga um Landnáms- og byggingarsjóð, er *milliþinganefndin í landbúnaðarmálum* hefir samið og sent stjórninni, verið lagt til grundvallar, og er meginhluti frv. þessa að mestu leyti samhljóða frumvarpi nefndarinnar. Verður síðar gerð grein fyrir þeim efnisbreytingum, sem gerðar hafa verið á einstökum greinum.

Í greinargerð milliþinganefndarinnar, með frv. hennar, segir svo:

»Á síðastliðnum þingum hefir mál það er frv. þetta fjallar um verið til umræðu. Það mun hafa verið tilætlun neðri deildar Alþingis á síðast liðnu þingi, að milliþinganefndin í landbúnaðarmálum, er Alþingi kaus, tæki það til meðferðar og undirbyggi fyrir næsta þing.

Því miður getur milliþinganefndin ekki, að svo vöxnu máli, gert endanlegar tillögur um það.

Frv. það er nefndin nú sendir frá sjer, er á engan hátt eins vel undirbúið og þyrfti að vera, og nefndin hefði kosið.

Til þess að undirbúa þetta mál eins rækilega og nauðsyn ber til, þarf mikil rannsókn að fara fram hjer innanlands á ýmsum þeim atriðum er mál þetta skiftir miklu, og sú niðurstaða er með því verður fengin, hlýtur að ráða mestu um það, hvernig því verður endanlega skipað. En aðalhugsjónin er liggur til grundvallar fyrir þessu máli, um að það opinbera stuðli verulega að því að auka og flýta fyrir ræktun landsins, viðhalda og fjölga býlum út um sveitir þess, er ekki einungis rjettmæt, heldur sjálfsögð. Það atriði þessa máls er því ekkert rannsóknarefni.

Það er öldungis víst að engum fjármunum er betur varið, en þeim, er ganga til að auka gróður landsins og efla þá starfsemi er fram fer í sveitunum.

Mörg hjeruð í þessu landi hafa svo góð skilyrði til aukinnar ræktunar, að þegar hún er komin mun lengra aleiðis, þá getur í þeim lifað mörgum sinnum fleira fólk en nú. Vjer búumst við að þetta sje mörgum manni ljóst. Nú er því miður þannig ástatt fyrir oss, að vjer höfum ekki fjármagn til þess að annast byggingu nýrra býla í stórum stíl í mörgum hjeruðum í senn, auk endurbóta og viðhalds allra þeirra býla er fyrir eru.

Fjölgun nýrra býla verður fyrst og fremst að koma þar, sem skilyrði fyrir þau eru best og þörfin mest. Búast má því við, þegar endanlega verður gengið frá þessu máli, þá þurfi að skifta landinu niður með tilliti til þessarar ræktunar. En eins og nú standa sakir er þetta ógerningur, í það minsta að miklu leyti. Til þess að geta gert ákveðnar tillögur um það, hvar nýbýli skuli fyrst um sinn aðallega reist, þarf náinn kunnugleik á helstu gróðurhjeruðum landsins. Stærð landa til sjós og sveita, gróðri þeirra, hverjar sýnilegar horfur eru á um atvinnuhætti hinna ýmsu hjeraða í náinni framtíð o fl. Um þetta atriði og ýmislegt fleira, sem hjer er ekki talið, en málið snertir þó mjög mikið, hefir nefndin als ekki getað aflað sjer upplýsinga. Að afla þesskonar vitneskju hlýtur að taka langa stund. Það er ekki einu sinni hægt, án mikils undirbúnings, að fá vitneskju um stærð óræktaðra landa í öllum kauptúnum landsins, og þá auðvitað enn síður um stærð landa til sveita, og er það þó nauðsynlegt fyrir nefndina að fá, að minsta kosti nokkra vitneskju um það, áður en hún gengur til fulls frá tillögum sínum um þetta mál«.

. . . . . .

»En að nefndin samt sem áður, skilar nú tillögum frá sjer um málið, stafar sumpart af því, að síðasta þing sýnist beint að hafa ætlast til þess, en þar við bætist ennfremur það, að nefndin telur athafnir í þessu máli svo brýnar, að ekki megi slá þeim á frest, ef nokkur tök eru á framkvæmdum. En það vill nefndin þegar taka skýrt fram, að þessar tillögur hennar eru að eins til bráðabirgða, og býst nefndin við að málið komi frá henni síðar í nokkuð breyttri mynd.

Nefndin býst við að svo kunni að fara, að þeim mönnum er aðallega hafa ætlað þessum sjóði að byggja upp nýbýli, þyki all mjög geiga frá því marki eftir tillögum nefndarinnar.

Nefndin vill fúslega viðurkenna það, að eftir tillögum hennar er ekki

síður lögð áhersla á endurbygging sveitabæja, en á stofnun nýrra býla, en hvorttveggja er þó hægt að vinna, eftir tillögum nefndarinnar.

Skal nú gerð stuttlega grein fyrir því, á hvaða ástæðum nefndin byggir þessar tillögur sínar.

Þegar nefndin fór að athuga það verkefni, er henni var falið að vinna, var það meðal annars eitt mál sem öllum nefndarmönnum kom ásamt um að þjakaði sveitabúskapnum langmest og tilfinnanlegast, það eru húsnæðisvandræðin til sveita.

Íslensku sveitabæirnir eru undantekningarlítið illa hýstir og viðhald þeirra dýrt og vanhirt, og einkum nú á síðustu tímum hefir lítið verið að þessu unnið, sem stafar af því hvað byggingarefni — og vinna — hefir verið afar dýrt.

Eins og kunnugt er streymir fólkið jafnt og þjett úr sveitunum til kauptúnanna. Fólkinu í landinu fjölgar ca. um hálft annað þúsund á ári, en í flestum sveitahjeruðum landsins fækkar fólkinu með ári hverju, frá því sem áður var. Í kaupstöðum og kauptúnum fjölgar því fólkinu meira árlega en allri fólksfjölguninni á landinu nemur. Það mun láta sist fjarri að að eins fyrir fólksfjölgunina þurfum við að fjölga íbúðum um 300 á ári hverju, og má fljótlega búast við því, að fólksfjölgunin verði það mikil að það nægi ekki. Auk þess þurfum við að halda við öllum eldri íbúðum. Nú eru mestar horfur á því að sumar jarðir fari í eyði, sökum þess að húsakynni eru svo ljeleg, að ekki er mönnum vært í þeim að búa. Er því ekki um annað að ræða fyrir þetta fólk, en að flýja til kauptúnanna. Síðari árin virðist ekki hafa verið neinn tiltakanlegur skortur á fje til þess að byggja hús í kaupstöðum t. d. í Reykjavík.

Á síðast liðnu ári (1926) var þriggja miljóna kr. lán tekið til veðdeildar Landsbankans. Það hefir verið upplýst að 95% af þessu fje hafi farið til kaupstaða og kauptúna, mest auðvitað til kaupstaðanna, en ein 5% til sveita. Nú á þessu vori var enn tekið lán til veðdeildarinnar, yfir 3 miljónir kr. Nefndinni hefir verið tjáð að megnið af því, sem búið er að lána af því fje, muni hafa runnið í sama farvegi og lánið í fyrra. Hjer í Reykjavík hafa verið bygð að talið er, mikið á annað hundrað hús í fyrra, og sennilega svipað í ár, og sumt af þessum húsum eru stórhýsi. Það er þess vegna ekki annað hægt að segja, en að kappsamlega sje að því unnið að koma upp húsum í Reykjavík. Þess verður lítið vart að fje skorti til þeirra hluta og er þó fullvíst, að mikið af þessum byggingum er bygt að miklu leyti fyrir lánsfje. En hreinasta undantekning ef lán fer til að endurreisa byggingar á sveitabýlum. Getur þetta leitt til þess og lítur enda út fyrir að af því leiði það, að menn verði að yfirgefa býli sín vegna illra húsakynna.

Það kynni að vera nokkuð vafamál, hvort með þessu móti er fullvel sjeð fyrir framtíð þjóðarinnar, ef svo fer að mikill meirihluti hennar flyst á mölina.

Það er svo sem auðvitað að það er fleira en hin illu húsakynni til sveitanna, sem er þess valdandi að fólkið leitar til bæjanna. Hin mikla atvinna sem peningarnir skapa, þar sem starfað er með þeim, dregur auðvitað líka fólkið til sín. Líka að þessu leyti hafa hinar afarmiklu byggingar í Reykjavík kallað á fólkið. Aðstreymi þess til Reykjavíkur hefir verið svo mikið, að þrátt fyrir þó afarmikið hafi verið bygt, þá hefir altaf verið hálfgerð húsnæðisekla í bænum.

Þetta hafa flestir þeir er hús leigja fært sjer ríkulega í nyt og sprengt húsaleiguna langt upp fyrir alla sanngirni, svo húsaleiga í Reykjavíkurbæ hefir nú um mörg ár verið hreinasta okur. Þetta hefir svo leitt til þess, að verkafólk hefir reynt af fremsta megni að halda kaupi sínu háu, en af öllu þessu leiðir dýrtíð svo mikla, að mestar horfur eru á að atvinnuvegirnir geti ekki borið uppi tilkostnaðinn við framleiðsluna, og hvar lendir það?«

Ennfremur segir milliþinganefndin, síðar í greinargerð sinni:

»Vitanlegt er það að fólksstraumurinn heldur áfram til kauptúnanna, hjer eftir sem hingað til, nema eitthvað alveg óvænt komi þá fyrir, ef fólkið á ekki kost á jafn góðri aðbúð og eins miklum lífsþægindum í sveitunum, eins og því býðst í kaupstöðunum. Það er ekki til neins að loka augunum fyrir þeirri staðreynd. Og nefndin er þess fullviss, að mismunurinn á aðbúð sveitafólks og kaupstaðarbúa er í engu eins mikill og hvað húsakynnin snertir. Á þessu verður tafarlaust að ráða bót, ef sveitirnar eiga ekki alveg að tæmast af fólki. Því fyr sem það er gert því betra«.

Ekki virðist ástæða til að taka hinar almennu ástæður fyrir nauðsyn sjóðstofnunar þeirrar, er ráðgerð er í frumvarpinu, nánar fram en gert er í hinum tilfærðu köflum úr greinargerð milliþinganefndarinnar. Þar virðist og einnig vera gerð nægileg grein fyrir því, að fyrst um sinn, eða þar til þessu máli verður endanlega skipað, verður Byggingar- og landnámssjóðurinn aðallega að lána fje til að endurreisa sveitabæi.

Skal nú vikið stuttlega að hinum einstöku greinum frumvarpsins og þá um leið gerð grein fyrir þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á frv. milliþinganefndarinnar.

Um 1. gr.

Eftir frv. milliþinganefndarinnar átti sjóðurinn að heita Landnáms- og byggingarsjóður, en heiti það er honum er gefið í þessu frumvarpi virðist betur valið með tilliti til fyrirhugaðrar starfsemi sjóðsins. Að öðru leyti gefur greinin ekki tilefni til sjerstakra skýringa.

Um 2. gr.

Samhljóða að efni frv. nefndarinnar nema í 1. b., kemur fyrir orðin: »leggja fram fje«: lána fje, og 1. c. er nýr liður.

Virðist rjett að fje til nýbýla á landi, sem er í einkaeign, sje lánað, en ekki lagt fram gegn neinni ævarandi kvöð.

Um liðinn 1. c., sem er nýr, skal tekið fram: Þar sem sjóður þessi er myndaður til þess að viðhalda og fjölga býlum í landinu, virðist rjett að fátækt kaupstaðafólk geti einnig notið góðs af honum og að hann styðji að þessu leyti viðleitni þess til að rækta landið.

Að öðru leyti þarf ekki að fjölyrða um þessa grein þar sem meginefni hennar hefir áður verið ítarlega rætt á Alþingi,

Um 3. gr. I. og II.

Greinin er að efni til að mestu samhljóða frv. nefndarinnar, en skilyrðin fyrir hverjum flokki um sig sundurliðuð til frekari glöggvunar og er 12. gr. í frv. nefndarinnar tekin hjer upp sem I. h. Í greinargerð nefndarinnar segir um greinina:

»Sjálfsagt er að sá sem fær fjárstyrk til að koma sjer upp býli, hvort heldur er nýbýli eða til þess að endurreisa bæ, eigi þegnrjett hjer á landi. Rjett virðist að konur jafnt sem karlar geti orðið þeirra hlunninda aðnjótandi, er sjóðurinn hefir að bjóða. Ekki sýnist ástæða til að sjóðnum sje ætlað að styrkja þá menn, er þegið hafa af sveit og standa í skuld fyrir fyrir þeginn sveitarstyrk. Þar sem búast má við að fje sjóðsins verði af skornum skamti, er rjett að þeir gangi fyrir, sem verst eru settir og eru að reyna að bjargast af eigin ramleik. Trygging verður að vera fyrir því að lántakandi úr sjóðnum . . . . . kunni til algengrar sveitavinnu, og hafi orð á sjer fyrir reglusemi og dugnað. Það væri of illa með þetta fje farið ef það komist í þeirra manna hendur, sem fyrirfram væri vitað um, að ekki kynnu með það að fara. Ekki virðist rjett að lána úr sjóðnum algerlega eignalausum mönnum. En hinsvegar er heldur ekki rjett, að þeir fái fje úr þessum sjóði, sem eiga það miklar fasteignir, að þeir geta að mestu eða öllu framfleytt sjer og sínum á þeim. Ekki getur komið til mála að styrkja sama mann til að koma upp (eða byggja) nema einu býli.

Þá er sjálfsagt að sjeð verði fyrir því, að ekki sje verið að eyða fjármunum til umbóta á þeim jörðum, sem fyrirsjáanlegar líkur eru til að eyðileggist, máske þegar minst varir«.

. . . . . .

»Ríka áherslu verður að leggja á það, að byggingar þær er sjóðurinn styrkir, sjeu vel gerðar. Og sjálfsagt er að stjórn sjóðsins þurfi að samþykkja gerð þeirra og á hvern hátt þær eru bygðar. Og að sjálfsögðu á að vera strangt eftir því litið, að þær sjeu bygðar eins og til er ætlast. Sjálfkjörnir til slíks eftirlits eru þeir starfsmenn ríkisins, er launaðir eru í því skyni.

Þar sem fjármunir þessa sjóðs verða mjög af skornum skamti, vafalaust lengi vel, er ekki nokkur meining í því, að fje sje lánað . . . úr sjóðnum, nema þar sem álíta verður að góð skilyrði sjeu fyrir lántakanda að bjargast.

3. gr. III.

Virðist með þessu móti best fyrir því sjeð, að lán úr sjóðnum til kaupstaða eða kauptúna, til að koma upp kúabúum, komi að tilætluðum notum.

Um 4. gr.

Þessi gr. er samhljóða 5. og 11. gr. í frv. milliþingan. Í greinargerð nefndar segir svo: »Þar sem telja verður endurbygging sveitabæja enn meir aðkallandi en stofnun nýrra býla, virðist sjálfsagt, að lán úr sjóðnum til þeirra sitji fyrir öðrum lánbeiðnum, þar til bændum verður á annan hátt sjeð fyrir ódýrum og hagkvæmum lánum til bygginga«.

Um 5. gr.

Þessi gr. svarar til 4. gr í frv. milliþingan. Í frv. hennar er stungið upp á, að »framlög« til nýbýla á landi, sem ekki er ríkiseign, skuli veitt gegn ævarandi afgjaldskvöð uf býlinu, er svari til 2% vaxta. En rjettara virðist að þetta sje lán, er endurgreiðist á ákveðnum tíma, og er til þess ætlast eftir þessu frumvarpi. — Þeir er reisa nýbýli á óræktuðu landi og koma því í rækt, vinna með með því svo mikið nytjaverk fyrir þjóðina og mun líka eiga við svo mikla örðugleika að stríða, að sanngjarnt er, að þeir fái lánið vaxtalaust, en endurgjaldi að eins höfuðstólinn á hæfilega löngum tíma. Þeir er reisa nýbýli, sem ræktað land fylgir frá upphafi, t. d. þegar jörð er skift á þann hátt, standa það betur ð vígi, að þeim ætti að vera fært að greiða lága vexti af láninu auk höfuðstólsins.

Um 6. gr.

Þessi gr. svarar til 7. gr. í frv. milliþingan. Sjálfsagt er að lántakandi leggi sjálfur fram nokkurt fje og einkum fyrirhöfn til að koma byggingunni upp, svo sem að hann sjái um allan flutning á byggingarefni, borgi kaup verkamanna og hluta af kaupi smiða.

Eftir frv. milliþn. var ætlast til að lán mætti nema alt að $^4/_5$ af áætluðu verði byggingunna, þó ekki yfir 10000 kr. En þau ákvæði virðast óþörf, eins og greinin er nú orðuð. Rjett virðist að leggja kostnaðarverð til grundvallar fyrir lánshæð en ekki áætlunarverð, en sjóðsstjórnin úrskurði kostnaðarreikningana og sje engan vegin bundinn um lánshæð við upphæð þeirra.

Um 7. gr.

Þessi gr. er afleiðing af 2. gr. 1. lið c. Það vtrðist eftir atvikum rjett, að þessi lán sjeu veitt með sömu kjörum og lán til að endurreisa sveitabæi.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. í frv. milliþn., og segir í greinargerðinni svo: »Þá kvöð verður að leggja á hvern þann, er tekur land til ræktunar og fær fje úr sjóðnum til að stofna nýbýli, að hann friði það sem allra fyrst að tök eru til.

Það kann nú að virðast nokkuð hörð krafa að maður, sem tekur alveg óræktað land, eigi að fullrækta 10 dagsláttur á fyrstu 5 árunum og það er áreiðanlega mikið verk, sem af honum er heimtað, en ef maðurinn ætlar sjer að hafa bjargræði af býli sínu, verður hann einmitt fyrstu árin að rækta mikið. Lánist það ekki eru minni horfur á því að honum hepnist að afla sjer bjargræðis af býlinu, er stundir líða. Það mun því mega teljast hyggilegt að hafa svona lagað ákvæði í lögunum«.

Um 9. gr.

Greinin svarar til 10. gr. frv. milliþn. en er allmikið breytt frá henni í þá átt að tryggja betur, að eignir þær, er lán hefir verið veitt til úr sjóðnum lendi ekki í »braski«. Má að sjálfsögðu ekki láta jarðir þær eða býli, sem hjálp hafa fengið svo sem ráðgert er í frv., lenda í höndum fjárglæframanna, svo að

þangað lendi gróðinn af hjálp landsins. Á móti þeim hlunnindum, að fá lán úr sjóðnum með jafn vægum kjörum og frv. gerir ráð fyrir, varður það að koma, að ábúandi jarðarinnar eða býlisins geti notið þeirra, þó eigandaskifti verði, og þannig haft möguleika til að bjargast og halda umbótum áfram.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 13. gr. frv. milliþn. en er að nokkru breytt frá henni vegna þess að lánsupphæðin á að miðast við kostnaðarverð en ekki áætlunarverð. Útborgunartíminn verður sá sami ng í frv. milliþn, en hlutarnir verða misstórir og svarar það betur til þarfa lántakanda en trygging sjóðsins verður þó ávalt næg eða með öðrum orðum hið útborgaða stendur ætíð í hlutfalli við þegar útlagðan kostnað

Um 11. gr.

Greinin svarar til 14. gr. fr. milliþn. Í frv. þilliþn. var kveðið svo á, að »þeir menn er þar til verða kjörnir« skyldu hafa eftirlit o. s. frv. Hjer er sagt: »Trúnaðarmenn sjóðsins, er stjórn hans skipar, 2 eða fleiri í hverjum hreppi o. s. frv«, og er það nákvæmara.

Um 12. gr.

Greinin svarar til 15. gr. frv. milliþn. og og er samhljóða henni og gefur ekki tilefni til skýringa.

Um 13. gr.

Greinin samhlj. 16. gr. frv. milliþn. og þarf ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin samsvarar 6. gr. í frv. milliþn. og virðist vera hjer á viðeigandi stað. Hámark afgjaldsins er nýtt ákvæði í þessu frumvarpi og virðist það hæfilega sett.

Um. 15. gr.

Greinin svarar til 17. gr. í frv. milliþn. og er lánsheimildin hjer hækkuð um 1 milj. króna frá tillögu nefndarinnar. Má þessi upphæð ekki lægri vera eftir því verkefni, sem sjóðnum er ætlað að vinna samkv. frumvarpi þessu.

Um 16.—20. gr.

Þessar gr. svara til 18.—22. gr. í frv. milliþn. Á þeim eru engar breytingar gerðar frá því, sem er í frv. nefndarinnar, nema 2. mgr. 17. gr. er viðbætt. Má ætla að verkefni sjóðsins verði svo mikið, að þess gerist full nauðsyn, að hafa sjerstakan og fullgildan húsameistara til ráðuneytis, og mundi þá sá hinn sami gera uppdrætti að húsum þeim er sjóðurinn veitti lan til eða endurskoða og endurbæta uppdrætti, er aðrir gerðu, og lánþegar sendu með lánbeiðnum sínum. — Það má ætla að rjett sje sð kveða á um það í reglugerð hve hárri upphæð má árlega verja til lána, og framlaga til byggingar nýbýla, sem er eign ríkisins.

Að öðru leyti er ekki ástæða til skýringa.

27. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóvember 1905, um bændaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast, í samráði sið stjórn Búnaðarfjelags Íslands' að gera þær breytingar á skipulagi bændaskólans á Hólum, sem hjer verða taldar:

a. að bæta undirbúningsdeild við skólann, þar sem veitt verði almenn lýðskólafræðsla,

b. að auka, svo að miklu nemi kröfurnar, til verklegs náms nemandanna, við jarðrækt, búfjárhirðing og önnur landbúnaðarstörf,

c. að reka skólabúið fyrir opinberan reikning, enda verði skólastjórinn þá jafnframt bústjóri og gerður um það sjerstakur samningur við hann.

d. að láta verða þær breytingar á kennaraliði skólans og reglugerð hans sem nauðsynlegar eru til þess að reka skólann með þessu skipulagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1928.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alkunnugt er að á hinum síðari árum hafa heyrst raddir um að breyta þyrfti bændaskólunum, einkum í þá átt að auka verklega námið, enda eru nú liðin meir en 20 ár síðan lög voru sett um þá.

Nú stendur svo á að gera má ráð fyrir að skólastjóraskifti verði á Hólum, svo að tækifæri væri gott til þess að koma á breyttu skipulagi við þann skóla. Hefir sá skóli og verið miður sóttur, svo mörgum árum skiftir. Virðist því liggja beint við að reyna nýtt skipulag þar, en hinn bændaskólinn starfi áfram á sama grundvelli og áður, enda hefir hann notið mikillar aðsóknar.

Hjer er að eins gert ráð fyrir heimild fyrir landsstjórnina í samráði við Búnaðarfjelag Íslands. Hið nýja skipulag yrði að setjast í náinni samvinnu við og hliðsjón af þeim manni, sem væntanlega tæki við forstöðu skóla og skólabús á Hólum, en sá maður er að sjálfsögðu ófundinn enn. Um einstök atriði í nýju skipulagi skólans, ef til kæmi, er hjer ekki ákveðið, heldur gert ráð fyrir að það verði gert með reglugerð. Í lögum verður hvort sem er aldrei kveðið til hlítar á um slíkt. Eins og oft hefir verið tekið fram, verður það að fara saman, ef auka á verklega námið verulega, svo að búið yrði um ýmislegt rekið beinlínis með kenslu fyrir námssveinana fyrir augum, að reka búið á opinberan kostnað. — Undirbúningsdeild, með lýðskólasniði, í sambandi við skólann, ætti ekki að krefjast aukinna kenslukrafta. En hún ætti að verða til þess að glæða aðsókn að skólanum. En henni samfara þyrfti sú breyting að verða á kennaraliðinu að

einn kennaranna a. m. k. yrði lýðskólakennari sem ekki þyrfti að hafa sjermentun í búfræði.

28. Frumvarp

til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Landareign hverri innan þinglýstra takmarka, fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita) sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Nú liggja landamörk um hverasvæði þannig, að einhver hluti hveragufunnar og loftsins, eða laugavatns liggur svo í landareign beggja landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá hver landeigandi eiga helming.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir um rjettindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill annar hagnýta hvera- eða laugaorkuna, sem er sameiginleg, en hinn ekki, og getur þá hinn fyrri hagnýtt alla orkuna, svo sem væri hún öll í hans landi. Hinn síðari á engar bætur fyrir orkuna, en hann getur hvenær sem er, síðar leyst inn sinn hluta til þess að hagnýta hana sjálfur.

Óheimilt er hver- eða laugareiganda að breyta að nokkru leyti farveg þess vatns, er hverinn þeytir frá sjer, eða afrensli laugar.

3. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitarjettindi, nema með sjerstöku leyfi ráðherra. Kaup á slíkum rjettindum eru landkaup.

4. gr.

Landeiganda er rjett að hagnýta sjer hvera og laugar, eða ráðstafa þeim, eins og honum þykir best henta, sbr. þó 2. gr. Hann hefir rjett til að stífla frárensli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garð um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, án þess hætta stafi af, eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sjerstakri heimild.

Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sjerstök hætta stafar af.

5. gr.

Óheimilt er landeiganda, eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sje talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum.

6. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Ma því ekki byrja á verkinu, fyr en það hefir verið álitið af úttektarmönnum, og þeir talið það rjettmætt.

7. gr.

Ef hjeraðsstjórn telur rjett, að taka hveraorku einhverrar jarðar, til almennra afnota í hjeraðinu, og fær til þess samþykki ráðherra, þá hefir hún rjett til að taka orkuna eignarnámi, þó þannig, að jarðeigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega hveraorku til nauðsynja sinna, nema hann óski heldur endurgjalds í peningum. Um eignarnámið fer að öðru leyti eftir lögum nr. 61, 14. nóvbr. 1917.

8. gr.

Nú er hveraorka talin meiri en svo, að hún nægi jarðeiganda einum og hjeraðsbúum eftir að fram hefir farið rannsókn sú, sem rætt er um í 10. gr., og hefir ríkið þá rjett til að taka hverina eignarnámi á sama hátt, sem segir í 7. gr.

9. gr.

Þegar búið er að taka hverina eignarnámi sbr. 7. og 8. gr. eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki, og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi. sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

10. gr.

Ríkið hefir rjett til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hjer. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemdum við rannsóknina, eða biði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati úttektarmanna, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í tje við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

11. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem jarðhita nytja, fer eftir ákvæðum vatnalaga, um raforkuver og veitur, og eftir ákvæðum laga nr. 7, 15. júní 1926 um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vjelum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum.

12. gr.

Nú vill einhver annar en landeigandi eða umráðamaður, bora eftir jarðhita, og sýnir að hann er þess megnugur, og skal hann þá fá leyfi til þess hjá lögreglustjóra. Í leyfisbrjefi skal tiltekið á hvern hátt rannsókninni skuli hagað, og hversu stórt svæði er látið af hendi. Skal miða það við, að leyfisbeiðandi fái nægilega stórt svæði til rannsóknar, og væntanlegrar hagnýtingar með borun, án þess að vænta megi verulegra truflana frá borholunum utan svæðisins. Tiltekið skal í leyfisbrjefi, hversu nálægt mörkum svæðisins leyfishafi megi bora með tilliti til væntanlegra borana annara utan svæðisins. Skal lögreglustjóri í því efni fara eftir áliti ráðunautar ríkisstjórnarinnar.

Áður en leyfi er veitt, skal lögreglustjóri tilkynna landeiganda, að sótt hafi verið um borunarleyfi.

Sá er borunarleyfi fær, öðlast einkarjett á leyfissvæðinu til jarðhitarannsókna, og forgöngurjett til virkjunar þeim jarðhita, er hann finnur, enda greiði hann árlegt gjald til ríkissjóðs, eftir því, sem nánar verður tiltekið í leyfisbrjefinu. Fyrir leyfisbrjef skal greiða 200 krónur, er renna í ríkissjóð.

Leyfishafi skal greiða fullar bætur fyrir átroðning, er landeigandi kann að verða fyrir, og þau óþægindi, er hann kann að baka öðrum með rannsóknum sínum, eða með hagnýtingu jarðhitans. — Ef ágreiningur verður um endurgjaldið, skal úr því skorið með mati.

13. gr.

Leyfisbrjef til borunar, eða forgangsrjett til borunar má ekki framselja nema með leyfi ráðherra.

14. gr.

Nú er borunarrannsókn lokið og skal þá byrjað á hagnýting jarðarhita innan ákveðins árafjölda, sem tiltekinn er í leyfisbrjefinu, þó aldrei síðar en innan 10 ára. Að öðrum kosti fellur forgangsrjettur leyfishafa til virkjunar jarðhita niður, og er þá hverjum heimilt að fá nýtt leyfi til borunar og hagnýtingar eins og segir í 12. gr. Við umsókn um borunarleyfi, ef fleiri eru, gengur hagnýting til almenningsþarfa fyrir, og umsókn hjeraðsstjórna fyrir umsóknum einstakra manna.

15. gr.

Til virkjunar jarðhita, sem borað hefir fyrir, þarf leyfi ráðherra, ef meir en 500 hestöfl (hreyfiafl) eru, og fara að öllu leyti með, sem vatnsafl

væri, eftir vatnalögum. Hitaveitur, sem fá jarðhita, er borað hefir verið fyrir, skulu háðar sama eftirliti og vjelar og eimkatlar á landi.

16. gr.

Ef borunarmanni er synjað um leyfi til virkjunar, af því hjeraðsstjórn eða ríkisstjórn vill sjálf hagnýta orkuna til almennra þarfa, á hann rjett til að fá endurgreiddan allan kostnað, er leitt hefir af borunum hans, og eftir atvikum bætur eftir mati fyrir rjettindamissi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta þingi bar þáverandi 1. þm. Reykvíkinga, Jakob Möller, upp í Nd. tillögu til þingsályktunar um, að ríkisstjórnin ljeti undirbúa undir næsta Alþingi lög um eignar- og afnotarjett hveraorku. Benti flutningsmaður á, að ekki væri síður nauðsyn á löggjöf um þetta efni heldur en á lögum um afnot vatnsorku. Einn þingmanna, Sveinn Ólafsson 1. þm. Suður-Múlasýslu benti á, að um eignar- og afnotarjett hveraorku væri til fullkomlega skýr lög, nefnilega 9. og 10. gr. vatnalaganna 20. júní 1923. Tillagan var samþykt með öllum þorra atkvæða.

Þótt stjórnin verði að viðurkenna, að í umræddum 2 greinum vatnalaganna, og fleirum ákvæðum þeirra felist bein og bindandi lagaákvæði um eignar- og umráðarjett hveraorku, þá verða þau ekki talin fullnægjandi að öllu leyti, fari hveranotkun í vöxt til nokkurra muna, eins og útlit er fyrir, og þar sem það er upplýst undir umræðum málsins, að Verkfræðingafjelag Íslands hefir talið þörf á löggjöf um þetta efni, hefir ríkisstjórninni þótt sjálfsagt, að verða við ósk neðri deildar Alþingis, um að láta undirbúa lagafrumvarp um þetta efni.

Áður en minst er á einstakar greinar frumvarpsins, skal það tekið fram, að það hefir ekki þótt við eiga, að taka beint fram í frumvarpinu, til hvers nota mætti hvera og laugaorku, með því að sú upptalning mundi aldrei verða tæmandi, og gæti því orðið villandi. En það skal tekið fram, að hagnýting orkunnar telst *öll* nýting, sem hægt er að hafa af orkunni beinlínis eða óbeinlínis. Til upplýsingar skal hjer skýrt frá, hvernig sjerfræðingar lýsa hagnýtingunni.

Þeir skifta henni þannig:

a. Í beina hagnýtingu vatnsins eða gufunnar til **hitunar.**
   1. Til heimilis og búsþarfa, svo sem suðu, vatnshitunar, húshitunar og garðræktar.
   2. Til almenningsþarfa, svo sem til sundlauga, baðhúsa og þvottahúsa.
   3. Til iðnaðar, svo sem til vatnshitunar, eimingar saltlausna (saltsuðu) o. fl.

b. Í hagnýting vatnsins eða gufunnar til *hreyfiorku* með lágþrýstings eimtúrbínum, á þann hátt, að orkunni er aðallega breytt í raforku, með því að láta eimtúrbínur knýja rafmagnsvjelar, og raforkan síðan notuð:
   1. Til almenningsþarfa, lýsingar heimilis og til búsþarfa, garð- og jarðræktar, vjelarekstrar í smáiðnaði og handiðn.
   2. Til meiri háttar iðnaðar og iðju.

c. Í óbeina hagnýting vatnsins eða gufunnar til *lækninga* vegna geislamögnunar eða lofttegunda, sem upp úr jörðunni koma, samfara heita vatninu eða gufunni.

Því, sem talið er undir a-lið má koma við að minna eða meira leyti samfara b. og c. Þannig má vinna hreyfiorku fyrst úr vatninu eða gufunni, og nota vatnið síðan til upphitunar. Það vatn eða gufa, sem notuð er til lækninga má án efa nota á eftir eða samtímis samkvæmt a. 2.

Um einstakar greinir er þetta að athuga.

Um 1. gr.

Sú regla, að landeigandi hafi fullan umráða- og afnotarjett á hverum í landareign sinni, er í fullu samræmi við forn lög vor og núgildandi lög, samkvæmt 9. og 10. gr. vatnalaganna, sbr. 2. gr.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru einnig í samræmi við gildandi lög, sbr. vatnalögin. Það virðist rjett, að skoða eigendur tveggja eða fleiri nágrannajarða, sem sameigendur, því hitasvæðið getur náð yfir þær, án þess hægt sje að tilgreina nein föst takmörk um, hvar hitinn hættir eða byrjar. Að þessu leyti verða að gilda nokkuð víðtækari reglur heldur en um vatnsrjettindi, sem venjulega eru föstum takmörkum bundin. Ef ágreiningur verður um notkunina, þykir rjett, að matsmenn ákveði hana, sbr. 6. gr. nefndra laga.

Um 3. gr.

Jarðhitarjettindi eru einn óaðgreinanlegur hluti landareignar, og virðist því rjett að ákveða, að þau megi ekki selja sjerstaklega undan henni, nema með sjerstöku leyfi. Ef slík kaup eru leyfð, ber að skoða þau sem landkaup, sbr. 16. gr. vatnalaganna.

Um 4. gr.

Þetta ákvæði, sem er í fullu samræmi við 9. gr. 1. lið vatnalaganna mun væntanlega ekki þarfnast frekari skýringa.

Um 5. gr.

Er samhljóða 10. gr. 1. lið vatnalaganna.

Um 6. gr.

Þetta ákvæði verður að teljast nauðsynlegt. Mannvirkið verður eðlilega eign jarðeiganda og tekið út á sínum tíma, og þá metið af úttektarmönnum, og fær hann þá kostnaðinn endurgoldinn eins og segir í lögum um ábúð og úttekt jarða 12. jan. 1884, 20. gr.

Um 7. og 8. gr.

Aðal-tilgangurinn með ósk Alþingis um, að ríkisstjórnin undirbyggi lög um hagnýting hveraorku, var sá, að heimila hjeraðsstjórnum og ríkisstjórn að-

gang að því, að geta hagnýtt sjer hana, ef landeigandi væri þess ekki megnugur, eða hún væri meiri en svo, að hann þyrfti á henni að halda. Eru ákvæði um slík eignarnám í þessum tveimur greinum, sbr. 54. gr. vatnalaganna.

Um 9. gr.

Þessi ákvæði leiða af tveimur undanfarandi greinum, og eru í fullu samræmi við 55. gr. vatnalaganna.

Um 10. gr.

Það þykir sjálfsagt, að ríkisstjórninni sje heimilt að rannsaka hveraorku, hvar sem er á landi hjer, hvort heldur er í hverum, eins og þeir koma fyrir í landareign manna, eða með borun. Um önnur ákvæði greinarinnar þykir ekki ástæða til að fjölyrða.

Um 11. gr.

Um þessa grein er óþarft að fjölyrða frekar. Þau ákvæði vatnalaganna, er hjer koma aðallega til greina, er að finna í V. kafla þeirra.

Um 12. gr.

Þá þykir það og rjett úr því löggjöf um hveranotkun er sett á annað borð, að heimila mönnum leyfi til þess að bora eftir jarðhita og hagnýta hann eftir á. Ákvæðin í þessari grein og næstu greinum eru bygð á þeim grundvallarreglum, sem finnast í námulögum nr. 50, 30. júlí 1909.

Um 13. og 14. gr.

Þykir ekki þurfa frekari skýringa.

Um 15. gr.

Þessi grein þarfnast heldur ekki frekari skýringa. Að hitaveitur, sem stafa af borun, sjeu undir sjerstöku eftirliti, mun ekki þurfa nánari sannana. Hve mörgum hestöflum orkan eigi að nema, til þess að leyfi ráðherra þurfi til virkjunar, er auðvitað alt af álitamál. Hjer hafa 500 hestöfl verið nefnd, en sennilega gæti eins komið til mála, að miða við 1000 hestöfl.

Um 16. gr.

Ákvæðin í fyrri hluta greinarinnar verður að telja sjálfsögð. Það verður hinsvegar ekki beint sagt um rjettindamissinn. En þó geta boranir einstaks leyfishafa verið svo dýrmætar, að það væri mjög ósanngjarnt, að hann fengi engar bætur nema fyrir fyrirhöfn og beint útlagðan kostnað.

29. Frumvarp

til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

6. gr. jarðræktarlaganna orðist svo:

Sjerhver sá, er á rjett til að fá styrk af opinberu fje, samkvæmt lögum þessum, skal vera fjelagi í búnaðarfjelagi hrepps eða bæjar.

Búnaðarfjelag Íslands hefir eftirlit með öllum jarðræktarfyrirtækjum, sem unnin eru samkvæmt lögum þessum. Eftirlitið er falið trúnaðarmönnum, sem Búnaðarfjelag Íslands skipar, í samráði við búnaðarsamböndin. Fjelagið fær mönnum þessum ítarleg erindisbrjef. Borgun fá þeir frá hlutaðeigandi sambandi og hreppsbúnaðarfjelagi, eftir reglum sem Búnaðarfjelag Íslands setur í samráði við búnaðarsamböndin.

Stjórn hreppsbúnaðarfjelags skal árlega færa inn á skrá, samkvæmt því formi er Búnaðarfjelag Íslands ákveður, allar jarðabætur hvers einstaklings á fjelagssvæðinu.

2. gr.

Fyrir orðin: »og má þá veita . . . . kostnaðar við verkið«, í niðurlagi 7. gr. komi: og skal þá veita þeim, er verkið ljet framkvæma, styrk úr ríkissjóði, er nemi kr. 1.50 fyrir hvert metið dagsverk.

3. gr.

8. gr. orðist svo:

Nú sljettar maður tún sitt eða eykur eða ræsir fram til túngræðslu, eða girðir tún eða land, sem tekið er til ræktunar, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemur 1 kr. fyrir hvert metið dagsverk, ef sannað er fyrir Búnaðarfjelagi Íslands, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er um ræðir í 9. og 11. gr.

4. gr.

10. gr. fellur niður.

5. gr.

Upphaf 12. gr. orðist svo:

Nú gerir maður nýjan matjurtagarð og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi 30 aurum á hvert metið dagsverk, þar með talinn girðingarkostnaður, en eigi áburður.

Fyrir 400 í niðurlagi greinarinnar komi 200.

6. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Atvinnumálaráðuneytið gefur út reglur, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, um hversu votheystóftir skulu gerðar og hvar settar. Nú hefir sá, er

gera lætur votheystóft, eftir að reglur þessar eru gefnar út, fylgt þeim í öllu, og Búnaðarfjelag Íslands telur að hann hafi brýna þörf fyrir tóftina, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi 50 aurum fyrir hvert metið dagsverk.

7. gr.

13. gr. laganna fellur niður.

8. gr.

Aftan við 14. gr. bætist:

Ágreining um kostnað við fyrirtæki þau, sem styrk fá úr ríkissjóði samkvæmt þessum kafla, úrskurðar ráðherra. Minni vinna hjá hverjum einstökum en 5 dagsverk nýtur ekki styrks samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

27. gr. orðist þannig:

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð er bygð, skal jafnan þar sem við getur átt, ákveðið í byggingarbrjefinu, að leiguliði megi vinna af sjer landsskuld og leigur með jarðabótum á leigujörð sinni. Jarðabætur, sem leiguliði greiðir landsskuld og leigur með, skulu metnar til slíkrar greiðslu þriðjungi minni en ella, þannig, að sá sem greiðir landsskuld og leigur með jarðabótum, lætur þriðjungi hærri fjárhæð en afgjaldsupphæðinni nemur. Skal hvert dagsverk metið 4 kr. 50 aura.

Sama rjett hafa landsetar ríkissjóðs, sem nú eru, þar með taldir prestar og bændur á hjáleigum prestssetra, þó afgjald hjáleignanna sje metið upp í heimatekjur presta.

Með landsskuld af jörðum telst í þessu sambandi afgjald eftir allar jarðarnytjar, svo sem veiði, varp o. fl., þó að sjerstaklega sje metið.

10. gr.

29. gr. orðist svo:

Nú vill leiguliði á þjóðjörð eða kirkjujörð vinna af sjer landsskuld og leigur, eins og segir í 27. gr., að nokkru eða öllu leyti, og skal honum það heimilt með þeim jarðabótum, sem nefndar eru í II. kafla jarðræktarlaganna 7.—13. gr. — Engin jarðabót er gild borgun upp í landsskuld og leigur, nema fullgerð sje og vel af hendi leyst að áliti Búnaðarfjelags Íslands, í gjalddaga þeirrar landsskuldar eða leigna, er greiða á með henni.

11. gr.

Um verkfærakaupasjóð.

Fyrstu fimm árin eftir að lög þessi ganga í gildi skal að eins greiða hlutaðeigendum $^4/_5$ hluta af styrk þeim, sem veittur er samkv. II. kafla jarðræktarlaganna. Fimmtungur styrksins skal lagður í sjóð, sem nefnist Verkfærakaupasjóður. Úr ríkissjóði skal auk þess árlega greidd í sjóðinn jafnhá upphæð

og haldið er eftir af jarðabótastyrknum. Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn Verkfærakaupasjóðs í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

Tilgangur sjóðsins er að ljetta undir með bændum, einstökum, eða fleirum í fjelagi, að eignast hestaverkfæri til jarðræktar.

Búnaðarfjelag Íslands segir fyrir um hvað telja beri nauðsynleg hestaverkfæri til jarðræktar á sveitabæ. Engum má veita hjálp úr sjóðnum til frekari verkfærakaupa.

Eftir því sem fje sjóðsins hrekkur til árlega, skal því varið til að kaupa fyrir hestaverkfæri handa þeim bændum, sem leggja fram jafnmikið fje og nemur framlagi sjóðsins. Skulu umsóknir sendar Búnaðarfjelagi Íslands.

Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 300 kr.

Búnaðarfjelag Íslands ákveður hvaða verkfæri skuli kaupa og sjer um útvegun þeirra.

Nánari ákvæði um starfsemi Verkfærakaupasjóðs setur atvinnumálaráðuneytið í reglugerð, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

12. gr.

VII. og VIII. kafli jarðræktarlaganna (41.—43. gr.) falla niður.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að mestu leyti samið með hliðsjón af tillögum frá Búnaðarþingi 1927, af milliþinganefnd þeirri í landbúnaðarmálum, sem skipuð var 19. sept. f. á., samkvæmt þingsályktun síðasta Alþingis, og fer hjer á eftir greinargerð nefndarinnar um frumvarpið. Ráðuneytið hefir þó bætt inn í frv. 1., 7. og 11. gr., og breytt nokkuð 8. gr. frá því, sem nefndin ætlaðist til. Skal hjer farið nokkrum orðum um þessar greinar:

Um 1. og 7. gr.

Það hefir þótt rjett að breyta 6. gr. jarðræktarlaganna í samræmi við það, sem síðasta Búnaðarþing ætlaðist til, bæði að því leyti, að hver sá sem rjett eigi til styrks af opinberu fje skuli vera fjelagi í búnaðarfjelagi hrepps eða bæjar, og að því er eftirlit með jarðræktarframkvæmdum snertir. Það þykir líklegt og sýnt með reynslunni, að frekar muni verða af jarðræktarframkvæmdum þar, sem búnaðarfjelög eru, og að menn muni fúsari að taka þátt í slíkum fjelagsskap og þátttakan verði almennari, ef jarðræktarstyrkur er bundinn við það, að menn sjeu í búnaðarfjelagi hlutaðeigandi sveitar. Það er ætlast til, að í erindisbrjefum trúnaðarmanna Búnaðarfjelags Íslands verði nákvæmlega tekið fram um mat og mæling jarðræktarframkvæmda, samkvæmt II. kafla laganna, en þau verk er þeim ætlað að annast. Verður því 13. gr. jarðræktarlaganna óþörf og má falla niður, eins og gert er ráð fyrir í 7. gr.

Um 8. gr.

Hjer er ákveðið að minni jarðræktarvinna hjá hverjum einstaklingi en 5 dagsverk, veiti ekki rjett til jarðabótastyrks og virðist það líka það minsta, sem til greina geti komið. Nefndin hafði ætlast til að 10 dagsverk væri það minsta, sem gæfi rjett til styrks, en ýmsum einyrkjum gæti þó orðið óhægt að vinna svo mikið, en hins vegar rjett að meta viðleitni þeirra, þó lítil sje, og hefir því takmarkið verið fært niður í 5 dagsverk.

Um 11. gr.

Þessi tillaga er komin frá stjórn Búnaðarfjelags Íslands. — Alviðurkent er, að skortur jarðyrkjuverkfæra er einn aðal þröskuldur í vegi þess, að jarðræktarframkvæmdir verði svo almennar sem vera ber. Vinnuflokkar búnaðarsambandanna hafa unnið sitt mikla gagn í bili, en að hinu verður að keppa, að hin nauðsynlegustu jarðyrkjuáhöld sjeu til á nálega hverju sveitaheimili og jarðyrkjan heimilisstörf. — Með tillögu þeirri, sem hjer er borin fram, ætti það mark að nást, áður en alt of langt líður. — 20% af jarðabótastyrknum, eins og hann var í fyrra, eru 35,000 kr. Með jöfnu framlagi úr ríkissjóði hefði Verkfærakaupasjóður yfir 70 þús. kr. að ráða árlega til verkfærakaupanna og annað eins ætti að koma á móti frá einstaklingunum. Nú mun láta nærri að sæmilega fullkomin jarðyrkjuverkfæri, þ. e. plógur og þrjú herfi, kosti 600 kr. Fengjust þá slík verkfæri í 233 staði á ári, og að sjálfsögðu yrðu fleiri saman um þau í fyrstu.

Greinargerð milliþinganefndar í landbúnaðarmálum.

Um leið og milliþinganefndin í landbúnaðarmálum lætur frá sjer frumvarp þetta um breyting á jarðræktarlögunum vill hún stuttlega gera grein fyrir þessum breytingum.

Þó vill hún fyrst taka það fram, að eins og nefndin hefir látið í ljósi við atvinnumálaráðuneytið í brjefi dags. 15. þ. m., sjer hún sjer ekki fært að taka til fullrar endurskoðunar fyrir næsta þing, jarðræktarlögin, af þeim ástæðum sem þar eru teknar fram, að það myndi síðar geta komið í bága við það sem nefndin vildi leggja til um þau atriði í öðrum málum, er grípa inn í jarðræktarlögin. Samt sem áður sjer nefndin það, að nokkrar breytingar á lögunum, sem bæði eru aðkallandi í framkvæmd laganna og í öðru lagi óskir um, má gera nú, þó að aðalendurskoðun þeirra verði frestað þar til nefndin hefir rannsakað önnur skyld mál.

Nefndin hefir því tekið upp nokkrar af breytingum þeim, sem síðasta Búnaðarþing lagði til að gerðar yrðu á lögunum ásamt nokkrum viðbótarbreytingum frá nefndinni. Allar þessar breytingar telur nefndin til bóta að komi strax í framkvæmd meðan frestur verður á frekari endurskoðun. En ekki þykir rjett að breytingar þessar verði feldar inn í lögin þar sem það yrði ekki nema óþarfa kostnaður.

Skal svo vikið að einstökum greinum.

Um 2. gr.

Lögin ákveða nú að bygging áburðarhúsa og safnþróa sjeu styrkt að 1/3 kostnaðar. Það þarf því stöðugt mat á því hvað vinna og efni kostar, ef fylgja á nákvæmlega lagastafnum. Nú hefir framkvæmd laganna orðið sú að borgað hefir verið víst á dagsverkið eins og nú er lagt í það og er það miklu þægilegra og umsvifaminna. Hitt er annað mál að ekki verður sagt að nákvæmlega hafi verið fylgt lagastafnum. En þar sem nú liggur fyrir að meta upp ílagningu í dagsverk má búast við, að þetta færist til meiri jafnaðar en verið hefir og því sje rjett að slá því nú föstu. Má ætíð, eftir því sem vinna og efni hækkar eða lækkar í verði, færa til ílagningu í dagsverkið, án þess að lagabreytingu þurfi að gera.

Um 3. gr.

Þessi breyting er hliðstæð breytingunni í 1. gr. og byggist á sömu rökum. Þó er hjer aukið í girðingu um tún og land sem tekið er til ræktunar. Búnaðarþing hafði tekið í sínar breytingar girðingu um tún og er nefndin því samþykk; en hún hefir enn aukið við girðingu um land, sem tekið er til ræktunar. Er það aðalkostnaðurinn við byrjun nýræktar að girða landið. Og það er ekki nema lítið tímaspursmál, hvort girðingin er styrkt strax eða þegar landið er orðið að túni.

Um 4. gr.

Það varð ofaná í nefndinni að fella 10. gr. í lögunum niður, eins og Búnaðarþingið ákvað. Sum ákvæði greinarinnar eru augljós ósamngirni, svo sem ef niður falla jarðabætur hjá einhverjum, ef til vill til fleiri ára fyrir þá sök að öll vinna hefir gengið til annara nauðsynjastarfa t. d. húsabygginga. Þessu er hegnt með því að dæma þennan einstakling til þess að vinna skyldudagsverkin fyrir sig og sína menn, *öll árin*. Hitt er fremur athugandi um, hvort ekki sje rjett að líta á það sem nokkra skyldu við jörðina að vinna henni eitthvert gagn, án þess að þiggja þar styrk fyrir. En eins og þessu er nú háttað, verður það ekkert rjettlæti, að allir hafi þar sömu skyldur þegar litið er á aðstöðumismun og tækja til framkvæmdanna. En nú hefir nefndin ekki tök á að gera tillögur um þetta bygðar á tryggum grundvelli og leggur því til að greinin falli niður að minsta kosti að sinni.

Um 5. gr.

Þessi breyting er í samræmi við 2. og 3. gr. og þarf því ekki skýringar við.

Um 6. gr.

Hjer er ákveðinn styrkur fyrir nýjar búnaðarbætur, sem ekki eru í lögunum, súrheystóftir. Hefir búnaðarþing gengið frá þessari breytingu og er nefndin því sammála um, að nauðsyn sje á því að þær verði almennari en nú eru, og líklegt að styrkurinn hjálpi þar nokkuð til.

Um 9. gr.

Þessi breyting miðar í sömu átt og fyrri breytingar með ákveðið mat á dagsverki og er það til þess að fyrirbyggja að farið sje eftir verðlagsskrár dags-

verki um heyannir. Má telja þetta góð kjör fyrir leiguliða til þess að vinna af sjer landsskuld eða leigur fyrir aðrar jarðarnytjar, þegar litið er til þess að flestir hafa lífstíðarábúð og eru því að vinna í sinn eigin hag þar sem þeir uppskera hagnaðinn af jarðabótunum.

Við greinina er bætt ákvæðum um að sama gildi um afgjald af jarðarnytjum, sem sjerstaklega eru metnar, eins og um landsskuld og er það í samræmi og í alla staði rjettmætt.

Um 10. gr.

Þessi breyting er til þess gerð að firra þann, sem vinna vill af sjer landsskuld og leigur, þeirri fyrirhöfn er því fylgir að þurfa að ráðgast um það við umboðsmann jarðarinnar hverjar jarðabætur eigi að gera, og hann svo aftur við Búnaðarfjelag Íslands. Er alt þetta óþarfa fyrirhöfn og því rjett að heimila ábúanda að vinna allar þær jarðabætur er nefndar eru í II. kafla jarðræktarlaganna, án íhlutunar annara. Trúnaðarmaður tekur svo út jarðabæturnar, svo engin hætta getur verið í þessu efni.

Um 12. gr.

Ríkisstjórnin ljet á árunum 1923—24 vinna til ræktunar svonefndan »Víði«, í landi Mosfells í Mosfellssveit, til nýbýla. Komst sú vinna svo langt að telja má langdrægt undir sáningu og við það stendur. Hefir nú verið selt af landinu, sem svarar til tveggja nýbýla, en hitt hefir presturinn að Mosfelli tekið undir jörðina. Hjer eru því ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði, er lögin gera ráð fyrir og ákvæðin því sjálffallin. Hitt verður ekki sagt um, hvort ástæða fyndist síðar til þess að taka upp svipað ákvæði.

Þar sem jarðræktarlögin gera ráð fyrir að full endurskoðun þeirra liggi fyrir næsta þingi, en nefndin hinsvegar hefir gert grein fyrir því hversvegna hún ekki framkvæmi þessa endurskoðun nema til bráðabirgða, þá telur hún rjett, að þau gildi að öðru leyti en því sem þeim er breytt með þessum lögum, þar til full endurskoðun fer fram.

30. Frumvarp

til laga um tilbúinn áburð.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að taka í sínar hendur einkasölu á hverskonar tilbúnum áburði frá 1. okt. 1928. Þá er þetta hefir verið ákveðið er engum öðrum heimilt að flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Meðan ríkisstjórnin annast útvegun tilbúins áburðar, er henni heimilt

að greiða úr ríkisstjóði þann kostnað sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

3. gr.

Áburðurinn er ekki útvegaður og seldur öðrum en hreppa- og bæjarfjelögum, búnaðarfjelögum og samvinnufjelögum bænda. Heimilt er að leggja á áburðinn alt að 5%. Það skal vera undantekningarlaus regla, að áburðurinn sje greiddur við móttöku. Að öðru leyti setur ríkisstjórnin, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, reglur um rekstur verslunarinnar.

4. gr.

Rekstrarfje til verslunar þessarar svo og allan annan kostnað við framkvæmd laga þessara greiðir ríkissjóður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í öllum aðalatriðum er frumvarp þetta samhljóða frumvarpi, sem borið hefir verið fram á undanförnum þingum, en hefir ekki náð fram að ganga. Er ástæðulaust að rekja hjer þær ástæður, sem bornar hafa verið fram áður um nauðsyn til þess að gera sjerstakar ráðstafanir til að auka notkun tilbúins áburðar og fella hann í verði. En þau tíðindi sem síðast hafa gerst hafa sist orðið til að draga úr nauðsyninni.

Af hálfu ríkisstjórnar og stjórnar Búnaðarfjelags Íslands var einn af stjórnarnefndarmönnum þess, Bjarni alþingismaður Ásgeirsson sendur utan til þess að kynnast viðhorfi málsins þar. Skýrsla hans um þá för fer hjer á eftir:

Hinn 9. nóvember síðastliðinn fór jeg utan á vegum Búnaðarfjelags Íslands og ríkisstjórnarinnar, í þeim tilgangi að afla upplýsinga um framtíðarhorfur verslunar með tilbúinn áburð, og leita sambanda fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, við þau verslunarfjelög sem hefðu með höndum þau áburðarefni, sem líkur væru til að helst yrðu notuð hjer á landi. Fór jeg til Danmerkur, Þýskalands og Noregs, og kynti mjer mál þetta eftir því sem tími vanst til og föng voru á. Var jeg 5 vikur í ferð þessari og kom til Reykjavíkur aftur 13. desember s. l.

Fyrst sneri jeg mjer til sjerfræðinga Dana í áburðartilraunum og ljetu þeir mjer góðfúslega í tje upplýsingar um helstu nýjungar í áburðarframleiðslu og áburðartilraunum, og gáfu mjer góðar bendingar að því leyti, sem mjer ekki var kunnugt áður, hvað okkur Íslendingum mundi að líkum best henta á því sviði og hvert hentast mundi fyrir okkur að fara til áburðarkaupa.

Vil jeg í nokkrum dráttum gera grein fyrir horfunum um áburðarverslun okkar Íslendinga, eins og sakir standa. Sem kunnugt er, þá eru áburðarefnin þrjú, köfnunarefni, fosforsýra og kali, nú aðallega seld einangruð í hinum ýmsu áburðartegundum (t. d. saltpjetur, superfosfat og kalísölt), og verður því að kaupa

allar þessar tegundir til að fá fullgildan alhliða áburð. Af þeim er köfnunarefnisáburðurinn verðmestur og dýrastur, og skiftir mestu um hann að fá hin bestu og beinustu sambönd. Af þeim áburði eru nú á markaðinum fjöldamargar tegundir. Hinar mest notuðu eru Chilesaltpjetur, Noregssaltpjetur, þýskur kalksaltpjetur og brennisteinssúr stækja. Hin ódýrasta af þessum áburðartegundum er brennisteinssúr stækja, sje miðað við köfnunarefnisinnihald, enda er hún mjög mikið notuð í Danmörku. En henni fylgja þeir annmarkar að hún er fremur þung í upplausn, og því ekki hentug hjer á landi, þar sem loftslag er kalt og sumar stutt, og jurtirnar þurfa greiðan aðgang að ljettuppleysanlegum áburðartegundum allan vaxtartímann. Einnig eykur hún sýru jarðvegarins og er því hentug þar sem jarðvegur er ekki súr, og greiður aðgangur er að kalki. Enda hafa tilraunir með þann áburð hjer á landi ekki gefið góðan árangur. Er því ekki ástæða til að gera ráð fyrir arðvænlegri notkun þess áburðar hjer á landi, fyr en nákvæmar rannsóknir sanna hið gagnstæða.

Chilesaltpjetur er góður ljettuppleysanlegur áburður, en hefir nú á síðari árum stöðugt dregist aftur úr í samkeppninni við norskan og þýskan saltpjetur, og er ekki gert ráð fyrir að hann verði aftur samkepnisfær hjer á Norðurlöndum. Þá eru eftir þýskur og norskur saltpjetur, sem undanfarin ár hafa náð síauknini útbreiðslu og til þessa kept innbyrðis um markaðinn. Áburðartegundir þessar eru mjög svipuðum eiginleikum búnar og hefir þó hinn þýski að ýmsu leyti þótt hafa yfirburði. Nú síðastliðið haust gerðust þau tíðindi, að fjelög þau sem framleiða þessar áburðartegundir runnu að nokkru leyti saman, þ. e. skiftust á hlutabrjefum innbyrðis og settu bæði fjelögin að nokkru leyti undir sömu stjórn. Er nú tilgangurinn að breyta framleiðslu norsku verksmiðjanna smátt og smátt í sama horf og hinum þýsku, og má gera ráð fyrir að hinn svokallaði Noregssaltpjetur sje innan skamms úr sögunni í þeirri mynd sem hann er nú. Sölufyrirkomulag fjelaganna verður nú þannig, að Norsk Hydro á að hafa með höndum heimasöluna í Noregi eingöngu, öll önnur sala fer í gegnum hendur þýska fjelagsins Stickstoff Syndikat, sem er grein af hinum mikla þýska hring, og hefir aðalskrifstofu sína í Berlin. Þaðan verður utanlandssölu hinnar norsku og þýsku framleiðslu ráðstafað jöfnum höndum, og verð vitanlega hið sama. Þetta fyrirkomulag gengur þó fyrst í gildi fyrir árið 1929. Þegar árið 1928 er liðið er ekki nema í eitt hús að venda eftir þeirri vöru, sem að öllum líkum verður aðalköfnunarefnisáburður okkar í framtíðinni.

Auk þessa verð jeg að geta nýjungar einnar sem er að gerast í áburðarframleiðslunni og búast má við að geti orðið okkur Íslendingum mikils virði. Hið áðurnefnda þýska fjelag Stickstoff Syndikat hefir nú alveg nýskeð byrjað að framleiða áburðarblöndu, sem samsett er af öllum áburðartegundum, köfnunarefni, fosforsýru og kalí. Blanda þessi er nefnd »Nitrophoska«, og er nokkuð mismunandi að efnainnihaldi. Ein tegundin svarar þó því sem næst til þeirra hlutfalla sem almennast eru notuð hjer á landi, þegar tilbúinn áburður er borinn á graslendi. Aðalkostur þessarar áburðarblöndu er hve sterk hún er, þ. e. hve mikill hluti hins aðflutta þunga yrði nothæfur áburður. Munar það svo miklu, að í 100 kg. Nitrophoska er álíka mikið af áburði og 250 kg. af venjulegum áburðartegundum, og sparast þannig $^{3}/_{5}$ hlutar alls flutningskostnaðar, bæði frá útlöndum

og eins við hinn langa og erfiða flutning innanlands, sem hjer mun ekki vega hvað minst. Þegar þar við bætist að áburður þessi er rúmlega 10% ódýrari en jafnmikill áburður í hinum áburðartegundunum. Leikur ekki vafi á því, að þetta muni verða langódýrasti áburðurinn, kominn heim á íslenskan bóndabæ, og framtíðaráburður fyrir okkur Íslendinga, svo framarlega að hann reynist öðrum áburðartegundum jafn-nothæfur, sem engin ástæða virðist að efast um eftir efnagreiningunni og þeirri litlu reynslu, sem þegar er fengin um hann. En það er hið sama um hann að segja og kalksaltpjeturinn, hann er ekki að fá nema á þessum eina stað.

Af því sem þegar er sagt, verður það ljóst að mikill hluti af þeim áburði, sem ástæða er fyrir okkur Íslendinga að gera okkur hvað bestar vonir um, er nú að komast á eina hönd, svo að öll samkepni um framboð er þar útilokuð. Nú sem stendur er það eitt aðal-áburðarverslunarfjelag Dana. »Dansk Gödningskompagni«, sem hefir einkasölu fyrir Ísland á þessum áburðarefnum. Ýms íslensk verslunarfjelög, t. d. S. Í. S., hafa gert ítarlegar tilraunir til að fá beint samband við Stickstoff Syndikat fyrir Ísland, en árangurslaust. Nú fór jeg fram á það við fjelag þetta, að það veitti ríkisstjórn Íslands einkasölu fyrir landið, og gat þess að undirbúningur væri með að lögleiða ríkiseinkasölu með áburð á næsta Alþingi. En eins og vitanlegt var fyrir fram, þá var allri áburðarverslun fyrir árið 1928 fullráðstafað þegar þetta var. En þar sem hins vegar nægur tími var til að taka ákvörðun um áburðarsöluna fyrir árið 1929, þegar sjeð yrði hvað Alþingi 1928 gerði um áburðarmálið, afrjeð forstjóri fjelagsins að bíða með ákvarðanir um málið þangað til. Hins vegar benti hann mjer á að athuga vel hvort Íslandi mundi betra að fá áburðinn út af fyrir sig heldur en í sambandi við annaðhvort stærsta áburðarverslunarfjelag Dana, »Dansk Gödningskompagni« eða »Dansk Andelsselskab«. Hafði jeg síðan tal af forstjórum beggja þessara fjelaga, og var verslunarsamband auðfengið hjá þeim báðum. En vegna ýmsra ákvæða í lögum Dansk Andelsselskab álít jeg viðskifti við það fjelag útilokuð, og kæmi þá til álita hvort hentara væri beint sjálfstætt samband við Stickstoff Syndikat eða í sambandi við Dansk Gödningskompagni. Til skýringar skal þess getið, að verslun Dansk Gödningskompagni við Stickstoff Syndikat var síðastliðið ár um hundrað sinnum meiri en notkun Íslands það ár, og viðskifti með önnur áburðarefni, svo sem kali og superfosfat, virðast sem stendur ekki vera hagkvæmari annarsstaðar. Þó að val um þetta geti að mínum dómi komið til álita, tel jeg samt sjálfsagt að ríkisstjórnin sæki svo fast sem unt er, að ná beinu verslunarsambandi, og sleppi ekki þeim rjetti, ef fengist, þótt hagkvæmara kynni að þykja samband við aðra fyrst um sinn, á meðan áburðarverslun landsins er að aukast.

Þó að jeg samkvæmt því sem hjer er sagt, telji mig ekki hafa heimild til að bera ríkisstjórninni loforð Stickstoff Syndikat um einkasölu fyrir Ísland, þá verð jeg að geta þeirrar persónulegu skoðunar minnar, að það mundi fást þegar svo væri komið að ríkisstjórnin hefði öll völd í máli þessu í hendi sinni, hvað innanlandsverslunina snertir. Hitt er mjög skiljanlegt, að fjelagið vildi hlíðra sjer hjá að gefa ákveðin loforð um þetta fyrirfram og ýta þannig undir ákvörðun sem gæti verið mjög á móti skapi stóru viðskiftavina þess (D. GK.) og gat skoðast sem móðgun við það.

Jeg mun nú ekki lengja skýrslu þessa að sinni, en að eins leyfa mjer að leggja til við hina háttvirtu ríkisstjórn, eftir að hafa athugað mál þetta, að hún beiti sjer eindregið fyrir að tekin verði ríkiseinkasala með tilbúinn áburð.

Byggi jeg tillögur mínar á eftirfarandi:

1. Ódýr innlendur áburður er eitt af aðal-skilyrðunum fyrir skjótri og arðvænlegri ræktun og aukinni framleiðslu landbúnaðarins.
2. Um áburðarefni alment er óhætt að fullyrða það, að til að geta komist að sem bestum kaupum á þeim er nauðsynlegt að kaupa þau í einu lagi, þar sem áburðarverslun okkar er enn svo hverfandi lítil, að skifting innkaupanna á margar hendur við ýmsar verslanir einungis spillir okkar samningsaðstöðu sem fyrirfram er nægilega erfið.
3. Um þýskan köfnunarefnisáburð og hina nýju áburðarblöndu Nitrophoska er það auk þess sjerstaklega að segja, að eina hugsanlega leiðin til að fá þau beint frá framleiðslustöðunum, er að koma á ríkiseinkasölu með áburð.
4. Þó að það ekki takist, eða t. d. samband við Dansk Gödningskompagni þætti að einhverju hentugra, er engu síður nauðsynlegt fyrir ríkið, að ná einkasölu hjá Dansk Gödningskompagni, sem hefir eitt með höndum sölu á þessum áburðartegundum fyrir Ísland, því að annars mætti eiga á hættu að einstakir menn eða verslunarfjelög næðu henni fyrir sig og fengju á þann hátt óeðlilega mikið vald yfir versluninni með þessa nauðsynjavöru íslensks landbúnaðar, þar sem hann væri ekki annarstaðar að fá.
5. Til að lækka flutningskostnaðinn til landsins er nauðsynlegt að sameina áburðar-innflutninginn á eina hönd, svo að hægt yrði að lesta sjerstök skip undir hann. Mun það ætíð reynast ódýrara og auk þess hagkvæmara viðvíkjandi skiftingu áburðarins á hafnir kring um land.

Einsætt virðist mjer að ríkisstjórnin hafi yfirumsjón með allri þeirri sameiningu sem hjer er gert ráð fyrir með áburðarverslunina, ráði nokkru um álagningu og annað er máli skiftir, hverjum sem hún kynni að fela framkvæmdir fyrir sig.

Virðingarfylst,

Reykjum, 20. desember 1927.

Bjarni Ásgeirsson.

Til Stjórnarráðs Íslands.
(Atvinnumálaráðuneytið).

31. Frumvarp

til laga um síldarmat.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Skoðun og mat skal fara fram á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, hversu sem hún er veidd, ef hún er söltuð eða kryddsöltuð hjer á landi eða hjer við land.

Skoðun þessa og mat framkvæma lögskipaðir matsmenn undir umsjón yfirmatsmanna og skal söltun síldarinnar fara fram undir eftirliti þeirra.

Nú hamlar veður veiðiskipi að koma afla sínum óskemdum á ákvörðunarstað, eða veiði er svo lítil, að skipstjóri telur ekki svara kostnaði að flytja aflann til hafnar, og má þá kverka síldina og salta í skipinu í lagarheldar tunnur um stuttan tíma, en taka skal síld þessa úr tunnunum þegar í stað er hún er komin þangað sem matsmaður er fyrir, og skal umsalta hana alla að nýju undir eftirliti matsmanns.

Öll síld, sem söltuð er til útflutnings í lagarheldar tunnur, skal vera undir eftirliti matsmanns frá því hún kemur að landi og til þess er hún er flutt út, nema hún sje bituð smátt eða meðfarin á sjerstaka iðnaðarvísu, alveg frábrugðna venjulegri söltun.

2. gr.

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af atvinnumálaráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness. Annar hefir aðsetur á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Hornbjargs og Dyrhólaeyjar. Fjórði hefir aðsetur á Seyðisfirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Dyrhólaeyjar. Atvinnumálaráðuneytið setur þeim erindisbrjef.

Yfirmatsmenn hafa að launum hver 2000 kr. á ári og dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður og fæðispeningar, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns, eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið úrskurðar.

Laun þeirra, ferðakostnaður og fæðispeningar greiðist úr ríkissjóði. Þeir fá einnig greiddan úr ríkissjóði nauðsynlegan símakostnað vegna síldarmatsstarfa.

Undirmatsmenn skipar lögreglustjóri eftir tillögum yfirmatsmanna og svo marga sem þörf þykir. Atvinnumálaráðuneytið setur þeim erindisbrjef, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra og skulu þeir hlýðafyrirskipunum yfirmatsmanna í hvívetna. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn og greiðir það síldareigandi, en sá er síldina verkar ber ábyrgð á greiðslunni.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

3. gr

Áður en síldveiðaskip fer á veiðar skal skipstjóri afla sjer eyðublaða undir skýrslur um veiði sína. Ráðuneytið gefur út eyðublöð þessi og skulu yfirmatsmenn sjá um að hvert síldveiðaskip geti fengið hæfilega mörg. Ber skipstjóra að fylla út eyðublöðin og tilgreina á þeim mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að innbyrða veiðina og hve mikil hún er í hvert skifti. Skýrslur þessar skulu síðan afhentar matsmanni síldarinnar, áður en byrjað er að salta hana. Vanræki skipstjóri að útfylla skýrslur þessar, má ekki salta síldina til útflutnings í lagarheldar tunnur.

Nú gefur skipstjóri ranga skýrslu um hve gömul síldin er þegar hann kemur með hana til söltunar, og varðar það sektum samkvæmt 10. gr.

4. gr.

Nú kemur síldveiðaskip að landi með nýja síld, og skal þá flytja hana þangað, sem matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra þegar að tilkynna honum komu sína, og má eigi byrja á söltun síldarinnar fyr en matsmaður hefir skoðað hana.

Meðan á söltun stendur, ber matsmanni að gæta þess vandlega að síldin sje nákvæmlega flokkuð eftir veiðiaðferð, stærð og gæðum, samkvæmt reglum sem atvinnumálaráðuneytið setur þar um, sömuleiðis að öllum mögrum og skemdum síldum verði kastað frá. Nú gætir einhver, sem að verkun vinnur ekki fyrirskipana matsmanns, eða sýnir óvandvirkni í starfi sínu, og getur matsmaður þá krafist þess að honum sje vikið frá starfinu um tiltekinn tíma.

Atvinnumálaráðuneytið getur ákveðið hvaða salttegundir megi nota í síld til útflutnings og hversu mikið það skuli vera í hverja tunnu í minsta lagi.

5. gr.

Undir matsskylda síld má einungis nota nýjar, hreinar og ógallaðar tunnur, enda sjeu þær úr góðu efni og vel smíðaðar. Getur matsmaður bannað að láta salta í þær tunnur, sem hann telur til þess óhæfar.

Að söltun lokinni skulu tunnurnar geymdar á góðum þurrum stað, og á svo góðum undirlögum, að þær liggi hvergi við jörð eða í bleytu.

Gamlar eða notaðar síldartunnur má ekki flytja til landsins til notkunar undir síld til útflutnings.

6. gr.

Nú hefir síldarmatsmaður grun um, að síld hafi skemst eftir söltun, af sólarhita eða öðrum ástæðum, eða að í henni sje mikil áta, og skal hann þá tilkynna það yfirmatsmanni, sem lætur nákvæma skoðun fara fram á hinni grunsömu síld.

7. gr.

Nú vill eigandi eða umráðamaður síldar senda hana til útlanda og skal hann þá tilkynna það yfirmatsmanni svo tímanlega, að hann geti látið fara fram frekari skoðun á síldinni áður en hún er flutt í skip, ef hann telur

þess þörf, og skal slik skoðun jafnan fara fram á allri sendingunni, ef síldin hefir ekki verið flutt út innan þriggja vikna frá því hún var söltuð.

8. gr.

Allri síld, sem send er hjeðan á erlendan markað, skal fylgja matsvottorð yfirsíldarmatsmanns, eða þess matsmanns, sem hann kann að veita umboð til að gefa út slíkt vottorð, ef hann, einhverra orsaka vegna, getur ekki verið viðstaddur, þegar vottorð þarf að gefa. Matsvottorð þetta skal rita á farmskírteini þau, er fylgja hverri síldarsendingu. Í vottorðinu skal það tekið fram, að ferming skipsins hafi farið fram undir eftirliti matsmanns, enda getur hann stöðvað ferminguna, ef ekki er í hvívetna farið eftir fyrirskipunum hans um umbúnað og frágang síldarinnar í skipinu. Atvinnumálaráðuneytið gefur út fyrirmynd að farmskírteini með árituðu matsvottorði.

Lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra skulu hver í sínu umdæmi sjá um það, að síldarfarmskírteini sjeu rituð á fyrirskipuð eyðublöð og fylgi matsvottorð hverri síldarsendingu sem þeir afgreiða, enda votti þeir undirskrift hlutaðeigandi matsmanns á farmskírteinið.

9. gr.

Alla matsskylda síld, sem út er flutt, skal merkja með lögskipuðu merki, sem nánar verður ákveðið af atvinnumálaráðuneytinu. Skal það málað á efri botn hverrar tunnu. Ennfremur skal setja í þar til ætlaða reiti söltunardag, merki er tilgreini veiðiaðferð, gæðamerki og flokkunarmerki síldar eftir stærð, sbr. 4. gr. Ennfremur neðan undir merkjunum einkennisstafi þess er síldina verkar og útflytjanda hennar.

Kryddsöltuð síld skal auk ríkismerkisins aðeins merkt með orðinu »Kryddsíld« og merki þess er verkar hana.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—5000 kr. sektum er renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 28. nóv. 1919 um skoðun á síld.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem atvinnumálaráðherra skipaði 27. desember 1926, til þess að athuga síldarmatið og koma fram með tillögur um breytingar á því, ef nefndinni þætti þurfa. Í nefnd þessari voru Kristján Bergsson,

formaður Fiskifjelags Íslands, Jón Bergsveinsson yfirsíldarmatsmaður, Haukur Thors framkvæmdastjóri og Vigfús Einarsson skrifstofustjóri í atvinnumálaráðuneytinu. Hafa þeir látið frumvarpinu fylgja athugasemdir þær, sem hjer fara á eftir:

Frumvarp þetta gerir mikla breytingu á síldarmatinu frá því sem verið hefir undanfarið. Að vísu hefir verið skylda að skoða alla nýveidda síld, sem ætluð er til útflutnings, en eftir þessu frumvarpi er ætlast til að síldin verði ekki að eins skoðuð, til þess að forðast að söltuð verði niður til útflutnings skemd vara, heldur einnig að öll útflutningssíld verði flokkuð eftir stærð og gæðum, Í því liggur aðalmunurinn frá þeirri síldarskoðun sem nú á sjer stað, en það má ætla að þessi flokkun, ef framkvæmd verður vel og vandlega, hljóti að geta haft mjög mikla þýðingu fyrir síldarmarkaðinn. Eins og að líkindum ræður, getur ekki hjá því farið að slík flokkun hafi talsverðan kostnað í för með sjer og tefji nokkuð söltunina, sem getur verið bagalegt, þegar mjög mikið berst að í einu af síld, en við því verður ekki gert, ef matið á að verða að nokkrum notum. Enda þótt fiskimatið hafi talsverðan kostnað, fyrirhöfn og verkatöf í för með sjer, mun þó enginn neita því nú, að það hafi reynst gagnlegt fyrir fiskframleiðendur og aukið álit íslensks saltfiskjar á erlendum markaði. Svo mundi og sennilega verða um síldarmatið, ef það yrði framkvæmt jafn vandlega og fiskimatið er nú, en að því ber að stefna. Mundi þá að líkindum verða hægt að selja síldina eftir matsvottorði, eins og nú er gert með saltfiskinn, en eins og nú stendur er þetta ekki hægt, vegna þess hve litla trú kaupendur hafa á matinu og vegna þess að síldin er ekkert aðgreind.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram það sem hjer segir.

Um 1. gr.

Það er breyting frá því sem nú er, að kryddsíld á að skoða eins og aðra síld, sem söltuð er til útflutnings í lagarheldar tunnur, og er að eins ætlast til að undanskilin sje skoðuninni sú síld, sem skorin er niður í smábita (Gaffelbitar), eða að öðru leyti frá henni gengið á alt annan hátt en saltaðri síld.

Um 2. gr.

Yfirmatsumdæmin eru þau sömu og nú eftir frumvarpinu. Að eins eru takmörk milli Austurlands og Vesturlands umdæmanna í frumvarpinu, Dyrhólaey en ekki Reykjanesstá.

Laun yfirsíldarmatsmanna eru hækkuð upp í 2000 kr. með dýrtíðaruppbót, og virðist það ekki of hátt, þar sem yfirsíldarmatsmenn verða besta tíma ársins að gefa sig alveg við síldarmatinu og geta ekki stundað aðra atvinnu. Hinn hluti ársins verður þeim því að litlu liði.

Um 3. gr.

Sjálfsagt þótti að halda þessum skýrslum og virðist rjett að ganga stranglega eftir þeim.

Um 4. gr.

Þessi grein er ný og aðalatriðið í þessu frumvarpi. Eftir henni á að flokka síldina um leið og hún er söltuð eftir stærð og gæðum, og eftir því hvernig hún er veidd, hvort í herpinót, reknet eða lagnet eða stauranætur, og hvers kyns kastnætur. Til þess að ekki verði alt of margir flokkar og því meiri vandi að greina síldina sundur, er búist við að stærðarflokkar sjeu 3 og gæðaflokkar einnig 3. Það hefir þó ekki þótt rjett að taka nákvæm ákvæði upp í lagafrumvarpið um sjálfa flokkunina, með því að hentugra muni að skipa því atriði með reglugerð og erindisbrjefum matsmanna, eftir því sem í reyndinni kann að þykja haganlegast og vænlegast fyrir sölu síldarinnar.

Það hefir sýnt sig að alls ekki stendur á sama hvaða salt er notað í síld og þykir því rjett að heimila ráðuneytinu að ákveða þetta, sem að sjálfsögðu yrði að eins gert í samráði við yfirsíldarmatsmenn og síldarframleiðendur.

Um 5. gr.

Undanfarin ár hefir oft og einatt verið saltað mikið af útflutningssíld, sjerstaklega kryddsíld, í gamlar og áður notaðar tunnur, sem iðulega hafa verið fluttar inn frá útlöndum í þessu skyni. Þetta er mjög varhugavert, þar eð síldin getur hæglega skemst í slíkum flátum, fremur en í nýjum ógölluðum tunnum, og þykir því rjett að banna slíkt með öllu, og til frekari fullvissu einnig allan innflutning á gömlum tunnum til síldarsöltunar.

Sama sem hjer er sagt um gamlar notaðar tunnur gildir vitanlega um ónotaðar tunnur, sem skemdar eru orðnar af illri meðferð.

Það hefir vafalaust verið síldarversluninni til mikils meins undanfarið, hversu illa hefir verið farið með síldartunnurnar eftir að búið hefir verið að salta í þær, þannig að þær hafa oft verið afarilla útlítandi er á markaðinn hefir komið. Hefir því þótt rjett að setja ákvæði í frumvarpið um geymslu tunnanna, þangað til þær eru fluttar í skip.

Um 6. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 7. gr.

Það þykir rjett að yfirmatsmaður geti jafnan látið skoða alla síld, um leið og hún er flutt út, og það því fremur sem lengra líður milli söltunar og útflutnings. Líði 3 vikur frá því er síldin er söltuð til þess er hún er flutt út, þykir rjett að skoðuð sje hver tunna, eftir því sem yfirmatsmaður telur þurfa.

Um 8. gr.

Það þykir rjett og nauðsynlegt að matsvottorð sjeu eins útbúin um alla síld, sem út er flutt, og er því ákveðið að undir farmskírteini og matsvottorð um síld sjeu notuð fyrirskipuð eyðublöð, sem gerð sjeu að opinberri tilhlutun.

Um 9. gr.

Það er óefað heppilegt að síld sú sem hjeðan flyst sje merkt með þar til gerðu lögskipuðu merki, er sýni að hún hafi fengið hið lögskipaða mat, og sje í þar til gerðum reitum enn fremur tilgreindur söltunardagur, bókstafur er sýni hvernig síldin er veidd, gæðaflokksheiti og stærðarflokksheiti, svo og einkennisstafir þess, er síldina hefir verkað, og útflytjanda, til þess að hægt sje að sjá hvaðan síldin er, ef á þarf að halda.

Um 10.—12 gr.

Þurfa ekki skýringa.

32. Frumvarp

til laga um Gagnfræðaskóla Reykjavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Stofna skal skóla í Reykjavík er nefnist Gagnfræðaskóli Reykjavíkur. Hann skal veita almenna fræðslu, bóklega og verklega, bæði konum og körlum.

2. gr.

Tvær ársdeildir skulu vera í skólanum. Með leyfi stjórnarráðsins má bæta við framhaldsnámi hinn þriðja vetur í tilteknum hagnýtum námsgreinum.

3. gr.

Námsgreinar í skólanum skulu vera þessar: Íslenska, norðurlandamál, enska, bókmentafræði, saga, landafræði, náttúrufræði, hagfræði, fjelagsfræði, reikningur, söngur, teikning, íþróttir, steinsmíði, trjesmíði, járnsmíði, netabæting, einfaldur fatasaumur og matreiðsla. Nemendur ákveða í samráði við skólastjóra hverjar námsgreinar þeir fella niður.

4. gr.

Við skóla þennan skipar stjórnin aðeins einn fastan starfsmann, skólastjórann. Skal hann jafnan njóta sömu launakjara og forstöðumaður Kennaraskólans. Laun hans greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Þriggja manna skólanefnd starfar við Gagnfræðaskóla Reykjavíkur. Bæjarstjórn Reykjavíkur kýs með hlutfallskosningu tvo til þriggja ára, og stjórnarráðið skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður til 5 ára í senn. Skólanefndin starfar endgjaldslaust.

6. gr.

Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans, ræður stundakennara og skiftir verkum með þeim. Skólanefnd semur reglugerð skólans, er stjórnarráðið staðfestir. Skólanefnd skal ennfremur undirbúa byggingu nauðsynlegra húsa fyrir skólann, ráða með skólastjóra bóka og áhaldakaupum og ráðstafa árlega með honum svo sem best má verða nemendum til gagns, kenslugjaldi því, sem skólanum áskotnast frá nemendum.

7. gr.

Fyrir hverja 20 nemendur greiðist í skólasjóð úr ríkissjóði 1500 krónur og jafnmikið úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Sömu aðilar leggja fram til helminga andvirði efnis við vinnukensluna. Hver nemandi greiðir í skólasjóð árlega $^2/_3$ af því skólagjaldi, sem það ár er tiltekið fyrir innanbæjarnemendur við landsskólana í Reykjavík.

8. gr.

Skólaárið er frá 1. okt. til 1. mai.

Greinargerð.

Með stofnun þessa skóla er ætlast til að bæta úr mikilli vöntun á almennri mentastofnun í höfuðstaðnum. Í sveit eru slíkir skólar oft nefndir hjeraðsskólar, en í kauptúnum geta ungmennaskólarnir vel heitið gagnfræðaskólar. Gera má ráð fyrir því að verulegar breytingar verði á næstu árum gerðar á hinni svo nefndu gagnfræðadeild Mentaskólans, sem aldrei hefir orðið sjálfstæður almennur ungmennaskóli, heldur eingöngu undirbúningsstofnun fyrir lærdómsdeildina. Hjer er gert ráð fyrir að Reykjavík fái loksins byrjun að þeim gagnfræðaskóla sem bæinn hefir lengi vantað.

Gagnfræðaskóli í Reykjavík ætti með tímanum að verða mjög stór stofnun. En því nauðsynlegra er að fara hægt af stað. Þess vegna er gert ráð fyrir að hafa fyrst um sinn að eins einn fastan starfsmann, skólastjórann, en bjargast að öðru leyti með stundakennurum, og njóta þess að í Reykjavík er úr miklu að velja í þeim efnum. Þegar skólinn hefir staðið nokkur ár, og reynsla fengist um starfsmenn og vinnuaðferðir, yrði að sjálfsögðu að tengja við skólann nokkra fasta kennara. Um kenslutilhögun er gert ráð fyrir að fylgt yrði í aðalatriðum þeirri reynslu, sem fengist hefir við hjeraðsskólana. Fyrri námsveturinn væri lögð stund á að kenna almenn fræði, en þó einkum móðurmálið, og vekja smekk fyrir fegurð sígildra bókmenta. Námsefni yrði frá byrjun sniðið eftir gáfum og þroska nemenda. Verklegt nám væri talið jafngilt bóklegum fræðum. Síðari vetur væri nemendum gefinn kostur á að leggja sjerstaklega stund á eina námsgrein, og að einbeita hæfileikum sínum við ákveðið verk.

Þar sem allur þorri manna í öllum löndum og á öllum öldum verður

að neyta brauðsins í sveita síns andlitis, eða með öðrum orðum að vinna erfiðisvinnu, þykir sjálfsagt að vinnunni sje ekki gleymt í slíkum skóla. Allur þorri karlmanna, sem vaxa upp í Reykjavík, leita sjer atvinnu á sjónum, og allur þorri kvenna sinna hússtjórn einhvern tíma á æfinni. Í ungmennaskóla þarf að vekja virðing fyrir vinnunni, en ekki óbeit og lítilsvirðingu. Eitt hið mesta nauðsynjamál samtíðarinnar er, að unga kynslóðin geti byggt yfir sig holl og góð, en þó ekki of dýr húsakynni. Á engan hátt verður slíku takmarki betur náð, en með því, að venja unga menn við steinsmíði og einfalt, en gagnlegt trjesmíði. Gert er ráð fyrir að úr steyptum steinum er nemendur gera, megi síðar reisa skólanum gagnlegar byggingar.

Í fyrstu er gert ráð fyrir að skólinn verði að sætta sig við lánuð og leigð húsakynni. Í hverjum bekk eiga að vera 20 menn og er gert ráð fyrir að fyrst um sinn megi afla sjer góðrar kenslu ef landið og bærinn leggja til helminga fram 3000 krónur árlega handa hverjum slíkum bekk, og í sömu hlutföllum nauðsynlegt smíðaefni. Með tekjum af kenslugjöldum er ætlast til að koma upp skólasjóði, sem sje upphaf að sjereign skólans. Getur slíkur sjóður í höndum áhugasamra og framgjarnra forráðamanna orðið til hins mesta gagns í framtíðinni.

33. Frumvarp

til laga um vernd atvinnufyrirtækja gegn órjettmætum prentuðum ummælum.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Hlutafjelög, samlagsfjelög, samvinnufjelög og önnur atvinnufyrirtæki, þar með talin þau, er rekin eru af hálfu hins opinbera, skulu njóta sömu lagaverndar sem einstakir menn gegn órjettmætum prentuðum ummælum, sem fallin eru til að hnekkja atvinnurekstri þeirra.

2. gr.

Nú telur einhver þeirra aðila, sem getur í 1. gr., sjer fjárhagslegt tjón gert með slíkum ummælum og skulu þá bætur þær, er honum kunna að verða gerðar, miðast við tjón það, er hann færir sönnur á, að ummælin hafi bakað honum áður en hann hóf málssóknina.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Íslenskt viðskiftalíf í sinni núverandi mynd er ungt. Dómstólar hjer á landi hafa þess vegna ekki langa innlenda rjettarvenju á að byggja, þegar meta

skal tjón af traustspillandi ummælum fyrir atvinnufyrirtæki. Sumir lagamenn líta jafnvel svo á, að samvinnufjelög og atvinnufyrirtæki landsins (landsverslun) njóti nú sem stendur engrar rjettarverndar gagnvart órjettmætri opinberri gagnrýni. Þá líta sumir lagamenn svo á að hlutafjelögum og fyrirtækjum einstakra manna beri skaðabætur fyrir gagnrýni, þó að hún sje í einu rjettmæt, sönnuð, og sannað að hún hafi ekki bakað hlutaðeigandi manni tjón. Þá er skamt til þess að dæma skaðabætur fyrir skaða, sem ekki hefir orðið en sem dómstóll heldur *að hefði getað komið til greina.*

Með frv. þessu er ætlast til að skorið verði úr tveim vafaatriðum í hugsun manna og rjettarfari landsins. Annarsvegar að samvinnufjelög og landsfyrirtæki njóti á allan hátt sömu rjettarverndar gagnvart traustspillandi ummælum á prenti eins og hlutafjelög og fyrirtæki í einstaklingseign. Í öðru lagi að bætur fyrir órjettmæta og ósanna gagnrýni í þessu efni skuli jafnan miða við það tjón, sem kærandi sannanlega hafði beðið þegar hann byrjaði skaðabótamálið.

34. Frumvarp

til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Varðskip landsins skulu eiga heima í Reykjavík. Skipverjar allir eru sýslunarmenn landsins. Þeir skulu vera slysatrygðir á kostnað landssjóðs, eftir sömu reglum og gilda um slysatryggingu hjá Eimskipafjelagi Íslands.

2. gr.

Skipstjórar varðskipanna og stýrimenn eru löggæslumenn Íslands á landhelgissvæðinu og þeim hafhlutum er með lögum kunna að verða sjerstaklega friðaðir móti togaraveiðum.

3. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að gera starfssamning til 6 ára í senn við skipstjóra, stýrimenn og vjelstjóra á varðskipunum. Skal samningur þessi vera gagnkvæmt bindandi fyrir báða aðila, alt hið umsamda árabil, nema báðir malspartar samþykki breytingu.

4. gr.

Vjelameistari ræður kyndara, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins, þá, sem ekki eru tilnefndir í 3. gr., nema sjerstaklega verði mælt öðruvísi fyrir í lögum. Um þá starfssamninga er vjelameistari og skipstjóri gera gildir þriggja mánaða uppsagnarfrestur fyrir báða málsaðila.

5. gr.

Skipstjóri getur vikið þeim skipverjum, er um ræðir í 4. gr., fyrirvaralaust frá starfi, ef honum þykir ástæða til, en greiða skal þeim umsamið kaup, eins og um uppsögn væri að ræða.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð um skyldur og störf skipverja á varðskipunum. Þátttaka í verkfalli varðar skipverja ábyrgð eftir lögum nr. 33, 1915.

7. gr.

Á hverju af varðskipum ríkissjóðs þarf ekki nema tvo meistara með vjelstjóraprófi.

8. gr.

Skipstjórum og stýrimönnum á varðskipunum skal skylt að kenna stýrimannaefnum er vinna á varðskipunum sjómensku bæði fræðilega og verklega, eftir því sem nánar kann að verða tiltekið í reglugerð.

9. gr.

Skipstjórar varðskipanna hafa að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Yfirstýrimaður og yfirvjelameistari hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en eftir 3, 6 og 9 ára þjónustu hækka launin um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 krónur.

Annar stýrimaður og annar vjelstjóri hafa að byrjunarlaunum 3200 kr., en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ar upp í 3600 kr.

Þriðji stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2800 kr., en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár upp í 3200 krónur.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41 1927 og lög nr. 51 1927, svo og önnur eldri lög og fyrirmæli er kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þegar frv. til laga um varðskip ríkisins og launakjör skipverja voru til umræðu á Alþingi 1927 var mikill skoðanamunur um einstök atriði í frumvörpum þessum. Sú stjórn, er bar málið þa fram, lagði mikla áherslu á að gera alla skipverja á varðskipunum að föstum embættis- og sýslunarmönnum landsins.

Stjórnin gerði ráð fyrir að skipstjórarnir á varðskipunum, sem þó áttu að sjálfsögðu að teljast undirmenn skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, gætu haft þriðjungi hærri laun en sá trúnaðarmaður landsins og jöfn laun ráðherrunum, auk hlunninda er fylgja starfinu. Yfirstýrimenn attu að geta verið minna en hálfdrættingar á við skipstjóra, en hins vegar átti yfirvjelstjórinn að hafa sömu byrjunarlaun eins og landsímastjóri. Byrjunarlaun undirkyndara áttu að vera jöfn byrjunarlaunum presta, samkvæmt launalögunum frá 1919, en yfirkyndara nokkru hærri. Andstæðingar frv. bentu á marga galla á frumvörpum þessum. Þeir töldu vafasamt að binda yfirstjórn skipanna æfilangt við sömu menn. Laun skipstjóra og vjelstjóra voru sannanlega í ósamræmi við launakjör annara hliðsettra starfsmanna landsins. Meðan íslenska krónan er ekki verðfest, gat verið hættulegt að skapa mörg föst embætti með launum sem miðuð voru við dýrtíð og kaupgjald eins og það er nú. Þá var bent á að spara mætti landssjóði veruleg útgjöld við útgerð varðskipanna með því að skipin væru jafnframt skólaskip fyrir stýrimannaefni landsins, en fylgismenn stjórnarinnar feldu tillögur er gengu í þessa att. Grunur var um það að óþörf eyðsla ætti sjer stað við útgerðarstjórn skipanna og var um það spurt, en þáverandi formaður stjórnarinnar taldi þar að eins um þóknun að ræða. En síðar hefir sannast að stjórnin greiddi 10.000 kr. manni er hafði með höndum bókhald og eftirlit varðskipanna, með öðru umfangsmiklu starfi. Hafði stjórnin gert þessa ráðstöfun bak við Alþingi.

Stjórnin kom frumvörpum sínum lítið breyttum gegnum Alþingi 1927. Litlu síðar voru lögin staðfest, en stjórnin skifti sjer ekki meira af málinu. Sýslur og embætti á varðskipunum voru ekki auglýst til umsóknar. Svo leið alt sumarið. Stjórn sú er borið hafði embættastofnun þessa svo mjög fyrir brjósti fór frá völdum án þess að hafa framkvæmt lögin. Er helst svo að sjá, sem hún hafi eftir á fundið missmíði á lagasetningu þessari og viljað gefa næsta Alþingi tækifæri til að breyta til betra vegar.

Núverandi stjórn var einmitt á þeirri skoðun að full þörf væri að endurskoða og breyta varðskipalöggjöf Alþingis frá 1927 og er að því stefnt með þessu frumvarpi. Síðar verður borið fram annað frv. um að nemendur stýrimannaskólans skuli vinna á varðskipunum áður en þeir koma á skólann. Á þeim stutta tíma sem liðinn er frá stjórnarskiftunum hefir þrent verið gert til að undirbúa meiri sparnað við rekstur varðskipanna. Bókhald varðskipanna hefir verið flutt í stjórnarráðið og virðist framkvæmanlegt að spara á þeim eina lið um 7000 kr. árlega. Laun skipstjóra hafa verið sett jöfn launum skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, í stað þess að þau voru áður jöfn launum ráðherra. Árlegur sparnaður við þessa breytingu er nú um 8000 kr. Í þriðja lagi hefir landsstjórnin boðið út kol til varðskipanna, og bendir fyrsta tilraunin í þá att að á þeim lið megi eins og nú háttar spara 20 – 25000 kr. árlega.

Með frv. þessu er reynt að sneiða hjá helstu ágöllum, sem voru á áðurnefndum byrjunartilraunum varðskipalöggjafarinnar. Laun skipstjóra eru sett jöfn launum hinna virðulegu starfsmanna þjóðarinnar, skrifstofustjóranna í stjórnarráðinu, en laun yfirstýrimanns og yfirvjelameistara jöfn launum símaverkfræðingsins. Laun vjelameistara eru lækkuð lítið eitt, með því að þau eru óeðlilega há ef lítið er á undirbúningskostnað þeirrar stjettar í samanburði við marga

aðra starfsmenn landsins, sem þurft hafa lengri og dýrari skólagöngu til sjernáms. Aftur á móti eru laun stýrimanna hækkuð lítið eitt, bæði af því þau voru óeðlilega lág, og með tilliti til þess að stýrimönnum er nú ætlað með skipstjórum að kenna tilvonandi nemendum stýrimannaskólans sjómensku.

Veruleg breyting frá eldri tillögum í þessu efni er það, að ráða yfirmenn skipanna til ákveðins árafjölda. Er í því etni fylgt fordæmi fyrverandi stjórnar, um starfssamning ákveðið árabil við fiskifulltrúa á Spáni. Með þessum hætti er landið ekki bundið við yfirmenn skipanna æfilangt, og er hægt að skifta um á auðveldari hátt en ef um venjulega veitingu er að ræða. Á hinn bóginn hafði landið enga trygging í varðskipslöggjöf Alþingis frá 1927, fyrir því að yfirmenn skipanna gengu ekki úr þjónustu landsins hve nær sem þeim var boðin betri atvinnukostur. Landið var bundið við þessa starfsmenn sína meðan þeir vildu nýta vistina, en þeir gátu yfirgefið landið og störf sín þar með litlum fyrirvara, hvernig sem á stóð.

Sú óvenja hefir komist á hjer á landi, að hafa fleiri vjelstjóra á tiltölulega litlum skipum, heldur en tíðkast hjá jafn ágætri og reyndri siglingaþjóð og Norðmönnum. Þykir ekki ástæða til fyrir landið að hafa fleiri starfsmenn á varðskipunum, heldur en þá, sem með þarf við hin nauðsynlegu, daglegu störf, með hæfilegum vinnutíma.

Með frv. þessu er lagður grundvöllur að skipulagi um strandgæsluna, þar sem í einu er tekið tillit til efnahagsástæða landsmanna og hinsvegar leitast við að tryggja örugga landhelgisgæslu.

Ed. **35. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþyktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskifti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sje þar seldur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Greinargerð.

Frumv. hefir áður legið fyrir Alþingi, og vísast til þess.

Nd. **36. Frumvarp**

til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson og Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Gullbringu- og Kjósarsýsla skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

2. gr.

Hafnarfjarðarkaupstaður skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar við næstu óhlutbundnar kosningar til Alþingis í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Fari þá fram kosning á aðeins einum þingmanni, skal hann kosinn fyrir Hafnarfjarðarkaupstað. Hinn þingmaðurinn telst þá þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu samkvæmt 1. gr.

Greinargerð.

Svipuð frumvörp um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi hafa verið fram borin á undanförnum þingum, en verið feld með litlum atkvæðamun. Má vænta þess, að hið nýkosna þing láti vera eitt af fyrstu verkum sínum að ráða bót á þeim misfellum á kjördæmaskipuninni, sem hjer eiga sjer stað. Ástæður fyrir skiftingunni eru óbreyttar.

Rjett þykir, að lög þessi komi til framkvæmdar svo fljótt sem unt er. Þar sem Hafnarfjarðarkaupstaður mundi sjerstaklega gjalda þess, ef kjördæmaskipun væri lengi óbreytt, er ætlast til þess, að verði aukakosning á kjörtímabilinu um aðeins einn þingmann, þá sje hann kosinn fyrir Hafnarfjarðarkaupstað og af hafnfirskum kjósendum einum.

Nd. **37. Frumvarp**

til laga um nauðungaruppboð á fasteignum og skipum.

Flutningsmaður: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Nú á fasteign eða skrásetningarskylt skip að seljast nauðungarsölu, og fer hún fram með einu uppboði, sem uppboðsráðandi auglýsir einu sinni með minst 6 vikna fyrirvara í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar.

Ef sá, er uppboðs beiðist, óskar frekari auglýsingar, sjer hann sjálfur um það. Þó skal uppboðsráðandi, um leið og hann sendir uppboðsauglýsinguna til birtingar, skýra eiganda frá uppboðinu, í ábyrgðarbrjefi eða á annan tryggilegan hátt, ef vitanlegt er, hver hann er og hann er búsettur hjer á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928 og frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagaboð:

Opið brjef 22. apríl 1817, 3. gr.,

Tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., að því leyti sem hún snertir auglýsingu nauðungaruppboða,

og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Greinargerð.

Eftir gildandi lögum verður að auglýsa nauðungaruppboð á fasteignum þrisvar sinnum með 14 daga fyrirvara, svo framarlega sem heimilt á að vera að afmá, að uppboðinu loknu, þau þinglesin eignarhöft, sem ekki hafa fengið fullnægingu á uppboðinu, og uppboðin eiga að vera 3. En það virðist alveg nægilegt að hafa þá reglu, að fasteignir sjeu seldar á einu uppboði. Það dregur úr kostnaði og venjan er sú, að enginn sækir 2 fyrri uppboðin, enda eru mjög víðtækar heimildir í gildandi lögum til þess að hafa aðeins eitt uppboð á fasteignum. Slíka heimild hefir t. d. Landsbankinn, veðdeild hans, Ræktunarsjóðurinn o. fl.

Ekki sýnist heldur þörf á að auglýsa uppboðið þrisvar í röð. Nægileg hlýtur ein auglýsing að vera, en hún verður að vera með nokkuð löngum fyrirvara, svo að eiganda gefist tækifæri til að gera þær ráðstafanir, er þarf, til þess að fá uppboðið afturkallað. Rjett virðist, að löggjöfin geri ráðstafanir til, að eigandi fái sjerstaka tilkynningu um uppboðið, ef það er unt án þess að ganga á rjett þess, er uppboðs beiðist.

Sömu reglur þykir rjett að gildi um skrásetningarskyld skip.

Nd. **38. Frumvarp**

til laga um þinglýsing skjala og aflýsing.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal hafa afsals- og veðmálabækur með tilheyrandi skrám, eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar hafa á hendi þinglýsing skjala og sjá um framkvæmd laga þessara, nema öðruvísi sje fyrir mælt sjerstaklega.

3. gr.

Skjal, sem þinglýsa á, skal afhenda dómara í því lögsagnarumdæmi, þar sem þinglýsing á fram að fara.

4. gr.

Skjali, sem snertir fasteign eða skráningarskylt skip, skal þinglýsa í þeirri þinghá, sem eignin er eða skipið skráð eða óskast skráð.

Skjali um báta, 5—12 smálesta að stærð, skal þinglýst þar, sem eigandi á lögheimili. Um minni báta en 5 smálestir fer sem um lausafje.

Skjali, sem ekki snertir fasteign eða skip, skal þinglýst þar, sem sá er búsettur, sem tekur á sig skyldur með skjalinu eða rjettur hans er takmarkaður með því.

Öðrum skjölum, sem þinglýsa á, má þinglýsa þar, sem sá óskar, sem afhendir skjal.

Nú snertir skjal bæði fasteign eða skip og mann persónulega, og skal því þá bæði þinglýst á varnarþingi fasteignar eða heimilisstað skips og á varnarþingi aðilja, ef þinghár þessar eru ekki hinar sömu.

5. gr.

Sá, sem vill fá skjali þinglýst, skal afhenda það í tveim samhljóða frumritum, ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðherra hefir löggilt til þess. Pappírinn skal vera hentugur bæði til áritunar með ritvjel og penna og til sölu við hæfilegu verði hjá öllum bóksölum landsins, sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum og hreppstjórum.

6. gr.

Þegar dómara er afhent skjal til þinglýsingar, skal hann sannreyna, að bæði eintök skjalsins sjeu samhljóða, og að því búnu ritar hann á bæði eintökin vottorð um móttökudag og stund, merkir þau bæði á sama hátt og afhendir síðan það eintakið, sem stimplað kann að vera, en ef hvorugt er stimplað, þá það, er honum sýnist.

7. gr.

Þinglýsing skjala fer fram á þann hátt, að dómari les upp á manntalsþingi, en í Reykjavík á bæjarþingi, skrá yfir þau skjöl, sem honum hafa borist í þessu skyni síðan síðasta manntalsþing í þeirri þinghá eða síðasta bæjarþing var háð.

Í skrá þessari skal getið, hver sje eigandi skjals, útgefandi þess, tegund og fjárhæð, ef nokkur er, og annars, sem þarf til þess að einkenna skjalið greinilega.

8. gr.

Gildi þinglýsingar telst frá því skjal er afhent dómara, ef því er lýst á næsta þingi eftir fyrirmælum 7. gr. Ef tvö skjöl, sem ekki geta samrýmst, eru afhent samtímis til þinglýsingar, hefir það forgangsrjett, sem fyr er dagsett. Ef bæði eru dagsett á sama degi, eru bæði jafnrjetthá.

9. gr.

Þegar skjal er afhent til þinglýsingar, skal dómari rannsaka, ef um fasteign eða skip er að ræða, hvort útgefandi hefir þinglýsta eignarheimild og hvort áður hefir verið þinglýst nokkuð það, sem fer í bága við eða rýrir gildi hins nýja skjals. Ef brestur er á um þetta, ritar dómari athugasemd um það á bæði eintök skjalsins, áður en hann afhendir annað þeirra.

10. gr.

Þau samrit þinglýsingarskjala, sem ekki eru afhent þeim, er þinglýsingar beiðast, geymast með embættisskjölum dómara á tryggum stað í sjerstöku skjalahylki, uns svo mikið er komið, að hæfilegt er í bók. Skulu samritin þá bundin í skinnband, og eru þær bækur afsals- og veðmálabækur lögsagnarumdæmisins ásamt þeim, sem þegar eru. Kostnaður af bandi bóka þessara telst til skrifstofukostnaðar.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um stærð veðmálabóka og annað, sem rætt er um í þessari gr.

11. gr.

Skrár þær, sem getur um í 1. gr., skulu vera skinnbundnar bækur, ein eða fleiri í hverju lögsagnarumdæmi. Í skrám þessum skal ætla hverri fasteign í lögsagnarumdæminu og hverju skipi, 5 smalestir eða stærri, að minsta kosti eitt blað, og skal jafnóðum og skjöl eru afhent til þinglýsingar geta þess skjals á blaði fasteignar eða skips í rjettri röð eftir afhendingu, þannig að nægilegt sje, þegar veðbókarvottorð eru gefin, að gefa þau eftir því, sem þar er skráð. Ennfremur skal í skrám þessum ætla hverjum bókstaf hæfilega mörg blöð, og skal þar á sama hátt getið skjala, sem ekki snerta fasteign eða skip. Fyrsti bókstafur í nafni útgefanda skjalsins segir til um, hvar slíkt skjal skuli skráð.

Þangað til fengin er í lögsagnarumdæmi ný eða nýjar skrár samkvæmt lögum þessum, má um skip nota skipaskrárnar, eins og segir í 2. gr. laga nr. 20, 10. nóv. 1907.

Lóðaskrár skal halda þar, sem það telst nauðsynlegt.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag skráa þeirra, er í þessari gr. getur.

12. gr.

Nú er þinglýsingarskjal ekki að stærð eins og fyrirskipað er, eða ekki þannig ritað, að hægt sje að binda það í bók, eða það er mjög ógreinilegt, eða eintökin ósamhljóða, eða skjalið hefir aðra svo verulega agalla, að ekki þykir fært að taka það til þinglýsingar og innfestingar í afsals- og veðmálabók, og má þá dómari neita um þinglýsingu, þar til úr er bætt.

13. gr.

Nú er skjal afhent dómara til aflýsingar, og skal hann þá þegar afmá það úr afsals- og veðmálabókum með því að rita á skjalið í bókinni, að því

sje aflýst og tilgreina ár og dag og setja nafn sitt undir. Hann skal einnig strika yfir skjalið í bókinni, svo að greinilega sjáist, að aflýst sje skjalinu, þó þannig, að engin vandkvæði sjeu á að lesa það síðar. Skjal það, sem afhent var til aflýsingar, fær dómari aðilja aftur með áritun um, að því sje aflýst og það afmáð úr afsals- og veðmálabókum umdæmisins.

Á næsta manntalsþingi eða bæjarþingi skal lesin upp skrá yfir hin aflýstu brjef, eins og segir í 7. gr. um þinglýsingar.

Um leið og skjal er afmáð úr afsals- og veðmálabók, skal strikað yfir það, sem um skjalið er skráð í skrám þeim, er 11. gr. ræðir um, þó þannig, að engin vandkvæði sjeu á að lesa það síðar.

14. gr.

Nú er veðsett fasteign eða skip selt á nauðungaruppboði eða fengið veðhafa til eignar af skiftaráðanda eða fógeta, án þess að síðari veðhafar hafi fengið greiðslu af því, er fasteignin eða skipið var selt eða latið fyrir, og skal þá afmá úr afsals- og veðmálabókunum þau veðbrjef, sem þannig falla úr gildi. Til þess að slík veðbrjef verði máð úr bókunum þarf ekki að afhenda þau dómara, en geta skal hann þess í áritun sinni á brjefið í bókinni, hvers vegna það er afmáð.

15. gr.

Nú hefir þinglýst skjal verið ómerkt með dómi, og má þá afmá það úr afsals- og veðmálabókum eftir reglum 14. gr., ef dómhafi óskar.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928 og frá sama tíma falla úr gildi þessi lagaboð:

Dönsku laga 5—3—28 til 30,

Opið brjef 22. apríl 1817, 1. og 2. gr.,

Tilskipun 24. apríl 1833,

Opið brjef 28. apríl 1841,

Lög. nr. 16, 16. sept. 1893, 1. gr.,

Lög nr. 20, 16. nóv. 1907, að því leyti sem þau snerta þinglestur, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Greinargerð.

Eftir gildandi reglum um þinglestur skjala ber að innfæra öll skjöl í afsals- og veðmálabækur og sýslumenn eiga að hafa þinglestrarskjölin með sjer á manntalsþing, og flestir munu hafa þann sið að lesa þau upp. Í Reykjavík er þessu þó hætt fyrir löngu, og má vera, að svo sje einnig sumstaðar úti um land.

Eftir því sem þinglestrarskjölum fjölgar — og þeim fjölgar jafnt og þjett — er innritunin meiri og meiri tímafrek og fyrirhöfn. Hjer í Reykjavík er t. d. orðinn svo mikill fjöldi þinglestrarskjala, að fullhart er orðið á, að einn maður anni því að innrita þau í afsals- og veðmálabækurnar, en aukningin annarsstað-

ar er sennilega í svipuðu hlutfalli, því að hún hlýtur að standa í beinu hlutfalli við aukin viðskifti og lántökur. Kostnaðurinn af innritun skjala í afsals- og veðmálabækurnar með tilheyrandi skrám (registrum) kemur auðvitað niður á ríkissjóði og má telja hann innifalinn í skrifstofukostnaði dómara. Því þarf ekki að lýsa, að það er áríðandi, að skjölin sjeu rjett innfærð í bækurnar, en veruleg trygging fyrir þessu er naumast fyrir hendi, því að samlestur á eftir mun ekki alstaðar framkvæmdur, síst tryggilega.

Vegna hins mikla starfs, sem í það fer að innrita skjölin í bækurnar, og vegna þess að það starf fer sívaxandi, er það eðlilegt, að athugað sje, hvort ekki sje fært að losna við þessa fyrirhöfn að meira eða minna leyti. Og svo virðist sem þetta sje unt. Það sýnist liggja nærri að skipa svo fyrir, að sá, sem vill fá skjali þinglýst, afhendi það í tveim eintökum og að annað verði eftir hjá hinum opinbera starfsmanni, sem um þessi mál fjallar, og síðar sjeu skjöl þessi bundin í bækur. Þegar það er athugað, að langmestur hluti þinglestrarskjala er gerður hjá lánsstofnunum á eyðublöð, sem að mestu leyti eru prentuð, en að öðru leyti rituð í vjelum, þá er auðsætt, að það er ólíkt minni fyrirhöfn fyrir stofnanir þessar að afhenda skjölin í 2 samritum en að innfæra alt skjalið í þar til gerða bók. Svipað má segja um skjöl, sem málfærslumenn búa út, því að slík skjöl eru undantekningarlítið eða undantekningarlaust vjelrituð. Hins vegar verður því ekki neitað, að krafan um afhendingu skjala í 2 eintökum eykur nokkuð fyrirhöfn þeirra, sem rita þau með penna, og ekki er heldur hægt að neita því, að fyrirskipun um ákveðinn pappír getur valdið nokkrum óþægindum, en þetta er varla svo mikið, að þess vegna sje ekki fært að fyrirskipa afhending í 2 eintökum. Þó skal það viðurkent, að til mála getur komið að láta reglu þessa aðeins gilda um Reykjavík, en hjer er gengið út frá, að reglan gildi um alt land.

Um hinar einstöku greinar frumv. þykir rjett að taka það fram, sem hjer segir:

Um 1.—3. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

Um 4. gr.

Í þessari gr. eru ekki nýmæli, en aðeins tekið nánar til, hvar skjali skuli þinglýsa, en gert er í gildandi lögum.

Um 5. gr.

Í þessari gr. er annað aðalnýmæli frumv. og vísast um það atriði til þess, sem sagt er í inngangi greinargerðar þessarar. Það leiðir af sjálfu sjer, að þar sem afsals- og veðmálabækurnar eiga að geymast lengi, verður pappírinn í þinglýsingarskjölum að vera góður. Og þar sem hann verður bæði notaður til að rita á með penna og vjel, verður hann að vera vel til hvorstveggja fallinn, enda er það engum vandkvæðum bundið. Jafnstór verður einnig pappír þessi að vera og stærðin því ákveðin. Ennfremur verður að tryggja, að nægilega breiðar óritaðar randir sjeu framan og aftan á hverri blaðsíðu, eins og á bókum, og mundi hentugt að afmarka þær með rauðum eða bláum strikum. Ætlast er til, að dómsmálaráðuneytið sjái um kaup á pappír þessum og komi útsölunni fyrir,

ákveði söluverðið, og ætti það að vera sem næst sannvirði. Mundi verðið þá verða lágt. Að öðru leyti er tilætlunin að fela dómsmálaráðuneytinu allar nánari ákvarðanir, enda er hjer aðeins bent á aðalatriðin.

Um 6. gr.

Þessi gr. gerir ráð fyrir, að sá, er skilar skjali til þinglýsingar, fái annað eintakið þegar í stað eða eftir örstuttan tíma, og er það talsvert hagræði fyrir aðilja.

Um 7. gr.

Hjer er farið fram á að lögfesta það fyrirkomulag, sem haft er hjer í bænum, enda ekki þörf á að lesa upp skjölin sjálf. Losnar dómari þá við að flytja skjölin með sjer á þingaferðum.

Um 8. gr.

Gildandi reglur um frá hvaða tíma þinglýsing öðlast gildi gagnvart þriðja manni eru nokkuð flóknar. Með því fyrirkomulagi, sem hjer er stungið upp á, verða þær mjög einfaldar.

Um 9. gr.

Þessi gr. er í samræmi við gildandi lög.

Um 10. gr.

Í þessari gr. er fólgin önnur aðalbreytingin á gildandi lögum. Gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðuneytið setji reglur um, hvernig þinglýsingarskjöl skuli geymd, þar til þau eru bundin inn í bók. Ákvæði um það eiga tæpast heima í lögum, og hið sama á væntanlega við um blaðsíðufjölda hverrar veðmálabókar, enda ekki óeðlilegt, að þykt bókanna geti nokkuð miðast við væntanlegan fjölda þinglýsingarskjala, þannig að hún yrði ekki alstaðar ákveðin hin sama.

Um 11. gr.

Um gagnsemi og áreiðanleik þinglýsingar og afsals- og veðmálabókanna er ekkert meira áríðandi en að skrárnar (registrin) yfir skjölin sjeu í góðu lagi og vel fyrir komið. Fyrir því ber að vanda þessar skrár af fremsta megni. Að sjálfsögðu er ókleift, er veðbókarvottorð eru gefin, að leita um allar veðmálabækurnar að því, sem þar kann að vera skráð og máli skiftir. Skrárnar þurfa því að vera svo áreiðanlegar, að eftir þeim einum megi fara, er veðbókarvottorð eru gefin út. Nákvæmar reglur um gerð skránna er ekki rjett að setja í lögum, heldur verður að fela það umboðsstjórninni. Sumstaðar á landinu mun skrám þessum vera áfátt, og er hin mesta nauðsyn að bæta úr því. Það er og mismunandi, hversu margar skrár þarf í lögsagnarumdæmunum.

Eftir gildandi lögum eru skipaskrárnar notaðar sem skrár afsals- og veðmálabóka að því er skip snertir. Lögin um veð í skipum frá 16. nóv. 1907 skipa þannig fyrir, og þó heimila þau veðsetningu skipa eftir fasteignareglum, ef þau eru 5 smálestir eða stærri, en skipaskrárnar ná ekki til skipa undir 12 smálestum. Eftir gildandi lögum virðist því vanta ákvæði um skrár skipa milli 5 og 12 smálestir. Úr þessu er bætt með frv., með því að fyrirskipa sjerstaka skrá yfir skip, en vitaskuld þarf skrá þessi ekki að vera í sjerstakri bók. Þangað til sjer-

stakar skrár eru fengnar, sem þó ætti að verða sem fyrst, má nota skipaskrárnar eins og hingað til.

Um 12. gr.

Það er auðsætt, að dómari verður að hafa heimild til að neita um þinglýsing skjals, sem að einhverju leyti er þannig úr garði gert, að það er óhæft til innfestingar í væntanlega afsals- og veðmálabók.

Um 13. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 14. gr.

Þessi gr. er að mestu í samræmi við 1. gr. laga nr. 16, 16. sept. 1893, um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum, en þó er því við bætt, að heimild gr. nái einnig til skipa, enda er það nauðsynlegt. Síðasti hluti gr. er og nýr.

Um 15. gr.

Ef veðbrjef hefir verið ómerkt með dómi, óskar dómhafi venjulega að fá brjefið strikað út úr afsals- og veðmálabók, og sýnist rjettast að hafa til þess beina heimild, sem ekki hefir verið í lögum hingað til.

Um 16. gr.

Þessi gr. gefur ekki tilefni til athugasemda.

Nd. **39. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29, 16. des. 1885.

Flutningsm.: Magnús Torfason.

Fyrri málsl. 5. gr. laganna hljóði svo:

Fógeti framkvæmir lögtak; þó má hreppstjóri gera lögtak í sveitum, þegar skuldin nemur ekki meiru en 1000 kr., enda sje lögtakið eigi gert í fasteign.

Greinargerð.

Peningar hafa fallið mjög í verði og álögur aukist margfaldlega síðan lögin um lögtak og fjárnám voru sett. Ákvæðið um að hreppstjórar megi aðeins gera lögtak fyrir 50 kr. er því orðið alt of lágt og veldur óþægindum og rekistefnu. Hins vegar er rjettur þeirra, er fyrir lögtaki verða, trygður með því, að samkvæmt 9. gr. ber að leggja gerðina undir úrskurð fógeta, ef mótmæli koma fram.

Ed. **40. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Flutningsmaður: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Nesverslunarstaður í Norðfirði skal tekinn í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Neshrepp og heitir Norðfjarðarkaupstaður.

Umdæmi þetta skal hjer eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Suður-Múlasýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við alt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Landsstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Neshreppi, sem ekki eru útkljáð þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skift milli sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Norðfirði.

3. gr.

Verslunarlóð kaupstaðarins er strandlengjan norðan fjarðarins, frá Bakkalæk að Naustalæk, 330 stikur á breidd frá flóðmáli til fjalls.

4. gr.

Í Norðfjarðarkaupstað skal skipaður bæjarfógeti með 3000 króna árslaunum, er greiðast úr ríkissjóði. Hann hefir á hendi öll hin sömu störf sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, alt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.

Hann hefir og á hendi stjórn málefna kaupstaðarins og innheimtur og greiðslur bæjarsjóðs. Fær hann að launum fyrir þau störf 3000 krónur úr bæjarsjóði. Heimilt er þó bæjarstjórn að skipa sjerstakan gjaldkera, ef þörf krefur.

5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum.

6. gr.

Bæjarfulltrúar eru átta. Tölu þeirra má stjórnarráðið breyta eftir tillögum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúana kjósa kaupstaðarbúar, sem kosningarrjett hafa eftir gildandi lögum.

7. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til sex ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinn, fara fjórir frá eftir þrjú ár, eftir hlutkesti. Fari fulltrúi frá á kjör-

tímabilinu af öðrum ástæðum en þeim, að kjörtímabil hans sje útrunnið, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

8. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður, auk oddvita, minst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningu, ef þess er krafist.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða þegar minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið samþykkir þau.

9. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórnin tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi oddvita.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfjelagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, sem á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins. Með samþykt, er stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

10. gr.

Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrjett því aðeins, að hann sje bæjarfulltrúi.

11. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar.

Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttasemjara.

12. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rjett, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþyktar hafa í för með sjer; svo má og þar ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf einstakra manna skulu hafa lögtaksrjett og renna í bæjarsjóð.

13. gr.

Bæjarstjórn, og oddviti bæjarstjórnar sjerstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjarstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; ennfremur gæta þess, að geymt sje og eftir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórn hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum bæjarins.

14. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt.

Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykt af tveimur bæjarfulltrúum, er þau eiga undir.

15. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu, útvegun á verknaði, varningi o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

16 gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í tje

skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstal, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

17. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje bæjarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af þess árs tekjum, sem í hönd fer, nje heldur að endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

18. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marsmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis 15 daga á hentugum, auglýstum stað.

Yfirskoðunarmenn kaupstaðarins eru tveir. og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í 3 ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefir umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðunarmanna — en það skal hann hafa gert innan 15 daga — skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda sje honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því sjeu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

19. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning yfir umliðið reikningsár með öllum fylgiskjölum.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn krefur, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

20. gr.

Hið fyrsta eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið á Norðfirði. Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið stað-

festir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Bæjarstjórnin hefir yfirumsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sjerstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

22. gr.

Með samþykt þeirri, er um getur í 9. gr., má setja nánari reglur um sjerhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal um brot á þeim.

23. gr.

Stjórnarráðið gerir ráðstafanir til, að lög þessi öðlist gildi 1. dag janúarmánaðar 1929.

Ákvæði um stundarsakir.

Sýslunefnd Suður-Múlasýslu annarsvegar og bæjarstjórn Norðfjarðar hinsvegar gera með sjer samning um skifti á eignum og skuldum sýslusjóðs. Rísi nokkur ágreiningur um þau skifti, sker stjórnarráðið úr.

Greinargerð.

Á síðustu tveim þingum hefir frv. sama efnis sem þetta verið lagt fyrir Ed., en ekki náð fram að ganga. Samkvæmt ítrekuðum kröfum frá íbúum Neskaupstúns er nú frv. þetta lagt fyrir hið háa Alþingi í þriðja sinn með þeirri ósk, að nú nái þetta nauðsynjamál kaupstúnsins samþykki þingsins.

Um ástæður fyrir frv. þessu nægir að vísa til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. 1926 (Alþt. 1926 A. þskj. 27), og umræðna þeirra, er fram hafa farið um málið á síðustu þingum.

Nd. **41. Frumvarp**

til laga um sölu á landi Garðakirkju í Hafnarfirði.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað svo nefnd Hamarkots- og Undirhamarstún í Hafnarfirði, sem eru eign Garðakirkju.

2. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Ástæður

fyrir frv. þessu felast í brjefi því, sem prentað er sem fylgiskjal hjer á eftir.

Fylgiskjal.

BÆJARSTJÓRINN Í HAFNARFIRÐI

Hafnarfirði, 10. desbr. 1927.

Hjermeð undanfelli jeg eigi að tilkynna yður, háttvirti herra alþingismaður, að bæjarstjórnin hefir á fundi sínum 6. þ. m. samþykt svolátandi tillögu frá bæjarfulltrúa Gunnlaugi Kristmundssyni:

»Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á þingmenn kjördæmisins að flytja frumvarp á næsta Alþingi um að Hafnarfjarðarkaupstaður fái það land, sem Garðakirkja á í miðjum bænum (Hamarskots- og Undirhamarstún), með sem hagkvæmustum kjörum«.

Nanari upplýsingar um ástæður fyrir málaleitun þessari verða gefnar síðar, en aðalástæðan mun vera sú, að Skipulagsnefnd Íslands mun hafa þegar ákveðið við undirbúning skipulagsuppdráttar yfir kaupstaðinn, að svonefnt Hamarskotstún verði gert að skemtigarði fyrir bæinn, en Undirhamarstún ætlað til bygginga meðfram aðalgötu bæjarins fyrirhugaðri. — Er tilætlunin sú, að ríkisstjórninni verði heimilað að selja bæjarfjelaginu eignir þessar.

Magnús Jónsson.

Nd. 42. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um gagnfræðaskólann á Akureyri.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Með hvaða heimild hefir stjórnin stofnað lærdómsdeild við gagnfræðaskólann á Akureyri?

2. Hvaða áhrif telur stjórnin, að stofnun þessarar deildar hafi á stúdentafjöldann í landinu?

Nd. 43. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um aukastörf ráðherranna.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Er það satt, að ráðherrarnir gegni allir einhverjum aukastörfum við ýmsar stofnanir?

2. Ef svo er, ætla þeir að halda því áfram?

Nd. **44. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Hjeðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Fyrri málsgrein 2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skifta sólarhringnum í 3 vökur. Skulu $^2/_3$ hlutar háseta skyldir að vinna í einu, en $^1/_3$ hluti þeirra eiga hvíld, og skal svo skifta vökum, að hver háseti hafi að minsta kosti 8 klst. óslitna hvíld í sólarhring hverjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á Alþingi í fyrra af 4. þm. Reykv. (Hj. V.) samkvæmt áskorun Sjómannafjelags Reykjavíkur, en var felt við 2. umr. málsins í neðri deild. Nú er frumvarpið flutt hjer á ný, með örlítilli breytingu frá því, sem það var, fyrir ítrekaðar áskoranir sjómanna og Sjómannafjelags Reykjavíkur.

Breyting sú, er hjer um ræðir, er fólgin í því, að vökuskiftum skal haldið óslitnum frá því skipið leggur úr höfn til veiða og af veiðum til hafnar. Ákvæði þetta er nauðsynlegt vegna þess, að allmargir skipstjórar vilja skýra lögin svo, að þeim sje heimilt að láta hásetana alla vaka undir þessum kringumstæðum. Í mörgum tilfellum getur það orðið hátt í tvo sólarhringa. Að öðru leyti vísast til greinargerðar við frumvarpið frá í fyrra (þskj. 136).

Ed. **45. Frumvarp**

til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson og Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykt um það, að áskilja bæjarfjelagi forkaupsrjett á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja,

og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfjelaginu forkaupsrjett á.

Kauptún, sem er sjerstakt hreppsfjelag, getur einnig gert samþykt um forkaupsrjett kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan hreppsins, svo og öðrum fasteignum, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfjelagi forkaupsrjett á.

2. gr.

Samþyktir samkvæmt 1. grein skulu gerðar til 5 ára í senn, og skulu í þeim taldar fasteignir þær, er kaupstaður eða kauptún áskilur sjer forkaupsrjett á. Samþykt öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðherra hefir staðfest hana, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Eigendur fasteigna þeirra, er samþyktir taka til, skulu skyldir að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrjett að eignum fyrir það verð, er í raun og veru stendur til boða hjá öðrum, enda sjeu borgunarkjör og aðrir skilmálar eigi gerðir erfiðari.

Innan tveggja vikna frá því, er forkaupsrjettur var boðinn, skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skylt að segja til, hvort hún ætlar að nota forkaupsrjett eða eigi.

Yfirlýsing bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um það, að hún afsali sjer forkaupsrjetti, gildir eigi lengur en eitt ár. Nú svarar bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi boði um að neyta forkaupsrjettar innan ákveðins tíma, og skal þá líta svo á, sem hún hafi hafnað boðinu.

4. gr.

Nú er eigi gætt fyrirmæla laga þessara um að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrjett, og getur þá aðili, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafist þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á Alþingi 1927, og var því þá vísað til ríkisstjórnarinnar. Vísast til greinargerðar þeirrar, er þá fylgdi frv.

Ed. **46. Frumvarp**

til laga um einkasölu á útfluttri síld og síldarafurðum.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á allri þeirri síld, sem útflutningshæf telst og veidd er hjer við land og verkuð er í landi eða landhelgi.

Þá er og ríkisstjórninni heimilt að taka í sínar hendur sölu og útflutning á síldarafurðum, svo sem síldarmjöli og síldarolíu.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning síldar og síldarafurða og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending síldar og síldarafurða til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði síldar og síldarafurða skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald. Af tekjum þeim, sem ríkissjóður þannig fær af söluverði, má verja alt að 50% til að leita uppi nýjan markað fyrir síld og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði útfluttrar og seldrar síldar og síldarafurða í íslenskum peningum, þótt andvirði vörunnar sje greitt í erlendri mynt.

6. gr.

Andvirði seldrar vöru afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða alt að 50 þúsund króna sektum, er renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 51, 15. júní 1926, svo og önnur þau lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Greinargerð.

Með lögum nr. 51, 15. júní 1926, er ríkisstjórninni veitt heimild til þess að veita fjelagi síldar-útgerðarmanna einkasölu á síld til útflutnings. Var þetta mál flutt á Alþingi að tilstuðlan ýmsra hinna helstu síldarútvegsmanna, bæði norðan- og sunnanlands.

Ekkert hefir orðið úr því, að stjórnin hafi notað þessi heimildarlög; skal hjer ósagt, hvað valdið hefir. En margir voru þeirrar skoðunar, að ekki mundi slík einkasala í höndum einstakra manna ráða bót á þeim vandkvæðum, sem verið hafa og eru á útflutningi og sölu síldar. Nú virðist svo, sem fyrirkomulag þetta muni alls ekki koma til framkvæmda, en brýn nauðsyn að ráða fram úr erfiðleikum síldarútvegsmanna með breyttu fyrirkomulagi á síldarsölunni. Og fyrir því er þetta frv. um einkasölu ríkisins á útfluttri síld nú flutt enn á Alþingi.

Í eldri frv. hefir einkasalan aðeins náð til síldar þeirrar, sem ætluð er til útflutnings.

En sú skoðun er allmjög uppi, að þar sje ekki nógu langt gengið, heldur þurfi einnig að taka undir einkasöluna útflutning á öllum síldarafurðum, svo sem síldarmjöli, síldarolíu o. fl. Er þessu nú bætt inn í frv. En þá myndi og nauðsynlegt, að ríkið ætti eina eða fleiri hæfilega stórar síldarbræðslustöðvar, er væru undir stjórn einkasölunnar. En þar sem verið er nú að rannsaka það mál, og árangur þeirrar rannsóknar væntanlegur áður langt um líður, þá þykir rjett að bíða með fyrirmæli um það, að ríkið taki að sjer rekstur á síldarverksmiðjum þar til framannefndri rannsókn er lokið.

Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir frv. í framsögu.

Nd. **47. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Flutningsmaður: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein, er verður 17. gr., svo hljóðandi:
Sameinað þing skal í byrjun hvers þings kjósa fastanefnd, er nefnist

utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum. Skal til hennar vísað öllum utanríkismálum og þeim öðrum málum, sem sameinað þing ákveður. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávalt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði um stundarsakir.

Í fyrsta sinn skal utanríkismálanefnd kosin þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.

Greinargerð.

Engin fastanefnd er í þinginu, er taki sjerstaklega til íhugunar utanríkismál. Þau eru í höndum ríkisstjórnarinnar og mjög lítið eftirlit með henni af þingsins hálfu í þeim málum, enda þau oft einungis rædd á leynilegum og ólögmætum þingmannafundum, ef þingið á annað borð heyrir nokkuð um þau. Það er mikils um vert fyrir þingið að hafa meira eftirlit með utanríkismálum en verið hefir, ekki einungis um þingtímann, heldur engu síður utan þingtímans. Eðlilegasta leiðin er sú, að föst utanríkismálanefnd, er þingið kjósi, hafi þessi mál með höndum og sje til aðstoðar ríkisstjórninni og eftirlits, líkt og tíðkast í öðrum ríkjum.

Sþ. **48. Nefndarálit**

um kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Frá minni hluta kjörbrjefanefndar.

Kjörbrjefanefnd hefir klofnað um málið. Jeg hefi ekki getað orðið sammála meiri hlutanum um að taka gilda kosningu Jóns Auðuns Jónssonar í Norður-Ísafjarðarsýslu. Engin kosningarkæra hefir fram komið, þótt misfellur hafi verið á gerðum yfirkjörstjórnar og úrskurðir hennar virðist beinlínis rangir. Atkvæðamunur frambjóðenda var svo mikill, 641 á móti 392 atkvæðum, að þeir gallar einir mundu varla hafa ógilt kosninguna í þingsins augum. Hinsvegar eru nú fullsannaðir *stórkostlegir glæpir* í sambandi við þessa kosningu, en það mál er í höndum hins opinbera og Alþingi fullkunnugt um það, svo að ástæðulaust væri að kæra fyrir þær sakir, enda gert ráð fyrir því í 5. gr. þingskapanna, að Alþingi taki slík mál upp, þótt kosning hafi eigi verið kærð.

Álit minni hlutans er það, að þegar sannað er glæpsamlegt athæfi til framdráttar þingmannsefnis, beri að ógilda kosninguna, án tillits til atkvæða-

munar. Í Englandi mun vera fylgt svipuðum reglum. Virðist það rjett, bæði af siðferðilegum ástæðum og eins er ómögulegt að fullyrða, hver áhrif slíkir glæpir hafi haft.

Rannsóknin í fölsunarmálinu hefir sannað, að í Hnífsdal hafi allmörg atkvæði verið fölsuð til framdráttar Jóni Auðuni Jónssyni. Þá sjest og af rannsókninni allnáið samband milli manna þeirra, sem mest eru riðnir við þessar falsanir, og kosningaskrifstofu Íhaldsflokksins á Ísafirði. Tveir þeir menn, sem mest unnu fyrir þá kosningaskrifstofu, hafa orðið uppvísir að röngum framburði fyrir rjettinum. Af hálfu mikilsmegandi Íhaldsmanna á Ísafirði og í Norður-Ísafjarðarsýslu virðist alt hafa verið gert til þess að hindra rannsókn málsins, jafnvel gengið svo langt að hóta dómaranum ofbeldi og varna honum að taka menn fasta. Íhaldsmálgagnið á Ísafirði og enda dagblað Íhaldsflokksins í Reykjavík virðast og eftir megni hafa reynt að stuðla að því, að dómaranum tækist ekki rannsókn sín. Frambjóðandinn sjálfur, Jón Auðunn Jónsson, veður í rjetti 11. nóvember að dómaranum með ósæmilegum aðdróttunum um hlutdrægni út af sjálfsögðum hlutlausum spurningum.

Öll afstaða frambjóðandans sjálfs, málgagna Íhaldsflokksins og ýmissa forráðamanna hans til rannsóknarinnar sýnir ljóslega, að þeir hafa tekið þá afstöðu að beita sjer gegn ítarlegri rannsókn viðvíkjandi þessari kosningu. Liggur nærri að draga þá ályktun, að þeir hafi vitað, að kosningabarátta Íhaldsflokksins þar vestra hafi verið á þann veg, að hún þyldi ekki rjettarrannsókn. Alt þetta virðist benda til þess, að svo mikil brögð hafi verið að ólögmætu athæfi við kosninguna, að algerlega sje ómögulegt að dæma um áhrifin af því á kosningarúrslitin. Í því sambandi má og geta þess, að kosningarkæra kom fram 1919 gegn þessum sama frambjóðanda, og taldi kjörbrjefanefnd þá upplýst (þskj. 550 árið 1921) við rannsókn, að mútur hefðu verið viðhafðar til framdráttar kosningu Jons Auðuns Jónssonar, og taldi, að þetta bæri að rannsaka, sem ekki hefir gert verið síðan. Loks má geta þess, að við næstsíðustu kosningu Jóns Auðuns Jónssonar í Norður-Ísafjarðarsýslu 1923 ljek og sterkur grunur á kosningasvikum, þótt kæra kæmi ekki fram.

Það renna því margar stoðir undir þá ályktun, að í þetta sinn beri að láta fram fara að nýju kosningu í Norður-Ísafjarðarsýslu, þar sem gætt sje í öllu kosningalaganna, svo að útilokað sje, að óheiðarlegir kosningasigrar geti verið unnir, nje kjósendaviljinn verið falsaður til hagsmuna fyrir annan frambjóðandann. Kjósendurnir skera þá sjálfir úr. Tillaga mínni hlutans er því, að kosning Jóns Auðuns Jónssonar sje gerð ógild.

Alþingi, 24. janúar 1928.

Hjeðinn Valdimarsson.

Ed. **49. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

1. tölulið 1. greinar laganna skal orða svo:
Hafa náð 21 árs aldri á kjördegi.'

2. gr.

Orðið »og« í 5. tölulið 1. greinar laganna skal falla niður.
6. töluliður 1. greinar laganna skal falla niður.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að bæta úr tvennu misrjetti, sem nú er í lögum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Í fyrsta lagi er aldurstakmarkið flutt úr 25 árum niður í 21 ár. Eru menn hjer á landi varla það ver gefnir eða ver að sjer en íbúar ýmsra nágrannalanda okkar, þar sem aldurstakmarkið er komið niður í 21 ár, ekki einungis í kosningum á sveitar- og bæjarstjórnum, heldur og í kosningum til löggjafarþinganna.

Sá ósiður helst enn í lögum, að þeir, er sveitarstyrk þurfa að þiggja, missi kosningarrjett sinn, ef ekki er fyrirfram ákveðið af fatækrastjórninni, að styrkurinn skuli eigi vera afturkræfur. Úr þessu á frv. að bæta, að þeginn sveitarstyrkur skuli eigi svifta menn atkvæðisrjetti við kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Til glöggvunar er hjer prentuð 1. grein laganna, sú, er breyta á; hljóðar hún svo:

»1. gr. Rjett til að kjósa hreppsnefndarmenn, sýslunefndarmenn, bæjarfulltrúa, borgarstjóra (bæjarstjóra) og alla aðra starfsmenn í hreppum og kaupstöðum, er almenningur kýs, hafa allir, konur sem karlar, ef þeir:

1. Eru fullra 25 ára gamlir á kjördegi.
2. Eru fjár síns ráðandi.
3. Eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa jafnrjetti við þá.
4. Hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.
5. Hafa óflekkað mannorð, og
6. Standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum«.

Sþ. **50. Nefndarálit**

um þingmensku Jóns A. Jónssonar fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu.

Frá meiri hluta kjörbrjefanefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu, þannig að allir nefndarmennirnir nema Hjeðinn Valdimarsson leggja til, að kosning þessi verði tekin gild, en þar sem forsendurnar fyrir þessari niðurstöðu eru ekki hinar sömu hjá öllum meiri hlutanum, þá áskilja þeir sjer Sveinn Ólafsson og Gunnar Sigurðsson að gera nánari grein fyrir afstöðu sinni í sjerstöku áliti, en hinir nefndarmennirnir tveir gera grein fyrir afstöðu sinni í umræðum.

Alþingi, 24. jan. 1928.

Sveinn Ólafsson, form.	Gunnar Sigurðsson, skrifari.	Sig. Eggerz.
	Magnús Guðmundsson.	

Álit

Gunnars Sigurðssonar og Sveins Ólafssonar.

Eins og framanskráð nefndarálit ber með sjer, höfum við, sem undirritum þetta álit, sjerstöðu um þá sameiginlega tillögu meiri hluta kjörbrjefanefndar að taka gilda kosningu Jóns Auðuns Jónssonar í Norður-Ísafjarðarsýslu frá síðastliðnu sumri. 2 af meiri hlutanum, þeir Sigurður Eggerz og Magnús Guðmundsson, vilja gera lítið úr misfellum á nefndri kosningu og lögðu til þegar við þingsetningu 19. þ. m., að hún yrði tekin gild án frestunar eða frekari rannsóknar um lögmæti hennar.

Við undirritaðir lítum hinsvegar svo á, að frestun þingsins á því að taka kosninguna gilda væri fyrst og fremst til þess gerð að afla frekari gagna og ítarlegri upplýsinga um niðurstöðu í atkvæðafölsunarmáli því, er upp kom í Hnífsdal næstl. sumar í sambandi við kosninguna, máli, sem vakið hefir og vekja hlaut grun um margháttaðar misfellur á kosningunni og einstökum mönnum, er að kosningunni stóðu.

Það er að vísu óneitanlegt, að Jón Auðunn Jónsson hefir við kosningu þessa fengið svo mikinn meiri hluta kjörstaðargreiddra atkvæða, að þótt öll utankjörstaðargreidd atkvæði hans væru metin ógild, þá mundu hin einhlít til að tryggja honum þingsætið. Hinsvegar getur það eigi dulist, að grunsamleg er frammistaða forstöðumanna kosningaskrifstofu Íhaldsins á Ísafirði í rjettarprófum fölsunarmálsins og óviðfeldin framkoma Jóns Auðuns Jónssonar fyrir rjetti 11. nóv. í máli þessu, er hann veittist að rannsóknardómaranum með svigurmælum.

Varfærni í þessu efni var því sjálfsagðari, sem tortryggilegar misfellur

höfðu reynst á kosningu sama manns í Ísafjarðarkaupstað 1919 og einnig á þingmannskosningu þar 1923, þótt aðrir frambjóðendur ættu þá hlut að máli.

Nú hafa hingað borist skjöl og lögreglurjettarbók setudómarans í fölsunarmálinu, Halldórs Kr. Júlíussonar sýslumanns. Hefir nefndin átt kost á að kynna sjer þau gögn og leita upplýsinga hjá honum. Verður eigi, eftir skýrslu setudómarans eða þeirri athugun á nefndum skjölum, sem við höfum gert, sjeð eða sýnt, að Jón A. Jónsson hafi átt nokkurn grunsamlegan þátt í undirbúningi kosninganna eða framkvæmd þeirra, og einungis fyrir þessa skuld höfum við getað fallist á að samþykkja kosninguna. Hinsvegar er atkvæðafölsunarmálið sjálft svo vaxið, að fyllsta nauðsyn virðist á því, að reynt verði með breytingu kosningalaga og ströngu eftirliti að reisa skorður við því, að slík fölsun geti komið fyrir.

Alþingi, 25. janúar 1928.

Sveinn Ólafsson. Gunnar Sigurðsson.

Ed. **51. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Flutningsmaður: Einar Árnason.

1. gr.

6. gr. B. 1. orðist svo:

Þeir, er verið hafa á gjaldárinu sjómenn á skipi, skrásettu hjer á landi eða gerðu út hjeðan 3 mánuði eða lengur, eða hafa stundað hjer atvinnu eða dvalist hjer ekki skemra en 2 vikur.

2. gr.

6. gr. B. 2. orðist svo:

Þeir, er reka hjer atvinnu í landi eða landhelgi á gjaldárinu, svo sem: verslun, sjávarútveg, fiskverkun, eða hafa hjer laxveiði til atvinnu eða laxár á leigu, afnot af jörð, eiga hjer eignir, er arð gefa, eða skip leggur hjer upp afla sinn o. s. frv.

3. gr.

8. gr. a. orðist svo:

Ef hann rekur atvinnu eða skip leggur upp afla, er meiru nemur en 3000 kr., enda má þá ekki leggja á gjaldþegn að því leyti í heimilissveit hans.

4. gr.

Aftan við 9. gr. b. komi: og 8. gr. a. taki eigi til.

5. gr.

Aftan við 11. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:

Nú telur gjaldþegn ekki fram til niðurjöfnunarnefndar atvinnusveitar eignir sínar og tekjur, er hann hafði í atvinnusveit, eða veitir ekki að öðru leyti þá fræðslu um hagi sína, er niðurjöfnunarnefndin krefur hann, og skal þá niðurjöfnunarnefnd atvinnusveitar áætla honum ríflegar eignir og tekjur, svo að áreiðanlegt megi telja, að hann vinni ekki á að halda upplýsingum fyrir nefndinni. Þegar svo stendur á, skal sú áætlun lögð til grundvallar við niðurjöfnun útsvars gjaldþegns í heimilissveit.

6. gr.

Nú greiðir gjaldþegn útsvar á fleiri stöðum en einum, og má niðurjöfnunarnefnd heimilissveitar þá aldrei leggja útsvar á rekstur gjaldþegns í dvalarsveit.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar og flutt samkvæmt ósk hennar.

Að 1. gr.

Reynslan hefir sýnt, að ákvæði gildandi laga um að erlendir menn, sem »reka« ekki atvinnu o. s. frv., verði að dvelja hjer 3 mánuði áður en þeir verði útsvarsskyldir, eru alls ófullnægjandi. Eins og orðin »að reka atvinnu, verslun« o. s. frv. eru alment lögskýrð, munu útlendingar, sem koma hingað og dvelja hjer 2—3 vikur — eins og títt er um marga síldarkaupmenn norðanlands — og kaupa hjer nokkra skipsfarma af síld — eða þótt minna nemi — ekki geta talist »reka atvinnu eða verslun« og því ekki útsvarsskyldir. Eru slík kaup sjerstæð og ekki samfeldur atvinnurekstur. Þessir menn hafa ekki skrifstofur t. d. Samt raka þeir oft saman offjár á slíkum kaupum, og því ósanngjarnt, að þeir skuli ekki vera útsvarsskyldir, enda þekkist svipaður skattur erlendis.

2—3 síðustu sumrin hafa líka nokkrir útlendingar komið hingað og annast fyrir útlenda skipamiðlara útvegun á skiprúmi undir útflutning og aðflutning. Þessir menn haga sjer þannig, að þeir þykjast aðeins safna fragttilboðum og senda til umbjóðenda sinna erlendis, er sjálfir geri svo fragtsamninginn við hlutaðeigandi inn- og útflytjendur hjer. Fást slíkir menn við þetta aðeins um síldveiðatímann og þessir »milliliðir« eða þeirra umbjóðendur velta og græða hjer stórfje, þótt það stundum taki þá ekki nema 2—3 vikur. Ef hægt væri að leggja útsvar á slíkan gróða, aflaðan hjer á landi, verður útsvarsákvæðið að vera á þá leið, er greinin gerir ráð fyrir.

Að 2. gr.

Greinin er alveg eins og áður nema ákvæðið um, ef erlend skip leggi upp afla.

Eftir gildandi lögum fær hjeraðið, þar sem íslenskt skip leggur upp afla

sinn, hlutfallslegt útsvar (ákveðið af heimilissveit skips). Erlend skip hafa yfirleitt ekki leyfi til að leggja upp afla sinn hjer á landi, en ef þeim yrði leyft það og að svo miklu leyti, sem þeim yrði leyft það, ættu þau ekki að sleppa betur en þau innlendu, sem í raun rjettri verða að borga útsvar af þeim afla, er þau leggja á land hjer.

Vera má, að dómstólarnir muni líta svo á, að ákvæðin í 6. gr. B. i gildandi lögum heimili að leggja útsvar á erlend skip, er leggi upp afla sinn hjer, og áður en lög nr. 46 1926 gengu í gildi mun eldri útsvarslöggjöf hafa heimilað slíkt, að minsta kosti ef skipin höfðu bækistöð hjer (t. d. erlend skip, er fá leyfi til þess að veiða síld í síldarverksmiðjur). Sje svo, að hin gildandi lög heimili slíka útsvarsskyldu erlendra skipa, sem grein þessi gerir ráð fyrir, þá er ákvæðið til þess að kveða skýrar á um þetta atriði, sem málaferli þegar eru risin út af.

Ad 3. gr.

Hjer er farið fram á, að af stórfeldari atvinnurekstri (er nemur 3000 kr. eða meiru) sje útsvar greitt í dvalarsveit. Er þetta ákvæði í raun og veru ekki annað en fyllra ákvæði á undantekningu í útsvarslögunum um það, að á gjaldþegn megi leggja í fleiri stöðum en einum. Er þá sönnu nær, að slíkt sje ákveðið um stórfeldari atvinnurekstur en um smávægilegan, eins og t. d. laxveiði, sem gildandi lög þó hafa talið sjálfsagt, að gjaldþegn greiddi útsvar af í dvalarsveit. Er það því óeðlilegra, sem stórfeldur atvinnurekstur veldur dvalarsveit miklu meiri óþægindum og kostnaði en smávægilegur rekstur eins og t. d. laxveiði, en er hinsvegar gjaldþegni miklu uppgripameiri, og í þriðja lagi getur niðurjöfnunarnefnd heimilissveitar betur gert sjer grein fyrir rjettlátu útsvari á smávægilegan atvinnurekstur utan heimilissveitar en á stórfeldan.

Reynslan hefir sýnt, að niðurjöfnunarnefndum heimilissveitar veitir oft mjög örðugt að fylgjast með stærri atvinnurekstri utan heimilissveitar og ákveða útsvar svo, að rjettlátt verði eftir þeim rekstri og hagnaði, sem gjaldþegn hefir haft utan heimilissveitar. Verður sú álagning hjá heimilissveit ýmist útundan eða af handahófi. Niðurjöfnunarnefndir dvalarsveitar standa miklu betur að vígi með að vita um allan reksturinn og hvernig hann hefir gengið. Það ætti nú að liggja beinast við, að sá leggi útsvar á, sem best þekkir til, og það er það, sem grein þessi vill tryggja. Hjer er ekki að ræða um að gera atvinnurekstur, sem áður var útsvarsfrjáls, útsvarsskyldan, heldur aðeins gefa dvalarsveit í stað heimilissveitar heimild til að ákveða útsvarið, þegar ætla má, að dvalarsveitin standi betur að vígi til þess sökum kunnleika en heimilissveitin (sem stundum er á öðru landshorni en þar sem hinn stórfeldi atvinnurekstur, sem hún átti að ákveða útsvar af, er rekinn).

Eigi ætti það að mæla móti grein þessari, þótt því sje haldið fram — og það með rjettu, — að tryggja beri, að gjaldþegn verði ekki fyrir ósanngjörnum útsvörum í dvalarsveit. Því er til að svara: þegnskapur niðurjöfnunarnefndar í dvalarsveit ætti að vera svipaður og niðurjöfnunarnefndar í heimilissveit, og auk þess getur gjaldþegn kært útsvar sitt í dvalarsveit til ráðuneytisins. Útsvarið ætti einmitt að vera síður ágiskun og órjettlátt, er útsvarsálagningin á stórfeldan og yfirgripsmikinn atvinnurekstur færist úr höndum manna ókunnugra atvinnu-

rekstrinum í hendur kunnugra. Jafnframt er það líka trygt, að ekki megi leggja útsvar í heimilissveit gjaldþegns á atvinnurekstur, sem hann annarsstaðar hefir greitt útsvar af.

Niðurstaðan verður því sú, að gjaldþegn er ekki íþyngt með ákvæðinu. Að eins ef útsvar gjaldþegns fyrir ókunnugleik heimilissveitar um atvinnurekstur utan heimilissveitar verður annaðhvort of hátt eða of lágt, kemur raunverulegur mismunur fram, en það er greininni ætlað að fyrirbyggja.

Að 4. gr.

Þarf engrar útskýringar.

Að 5. gr.

Tilgangur greinarinnar er að tryggja atvinnusveit, að gjaldþegn gefi skýrslur og telji fram tekjur og eignir í atvinnusveit á sama hátt og 5. gr. útsvarslaganna tryggir heimilissveit (og dvalarsveit). Sennilega hefir þetta vakað líka fyrir löggjafanum, en greinin er þannig samin, að hún kemur að eins heimilissveit (og dvalarsveit) að haldi. En það er alls ekki nóg, að gjaldþegn gefi heimilisveitinni slíkar skýrslur um atvinnurekstur sinn í atvinnusveit. Niðurjöfnunarnefnd atvinnusveitar getur betur gagnrýnt skýrslurnar en nefndin í heimilissveitinni (ef til vill í öðrum landsfjórðungi). Segja mætti ef til vill, að landsstjórnin hafi samkv. 11. gr. útsvarslaganna heimild til þess að setja svipuð ákvæði og að ákvæðið væri því óþarft, en bæði er, að slíkt ákvæði vantar, og svo er rjett að hafa ákvæðið í útsvarslögunum sjálfum, en ekki á valdi umboðsstjórnarinnar fremur en að því, er heimilissveit snertir.

Að 5. gr.

Skýrar en áður reynt að fyrirbyggja, að á sama atvinnurekstur verði tvisvar lagt útsvar.

Nd. 52. Frumvarp

til laga um mentaskólann í Reykjavík.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Í mentaskólanum í Reykjavík skulu nemendur fá nauðsynlega undirstöðukunnáttu undir æðra nám og þann þroska, sem þarf til þess að leggja stund á vísindi í háskólum og öðrum æðstu lærdómsstofnunum.

2. gr.

Námi í skólanum skal skift milli 6 bekkja og miða við, að því verði lokið á 6 árum.

Skifta skal efstu bekkjum skólans, tveim eða þrem, eftir því sem þurfa

þykir, í tvær deildir, málfræðideild og stærðfræðideild, er nemendur skulu velja milli.

Íslensk tunga skal vera höfuðnámsgrein í skólanum. Latneska tungu skal kenna í öllum neðri bekkjum, og í málfræðideild skal hún vera önnur höfuðnámsgrein, en stærðfræði í stærðfræðideild. Auka skal nám í leikfimi frá því, sem nú er. Gefa skal þeim, er þess æskja, kost á að nema grísku í málfræðideild, enda hafi og stúdentar þeir, sem ekki hafa numið grísku í skólanum, rjett til að taka þátt í þessari kenslu. Ensku skal kenna svo, að stúdentar geti tekið þátt í venjulegum samræðum nokkurnveginn viðstöðulaust á því máli.

3. gr.

Viðtöku í skólann fá engir, sem yngri eru en 13 ára, engir, sem haldnir eru af næmum sjúkdómum eða öðrum kvillum, sem eru hættulegir öðrum, engir nema óspilt mannorð hafi og engir nema þeir sýni kunnáttuvottorð frá kennara eða skóla.

Hver sá, er vill fá inntöku í 1. bekk, verður að standast kunnátturaun í íslenskri tungu og íslenskum stíl og helstu málfræðiatriðum, í reikningi, munnlega og skriflega, og sögu Íslands og sýna, að hann skilji sæmilega sænsku eða ríkisnorsku eða dönsku og geti gert ljettan stíl. Skrifa skal hann og læsilega.

Hver sá, er lokið hefir hliðstæðu námi í öðrum skóla eða öðlast sömu þekking undir handleiðslu og tilsögn hæfs manns, má ganga undir inntökupróf í þann bekk skólans, er samsvarar þekkingu hans og þroska, enda fullnægi hann öðrum settum skilyrðum. Skal hann þá sýna vottorð um nám sitt og ganga undir próf á sama hátt og nemendur skólans.

4. gr.

Í hverjum bekk skólans skal hafa vorpróf á hverju ári, en lokapróf efsta bekkjar er stúdentspróf. Hafa má einnig miðsvetrarpróf í hverjum bekk.

Við öll vorpróf skulu vera tveir prófdómarar í hverri grein: kennari í þeirri grein, sem reynt er í, og einhver annar kennari skólans eða maður, skipaður af kenslumálaráðuneytinu.

5. gr.

Kunnáttu skal meta eftir einkunnastiga Örsteds, með sama hætti sem nú er. Einkunnir skulu vera: ágætiseinkunn, fyrsta einkunn, önnur einkunn og þriðja einkunn, reiknaðar í stigatali eins og nú er.

6. gr.

Skólaárið skal telja frá 1. október, og eru þessi leyfi lögboðin:
Sumarleyfi 1. júlí til 30. september.
Jólaleyfi 23. desember til 2. janúar.
Öskudagurinn.
Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum.

Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu.
Sumardagurinn fyrsti.
Afmælisdagur konungs, 17. júní og 1. desember.
Öðrum leyfum ræður skólastjóri.

7. gr.

Kensluna annast kennarar, sem fullnægja skilyrðum þessara laga. Þeir skulu vera svo margir, að enginn þeirra þurfi að kenna meira en 24 stundir á viku, en skólastjóri 12. Skulu þeir vera skipaðir embættismenn (sbr. þó 8. gr.). Stundakennara má taka í viðlögum og um skamman tíma.

Heimilt er að veita þeim föstum kennurum, sem hafa verulega aukavinnu við leiðrjetting skriflegra úrlausna, 1—3 stunda eftirgjöf á skyldustundum á viku.

8. gr.

Krefjast skal af kennurum, er skipaðir vilja verða, að þeir hafi staðist kunnátturaun í kenslugreinum sínum í einhverjum háskóla, er kenslumálaráðuneytið telur fullgildan, eða sýni með öðrum hætti, að þeir sjeu starfanum vaxnir, að þeir sjeu ekki haldnir af næmum sjúkdómum og að þeir hafi með eins árs reynslu sýnt, að þeir hafi þá kennarahæfileika og þá skapshöfn, sem kennurum er nauðsynleg.

9. gr.

Skólastjóri skal ráða lækni handa skólanum með samþykki kenslumálaráðherra. Skólalæknir skal skoða alla nemendur að haustinu og gæta þess, að enginn sje í skólanum haldinn þeim sjúkdómum, sem hætt er við, að hann beri á skólasystkin sín, og skoðunargerð skal hann hafa á miðjum vetri og auk þess hvert sinn, er hann telur þörf á.

10. gr.

Laun skólastjóra og kennara eru ákveðin í launalögum, lækni skal borga eftir samkomulagi.

Hver fastur kennari skólans skal hafa leyfi frá kenslustörfum 10. hvert ár með fullum launum, og ráðstafar skólastjóri kenslu hans á meðan, á ríkisins kostnað.

11. gr.

Heimavistir skulu vera við skólann fyrir ekki færri en 50 nemendur. Skulu þeir njóta þar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita. Forgangsrjett til heimavista hafa þeir nemendur að öðru jöfnu, sem eiga heima utan Reykjavíkur.

Aldrei má taka nokkurt skólagjald af nemendum í skólanum.

12. gr.

Yfirstjórn skólans er í höndum kenslumálaráðuneytisins, er gerir allar meiri háttar ráðstafanir áhrærandi skólann eftir tillögum skólastjóra og kennarafundar.

Að öðru leyti stjórnar skólastjóri skólanum í samráði við kennarana, er hann kveður til fundar, þá honum þurfa þykir.

13. gr.

Ákvæði 11. gr. um heimavistir skulu koma til framkvæmda eigi síðar en haustið 1930. Þangað til skal greiða nemendum, er inntöku fá í skólann samkvæmt lögum þessum og njóta ættu heimavistar, húsaleigustyrk svo að skaðlausir sjeu.

14. gr.

Skólastjóri semur reglugerð um skólann með ráði kennarafundar og samþykki kenslumálaráðuneytisins.

Í reglugerð eru fyrirmæli um:

Hverjar vera skuli námsgreinir í skólanum og hve miklum tíma skuli verja til hverrar, bæði í neðri bekkjunum og hvorri deild efri bekkjanna (sbr. þó 2. gr.),

kenslu í skólanum,
próf og flutning milli bekkja,
inntökupróf,
kenslutíma,
framferði og aga,
skyldur skólastjóra og kennara,
afskifti yfirstjórnar skólans.

15. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda í viðtöku nemenda í 1. bekk 1929 og færast með þeim smám saman yfir allan skólann, jafnóðum sem þeir útskrifast, sem nú eru í skólanum.

16. gr.

Í gagnfræðaskólanum á Akureyri skal hafa námsskeið, þar sem nemendur skólans fá ókeypis þá aukafræðslu, er geri þeim fært að setjast í bekki mentaskólans í Reykjavík, alt upp í 4. bekk.

Greinargerð.

Árið 1920 fól stjórnin, samkvæmt tilmælum Alþingis, tveim mönnum að athuga skólamál landsins og gera tillögur um þau. Þeir lögðu það svo til, meðal annars, að breyta hinum almenna mentaskóla í Reykjavík í óskiftan 6 ára lærðan skóla í nokkuð líku sniði og lærði skólinn var fram að breytingunni 1904.

Síðan hafa frumvörp um þetta efni verið fyrir öllum þingum, sem haldin hafa verið, nema síðasta þingi, ýmist borin fram af stjórn eða einstökum þingmönnum. Þó að frumvörp þessi hafi ekki náð samþykki þingsins, mest að því er virðist vegna áhrifa þessarar breytingar á samband gagnfræðaskólans á Akureyri við skólann hjer í Reykjavík, hefir málið samt að ýmsu leyti unnið við þessa margítrekuðu meðferð þingsins. Frumvarpið sjálft hefir tekið ýmsum breytingum og viðaukum, sem eru til bóta, og enginn efi er á því, að skoðanir manna hafa

og skýrst og færst meira og meira í það horf, sem farið er fram á með frumvarpinu: Að hentugast sje, að þeir, sem til stúdentsprófs ætla, gangi þegar frá upphafi eindregið þá braut, sem þangað liggur, og miði undirstöðurnar við það hús, sem á þeim á að reisa.

Mál þetta hefir annars verið svo mikið rætt utan þings og innan, að engin ástæða er til þess að fjölyrða mjög um það nú, heldur skal hjer aðeins draga fram nokkur aðalatriði.

1. Í tvískiftum skóla eins og þeim, sem nú er, verða þeir að eiga samleið fyrstu árin, sem stefna að mjög ólíku marki, annarsvegar þeir, sem óska gagnfræðamentunar um fárra ára bil, og hinsvegar þeir, sem eru að byrja langt nám, eru að búa sig undir vísindanám. Þessi samleið er báðum aðiljum til mikils tjóns.

Meira og meira sýnist stefna í þá átt, að leggja í gagnfræðaskólum eða unglingaskólum höfuðáhersluna á það, að kenslan og skólalífið verði sem mest vekjandi og örvandi, en hitt látið sitja frekar á hakanum, að knýja sem mest áfram í fróðleikssöfnun.

Aftur á móti verður ekki hjá því komist, að hinir, sem langt nám eiga fyrir höndum og ætla að búa sig undir vísindanám, leggi einmitt áherslu á það þegar í upphafi námsins, að öðlast sem mestan og traustastan fróðleik. Hin mismunandi æfistörf, sem menn ætla sjer, valda miklu í þessu efni. Fyrir mörgum er skólalærdómur út af fyrir sig ekki sjerlega hagnýtur. Fyrir öðrum er það einmitt hann, sem æfistarfið veltur að mestu á.

Það er augljóst, hve erfitt er að samrýma þarfir þessara tveggja flokka. Val námsgreina á að vera sitt fyrir hvorn flokkinn, val kenslubóka í hverri sameiginlegri námsgrein sömuleiðis. Einnig kensluaðferð, skólabragur o. s. frv. Endurminningin og áhrifin frá fjörmiklu og lyftandi skólalífi er öllum þorra þeirra, sem gagnfræðanám stunda, meira virði en fróðleikur, sem fljótt týnist, ef ekki er haldið við. En fyrir hinum, sem beinlínis gera nám að aðalstarfi sínu, ýmist um langt skeið eða um alla æfina, er mest undir því komið, að skólinn sje hentug og næðissöm vinnustofa. Þeir fá líka síðar á námsferlinum, t. d. í háskóla, það tækifæri til frjálsara skólalífs, sem hinir verða að fá strax eða ekki.

2. Eftir að samvistum slítur milli þessara tveggja námsmannaflokka, virðist reynslan vera sú, að þeir, sem áfram halda, fá að súpa seyðið af því, sem áður var gert. Vegna sambandsins við gagnfræðingana hefir námið ekki verið sótt nógu fast, og nú er farið að herða á. Efri bekkir hins almenna mentaskóla virðast vera mjög þungir, og það alveg til þess síðasta. Þetta er öfugt við það, sem vera ætti. Vegna góðs áframhalds í neðri bekkjum skólans á að vera óhætt að slá nokkru slakar við í efstu bekkjunum, þannig að þeir verði eins og nokkurskonar tröppustigi upp í háskólann, þar sem námið er mjög frjálst og óbundið. Svo var það í lærða skólanum, fram að 1904, og þetta hygg jeg, að sje mesti munurinn á honum og því, sem nú er. Menn komu andlega frjálsari og ópreyttari úr honum en þeir koma nú úr skóla og með víðtækari sjálfsaflamentun.

3. Deilt hefir verið mikið um það, hvort latnesku skuli auka í skólanum eða ekki. Í frv. er hallast að því að taka upp víðtækari kenslu í latnesku en nú, og hefi jeg svo oft leitt fram mín rök fyrir því, að jeg læt það hjá líða að

þessu sinni. En engan veginn tel jeg það atriði svo stórt, að það eigi að ráða úrslitum málsins, og má breyta, ef annað jafngott má finna í staðinn.

Loks skal hjer drepið á tvö atriði, sem ættu að valda því, að málið fengi nú greiðari gang en áður hefir verið.

4. Samband gagnfræðaskólans á Akureyri við mentaskólann hjer mun hafa valdið miklu, ef ekki mestu um það, hve erfitt þetta mál hefir átt uppdráttar á undanförnum árum. Þó að það sje engan veginn viðurkent af minni hálfu, að það hafi verið rjettmætt að láta jafnþarft mál stranda á slíku, þá var þó þetta látið ráða úrslitum. En nú mun mega ráða það af ýmsu, að þessu sambandi eigi að slíta á næstunni. Er þá þeim steini rutt úr vegi. En ef það verður ekki gert, þá er í frv. sjeð fyrir því, að þeir, sem stunda vilja nám í gagnfræðaskólanum á Akureyri, eins langt og hann nær, geti gert það sjer að skaðlausu, þar sem ætlast er til þess, að þeir fái aukakenslu í því, sem þarf til þess, að þeir geti tekið próf inn í þann bekk mentaskólans í Reykjavík, sem svarar til þess náms, er þeir hafa lokið á Akureyri.

5. Loks skal svo minst á það atriði, sem beinlínis knýr til þessara aðgerða nú. En það er hin óhóflega fjölgun stúdenta á síðari árum, sem einmitt nú hefir verið mikið rætt um og krefur bráðra aðgerða. Skal ekki farið út í að ræða hjer þetta viðtæka vandamál. En það virðist alveg bert að reyna að ráða bót á þessu með breyttu skólafyrirkomulagi, áður en farið er að grípa til skarpra þvingunarráðstafana og »lærdómsbanns«, eins og sumum mun vera í hug. Hvort þessi breyting á mentaskólanum verður einhlít um þetta, verður auðvitað ekki sagt með vissu. En þó má benda á margt, er sýnir, að breytingin á mentaskólanum 1904 muni hafa valdið miklu um stúdentafjölgunina, t. d. sjálfa tölu stúdentanna frá skólanum. Kemur það fram í stúdentatölunni eftir 1910. Þó hafa dýrtíðarárin vafalaust dregið úr viðkomunni fram undir 1922.

Stúdentaviðkoman síðan um aldamót:

1901	16	1915	31
1902	20	1916	28
1903	15	1917	40
1904	17	1918	25
1905	17	1919	29
1906	12	1920	24
1907	13	1921	22
1908	11	1922	29
1909	15	1923	29
1910	15	1924	43
1911	22	1925	39
1912	21	1926	43
1913	30	1927	55
1914	18		

Fyrstu stúdentar eftir breytinguna (1904) eru 1910.
Fyrstu stærðfræðideildar-stúdentar 1922.

Þessar tölur virðast í rauninni taka af tvímæli um það, hvort breytingin hafi valdið umskiftum í þessu efni. Enda er þetta eðlilegt. Innganga í skólann hefir verið mjög greið. Námið í neðri bekkjunum ljett. Og fjelagsskapurinn og samlífið í skólanum veldur því, að hverjum einum verður óljúft að hætta, þegar skólasystkinin halda áfram. Auk þess hefir Reykjavík skort reglulegan gagnfræðaskóla. Breyting á mentaskólanum, jafnhliða stofnun vandaðs og fullkomins gagnfræðaskóla, mun ráða mikla bót á stúdentafjöldanum.

Um einstakar greinar skal taka þetta fram:

Um 1. gr.

Í frumvörpum um þetta mál hefir verið tekið upp nafnið »hinn lærði skóli«, til þess að benda á, að horfið sje að því fyrirkomulagi í aðaldráttum, sem var fyrir 1904. En nafnið er fremur ljótt, óíslenskulegt og hugsunarrangt, og því er hjer haldið hinu nafninu, sem er bæði orðið munntamara og er fallegra, en þó lagað nokkuð til.

Um 2. gr.

Eins og áður er getið, er latneskunni trygður hjer sess meðal námsgreina skólans í öllum bekkjum. En vel má breyta því, ef mönnum sýnist annað heppilegra. Mun það þó ekki verða hrakið, að fáar námsgreinir sjeu til, er betur sjeu fallnar til þess að þroska dómgreind nemenda, skýra málfræðihugmyndir þeirra og verða þeim undirstaða allrar málfræðikunnáttu. Enda er það almenn reynsla, að ágætustu gáfumenn, bæði með vorri þjóð og víða um lönd, hafa talið latneskuna sinn besta skóla í hugsun, auk þess sem hún opnar mönnum aðgang að sígildum listaverkum, sem aldrei verða metin með rjettu í þýðingum. Griskukenslan er aðallega ætluð þeim, sem hugsa sjer guðfræðinám í háskólanum, en þá er og nauðsynlegt, að stúdentar eigi aðgang að þeirri kenslu, því að margir eru þeir, sem ekki eru svo snemma ráðnir í því, hvaða nám þeir taki að mentaskólanum loknum, að þeir færi sjer þessa kenslu í nyt á rjettum tíma. En því þarf ekki að lýsa, hve miklu heppilegra það er, að menn hafi yfirleitt lokið griskunáminu áður en þeir koma í guðfræðideild háskólans, heldur en hafa það eins og nú er.

Um 3.—10. gr.

Gefa ekki ástæðu til athugasemda að svo komnu.

Um 11. gr.

Hjer er tekið upp ákvæði um, að heimavistir skuli vera við skólann. Er það fullkomið nauðsynjamál, og engin breyting á skólanum kemur að meira en hálfum notum án heimavistanna. Þær efla skólalífið og þær gera það kleift að leggja þann eina rjetta mælikvarða á nemendur skólans: dugnað þeirra við námið, en ekki efni og aðrar ástæður. Með góðum heimavistum ætti fáum að verða það ofraun efnalega að komast gegnum skólann. Ef mönnum þykir eðlilegra eða heppilegra að setja sjerstök lög um heimavistir við mentaskólann, er auðvelt að sníða þetta atriði burt úr frumvarpinu, en það á þar heima að mínum dómi.

Síðari málsgreinin á að koma í veg fyrir það órjettlæti að bægja fátækum dugnaðarmönnum í Reykjavík frá því að ganga skólaveginn. Ef utanbæjar-

menn njóta ókeypis heimavistar, er ekkert rjettlæti í því lengur að leggja skólagjald á bæjarmenn, og á að tryggja það með lögunum, að slíkt sje ekki gert.

Um 12.—15. gr.

Gefa naumast tilefni til athugasemda. Ártöl eru auðvitað færð til frá því, sem var í frv. 1926.

Um 16. gr.

Að þessari grein hefir áður verið vikið í almennu ástæðunum.

Ed. **53. Frumvarp**

til laga um aukna landhelgisgæslu.

Flutningsm.: Halldór Steinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem verða má, láta byggja nýtt skip til landhelgisgæslu.

2. gr.

Til byggingar skipsins skal verja fje úr landhelgissjóði.

3. gr.

Þegar ákvæðum 1. gr. frv. er fullnægt, skal eitt af varðskipum ríkisins annast að staðaldri gæsluna á svæðinu frá Reykjanesi að Látrabjargi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þótt landhelgisgæslan hafi allmjög verið bætt á síðari árum, þá er þó langt frá því, að hún sje enn komin í viðunanlegt horf. Bátaútvegur er enn þá víða á landinu ofurseldur ágangi innlendra og útlendra botnvörpunga. Sjerstaklega hefir þetta verið tilfinnanlegt á Faxaflóa og Breiðafirði, og þeim mun tilfinnanlegra, sem einmitt á þessum slóðum eru einhver bestu fiskimið landsins og fiskiveiðar aðalatvinnuvegur fjölda manna. Reynsla undanfarinna ára hefir nú sýnt, að úr þessu verður ekki bætt með öðru móti en því, að sjerstöku skipi sje ætluð gæsla að staðaldri á þessum stöðum.

Landhelgissjóður hefir nú á síðari árum vaxið svo hröðum fetum og er þegar orðinn svo stór, að áhættulaust virðist að leggja fram fje úr honum til byggingar á nýju varðskipi.

Nú er það svo, að varðskipið »Þór« getur ekki talist fullkomið til gæslu

vegna ónógs hraða skipsins, en hinsvegar má vel nota það þar, sem því er ætlað að hafa lítið afmarkað svæði til gæslu, svo sem við Vestmannaeyjar á vetrarvertíð og jafnvel á vissum tímum árs á nokkrum hluta Breiðafjarðar og Faxaflóa.

Frekari grein fyrir þessu frumv. í framsögu.

Ed. **54. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Aðalbreytingin, sem þetta frumvarp gerir á gildandi löggjöf um þetta efni, er sú, að feld er niður heimildin um það, að landsstjórnin megi taka skóga og kjarrsvæði á jörðum einstakra manna til friðunar. — Hinsvegar er það aðalnýmælið í frumvarpinu, að atvinnumálaráðherra er heimilt að veita eigendum og notendum jarða styrk til að afgirða skóglendi á jörðum sínum, svo og til að girða landspildur fyrir nýjan skógargróður.

Eftir að nefndin hefir athugað málið og rætt það bæði við skógræktarstjóra og Einar Helgason garðyrkjumann, vill hún mæla með því, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Í skógum þeim, er í afrjettum liggja eða fjarri búfjárhögum, er öll vetrarbeit bönnuð á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní. Ákveður atvinnumálaráðherra, í samráði við skógræktarstjóra, hverjir skógar falli undir ákvæði þetta.

Að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra nánari reglur um notkun og meðferð á skógum og kjarri, eftir tillögum skógræktarstjóra, og skal reglum þessum útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógar eru eða kjarr.

2. Við 6. gr.

Fyrri málsgrein orðist svo:

Atvinnumálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, að veita eigendum og notendum jarða eða jarðarskika tillag úr ríkissjóði til að girða bæði skóglendi og skóglaust land, til þess að koma þar upp skógargróðri, með þeim skilyrðum, er hjer segir:

3. Við 9. gr. Í stað orðanna: »1. og 7. gr.« komi: 1., 2. og 7. gr.

Alþingi, 25. janúar 1928.

Einar Árnason, form. og framsm.
Jón Baldvinsson, fundaskrifari,
Jónas Kristjánsson.

Ed. **55. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar í Bervík í Snæfellsnessýslu.

Flutningsm.: Halldór Steinsson.

1. gr.

Bervík í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ástæður.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni íbúanna í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu.

Frekari ástæður í framsögu, ef þörf gerist.

Ed. **56. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

Flutningsmaður: Guðmundur Ólafsson.

1. gr.

Á eftir 2. málslið 1. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir, svo hljóðandi: Þó skal veiðitíminn ávalt vera hinn sami fyrir alla laxveiði, hvort sem er um net eða aðrar veiðivjelar, ádrátt eða stangarveiði að ræða. Veiðitíminn skal aldrei byrja fyr en 1. júní.

Í stað orðanna í 3. málslið sömu greinar »36 stundir á viku . . . . . á mánudögum« komi: 60 stundir á viku hverri, eða frá kl. 6 e. h. á föstudögum til kl. 6 f. h. á mánudögum.

Aftan við sama málslið komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Þessi ákvæði ná þó eigi til stangaveiði.

2. gr.

Í stað orðanna í 2. málsgr. 2. gr. laganna »30 faðma« komi: 100 metra.

3. gr.

Á eftir 1. málslið 3. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Svo er og bannað að leggja net nær ármynnum en í 250 metra fjar-

lægð. Orðin »og í árósum ..... annarshvors flóðs« í 2. málslið sömu greinar falli niður, en í stað þeirra komi: og eigi nær árósum en í 250 metra fjarlægð.

4. gr.

Í stað »9 þumlungar« á tveim stöðum í 5. gr. laganna komi: 23,5 cm. Í stað »1½ þumlungur« í niðurlagi greinarinnar komi: 4 cm.

5. gr.

Í stað orðanna »alt að 100 kr. sekt« í fyrri málsgr. 8. gr. laganna komi: sektum, 300—1000 kr.

6. gr.

Í stað »amtmaður« í 7. gr. laganna komi: atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

7. gr.

Á eftir orðinu »fógeti« í fyrri málsgr. 8. gr. laganna komi: eða hreppstjóri.

8. gr.

Í stað »amtmaður« í 9. gr. laganna komi: atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa texta þeirra inn í meginmál laga nr. 5, 19. febr. 1886, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, eru lögin um friðun á laxi frá 1886 að verða 42 ára gömul og því að ýmsu leyti orðin á eftir tímanum, sjerstaklega nú á síðari árum, síðan farið var að gefa laxveiðinni meiri gaum. Vantar í lög þessi ýms ákvæði, sem aðrar þjóðir, er laxveiði stunda, hafa í sinni löggjöf, svo sem Norðmenn. Má þar einkum nefna ákvæði, er tryggi frjálsa göngu laxins um árnar og úr einni á í aðra.

Ríður mjög á því fyrir viðgang laxins, að hann geti komist hindrunarlítið á hrygningarstaðina. En það vill víða brenna við þessa 3 mánuði af árinu, sem leyfilegt er að stunda laxveiði, að menn vilja ganga nokkuð nærri þeim stöðum, þar sem laxagangan er mest og auðveldast að veiða hann, bæði með þjettum netalögum og jafnvel með því að hliðra sjer hjá að taka upp net sín þá tíma, sem þau eiga að vera á þurru landi. Þá hefir og svonefndur ádráttur talsvert verið stundaður, og þá ekki síst við árósa og annarsstaðar, þar sem laxgöngu er helst að vænta. En ádrátturinn styggir mjög laxinn, og er það skaðlegt, sjerstaklega í árósum, hamlar göngu í árnar.

Þá hefir það komið fyrir í sumum hjeruðum, að stangaveiði og netaveiði

byrja ekki á sama tíma, netaveiðin t. d. byrjar 15 dögum fyr og stangaveiði endar 15 dögum síðar. Þetta fyrirkomulag hefir það í för með sjer, að laxinn verður þar í raun og veru ófriðaður hálfum mánuði lengur en vera ber. Það er mjög áríðandi, að laxveiði byrji ekki að vorinu fyr en talsvert er gengið í árnar, því að laxveiði, sjerstaklega netalagnir og ádráttur, tálmar ávalt göngum.

Það er mjög áríðandi, til þess að lögin nái tilgangi sínum, að viðurlög við brotum gegn þeim sjeu hærri en svo, að menn geti hagnast á að brjóta þau. Refsing sú, er lögin frá 1886 leggja við brotum gegn þeim, alt að 100 kr., er alt of lág, enda mikið lægri nú en þegar lögin voru sett, vegna peningagengisins. Um lægri sektir en 300—1000 kr. fyrir brot gegn lögum þessum virðist eigi vera að ræða, auk þess að afli og veiðarfæri sjeu upptæk.

Ed. 57. Breytingartillögur

við frv. til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: af skógræktarfje.
2. Við 6. gr. Aftan við orðin í 1. málsgr. »úr ríkissjóði« komi: af skógræktarfje.

Nd. 58. Nefndarálit

um frv. til laga um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfjelags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir athugað frumvarp þetta og ástæðurnar fyrir því. Sömuleiðis hefir nefndin leitað upplýsinga um fjárhagsástæður lífeyrissjóðsins og um óskir Fiskifjelagsins fyrir starfsmenn sína. Að þessu athuguðu hefir nefndin orðið ásátt um að mæla með frv. Þó þykir nefndinni frv. ekki sjá fyrir, er fastir starfsmenn Búnaðarfjelags Íslands ganga úr þjónustu þess, hver rjettur þeirra gagnvart lífeyrissjóði verður þá, og ber því fram svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Aftan við 1. gr. frv. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú fer fastur starfsmaður Búnaðarfjelags Íslands úr þjónustu þess, án þess að vera vikið úr þjónustunni, og skal hann þá hafa rjett til endurgreiðslu

iðgjalda eða geymslu lífeyris samkvæmt 4. málsgr. 4. greinar laganna, enda láti hann ekki af starfinu með rjetti til lífeyris.

Alþingi, 28. jan. 1928.

Halldór Stefánsson, form. og frsm. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari. Hannes Jónsson.
Sig. Eggerz. Ólafur Thors.

Nd. **59. Frumvarp**

til laga um skyldu útgerðarmanns til að tryggja fatnað og muni lögskráðs skipverja.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Útgerðarmaður gufuskips skal skyldur að tryggja fatnað og muni hvers lögskráðs skipverja fyrir tjóni, er hlýst af því, að skipi hlekkist á, það strandar, eldur kemur upp í því eða það ferst, fyrir eigi lægri fjárhæð en 800 kr.

Sömu skyldu hefir útgerðarmaður mótorskips og mótorbáts, nema mótorbátur sje minni en 20 smálestir, en þá skal trygging á munum og fatnaði hvers lögskráðs skipverja eigi nema lægri fjárhæð en 400 kr.

2. gr.

Iðgjald fyrir tryggingu greiðir útgerðarmaður, og má hann eigi draga það af kaupi eða hlut skipverja.

Ríkissjóður greiðir hálft iðgjald fyrir tryggingu á fatnaði og munum skipverja á mótorbátum, sem eru 20 smálestir eða minni.

3. gr.

Ef skipi hlekkist á, það strandar, eldur kemur upp í því eða skip ferst og fatnaður og munir skipverja farast eða brenna, þá skal greiða skipverjum tryggingarfjárhæðina að fullu.

Bjargist fatnaður og munir að nokkru, skal greiða skipverjum af tryggingarfje, eftir mati dómkvaddra manna, skemdir eða tap á fatnaði eða munum.

Við tryggingarfje þeirra, er farast, taka erfingjar.

4. gr.

Vanræki útgerðarmaður að tryggja muni og fatnað skipverja samkvæmt lögum þessum, skal hann eigi að síður skyldur til að greiða tryggingarfje eftir 3. gr. Sjóveð í skipi, eða vátryggingarfje skips, sje trygging fyrir skaðabótagreiðslum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið flutt á tveimur undanfarandi þingum. Í fyrra skiftið var því vísað til stjórnarinnar, sem svo ekkert ljet frá sjer heyra um málið. Á Alþingi í fyrra flutti 5. landsk., J. Bald., frumvarpið á ný í Ed. (þskj. 54), en varð þá ekki útrætt. Frumvarpið er því flutt hjer enn á ný fyrir ítrekaðar áskoranir Sjómannafjelags Reykjavíkur.

Hin tíðu strönd stærri og minni skipa hafa ýtt á eftir þessari kröfu sjómanna, þar sem þeir í flestum tilfellum missa alt, sem þeir hafa meðferðis, eða þó þeir bjargi nokkru, þá stórskemdu. Við þessu tjóni mega ekki fátækir menn, enda það eina, sem ekki er að einhverju leyti vátrygt undir slíkum kringumstæðum. Tryggingarskyldan hlýtur að hvíla á eigendum skipanna eftir öllu eðli málsins.

Nd. **60. Frumvarp**

til laga um gagnfræðaskóla á Ísafirði.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Á Ísafirði skal setja á stofn gagnfræðaskóla, er annast skal alla almenna framhaldsfræðslu.

2. gr.

Í skólanum skal kenna þessar greinir:

Íslensku, dönsku, ensku, sagnfræði og þjóðfjelagsfræði, reikning, landafræði, náttúrufræði og eðlisfræði, heilsufræði, íþróttir, teikning og þær verklegar greinir, er reglugerð mælir fyrir um. Heimilt er að breyta námsgreinaskrá með reglugerð.

3. gr.

Bekkir skólans eru þrír, og er nemendum yfirleitt veitt viðtaka í fyrsta bekk. Þó má taka við nemendum í annan og þriðja bekk, enda hafi þeir þá þekkingu og þroska, er til þess útheimtist.

4. gr.

Skólastjóri gagnfræðaskólans hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar samkvæmt reglum launalaga, en launin hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 4200 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði, ljós og hita. Í reglugerð skal ákveða skyldur hans og kenslustundafjölda.

5. gr.

Tveir skulu fastir kennarar skólans auk skólastjóra, og hafa þeir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr., upp í 4200 kr. Fastakennarar eru skyldir til þess að kenna 27 stundir á viku. Stundakennarar skulu fengnir til skólans, að því leyti sem kenslu er frekar þörf.

6. gr.

Kenslumálaráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, að fengnum tillögum skólanefndar, er bæjarstjórnin á Ísafirði kýs fyrir skólann. Í reglugerðinni skal ákveða stundafjölda námsgreina og kröfur til fullnaðarprófs. Prófdómendur skipar kenslumálaráðuneytið.

7. gr.

Í reglugerð skal ákveða, að nemendur skólans greiði skólagjald, er renni í skólasjóð. Skal jafnframt ákveðið, hve há skólagjöldin skuli vera. Í skólasjóð rennur það fje, er skólanum kann að áskotnast, nema öðruvísi sje ákveðið. Úr sjóðnum skal greiða allan kostnað við ræsting, ljós og hita o. fl., sje sjóðurinn þess megnugur.

8. gr.

Úr ríkissjóði skal greiða allan annan kostnað við skólahaldið, laun allra kennara, viðhald skólahússins, viðhald og aukning áhalda o. fl., en endurgjaldskröfu á ríkissjóður hjá bæjarsjóði Ísafjarðar á $^1/_4$ hluta þeirrar upphæðar, er skólastjóra, föstum kennurum og stundakennurum er greitt ($^1/_4$ hluta kenslukostnaðarins).

9. gr.

Vorið 1929 lætur ríkisstjórnin byrja að byggja hæfilega stórt skólahús úr steinsteypu. Í skólanum skal vera íbúð fyrir skólastjóra og heimavistir fyrir að minsta kosti 30 nemendur. Ísafjarðarkaupstaður leggur til ókeypis lóð, er kenslumálaráðuneytið tekur gilda. Byggingunni með nauðsynlegum áhöldum og útbúnaði skal lokið sumarið 1930, og tekur skólinn til starfa 1. okt. 1930.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti þingm. Ísafjarðarkaupstaðar frumvarp, því nær samhljóða þessu. Var því vísað til mentamálanefndar, en átti ekki afturkvæmt þaðan. Vísast að mestu til greinargerðar þeirrar, er þá var látin fylgja frumvarpinu, en til viðbótar skal þetta tekið fram:

Ríkið hefir að undanförnu haldið uppi gagnfræðaskólum í öllum fjórðungum landsins nema Vestfirðingafjórðungi. Eru tveir þessara skóla reknir að öllu á kostnað ríkissjóðs, en hinn þriðji, Flensborgarskóli, árlega styrktur með allríflegri fjáruppbæð. Á síðastliðnu ári hefir ríkisstjórnin ákveðið að gera þær breytingar

á Akureyrarskóla, að þaðan geti útskrifast stúdentar. Hlýtur sú breyting að sjálfsögðu að hafa í för með sjer aukinn kostnað við skólann.

Skólaárið 1924—'25 voru framlög ríkissjóðs til þessara skóla sem hjer segir:

		Alls.	Á hvern nem.	Á námsviku hvers nem.
Akureyrarskóli . . .	kr.	54441,00	504,00	14,40
Eiðaskóli	—	19365,00	605,00	20,86
Flensborgarskóli . .	—	14000,00	258,00	9,92

Sama ár var Ísafjarðarskóli, með 2 deildum og 45 nemendum, styrktur með 2600,00 krónum, eða aðeins kr. 2,06 á námsviku hvers nemanda. Árið eftir, 1926, var styrkurinn lækkaður niður í 2500,00 krónur, en hækkaður síðastliðið ár upp í 4000,00 krónur.

Í núgildandi fjárlögum er ætlað til:

Akureyrarskóla	kr.	53120,00
Eiðaskóla	—	22120,00
Flensborgarskóla	—	14000,00

en ekki verður annað sjeð en að Ísafjarðarskóla sje ætluð svipuð upphæð og í fyrra.

Unglingaskólinn á Ísafirði hefir jafnan hlotið almanna lof, skólastjórn, kensla og allur rekstur skólans hefir ávalt verið í besta lagi, enda aðsókn að honum mikil. Skólinn er nú í 2 deildum og þær báðar svo fullar sem húsrúm frekast leyfir.

Verður ekki sjeð, að háttv. Alþingi geti lengur daufheyrst við hinni margendurteknu kröfu um fullkominn gagnfræðaskóla fyrir Vestfirði. Þvert á móti ætti að mega vænta þess, að því væri ljúft að bæta nú fyrir vanrækslu fyrri ára í þessu efni.

Nd. **61. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 62, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

1. grein laganna skal orða svo:

Umdæmi Ísafjarðar nær yfir jarðirnar Eyri með Stakkanesi, Seljalandi og Tungu.

2. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Bæjarstjórn stýrir málefnum kaupstaðarins. Í henni eru kjörnir fulltrúar og bæjarfógeti; hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum.

Samþykki meiri hluti greiddra atkvæða með leynilegri atkvæðagreiðslu kjósenda, skal bæjarstjórnin ráða sjerstakan bæjarstjóra í stað bæjarfógeta. Skal hann launaður af bæjarsjóði og eigi ráðinn til lengri tíma en til 6 ára í senn.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Greinargerð.

Ísafjarðarkaupstaður hefir nú eignast $^{19}/_{24}$ hluta jarðarinnar Tungu og þegar tekið helming jarðarinnar í ábúð. Rekur bærinn þar allstórt kúabú, og má telja víst, að allmikið verði þar gert að nýrækt og jarðabótum á næstu árum, auk þess sem ýmsir bæjarmenn fá þar landspildu til ræktunar. Verður því að teljast óhjákvæmilegt, að jörðin verði lögð undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins.

Samkvæmt gildandi lögum þarf $^{3}/_{5}$ greiddra atkvæða til þess, að bæjarstjóra megi setja í stað bæjarfógeta; einnig er gert ráð fyrir, að hann skuli kosinn af bæjarstjórn.

Þrem sinnum hefir meiri hluti atkvæða við almenna atkvæðagreiðslu á Ísafirði goldið því jákvæði, að valinn skyldi sjerstakur bæjarstjóri, en atkvæðamunur hefir ekki orðið svo mikill sem lögin heimta. Stjórn og rekstur bæjarmálefnanna er nú orðið svo umfangsmikið starf, að óhæfilegt er að ætla bæjarfógetanum að rækja það sem aukastarf, enda margsinnis sýnt, að meiri hluti kjósenda er þeirrar skoðunar, eins og að ofan segir. Ákvæðið um, að bæjarstjóri skuli kosinn af bæjarstjórn, er í samræmi við það, sem tíðkast hjá flestum kaupstöðum utan Reykjavíkur, enda í alla staði eðlilegast.

Ed. 62. Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt í þessu máli. Hefir hún klofnað í tvent, og skilar hvor nefndarhluti sínu áliti.

Aðalbreytingin frá gildandi stjórnarskrá, er felst í frv. þessu, er sú, að reglulegt Alþingi skuli háð aðeins annaðhvert ár og að fjárlög skuli samin til tveggja ára. Hefir því verið haldið fram, að af þessari breytingu mundi leiða allverulegan sparnað við þinghaldið.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að þótt með þessari breytingu kynni að nást einhver sparnaður, þá sje hann mjög vafasamur, því miklar líkur eru fyrir því, að aukaþing yrðu haldin þau árin, sem reglulegt þing ekki kæmi saman. Á það bendir allgreinilega reynsla áranna 1913—1920.

Ennfremur telur meiri hlutinn — og á það leggur hann aðaláherslu — svo mikið vandhæfi á að semja fjárlög til tveggja ára í senn, að það sje alls ekki hættulaust að taka upp aftur þá aðferð. Reynslan sýnir, að þótt fjárlög sjeu

samin aðeins til eins árs í senn, þá verða þau samt, í ýmsum greinum, nánast áætlun ein. Má því til sönnunar benda á, að fyrir þessu þingi liggja nú fjáraukalög fyrir árið 1926, er nema nærfelt $1^1/_2$ miljón króna. Virðist auðsjeð, að miklum mun ver mundi takast, ef til tveggja ára ættu að gilda.

Verður — að dómi meiri hlutans — eigi sjeð, að neinar þær umbætur felist í lagafrv. þessu, er sjeu þess verðar, að þeirra vegna sje hróflað við stjórnskipunarlögum ríkisins. Leggur því meiri hluti nefndarinnar til, að háttv. deild felli frv. þetta.

Alþingi, 26. janúar 1928.

Ingvar Pálmason, form. og framsm. Páll Hermannsson.

Erlingur Friðjónsson.

Ed. **63. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Það er tillaga meiri hluta allsherjarnefndar, að frumvarpið verði samþykt óbreytt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 30. jan. 1928.

Jón Baldvinsson, form. og framsögum. meiri hl. Ingvar Pálmason, skrifari.

Ed. **64. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Flutningsmaður: Einar Árnason.

1. gr.

Orðin »og má enginn vera í fleiri nefndum en tveimur« í 2. málsgr. 16. gr. laganna falli burt.

2. gr.

34. gr. laganna skal orða svo;

Þingræður allar, bæði ráðherra og þingmanna, skulu fluttar úr sjerstökum þar til gerðum ræðustól.

Ræðumaður skal ávalt víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann ávarpa neinn þingmann með nafni, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosningu.

3. gr.

35. gr. laganna skal orða svo:

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala tvisvar, og ekki lengur en eina klukkustund í senn, sbr. þó aðra málsgrein. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn, skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður, nema annar sje tilnefndur. Aðrir mega ekki tala oftar en einu sinni, og ekki lengur en hálfa klukkustund. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæslu þingskapa og til þess að bera af sjer sakir, en eigi skal sú athugasemd taka lengri tíma en fimm mínútur.

Framsögumenn fjárveitinganefnda mega tala þrisvar við fjárlagaumræðu alt að 2 klukkustundum í senn.

Ráðherrar mega tala svo oft og lengi sem þeim þykir þurfa.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt aðallega sem sparnaðarráðstöfun, og verður gerð nánari grein fyrir því í framsögu.

Nd. **65. Frumvarp**

til laga um dýralækna.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

Dýralæknar skulu vera sjö á landinu:

Einn í Reykjavík og nágrenni (Gullbringu- og Kjósarsýslu).

Annar í Borgarfjarðar-, Mýra-, Snæfellsnes-, Hnappadals- og Dalasýslum.

Þriðji í Barðastrandar-, Stranda- og Ísafjarðarsýslum.

Fjórði í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.

Fimti í Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyri og Þingeyjarsýslum.

Sjötti í Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu.

Sjöundi í Vestur-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslum.

Atvinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Dýralæknirinn í Reykjavík, er nefnist landsdýralæknir, skal jafnframt vera aðalráðunautur stjórnarinnar í heilbrigðismálum búpenings og hafa fyrir hennar hönd eftirlit með embættisfærslu annara dýralækna.

Takmörkum hjeraðanna má ráðuneytið breyta með ráði landsdýralæknis.

2. gr.

Laun dýralækna skulu vera samkvæmt launalögum.

3. gr.

Þegar dýralæknar ferðast í þarfir hins opinbera, fá þeir úr ríkissjóði 5 kr. á dag, og að því skapi fyrir hluta úr degi. Ferðakostnaður skal þeim endurgoldinn eftir sömu reglum og ráðunautum Búnaðarfjelags Íslands.

4. gr.

Þá er dýralæknir ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá, er fararinnar beiðist, fá honum ókeypis fararbeina og fæði eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum 3. gr. þessara laga.

5. gr.

Auk dýralæknastarfsemi skulu dýralæknar, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, hafa á hendi aðalumsjón með allri búpeningsstarfsemi og búpeningsumbótum, hver í sínu umdæmi, og dýralæknarnir í Borgarfjarðar- og Skagafjarðarumdæmum auk þess nokkra kenslu við bændaskólana.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur dýralæknunum erindisbrjef, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, og ákveður í því starfssvið þeirra, þar á meðal það, að skylt sje dýralækni árlega að senda landsdýralækni skýrslu um alidýrasjúkdóma, hverjum úr sínu umdæmi. Ennfremur skulu dýralæknar senda landsdýralækni skýrslu um búpeningssýningar, nautgripa-, hrossa- og sauðfjárræktarfjelög, um kynbótabú og annað það, er að kynbótastarfsemi lýtur. Skal landsdýralæknir vinna úr þessum skýrslum og birta árlega útdráttinn á kostnað þess opinbera.

7. gr.

Meðan íslenskir dýralæknar eru ekki til í öll embættin, skulu þeir dýralæknar, sem þegar eru í embættum, gegna þeim umdæmum, sem engir dýralæknar eru í, án sjerstaks endurgjalds.

8. gr.

Lög um dýralækna frá 3. nóv. 1915 eru hjer með úr gildi numin.

Greinargerð.

Með auknum framförum í landbúnaði og betri meðferð á búpeningi verður það óumflýjanlegt að fjölga dýralæknunum. Í frumvarpi þessu er ráðgert, að þeir verði 7, og mega þeir ekki færri vera. Nokkurn kostnað hefir þessi dýralæknafjölgun í för með sjer, en í raun og veru er sá kostnaður hverfandi, sam-

anborið við það gagn, sem þeir geta gert. Fyrst um sinn verða þetta engin aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, þar sem íslenskir dýralæknar eru ekki til í 3 af þessum embættum, en lög um fjölgun dýralækna ætti að vera hvatning fyrir unga og efnilega menn að snúa sjer að þessu námi.

Ef vjer lítum á þau verkefni, sem bíða dýralækna hjer, má t. d. benda á, að vjer eyðum árlega til berklalækninga og berklavarna ógrynni fjár, svo hundruðum þúsunda kr. skiftir árlega. Til þess að þessi upphæð geti minkað, mætti benda á, að berklarannsóknir á kúm þurfa að vera samfara þeim tilraunum, sem gerðar eru hjer til þess að útrýma berklum; annars vantar einn hornsteininn í undirstöðuna. Að berklar eru fátíðir á kúm hjer enn sem komið er, gefur oss ekki tækifæri til að slá málinu á frest, því að reynsla annara þjóða hefir sýnt oss, að vjer getum ekki verið aðgerðalausir. Um 1800 þektust berklar ekki í kúm í Danmörku, en nú eru um 40% af kúnum með berkla, og ríkið greiðir nú árlega um kr. 153000 fyrir gripi, sem drepnir eru vegna júgurberkla. Vjer sjáum því, að þótt berklar sjeu enn ekki til muna í kúm vorum, þá verðum vjer samt að vera vel á verði, til þess að tryggja það, að þeir verði ekki landlægir í stofninum.

Í þessu sambandi má minna á það, að búið er að stofna stórt mjólkurbú í Flóa og fleiri í uppsiglingu á Suðurlandi og víðar, og er því brýn nauðsyn á, að við slík mjólkurbú sje litið eftir heilbrigðisástandi kúnna.

Til þessa hefir bústofn vor þótt það ótryggur, að hann hefir ekki verið talinn veðhæfur. Þessu er nokkuð öðruvísi varið hjá nágrannaþjóðum vorum, þar sem dýralæknafyrirkomulag er gott. Þar er bústofninn talinn fyllilega veðhæfur, enda eru gripirnir vátrygðir. Bústofn vor mun vera um 32634000 kr. virði — ef vjer reiknum hvern nautgrip á kr. 300, hross á kr. 150, sauðfje á kr. 30 og geitfje á kr. 30. — Þessi stofn vor er best tryggður með sæmilegu dýralæknafyrirkomulagi, en það teljum vjer, að ekki geti talist, nema dýralæknar sjeu að minsta kosti sjö á landinu. Starfssvið þeirra verður að vernda þennan stofn vorn með því að lækna þá gripi, sem sjúkir verða, gefa ráð um lækningu og meðferð sjúkra gripa, vera útverðir landbúnaðarins til tryggingar því, að óþektar næmar pestir berist ekki til landsins, vera á verði til þess að tryggja, að þær næmu pestir, sem nú þjá gripi vora, breiðist sem minst út. Með auknum útflutningi á íslenskum landbúnaðarafurðum, sjerstaklega með tilliti til útflutnings á kældu og frystu kjöti til Englands, og jafnframt meiri kröfum um vöruvöndun, ætlum vjer, að nauðsynlegt sje fyrir oss að tryggja oss fullkomnara dýralæknaeftirlit með þessum afurðum heldur en kostur er á með svo fáum dýralæknum sem nú eru. Kröfur útlendinga byggjast á dýralæknaeftirliti. Gæti það því orðið markaði vorum hættulegt í framtíðinni, ef vjer reyndum ekki að tryggja oss sæmilegt eftirlit með þessum útflutningsvörum vorum.

Til þess að dýralæknarnir geti komið þjóðinni að sem mestum notum, ætlumst vjer til, að þeir hafi ráðunautastarfsemi með höndum í öllu, er að kynbótastarfsemi og búpeningsrækt lýtur, t. d. dómarar á sýningum, umsjónarmenn með kynbótabúum, eftirlitsmenn með sauðfjár-, nautgripa- og hrossa-ræktarfjelögum o. fl. Á ferðum sínum sem ráðunautar kæmust þeir í sem nánast samband við bændur, kyntust þeim kvillum, er þjá búpeninginn, og væru þá jafnframt sem

nokkurskonar umferðakennarar bændanna. Með því að fela dýralæknunum kynbótastarfsemi vora, teljum vjer henni best borgið, álítum, að það myndi tryggja meiri festu á því sviði heldur en verið hefir. Vjer gerum ekki ráð fyrir, að heppilegt sje, að dýralæknar reki stórbúskap, en hinsvegar teljum vjer mjög óheppilegt, að þeir búi í kaupstöðum og sjávarþorpum. Ætlun vor er, að þeir hafi smábúskap, sem gæti verið til fyrirmyndar fyrirhugaðri nýbýlarækt.

Með því að haga dýralæknabústöðum þannig, að þeir geti jafnframt veitt nokkra kenslu við bændaskólana, hyggjum vjer, að oss takist að nota krafta þeirra sem best. Vjer göngum út frá, að dýralæknir geti haft nokkrar kenslustundir á viku, sem þó yrði að haga þannig, að kenslan tjelli ekki niður þótt dýralæknirinn þyrfti að heiman. Gætu þá aðrir kennarar skólans kent í hans stað, en hann svo fengið fleiri stundir, þegar hann er heima. Með þessu fyrirkomulagi gerum vjer ráð fyrir, að nægilegt sje að hafa tvo kennara með dýralækni við bændaskólana.

Vjer viljum taka það fram, að jafnvel þótt nú sjeu engir ísl. dýralæknar í þrem af þessum embættum, teljum vjer nauðsynlegt að fresta ekki stofnun embættanna, því á meðan engin embætti eru til, munu engir fást til að leggja stund á þetta nám, sem bæði er talið erfitt og dýrt.

Ef vjer tökum dýralæknafyrirkomulagið í Noregi, þar sem staðhættir eru hvað líkastir og hjer hjá oss, til samanburðar, sjáum vjer, að dýralæknar þar hafa verið: 1850 23, 1860 59, 1870 75, 1880 78, 1890 118, 1900 148, 1910 234, 1920 245. Þeim hefir með öðrum orðum fjölgað mjög ört, sem raunar er mjög eðlilegt, þar sem landbúnaði Norðmanna hefir fleygt mjög áfram á þessu tímabili, en hlutföllin í þróun þjóðanna í landbúnaði og fjölgun dýralæknanna standa í mjög nánu sambandi hvort við annað. 1923 var í Noregi 1 dýralæknir á hverja 5500 stórgripi (stórgr. = 1 kýr = 2 hestar = 10 sauðkindur = 10 geitur = 5 svín). Reiknað eftir sama mælikvarða (stórgripatölu vorri) ættu hjer að vera 25 dýralæknar. Sjeu hlutföllin tekin eftir fólksfjölda hjer og í Noregi, ættu hjer að vera 20 dýralæknar.

Aðstaða dýralæknanna hjer á landi hefir til þessa verið slæm, þannig að þeir hafa alls ekki getað notið sín. Þeir hafa allir haft búsetu í kaupstöðum og verslunarþorpum, en hafa ekki haft aðgang að jarðnæði, sem þó virðist nauðsynlegt. Dýralæknarnir eiga jafnframt dýralæknastarfsemi að vera leiðtogar bændanna á sviði húsdýraræktarinnar. Bændurnir ættu að geta lært af þeim meðferð og hirðingu búpenings. Dýral. hafa hingað til alls ekki haft aðstöðu til þess að taka á móti gripum, sem þeir hefðu þurft að hafa undir höndum, en hafa neyðst til þess að lækna gripina heima hjá eigendunum, sem oft búa langt í burtu, þannig að dýral. hafa aðeins sjeð gripina einu sinni. Af eðlilegum ástæðum hefir lækningin því stundum ekki komið að tilætluðum notum, en hefir orðið eigendum gripanna dýrari en hún hefði orðið, ef dýral. hefði getað tekið sjúklinginn heim og haft hann undir höndum, meðan hann þurfti lækningar við. Ætlumst vjer því til, að dýral. hafi lítilsháttar dýraspítala hjá sjer, þannig, að þeir geti tekið á móti gripum og haft þá um nokkurn tíma. Ef dýral. hafa bú, getur tæplega hjá því farið, að gripir þeirra veikjast þeim algengustu kvillum, er þjá gripi bænda. Hafa þeir þá mun betra tækifæri til þess að rannsaka orsakir, eðli og

lækningu þessara kvilla heldur en eftir nákvæmum lýsingum, eða jafnvel þótt þeir sjái sjúklinginn einu sinni. Með frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir, að búsetunni verði hagað þannig, að dýralæknar hafi jarðnæði. Álítum vjer eðlilegast, að ríkið ætti jarðirnar og ljeti byggja þær upp að íbúðarhúsum og gripahúsum. Fyrir jarðnæðið og hús þau, er jörðinni fylgja, gerum vjer ráð fyrir, að dýral. greiði hæfilegt eftirgjald, er dragist frá launum þeirra.

Eftir frumvarpi þessu er krafist miklu meira starfs af dýralæknum en hingað til hefir verið gert. Í raun og veru verður þetta sparnaður fyrir ríkissjóð, því að með frumvarpi þessu gerum vjer ráð fyrir, að dýralæknarnir taki að sjer starf þeirra ráðunauta Búnaðarfjelags Íslands, en það fær fje til þessa úr ríkissjóði.

Hvað viðvíkur launakjörum norskra dýralækna skal þess getið, að þeim er skift í 4 fl. eftir gæðum hjeraðanna. Hafa þeir mest laun, sem eru í verri hjeruðunum, en lægst laun þar, sem hjeruðin eru góð. 1. fl. 4800, 2. fl. 4000, 3. fl. 3200 og 4. fl. 2400, með 3 aldurs-uppbótum, 300 kr. í hvert skifti eftir 3, 6 og 9 ár. Dýralækna-bústaðina eiga hjeruðin í Noregi flest sjálf og búa dýralæknar þar endurgjaldslaust. Efnahagsleg aðstaða norsku dýralæknanna er því mun betri en stjettarbræðra þeirra hjer. Kjör dýralækna hjer eru einnig tæplega sambærileg við kjör þau, er aðrir embættismenn þjóðfjelagsins eiga við að búa. Flestir prestar landsins sitja á hlunnindajörðum við væga landsskuld, en auk þess er smátt og smátt verið að byggja prestssetrin upp. Læknarnir hafa einnig flestir bústaði fyrir lágt eftirgjald hjá þeim hjeruðum, er þeir starfa í. Flestir hafa þeir og aðgang að sjúkraskýli.

Margra hluta vegna er það nauðsynlegt, að einn dýralæknirinn sje yfirmaður hinna, og þá jafnframt ráðunautur stjórnarinnar í þeim málum, er varða dýralækna og dýralækningar. Vegna staðhátta teljum vjer heppilegast, að landsdýralæknirinn sitji í Reykjavík. Gæti hann þá jafnframt unnið að rannsóknum á íslenskum alidýrasjúkdómum við rannsóknarstofu háskólans.

Skýrslur þær, er um ræðir í 6. gr. frumvarpsins, geta orðið til mikils gagns, einkum ef þeim er safnað af dýralæknum. Er með því fengin trygging fyrir, að þær verði rjettari heldur en áður var, meðan þessum skýrslum var safnað samkv. lögum um skýrslur um alidýrasjúkdóma, frá 20. okt. 1905, er numin voru úr gildi með lögum nr. 48, 26. okt. 1917.

Þess má geta, að fyrir Alþingi liggur nú frv. til laga um búfjártryggingar, sem telja má, að geti orðið til allmikilla hagsmuna fyrir bændur, sjerstaklega að því er snertir veðhæfi búpenings, en eitt af aðalskilyrðunum fyrir því, að búfjártryggingar komi að hagfeldum notum, er aukin trygging á búfjársjúkdómum og varnir gegn þeim. En þessu atriði verður ekki fullnægt nema með fjölgun dýralækna og því, að starfskraftar þeirra notist sem best.

Við samning frumvarps þessa hefi jeg haft hliðsjón af frumvarpi um dýralækna, sem var til umræðu á Alþingi 1919, en varð ekki útrætt.

Nd. **66. Frumvarp**

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararjettur skal veittur frú Björgu C. Þorláksdóttur dr. phil., sem fædd er á Íslandi, en hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk frú Bjargar C. Þorláksdóttur dr. phil., sem nú hefir danskan ríkisborgararjett. Nefndinni virðist sjálfsagt að verða við þessum tilmælum hennar.

Ed. **67. Frumvarp**

til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í skógum og kjarri má ekki höggva trje nje hrís öðruvísi en svo, að höggið sje innan úr, eða skógurinn eða kjarrið aðeins grisjað. Ekkert svæði má berhöggva, nema landið sje tekið til ræktunar. Birkirunnum og birkirótum í skógum og kjarri má ekki kippa upp. Ekki má rífa lyng, fjalldrapa, víði nje mel, heldur klippa það eða skera. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er heimilt að banna að taka upp slíkan gróður á þeim svæðum, er ætla má að slíkt geti valdið uppblæstri landsins eða verulegum skemdum. Þeim er og heimilt að banna að taka mosa í gróðurlitlum hraunum.

2. gr.

Í skógum þeim, er í afrjettum liggja eða fjarri búfjárhögum, er öll vetrarbeit bönnuð á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní. Ákveður atvinnumálaráðherra, í samráði við skógræktarstjóra, hverjir skógar falli undir ákvæði þetta.

Að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra nánari reglur um notkun og meðferð á skógum og kjarri, eftir tillögum skógræktarstjóra, og skal reglum þessum útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógar eru eða kjarr.

3. gr.

Skógræktarstjórinn eða skógarverðirnir eftir fyrirlagi hans skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun,

og skulu þeir, samkvæmt reglum þeim, er getur um í 2. gr., skipa fyrir um, hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar eða kjarrs um alla framkvæmd á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorast undan að fylgja þeim út í skóginn eða kjarrið. Eigandi eða nothafi skal skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu til þess að höggva á alt að 400 fermetra svæði í skóginum eða kjarrinu, til þess að kynnast hvernig höggva skal.

4. gr.

Eigendur eða notendur skóga og kjarrs geta ekki bannað skógræktarstjóra eða skógarvörðum, nje heldur hreppstjórum eða öðrum þeim, sem eftirlit kynni að vera falið, umferð um land sitt, hvort sem er girt eða ógirt.

5. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn, til þess að kynna sjer fyrirskipanir þeirra að því er meðferð skóga og kjarrs snertir, er þeim ber að hafa eftirlit með. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 8 kr. um daginn, er greiðast úr ríkissjóði af skógræktarfje.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, að veita eigendum og notendum jarða eða jarðarskika tillag úr ríkissjóði af skógræktarfje til að girða bæði skóglendi og skóglaust land, til þess að koma þar upp skógargróðri, með þeim skilyrðum, er hjer segir:

Ríkissjóður leggur til girðingarefnið og kemur því á næstu höfn við það svæði, sem girða skal. Hann leggur einnig til verkstjóra við uppsetning girðingarinnar, en eigandi eða nothafi flytur girðingarefnið frá höfninni að girðingarstaðnum á sinn kostnað og leggur til þann vinnukraft, sem þarf til uppsetningarinnar, annan en verkstjórann. Gera skal samning milli ríkissjóðs annarsvegar og eiganda eða nothafa hinsvegar um skógargirðingu, og skal hann þinglesinn í þeirri þinghá, þar sem skógarjörðin liggur, sem kvöð á jörðinni. Ríkissjóður greiðir annan helming, en eigandi eða nothafi hinn helming viðhaldskostnaðar á girðingunni.

7. gr.

Skógræktarstjóri ákveður í hvert skifti, að hve miklu leyti má hafa þau svæði, er getur um í 6. gr., fyrir beitiland. Heimilt er honum að leyfa að beita þar kúm og sauðfje frá 20. júní til 1. október. Komi til greina að rækta nýjan skógargróður á einhverjum hluta hins girta svæðis, þá verður eigandi eða nothafi að setja upp um þann hluta nægilega trausta girðingu á sinn kostnað, ef hann vill halda beitinni áfram á öðrum hluta svæðisins. Sje hið girta svæði stórt og sjeu á því skóglaus mýrarsund, getur það komið til greina, að skógarvörður leyfi eiganda eða nothafa að hafa þar sauðfje sitt, frá því það er tekið af afrjettum og til 1. nóvember.

8. gr.

Ef eigendur eða notendur skógræktarsvæða þeirra, sem girt hafa verið að nokkru eða öllu leyti á kostnað ríkissjóðs, rjúfa þann samning, sem gerður hefir verið um friðun landsins, þá er skógræktarstjóra heimilt, að fengnu samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka burt girðinguna á kostnað eigenda eða notenda.

9. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum og skógarverðir í umdæmum sínum hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sje gegn friðunarákvæðunum í 1., 2. og 7. gr. þessara laga. Skulu þeir jafnskjótt og þeir verða þess varir senda skýrslu um það til skógræktarstjóra, er síðan ber málið undir atvinnumálaráðuneytið, og ákveður það svo, hvað gera skuli frekar í málinu.

10. gr.

Brot á móti lögum þessum varða sektum, frá 50—500 kr., til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög nr. 51, 30. júlí 1909, um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl. eru úr gildi numin.

Ed. 68. Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin í þessu máli hefir klofnað. Meiri hlutinn vill fella frv., en minni hlutinn telur hinsvegar til bóta þær breytingar á stjórnarskránni, sem felast í frv. Aðalbreytingar frv. á núgildandi stjórnarskrá eru þrjár:

1. Þinghald annaðhvert ár.
2. Kosning landskjörinna þingmanna til 4 ára og samtímis kosningu þjóðkjörinna þingmanna.
3. Kosningaaldur við landskjör er færður niður í 30 ár og kjörgengi miðað við sama aldur.

Um fyrstu breytinguna er það að segja, að mikill meiri hluti þjóðarinnar hefir fyrir löngu lýst fylgi sínu við hana með samþyktum ár eftir ár á þingmálafundum víðsvegar um land. Þjóðin hefir litið svo á, að þessari breytingu hlyti að fylgja mikill sparnaður á ríkisfje, enda verður því tæplega neitað.

Önnur aðalbreytingin, er snertir kosningu landskjörinna þingmanna hlýtur einnig að hafa allverulegan sparnað í för með sjer.

Að því er þriðju breytinguna snertir, um kosningaaldur og kjörgengi við landskjör, þá lítur minni hlutinn svo á, að þótt hann telji hana ekki til bóta, þá sje hún hinsvegar ekki svo þýðingarmikil, að til mála geti komið að fella frv. hennar vegna. Á síðasta þingi var þetta frv. þaulrætt og þá færð rök fyrir þeim breytingum, sem felast í því, og þykir ekki ástæða til að endurtaka það í þessu nefndaráliti. Minni hluti nefndarinnar leggur eindregið til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 31. jan. 1928.

H. Steinsson, frsm. Jóh. Jóhannesson.

Ed. **69. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Mjer virðist frv. þetta veita bæjarstjórnum miklu víðtækari heimild til þess að skerða atvinnufrelsi manna en rjett er eða rjettlæst getur af nokkurri almenningsnauðsyn. Sjerstaklega tel jeg alveg óviðeigandi að fá bæjarstjórnum vald til þess að ákveða eða takmarka vinnutíma þeirra handiðnarmanna, sem stunda atvinnu sína einir eða með aðstoð skylduliðs síns einungis. Legg jeg því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 31. jan. 1928.

Jón Þorláksson.

Nd. **70. Frumvarp**

til laga um samskóla Reykjavíkur.

Flutningsmenn: Magnús Jónsson, Hjeðinn Valdimarsson, Jón Ólafsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Í samskólum Reykjavíkur skulu vera fyrst um sinn þessir framhaldsskólar: Ungmennaskóli, iðnskóli, verslunarskóli og vjelstjóraskóli.

2. gr.

Ungmennaskólinn skal annast almenna framhaldsfræðslu, en hinir skólarnir sjerfræðslu, hver á sínu sviði.

3. gr.

Í skólum þessum skulu kendar þessar greinir:

1. *Tungumálagreinir:* íslenska, danska, enska, þýska;
2. *Sagnfræðigreinir ag atvinnumál:* sagnfræði, þjóðfjelagsfræði, atvinnu- og viðskiftafræði, samvinnufræði, verslunarrjettur, iðnlöggjöf, atvinnuskipulag;
3. *Náttúru- og eðlisfræðigreinir:* náttúrusaga og náttúrufræði, mannfræði og heilsufræði, efnafræði, eðlisfræði, landafræði;
4. *Talnagreinir:* reikningur, verslunar- og iðnreikningur, stærðfræði, bókfærsla;
5. *Verklegar greinir:* teikning, vjelfræði, smíðar, skrift og vjelritun, efnis- og áhaldafræði, varningsfræði:
6. *Söngur, líkamsæfingar* og *íþróttir.*

Heimilt er, með samþykki eða eftir fyrirmælum kenslumálaráðuneytisins, að breyta námsgreinaskrá skólanna frá því, sem hjer er talið, fjölga eða fækka námsgreinum eftir þörfum.

4. gr.

Samskólarnir halda uppi sameiginlegri eins árs undirbúningsdeild í almennum námsgreinum fyrir nemendur, er vilja búa sig undir inngöngu í einhvern af sjerskólunum. Deild þessari stjórnar skólastjóri ungmennaskólans.

5. gr.

Fastanemendur skólanna eru þeir, er stunda nám í öllum þeim námsgreinum, sem ákveðnar eru til fullnaðarprófs í þeim skóla eða undirbúningsdeild. En auk þessa fastanáms skal leyfa þátttöku í einni námsgrein eða fleirum og einnig stofna til námsskeiða um skamman eða langan tíma, þegar ástæður eru til. Undanþágu má skólastjóri ungmennaskólans veita nemendum skólans í einni eða fleiri námsgreinum, eftir því, sem áhugi og hæfileikar benda til.

6. gr.

Kenslumálaráðuneytið setur sjerreglugerð fyrir hvern þessara skóla, að fengnum tillögum skólaaðilja, en það eru bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir ungmennaskólann, stjórn Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík fyrir iðnskólann og Verslunarráð Íslands fyrir verslunarskólann, enda hafi hver aðili tillögurjett um stjórn og rekstur síns skóla. Í reglugerðunum skulu vera ákvæði um inntökuskilyrði, námsgreinir, stundafjölda námsgreina, námsárafjölda, kensluna og kröfur til fullnaðarprófs. Kenslumálaráðuneytið skipar prófdómendur, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð.

7. gr.

Nú krefst skóli til fullnaðarprófs þekkingar í öðru en því, sem heyrir undir sjernám skólans, og skulu þá nemendur fá þá fræðslu í þeim skóla eða skólum stofnunarinnar, sem hafa á hendi kenslu í þeim greinum. Þegar nemendur af þessari ástæðu sækja kenslu í annan skóla en sinn eiginn, skulu

þeir, eftir því, sem við verður komið, njóta þar kenslunnar ásamt fastanemendum þess skóla.

Kenslumálaráðuneytið setur reglugerð um þetta og annað samstarf skólanna og öll sameiginleg atriði, að fengnum tillögum skólaráðs.

8. gr.

Hverjum skólanna stýrir skólastjóri, en hinum sameiginlegu málefnum skólanna stjórnar skólaráð, og skulu eiga í því sæti skólastjórar allra skólanna og oddamaður, sem kenslumálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn. Hann er fulltrúi ríkisstjórnarinnar og formaður skólaráðs, enda skal honum greidd þóknun úr ríkissjóði, sem ráðuneytið ákveður.

Skólastjóri ungmennafræðaskólans skal hafa á hendi allar fjárreiður skólanna og reikningshald og sjá um eignir þeirra, alt undir umsjón skólaráðs.

Skólastjóra skipar kenslumálaráðuneytið, að fengnum tillögum aðilja, en kennara að fengnum tillögum skólaráðs.

9. gr.

Fastir kennarar skulu vera svo margir sem þörf er á í tvískipaða undirbúningsdeild og einskipaða, fasta námsbekki skólanna, en stundakensla að auki eftir þörfum. Skólastjórar teljast í þessu sambandi til fastra kennara.

Þegar bekkir einhvers skólans hafa verið tvískipaðir eða meira um þriggja ára skeið, skulu skipaðir fastir kennarar, sem svarar alt að $^3/_4$ þeirrar fastakenslu, sem er umfram það, er segir í 1. málsgr. þessarar greinar.

Fastir kennarar eru skyldir til að kenna 27 stundir í viku, en í reglugerð skal kveða á um kenslustundafjölda hvers skólastjóra.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við samskólana, nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að minsta kosti 1 ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

10. gr.

Skólastjóri ungmennaskólans hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar lögum samkvæmt, en launin hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 4200 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði í skólahúsinu, ljós og hita. Ennfremur má ráðuneytið ákveða honum þóknun fyrir reikningshald og umsjón.

Skólastjórar verslunarskólans, vjelstjóraskólans og iðnskólans hafa að byrjunarlaunum 4400 kr., auk dýrtíðaruppbótar eftir lögum, og hækka þau á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 5400 kr. Meðan ekki er fastur dagskóli í iðnskólanum, auk kvöldskóla, er skólastjórinn skyldur til þess að gegna öðrum starfa aukreitis, er kenslumálaráðuneytið kann að fela honum, gegn þóknun, ef ráðuneytið telur það sanngjarnt.

Fastir kennarar skólanna skulu hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr., upp í 4200 kr.

11. gr.

Laun þau, er ræðir um í 10. gr., og kostnaður af stundakenslu, er leiðir af fastanámi í skólunum (sbr. 5. gr.), greiðist úr ríkissjóði, en endurgjaldskröfu á hann hjá bæjarsjóði Reykjavíkur á 1/4 hluta þess kenslukostnaðar, sem fastanáminu fylgir í undirbúningsdeild og ungmennaskólanum.

12. gr.

Fyrir alla nemendur skólanna skal greiða skólagjald, er rennur í skólasjóð. Kenslumálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólaráðs, hversu há skólagjöld fastanemenda skuli vera, en skólaráð gjöld aukanemenda. Skólagjöldin skal ákveða svo há, að skólasjóður fái staðist þau gjöld, er á honum hvíla. Í skólasjóðinn rennur einnig það fje annað, sem stofnuninni kann að áskotnast, nema öðruvísi sje fyrir mælt.

13. gr.

Úr skólasjóði skal greiða allan kostnað við skólahaldið, sem ekki er lagður á aðra eftir lögum þessum, þar á meðal kostnað af viðhaldi skólahússins, aukningu áhalda, kostnað af námsskeiðum, borgun til kennara, sem ekki falla undir 11. gr., o. fl. Fyrir skólahúsið greiðist engin leiga.

14. gr.

Landsstjórnin lætur reisa handa stofnuninni hæfilega stórt skólahús, vjelahús og vinnustofur með nauðsynlegum áhöldum og útbúnaði, þegar allir aðiljar, en það eru Alþingi, bæjarstjórn Reykjavíkur, Iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík fyrir iðnaðarmenn, og Verslunarráð Íslands fyrir verslunarmenn, leggja fram nauðsynlegt fje til þess. Stofnkostnaður þessi skiftist þannig milli aðilja, að ríkissjóður leggur fram 2/5, bæjarsjóður Reykjavíkur 2/5 og lóð, er kenslumálaráðuneytið tekur gilda, iðnaðarmenn 1/10 og verslunarmenn 1/10.

15. gr.

Stofnunin tekur til starfa 1. október næstan eftir að lokið er undirbúningi þeim öllum, sem um er rætt í 14. gr.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt einróma tilmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur, eins og sjá má af brjefi því, sem hjer er birt. Frumvarpið er hjer flutt orðrjett eins og það er síðast prentað í heilu lagi í skjalaparti Alþingistíðindanna í fyrra (þskj. 285). Flutningsmenn vilja þó taka fram, að þeir sjeu hver um sig ekki samþykkir frv. í öllum atriðum.

Fylgiskjal.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík, 25. janúar 1928.

Á fundi bæjarstjórnarinnar 19. þ. m. var með samhljóða atkvæðum samþykt svo hljóðandi tillaga:

»Bæjarstjórn Reykjavíkur ályktar að skora á þingmenn kaupstaðarins að flytja hið fyrsta á yfirstandandi Alþingi frumvarp til laga um samskóla í Reykjavík, er lá fyrir þinginu í fyrra, svo framarlega sem ríkisstjórnin leggur það ekki fyrir þingið«.

Áskorun þessari leyfi jeg mjer hjer með að beina til háttvirtra þingmanna kaupstaðarins.

K. Zimsen.

Til
þingmanna Reykjavíkurkaupstaðar á Alþingi.

Nd. **71. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum.

Frá allsherjarnefnd.

Stjórnarfrv. þetta er komið fram eftir áskorun neðri deildar í þingsályktun 1927. Aðalinnihald þess er, að fyrirtæki, þar sem 3 menn eða fleiri vinna saman að staðaldri, eða þar sem eimkatlar og vjelar eru starfandi, skuli tilkynningarskyld, en stjórnarvöldin ákveði síðar, hver þeirra sjeu eftirlitsskyld. Nánari reglur um eftirlit sjeu mikils til settar með reglugerðum, þó að ýmsar ákveðnar kröfur sjeu gerðar í frv. Skoðunarkostnað greiði fyrirtækin sjálf, nema ferðakostnað skoðunarmanna, sem greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. þetta nái fram að ganga og sjer ekki ástæðu til að koma með breytingartillögur við það.

Alþingi, 31. jan. 1928.

Gunnar Sigurðsson, form.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari og frsm.
Bernh. Stefánsson.	Hákon J. Kristófersson.

Ed. **72. Breytingartillögur**

við frv. til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 6. gr. Fyrir orðin í niðurlagi 1. málsgr. »með þeim skilyrðum« komi: alt að því.
2. Við 6. gr. Fyrir orðin í síðasta málslið »Ríkissjóður greiðir« komi: Í samningi má ákveða, að ríkissjóður greiði.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Skóglaust land, sem girt er samkv. 6. gr. til þess að koma þar upp skógargróðri, skal vera alfriðað fyrir búfjárbeit. Skógræktarstjóra er heimilt að leyfa að beita kúm og sauðfje í skóglendi, sem girt hefir verið samkv. 6. gr., ef hann telur ástand skógarins þannig, að beitin tefji ekki til muna framför hans. Aldrei má þó leyfa neina beit á slíkum svæðum frá 1. nóv. til 20. júní. Komi til greina að rækta nýjan skógargróður á einhverjum hluta slíks svæðis, má eigi leyfa neina beit í girðingunni nema eigandi eða nothafi setji upp á sinn kostnað nægilega trausta girðingu um þann hluta og haldi henni við.

Nd. **73. Frumvarp**

til laga um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfjelags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ákvæði laga nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, skulu einnig gilda um fasta starfsmenn Búnaðarfjelags Íslands.

Nú fer fastur starfsmaður Búnaðarfjelags Íslands úr þjónustu þess, án þess að vera vikið úr þjónustunni, og skal hann þá hafa rjett til endurgreiðslu iðgjalda eða geymslu lífeyris samkvæmt 4. málsgr. 4. greinar laganna, enda láti hann ekki af starfinu með rjetti til lífeyris.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Ed. **74. Breytingartillögur**

við frv. til laga um löggilding verslunarstaðar í Bervík í Snæfellsnessýslu.

Frá forsætisráðherra.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í Bervík í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu og á Broddanesi við Kollafjörð í Strandasýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. Við 2. gr. Fyrir »verslunarlóðarinnar« komi: verslunarlóðanna.
3. Fyrirsögnin orðist svo:

Frv. til laga um löggilding verslunarstaða.

Nd. **75. Frumvarp**

til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa heimavistahús fyrir Hinn almenna mentaskóla handa 40—50 nemendum skólans og búa það nauðsynlegustu húsgögnum, hvorttveggja á kostnað ríkissjóðs. Í húsinu skal vera íbúð handa kennara.

2. gr.

Heimavistanemendur fá húsnæðið ókeypis ásamt ljósi og hita. Í húsinu skal ætla rúm og nauðsynleg áhöld sameiginlegu mötuneyti heimavistanemenda, en að öðru leyti tekur ríkissjóður ekki þátt í þeim kostnaði, er af mötuneytinu leiðir.

3. gr.

Skólameistari velur, í samráði við fasta kennara skólans, þá nemendur, er heimavistanna eiga að njóta. Ef fleiri sækja en húsrúm leyfir, skulu utanbæjarnemendur ganga fyrir, enda sjeu þeir efnilegir og stundi nám sitt vel. Ef ekki er húsrúm fyrir þá utanbæjarnemendur, sem heimavista óska, ganga þeir fyrir, sem fátækari eru, ef þeir annars teljast hlunnindanna maklegir.

4. gr.

Kenslumálaráðherra setur reglur um heimavistirnar, að fengnum tillögum skólameistara. Í reglum þessum skulu vera fyrirmæli, er tryggja góða reglu í heimavistahúsinu, um þjónustufólk og annað, er þurfa þykir.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhljóða og það var samþykt við 2. umr. í Nd. síðastl. ár. Um ástæður fyrir frv. vísast til þingtíðindanna frá í fyrra.

Nd. **76. Nefndarálit**

um frv. til laga um nauðungaruppboð á fasteignum og skipum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 2. febrúar 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Magnús Guðmundsson, frsm. Hákon J. Kristófersson.
Bernh. Stefánsson.

Nd. **77. Nefndarálit**

um frv. til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um frumvarp þetta. Meiri hlutinn álítur rjettmætt, að Hafnarfjörður verði sjerstakt kjördæmi, vegna kjósendafjölda, atvinnuhátta og allrar aðstöðu, og vill mæla með því, að frumvarpið nái fram að ganga.

Alþingi, 2. febrúar 1928.

Gunnar Sigurðsson, form. Hjeðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskrifari.
Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.

Nd. **78. Frumvarp**

til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Sjómenn og aðrir þeir, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta eigi sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til

að greiða atkvæði á öðrum kjörstað, samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörstaðar eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Stjórnarráðið annast um útvegun kjörseðla ásamt fylgibrjefum og umslögum, er þar til heyra, á kostnað ríkissjóðs. Kjörgögn þessi skulu vera þannig gerð: Kjörseðill, fylgibrjef og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með raufalínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum hvítum pappír svo þykkum, að skriftin verði ekki greind í gegnum hann. Stofn og fylgibrjef sama kjörblaðs skulu auðkend sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar kosningar um land alt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu bundin sjer í hefti. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbrjefi; jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með raufalínum, svo að auðvelt sje að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibrjefinu skulu vera vottorð kjósenda og kjörstjóra.

Kjörblað skal líta þannig út: (Sjá næstu síðu).

Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír af þeirri stærð, að hæfileg sjeu utan um fylgibrjefið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefir verið lokað. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin og hverju 25 blaða hefti fylgja 25 umslög með sömu tölum.

Kjörgögn þessi skal stjórnarráðið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörstaðar áður en framboðsfrestur er úti. Kjörstjórar utan kjörstaða samkvæmt lögum þessum eru: sýslumenn, bæjarfógetar, fulltrúar þeirra, hreppstjórar, svo og skipstjórar á íslenskum skipum, enda gefi þeir drengskaparyfirlýsingu um, að kosning í skipi þeirra fari fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar, um leið og þeir taka við kjörgögnum. Stjórnarráðið sendir nægilegar birgðir kjörgagna til allra sýslumanna og bæjarfógeta og heldur bók yfir, hve mörg kjörblöð með umslögum hver þeirra fær og tölusetningu þeirra. Á sama hátt senda sýslumenn og bæjarfógetar nægilegar birgðir kjörgagna til annara kjörstjóra, hver í sínu umdæmi. Skulu þeir halda bók yfir kjörgögn þau, er þeir senda frá sjer, á sama hátt og stjórnarráðið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því aðeins gild, að notuð sjeu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta eða á heimili hreppstjóra eða um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt framanrituðu, enda sje kjósandinn þá skrásettur á skipinu.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar með eigin hendi á atkvæðaseðilinn fult nafn þess þingmannsefnis eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Nr. .....

.....
(Nafn og föðurnafn kjósanda).

.....
(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

Kaus .....
(Staður, dagsetning og ár).

Hjá .....
(Nafn, staða og heimili).

.....

Nr. .....

Jeg .....
(Nafn og föðurn. kjós., staða, heimili, hreppsnafn eða kaupst.)

sem vegna .....
(Ástæður).

eigi get mætt á kjörstað minum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að jeg þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi, og án þess að nokkur maður hafi sjeð hefi útfylt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur.

.....
(Staður, dagsetning og ár).

.....
(Undirskrift kjósanda).

Að ..... hafi undir-
(Fult nafn og heimili kjósanda).

skrifað fylgibrjef, sem er rjett dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sje útfyltur aðstoðarlaust og þvingunarlaust og í einrúmi vottar undirritaður.

.....
(Staða vottorðsgefanda og heimili).

.....
(Nafn, staða, heimili).

.....

Límborið

Límborið

.....

Límborið

Sje um hlutbundnar kosningar að ræða, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, eiga rjett á að greiða atkvæði strax og framboðsfrestur er liðinn, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörstaðar fá afhent tölusett fylgibrjef með áföstum kjörseðli og síðan þvingunar- og aðstoðarlaust í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis, eða þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa, eða listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosning er, ef hann vill — á kjörseðilinn, brjóta hann síðan saman, þannig að nafnið verði innan á, og líma hann vandlega aftur. Hann útfyllir því næst og undirskrifar vottorðið á fylgibrjefinu, en kjörseðilinn má hann ekki undirskrifa eða auðkenna á nokkurn hátt, nje losa hann frá fylgibrjefinu. Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibrjefinu um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfyltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördeildar hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sje alt auðkent sömu tölu. Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibrjefið.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til annars kjörstjóra utan kjörstaðar, þá skal atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, sem í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum skal kjósandi því næst láta í umslagið, loka því vandlega og rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðisseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi. Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins. Þó getur hann falið kjörstjóra að sjá um sendingu þess, og er þá kjörstjóra skylt að sjá um, að það komist beint í hendur rjetts viðtakanda.

5. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert brjef, frá hvaða kjósanda það sje, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu brjef þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjórn og frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra.

Skrá þessa ásamt kassanum með brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim, er varðveitir brjef með atkvæði hans, að hann afhendi sjer það, alt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

6. gr.

Áður en atkvæðagreiðsla byrjar opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá; ef svo reynist, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða sje staddur innan kjörumdæmis síns, eða sje búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórn hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórn fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibrjef með áföstum kjörseðli, eða umslög og fylgibrjef eigi eru tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að eigi hafa verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða eigi hefir verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru með lögum þessum.

Þá kjörseðla, sem teknir eru gildir, rífur kjörstjórn frá fylgibrjefunum, gætir þess vandlega, að þeir opnist eigi nje skaddist og leggur þá í atkvæðakassann um leið og atkvæðagreiðsla byrjar.

Þau umslög, sem kjörstjórninni eru afhent eftir að atkvæðagreiðsla er byrjuð, eru opnuð og fylgibrjefin rannsökuð á sama hátt, öll í einu, og þeir seðlar, sem gildir eru teknir, lagðir í atkvæðakassann áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt lögum þessum, eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.
2. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðslu atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir gera látið, eða eitthvað liggur innan í honum, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr., eða á seðilinn eru sett strik eða merki, er ætla má, að sjeu sett til þess að gera hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi, auk listabókstafsins, orðið »listabókstafur«, ef ekki verður álitið, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi skal gæta þess, að til sjeu í skipinu fyrir hverjar kosningar nægar birgðir kjörseðla með tilheyrandi umslögum, og í hibýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslur þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur stjórnarráðið útdráttinn. Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um aðstoð við atkvæðagreiðsluna, eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því aðeins, að nauðsynleg störf á skipinu, sem ekki þola bið, hindri. Brot gegn þessu varða alt að 100 króna sektum, er renna í landssjóð.

9. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni, er þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatast, skal þess getið sjerstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Sama gildir um þau umslög eða kjörblöð, sem skemst hafa svo við atkvæðagreiðslu, að kjósandi hefir fengið önnur. Heimilt er þó kjósanda, ef hann hefir útfylt kjörseðilinn áður, að rífa hann frá fylgibrjefinu og ónýta hann. Skal viðkomandi sýslumaður eða bæjarfógeti ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörstaða sjeu svo greinileg, að sjeð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hafi verið notað. Sýslumenn og bæjarfógetar gera síðan á sama hátt skil til stjórnarráðsins, senda því eftirstöðvarnar og afrit bókanna. Stjórnarráðið gengur stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna, á sama hátt og þeir af öðrum kjörstjórum utan kjörstaða.

10. gr.

Fyrir afhendingu kjörseðla og vottorð þau, er um ræðir í lögum þessum, greiðast engin gjöld.

11. gr.

Að öðru leyti gilda reglur kosningalaganna um kosningar þær, er í lögum þessum getur, að því leyti, sem þær geta við átt.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 50, frá 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Greinargerð.

Við tvennar síðustu óhlutbundnar kosningar til Alþingis hefir orðið uppvíst um mjög stórfeldar misfellur á atkvæðagreiðslum utan kjörstaða. Kvað svo mikið að misnotkun ákvæðanna um heimakosningar 1923, að Alþingi árið eftir sá þann vænstan að nema þau ákvæði burt úr lögunum. Verður slíkt að teljast fullkomið neyðarúrræði, því að með því er fjöldi kjósenda í raun rjettri sviftur atkvæðisrjetti.

Við síðustu kosningar varð af tilviljun uppvíst um beinar atkvæðafalsanir, og hefir rannsókn leitt í ljós, að allmikið hefir verið að þeim gert. Þá er og vitað um fjölmarga aðra smærri ágalla á atkvæðagreiðslum utan kjörstaða, og stafar það óefað að nokkru af því, að ákvæði laganna um þessi efni eru hvergi nærri svo skýr og ákveðin sem þörf er á.

Megingalli laganna er þó sá, að nokkur hluti kjörgagnanna, kjörseðillinn og innra umslagið, er af svo algengri gerð, að alstaðar má fá þau, og að engin ákvæði eru þar um skil af hendi þeirra manna, sem kjörgögn eru send til. Þegar þess er gætt, hve ákvæði hinna almennu kosningalaga eru ítarleg um skil af hendi kjörstjórna, sem þó eru jafnan skipaðar 3 mönnum og á kjördegi eru undir eftirliti frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra, þá verður það að teljast furðulegt, að hliðstæð ákvæði skuli vanta í lögin um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða. En einmitt þessi vöntun hefir gert tiltölulega auðvelt að koma við atkvæðafölsunum þeim, er að framan getur.

Frv. þessu er ætlað að bæta úr þessum megingöllum laganna og að ákveða skýrar en nú er gert um nokkur smærri atriði.

Að öðru leyti verður nánar gerð grein fyrir efni þess í framsögu.

Nd. **79. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson og Jón A. Jónsson.

Aftan við 2. gr. B. 4. komi:

5. Vestfjarðavegur frá Hnífsdal um Eyrarhlíð, Dagverðardal, Breiðdalsheiði að Veðrará við Önundarfjörð, um Bjarnardal og Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð, frá Þingeyri að Rafnseyri við Arnarfjörð og frá Bíldudal um Kleifaheiði að Þorskafirði.

Greinargerð.

Frumvörp svipuð þessu hafa þráfaldlega verið borin fram á Alþingi, en aldrei náð samþykki. Því meira sem gert er að vegagerð fyrir ríkisfje í öðrum landsfjórðungum, þess berara verður misrjetti það, sem Vestfirðir hafa verið beittir í þessum efnum.

Nd. **80. Frumvarp**

til laga um hvalveiðar.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Allir skíðishvalir nema hrefnur skulu friðaðir fyrir skotum hvarvetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni árið um kring, nema í ísvök sjeu eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt þvílíkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sje síldveiði eða veiðarfærum spilt.

Sýslunefndum skal þó heimilt að banna með samþyktum hrefnuveiðar í landhelgi, hverri á sínu sviði, enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþyktina.

2. gr.

Bannað er að hafa hvalveiðastöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema hann sje dauður fundinn, drepinn með þeim hætti, sem heimilt er samkv. 1. gr., eða til þess sje fengið sjerleyfi. Sjerleyfi veitir atvinnumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Fiskifjelags Íslands. Sjerleyfi skal bundið við ákveðinn fjölda veiðiskipa og veitist eigi lengur en til 10 ára í senn. Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið og þeir, sem sama rjettar njóta, enda hafi þeir verið búsettir í eitt ár hjer á landi.

3. gr.

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur.

Ennfremur skal greiða árgjald af hverju hvalveiðaskipi, eigi minna en 500 krónur.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Svo skulu og veiðarfæri og afli upptæk, þegar um ólöglega veiði eða hagnýting er að ræða, og rennur andvirðið einnig í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44, 13. nóv. 1903, og lög nr. 18, 4. júní 1924.

Greinargerð.

Frv. um þetta efni var borið fram á Alþingi 1925 og 1927. Um ástæður vísast til Alþt. A. 1925, þskj. 165 og 221.

Ed. **81. Tillaga**

til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að skýra frá rannsókn á embættisfærslu í Barðastrandarsýslu.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skýra frá niðurstöðu rannsóknar á embættisfærslu í Barðastrandarsýslu.

Greinargerð.

Af því að mál þetta er nokkuð einstakt í sinni röð, þykir rjett, að stjórnin gefi skýrslu um málið á Alþingi.

Ed. **82. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt í þessu máli.

Meiri hluti nefndarinnar viðurkennir hina afarbrýnu þörf á því að reisa nýtt betrunarhús, í stað hins óhentuga og ófullnægjandi fangahúss í Reykjavík, og í sambandi við það letigarð.

Lítur meiri hlutinn svo á, að slíka byggingu eigi að reisa utan Reykjavíkur, þar sem greiðlega mætti fá sæmilegt land til ræktunar matjurta og túns.

Þó undirbúningi málsins sje enn ekki lokið í öllum atriðum, vill meiri hlutinn fallast á frv. óbreytt, þar sem aðeins um heimildarlög er að ræða. Við leggjum því til, að hv. deild samþykki frv. þetta óbreytt.

Alþingi, 2. febrúar 1928.

Jón Baldvinsson, form. Ingvar Pálmason, skrifari og frsm.

Nd. **83. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson.

Aftan við frvgr. komi:
Aftan við 2. gr. C. 3. komi:
4. Kópaskersbraut frá Kópaskeri að vegamótum hjá Klifshaga.

Nd. **84. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysatryggingar.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

1. gr. 2 a. laganna orðist svo:
Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar í sambandi við það, og hverskonar bifreiðakeyrsla, hvort heldur sem er til vöruflutninga eða mannflutninga.

2. gr.

a. Í staðinn fyrir orðin »4 vikur« í 4. gr. a. komi: 1 viku.
b. Aftan við staflið a. í 4. gr. komi: Um sjúkleika vegna slysa sjómanna, sem stendur skemur en 4 vikur frá því er þeir eru afskráðir úr skipi, fer þó eingöngu eftir siglingalögum, nr. 56, frá 30. nóv. 1914, 95. gr.
c. Í staðinn fyrir orðin »4000 kr.« í staflið b. 4. greinar komi: 8000 kr.

3. gr.

a. Í staðinn fyrir »2000 kr.« í fyrstu málsgrein 5. gr. komi: 5000 kr.
b. Í staðinn fyrir »200 kr.« á tveim stöðum í 5. gr. 4, þriðju málsgr. komi: 500 kr., og í staðinn fyrir »400 kr.« komi: 1000 kr.

4. gr.

2. málsgrein 10. gr. falli niður.

Greinargerð.

Viðurkent er af flestum, að lögin frá 1925 um slysatryggingar eru allmikil rjettarbót að því leyti, að slysatrygging er nú orðin svo víðtæk, að hún nær til flestra verkamanna við sjávarsíðuna, og iðgjöld þeirra greiðast yfirleitt af atvinnurekendunum eins og í nágrannalöndunum. Hinsvegar eru enn ýmsir gallar

á lögunum og þeir helstir, að enn eru einstakar stjettir verkamanna að mestu útilokaðar, svo sem bifreiðastjórar, að biðtíminn uns slysabætur fást er of langur, að bæturnar eru alt of lágar í samanburði við slysin, og að innheimtukostnaður iðgjalda er of mikill. Frumvarp þetta er fram borið til að ráða bót á þessum helstu göllum gildandi laga.

Um 1. gr.

Reynslan sýnir, að í bæjunum vantar mest þá stjett verkamanna undir þessi lög, sem bifreiðar keyra. Virðist engin ástæða til þess, að bifreiðastjórar, sem vörur keyra frá skipum eða til þeirra, sjeu trygðir gegn slysum, en aðrir bifreiðastjórar ekki, svo sem þeir, sem stunda langferðir til mannflutninga eða vöruflutninga.

Að vísu væri æskilegt, að lögin næðu enn víðar, svo sem til ýmiskonar sveitavinnu, gegninga og ferðalaga í atvinnuskyni, en þó virðist það mega bíða frekari reynslu af framkvæmd laganna.

Um 2. gr.

Þeir, sem trygðir eru í iðntryggingunni, kvarta alment yfir því, að 4 vikur sjeu of langur tími til að þola slys bótalaust. Virðist 1 vika vera nægilega langur tími fyrir fátæka menn til að bera sjálfir fjárhagslega sjúkdóma og meiðsli vegna slysa í þjónustu annara. Sjómenn hafa samkvæmt 95. gr. siglingalaganna rjett til fulls hjúkrunarkostnaðar fyrstu 4 vikurnar eftir að þeir eru skráðir úr skipi, og þykir ekki að svo stöddu ástæða til að breyta þeim ákvæðum.

Fullar örorkubætur eru nú 4000 kr. Í nágrannalöndunum reiknast þær á nokkuð annan veg, en eru þó miklu hærri, í Danmörku t. d. um 12000 danskar krónur. Mun það viðurkent af flestum, að íslensku örorkubæturnar sjeu allskostar ófullnægjandi fyrir þá, sem fyrir slíkum slysum verða. Heilsa og vinnuþrek manna er lítt bætt með 4000 kr. Í frumvarpi þessu er gengið miklu skemra en í nágrannalöndunum, en þó lagt til, að bæturnar tvöfaldist, eða fari upp í 8000 kr.

Um 3. gr.

Dánarbætur eru eftir gildandi lögum aðeins 2000 kr., eða helmingur fullra örorkubóta, auk 200 kr. á barn, nema 400 kr., ef það er utan hjónabands. — Í nágrannalöndunum eru dánarbæturnar miklu hærri, og jafnvel hlutfallslega hærri í samanburði við örorkubæturnar. Í Danmörku eru dánarbæturnar 8400 danskar krónur, en bætur til hvers barns geta náð 3150 d. kr. Í frumvarpi þessu er farið fram á, að dánarbæturnar hækki úr 2000 kr. upp í 5000 kr., en bætur til barnanna fari upp í 500 kr. og 1000 kr. Er ekki með sanni hægt að segja, að líf verkamanna sje hátt virt, þó að slíkar bætur væru greiddar, og kostnaðurinn, sem af iðgjaldahækkun stafaði, mundi litlu nema í ársreikningi flestra atvinnufyrirtækja.

Um 4. gr.

Innheimtulaun til lögreglustjóranna virðast æðimikil og ekki ástæða til

að greiða þau af iðgjöldum slysatryggingarinnar frekar en af tollum. Innheimtulaunin námu 1926:

Í sjómannatryggingunni	um . kr.	5500.00
Í iðntryggingunni	— . . .	2500.00
	Alls kr.	8000.00

Ed. **85. Nefndarálit**

um frv. til laga um mentamálanefnd Íslands.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Jeg tel, að verkefni nefndarinnar sje eftir frv. bæði of ósamstætt, af því að nefndinni eru ætluð störf, sem krefjast mjög ólíkrar þekkingar, og of víðtækt að því leyti, að frv. virðist ætlast til, að umráð þeirra mála, sem nefndin fær til meðferðar, sjeu dregin alveg úr höndum landsstjórnarinnar. Sum þessara mála eru svo mikilvæg, að mjer virðist það ósamrýmanlegt við þá skiftingu valdsins, sem stjórnarskráin tiltekur, að draga þau með öllu undan framkvæmdarvaldinu, og óheppilegt sýnist mjer þetta vegna þess, að ábyrgðin af framkvæmd þessara mála er best komin hjá ráðherra, og dreifing hennar milli hlutfallskosinna nefndarmanna miður heppileg.

Sjerstaklega álít jeg, að ekki sje rjett að gera breytingu á núgildandi löggjöf um úthlutun á utanfararstyrk handa stúdentum samkvæmt lögum nr. 35, 1925. Nefnd þá, sem hjer um ræðir, mundi bresta þá þekkingu á hæfileikum nýútskrifaðra stúdenta, sem nauðsynleg er til þess, að sú úthlutun geti orðið rjettlát, og sjá lögin frá 1925 miklu betur fyrir því máli. Þá tel jeg og, að sú tilhögun um úthlutun á utanfararstyrk til handiðnamanna og annara, sem nú er, sje betri en uppástunga þessa frv.

Hinsvegar viðurkenni jeg, að æskilegt væri, að stjórnin hefði nefnd sjer til ráðuneytis við úthlutun á styrk til listamanna og önnur skyld störf. Samkvæmt þessu get jeg fallist á, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Fyrir orðin í niðurlagi 1. gr. »starfar endurgjaldslaust . . . með fjárlögum« komi: greiðist kostnaður við nefndarstörfin af skrifstofufje stjórnarráðsins eftir reikningi, sem ráðherra úrskurðar.
2. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
   Nefndin skal vera ríkisstjórninni til aðstoðar í þeim málum, sem falla í hlutverk hennar, og eru þau:
3. Við 2. gr. d-lið skal orða svo:
   Að leiðbeina um kaup á altaristöflum handa kirkjum.

4 Við 2. gr. Stafliður e falli burt.
5. Við 2. gr. Stafliður f falli burt.
6. Við 2. gr. Stafliður g orðist svo:

Að hafa á hendi yfirstjórn sjóða, er stofnaðir kunna að verða til eflingar lista á Íslandi, enda sje nefndinni falið þetta í stofnskrám eða stofnlögum sjóðanna, svo og að hafa á hendi önnur skyld störf, er henni kynnu að verða falin.

Stafliðatalan breytist eftir atkvæðagreiðslu.

7. Við 3. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 2. febr. 1928.

Jón Þorláksson.

Ed. **86. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg er sammála meiri hl. nefndarinnar um það, að nauðsyn beri til að reisa á næstunni nýtt betrunarhús (fangahús) fyrir landið, þar sem fangelsið í Reykjavík er orðið allsendis ófullnægjandi. Hitt tel jeg ekki fullrannsakað, hvort fært eða hagkvæmt sje að reka sömu stofnun einnig sem »letigarð«, og tel að ákvörðun þar um verði að bíða frekari rannsóknar.

Mál þetta virðist því miður vera sama sem alveg óundirbúið af hálfu stjórnarinnar. Á nefndarfundi var dómsmálaráðherra m. a. spurður um, hve stór stofnun þessi ætti að vera, eða hve marga fanga og hve marga letingja hún ætti að rúma. Um það gat ráðherrann engar upplýsingar gefið aðrar en þær, að ef hinn hálfgerði Eyrarbakkaspítali yrði keyptur til afnota í þessu skyni, þá yrði stærð þess húss, eins og það nú er, látin ráða. Ekki gat ráðherrann heldur gefið neinar upplýsingar um væntanlegan kostnað, en lýsti því, að upphæð sú, sem frv. tiltekur, sje algerð ágiskun og einvörðungu miðað við það, að Eyrarbakkaspítali verði tekinn til afnota í þessu skyni. Hann kvaðst þó ekki vita, hvort stjórnin mundi vilja nota spítalann, en ef það yrði ekki, þá hugsaði hann sjer að leita að nýju til þingsins með þetta sama mál.

Jeg tel nú í fyrsta lagi alveg ótiltækilegt að taka Eyrarbakkaspítala til afnota í þessu skyni. Hann liggur í útjaðri fjölmenns sjávarþorps, fast við mjög fjölfarinn alfaraveg, og næsta umhverfi hans afleitlega fallið til jarðræktar og annarar vinnu. Loks er hann svo langt frá Reykjavík, að ómögulegt er að nota hann fyrir gæsluvarðhald handa þeim, sem eiga að koma fyrir rjett í Reykjavík. Jeg álít, að þessi stofnun þurfi að vera á hæfilega afskektum stað, þar sem fangarnir geta stundað útivinnu án þess að vera beinlínis á almannafæri, þar sem

hentugt er að setja nauðsynlegar girðingar fyrir fangana og utan um vinnusvæði þeirra, landið hentugt til ræktunar og svo nálægt ljölmennustu dómþinghá landsins, Reykjavík, að nota megi til fulls þaðan.

Í öðru lagi þykir mjer sjáanlegt, að upphæð sú, sem frv. fer fram á, muni alls ekki nægja til þess að koma stofnuninni upp, þótt hinn hálfgerði spítali fáist fyrir áhvílandi skuld.

Ráðherrann lýsti því á nefndarfundi, að í rauninni mætti skoða þetta frv. einungis sem heimild handa stjórninni til þess að taka Eyrarbakkaspítala og gera úr honum slíka stofnun, því að ef stjórnin sæi ekki tiltækilegt að fara þá leið, þá mundi hún snúa sjer til Alþingis aftur. Þar sem jeg tel þessa úrlausn málsins alveg óviðunandi, tel jeg ekki rjett að veita stjórninni þá heimild, heldur álít jeg, að málið ætti að fá þann undirbúning, sem slíku máli hæfir, og koma að því loknu fyrir Alþingi. Legg jeg því til, að málið verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þingdeildin skorar á landsstjórnina að rannsaka og undirbúa byggingu nýs betrunarhúss fyrir landið og að rannsaka, hvort tiltækilegt muni að hafa letigarð í sambandi þar við. Í því trausti, að rannsókninni verði lokið fyrir næsta þing, tekur deidin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. febr. 1928.

Jón Þorláksson.

Nd. **87. Tillaga**

til þingsályktunar um endurskoðun fátækralaganna.

Flm.: Halldór Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að endurskoða fyrir næsta þing fátækralöggjöfina, sjerstaklega með tilliti til þess að leita jafnaðar á misrjetti því, sem nú er um álöguþunga til fátækraframfærslu á milli hinna einstöku framfærsluhjeraða.

Greinargerð.

Með gildandi skipulagi á útgjöldum til fátækraframfærslu hafa menn orðið mjög misjafnlega hart úti um álöguþunga í hinum einstöku framfærsluhjeruðum. Hefir það misrjetti farið hraðvaxandi.

Því má ekki una, að landsmenn sjeu svo freklega misrjettháir fyrir lögunum. Fleira mætti telja, sem aðgæsluvert er um fátækralöggjöfina, en þessi er höfuðástæðan fyrir tillögunni.

Ed. **88. Nefndarálit**

um frv. til laga um búfjártryggingar.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið einhuga um þetta frv. Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að með frv. sje stigið spor í framfaraáttina og að nauðsynlegt sje, að löggjafarvaldið greiði fyrir viðleitni framtaksmannanna um þau mál, er horfa til betri og tryggari afkomu atvinnuveganna.

Sem betur fer eru augu manna meira og meira að opnast fyrir því, að bætt meðferð á búfje er fyrsta og helsta skilyrðið fyrir því, að afurðirnar sjeu sæmilega tryggar. En fyrir því er reynsla, að bætt meðferð og ræktun búfjenaðar gerir hann jafnframt fínbygðari og móttækilegri fyrir ýmsum kvillum. Við þetta vex að sjálfsögðu nauðsynin á því að vátryggja gripina, sjerstaklega þá, sem verðmætastir eru. Og verðmæti góðra gripa eykst eftir því sem áhugi manna fyrir kynbótum vex. Auk þess sem fátækum mönnum er það jafnan tilfinnanlegt, að standa uppi með óbættan skaða, er þeir missa bjargargripi sína. Meiri hluti nefndarinnar lítur því svo á, að sjálfsagt sje að hefjast framkvæmda sem fyrst í þessu máli.

Einstök atriði frv. verða ekki rakin hjer. Um þau má lengi deila. Löggjöf á þessu sviði er frumsmíði hjer á landi. Reynslan ein verður að skera úr um það, hvað best reynist.

Alt innra skipulag tryggingannna verður að setja með reglugerð. Verður þar meðal annars ákveðið, að sláturafurðir af þeim gripum, er farast, skuli dregnar frá vátryggingarfjenu.

Um framkvæmd laganna er það að segja, að nauðsynlegt er, að hún verði sem óbrotnust og ódýrust. Og þar sem virðast má, að allmiklir snúningar og kostnaður geti orðið við virðingu gripanna eftir ákvæðum frv., þá lýtur breytt. meiri hlutans að því að haga virðingunni á einfaldari og kostnaðarminni hátt. Að vísu skal það játað, að sú aðferð er ekki eins nákvæm, en þó virðist hún vel tiltækileg og vera sæmileg lausn á málinu. Meiri hlutinn vill þó ekki nema í burtu úr frv. það fyrirkomulag, sem þar er ráðgert um virðingu gripanna, heldur láta hlutaðeigendur ráða, hverja aðferðina þeir vilji nota. Að sjálfsögðu verður að flokka gripina, ef notuð er sú aðferð, sem meiri hlutinn stingur upp á, þannig, að meðalverð á ungviðum sje annað en á fullorðnum gripum.

Ekki má gera ráð fyrir því, að tryggingarfjelög komist á í sveitunum strax og lögin koma í gildi, vegna þess að allmikill undirbúningur þarf áður að fara fram, svo sem að finna grundvöll undir hæfilegt iðgjald og önnur þau ákvæði, er í reglugerð verða sett. Eigi að síður er nauðsynlegt að afgreiða lögin nú, til þess að framkvæmdir hefjist og að ákvæði II. kafla, um stofnun búfjártryggingarsjóðs Íslands, komist í framkvæmd.

Samkvæmt framansögðu leggur því meiri hlutinn til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 10. gr.

Á eftir fyrri málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða fyrir eitt ár í senn jafnaðarverð til skaðabóta á öllum nautgripum í hreppnum, án þess að sjerstakt mat fari fram. Má það verð ekki vera hærra en það, sem telja má sannvirði á meðalgrip. Vilji vátryggjandi eigi hlíta því meðalverði, sem þannig er sett, getur hann á sinn kostnað látið virðingarmenn meta gripi sína og vátrygt þá samkvæmt því mati.

Alþingi, 3. febrúar 1928.

Einar Árnason,	Jón Baldvinsson,
form. og framsm. meiri hl.	fundaskrifari.

Ed. **89. Nefndarálit**

um frumv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Þótt allsherjarnefnd sje sammála um það aðalatriði frv. að friða Þingvelli, þá eru skiftar skoðanir um það, hversu stórt hið friðlýsta svæði skuli vera. Vill meiri hluti nefndarinnar fallast á tillögur frumvarpsins, en minni hlutinn mun gera grein fyrir skoðun sinni í sjerstöku nefndaráliti.

Meiri hlutinn hefir þó gert nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, en þær eru aðallega til skýringar og til þess að gera framkvæmd laganna auðveldari; þá eru og feld niður ákvæði, er meiri hlutinn telur ekki eiga þar heima. Verður gerð nánari grein fyrir þessu í framsögu.

Samkvæmt framansögðu er það því tillaga meiri hluta allsherjarnefndar, að frumv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Aftan við málsgrein þá, er kemur næst á eftir d-lið 2. greinar, bætist:

Þó getur Þingvallanefnd gert ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði, eða vinna búfjenaði bjeraðsmanna tjón.

Þingvallanefnd ræður veiði í Þingvallavatni norðan línu þeirrar, er um getur í a-lið.

2. Orðin »og húsameistara ríkisins« í niðurlagi 2. greinar skulu falla niður.
3. Á eftir 2. grein skal koma ný grein, svo hljóðandi:

Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða

þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta svæði, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarjett jarðanna eða jarðahlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og ábúendum greitt fyrir afnotarjettinn, samkvæmt óvilhallra, dómkvaddra manna mati.

Heimilt skal Þingvallanefnd að kaupa jörðina Gjábakka, eða ef ekki nást viðunandi samningar um verð, að taka jörðina eignarnámi samkvæmt lögum.

4. Við 5. gr. Þriðji málsliður: »Ennfremur að brot á áfengislöggjöf landsins megi varða alt að þrefalt hærri sektum en annarsstaðar á Íslandi«, skal falla niður.
5. Við 6. gr. Í stað »árlega af alþingiskostnaði« komi: úr ríkissjóði.

Alþingi, 3. febrúar 1928.

Jón Baldvinsson,	Ingvar Pálmason,
form. og framsm. meiri hl.	fundaskrifari.

Ed. **90. Frumvarp**

til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

Flutningsmaður: Guðmundur Ólafsson.

1. gr.

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitist úr ríkissjóði helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem stjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að kr. 300000 — þrjú hundruð þúsund krónum — gegn jafnmiklu tillagi frá hafnarsjóði Skagastrandar.

Fjárhæð þessi greiðist hafnarnefnd Skagastrandar að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að lána hafnarsjóði Skagastrandar úr viðlagasjóði alt að 300000 kr., er hafnarnefnd þarf að taka til hafnargerðarinnar, gegn því, að sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu ábyrgist greiðslu $^1/_3$ hluta lánsins gagnvart viðlagasjóði, en hreppssjóður Vindhælishrepps $^2/_3$ hluta þess. Lánið skal veita til 40 ára, með 5% vöxtum og jöfnum afborgunum, en skal vera vaxta- og afborgunarlaust þar til höfnin er nothæf. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sje falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sjerhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að

gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Skagastrandar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Skagastrandar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Höfðatá bein lína til suðurs í Djúpsker og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins í Hrafnárós.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Vindhælishrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en 1 af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni, eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis stjórnarráðs selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land, innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Helmingur hækkunar lóðarleigu í Höfðahólalandi, og 1/4 hluti lóðargjalds nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðaleigjendur þá greiða í hafnarsjóð 1/4 af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig í Skagastrandarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Vindhælishrepps semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölul. 3 a, b og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermán. og senda hana síðan stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiriháttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki stjórnarráðs geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru, höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál fara, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt þeim.

Greinargerð.

1. gr.

Það virðist vera orðin nokkuð föst venja hjá Alþingi, að til slíkra mannvirkja sem þessa sje veittur úr ríkissjóði $^1/_3$ kostnaðar. Þá eru nokkur dæmi til

þess, að veittur hefir verið 1/3 kostnaður. Það, sem mælir með því, að þetta mannvirki verði styrkt af ríkissjóði með helming kostnaðar, er meðal annars þetta:

a. Vindhælishreppur er víðlendur og allfjölmennur, en efnalítill.
b. Áríðandi er, að öll framfarafyrirtæki sjeu þannig stofnuð, að þau leggi ekki afarmiklar byrðar á þau hjeruð, sem þau eru einkum gerð fyrir, því þá geta þau orðið til ófarnaðar, þó í raun og veru eigi þau fullan rjett á sjer. Ennfremur byggist þetta fyrirtæki að nokkru á von um aukinn atvinnurekstur, en þungar álögur á ný fyrirtæki hindra oft framtakssemina. Aftur á móti verður nægilegt verksvið fyrir hafnarsjóð á næsta áratug að bæta þessa höfn og gera nauðsynleg mannvirki við hana. Virðist því rjettara að styrkja mannvirkið betur í fyrstu, en ætla því síðan, sem öðrum hafnarvirkjum, að lifa á eigin aflafje.
c. Þessi höfn er sjerstaklega þörf sem nauðhöfn.
d. Ríkissjóður á lóðir kauptúnsins að mestu, og er hann því sá landeigandi í Vindhælishreppi, sem hefir mestar líkur til að hafa stórhagnað af hafnargerðinni. Skal ennfremur bent á, að verði það ofan á, að ríkið taki að sjer rekstur á síldarbræðslustöð, þá mun öllum koma saman um, að Skagaströnd sje heppilegasti staðurinn fyrir slíkan rekstur á öllu svæðinu frá Siglufirði að Horni, að Siglufirði undanskildum.

2. gr.

Það virðist föst venja, að ríkissjóður ábyrgist lán þau, er hlutaðeigendur taka til aðgerða hafna. Virðist slíkt hafa líkar afleiðingar fyrir ríkissjóð og þó hann lánaði fjeð sjálfur, að því leyti, að ef hlutaðeigendur geta ekki greitt lánin, lendir greiðslan á ríkissjóði. Nú á Hafnarsjóður Skagastrandar erfiðari aðstöðu að útvega sjer lán til hafnargerðarinnar heldur en hafnir, sem hafa þegar rammverulega tekjustofna. Er því óhjákvæmilegt, að ríkissjóður veiti lánið. Eðlilegur stuðningur virðist það vera, að lánið sje vaxta- og afborgunarlaust þar til höfnin er nothæf, því tekjustofnar eru engir til, en áríðandi, að mannvirkið verði gert á sem skemstum tíma.

10. gr.

Höfðahólar, sem er ríkiseign, eiga land þetta nú.

11. gr.

2. Sanngjarnt virðist, að sú verðhækkun á lóðum, er leiðir af hafnargerðinni, skiftist að jöfnu milli ríkissjóðs og hafnarsjóðs, þar sem hafnarsjóður greiðir að m. k. helming þess kostnaðar, er leiðir af mannvirkinu. Ennfremur virðist sanngjarnt, að þeir menn, sem hafa leigt lóðir við hafnleysur, greiði verðhækkunarskatt af lóðum, þegar búið er að gera höfn fyrir þeim.

Aðrar greinar frumvarpsins virðast ekki þurfa skýringa við.

Nd. **91. Frumvarp**

til laga um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að hafa eftirlit eins og henni þurfa þykir með því, að loftskeyti sjeu ekki notuð til stuðnings ólöglegum veiðum í landhelgi á nokkurn hátt.

2. gr.

Hver útgerðarmaður eða forstjóri útgerðarfjelags á Íslandi, sem hefir skip með loftskeytatækjum við veiðar hjer við land, skal skyldur að láta dómsmálaráðuneytinu í tje lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skeytasendingum milli útgerðarinnar og veiðiskipa hjer við land, eða milli íslenskra veiðiskipa innbyrðis.

3. gr.

Hver loftskeytastöð á Íslandi og hvert íslenskt veiðiskip, sem hefir loftskeytatæki, skulu hafa frá dómsmálaráðuneytinu sjerstök eyðublöð til skeytasendinga vegna veiðiskipa. Hvert loftskeyti til eða frá íslenskum veiðiskipum skal frumritað á slíkt eyðublað. Skipstjóri á veiðiskipi, en útgerðarstjóri eða maður, sem að lögum hefir prókúru fyrir útgerðarfyrirtæki, undirrita á hverju slíku skeyti, er þeir senda, drengskaparvottorð um, að ekkert í efni skeytisins geti orðið til að hjálpa veiðiskipi til að brjóta landhelgislöggjöfina eða forðast varðskip þau, er gæta eiga landhelginnar.

Á hverri loftskeytastöð og hverju íslensku veiðiskipi skal rita í sjerstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum, með nákvæmri dagsetningu og töluröð, svo sem nánar er tiltekið í reglugerð. Loftskeytastöðvar og veiðiskip með loftskeytatækjum senda í byrjun hvers mánaðar frumrit allra skeyta til og frá veiðiskipum frá undangengnum mánuði til stjórnarráðsins, og í lok hvers árs bók þá, sem skeytin eru rituð í fyrir það ár. Stjórnarráðið leggur síðan fyrir sjávarútvegsnefndir Alþingis ár hvert bæði frumrit skeytanna og öll hin bókfærðu eftirrit til endurskoðunar.

4. gr.

Loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skal skylt að bókfæra, eftir því sem frekast verður við komið, öll loftskeyti til og frá íslenskum veiðiskipum. Í lok hvers mánaðar skulu eftirrit skeyta þessara send dómsmálaráðuneytinu, en það afhendir þau aftur sjávarútvegsnefndum Alþingis.

5. gr.

Nú sannast, eða leikur mjög sterkur grunur á, að útgerðarmaður hjer á landi eða skipstjóri á veiðiskipi hafi misnotað loftskeyti í þeim tilgangi að

fremja eða dylja landhelgisbrot. Skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt að svifta útgerðarstjóra og skipstjóra, er hlut eiga að máli, rjetti til að senda loftskeyti, nema undir eftirliti dómsmálaráðuneytisins, sem ræður orðalagi og formi slíkra skeyta. Sjávarútvegsnefndir Alþingis ákveða árlega, hve lengi slíku eftirliti skuli haldið áfram gagnvart einstökum sakaraðiljum.

6. gr.

Óheimilt er eigendum veiðiskipa eða skipstjórum að hafa leynileg loftskeytatæki til að taka á móti eða senda loftskeyti.

7. gr.

Brot móti 2. og 3. gr. varðar 15—50 þús. kr. sekt fyrir útgerð skipsins, en skipstjóri, sem verður sannur að því að misnota loftskeyti til að geta framið landhelgisbrot, skal í fyrsta sinn missa rjett til skipstjórnar í tvö ár. Brjóti hann aftur, missir hann skipstjórarjettindi fyrir fult og alt.

8. gr.

Mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá því íslensk botnvörpuskip tóku að stunda veiðar hjer við land hefir það verið alkunnugt, að sum þeirra hafa veitt mikið í landhelgi. Og eftir að loftskeytastöðvar voru reistar og botnvörpungarnir fengu loftskeytatæki hefir sterkur grunur á því leikið, að einstök útgerðarfyrirtæki stjórnuðu landhelgisbrotum úr landi. Liggur fyrir um þetta bein yfirlýsing í sjálfum Þingtíðindunum frá einum elsta og merkasta útgerðarmanni landsins, Ág. Flygenring. Menn vita, að sum togarafjelögin láta halda nákvæma njósn um hverja hreyfingu varðskipanna hjer við land og vara skip sín við. Kunnugt er, að togara hafa þrjá daga í röð verið send svo hljóðandi skeyti hjeðan úr Reykjavík: »Ömmu líður vel« — »Ömmu líður enn þá vel« — »Amma er að byrja að verða lasin«. Þegar tvö fyrri skeytin voru send, lá varðskipið inni á höfn, en hið þriðja var sent er það var að fara út úr höfninni. Tilgangurinn er auðsær, að láta íslensk veiðiskip vita, að þeim sje óhætt um stund að ræna í landhelginni. Tvöföld hætta stafar af öryggi því, sem loftskeytin hafa veitt íslenskum veiðiskipum til landhelgisbrota. Erlend veiðiskip elta íslensku skipin inn í landhelgina og forða sjer með þeim. Er þetta margsannað og athugað af varðskipunum. Í öðru lagi tekst nálega aldrei að ná íslensku togurunum við veiðar í landhelgi, þrátt fyrir hin alment viðurkendu og tíðu brot þeirra. En þetta verður fremur öllu öðru til að veikja trú erlendra manna á íslensku rjettarfari. Eigendur erlendra skipa komast að þeirri niðurstöðu, að lögin gildi aðallega fyrir útlendinga, en stærstu lögbrjótarnir sleppi óhegndir í sínu eigin landi.

Með frv. þessu er stigið fyrsta sporið í þá átt, að fyrirbyggja hina sönnuðu misnotkun loftskeyta til að dylja landhelgisbrot. Eftirlit í þessum efnum er algengt erlendis. Þannig hefir t. d. enska loftskeytastjórnin vanið bæði íslenska togara og skip Eimskipafjelagsins af óþörfum og löngum samtölum við Englandsstrendur, með því að hlusta á samræður þeirra og senda íslenskum stjórnarvöldum afrit skeyta þessara og kæru út af framferði skipanna. Virðist einsætt, að þjóðarnauðsyn sje að hindra, að loftskeytunum sje misbeitt framvegis til að hilma yfir landhelgisbrot.

Frv. þetta er flutt í samráði við dómsmálaráðherra og eftir hans ósk. Er þó efni þess vonum síðar fram komið, svo oft sem kvartað hefir verið um usla af hálfu íslenskra togara í landhelgi og það tortryggilega fyrirbæri, að þeir oftast ganga úr greipum varðskipanna.

Nd. **92. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Pjetur Ottesen.

Framan við frumvarpsgreinina bætist:
Á eftir B. 2. í 2. gr. laganna komi nýr töluliður:
Borgarfjarðarbraut, frá vegamótum norðan Gljúfurár að Kljáfossbrú.

Nd. **93. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á landi Garðakirkju í Hafnarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 3. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson,	Hjeðinn Valdimarsson,	Bernh. Stefánsson,
formaður.	fundaskrifari.	frsm.

Magnús Guðmundsson. H. J. Kristófersson.

Nd. **94. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson og Einar Jónsson.

Framan við frumvarpsgreinina komi:
Í stað orðsins »Landeyjar« í 2. gr. A. 1. í lögunum komi: Frá Garðsauka inn Fljótshlíð að Teigi, þaðan yfir Þverá og Ytrana austur yfir Markarfljót.

Nd. **95. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

Framan við frumvarpsgreinina komi:
Á eftir A. 1. í 2. gr. laganna komi nýr töluliður:
Hafnarvegur, frá Höfn í Hornafirði að vegamótum vegarins til Almannaskarðs.

Nd. **96. Tillaga**

til þingsályktunar um hinn almenna mentaskóla í Reykjavík.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að breyta tilhögun hins almenna mentaskóla þannig, að hann verði sex ára óskiftur skóli.

Nd. **97. Tillaga**

til þingsályktunar um gagnfræðaskólann á Akureyri.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að mótmæla lögleysum ríkisstjórnarinnar að því er snertir gagnfræðaskólann á Akureyri.

Nd. **98. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Ólafur Thors.

Framan við frumvarpsgreinina skal koma:
Aftan við A. 6. í 2. gr. laganna komi: Vegurinn frá Keflavík um Útskála til Sandgerðis.

Ed. **99. Frumvarp**

til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Í stað embætta bæjarfógeta og núverandi lögreglustjóra í Reykjavík komi þessi embætti: Lögmannsembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Undir lögmann komi þessi störf: Dómsmál önnur en saka- og lögreglumál. Skiftamál, fógetagerðir, uppboð, þinglýsingar, nótarialgerðir, yfirfjárráð ólögráðra, borgaraleg hjónavígsla, hjónaskilnaðarmál, dómkvaðning manna og skipun þeirra opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af bæjarfógeta. Afgreiðsla leyfisbrjefa til að sitja í óskiftu búi. Kosningar til Alþingis.

3. gr.

Lögreglustjóri hefir á hendi: Lögreglustjórn, meðferð sakamála og almennra lögreglumála og að leggja dóm á þau. Strandmál, lögskráning skipshafna, mæling og skrásetning skipa. Heilbrigðismál, firmaskrásetning, vegabrjef, úrskurðun fátækramála, umsjón hegningarhússins í Reykjavík. Útnefning matsmanna og skoðunarmanna utan rjettar, afgreiðslu leyfisbrjefa til atvinnurekstrar, löggilding atvinnubóta, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, hlunninda og aflaskýrslur og manntal í Reykjavík.

4. gr.

Tollstjóri hefir forstjórn tollgæslu, aðalinnheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til Slysatryggingarinnar, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, svo og innheimtu annara gjalda, sem lögreglustjóri hefir innheimt hingað til og ekki eru falin lögreglustjóra samkvæmt þessum lögum.

5. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar annars, hvernig skift skuli milli lögreglustjóra og tollstjóra störfum þeim, er fylgt hafa núverandi lögreglustjóraembætti og ekki eru sjerstaklega talin í 3. og 4. gr., og hver störf skuli falla undir embætti lögreglustjóra af þeim, sem hnigið hafa undir núverandi bæjarfógetaembætti, en eigi eru nefnd í 2. og 3. gr.

6. gr.

Verslunarstaðurinn að Skildinganesi við Skerjafjörð heyrir að öllu leyti undir umdæmi Reykjavíkur um tollgæslu og lögreglustjórn.

7. gr.

Um framkvæmd tollgæslu, hve margir skuli tollverðir og um skil á innheimtum gjöldum, skipar fjármálaráðherra fyrir um með reglugerð, svo og um endurgjald það, er um ræðir í 2. gr. 1. mgr. 3. málsl. laga nr. 75/1921, um stimpilgjald, og um innheimtulaun af uppboðsandvirði.

8. gr.

Lögmaður, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 2, 4 og 6 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Kostnaðurinn við rekstur þessara embætta greiðist úr landssjóði. Allar aukatekjur, er embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Almannafje, sem embættismenn þessir geyma, skal ávaxtað til hagnaðar fyrir eigendur þess.

9. gr.

Rjett eiga umræddir embættismenn til að fá sjer skipaða fulltrúa til að framkvæma sjerstök störf, eftir því sem nauðsyn krefur.

10. gr.

Lög nr. 26, 26. okt. 1917, um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og um sjerstaka tollgæslu í Reykjavíkurkaupstað, eru úr gildi feld.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928. Frá sama tíma eru bæjarfógetaembættið og núverandi lögreglustjóraembætti í Reykjavík lögð niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Skifting bæjarfógetaembættisins 1917 var nauðsynjaráðstöfun, því að þá var svo komið, að sjálfur gat bæjarfógeti ekki haft eftirlit með tollgæslunni, það starf var að öllu leyti falið fulltrúa, og löggæslan varð mjög útundan. Þá kom það þegar til orða, hvort tví- eða þrískifta ætti embættinu. Tvískiftingin þótti nægileg um sinn, en ágreiningur reis um það, hvernig ætti að skifta, hvort lögreglustjórnin skyldi framvegis fylgja bæjarfógetaembættinu, eða hvort hún ætti að vera sameinuð tollgæslunni og gjaldheimtustörfunum. Hið síðara varð að lögum. Hagkvæmi þessa skipulags hefir þó frá upphafi orkað mjög tvímæla. Störf embættanna hafa aukist mjög síðan 1917, en yfir þau hefir orðið komist með þeim hætti að auka stöðugt við starfsmönnum. Þessi starfsmannaaukning hefir að litlu leyti bætt úr göllum á skipulagi löggæslunnar og lögreglustjórnar og alls ekki að því er tekur til rannsóknar saka- og lögreglumála. Meðferð þessara mála er í rauninni enn sem fyr aukastarf, og það hlutað í sundur milli núverandi embætta, til óhagræðis fyrir beina og brotaminsta úrlausn málanna.

Frá 1917 og til þessa dags hefir Reykjavík vaxið meira en þá mátti bú-

ast við, úr ca. 15 þús. í 23 þús. íbúa, og hraðvex íbúatalan á næstunni, ef alt fer með feldu. Eykst því stöðugt þörfin fyrir trygga rjettargæslu og lögreglustjórn; er þetta frumvarp fram komið til að bæta úr þessari þörf.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum dómsmálaráðherra og samið að tilhlutun hans.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram.

Um 1. gr.

Til þess að koma skipulagsbreytingunni í viðunanlega rjett horf, þarf að leggja niður núverandi embætti. Um heiti hinna 3ja embætta, sem koma í staðinn, þarf ekki að fjölyrða. Lögmannsheitið er hjer á öldungis rjettum stað sem og lögreglustjóraembættið. Viðkunnanlegra hefði verið að kalla hið þriðja skattstjóraembætti, en með því að það heiti er á öðru starfi, þykir ekki annað embættisheiti viðfeldnara og einkenna embættið betur en tollstjóranafnið.

Um 2. gr.

Í greininni eru taldar höfuðstarfsgreinir þær, er hníga undir lögmann. Taka mætti fram berum orðum fleiri störf, en þykir óþarft, enda falið dómsmálaráðherra að kveða nánara á um þetta samkv. 5. gr. Í greininni er svo fyrir mælt, að saka- og lögreglumál komi ekki til aðgerða lögmanns, og verður gerð grein nokkur fyrir þessu við 3. gr. Annars þarf greinin ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hjer er höfð hin sama aðferð um upptalning aðalstarfsgreina sem í 2. gr. Í greininni er svo kveðið á, að lögreglustjóri fari með dómsvald í saka- og lögreglumálum. Skifting bæjarfógetaembættisins 1917 var ekki gerð í þeim tilgangi, að rannsókn og meðferð opinberra mála yrði betur borgið með hinu nýja skipulagi, heldur þótti skifting starfa milli embætta jafnari með þeim hætti, er að lögum varð, í stað þess að láta lögreglustjórastörfin fylgja bæjarfógetaembættinu. Nú hefir svo reynst undanfarið, að afskifti lögreglufulltrúans af rannsókn mála — lögreglustjóri hefir hana ekki sjálfur með höndum — hefir að litlu leyti ljett eftirfarandi rjettarrannsókn, en haft í för með sjer auknar skriftir og nokkra töf. Rannsókn mála undir gildandi rjettarfarslögum virðist heppilegast fyrir komið á þann hátt, að hún sje frá upphafi til enda undir yfirstjórn og í höndum eins og sama embættismanns, og hún verður að fara fram með náinni og óslitinni samvinnu lögreglu og dómara. Öll rannsókn mála í Reykjavík á því, eins og annarsstaðar á landi hjer, að vera í höndum lögreglustjóra, er hefir dómsvald á hendi. Og þar, sem ekki er um að tala, kostnaðar vegna, að nefndardómstóll dæmi þessi mál, er það brotaminst, að lögreglustjóri felli dóm í þeim, sem hliðstæður dómari öðrum hjeraðsdómurum. Það verður ætíð til að tefja málin að skjóta þeim, að lokinni rannsókn, undir dóm lögmanns, því að hann þarf nokkurn tíma til að kynna sjer þau. Og það má ætla, að í lögreglustjórastöðu verði ávalt maður í fremstu röð lögfræðinga, svo að enginn vinningur á það að vera að skjóta mál-

um þessum undir dóm annars einkadómara. Það verður ekki annað sjeð en flest mæli með því, að lögreglustjóri leiði öll opinber mál til lykta í hjeraði.

Um önnur atriði þarf greinin ekki skýringar.

Um 4. og 5. gr.

Ætlast er til, að innheimta allra gjalda sje hjá tollstjóra nema þeirra, sem leiða beint af störfum lögreglustjóra og hagsýni mælir með, að falin sjeu honum.

Um 6. gr.

Athafnalíf og bygð er nú að hefjast í verslunarstað þessum, sem löggiltur var með l. nr. 38/1905, og liggur beint við að leggja hann að því leyti, sem greinin ákveður, undir umdæmi Reykjavíkur.

Um 7. gr.

Tala tollvarða verður að fara eftir þörfum. Um önnur atriði, sem greinin mælir fyrir um, þykir eðlilegt, að sjerstök reglugerðarákvæði gildi fyrir Reykjavík, og liggja til þess svo ljós rök, að ekki þarf þau að greina.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir, að landssjóður greiði starfsmönnum þessum föst laun og allan nauðsynlegan skrifstofukostnað, en allar aukatekjur renni í landssjóð. Að almanna áliti ætti sparnaður landssjóðs við að fá aukatekjur þær, er þessum embættum hafa fylgt, að geta numið 80 þús. kr. árlega.

Um 9.—11. gr.

Fyrirmæli 9. gr. eru í samræmi við þá venju, er verið hefir, en 10. og 11. gr. þurfa ekki skýringa.

Ed. **100. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að rannsaka brjefaskifti milli stjórna Spánar og Íslands.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason og Erlingur Friðjónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa þriggja manna nefnd til þess að rannsaka brjefaskifti, sem farið hafa milli stjórna Spánar og Íslands út af Spánarsamningnum og öllu, sem þar að lýtur, svo vitað verði til sanns, hvort eigi er unt að leggja niður útsölustaði vínanna, án þess það teljist brot á samningnum.

Ástæður.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt tilmælum framkvæmdarnefndar Umdæmisstúku Austurlands og í tilefni af brjefi stórtemplars Sigurðar Jónssonar til dómsmálaráðherra, dags. 1. febr. þessa árs, svo hljóðandi:

»Á Stórstúkuþinginu síðastl. sumar var samþykt svolátandi áskorun:

»Stórstúka Íslands skorar á Alþingi, að láta þingnefnd rannsaka brjefaskifti milli stjórna Spánar og Íslands, út af Spánarsamningnum og öllu, sem þar að lýtur, svo að sjeð verði, hvort eigi er unt að leggja niður útsölustaði vínanna án þess það teljist brot á samningnum«.

Jafnframt því að tilkynna yður, hæstv. herra ráðherra, samþykt þessa, leyfi jeg mjer að beiðast fulltingis yðar til þess að koma þessu máli á framfæri við þingið, svo að nefnd verði falið að rannsaka það og gefa skýrslu um árangur rannsóknarinnar.

Enda þótt fullyrt hafi verið opinberlega, að niðurlagning útsölustaða myndi teljast brot á Spánarsamningnum, virðist allmikill fjöldi manna alt annað en sannfærður um, að þessu sje þannig varið. Fjölmennar áskoranir, sem komið hafa frá þingmálafundum og undirritaðar af fjölda kjósenda, um fækkun sölustaða, benda til þess, að menn nokkuð alment álíti það gerlegt samningsins vegna að leggja niður útsölustaði. Rannsókn sú, sem áskorunin fer fram á, og skýrsla um hana tæki hjer af allan vafa og gerði málið ljósara fyrir almenningi en það nú er. Tel jeg það mikilsvert, og legg þess vegna mikla áherslu á, að slík rannsókn fari fram.

Virðingarfylst.

Sig. Jónsson,
stórtemplar«.

Ed. **101. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um mentamálanefnd Íslands.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Mentamálanefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt í máli þessu. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að mentamálum landsins, þeim, sem frumvarpið fjallar um, sje betur fyrir komið með skipun þeirri, sem ákveðin er í frumvarpinu, en eins og nú er. — Leggjum við því til, að háttv. deild samþykki frumvarp þetta óbreytt.

Alþingi, 3. febr. 1928.

Páll Hermannsson,	Erlingur Friðjónsson,
formaður.	skrifari og framsögum.

Nd. **102. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar á Vattarnesi í Suður-Múlasýslu.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Á Vattarnesi í Suður-Múlasýslu skal vera löggildaður verslunarstaður

og tekur hin löggildaða lóð yfir 500 metra strandlengju, frá Vattarnestanga vestur fyrir lendingu, en 180 metra á land upp frá flóðmáli í lendingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk búanda á Vattarnesi. Löggilding á þessum stað hefir einkum þýðingu fyrir vermenn, sem þangað sækja á sumrum, og mundi hún tryggja betur en ella er hægt skipaviðkomur á þessum stað. Auk þess mundi löggildingin auka verðmæti og veðhæfi bygginga þeirra og verbúða, sem þarna eru eða koma síðar, en allar slíkar byggingar standa nú á leigulóðum.

Ad. **103. Nefndarálit**

um frv. til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað orðið samdóma í máli þessu meiri hluta nefndarinnar og leggjum við til, að frv. verði felt. Um ástæður okkar fyrir þessu þykir nægja að vísa til þess, sem fram hefir komið til mótmæla skiftingu þessa kjördæmis á undanförnum þingum.

Alþingi, 4. febr. 1928.

Hákon Kristófersson, framsm. Magnús Guðmundsson.

Nd. **104. Nefndarálit**

um frv. til laga um þinglýsing skjala og aflýsing.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 6. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.

Magnús Guðmundsson, frsm. Hákon Kristófersson.

Bernh. Stefánsson.

Ed. **105. Frumvarp**

til laga um verkakaupsveð.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Verkamenn þeir, konur jafnt sem karlar, sem vinna við síldarútgerð, án þess að vera skráðir hásetar á síldveiðiskip, hafa lögveð í öllum síldarafurðum þeim, er á land flytjast hjá atvinnurekanda þeim, er þeir vinna hjá, til tryggingar greiðslu á umsömdu kaupi, hvort sem það er mánaðar-, viku- eða tímakaup, eða ákvæðisvinna við verkun síldar.

Lögveð þetta, er nefnist verkakaupsveð, nær til allra síldarafurða, þar með talin ný síld, krydduð, söltuð eða verkuð á annan hátt, einnig til tunna, salts og krydds, sem notað er við síldarútgerð, svo og til þess, sem unnið er úr síld, svo sem lýsi og síldarmjöl.

Lögveðið gengur næst á eftir opinberum gjöldum, sem á veðinu kunna að hvíla, en gengur fyrir öllum samningsbundnum veðskuldbindingum.

2. gr.

Þegar síldarafurðir, tunnur, salt eða krydd er selt á nauðungaruppboði, þá fellur niður verkakaupsveð í hinu selda, en veðhafi á þá í stað þess veðrjett í kaupverði hins selda, meðan verðið er ekki af hendi greitt. Nú selur eigandi eða umráðamaður síldar síld eða annað það, sem lögveð hvílir á samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa losað veðið með því að greiða kaup fólksins. Skal hann þá teljast brotlegur við lög þessi og sæta sektum samkvæmt 8. gr. þeirra. Verkakaupsveð fellur niður þegar vörur þær, sem verkakaupsveð hvílir á, er selt í hendur kaupanda.

3. gr.

Nú lætur verkakaupsveðhafi ganga að veði með fjárnámi að undangengnum dómi, og skulu fjárnámsvottar þá meta, hversu mikið af veðinu skuli selja til greiðslu veðkröfunnar. Heimilt er skuldunaut við slíkt fjárnám að segja til um það, að hverju af veðinu skuli fyrst gengið.

4. gr.

Verkakaupsveðrjettur fellur niður, ef honum er ekki framfylgt með lögsókn, áður en ár sje liðið frá því að krafan, sem veðið er fyrir, fjell í gjalddaga.

5. gr.

Um gildi verkakaupsveðs skal dæmt í máli, sem höfðað er til greiðslu verkakaups eftir lögum nr. 55 frá 31. maí 1927, ef krafa er um það gerð af kröfuhafa, svo og í öllum öðrum þeim málum, sem höfðuð eru til greiðslu verkakaups, sje þess krafist í upphafi málssóknar.

6. gr.

Nú ætlar atvinnurekandi að flytja burt af síldarverkunarstöð sinni síldarafurðir, tunnur, salt, krydd eða annað, sem ætla má, að verkakaupsveð hvíli á, og geta þá þeir, er verkakaupsveð hafa í síldarafurðunum, tunnunum, saltinu, kryddinu eða öðru, krafist kyrsetningar á því, og þurfa enga tryggingu að setja fyrir kyrsetningunni. Krefjast má, að staðfestingarmál út af kyrsetningunni sje rekið að hætti einkalögreglumála eftir ákvæðum 3. gr. laga nr. 55, frá 31. maí 1927.

7. gr.

Samningar þeir á milli atvinnurekenda og verkafólks, sem fara í bága við lög þessi, eða undanþiggja verkakaupsveð, skulu ógildir.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—50000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum, og skulu mál út af afbrotunum rekin sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Lög þessi eru fram komin vegna hinna mjög alvarlegu vanskila, sem orðið hafa á greiðslu verkakaups hjá sumum atvinnurekendum í síldarútveginum. Hafa svo mikil brögð verið að þessum vanskilum að undanförnu, að þess eru dæmi, að fólk hefir ekki fengið kaup sitt greitt tvö til þrjú ár samfleytt, og hefir því ýmist orðið að líða tilfinnanlegan skort eða leita á náðir hlutaðeigandi sveitarfjelags.

Er þetta ástand mjög alvarlegt, ekki einasta fyrir það fólk, sem fær ekki kaup sitt greitt, heldur og fyrir þá atvinnurekendur, sem standa í skilum með kaup fólksins, því þess munu dæmi, að þeir atvinnurekendur, sem ekki hafa staðið í skilum með greiðslu verkakaupsins, hafa orðið til þess að bjóða síldina á útlendum markaði fyrir neðan raunverulegt framleiðsluverð og á þann hátt orðið til þess að spilla fyrir því, að heiðarlegum atvinnurekendum væri kleift að ná því verði, sem síldarútvegurinn þarfnast til þess, að hann yrði rekinn án halla.

Kröfur almennings eru orðnar mjög sterkar um það, að úr þessu alvarlega ástandi sje bætt með löggjöf, sem tryggi það, að atvinnurekendur geti ekki skotið sjer undan þeirri skyldu að greiða verkakaup þess fólks, sem að framleiðslunni vinnur.

Til dæmis um kröfur fólksins um þetta má benda á tillögu þá, sem samþykt var á þingmálafundi á Akureyri 2. janúar síðastl. með 154 atkv. gegn 30 og sem hjer fer á eftir. Mælti einn síldaratvinnurekandinn mjög kröftuglega

með tillögunni og benti á hættuna, sem atvinnurekendum stæði af vangreiðslu kaupgjaldsins.

»Fundurinn skorar á Alþingi að fyrirskipa með lögum, og leggja refsingar við, ef út af er brugðið, að útgerðarmenn og aðrir vinnuveitendur í síldarútveginum skuli setja forgangsveð til tryggingar greiðslu á öllu verkakaupi. Skulu veðin því aðeins tekin gild, að þau sjeu samþykt af verkalýðsfulltrúum, sem fjórðungsstjórnir verkalýðssambandanna skipa, enda sje hverjum manni óheimilt að ráða til sín fólk að nefndum atvinnuvegi, nema þessu skilyrði sje fullnægt«.

Nú hafa íslenskar skipshafnir sjóveð fyrir kaupi sínu í skipum þeim, sem þær eru á. Virðist því ekki óeðlilegt, að það fólk, sem með vinnu sinni skapar verðmæti úr sjávarafurðum, sem á land koma, fái með lögum forgangsveð í því verðmæti.

Nd. 106. Nefndarálit

um frumv. til laga um sundhöll í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Mentamálanefnd hefir athugað frumvarpið og átt tal við borgarstjórann í Reykjavík og formann Íþróttasambands Íslands í því sambandi. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við b-lið. Liðurinn orðist svo:
   Að ráðuneytið samþykki uppdrátt og lýsingu af sundhöllinni og legu hennar, enda sje hún eign bæjarfjelagsins.
2. Við d-lið. Aftan við liðinn bætist:
   Ráðuneytið ákveður aðgangseyrinn til eins árs í senn, að fengnum tillögum bæjarstjórnarinnar.

Alþingi, 6. febr. 1928.

Ásgeir Ásgeirsson, form. og framsm. Sveinn Ólafsson, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Jónsson. Lárus Helgason.

Ed. **107. Nefndarálit**

um frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin er sammála um, að Neskauptún geti ekki lengur unað við það fyrirkomulag, er gildandi sveitarstjórnarlög ákveða, og verði ekki úr því atriði bætt nú þegar, þá standi sveitarstjórnarfyrirkomulagið kauptúninu mjög tilfinnanlega fyrir þrifum, bæði menningarlega og heilbrigðislega, sem og fjárhagslega.

Aftur á móti er nefndin ekki á eitt sátt um, á hvern hátt heppilegast muni greitt úr þessum vandkvæðum kauptúnsins.

Einn nefndarmanna, J. Þ., telur, að fyrirkomulaginu eigi að breyta á annan hátt en frv. þetta gerir ráð fyrir. Meiri hluti nefndarinnar, þeir I. P. og J. Bald., telja, að aðrar umbætur en þær, er fram koma með frv. þessu, verði aldrei annað en kák eitt, að því er þetta kauptún snertir, og endanleg lausn málsins verði sú ein, að því verði veitt bæjarrjettindi. Þar af leiðandi líta þeir svo á, að dráttur á afgreiðslu málsins á þann hátt leiði aðeins af sjer kostnað fyrir ríkið og óþægindi fyrir kauptúnið.

Er það því tillaga meiri hlutans, að háttv. deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. 1. málslið greinarinnar orðist þannig:
   Í Norðfjarðarkaupstað skal skipaður bæjarfógeti með 2500 kr. byrjunarlaunum, sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 3500 kr., er greiðist úr ríkissjóði.
2. Við 7. gr. Í staðinn fyrir orðið »þegar« í síðasta málslið greinarinnar komi: þá.
3. Við 8. gr.
   a. Orðin »ef því verður við komið« í þriðju málsgrein, falli niður.
   b. Fyrir orðið »samþykkir« í niðurlagi greinarinnar komi: staðfestir.
4. Við 11. gr. Fyrir orðið »sáttasemjara« í niðurlagi greinarinnar komi: sáttanefndarmanna.
5. Við 19. gr. Orðin »með öllum fylgiskjölum« í niðurlagi greinarinnar falli niður.
6. Við 22. gr. Niðurlag greinarinnar orðist þannig:
   Þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.
7. Við 23. gr. Greinin orðist þannig:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúarmánaðar 1929. Gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þau komist þá þegar til framkvæmda.

Alþingi, 6. febr. 1928.

Jón Baldvinsson,	Ingvar Pálmason,
form.	skrifari og framsm.

Ed. **108. Nefndarálit**

um frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg tel, að rjettara væri að bæta úr vandkvæðum þeim, sem nú eru á sveitarstjórnarmálum Norðfjarðar, með því að heimila, að þar og annarsstaðar, er líkt stendur á, verði sameinuð í höndum eins manns störf hreppstjóra, oddvita, fógetastörf og innheimtustörf sýslumanns, og leggi ríkissjóður til nokkurn hluta launanna og hreppsfjelagið nokkurn. Fyrir ríkissjóð ætti þetta ekki að verða tilfinnanlegur útgjaldaauki, því að nokkuð sparast á móti af skrifstofukostnaði hlutaðeigandi sýslumanns, og fyrir hreppsfjelagið og sýslufjelagið mun þetta í mörgum tilfellum reynast ódýrari og hentugri úrlausn en að kljúfa kauptúnið úr sýslunni og gera að sjerstöku umdæmi. Tel jeg, að slík úrlausn mundi einnig nægja fyrir Norðfjörð fyrst um sinn, og legg því til, að málið verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þingdeildin skorar á ríkisstjórnina að undirbúa lög um heimild til tilbrigða frá sveitarstjórnarlögunum í fjölmennustu kauptúnum, svo að hreppstjórn, oddvitastörf og innheimtur ríkissjóðs megi sameina í höndum eins manns, og í trausti þess, að þeim undirbúningi verði lokið fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. febr. 1928.

Jón Þorláksson.

Ed. **109. Nefndarálit**

um frv. til laga um búfjártryggingar.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Jeg undirritaður hefi eigi getað orðið samnefndarmönnum mínum sammála um frv. þetta eins og það liggur fyrir.

Málið, er frv. fjallar um, er nauðsynjamál, er kemur til að skifta fjölda manna, búendur og aðra búfjáreigendur, miklu, hverja afgreiðslu það fær. Hinsvegar er frv. þetta eigi þannig að undirbúningi og frágangi, að forsvaranlegt sje, að það verði gert að lögum.

Að því, er mjer er best kunnugt um, hefir mál þetta verið rætt á tveim undanförnum búnaðarþingum, en eigi hefir þeim, er um það hafa fjallað þar, þótt nægileg gögn vera fyrir hendi til endanlegrar afgreiðslu þess; og eigi er vit-

anlegt, að fram sjeu komin þau gögn, er búnaðarþingið æskti, að fengin væru áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um fyrirkomulag búfjártrygginganna.

Jeg tel varhugavert, að lög ákvarði skyldutrygging sumra búfjáreigenda, án þess leitað hafi verið álits rjettra hlutaðeigandi búfjáreigenda um það atriði. Slík lögboðin skyldutrygging hlýtur að leiða til allverulegra fjárútláta fyrir hlutaðeigendur.

Frv. hefir engar ákvarðanir um hæð iðgjaldanna, að líkindum vegna vantandi grundvallar að byggja á. Ákvæðið um hæð fjárframlaga þeirra, er tryggja vilja búfje sitt, eru lögð óbundið í hendur eins manns, atvinnumálaráðherra. Verður að telja slíkt varhugavert.

Vegna framangreindra ástæðna og annara, er grein verður gerð fyrir í framsögu, legg jeg til, að háttvirt þingdeild vísi frv. þessu aftur til landsstjórnarinnar með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að frv. um búfjártryggingu varðar mjög alla búfjáreigendur, en mál þetta eigi nægilega undirbúið, vísar deildin frv. til landsstjórnarinnar aftur, til rækilegri undirbúnings, og felur henni að leita álits allra sveitarstjórna og sýslunefnda um málið. Ennfremur felur deildin landsstjórninni að láta safna skýrslum um vanhöld og búfjársjúkdóma um land alt og fá tillögur um fyrirkomulag og tilhögun vátrygginganna. Undirbúa síðan málið, að fengnum nægilegum gögnum um þessi atriði.

Alþingi, 6. febr. 1928.

Jónas Kristjánsson.

Nd. **110. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Halldór Stefánsson.

Aftan við 2. gr. D. 4. komi:

5. Úthjeraðsvegur, frá vegamótum við Egilsstaði um Eyvindarárbrú út Eiðaþinghá, um Eiða og Hjaltastað að Unaósi.

Nd. **111. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 14, 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfurjettinda.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. gr.

Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Skuld eða önnur krafa, sem ekki hefir verið krafin með lögsókn innan

þeirra tímatakmarka, er ákveðin eru í lögum þessum, fellur úr gildi fyrir fyrning.

2. gr.

Fyrsti töluliður 3. gr. laganna orðist svo:

1. Kröfur út af:
   a. leigu á fasteign eða lausafje,
   b. veru, viðgerning eða aðhlynningu,
   c. flutning á mönnum eða munum,
   d. vinnu og hverskonar starfa, sem í tje er látinn; þó fyrnist ekki krafa hjús um kaupgjald meðan það er samfelt áfram í sömu vist.

3. gr.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verði 4. gr.:

Á einu ári fyrnast:

Kröfur út af sölu eða afhending á vörum eða lausafje, sem ekki er afhent sem fylgifje með fasteign.

4. gr.

Fjórða grein laganna verður 5. grein og fimta grein laganna verður 6. grein.

5. gr.

Sjötta grein laganna fellur niður.

6. gr.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um kröfur þær, er þegar eru stofnaðar; þó fellur engin krafa úr gildi samkvæmt lögum þessum fyr en við árslok 1930.

Greinargerð.

Breytingar þær, er frumvarp þetta fer fram á, eru fólgnar í eftirfarandi atriðum:

1. Að kröfur út af sölu eða afhendingu á vörum eða lausafje, sem ekki er afhent sem fylgifje með fasteign, fyrnist á einu ári, í stað þess sem þær nú eftir gildandi lögum fyrnast á fjórum árum.

2. Að það hefir ekki áhrif á fyrningu þessara skulda, hvort viðskifti halda áfram óslitið á milli skuldara og skuldareiganda.

3. Að viðurkenning um skuld slítur ekki fyrningu hennar, og gildir það jafnt um allar skuldir.

Öllum þorra þjóðarinnar mun nú vera orðið það ljóst, hve skaðleg áhrif það hefir á alt viðskiftalíf landsmanna, að meiri hluti innanlands verslunarinnar er rekinn sem lánsverslun. Með þeim langa fyrningarfresti, sem nú er, leiðir þessi viðskiftavenja til margskonar óreiðu í fjármálum, bæði hjá þeim, sem veita lán, og eins hinum, sem þiggja þau, en auk þess hefir það í för með sjer eyðslu, er menn alment hafa greiðan aðgang að lánum. Mun heppilegast, að hinar sjer-

stöku lánsstofnanir landsins hafi að sem mestu leyti einar með höndum útlán á fje landsmanna, og er því nauðsynlegt að hindra það fyrirkomulag, sem nú er, að fjeð gangi frá lánsstofnununum til þeirra, sem reka verslun og aðra viðskiftaatvinnu, er síðan lána það stjórnlaust að mestu til viðskiftamanna sinna. Miðar lagabreyting frumvarpsins í þá átt að draga úr skaðsemi lánsverslunar, með því að stytta fyrningarfrest þeirra skulda, er ræðir um í 3. gr. frumvarpsins, og með því að nema burt úr fyrningarlögunum ofangreind 2 atriði, sem nú slíta fyrningu. Með þessu móti eru viðskiftalánin gerð örðugri og varhugaverðari bæði fyrir lánveitanda og lánþiggjanda.

Gera má ráð fyrir, að sett verði áður langt líður enn róttækari lagaákvæði og lagabreytingar, til þess að hindra þá skuldasöfnun, sem stafar af almennum lánsviðskiftum, en eina leiðin til þess er að draga úr eða nema burt rjettarvernd þeirra lána, sem alment eru ónauðsynleg og skaðleg viðskiftalífi þjóðarinnar.

Nd. **112. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Frá Sigurði Eggerz.

Aftan við frumvarpsgreinina komi nýr töluliður:

Laxárdalsvegur, frá Búðardal um Laxárdal og Laxárdalsheiði að Borðeyri.

Ed. **113. Frumvarp**

til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason og Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Frá 1. maí 1928 skal vera einkasala á allri saltaðri og kryddaðri síld eða verkaðri á annan hátt til útflutnings á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, og nefnist þessi einkasala »Síldareinkasala Íslands«.

2. gr.

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd, og skulu þeir allir vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð, eða hafa aðsetur þar að minsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Þrír af nefndarmönnunum skulu kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þriggja ára, í fyrsta sinn á Alþingi 1928, en

tveir tilnefndir til þriggja ára í senn, annar af verklýðssambandi Norðurlands, en hinn af Útgerðarmannafjelagi Akureyrar, eða viðtækari fjelagsskap útgerðarmanna norðanlands þegar hann er stofnaður. Jafnmargir varamenn sjeu kosnir.

3. gr.

Útflutningsnefnd ræður tvo framkvæmdarstjóra, er sjeu jafnir að völdum. Skulu þeir hafa skrifstofu á Siglufirði yfir síldveiðatímann. Framkvæmdarstjórarnir hafa á hendi í umboði útflutningsnefndar alla daglega stjórn og umsjón einkasölunnar. Sje framkvæmdarstjóri ráðinn innan nefndarinnar, tekur varamaður við sæti hans í nefndinni. Kosning framkvæmdarstjóra er því aðeins gild, að hann fái minst 3 atkvæði.

4. gr.

Þessi eru störf framkvæmdarstjóranna:

1. Að ákveða í samráði við útflutningsnefnd, hve snemma árs einkasalan byrjar, að taka á móti síld til verkunar og hvenær hún hætti því árlega.
2. Að setja umboðsmenn, er hafa eftirlit með allri vinnu í hverri verstöð, þar sem síld er verkuð til útflutnings. Ákveða þessir umboðsmenn, í samráði við útflutningsnefnd og framkvæmdarstjóra, um alla meðferð á síldinni, flokkun eftir gæðum, umbúðir um síldina o. fl. Enga síld má salta, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, nema með leyfi þessara umboðsmanna einkasölunnar.
3. Að selja alla saltaða og kryddaða síld, eða verkaða á annan hátt, fyrir einkasöluna og skila til síldareigenda andvirði allrar síldar, er einkasalan selur, jafnótt og andvirðið greiðist, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er legst í sjóði. Hafi einkasölunni verið afhent meira af síld til sölu en hún hefir getað selt í það sinn, skiftist andvirði þeirrar síldar, er seld hefir verið, hlutfallslega milli allra, er búnir eru að afhenda síld til útflutnings.
4. Að gera tilraunir með nýjar aðferðir við verkun síldar og opnun nýrra markaða og hafa aðrar framkvæmdir með höndum, er fram kunna að verða teknar í reglugerð hjer að lútandi og erindisbrjefum þeim, er framkvæmdarstjórunum verða sett.

5. gr.

Framkvæmdarstjórninni er heimilt að taka fje að láni út á síldina, jafnótt og hún er fullverkuð til útflutnings, og skifta því í rjettum hlutföllum milli síldareigenda, eftir vörumagni, er þeir hafa afhent einkasölunni.

6. gr.

Nú er nauðsynlegt, vegna einkasölunnar eða verkunar á síld til útflutnings, að tryggja einkasölunni afnot af bryggjum eða landi, er einstakir menn eiga eða ráða yfir, og getur ríkisstjórnin látið taka það til afnota, eftir tillögum einkasölunnar, fyrir leigu, er dómkvaddir menn meta.

7. gr.

Allir, sem hafa rjett til að veiða eða verka síld á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, eiga rjett á, að einkasalan taki til sölu það af góðri síld, sem verkuð er eftir fyrirmælum útflutningsnefndar og samkvæmt leyfi hennar og afhent á löggiltri höfn, eða þar, sem stjórn einkasölunnar ákveður, frá þeim degi, þegar nefndin leyfir síldarverkun, og til þess dags, er síldarverkun hættir að boði útflutningsnefndar það ár. En skyldir eru þeir, sem ætla að hafa síld til útflutnings, að hafa tilkynt einkasölunni skriflega fyrir 20. mars ár hvert, hversu mikið þeir ætla sjer að flytja út af síld það ár, og ákveður síðan einkasalan, hvort hlutaðeigandi fær að flytja út alt það, sem hann hefir ætlað sjer, eða hluta af því, og hve mikinn; enda skal það tilkynt framleiðanda í síðasta lagi fyrir 1. júní ár hvert.

8. gr.

Myndaðir skulu tveir sjóðir, varasjóður og útbreiðslusjóður, og skal renna í hvorn sjóð $^1/_4$% af andvirði seldrar síldar. Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefndinni.

9. gr.

Reikningsár einkasölunnar skal vera frá 1. maí til 30. apríl ár hvert. Stjórn einkasölunnar skal fyrir lok maímánaðar árlega birta í Lögbirtingablaðinu endurskoðaðan reikning einkasölunnar og skýrslu um störf hennar á liðnu reikningsári.

10. gr.

Heimili einkasölunnar og varnarþing er á Akureyri.

11. gr.

Einkasalan er ekki útsvarsskyld.

12. gr.

Ríkisstjórnin skipar tvo endurskoðendur einkasölunnar og tvo til vara og ákveður þóknun fyrir störf þeirra. Hafa þeir altaf aðgang að reikningum einkasölunnar.

13. gr.

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en þóknun útflutningsnefndarinnar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjórar ráða sjer starfsmenn, svo sem þeir telja nauðsynlegt, en útflutningsnefnd ákveður laun þeirra.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur reglugerð um skoðun á síld og nánari framkvæmdir einkasölunnar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 1000—100000 krónum, og getur einkasalan, ef brot er ítrekað, neitað að taka til sölu útflutningssíld frá þeim, sem brotið hefir.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög frá 15. júní 1926, um sölu á síld, og lög frá 26. nóv. 1919, nr. 56, um skoðun á síld, svo og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þetta.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefir með ári hverju komið berar og greinilegar í ljós, að leita verður einhverra öflugra ráða til þess að koma skipulagi á síldarútveg landsins, sjerstaklega það, er snertir sölu síldarafurða.

Eru þeir menn, er fengist hafa við sölu síldarafurða að undanförnu, orðnir vonlausir um að geta rekið söluna með sama fyrirkomulagi og viðgengist hefir að undanförnu, þar sem algert skipulagsleysi hefir ríkt í framkvæmdinni. Sýna tilraunir, sem gerðar hafa verið í þá átt að koma sölu síldarafurðanna í annað form en áður hefir viðgengist, að allsterkar krófur eru komnar fram um það frá seljendunum sjálfum, að Alþingi styðji framleiðendur og seljendur síldarafurðanna í því að koma skipulagi á þennan atvinnurekstur.

Þetta frumvarp gerir ráð fyrir nokkurskonar lögskipuðu samvinnufjelagi, þar sem yfirstjórn sje kosin að mestu leyti af löggjafarþingi þjóðarinnar, en að öðru leyti af fjelagsskap framleiðenda og verkalýð þeim, sem næst stendur þessum atvinnurekstri. Er þessi leið farin af því, að sýnt þykir, að ekki muni takast að koma skipulagi á þennan atvinnurekstur, nema Alþingi hjálpi til þess með lögum, er þjappi öllum, sem við hann fást, í eina heild, er veiti þeim betri aðstöðu en verið hefir áður, þar sem sýnt þykir, að ekki muni verða samkomulag um, að ríkið taki síldarsöluna algerlega í sínar hendur, eins og þegar er komið fram frumvarp um í háttv. efri deild.

Nd. **114. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

Flutningsmenn: Bjarni Ásgeirsson og Jón Sigurðsson.

1. gr.

Í stað orðanna »ef öðru verður ekki við komið« í síðasta málslið 1. gr. laganna komi: ef hentara þykir.

Við greinina bætist: Þar skulu og fram fara hagnýtar tilraunir á ýmsum sviðum landbúnaðarins í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Við hvorn skóla skulu vera 4 kennarar, og er einn þeirra skólastjóri. Hefir hann aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. Kennarar hafa allir leigulausan bústað í skólanum. Skólastjóri hefir umsjón með tilraunum skólans með aðstoð hinna kennaranna.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skólarnir heita bændaskólar. Bóklega kenslan skal aðallega fara fram með fyrirlestrum í þeim fræðigreinum landbúnaðarins, sem reglugerð nefnir til og segir nánar fyrir um.

Auk búnaðarfræðslunnar skal sjerstök alúð lögð við að kenna nemendum að tala og rita móðurmálið vel og skipulega. Saga landsins skal sögð, og þá einkum búnaðar- og verslunarsaga, og nemendum kent að færa sjer í nyt skýrslur um atvinnuvegi vora og þjóðarhag. Kenna skal og reikning, dráttlist, söng og leikfimi og glímur.

Ennfremur skal árlega fram fara verkleg kensla í jarðyrkju, meðferð heyvinnutækja, súrheysgerð, smíðum, mjöltum, járningu hesta o. fl.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Námstími í skólum þessum skal aðallega vera 2 vetur og 10 vikur. Af honum skal að minsta kosti verja 8 vikum til verklegs jarðyrkjunáms. Skal þar lögð áhersla á, að nemendur læri alla notkun hesta og hestaverkfæra til sáðsljettunar og öll handtök, er að því lúta. Sömuleiðis lokræsa- og skurðagerð til framræslu. Skal skólastjóri útvega þeim nemendum skólans verklega kenslu utan hans, sem ekki er tök á að veita þá kenslu á skólabúinu.

Nánari fyrirmæli um þetta skulu sett með reglugerð, er atvinnumálaráðherra semur í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

5. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi þrjár nýjar greinar, er verða 5., 6. og 7. gr., svo hljóðandi:

a. Skylt er, ef húsrúm leyfir, að stofna og starfrækja við skólann deild með samfeldu eins árs búnaðarnámi, þ. e. frá hausti til hausts. Skal þar áhersla lögð á að kenna hið hagnýtasta í bóklegum fræðum. Um hina verklegu kenslu gilda sömu reglur og um aðaldeild skólans, að því viðbættu, að skylt er að sjá öllum nemendum þeirrar deildar fyrir allri þeirri verkkenslu, sem fram fer á skólabúinu, sjá niðurlag 3. gr.
b. Á hverju hausti skal fram fara á skólasetrinu próf í verklegri jarðyrkju, undir umsjón Búnaðarfjelags Íslands, og má ekki veita neinum inngang í efri deild skólans nema hann hafi staðist það próf. — Á sama hátt fá

nemendur í ársdeild skólans þá fyrst prófskírteini, er þeir hafa lokið verknáminu til fulls.

c. Halda skal búnaðarnámsskeið í skólunum viku til hálfsmánaðartíma, eftir því sem húsrúm og aðrar kringumstæður leyfa, til að gefa bændum og bændaefnum kost á að hlýða á fyrirlestra hjá kennurum og taka þátt í umræðum um búnaðarmál.

6. gr.

8. og 9. gr. laganna falli niður, en 5., 6. og 7. gr. verði 8., 9. og 10. gr.

7. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 48, 10. nóv. 1905, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp það til breytinga á bændaskólalögunum, sem hjer liggur fyrir, fer að mörgu leyti í sömu átt og frumvarp það til viðauka við sömu lög, er atvinnumálaráðherra lagði fyrir þingið (þskj. 27). Þó gengur þetta lengra í ýmsu, t. d. 1) að ákveða aðalbreytingarnar í lögunum sjálfum, í stað heimildar til breytinga; 2) að yfirfæra breytinguna ekki aðeins á Hólaskóla, heldur og Hvanneyrarskólann, og 3) að ákveða átta vikna lágmarksnám í verklegri jarðyrkju og próf í þeirri grein sem skilyrði fyrir setu í efri bekk skólans.

Eins árs deildin kemur hjer í stað lýðskólafræðslunnar í áðurnefndu frumvarpi og er eins og hún hugsuð sem varatillaga við skólafyrirkomulagið, ef ekki fengjust nægilega margir nemendur í aðaldeildina.

Eru slíkar deildir mjög víða starfræktar við bændaskólana í Noregi, og því ekki úr vegi að reyna þá hjer, ef kostur væri. —

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er, eins og það ber með sjer, sá, að auka að miklum mun verklega kenslu við bændaskólana, og þá einkum að tryggja námssveinunum nauðsynlegustu kunnáttu í meðferð hesta og hestaverkfæra við túnyrkju, en það teljum við eitt aðalundirstöðuatriðið í viðreisn landbúnaðarins.

Að öðru leyti vísast um þetta til framsögu.

Ed. **115. Nefndarálit**

um frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Mál þetta var borið fram í Ed. á síðasta þingi og var samþykt þar með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða (11 : 2). Nokkrar breytingar voru gerðar á

frv., og eru þær nú teknar upp í frv., þannig, að það er nú eins og deildin gekk frá því í fyrra.

Allsherjarnefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt, meiri hlutinn, J. Bald. og I. P., leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt, en minni hlutinn (J. Þ.) er á móti málinu.

Alþingi, 7. febr. 1928.

Jón Baldvinsson,	Ingvar Pálmason,
form. og frsm. meiri hl.	fundaskrifari.

Ed. **116. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar telur gildar ástæður mæla með því, að frv. þetta verði samþykt, og gerir það að tillögu sinni. Hinsvegar lítur Ingvar Pálmason svo á, að kosningarrjettur og kjörgengi eigi ekki í öllum tilfellum að fara saman, og flytur sjerstaka tillögu um það, að þeir, sem standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, sjeu eigi kjörgengir til starfa þeirra, er 1. gr. laganna frá 1926 ræðir um.

Alþingi, 7. febr. 1928.

Jón Baldvinsson,	Ingvar Pálmason,
form.	skrifari og frsm.

Ed. **117. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Flm.: Ingvar Pálmason.

Á eftir 2. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 1. málslið 2. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Þó er sá eigi kjörgengur, er stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Ed. **118. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Flutningsm.: Halldór Steinsson, Ingvar Pálmason, Jón Baldvinsson.

1. gr.

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur. Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæmum, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 krónum.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni millum þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 76, 28. nóv. 1919, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Á tveim undanförnum þingum hafa legið fyrir frumvörp um launabót yfirsetukvenna. Frumvörp þessi urðu að vísu ekki að lögum, en höfðu þó allmikið fylgi í þinginu. Þetta mál er nú enn á ný borið fram, svo að Alþingi gefist kostur á að ráða bót á því misrjetti, sem hefir átt sjer stað á launakjörum yfirsetukvenna í samanburði við launakjör annara starfsmanna ríkisins.

Nd. **119. Nefndarálit**

um frumv. til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 6. febr. 1928.

Lárus Helgason, form. og frsm. Bernh. Stefánsson. Jón Ólafsson, fundaskrifari.

Einar Jónsson.

Nd. **120. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um uppsögn sambandslagasamningsins.

Frá Sigurði Eggerz.

Vill ríkisstjórnin vinna að því, að sambandslagasamningnum verði sagt upp eins fljótt og lög standa til, og í því sambandi íhuga eða láta íhuga sem fyrst, á hvern hátt utanríkismálum vorum verði komið fyrir bæði sem haganlegast og tryggilegast, er vjer tökum þau að fullu í vorar hendur?

Nd. **121. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júlí 1924 [Vegalög].

Flutningsmaður: Bernharð Stefánsson.

Aftan við frumvarpsgreinina komi: Aftan við C. 3. í 2. gr. laganna komi:
4. Eyjafjarðarbraut frá Akureyri að Saurbæ.

Ed. **122. Nefndarálit**

um frv. til laga um kynbætur nautgripa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.

Síðasta málslið fyrri málsgreinar skal orða svo:

Nefndin skal kosin í fyrsta sinni á vorhreppaskilaþingi 1928, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

2. Við 3. gr.

Í stað fyrstu málsgreinar komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan sjeu til innan hrepps eða utan hæfilega mörg naut kyngóð og efnileg til undaneldis í hreppnum. Naut þau, sem kynbótanefnd velur í þessu skyni, skal hún taka á leigu, kaupa eða tryggja hreppsbúum afnot þeirra á annan hátt, eftir því sem hún hefir heimildir til og telur rjett. Semur hún þá um leiguna eða afnotin, svo og um greiðsluskilmála. Skal nefndin gera hreppsbúum ráðstafanir sínar kunnar.

Nú eru einhverjir hreppsbúa svo afskektir, að þeir geta ekki notað naut í samlögum við aðra, og er þá kynbótanefnd rjett að undanþiggja þá þeim skyldum og rjettindum, sem starfsemi þessari fylgja.

3. Við 7. gr.

Fyrir orðin »til kynbótanefndar, á þeim tíma«, komi:

Til kynbótanefndar, eða þeirra manna, er hún felur innheimtuna, á þeim tíma.

Alþingi, 8. febr. 1928.

Einar Árnason, form. og frsm.
Jón Baldvinsson, fundaskrifari.
Jónas Kristjánsson.

Ed. **123. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Í stað orðanna »kaupa land« í frumvarpsgreininni komi: undirbúa.

Ed. **124. Frumvarp**

til laga um búfjártryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 16, með þessari breytingu:

10. gr. hljóðar svo:

Nú er vátryggingarsjóður stofnaður samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður eða lögreglustjóri nefna til virðingarmenn, 2 eða fleiri, fyrir sjóð-

inn, eftir því sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn ákveður nánar, og einn varamann fyrir hverja tvo aðalvirðingarmenn, til þess að virða gripi til vátryggingar og skaðabóta samkvæmt lögum þessum og nánari ákvæðum reglugerðar.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða fyrir eitt ár í senn jafnaðarverð til skaðabóta á öllum nautgripum í hreppnum, án þess að sjerstakt mat fari fram. Má það verð ekki vera hærra en það, sem telja má sannvirði á meðalgrip. Vilji vátryggjandi eigi hlíta því meðalverði, sem þannig er sett, getur hann á sinn kostnað látið virðingarmenn meta gripi sína og vátrygt þá samkvæmt því mati.

Verði ágreiningur milli virðingarmanna og vátryggjenda, sker stjórn sjóðsins úr, en áfrýja má þeim úrskurði til atvinnumálaráðherra.

Nd. **125. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefndin hefir athugað frumvarp þetta, sem borið er fram af stjórninni, og leggur til, að það verði samþykt af háttv. þingdeild.

Jafnframt telur nefndin nauðsynlegt, að stjórnin undirbúi eftir föngum fyrir Alþingi 1929 framtíðarskipulag launamálanna. Þyki nauðsynlegt að skipa milliþinganefnd í málið, virðist nægur tími að gera það á því þingi, þar sem ætlað er með frumvarpi þessu að framlengja dýrtíðaruppbótina til ársloka 1930.

Alþingi, 8. febr. 1928.

Halldór Stefánsson, formaður.	Hannes Jónsson, frsm.	
Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Sig. Eggerz, með fyrirvara.	Ólafur Thors, með fyrirvara.

Ed. **126. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um búfjártryggingar.

Frá Páli Hermannssyni.

Við 5. gr.

a. Orðin »sauðfjár og« í fyrri málslið falli niður.

b. Niðurlag síðari málsliðar »og aldrei getur« út greinina falli burt.

Nd. **127. Nefndarálit**

um frumv. til hjúalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er borið fram samkvæmt áskorun neðri deildar Alþingis 1927. Hefir það fengið allmikinn undirbúning, því bæði lá mál þetta fyrir þingunum 1923 og 1924 og hefir auk þess verið sjerstaklega undirbúið fyrir þetta þing.

Nefndin lítur svo á, að full þörf sje á þeirri lagasetningu, sem fyrirhuguð er með þessu frv., enda er vinnuhjúatilskipunin frá 1866 úrelt og að ýmsu leyti óviðunandi.

Óþarft virðist, að ákvæði sje í þessum lögum um kaupkröfur hjúa í dánarbú eða þrotabú húsbónda, því nægilega skýr fyrirmæli um það efni eru í skiftalögunum. Nefndin telur rjett að taka það beinlínis fram, að mál, er um getur í 33. gr., sjeu almenn lögreglumál. Þá leggur nefndin til, að gerðar sjeu nokkrar orðabreytingar á frv., sem ekki þurfa sjerstakrar skýringar við.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Á eftir 1. málsgrein komi: 3. gr.
2. Við 4. gr. 2. málsgr. Í stað orðanna »eigi kost á giftingu« komi: ætli að giftast.
3. Við 7. gr. 2. málsl. Í stað orðanna »Hjúið á heimtingu á að sofa eitt sjer í rúmi, og« komi: Ekki er hjúi skylt að sofa í rúmi með öðrum. Það á rjett til.
4. Við 16. gr. Í stað orðanna »af dvalarsveitinni« í niðurlagi greinarinnar komi: sem sveitarstyrk veittan hjúinu.
5. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
   Í þrotabúi húsbónda eða dánarbúi fer um kaupkröfur hjúa eftir ákvæðum skiftalaganna.
6. Við 33. gr. 2. málsl. Í stað orðanna »eiga einnig undir lögreglurjett« komi: eru almenn lögreglumál.
7. Við 34. gr. Orðin »Ennfremur er úr gildi numin 7. gr. tilsk. 5. mars 1737« falli burt.

Alþingi, 8. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Bernh. Stefánsson, frsm.
Magnús Guðmundsson.	Hákon J. Kristófersson.	

Ed. **128. Frumvarp**

til laga um atvinnurekstrarlán.

Flutningsmenn: Jón Þorláksson, Björn Kristjánsson, Halldór Steinsson, Ingibjörg H. Bjarnason, Jóhannes Jóhannesson, Jónas Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita Landsbanka Íslands eða sparisjóðsdeild hans ábyrgð ríkissjóðs fyrir reikningsláni erlendis frá ári til árs, að upphæð alt að 5 milj. kr., er notað verði til þess að veita bændum til sveita og sjávar rekstrarlán fyrir milligöngu sparisjóða og annara tryggra peningastofnana samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Af fje því, sem ræðir um í 1. gr., veitir Landsbankinn lán til sparisjóða, banka og bankaútibúa utan Reykjavíkur, með þessum skilyrðum:

a. Peningastofnanir þessar mega eingöngu nota fjeð til þess að lána það út til rekstrarlánafjelaga samkvæmt þessum lögum.
b. Þær endurgreiði Landsbankanum lánin að fullu ásamt vöxtum fyrir hver áramót.
c. Vextir miðist á hverjum tíma við lánskjörin á reikningsláni því, er um ræðir í 1. gr., að viðbættri framfærslu, sem fjármálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum bankaráðs.

3. gr.

Peningastofnanir þær, er fá lán hjá Landsbankanum samkvæmt 2. gr., veita lán til rekstrarlánafjelaga með þessum skilmálum:

a. Skipulag rekstrarlánafjelagsins sje í samræmi við ákvæði þessara laga og fjelagsmenn ábyrgist lánið einn fyrir alla og allir fyrir einn.
b. Höfuðstóll lánsins endurgreiðist að fullu fyrir 15. des. ár hvert og vextir fyrir áramót. Heimilt er í einstökum tilfellum að semja um aðra gjalddaga.
c. Ef ekki er staðið að fullu í skilum með greiðslu höfuðstóls og vaxta á rjettum tíma, verður fjelagið svift rekstrarláni næsta ár, eða lengur, ef miklar sakir eru.

4. gr.

Skipulag rekstrarlánafjelaga skal vera sem hjer segir:

a. Fjelagsmenn skulu allir vera búsettir í sama bygðarlagi og mega ekki vera færri en 10 og ekki fleiri en 30. Þó mega fjelagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
b. Stjórn fjelagsins skal skipuð 3 mönnum, formanni og tveim meðstjórnendum, er kosnir sjeu til eins árs á aðalfundi í janúarmánuði ár hvert. Á sama fundi skal kjósa einn endurskoðanda fyrir reikninga fjelagsins, en stjórn peningastofnunar þeirrar, er fjelagið skiftir við, skipar annan endurskoðanda.
c. Stjórn fjelagsins ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern fjelagsmann, í

samráði við endurskoðendur, fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við búrekstur fjelagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks fjelagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr.

d. Fjelagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar fjelagsins gagnvart lánveitanda.

e. Hver fjelagsmaður setur fjelaginu fult veð eða aðra tryggingu fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma. Hreppsábyrgð má taka gilda sem tryggingu fyrir lánum einstakra manna, enda ákveði hreppsnefndin upphæð þá, sem ábyrgðin tekur til. Ábyrgð fjelagsmanna verður ekki tekin gild sem trygging.

f. Hver fjelagsmaður greiði inngöngugjald í fjelagið, 10 krónur, sem leggja skal í varasjóð fjelagsins. Í varasjóð skal hver fjelagsmaður ennfremur greiða árlega ½% af hámarki rekstrarláns síns. Varasjóðurinn skal ávaxtaður í peningastofnun þeirri, er fjelagið skiftir við, og skulu vextir jafnan leggjast við höfuðstól. Heimilt er að nota varasjóðinn til rekstrarlána handa fjelaginu, til viðbótar því fje, sem fengið er að láni í því skyni samkvæmt 2. gr. Varasjóður er óskiftileg eign fjelagsins, og má ekki skerða hann nema eftir tillögu fjelagsstjórnarinnar í samráði við endurskoðendur, og sje tillagan samþykt á aðalfundi af ⅔ fjelagsmanna.

g. Þegar eftir hvern aðalfund skal fjelagsstjórnin senda stjórn peningastofnunar þeirrar, er fjelagið skiftir við, afrit af endurskoðuðum reikningum fjelagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðendanna, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar.

5. gr.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstrarlánsfjelög og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþyktum slíkra fjelaga.

6. gr.

Peningastofnun sú, er veitir rekstrarlánafjelagi lán, skal án sjerstaks endurgjalds halda reikning yfir viðskiftin við hvern einstakan fjelagsmann og reikna út fyrir hver áramót vexti þá, er hverjum fjelagsmanni ber að standa skil á, en fjelagsstjórnin annast greiðslu vaxtanna í einu lagi.

7. gr.

Nú þykir fjelagsstjórninni þörf á hærri upphæð til rekstrarlána handa fjelagsmönnum en fáanleg er að láni samkvæmt 3. gr., að viðbættum varasjóði fjelagsins, og er fjelaginu þá heimilt að veita viðtöku innlögum frá fjelagsmönnum til viðbótar. Fje þetta skal fjelagsstjórnin geyma og ávaxta í peningastofnun þeirri, sem fjelagið skiftir við, þá tíma ársins, sem það er ekki notað til rekstrarlána, en peningastofnunin annast um útborganir, tekur við endurgreiðslum og reiknar út vexti á sama hátt og um rekstrarlán það, er hún sjálf veitir fjelaginu.

8. gr.

Fjármálaráðherra getur sett reglur um hámark vaxtaframfærslu og

viðskiftagjalds fyrir fje það, sem peningastofnanir taka við frá Landsbankanum og lána út samkvæmt þessum lögum, á þeim grundvelli, að peningastofnunin fái starfrækslukostnað sinn vegna þessara viðskifta endurgoldinn.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar Landsbankinn var stofnaður, með lögum 18. sept. 1885, var tilgangurinn sá, samkvæmt 1. gr. laganna, »að greiða fyrir peningaviðskiftum í landinu og styðja að framförum atvinnuveganna«. Síðan hefir löggjöfin gert ýmsar ráðstafanir í sömu átt, og má nefna stofnun veðdeildar Landsbankans, stofnun Íslandsbanka, löggjöf um sparisjóði og nú síðast lögin um Landsbanka Íslands frá síðasta ári. Með þessu hefir tekist að koma á peningaviðskiftum á ýmsum sviðum atvinnulífsins, og reynslan hefir sýnt, að einmitt á þeim sviðum hafa framfarir atvinnuveganna orðið mestar.

Þó vantar ennþá mjög mikið á, að peningaviðskifti sjeu orðin svo almenn í landinu sem æskilegt er. Sjerstaklega eru hinir smærri framleiðendur í sveitum og við sjávarsíðu ennþá þannig settir, að þeir eiga lítinn kost á peningaviðskiftum, heldur verða þeir ennþá að búa við lánsviðskifti og vöruskiftaverslun. Í flestum hjeruðum má segja, að þessi fjölmennasta stjett atvinnurekenda sjái nú ekki peninga, nema einu sinni á ári, ef vel lætur, þegar sala ársafurðanna fer fram. Algengast mun það vera, að sveitabændur og smærri útvegsbændur eru frá ársbyrjun til hausts algerlega upp á einhverja verslun komnir um vörulán og um peninga í greiðslur opinberra gjalda og í vinnulaun. Þetta endurgreiða þeir svo að haustinu, annaðhvort með búsafurðum sínum beinlínis, og fá þá aldrei peninga milli handa til frjálsrar ráðstöfunar, eða með andvirði afurða sinna, ef þeir selja þær annarsstaðar, og fá þá ekki peninga milli handa fyr en viðskiftum ársins er að verða lokið, og geta því ekki notið þess hagnaðar, sem peningaviðskiftum er samfara.

Oss virðist, að nú, þegar loks er með skipun seðlabankamálsins fenginn grundvöllur undir tilhögun peningamálanna í landinu, megi ekki lengur dragast að gera ráðstafanir til úrlausnar á þessu. Vjer teljum tímann hentugan til þess að því leyti, að lánstraust landsins stendur nú fastari fótum en áður, eftir að tekist hefir að ná handa Landsbankanum reikningslánsviðskiftum á aðalpeningamörkuðum heimsins, London og New-York, með ábyrgð ríkissjóðs. Vjer teljum rjett að nota þessa aðstöðu til þess að stíga það spor, að gefa bændum kost á peningalánum til rekstrarþarfa frá vetri eða vori til hausts. Oss þykir eðlilegt að veita ábyrgð ríkissjóðs til þess að lánsfje fáist í þessu skyni með sem bestum kjörum, en viljum hinsvegar búa svo tryggilega um lánveitingarnar, að engin hætta geti verið á því, að nokkuð af lánsfjenu tapist. Og að sjálfsögðu byggjum vjer á því, að þessir lántakendur greiði fulla vexti af lánsfjenu, eins og aðrir atvinnurekendur, sem nú þegar hafa fengið aðstöðu til að fá lánsfje, en viljum

tryggja það með lagaákvæðum, að vextirnir verði ekki hærri en nauðsyn krefur á hverjum tíma, eftir því sem almennir vextir þá eru.

Tilhögun sú, sem frv. gerir ráð fyrir, er miðuð eingöngu við hagi og þarfir smærri framleiðenda, og er í aðalatriðum þessi: Bændur þeir, sem óska rekstrarlána, mynda fjelag í því skyni, er tekur yfir einn hrepp eða minna, eða nokkru stærra svæði eftir ástæðum. Þó ekki stærra en svo, að trygt sje, að fjelagsmenn sjeu gagnkunnugir hver annars högum. Stjórn fjelagsins tiltekur lánsupphæð hvers eins, hver einstaklingur setur fjelaginu tryggingu fyrir sínu láni, en út á við bera fjelagsmenn sameiginlega ábyrgð á láninu til fjelagsins. Lánið fá þeir í næstu peningastofnun, sparisjóði eða bankaútibúi, en sú stofnun fær aftur fjeð frá Landsbankanum, sem í því skyni tekur reikningslán erlendis frá ári til árs, með ábyrgð ríkissjóðs. Þessi lán eiga öll að vera *hrein rekstrarlán*, og þess vegna að greiðast upp að fullu á hverju hausti við afurðasöluna. Þannig er ætlast til, að Landsbankinn geti borgað hið erlenda reikningslán sitt að fullu einu sinni á ári (um áramót), og í þessu felst trygging fyrir því, að öll starfsemin geti haldið áfram ár eftir ár á heilbrigðum grundvelli og án áhættu fyrir ríkissjóð.

Oss er kunnugt um, að ýmsir bændur hafa viljað afla sjer rekstrarfjár með svipuðum hætti og hjer er gert ráð fyrir, en hefir strandað á því, að fje hefir ekki verið fyrir hendi í lánstofnunum í þessu skyni svo neinu nemi. Úr því viljum vjer bæta með ákvæðum frv., og þá jafnframt setja nauðsynleg tryggingarákvæði um sjálfan fjelagsskapinn.

Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir frv. í framsögu.

Nd. 129. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að verja af ríkisfje alt að 100 þús. kr. til að undirbúa og láta reisa betrunarhús og letigarð, þar sem skilyrði þykja góð, til að fangar og slæpingar, sem ekki vilja vinna fyrir sjer eða sínum, geti stundað holla og gagnlega vinnu.

Ed. 130. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Skilyrði fyrir kosningarrjetti í málefnum sveita og kaupstaða eru nú

samkvæmt 1. gr. laga nr. 43, 15. júní 1926, hin sömu sem fyrir kosningarrjetti til Alþingis, að búsetuskilyrðum frátöldum. Jeg tel ekki rjett að gera neina breytingu á þessu, og ræð því til, að frumv. verði felt.

Alþingi, 9. febr. 1928.

Jón Þorláksson.

Ed. **131. Nefndarálit**

um frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg tel heimild þá, sem frv. gefur bæjarstjórnum og hreppsnefndum til þess að leggja forkaupsrjettarkvöð á eignir manna í kaupstöðum og kauptúnum, alt of víðtæka. Hinsvegar veit jeg, að þýðingarlaust er að bera fram breyttill. við frv.; um þær næst ekki samkomulag í þessari þingdeild. Legg jeg því til, að frv. sje felt.

Alþingi, 9. febr. 1928.

Jón Þorláksson.

Nd. **132. Frumvarp**

til laga um sundhöll í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. Nd.).

1. gr.

Alþingi heimilar landsstjórninni að leggja alt að 100 þús. kr., móti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, til að byggja sundhöll í Reykjavík, er sje fullbúin til afnota vorið 1930, með þeim skilyrðum, sem hjer segir:

a. Að Reykjavíkurbær leggi sundhöllinni til ókeypis heppilega lóð nærri hinum nýja barnaskóla bæjarins og heitt laugavatn, eftir að það hefir gengið gegnum hitaleiðslur þess skóla.
b. Að ráðuneytið samþykki uppdrátt og lýsingu af sundhöllinni og legu hennar, enda sje hún eign bæjarfjelagsins.
c. Að nemendur úr skólum, sem landið kostar að meira eða minna leyti, í Reykjavík, fái ókeypis aðgang til æfinga í sundhöllinni, eftir nánara samkomulagi milli bæjarstjórnar og stjórnar landsins.

d. Að Reykjavíkurbær kosti viðhald og rekstur sundhallarinnar, en selji þó ekki almenningi aðgang dýrari en þarf til að fyrirtækið beri sig. Ráðuneytið ákveður aðgangseyrinn til eins árs í senn, að fengnum tillögum bæjarstjórnarinnar.

Ed. **133. Frumvarp**

til áfengislaga.

Flutningsmenn: Ingvar Pálmason og Erlingur Friðjónsson.

I. KAFLI.

Innflutningur áfengis.

1. gr.

Engan áfengan drykk eða áfengisvökva má flytja til Íslands til annara nota en þeirra, sem getið er um í 2. gr. En áfengur drykkur eftir lögum þessum telst hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

Brot gegn þessari grein er fullframið, þegar áfengi er flutt inn í landhelgi, nema sannað sje, að það sje ekki ætlað til sölu eða neyslu hjer í landi eða landhelgi. En landhelgi telst 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sje talið frá ystu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi alt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sje þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

2. gr.

Ríkisstjórninni einni skal heimilt að annast innflutning og sölu áfengis, sem nauðsynlegt er:

a. til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna eða annara verklegra nota.
b. til eldsneytis, og skal sá vínandi gerður óhæfur til drykkjar.
c. handa lyfsölum, eins og lyfjaskrá heimilar, einnig smáskamtalyf með vínanda í, og skal smáskamtalæknum heimilt að fá þau í innlendum lyfjabúðum, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests.
d. handa próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda messuvín, sem nauðsynlegt er við altarisgöngur (þótt í því sje meira af vínanda en 2¼% að rúmmáli).

Jafnskjótt og lög þessi öðlast gildi, skal stjórnarráðið löggilda nýja lyfjaskrá.

Handa sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá út-

löndum hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa þeirra, þó ekki yfir 800 lítra á ári handa hverjum þeirra.

3. gr.

Ekkert skip má flytja nokkurt áfengi til landsins, nema það, er fara á til áfengisverslunar ríkisins.

Hvenær sem skip tekur íslenska höfn, er skipstjóra skylt að tilkynna löggæslumanni tafarlaust, eða um leið og hann sýnir skipskjölin, hvort nokkurt áfengi sje í skipinu og hve mikið. Hafi skipið meðferðis áfengi, sem ekki á að fara til áfengisverslunar ríkisins, skal löggæslumaður á fyrstu höfn, er skipið kemur til, innsigla áfengisbirgðirnar. Skipstjóri ábyrgist, að engu áfengi sje skotið undan innsiglun og að innsiglin sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið, fyr en skipið er alfarið frá landinu. Löggæslumaður skal rannsaka á hverjum viðkomustað skipsins, hvort innsigli eru heil og hvort nokkuð hefir tekið verið af áfenginu, og hefir hann vald til að brjóta innsiglin, til þess að framkvæma þá rannsókn. Skrá yfir það áfengi, sem innsiglað var, skal fylgja skipinu, og samrit af henni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Löggæslumaður hefir vald til að opna hirslur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði á skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sje þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa.

4. gr.

Strandi skip hjer við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri, í forföllum lögreglustjóra, þá þegar taka áfengisilátin til varðveislu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað. Áfengi þetta má lögreglustjóri ekki selja eða láta af hendi til annara en rjettra eigenda. Skal hann með fyrstu ferð skýra þeim frá björgun áfengisins. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá auglýsingu, að það sje sent sjer á sinn kostnað eða flutt úr landi, skal það gert; ella sje það eign ríkissjóðs.

Sje ókunnugt um eiganda strandgóss eða vogreks, skal áfengið eign ríkissjóðs, ef eigandi hefir ekki sagt til sín áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn.

5. gr.

Enginn má taka við nokkurskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hjer við land, eða í íslenskri landhelgi, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

II. KAFLI.

Áfengisverslun ríkisins.

6. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 2. gr., selur hún aðeins lyfsölum og læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, og öðrum þeim, er þessi lög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna. Skal það tekið fram í reglum þeim, hve mikið áfengi megi láta af hendi við hjeraðslækna, embættislausa lækna, dýralækna og lyfsala á hverju ári eða um ákveðið tímabil. Ennfremur skal það ákveðið í reglugerð, að suðuvökvi og áfengi til iðnaðar skuli í kaupstöðum og kauptúnum landsins selt undir yfirumsjón og eftirliti forstöðumanns áfengisverslunarinnar.

7. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er um ræðir í 2. og 6. gr. þessara laga, leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

8. gr.

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita áfengisversluninni forstöðu. Hann eða aðstoðarmaður, sem stýrir lyfjaversluninni, skal hafa læknis- eða lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Lyfjadeildinni skal skylt að útvega frá útlöndum, eftir beiðni, fyrir lækna, er hafa rjett til lyfjasölu, og fyrir ríkissjóð, lyf, er talin verða í lyfjaskrá, umbúðir og hjúkrunargögn.

9. gr.

Ráðherra skipar tvo menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og alls rekstrar og fær þeim erindisbrjef.

10. gr.

Leggja skal á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, 25—75%, miðað við verð þess, að tolli meðtöldum, þegar það er komið í hús í Reykjavík. Lyf, er verslunin útvegar læknum, seljast án hagnaðar.

Áfengisverslunin og útibú hennar mega ekki láta áfengi af hendi nema gegn borgun út í hönd, en þó skal heimilt að lána áfengi í lyf, ef brýna nauðsyn ber til.

11. gr.

Verslunin skal greiða lögákveðna tolla og innflutningsgjöld af vörum þeim, er lög þessi ræða um. Skulu gjöldin greidd í Reykjavík, þar sem vöruna ber fyrst að flytja á land, og á þeim tíma og samkvæmt því, er tolllög og skattalög mæla fyrir.

12. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Má þar ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufje og varasjóð.

13. gr.

Verslunin skal jafnan hafa forða af áfengi og vinanda í Reykjavík. Viðskiftamenn verslunarinnar greiði flutningskostnað varanna innanlands.

14. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámark smásöluverðs á vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

15. gr.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

16. gr.

Nú vill maður fá áfengi samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá í tæka tið segja forstöðumanni áfengisverslunarinnar til um það, hverskonar áfengi og hve mikið hann vill fá. Jafnframt skal hann skýra frá, til hvers hann ætli að nota áfengið.

III. KAFLI.

Tilbúningur áfengra drykkja.

17. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki og að gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar.

18. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu áfengis þess, sem ætlað er til verklegra afnota, sbr. 2. gr. a. og b., hvort sem það hefir verið gert óhæft til drykkjar eða ekki. Skulu reglur þessar tryggja það, að áfengið verði ekki haft til neyslu.

19. gr.

Upptæk skal gera öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í ríkissjóð.

IV. KAFLI.

Meðferð áfengis í landinu.

20. gr.

Engan áfengan drykk má flytja um landið, annan en þann, sem um ræðir í 2. gr. þessara laga og merktur er innsigli áfengisverslunarinnar, eða þann drykk, sem um getur í 4. gr. og farið er með eftir fyrirmælum þeirrar greinar, nema læknislyf sje úr lyfjabúð eða frá lækni, mengað áfengi og messuvín.

21. gr.

Öllum er óheimilt að veita, gefa, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna, nema það sje áður gert óhæft til drykkjar eða heimilað í lyfjaskrá, og ennfremur messuvín við altarisgöngu.

Um sölu lyfja þeirra, sem áfengi er í, setur dómsmálaráðherra, með ráði landlæknis, reglur til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til neyslu, heldur aðeins til lækninga.

22. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 44. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða flutningatæki eru með eigandans vitund og vilja notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

23. gr.

Sje maður sterklega grunaður um ólöglegan aðflutning eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis, má lögreglustjóri gera heimilisrannsókn hjá honum án dómsúrskurðar, ef hann telur það nauðsynlegt til þess að komast fyrir málið.

Komi það í ljós við heimilisrannsóknina, að áfengi sje í vörslum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur til að sanna, hvernig áfengið sje komið í vörslur hans. Geri hann það ekki, skal hann teljast sekur um brot gegn 1. gr.

24. gr.

Hvern þann, sem hist hefir ölvaður, er heimilt að leiða fyrir dómara, og er honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Náist ekki til dómara, skal hlutaðeigandi hreppstjóri hafa vald til að rannsaka málið til bráðabirgða, og skal hann senda dómaranum staðfest afrit af prófunum til frekari meðferðar.

Færi yfirheyrður ekki sönnur á, hvernig hann hefir fengið áfengið, skal hann sæta sektum samkv. lögum þessum.

V. KAFLI.

Ölvun.

25. gr.

Sá, sem er ölvaður á almannafæri, opinberum samkomum eða skipum hjer við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

26. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar embættismissi eða frávikning úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sje um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sje ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fult og alt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

27. gr.

Sjeu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæti þeir sömu refsingu og læknar.

28. gr.

Sjeu skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vjelstjórar ölvaðir við störf sín á skipi, sem þeir eiga að stjórna, sæta þeir sömu refsingu og embættismenn samkv. 26. gr. Kemur þá missir rjettar til skipstjórnar, stýrimensku eða vjelgæslu, eftir því sem við á, í stað embættismissis eða sýslunarmissis.

29. gr.

Bifreiðastjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera með áhrifum þeirra við bifreiðaakstur.

Brot gegn þessu ákvæði varðar missi ökuskírteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fult og alt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

VI. KAFLI.

Önnur brot lækna og löggæslumanna.

30. gr.

Láti læknir af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, hvort heldur er handa mönnum eða dýrum, án þess að hafa gengið úr skugga um það með rannsókn, að áfengið sje nauðsynlegt til lækningar, eða hann mis-

beitir á annan veg lækningaleyfi sínu til að útvega mönnum áfengi til neyslu, skal hann sæta refsingu samkv. 48. gr. þessara laga.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir nota aðstöðu sína til þess að útvega eða afhenda mönnum áfengi til neyslu.

Hver sá, er tekur á móti áfengi, sem um ræðir í þessari grein, og notar það til neyslu, skal sæta sektum.

31. gr.

Hver sá, sem skyldur er að sjá um, að lögum þessum sje fylgt og að brotum gegn þeim sje haldið til laga, skal sæta refsingu samkv. 49. gr., hafi hann sjálfur gerst brotlegur við þessi lög.

VII. KAFLI.

Veitingasala og gistihúsrekstur.

32. gr.

Hverjum þeim, sem fengið hefir leyfi til veitingasölu eða gistihúshalds samkv. lögum nr. 21, frá 15. júní 1926, er bannað að selja, gefa eða láta af hendi áfengi á þeim stöðum, sem um ræðir í greindum lögum, og varðar brot refsingu samkv. 50. gr. þessara laga.

Sektir liggja og við því, ef þjónustumenn gerast brotlegir gegn þessari grein. Neytendur skulu einnig sæta sektum samkv. 50. gr.

33. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap áfengisveitingar, nje heldur má áfengisnautn fara fram í fjelagsherbergjum, hvort sem er í húsi fjelagsins eða annara.

Brot gegn þessari grein varðar refsingu samkv. 51. gr. þessara laga.

VIII. KAFLI.

Um löggæslumenn.

34. gr.

Löggæslumenn samkv. lögum þessum eru lögreglustjórar, hreppstjórar og sjerstakir löggæslumenn.

Lögreglustjórum er sjerstaklega skylt að sjá um, að lögum þessum sje hlýtt, hverjum í sínu umdæmi, en hreppstjórum hverjum í sínum hreppi.

Dómsmálaráðherra skipar sjerstaka löggæslumenn þar, sem þörf þykir. Hann fær þeim erindisbrjef, og má í því ákveða, að þeir hafi á hendi tollgæslu og fleiri eftirlitsstörf, auk gæslu þessara laga. Mótgerðir gegn þeim,

þegar þeir eru að gegna embættisverkum, varða refsingu samkv. ákvæðum almennra hegningarlaga um brot á móti valdstjórninni og allsherjarreglu.

35. gr.

Hreppstjórar og sjerstakir löggæslumenn hafa vald til að hefja lögreglurannsókn, hver í sínu umdæmi, gegn þeim mönnum, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Rannsaki þeir málin ítarlega samkv. leiðbeiningu, er dómsmálaráðuneytið setur, og sendi síðan viðkomandi dómara staðfest afrit af prófunum, en hann tekur málin til frekari meðferðar.

IX. KAFLI.

Refsiákvæði.

36. gr.

Fyrir brot gegn 1. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni . . . . . 1000— 5000 kr.
Öðru sinni . . . . . 2000—10000 —
Þriðja sinni. . . . . 4000—20000 —

Auk sektar skal greiða 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt var.

Ennfremur skal sökunautur sæta fangelsi, eða ef brot er margítrekað eða miklar sakir eru að öðru leyti, hegningarvinnu alt að 2 árum.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal það gert upptækt með dómi handa ríkissjóði.

Skip skal ávalt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrsetja það og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar hvorutveggja.

2. Sannist, að áfengið sje ekki flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, varðar það sektum, frá 200—3000 kr.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

37. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sjerstökum löggæslumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkv. 3. gr., skal hann sekur um 500—5000 krónur, liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lögum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 36. gr. 1, síðustu málsgr.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsiglun eða vanrækt að skýra frá.

38. gr.

Brot gegn 5. gr. varða sektum eins og segir í 36. gr.

39. gr.

Brot gegn 15. gr. varða 100 kr. sektum fyrir hverja birtingu auglýsingar.

40. gr.

Skýri maður rangt frá, til hvers hann ætli að nota áfengi samkv. 16. gr., skal hann sekur um 100—2000 krónur.

41. gr.

Brot gegn 17. gr. varða sektum samkv. 36. gr. 1, og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, eða, ef brot er margítrekað eða miklar sakir eru að öðru leyti, hegningarvinnu alt að 2 árum.

42. gr.

Brot gegn 20. gr. varða sektum, 200—2000 krónum, og skal áfengið ásamt ílátunum verða eign ríkissjóðs.

43. gr.

Brot gegn 21. gr. og þeim öðrum ákvæðum þessara laga, sem banna að veita, gefa, selja eða láta áfengi af hendi til annara manna, varða sektum, 500—5000 kr. Sje brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1000—10000 kr.

Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar, eða geri sjer að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það fangelsi, ekki skemur en 3 mánuði, auk sekta samkv. 1. málsgr., eða hegningarvinnu alt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

44. gr.

Brot gegn 22. gr. varða sektum, 100—2000 kr., og ítrekað brot 200—4000 kr. Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

45. gr.

Verði maður sekur um brot gegn 24. gr., skal hann sektir greiða, 100—1000 kr.

46. gr.

Brot gegn 25. gr. varða sektum, frá 50—500 kr. Sje það framið á farþegaskipum, skal skipstjóri flytja hinn seka í land á fyrstu höfn.

47. gr.

Brot gegn 26.—28. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Þriðja sinni stöðu- eða starfsmissi samkv. ákvæðum áðurnefndra greina.

48. gr.

Brot gegn 1. málsgr. 30. gr. varða fyrsta sinni 500—5000 kr. sekt og tvöfaldri sekt, ef brot er ítrekað, og skal þá auk þess svifta lækninn heimild til

að gefa út áfengisseðla og láta af henni áfengi eða áfengisblöndur. Sje læknirinn ekki hjeraðslæknir, missi hann þessa heimild við fyrsta brot.

Verði lyfsali brotlegur við 2. málsgr. 30. greinar, greiði hann sektir samkv. 1. málsgr. þessarar greinar, og missi auk þess lyfsöluleyfi við annað brot. Afgreiðslumenn lyfsala eða lækna greiði sektir eins og segir í þessari grein og missi við þriðja brot rjett til að afhenda lyf eða selja.

Læknir eða lyfsali ábyrgist greiðslu sektar og málskostnaðar, er afgreiðslumaður hans er dæmdur til að greiða samkvæmt framanskráðu, og má gera aðför í eignum þeirra til lúkningar sektum.

Verði maður brotlegur gegn 3. málsgr. 30. greinar, varðar það sektum frá 50—500 krónum.

49. gr.

Brot gegn 31. gr. varðar í fyrsta sinni sektum 500—5000 krónum, og tvöfaldast sekt, ef brot er ítrekað, og auk þess embættis- eða stöðumissi, ef miklar sakir eru.

Sje um að ræða brot gegn 25. gr., skulu sektir vera tvöfalt hærri en segir í 46. gr. 1. málsgr.

50. gr.

Verði veitingasali sekur um brot gegn 32. gr., varðar það sektum samkv. 43. gr. Auk fjesektarinnar missir hann veitingaleyfi, í fyrsta sinni ekki skemur en 1 mánuð, í annað sinni ekki skemur en þrjá mánuði og í þriðja sinni að fullu og öllu.

Þjónustumenn og neytendur sæti sektum 200—2000 kr.

51. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 33. greinar 1. málsgr., varðar það veitingasala 100—1000 kr. sekt og neytanda 200—2000 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 33. greinar varða neytendur, þjónustumenn og fjelagsstjórn 200—2000 kr. sektum.

52. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að lög þessi verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum 400—4000 krónum.

Sje brotið ítrekað, skal dæma sökunaut í fangelsi auk sekta, eða í hegningarvinnu, alt að einu ári.

53. gr.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkv. lögum

þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fje þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

54. gr.

Vinnuskylda skal vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

X. KAFLI.

Undanþága.

55. gr.

Vín þau, sem um ræðir í lögum nr. 3, frá 4. apríl 1923, eru undanþegin ákvæðum þessara laga um innflutning, veitingu, sölu og flutning um landið.

Áfengi má ekki afhenda neinum, sem yngri er en 21 árs, og varðar refsingu samkv. 47. gr., ef út af er brotið.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð til varnar misbrúkun við sölu og veitingu þessara vína. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni, að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum til kl. 9 á mánudagsmorgnum og að veitingahús, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, megi aðeins veita áfengi með mat og einungis á vissum tímum, sem tilteknir eru í reglugerðinni.

Brot gegn ákvæðum þeim, er sett verða um meðferð vínanna, varða refsingu samkvæmt þessum lögum.

XI. KAFLI.

Ýms ákvæði.

56. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

57. gr.

Lög þessi skal prenta á íslensku, dönsku, þýsku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

58. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 25, 3. nóv. 1915, um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl. Lög nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi. Lög nr. 15, 8. júní 1925, um aðflutningsbann á áfengi, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Núgildandi áfengislöggjöf vor er í ýmsum atriðum ósamræm og á mörgum sviðum ófullkomin. Í frv. því, sem hjer liggur fyrir, er löggjöfin færð saman í eina heild og samræmd. Ýmsum ákvæðum er breytt og nokkrum aukið í, sem reynslan hefir sýnt, að þörf var á. Er víða stuðst við áfengislöggjöf Finna, þar sem um breytingar eða viðbætur er að ræða.

Um einstakar greinar frumvarpsins athugast:

Um 1. gr.

Þessi grein er að efni til samhljóða 1. gr. gildandi aðflutningsbannlaga, að öðru leyti en því, að sönnunarskyldan fyrir því, að áfengi sje löglega flutt inn í landhelgi, er færð yfir á innflytjanda.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi fullkominn einkarjett til innflutnings á öllu því áfengi, sem heimilað er til notkunar í landinu.

Innflutningur áfengra ilmvatna og hármeðala er óheimilaður, og er það gert með það fyrir augum, að vörur þessar verði framleiddar innanlands. Gæti verksmiðja, er framleiddi þesskonar vörur, notfært sjer ýmislegt það áfengi, sem gert er upptækt og óhæft er til annarar notkunar.

Endurskoðuð lyfjaskrá skeri úr um það, hver áfeng lyf sjeu nauðsynleg til lækninga og hverjar tegundir áfengis.

Um 3. gr.

Aðalbreytingin í þessari grein frá ákvæðum núgildandi laga er fólgin í því, að hjer er fyrirskipuð innsiglun á öllum áfengisbirgðum allra skipa, annara en erlendra herskipa, á fyrstu höfn og ekki leyft að leysa neitt af þeim undan innsiglun, fyr en skipið fer aftur alfarið frá landinu. Eftirlitið með skipunum hefir jafnan reynst torveldast allra áfengisvarna hjer á landi, en með þessu fyrirkomulagi yrði það miklu auðveldara.

Um 4. gr.

Greinin svarar til 6. gr. bannlaganna og er henni að mestu leyti samhljóða. Hlutaðeigandí hreppstjóra er hjer gert að skyldu að innsigla það áfengi, sem á land berst við skipstrand eða sem vogrek, ef ekki næst þegar til lögreglustjóra.

Um 5. gr.

Samhljóða 7. gr. bannlaganna.

Um 6.—16. gr.

Í þessum greinum eru tekin upp ákvæði laga nr. 62, 27. júní 1921, um áfengisverslun ríkisins, og það úr 3. og 4. gr. bannlaganna, sem samrýmst getur þessum ákvæðum.

Um 10. gr.

Ákvæði 2. málsgr. 10. gr. fyrirbyggir útlán úr áfengisversluninni, að svo miklu leyti sem fært þykir.

Um 15. gr.

Það þykir óviðeigandi, að áfengisauglýsingar birtist í landi, sem telst bannland, þótt utanaðkomandi ástæður hafi knúð það til að slaka á banninu gegn yfirlýstum vilja þings og þjóðar. Frumvarp um bann gegn áfengisauglýsingum hefir áður legið fyrir.

Um 17.—19. gr.

Þessi kafli er að efni til að mestu tekinn upp úr lögum nr. 25, 3. nóv. 1915, um bann gegn tilbúningi áfengis, og einstök atriði gerð skýrari, svo sem ákvæði 19. gr. um, að bruggunartæki skuli gerð upptæk, þótt ný sjeu og ónotuð.

Um 20.—21. gr.

Greinar þessar svara til 8. og 9. gr. bannlaganna.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ný og tekin upp úr finskum lögum. Samskonar ákvæði eru og í áfengislöggjöf fleiri þjóða, t. d. Svía. Ef til vill mætti álíta, að fyrirmæli 52. gr. frumvarpsins (sbr. 18. gr. bannlaganna) næðu til þeirra, sem hjer um ræðir, en til þess að taka af allan vafa, þótti rjett að setja í frv. sjerstaka grein um þetta efni.

Um. 23. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 11. gr. bannlaganna, en felur í sjer eitt verulegt nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir, að heimilisrannsókn megi fram fara án dómsúrskurðar, ef sterkur grunur liggur á um ólöglegan aðflutning eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis. Hefir reynslan sýnt, að nauðsynlegt er, að heimilisrannsókn geti farið fram tafarlaust, til þess að komast fyrir smyglun og leynisölu. Það kynni nú að verða litið svo á, að þetta ákvæði frumvarpsins komi í bága við 62. gr. stjórnarskrárinnar, en hún er samhljóða tilsvarandi grein í grundvallarlögum Dana, og um hana segir einn merkasti ríkisrjettarfræðingur Norðurlanda, T. H. Aschehoug: »Herved er Sagen stillet saaledes, at Lovgivningen kan tillade deslige Undersögelser i ethvert Tilfælde, hvor den finder dem fornödne eller hensigtsmæssige, og at den undtagelsesvis kan tillade administrative Autoriteter at anstille dem paa egen Haand. Men hvor dette ikke er sket, maa disse Autoriteter skaffe sig Bemyndigelse til at foretage Undersögelsen ved en Kendelse af Domstolene, hvilken disse selvfölgelig ej kunne meddele, medmindre de hertil have Hjemmel i den bestaaende Ret«. (Den nord. Statsret bls. 399). Samkvæmt þessu virðist ekkert því til fyrirstöðu frá lagalegu sjónarmiði að taka þetta ákvæði upp í lögin, en til að fyrirbyggja misbrúkun þess, er lög-

reglustjóra einum heimilað vald til að framkvæma eða láta framkvæma rannsóknina, og það þó því aðeins, að maður sje sterklega grunaður um lögbrot.

Um 24. gr.

Síðari hluti 1. málsgr. er viðbót við ákvæði gildandi laga (12. gr. bannl.). Er hreppstjóra hjer heimilað að hefja rannsókn til bráðabirgða til þess að uppvíst verði um lögbrot. Oft stendur svo á, að dráttur á rannsókn útilokar möguleika til þess að komast fyrir málið, en ókleift að ná í dómara. Sýnist þá ekki annað fyrir hendi en að fela hreppstjóra að hefja rannsóknina. Frá lagalegu sjónarmiði virðist ekkert vera þessu til fyrirstöðu, þar sem úrskurðarvaldið er eftir sem áður hjá dómurum.

Um 25. gr.

Í lögreglusamþyktum kaupstaðanna eru ákvæði um ölvun á almannafæri og sektir lagðar við. Er hjer farið fram á, að sama gildi um land alt og á skipum hjer við land.

Um 26.—29. gr.

Þessar greinar eru sama eðlis og 25. gr., en ræða sjerstaklega um þá menn, sem eru í ábyrgðarmiklum stöðum eða embættum og eru ölvaðir við skyldustörf sín. Þykir rjett, að lögin innihaldi sjerstök ákvæði um þá, þar sem velferð og líf fjölda manna eru oft undir því komin, að þeir sjeu alls gáðir við störf sín. Ákvæði í þessa átt eru þegar í gildandi lögum, að því er snertir bifreiðarstjóra. En með tilliti til þeirrar yfirvofandi hættu, sem ölvun þeirra hefir sjerstaklega í för með sjer, hefir þótt rjett að herða til muna á refsiákvæðum þeirra laga og láta fyrsta brot varða missi ökuskírteinis. Er það í samræmi við álit margra góðra bifreiðarstjóra. Um ölvun embættismanna og skipstjóra hefir áður legið frumvarp fyrir þinginu, og var þá færð gegn því sú aðalástæða, að misrjetti væri, að þeir einir sættu refsingu fyrir ölvun, en nú verður þetta ekki lengur fært sem ástæða, þar sem 25. gr. frumvarpsins nær til allra.

Um 30.—31. gr.

Þessar greinar eru að mestu sniðnar eftir samskonar ákvæðum í finskum lögum. Gert er ráð fyrir, að sett verði reglugerð um meðferð lækna á því áfengi eða þeim áfengum lyfjum, sem þeim kunna að verða heimiluð í lyfjaskrá, svo sem nú er, og að þar sje ákveðið, hve oft þeir megi láta af hendi áfengi og hve mikið í hvert skifti.

Um 32.—33. gr.

Greinar þessar eru að miklu leyti samhljóða ákvæðum laga nr. 21, 15. júní 1926, um veitingasölu og gistihúshald. Þótti nauðsynlegt að taka hjer upp þessi atriði, bæði til þess að sameina áfengislöggjöfina alla í eina heild og til þess að samræma refsiákvæðin við refsingar fyrir önnur brot á þessu sviði.

Um 34.—35. gr.

Þessi kafli kemur í stað 21. gr. núgildandi bannlaga, sem leggur sveitarstjórnum og lögreglustjórum eftirlitsskylduna á herðar. Þykir heppilegra að breyta þessu á þann veg, að í stað sveitarstjórnar komi hreppstjórar og sjerstakir löggæslumenn. Virðist eftirlitið með lögunum hljóta að verða tryggara, sje einn ákveðinn maður á hverjum stað, t. d. á öllum viðkomustöðum skipa, er bæði sje sjerstaklega skyldur til að halda mönnum til hlýðni við lögin og hafi sjerstakt vald til þess. En sumstaðar er svo ástatt, að hvorki nýtur hreppstjóra nje lögreglustjóra við til þessa starfs, annaðhvort sakir fjarveru frá vettvangi eða af öðrum ástæðum. Er þess vegna heimild gefin til þess að skipa sjerstaka löggæslumenn, sem auk eftirlits með þessum lögum ættu einnig að geta haft fleiri svipuð störf á hendi. Þykir mega ganga að því vísu, að víða fáist áhugamenn á þessu sviði til að taka að sjer starf þetta gegn litlu endurgjaldi eða engu.

Um 36.—55. gr.

Refsiákvæðin eru að mestu sniðin eftir finskri löggjöf. Eru lágmarkssektir yfirleitt hækkaðar frá því, sem nú er, og er það einnig gert með hliðsjón af breytingu þeirri, sem gerð var með lögum nr. 13, 1925, um sektir. Aftur á móti er hámark sekta víða látið halda sjer.

Um 36. gr.

Hjer er ákveðið, að sökunautur greiði, auk sektar, 40 kr. á hvern lítra áfengis. Er þar með fyrirbygt, að innflutningur geti verið gróðavegur, ef uppvíst verður um hann.

Um 44. gr.

Ákvæðið um, að gera skuli fjárnám í bátum og flutningatækjum, eru tekin upp úr áfengislögum Finna og fleiri þjóða.

Um 46. gr.

Fyrirskipun um að flytja ölvaða menn í land af »Esju« virðist hafa komið að tilætluðum notum. Er hjer því sett slíkt ákvæði um farþegaskip alment.

Um 52. gr.

Þessi grein svarar til 18. gr. núgildandi bannlaga.

Um 53. gr.

Svarar til 19. gr. bannlaganna.

Um 54. gr.

Ákvæði þessarar greinar stefnir að því að draga úr kostnaði ríkissjóðs við fangelsisvist yfir höfuð, sem menn kunna að verða dæmdir í eftir þessum lögum, og er þetta gert í samræmi við breytingu þá á hegningarlöggjöfinni, sem nú liggur fyrir þinginu.

Um 55. gr.

Ekki varð hjá því komist að undanþiggja vín þau, sem um ræðir í lögum nr. 3, frá 4. apríl 1923, frá ákvæðum þessara laga um innflutning, veitingu, sölu og flutning um landið. En ætlast er til, að sett verði reglugerð til varnar misbrúkun þeirra og að brot gegn henni varði refsingu samkv. þessum lögum.

Ákvæði um, að ekki megi selja unglingum áfengi, eru nú komin í áfengislöggjöf flestra landa, en aldurstakmarkið mismunandi (frá 16—22 ára). Þótti rjettast að miða það hjer við lögaldur. Sömuleiðis er í mörgum löndum bannað að selja áfengi síðari hluta dags á laugardögum. Er gert ráð fyrir, að sú regla verði einnig upp tekin hjer á landi.

Um 56.—58. gr.

Þessar greinar svara til 20., 22. og 23. gr. bannlaganna.

Ed. **134. Nefndarálit**

um frv. til laga um aukna landhelgisgæslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er öll sammála um það, að landhelgisgæslunni hjer við land sje enn mjög ábótavant, þar sem má segja, að nálega hver flói og fjörður á landinu þurfi slíkrar gæslu við einhvern tíma ársins og margir staðir að staðaldri skemri eða lengri tíma, en hinsvegar ekki ráð yfir nema tveim varðskipum.

Nefndinni er það ljóst, að hversu vel og haganlega sem þessum skipum væri stjórnað, þá gætu þau ekki, ein út af fyrir sig, fullnægt gæsluþörfinni. Þess ber og að gæta, að annað þessara skipa, varðskipið »Þór«, er fremur ljelegt og ófullkomið til landhelgisgæslu, og hefir skipstjórinn á því skipi í erindi til stjórnarráðsins leitt rök að því, að skipið sje úrelt og fullnægi alls ekki þeim kröfum, sem menn nú á tímum gera til slíkra skipa.

Þar sem nú örugg og góð landhelgisgæsla er eitthvert fyrsta skilyrði fyrir því, að sjávarútvegur landsmanna geti þrifist, þá lítur nefndin svo á, að ekki verði hjá því komist að láta byggja nýtt varðskip og að fje verði varið til þess úr landhelgissjóði.

Nefndin er því öll óskift um aðalkjarna þessa máls. Hinsvegar vill meiri hluti nefndarinnar (I. P. og E. F.) fella niður 3. gr. frumvarpsins, eða það ákvæði, að sjerstöku skipi sje ætluð landhelgisgæsla á Faxaflóa og Breiðafirði, og þykir kenna þar misrjettis gagnvart öðrum landshlutum. En þótt minni hl. (H. Steins.) telji það æskilegra og rjettara, að þetta ákvæði hefði verið í frv., þá vill hann þó ekki fyrir þann ágreining kljúfa nefndina, sjerstaklega þar sem öll nefndin er sammála um það, að á Faxaflóa og Breiðafirði sje brýn þörf fyrir aukna landhelgisvörn og leggur áherslu á, að hið bráðasta verði bætt úr þeirri þörf.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með þessari

BREYTINGU:

Við 3. gr. frv.
Greinin falli niður.

Alþingi, 9. febr. 1928.

Erlingur Friðjónsson, formaður.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	H. Steinsson, frsm.

Ed. **135. Breytingartillögur**

við breytingartill. á þskj. 107 [Norðfjörður].

Frá Guðmundi Ólafssyni.

Við 1. tölul.:
a. Fyrir »2500 kr.« komi: 1500 kr.
b. Fyrir »3500 kr.« komi: 2500 kr.

Ed. **136. Nefndarálit**

um frumv. til laga um löggilding verslunarstaðar í Bervík á Snæfellsnesi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir ásamt frv. athugað breytingartillögur á þskj. 74, um að upp í frv. verði einnig tekin löggilding á Broddanesi við Kollafjörð í Strandasýslu. Ennfremur hefir nefndinni borist erindi frá Ben. Sveinssyni þm. N.-Þingeyinga um að taka upp í frv. löggilding verslunarstaðar í Dritvík í Breiðavíkurhreppi í Snæfellsnessýslu. Nefndin sjer ekki ástæðu til annars en sameina löggildingu allra þessara staða í einu frv. Ber nefndin því fram svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU

við breytingartillögur á þskj. 74:
Við tölul. 1. Á eftir »Snæfellsnessýslu« komi: í Dritvík í sama hreppi.

Alþingi, 10. febrúar 1928.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari og framsm.	Jón Þorláksson.

Ed. **137. Nefndarálit**

um frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarpsgreinin hljóðar um það, að veita frú Björgu C. Þorláksdóttur dr. phil. íslenskan ríkisborgararjett, og telur nefndin sjálfsagt, að það verði samþykt.

En nefndinni hefir borist frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frumvarp til laga um að veita tveim norskum mönnum íslenskan ríkisborgararjett. Fylgdi frv. þessu svo hljóðandi greinargerð:

»1. Jetvald Lorang Jacobsen, sem er fæddur í Lödingensprestakalli í Noregi, kom hingað til lands 1919 og hefir að mestu dvalið hjer síðan. Hann á íslenska konu.

2. Einar Andreas Olsen Færseth, sem er fæddur í Vegaprestakalli í Noregi, fluttist hingað 1917 og hefir dvalist hjer síðan. Hann er giftur íslenskri konu.

Menn þessir hafa sótt um ríkisborgararjett, og hafa hlutaðeigandi lögreglustjórar og bæjarstjórnir lýst því yfir, að ekkert sje frá þeirra hálfu til fyrirstöðu veitingu ríkisborgararjettar«.

Þá kynti nefndin sjer skjöl þau, er umsóknum þessum fylgdu, og vill hún leggja til, að þessum mönnum verði veittur íslenskur ríkisborgararjettur, og tekur það upp sem breytingu við frumvarpið. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Frumvarpsgreinina skal orða svo:

Ríkisborgararjettur skal veittur:

1. Frú Björgu Caritas Þorláksdóttur dr. phil., sem fædd er á Íslandi, en hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.
2. Jetvald Lorang Jacobsen, beyki í Reykjavík, sem fæddur er í Noregi.
3. Einari Andreas Olsen Færseth, verkamanni á Siglufirði, fæddum í Noregi.

Alþingi, 10. febr. 1928.

Jón Baldvinsson, form. og framsm.	Jón Þorláksson.	Ingvar Pálmason. fundaskrifari.

Ed. **138. Frumvarp**

til laga um kynbætur nautgripa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 8 mánaða ganga laus í heimahögum eða afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi, þar sem ekki er nautgriparæktarfjelag, skal vera nautgripakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum. Um kosning í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd. Nefndin skal kosin í fyrsta sinni á vorhreppaskilaþingi 1928, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

Nú er nautgriparæktarfjelag starfandi í hreppnum, viðurkent og styrkt af Búnaðarfjelagi Íslands, og er þá stjórn þess sjálfkjörin kynbótanefnd og hefir allar sömu skyldur og rjettindi sem kynbótanefnd kosin á almennum sveitarfundi hefir eftir lögum þessum.

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan sjeu til innan hrepps eða utan hæfilega mörg naut, kyngóð og efnileg, til undaneldis í hreppnum. Naut þau, sem kynbótanefnd velur í þessu skyni, skal hún taka á leigu, kaupa eða tryggja hreppsbúum afnot þeirra á annan hátt, eftir því sem hún hefir heimildir til og telur rjett. Semur hún þá um leiguna eða afnotin, svo og um greiðsluskilmála. Skal nefndin gera hreppsbúum ráðstafanir sínar kunnar.

Nú eru einhverjir hreppsbúa svo afskektir, að þeir geta ekki notað naut í samlögum við aðra, og er þá kynbótanefnd rjett að undanþiggja þá þeim skyldum og rjettindum, sem starfsemi þessari fylgja.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að nautgripakynbótum, nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann í fjelagi o. s. frv.

Kynbótanefnd getur leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef örugt þykir, að þau geti engan skaða gert. Þó ber eigandi ábyrgð á, ef skaði hlýst af.

4. gr.

Öll kynbótanaut, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á nautgripasýningum, sem Búnaðarfjelag Íslands hefir styrkt, skal merkja með aluminium-merki í hægra eyra og sjeu í það mótaðir stafirnir Kn, og skal sjá um, að þessi merki sjeu jafnan glögg.

Nú sannast, að einhver hefir merkt naut þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi það ekki hlotið verðlaun eins og fyr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkt naut, hvar sem það hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa því sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

5. gr.

Öll naut eldri en 8 mánaða, sem ekki eru ætluð til undaneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda eða halda í öruggri vörslu vor hvert, þegar kýr eru leystar út. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýst af. Taka má slík naut, hvar sem þau hittast, nema í öruggri vörslu sjeu, og ráðstafa þeim sem óskilagripum og selja án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist naut merkt Kn í hægra eyra, gæslulaust án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er það var valið fyrir sem undaneldisnaut, og skal þá taka það í örugga gæslu, og ef þörf gerist á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart, svo fljótt sem unt er.

Ef nautsins er ekki vitjað og eigi er greiddur áfallinn kostnaður, áður en liðnar eru 2 vikur frá því að það var tekið, má ráðstafa því sem óskilagrip og selja með fjögra vikna innlausnarfresti.

7. gr.

Hreppskilafundur ákveður þóknun fyrir starf kynbótanefndar.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, leigu eftir kynbótanaut, fóður, hirðingu, kostnað við girðingu o. s. frv., jafnar nefndin niður á allar þær kýr, sem bera í hreppnum á því ári, þó svo, að aldrei verði hærra gjald en 8 kr. fyrir hverja kú. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til kynbótanefndar, eða þeirra manna, er hún felur innheimtuna, á þeim tíma, er hún tiltekur, og er gjaldið lögtakskræft. Nú verður kostnaður meiri en hámarksgjaldi nemur á hverja kú, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.

Atvinnumálaráðuneytið sker úr ágreiningi út af greiðslu kostnaðarins.

8. gr.

Nautgripakynbótanefnd skal bóka ályktanir sínar og aðrar gerðir, svo sem reikninga, skýrslur, brjef o. fl.

Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Nefndarfundir eru lögmætir og ályktunarfærir, þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir eru sammála. Formaður nefndarinnar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld kynbótastarfseminnar eftir hver áramót. Reikningurinn skal yfirskoðaður af hreppsnefnd og lagður fram á vorhreppaskilaþingi.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—500 krónum, er renna að hálfu í sveitarsjóð þar, sem brotið verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð þar, sem hinn seki á heima.

10. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna getur atvinnumálaráðherra sett með reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1928.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 20. nóvember 1905, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Nd. **139. Frumvarp**

til laga um búfjártryggingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. kafli.

Vátryggingarsjóðir sveitar- og bæjarfjelaga.

1. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfjelögum á Íslandi að stofna vátryggingarsjóði, með skylduábyrgð fyrir kýr, kynbótanaut, kynbótahesta og hrúta.

Verksvið sjóðanna og fyrirkomulag fer eftir lögum þessum og nánari ákvörðun reglugerðar.

Yfirstjórn þeirra mála, sem undir lög þessi falla, hefir atvinnumálaráðherra. Hann úrskurðar og ágreining, er rísa kann út af lögum þessum, nema um dómsmál sje að ræða.

2. gr.

Vátryggingarsjóður bætir $^4/_5$ hluta alls þess skaða, er eigendur eða afnotahafar vátrygðra gripa verða fyrir, af hverskonar vanhöldum gripanna, ef ekki er um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða handvömm hlutaðeigenda, þjóna þeirra eða nánustu erfingja, að áliti virðingarmanna sjóðsins.

Til vanhalda teljast dauðsföll gripa af sjúkdómum og slysum, svo og vanheimtur og afurða- og afnotamissir sakir veikinda og eðlisgalla (t. d. ófrjósemi kynbótadýra), eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

3. gr.

Aldrei má hafa í vátryggingu eldri gripi en hjer segir: hrúta 6 vetra, kynbótanaut 12 vetra, kýr 15 vetra og stóðhesta 18 vetra.

Lambhrúta má eigi taka í vátryggingu, fyr en liðnir eru 8 dagar frá bólusetningu. Svo getur og stjórn vátryggingarsjóðsins krafist þess, að vátrygðir hrútar skuli bólusettir veturgamlir og eldri, en ekki er heimilt, að sjóðurinn bæti skaðann, þótt hrútur farist af bólusetningu, nema stjórn sjóðsins hafi fyrirfram viðurkent þann, er bólusetur. Vátrygging á kynbótahestum nær til slysa af vönun, þó því aðeins, að dýralæknir, eða annar maður, er stjórn sjóðsins hefir viðurkent, vani.

4. gr.

Vátryggingarskylda hvílir á öllum eigendum þeirra gripa, sem taldir eru í 1. gr., þegar samþykt hefir verið á löglegan hátt að stofna vátryggingarsjóð, sbr. 7. gr.

5. gr.

Takast má vátryggingarsjóður á hendur almenna vátryggingu hrossa í þeim sveitar- og bæjarfjelögum, þar sem fóðurtrygging er í góðu lagi að áliti Búnaðarfjelags Íslands. Leita skal þó samþykkis ráðherra um þetta í hverju einstöku tilfelli.

6. gr.

Hvergi má vátryggja annarsstaðar þann $^1/_5$ hluta af virðingarverði vátrygðra gripa, sem ekki er vátrygður samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Húsráðendur í sveitum, þeir er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, og eigendur vátryggingarskyldra gripa í bæjarfjelögum og kauptúnum, sem eru hreppar út af fyrir sig, geta á lögmætum fundi stofnað vátryggingarsjóð samkvæmt lögum þessum.

Meiri hluti atkvæða allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppi, eða búfjáreigenda í bæjarfjelagi eða kauptúni, sem er sjerstakur hreppur, ræður úrslitum, og hafa þeir allir jafnan atkvæðisrjett, án tillits til gripaeignar. Þó hafa formenn kynbótafjelaga sjálfstæðan atkvæðisrjett fyrir kynbótagripi fjelaga þeirra, sem þeir eru formenn fyrir.

Fundur er lögmætur í sveitum, þá er hreppsnefnd boðar hann öllum húsráðendum og formönnum kynbótafjelaga með skriflegu fundarboði og eigi minna en tveggja vikna fyrirvara, en í bæjum eða kauptúnahreppum, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd boðar hann öllum eigendum vátryggingarskyldra gripa, með fundarboði í blaði, auglýsingu á fjölförnum stað í bænum eða kauptúninu, eða með umburðarbrjefi, og með viku fyrirvara. Jafnan skal taka fram í fundarboðum, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Nú er samþykt á lögmætum fundi að stofna vátryggingarsjóð, eftir því sem fyr var sagt, og skal þá sveitar- eða bæjarstjórn tafarlaust tilkynna það atvinnumálaráðherra, en hann gerir svo fljótt sem verða má allar þær ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar eða reglugerð ákveður, til þess að sjóðurinn geti tekið til starfa.

8. gr.

Sveitarsjóður í hreppum, en bæjarsjóður í bæjarfjelögum, ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er hvíla á vátryggingarsjóði, og greiðir skaðabætur, ef vátryggingarsjóður hrekkur ekki til. En vátryggingarsjóður endurgreiðir slík lán, svo fljótt sem því verður við komið. Skal þá, ef nauðsyn krefur, auka iðgjöldin svo, að skuldin verði greidd að fullu á næstu 10 árum af aukaiðgjöldum.

9. gr.

Hreppsnefnd í hreppum, en í bæjum bæjarstjórn, hefir með höndum

alla stjórn og umsjón vátryggingarsjóðs og setur fje hans á vöxtu á hentugum stað, með fullri tryggingu. Sama gildir um innheimtu iðgjalda til sjóðsins, svo og um skýrslugerð og reikningshald. Iðgjöld hafa sama lögtaksrjett og sveitarútsvör, og ber stjórnin ábyrgð á, að iðgjöldin komist í vátryggingarsjóð á rjettum gjalddaga.

Um endurskoðun og úrskurð reikninga sjóðsins gilda sömu reglur sem um reikninga sveitar- eða bæjarsjóðs, og skal skila reikningnum á þeim tíma, sem reglugerð ákveður.

Nú vill sveitar- eða bæjarstjórn ekki taka að sjer stjórn og umsjón vátryggingarsjóðs, eða innheimtu iðgjalda til sjóðsins, og er henni þá heimilt að skipa 3 menn í nefnd, til 6 ára hvern, af búfjáreigendum sveitar- eða bæjarfjelagsins, til þess að hafa starf þetta á hendi. Þó þarf til þess samþykki atvinnumálaráðherra. Hefir stjórnarnefnd þessi þá sama rjett og skyldur gagnvart sjóðnum sem sveitar- eða bæjarstjórn.

10. gr.

Nú er vátryggingarsjóður stofnaður samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður eða lögreglustjóri nefna til virðingarmenn, 2 eða fleiri, fyrir sjóðinn, eftir því sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn ákveður nánar, og einn varamann fyrir hverja tvo aðalvirðingarmenn, til þess að virða gripi til vátryggingar og skaðabóta samkvæmt lögum þessum og nánari ákvæðum reglugerðar.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða fyrir eitt ár í senn jafnaðarverð til skaðabóta á öllum nautgripum í hreppnum, án þess að sjerstakt mat fari fram. Má það verð ekki vera hærra en það, sem telja má sannvirði á meðalgrip. Vilji vátryggjandi eigi hlíta því meðalverði, sem þannig er sett, getur hann á sinn kostnað látið virðingarmenn meta gripi sína og vátrygt þá samkvæmt því mati.

Verði ágreiningur milli virðingarmanna og vátryggjenda, sker stjórn sjóðsins úr, en áfrýja má þeim úrskurði til atvinnumálaráðherra.

11. gr.

Allar virðingargerðir rita virðingarmenn inn í sjerstaka bók, er ráðherra lætur gera og leggur til, en stjórn sjóðsins varðveitir, og sendir hún ráðherra afrit af öllum virðingargerðum og skaðabótavirðingum á þar til gerð eyðublöð, svo oft sem ráðherra ákveður og eftir þeim reglum, sem ráðherra setur.

12. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinum vátrygðu gripum og greiðist af eigendum þeirra. Eigandi telst í þessu sambandi hver sá, er vátryggingarskylda gripi hefir undir höndum, hvort sem þeir eru eign hans eða leigugripir, eða þeir eru í hans umsjá sem formanns í fjelagi, er gripina á eða hefir á leigu.

13. gr.

Nú eru gripir, sem vátrygðir eru samkvæmt lögum þessum, veðsettir,

og nær þá veðrjetturinn einnig til vátryggingarfjárins. Fyrirgeri veðsetjandi rjetti sínum til skaðabóta, hefir veðhafi eigi að síður rjett til skaðabótanna, að svo miklu leyti sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

14. gr.

Iðgjöld til vátryggingarsjóðs ákveður atvinnumálaráðherra með reglugerð eða auglýsingu, og skal þá leggja til grundvallar vanhaldaskýrslur þær, sem um getur í 15. gr., þegar þær eru fengnar, en að öðrum kosti þær bestu upplýsingar um vanhöld, sem ráðherra getur aflað sjer á annan hátt. Heimilt er ráðherra jafnan að breyta iðgjöldum, þegar honum þykir ástæða til, svo að þau sjeu í sem bestu samræmi við eðlileg eða venjuleg vanhöld, en tilkynna skal hann breytinguna eigi síðar en 3 mánuðum áður en ákveða skal iðgjöld eftir henni.

15. gr.

Til leiðbeiningar um rjettlátan og hæfilegan mælikvarða fyrir iðgjaldagreiðslum skal atvinnumálaráðherra leggja fyrir lögreglustjóra landsins að safna skýrslum um vanhöld á búpeningi, í því formi, sem ráðherrann ákveður. Skal skýrslum þessum fyrst safnað árið 1928, og upp frá því svo lengi sem þurfa þykir, og eigi skemur en í 5 ár.

II. kafli.

Um búfjártryggingarsjóð Íslands.

16. gr.

Árið 1929 skal stofna sjóð, er nefnist Búfjártryggingarsjóður Íslands, með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 15 þúsund krónum árlega í 20 ár samfleytt. Hlutverk sjóðsins er að endurtryggja vátryggingarsjóði sveitar- og bæjarfjelaga, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Í Búfjártryggingarsjóði Íslands skulu allir vátryggingarsjóðir sveitar- og bæjarfjelaga, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum þessum, endurtryggja fyrir skaða, sem verður á vátrygðum gripum, umfram áætluð venjuleg vanhöld, og skylt er að bæta, enda greiði vátryggingarsjóðirnir $^1/_5$ hluta af iðgjöldum sínum í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

Atvinnumálaráðherra ákveður, hvað teljast skuli venjuleg vanhöld, sbr. 14. og 15. gr. Hann ákveður og í reglugerð gjalddaga endurtryggingariðgjalda og um greiðslu skaðabóta úr Búfjártryggingarsjóði, svo og um önnur viðskifti hans við vátryggingarsjóðina.

18. gr.

Atvinnumálaráðherra annast stofnun, stjórn og framkvæmdir Búfjártryggingarsjóðs Íslands og lætur ávaxta fje hans á tryggilegan hátt. Þegar

honum þykir nauðsyn bera til, getur hann falið einum manni eða fleirum stjórn sjóðsins á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, er hann ákveður.

Búfjártryggingarsjóður Íslands skal árlega leggja 5—10% af endurtryggingargjaldi hvers vátryggingarsjóðs sveitar- og bæjarfjelaga — undir nafni hans sem vaxtaeiganda — inn í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, með þeim skilmálum, að helmingur vaxta leggist jafnan við höfuðstól, en hálfir vextir greiðist Búfjártryggingarsjóði Íslands upp í aukagjöld hvers vátryggingarsjóðs, samkv. 19. gr., þegar ekki verður hjá þeim komist, en ella leggist allir vextir við höfuðstól.

19. gr.

Nú verða vanhöld svo mikil á vátrygðum gripum, sem endurtrygðir eru í sjóði þessum, að hann hrekkur eigi til endurtryggingar, og skal þá ríkissjóður lána vaxtalaust það, sem á skortir, og endurborgast það eftir því sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiru én 25 þúsund krónum, skal leggja á alla vátryggingarsjóði sveitar- og bæjarfjelaga aukagjöld, í rjettu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins, sem umfram er 25 þúsund krónur, greiðist ríkissjóði að fullu á eigi lengri tíma en 10 árum.

20. gr.

Nú eru atvinnumálaráðherra færðar líkur fyrir því, að of há sje vátryggingarvirðing á gripum í einu eða fleiri vátryggingarfjelögum, sem stofnuð eru samkvæmt lögum þessum, og er honum þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðingu í þeim fjelögum. Lækki þá virðing til jafnaðar, greiðist kostnaður við endurvirðingu úr hlutaðeigandi vátryggingarsjóði, en að öðrum kosti greiðist kostnaðurinn úr Búfjártryggingarsjóði Íslands.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

21. gr.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um nánara fyrirkomulag á tryggingarsjóðum sveitar- og bæjarfjelaga og á Búfjártryggingarsjóði Íslands. Skal þar meðal annars segja fyrir um flokkun vátrygðra gripa eftir vanhaldahættu og ákveða upphæð iðgjalda fyrir hvern flokk, og skulu þau vera 1/5 hluta hærri en áætluð venjuleg vanhöld. Reglugerð þessa og tilkynningar um breytingar á iðgjöldum, sbr. 14., 15., 17. og 19. gr., skal senda öllum sveitar- og bæjarfjelögum á landinu.

22. gr.

Í reglugerðinni skal gefa leiðbeiningar um, hvernig meta skal skaða af vanhöldum, og ákveða nánar, hvað telst til vanhalda, sem skylt er að bæta. Eru reglur þær og leiðbeiningar bindandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur atvinnumálaráðherra prenta eyðublöð fyrir vátryggingarskírteini handa

öllum vátryggjendum, og sjeu þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, sem einkum varða hvern vátryggjanda.

Ábyrgð vátryggingarsjóðs byrjar, þá er vátryggjandi hefir í hendur fengið vátryggingarskírteini eða greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi. Ennfremur lætur ráðherra prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir vátryggingarsjóðina og Búfjártryggingarsjóð Íslands, svo og fyrir vanhaldaskýrslur lögreglustjóranna.

23. gr.

Gerðabækur og vátryggingarbækur fyrir vátryggingarsjóði og Búfjártryggingarsjóð Íslands lætur ráðherrann tilbúa, og fá vátryggingarsjóðirnir þær ókeypis. Bækurnar eru eign ríkisins og skulu sendar Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru og nýjar bækur komnar í stað hinna eldri, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar ákveður.

Vanskil á bókum varða sektum, alt að 100 krónum, er renna í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

24. gr.

Vanhaldaskýrslur skal prenta á kostnað ríkissjóðs, en aðrar skýrslur, skírteini og bækur á kostnað Búfjártryggingarsjóðs Íslands.

25. gr.

Brot vátryggjanda og vanræksla á ákvæðum laga þessara og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða rjettindamissi til skaðabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Svo má og í reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—200 kr., er renna í sjóð þann, er brotið er við.

26. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **140. Frumvarp**

til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Til viðgerðar og fullkomnunar á hafnargörðunum í Vestmannaeyjum veitist $^1/_3$ kostnaðar, alt að 70 þús. krónum, úr ríkissjóði, gegn tvöföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk bæjarstjórnarinnar í Vestmannaeyjum, og vísast að því er ástæður snertir í útskrift úr fundarbók hafnarnefndarinnar í Vestmannaeyjum, sem hjer fer á eftir. Að öðru leyti verður nánari grein gerð fyrir frv. í framsögu.

ÚTSKRIFT

úr gerðabók hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar.

Ár 1928, fimtudaginn 5. janúar, var fundur haldinn í hafnarnefnd Vestmannaeyja að Reyni kl. 6 e. h. Mættir voru auk bæjarstjóra hafnarnefndarmennirnir Þorsteinn Johnson, Þorsteinn Jónsson, Jón Sverrisson og Ólafur Auðunsson, ennfremur hafnarvörður Geir Guðmundsson.

Var þar og þá fyrir tekið:

1. HAFNARMANNVIRKIN.

Síðustu dagana hefir komið í ljós bilun á Hringskersgarðinum, rjett innan við hausinn að utanverðu. Undirstaðan undir stykki því, sem steypt var 1925, hefir haggast, þannig, að þrír kassar og einn stór steinn eru losnaðir úr garðinum og hafa flutst út í dýpið. Hefir þannig myndast hvilft undir garðkantinn á ca. 12 metra svæði. Vegna þeirrar hættu, sem garðhausnum stafar af þessari bilun, telur hafnarnefnd óumflýjanlegt, að þegar á næsta sumri verði framkvæmd sú styrking á hausnum, sem ráðgerð hefir verið, þannig, að fylt verði upp í krikann, sem nú er á garðinum, og austurkantur garðsins tekinn í beiningu út á Hrognasker.

Ennfremur telur nefndin sjálfsagt, að ráðist verði í lengingu á norðurgarðinum, sjerstaklega að byggja upp í fulla hæð það stykki, sem síðastliðið sumar var lögð undirstaða að.

Jafnframt þessu álítur nefndin fylstu nauðsyn á, að haldið verði áfram að taka upp grjótið úr innsiglingunni, enda kemur það að fullum notum við byggingu garðanna, þar sem mestu erfiðleikar eru orðnir á að afla grjóts til þeirra.

Til þess að standast kostnað við framkvæmd nefndra endurbóta, sem er meiri heldur en hafnarsjóður einn er megnugur að standa straum af, þá leggur hafnarnefndin til, að fara þess á leit við næsta Alþingi, að ríkissjóður greiði að minsta kosti þriðjung þess, sem endurbæturnar koma til með að kosta.

.....

Fleira eigi fyrir tekið. Fundi slitið.

Kristinn Ólafsson
Þorsteinn Jónsson
Þorst. Johnson
Ólafur Auðunsson
Jón Sverrisson.

.....

Rjetta útskrift staðfestir.

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum, 16. janúar 1928.

Kristinn Ólafsson.

Nd. **141. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um gagnfræðaskólann á Akureyri.

Flutningsmaður: Bernharð Stefánsson.

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að lýsa ánægju sinni yfir stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart Akureyrarskóla og fylgi sínu við þá ráðstöfun, að stjórnin hefir gefið skólanum rjett til að útskrifa stúdenta.

Nd. **142. Breytingartillaga**

við frv. til laga um sundhöll í Reykjavík.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. málsgr. 1. greinar orðist svo:

Alþingi heimilar landsstjórninni að leggja fram úr ríkissjóði $^1/_5$ hluta kostnaðar til að byggja sundhöll í Reykjavík á móti $^4/_5$ hlutum úr bæjarsjóði Reykjavíkur, alt að 40 þús. kr., enda verði sundhöllin fullgerð til afnota vorið 1930, og að öðru leyti með þeim skilyrðum, sem hjer segir.

Ed. **143. Nefndarálit**

um frv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg get fallist á aðalgrundvöll frv. að því leyti, að friðaður sje þingstaður hinn forni við Öxará og næsta umhverfi hans, en mjer þykir frv. fara alt of langt út fyrir eðlileg takmörk með friðunina og ákvæði frv. vera að sumu leyti svo óákveðin og að öðru leyti varhugaverð, svo að á því þurfi að gera miklar breytingar.

Svæði það, sem frv. fer fram á að »friðlýsa«, virðist vera um 50 ferkm. að flatarmáli. Innan ummarkanna liggja 4 býli (Þingvellir, Vatnskot, Skógarkot, Hrauntún). Ummál svæðisins á landi virðist vera um 30 km. Á nefndarfundi var dómsmálaráðherra spurður, hvort hann ætlaðist til, að svæðið yrði afgirt með fjárheldri girðingu, og kvaðst hann ekki vita það; því yrði nefnd sú, sem kjósa á samkv. frv., að ráða. En mjer sýnist auðsætt, að »friðlýsing« á pappírn-

um muni lítt nægja til þess að verja landið fyrir ágangi af sauðfje og geitum og friða algerlega skóginn og villidýralíf, sem þar kynni að geta þrifist. Ef þau ákvæði eiga að vera annað en pappírsgagn, verður að girða landið sauðheldri girðingu. En nú liggja alfaravegir gegnum svæðið á tvo vegu að minsta kosti, og mörkin liggja eftir bröttum hlíðum upp á nær 800 metra hátt fjall (Ármannsfell), og má því ekki vænta þess, að girðing reynist einhlít, nema miklu sje kostað til gæslu á svæðinu, enda er helst að ráða af aths. frv., að tilætlunin sje að halda þarna nokkra launaða gæslumenn.

Eftir frv. yrði útilokað að halda áfram sauðfjárbúskap á jörðum þeim, sem liggja á hinu friðlýsta svæði, og þar með hyrfu þær úr sögunni sem bændabýli. Í aths. frv. er gert ráð fyrir, að bygð geti haldist á þeim, en atvinnan verði »verndun staðarins«, þ. e. laun úr ríkissjóði fyrir umsjón og vörslu. Vegna friðunar hins forna þingstaðar er engin ástæða til að leggja þessi bændabýli niður; þau eru langt frá þingstaðnum og sjást ekki einu sinni þaðan. Slík fækkun bændabýla er ekki í samræmi við kröfur nútímans um fjölgun sveitabýla. Friðun skógarins utan hins forna þingstaðar og næsta umhverfis tel jeg að sje hreint skógræktarmál, og að ná megi öllu því, sem æskilegt er, með því að afgirða tiltekin svæði í hinu skógivaxna hrauni, og hygg, að það megi gera án verulegs hnekkis fyrir búskapinn.

Að öðru leyti vísa jeg til frv. þess um sama efni, sem stjórnin lagði fyrir þingið 1926, og álits allsherjarnefndar Nd. þar um (Alþt. 1926, A.) og ber fram þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

   Almannagjá og sá hluti Brúsastaða- og Þingvallakirkjulands, sem er austan hennar og Fjárhúsamúla, sunnan Ármannsfells og vestan Sleðaáss, Sleðaásgjár, Leirugjár, Háugjár og framhalds hennar, alt út til Þingvallavatns, að undanskildu Þingvallatúni, skulu tekin undan jörðunum að öllu leyti og vera friðlýst almenning.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

   Landsstjórnin sjer um, að svæði það, sem nefnt er í 1. gr., sje ákveðið nákvæmlega, og er henni heimilt að láta girða það fjárheldri girðingu. Landsstjórnin lætur halda uppi lögskilum öllum af þessu landi. Heimilt er henni að leyfa núverandi ábúendum jarða þeirra, er landið hefir tilheyrt, slægnaafnot af slægjublettum þeim, sem þar eru. Þeir, sem nú hafa lóðarrjettindi innan þessa svæðis, halda þeim meðan núverandi leigusamningar eru í gildi.
3. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

   Náist ekki samkomulag við núverandi ábúendur Þingvalla og Brúsastaða um bætur fyrir missi afnotarjettar af landi því, sem ræðir um í 1. gr., skal taka afnotarjettinn eignarnámi gegn niðurfærslu í afgjöldum, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna.
4. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

   Til aðstoðar landsstjórninni ræður afmælisnefnd Alþingis yfir hinu

friðlýsta svæði til ársloka 1930. Þar eftir kemur í hennar stað Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, og skal hún kosin með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi í byrjun hvers kjörtímabils, í fyrsta sinni þó á Alþingi 1930. Samkvæmt tillögum þessarar nefndar ákveður landsstjórnin með sjerstakri reglugerð um notkun hins friðlýsta lands og friðun og gerir ráðstafanir til að verja það hverskonar skemdum.

5. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:

Í Þingvallaskógi eða annarsstaðar í þeim hluta Þingvallakirkjulands, er verður austan hins friðlýsta svæðis og Ármannsfells, en sunnan Lágafells, má engin nýbýli taka upp nje reisa þar sumarbústaði, nema leyfi landsstjórnarinnar sje til fengið. Á þessu svæði má ekki höggva skóg eða hrís nje rífa lyng, nema eftir fyrirmælum skógræktarstjóra, sem setur reglur um notkun skóglendisins, og skal hafa strangar gætur á, að farið sje eftir þeim.

6. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:

Afmælisnefnd Alþingis skal heimilt að taka til afnota í þarfir 1000 ára afmælishátíðar Alþingis árið 1930 land og landsnytjar í landi Þingvallakirkju, Kárastaða og Brúsastaðalandi, svo sem henni þykir þörf vegna hátíðahaldanna. Náist ekki samkomulag um bætur fyrir afnotin, skulu þær ákveðnar með mati dómkvaddra óvilhallra manna.

7. Við 7. gr. Greinina skal orða svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 20—1000 kr. Slík viðurlög er landsstjórninni og heimilt að ákveða í reglugerð, settri samkvæmt lögunum. Með brot skal farið sem almenn lögreglumál.

8. Á eftir 7. gr. komi ný grein, er verður 8. gr., þannig:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 10. febr. 1928.

Jón Þorláksson.

Nd. **144. Breytingartillaga**

við frv. til laga um sundhöll í Reykjavík.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 1. málsl. Í stað »100 þús. kr., móti jafnmiklu« komi: 65 þús. kr., gegn tvöföldu.

Nd. **145. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn vegarstæðis milli Siglufjarðar og Haganesvíkur.

Flutningsmenn: Jón Sigurðsson, Bernharð Stefánsson og Magnús Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á næsta

sumri rannsaka akbrautarstæði og gera áætlun um kostnað við akveg milli Siglufjarðar og Haganesvíkur.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt eftir áskorun bæjarstjórnar Siglufjarðar og tilmælum Fljótamanna, og er mikil nauðsyn á fyrir bæði þessi hjeruð að fá greiðari samgöngur á landi en nú er, með því að viðskiftin milli þeirra eru mjög mikil.

Nd. **146. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsmenn: Magnús Guðmundsson og Jón Sigurðsson.

Aftan við frumvarpsgreinina komi: Aftan við C. 3. í 2. gr. laganna komi: 4. Hofsósbraut frá Sauðárkróki til Haganesvíkur.

Nd. **147. Tillaga**

til þingsályktunar um þýðing og gildi þinglýsinga.

Frá allsherjarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um, hvaða skjölum skuli þinglýsa og um þýðing og gildi þinglýsinga.

Greinargerð.

Með því að frv. það um þinglýsing skjala og aflýsing, sem Nd. hefir til meðferðar, er svo að segja eingöngu um hina formlegu aðferð við þinglýsingar og aflýsingar, en hinsvegar mikil þörf á að fá lagaákvæði um þau atriði, er tillagan ræðir um, þar sem gildandi ákvæði í þessum efnum eru bæði ófullkomin og úrelt, þá hefir nefndin talið rjett að bera fram þessa tillögu og væntir, að deildin muni sjá sjer fært að samþykkja hana.

Það skal tekið fram, að nefndin sjer sjer ekki fært sökum annríkis að semja lagabálk um þetta, því að það verk er talsvert umfangsmikið og vandasamt.

Nd. **148. Breytingartillögur**

við frv. til laga um þinglýsing skjala og aflýsing.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Sá, sem vill fá skjali þinglýst, skal afhenda það í tveim samhljóða frumritum, eða í frumriti og eftirriti. Að minsta kosti annað frumritið eða eftirritið skal ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaherra hefir löggilt til þess. Pappír þessi skal vera hentugur bæði til áritunar með ritvjel og penna og til sölu við hæfilegu verði hjá öllum bóksölum landsins, sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum og hreppstjórum.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Þegar dómara er afhent skjal til þinglýsingar, skal hann sannreyna, að bæði eintök skjalsins sjeu samhljóða, og að því búnu ritar hann á bæði eintökin vottorð um móttökudag og stund, merkir þau bæði á sama hátt og afhendir síðan frumritið, ef eftirrit fylgir, en ella það eintakið, sem stimplað kann að vera. Ef hvorugt frumritið er stimplað, afhendir hann það, er honum sýnist.
3. Við 8. gr. Orðin »ef því er lýst á næsta þingi eftir fyrirmælum 7. gr.« falli burt.
4. Við 10. gr.
   a. Á eftir orðunum »Þau samrit . . . . . þinglýsingar beiðast« í upphafi greinarinnar komi: og eftirritin.
   b. Upphaf 2. málsl. gr. orðist svo:
      Skulu samritin og eftirritin þá bundin o. s. frv.

Nd. **149. Frumvarp**

til laga um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi.

Flutningsmenn: Magnús Torfason og Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Af fje Strandarkirkju má á árunum 1928 til 1929 verja alt að 10000 kr. til sandgræðslu, girðinga og sjógarða í Strandarlandi, en síðan má verja alt að 1000 kr. á ári hverju til viðhalds og græðslu.

2. gr.

Um framkvæmd sandgræðslunnar og tillögur til hennar fer að öðru eftir lögum um sandgræðslu.

3. gr.

Land það, sem girt verður, skal vera eign Strandarkirkju.

4. gr.

Með konungsúrskurði má ákveða, að endurreist verði Selvogsþing hin fornu sem sjerstakt prestakall, og skal prestssetrið vera í hinu girta landi kirkjunnar. Skulu þá Strandarkirkju endurfengin eignir og rjettindi eins og að fornu hefir verið, enda taki kirkjuprestur að öllu laun sín af fjám Strandarkirkju.

5. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefir umsjón með stjórn kirkjufjánna og setur reglur um framkvæmd hennar.

Greinargerð.

Strandarkirkju hefir safnast allmikið fje síðustu ár fyrir áheit góðra manna og guðhræddra, og var sjóður hennar um síðustu áramót 41205 kr.

Þar sem kirkjan stendur, var áður fegursta land og með afbrigðum gott undir bú, en nú eru þar sandauðnir með hraundröngum, svo að ömurlegra land getur ekki.

Fyrir fám árum girtu bændur þar í Selvogi geira nokkurn með sjó fram í Strandarlandi sakir flæðihættu, og varð það til þess, að hann má telja að mestu friðaðan fyrir ágangi búpenings að sumarlagi. Síðan hefir landið sjávarmegin gróið upp árförum og nú má sjá þar iðgrænar flatir, er áður sást varla stakt strá.

Strendur hafa mikla elsku á kirkju sinni, sem vert er, og er þeir af þessu skildu, að takast mætti að græða landið, snerust þeir með einu samþykki að því að veita fje af sjóði kirkjunnar til landgræðslu, eins og samþykt þeirra 16. desbrm. 1927 ber fagran vott um.

Sumir menn sjá ofsjónum yfir fje því, er nauðleitarmenn kirkjunnar láta af hendi rakna. Mun það fremur af skilningsskorti en illvilja gert, því að löng æfi mun til þess, að hún hafi fje aflögum.

Í því efni þarf eigi annað en benda á, að svo dýran guðsdóm ber vislega að byggja með hinni mestu prýði, eftir því sem gerist hjer á landi, og þarf til þess ófa fje. Þá samir eigi annað en hún hafi sinn eiginn kirkjuprest, en prestssetur skal á Strönd vera og eru til þess þau rök, að presti er nauðsyn að hafa kenslustörf með höndum, svo að eigi leggist hann í ómensku þar í fásinninu. En þá eru Vogshús of langt frá bygðinni, en hinsvegar stendur Strandarkirkja utar af Selvogi.

Búnaðarmálastjóri ætlar stofnkostnaðinn 15000 kr., og ætti Strandarkirkja þá að leggja fram 5000 kr. Telja nú Strendur óhjákvæmilegt að hlaða sjógarð til varnar hafgangi á landið — að minsta kosti frá austurmörkum út fyrir kirkju — og því er tekin til svo ríflег fjárhæð. —

Kirkjusjóðurinn vex svo hraðan, að rjett mun vera nú þegar að setja sjerstakar reglur um stjórn hans.

Nd. **150. Lög**

um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

(Afgreidd frá Nd. 11. febrúar).

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþyktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskifti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sje þar seldur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Nd. **151. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson og Magnús Torfason.

Á undan frumvarpsgreininni komi:

Á eftir A. 4 í 2. gr. laganna komi nýr tölul.:

Skeiðabraut, frá vegamótum Suðurlandsvegar norðan Flatholts upp Skeið að Sandlæk.

Ed. **152. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Nesverslunarstaður í Norðfirði skal tekinn í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Neshrepp og heitir Norðfjarðarkaupstaður.

Umdæmi þetta skal hjer eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Suður-Múlasýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við alt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Landsstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Neshreppi, sem ekki eru útkljáð þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skift milli sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Norðfirði.

3. gr.

Verslunarlóð kaupstaðarins er strandlengjan norðan fjarðarins, frá Bakkalæk að Naustalæk, 330 stikur á breidd frá flóðmáli til fjalls.

4. gr.

Í Norðfjarðarkaupstað skal skipaður bæjarfógeti með 1500 króna byrjunarlaunum, sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 2500 kr., er greiðist úr ríkissjóði. Hann hefir á hendi öll hin sömu störf sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, alt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.

Hann hefir og á hendi stjórn málefna kaupstaðarins og innheimtur og greiðslur bæjarsjóðs. Fær hann að launum fyrir þau störf 3000 krónur úr bæjarsjóði. Heimilt er þó bæjarstjórn að skipa sjerstakan gjaldkera, ef þörf krefur.

5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum.

6. gr.

Bæjarfulltrúar eru átta. Tölu þeirra má stjórnarráðið breyta eftir tillögum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúana kjósa kaupstaðarbúar, sem kosningarrjett hafa eftir gildandi lögum.

7. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til sex ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinn, fara fjórir frá eftir þrjú ár, eftir hlutkesti. Fari fulltrúi frá á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum en þeim, að kjörtímabil hans sje útrunnið, skal þá kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

8. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður, auk oddvita, minst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningu, ef þess er krafist.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða þegar minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Oddviti skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið staðfestir þau.

9. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórnin tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi oddvita.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfjelagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, sem á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins. Með samþykt, er stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

10. gr.

Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrjett því aðeins, að hann sje bæjarfulltrúi.

11. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar.

Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

12. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rjett, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþyktar hafa í för með sjer; svo má og þar ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf einstakra manna skulu hafa lögtaksrjett og renna í bæjarsjóð.

13. gr.

Bæjarstjórn, og oddviti bæjarstjórnar sjerstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; ennfremur gæta þess, að geymt sje og eftir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórn hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum bæjarins.

14. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt.

Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykt af tveimur bæjarfulltrúum, er þau eiga undir.

15. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu, útvegun á verknaði, varningi o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

16. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

17. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje bæjarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af þess árs tekjum, sem í hönd fer, nje heldur að endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

18. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marsmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis 15 daga á hentugum, auglýstum stað.

Yfirskoðunarmenn kaupstaðarins eru tveir og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í 3 ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefir umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðunarmanna — en það skal hann hafa gert innan 15 daga — skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda sje honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágrip að verá svo fullkomið, að í því sjeu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

19. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn krefur, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

20. gr.

Hið fyrsta eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið á Norðfirði. Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Bæjarstjórnin hefir yfirumsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sjerstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

22. gr.

Með samþykt þeirri, er um getur í 9. gr., má setja nánari reglur um

sjerhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúarmánaðar 1929. Gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þau komist þá þegar til framkvæmda.

Ákvæði um stundarsakir.

Sýslunefnd Suður-Múlasýslu annarsvegar og bæjarstjórn Norðfjarðar hinsvegar gera með sjer samning um skifti á eignum og skuldum sýslusjóðs. Rísi nokkur ágreiningur um þau skifti, sker stjórnarráðið úr.

Nd. **153. Frumvarp**

til hjúalaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

1. gr.

Fyrirmæli þessa kafla gilda aðeins um vistarráð þeirra hjúa, sem ekki hafa náð 21 árs aldri. Ákvæði vistarsamnings, sem koma í bága við þessi lög, eru ógild, svo fremi þau miða til að rýra rjett hjúsins. Samningar um vinnu við heimilisstörf um skemri tíma en missiri, eða skildaga í milli, hníga ekki undir lög þessi.

2. gr.

Hver sjálfráða maður má ráða sig hjú. Vistráðum þeirra, sem ekki eru sjálfráða, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

3. gr.

Hinir almennu hjúaskildagar eru 14. maí, eða 3. maí í þeim sveitum, þar sem hjúaskildagi hingað til hefir verið haldinn þann dag, og 1. október, eða 1. vetrardagur, þar sem það þykir betur henta.

Lengd vistartíma ráða aðiljar, þó svo, að enginn vistarsamningur er gildur fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn.

Samningar um vist að hálfu árlangt, eins og að undanförnu hefir verið venja, hníga undir þessi lög, en um samninga um vinnu við heimilisstörf árdegis eingöngu eða síðdegis eingöngu verður lögunum ekki beitt.

4. gr.

Þegar *samið* er um vist skildaga á milli, skal vistartíminn vera á enda á næsta skildaga, enda hafi ekki tekist samningar um vistarráðin af nýju.

Sanni ógift vinnukona, að hún ætli að giftast, áður en vistartíminn er á enda, getur hún sagt upp vistinni til næsta skildaga með mánaðar fyrirvara.

Nú verður ekki vitað um lengd vistartímans, og telst hann þá á enda á næsta almenna skildaga eftir að vistarráðin hófust.

Á skildaga er hjúi rjett að víkja úr vist á hádegi.

5. gr.

Vistráðið árshjú sitt skal húsbóndi, nema öðruvísi sje um samið, láta sækja í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en 100 kg. þunga. Kostar húsbóndi flutning þennan án endurgjalds frá hjúinu.

Nú getur hjúið ekki farið í vistina þegar þess er vitjað, og er því eigi sjálfu um það að kenna, þá er eigi húsbónda skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina. Ef hjúið getur ekki komið í vistina innan þriggja vikna frá skildaga, er húsbóndi laus vistarráðanna, ef hann vill.

6. gr.

Hjú, sem ráðið er skemur en ár, skal, ef öðruvísi er ekki um samið, af sjálfsdáðum koma í vistina á skildaga, og eigi síðar en á náttmálum í sveit, en um miðaftan í kaupstöðum og þorpum. Ef hjú kemur ekki í vist sína á rjettum tíma, er húsbóndi ekki bundinn við vistarráðin, nema hann innan þriggja sólarhringa fái vitneskju um, að hjúið gat ekki komið í vistina vegna atvika, sem það átti ekki sök á. Þegar svo stendur á, er húsbóndi ekki skyldur að bíða hjúsins lengur en 10 daga frá skildaga.

Kaup hjús reiknast frá þeim degi, sem það kemur í vistina.

7. gr.

Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og rúmfatnað, ef hjú sefur á heimili húsbónda síns, og aðra aðhlynningu eftir því, sem venja er til í hverri sveit eða bæ hjúum að veita auk kaups. Ekki er hjúi skylt að sofa í rúmi með öðrum. Það á rjett til að fá hreinar rekkjuvoðir eða lök í rúm sitt einu sinni á mánaðarfresti og hreint handklæði einu sinni á viku. Í fristundum sínum á vetrum skal hjúi fengin dvöl í viðunanlega hlýju herbergi.

8. gr.

Ef upphæð kaups hefir eigi verið ákveðin, skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Ef eigi hefir verið samið um annan gjalddaga kaupsins og um mánaðarkaup er að ræða, hefir hjúið rjett til að krefjast greiðslu kaupsins við lok hvers mánaðar. Ef kaupið hinsvegar er ákveðið í einu lagi fyrir allan vistartímann, hefir hjúið að liðnum 3 mánuðum af vistartímanum rjett til þess að krefjast greiðslu á kaupi því, er það hefir unnið fyrir hinn fyrsta vistarmánuð, eftir 4 mánuði á kaupi fyrir annan vistarmánuð, o. s. frv., þannig, að jafnan standi tveggja mánaða kaup ógreitt hjá húsbónda þess, þar til vistarráðum er löglega lokið.

Ef ekki er öðruvísi um samið, teljast $^3/_4$ af árskaupi hjús kaup fyrir tímabilið frá 14. maí (3. maí) til 1. október (1. vetrardags) (sumarkaup), og $^3/_4$ hlutar af sumarkaupinu teljast kaup fyrir tímabilið frá 14. júlí til 1. október.

Við lok vistartíma skal húsbóndi hafa lokið kaupi hjús að fullu.

Ef vistarráðum lýkur fyr en upphaflega var ákveðið, hefir hjúið rjett til kaups fyrir þann tíma, sem það hefir unnið. Hafi hjúið meðan á vistarráðum stóð verið frá vinnu án þess sjúkdómi sje um að kenna (sbr. þó 10. gr.), missir það rjett til kaups fyrir þann tíma.

9. gr.

Nú sýkist hjú í vistinni eða slasast, og er húsbóndi þess skyldur til að annast hjúkrun þess eftir því er síðar segir.

Ef húsbóndi kýs að hafa sjúkling utan heimilis síns, hefir hann rjett til að flytja hann í opinbert sjúkrahús án samþykkis hjúsins, ef læknir telur það nauðsynlegt vegna hjúsins sjálfs eða vegna sótthættu, sem heimilinu stafi af sjúkdóminum.

Verði hjú vitskert, svo að hjúkrun þess sje sjerlegum erfiðleikum bundin, getur húsbóndi krafist, að sveitarstjórn ráðstafi sjúklingnum þegar í stað.

Sjúkt rúmfast hjú má húsbóndi ekki, jafnvel með sjálfs þess samþykki og þótt vistartíminn sje á enda, flytja burt, svo fremi þar af getur hlotist mein sjúklingnum sjálfum eða öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Ef húsbóndi samt flytur hjúið burtu og sjúklingnum þyngir við flutninginn, skal hann skyldur til að standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins, nema læknir hafi áður en flutningurinn var framkvæmdur lýst því, að hann væri hættulaus eða nauðsynlegur vegna sjúklingsins sjálfs, eða ef slysið eða sjúkdóminn ber svo brátt að, að ekki var ráðrúm til að leita læknis, og húsbóndinn hefir með tilhlýðilegri gætni flutt hjúið í opinbert sjúkrahús.

10. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það þá sjálft lækning sína og geldur húsbóndi fyrir það fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt og á hans vegum, en eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

11. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess eða atvikum, sem hann á sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins og greiða því skaðabætur fyrir atvinnutjón, ef nokkurt verður, eftir að það er farið frá honum.

12. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna breytni þess sjálfs nje húsbónda þess verði gefin sök á, og er húsbónda þess skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstakt sjúkrafæði — alt að fjórðungi vistráðningartímans, þó ekki lengur en til enda hans. Ef hjúið verð-

ur að liggja sjúkt utan heimilis síns, þó ekki í sjúkrahúsi, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað, sem svarar matarverði í svo langan tíma, sem nú var greint.

13. gr.

Nú liggur hjú sjúkt, en ekki hálfum mánuði lengur á tímabilinu maí til október eða mánuði lengur um aðra árstíma, og skal hjú einskis í missa af kaupi sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup fyrir þann tíma, sem umfram er og það getur ekki int af hendi störf sín.

14. gr.

Kostnað, sem leiðir af lækning hjús, borgun fyrir lyf, sjerstaka hjúkrun, dvöl í sjúkrahúsi eða annari slíkri stofnun, er húsbónda óskylt að greiða, nema þegar svo stendur á, sem segir í 11. gr.

15. gr.

Nú getur hjú vegna sjúkleika, sem atvikast svo, sem um ræðir í 10. og 12. gr., eftir mánaðar vanheilsu enn ekki rækt störf sín, og er þá hvorum aðilja um sig heimilt að segja upp vistarsamningnum með eins mánaðar fyrirvara.

16. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað sinn eða fyrir fæði og hjúkrun, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, sem sveitarstyrk, veittan hjúinu.

17. gr.

Deyi hjú í vist, eiga erfingjar þess aðeins heimtingu á þeim hluta af kaupinu, sem álíta verður, að það hafi unnið fyrir áður en það varð ófært til verka. Greftrun þess skal húsbóndi annast, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarfje, ef með þarf.

18. gr.

Þótt hjú sje ráðið til ákveðinna starfa, skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem samboðin eru stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa.

Ef hjúið með samningi er beinlínis undanþegið því að gegna ákveðnum störfum, getur það þó aldrei orðið skylt til að leysa þau af hendi, nema aðeins til bráðabirgða í skyndilegum forföllum annars heimilisfólks, er þau verk átti að vinna.

19. gr.

Ef hjú í kaupstað eða kauptúni sækir kvöldskóla, iðnskóla, unglingaskóla eða annan slíkan skóla, skal húsbóndi haga vinnutíma hjúsins þannig, að kostur verði skólagöngunnar, nema tilskilið hafi verið í vistarsamningi, að ákveðin störf skyldu unnin á sama tíma.

20. gr.

Nú deyr húsbóndi, og skal þá vistarráðum áfram haldið með ekkju hans, erfingjum eða búi, ef búnaður stendur. Þó er hvorum aðilja um sig heimilt að slíta vistarráðum á almennum skildaga með tveggja mánaða fyrirvara, eða frá 1. degi mánaðar með þriggja mánaða fyrirvara.

21. gr.

Í þrotabúi húsbónda eða dánarbúi fer um kaupkröfur hjúa eftir ákvæðum skiftalaganna.

22. gr.

Nú flytur húsbóndi búferlum, eftir að vistarsamningur er gerður, en áður en vistartími byrjar, 50 km. burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist, eða úr sveit í kaupstað eða öfugt, og er hjúinu þá ekki skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann ennfremur greiða hjúi kaup fyrir 2 mánuði og að auki matarverð samkv. 29. gr., ef hann hefir ekki látið hjúið vita um flutninginn 4 vikum hið skemsta, áður en vistartíminn átti að byrja. Ef hjúið flytur í vistina alt að einu, er húsbóndinn skyldur að standast þann sjerstaka kostnað, sem það hefir haft í för með sjer fyrir hjúið.

Ef húsbóndi flytur búferlum eftir að hjúið er komið í vistina, gilda samskonar ákvæði.

23. gr.

Hjúi er vítalaust að koma ekki í vistina, ef það getur sannað, að húsbóndinn hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast misþyrmt hjúi eða svelt það, leitast við að tæla hjú til illverka eða lauslætis, enda hafi hjúi verið ókunnugt um þessar sakir, þegar samningar um vistina tókust.

Ef hjú er komið í vistina, þegar það fær vitneskju um eitthvert þeirra afbrota af hálfu húsbónda, sem nefnd voru, er því heimilt að víkja úr vistinni fyrirvaralaust, enda geri það svo innan 14 daga eftir að það fjekk vitneskju um verknaðinn. Kaups getur hjúið aðeins krafist fyrir þann tíma, sem það var í vistinni.

24. gr.

Hjúi er heimilt að ganga fyrirvaralaust úr vistinni, þegar það getur sannað, að húsbóndi hafi gerst sekur um alvarlegt brot á skyldum sínum gagnvart því, svo sem ef hann:

1. misþyrmir hjúinu,
2. leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gera sig bera að slíku og húsbóndi veitir ekki hjúinu tilhlýðilega vernd, þótt það beri sig upp undan því við hann,
3. lætur hjúið að staðaldri búa við illa og ónóga fæðu, óforsvaranlega aðhlynningu eða heilsuspillandi húsnæði,
4. meiðir freklega mannorð hjúsins eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af,

5. geldur hjúi ekki kaup í ákveðinn tíma, þótt krafist sje,
6. stofnar ranglega og að nauðsynjalausu lífi eða heilsu hjúsins í hættu.

25. gr.

Ef hjú, án þess að sjúkleiki eða önnur lögleg forföll tálmi, eða fyrir hendi sjeu ástæður, er heimili því að rifta vistarráðunum, kemur ekki í vistina á ákveðnum tíma, svo að því er synjað viðtöku, eða kemur alls ekki, skal það greiða húsbónda bætur, sem svara til helmings áskilins kaups fyrir umsaminn vistartíma. Ef hjú gengur ólöglega úr vistinni, greiði það sömu bætur, miðað við vistartímann, sem eftir er.

Nú gengur hjú úr vistinni vegna atviks, er greinir í 24. gr., og skal húsbóndi þá greiða því hæfilegar bætur, er þó nemi ekki meiru en kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði, sbr. 29. gr., í sama tíma, þó ekki yfir 8 vikur.

26. gr.

Húsbóndi þarf ekki að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eða veita því viðtöku, ef hann getur sannað:

1. að hjúið hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, drýgt glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur,
2. að hjúið hafi smitandi sjúkdóm, eða það sökum vanheilsu eða fötlunar, eða að því er konu snertir, sökum þess að hún er barnshafandi, sje óhæft til að vinna það verk, sem það var ráðið til,
3. að hann hafi, er vistarsamningurinn var gerður, verið blektur með fölskum vitnisburðum um hjúið,
4. að hjúið kunni ekki til þeirra verka, sem áskilið var, að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og það þá þóttist kunna til.

Þetta, sem talið hefir verið, skiftir þó aðeins máli, svo fremi það verði ekki sannað, að húsbóndi hafi verið vitandi um þessi atvik, er hann rjeð hjúið.

Nú verður húsbóndi fyrst áskynja einhverra þeirra atvika, er nefnd voru, þegar hjúið er komið í vistina, og er honum þá heimilt fyrirvaralaust að víkja hjúi úr vistinni, enda geri hann það innan 14 daga eftir að hann varð vitandi þessa. Ekki verður þó konu, sem barnshafandi hefir orðið áður en hún kom í vistina, vísað úr vist eftir að 5 mánuðir eru liðnir frá því að hún kom í vistina, og aldrei með minna en mánaðar fyrirvara.

27. gr.

Húsbóndi má þegar vísa hjúi úr vist, er hann getur sannað, að hjúið hafi gerst mjög brotlegt gegn skyldum sínum, eða ef framferði þess er mjög ábótavant, svo sem ef hjúið:

1. drýgir glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur,
2. leggur hönd á húsbóndann eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja,
3. sýnir húsbóndanum eða þeim, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, óhlýðni um að inna af hendi störf sín í þarfir heimilisins,

4. tælir börn á heimilinu til illverka,
5. er aftur og aftur drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans,
6. raskar heimilisfriði með lauslætisframferði,
7. gengur með smitandi samræðissjúkdóm,
8. spillir af ásettu ráði eignum húsbænda eða misþyrmir skepnum, sem það á að hirða,
9. sýnir af sjer megnt og ítrekað skeytingarleysi um störf sín og hirðuleysi í umgengni.

Þegar hjúi er vísað úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem taldar eru í þessari gr. og 26. gr., ber því umsamið kaup fyrir þann tíma, sem það hefir unnið heimilinu.

28. gr.

Ef húsbóndi riftar ólöglega vistarráðum eða vísar hjúi úr vistinni, skal hann gjalda því hæfilegar bætur, er þó ekki nemi meiru en hálfu kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði fyrir sama tíma, þó ekki lengur en 8 vikur.

29. gr.

Matarverð hjús skal, þegar ekki er öðruvísi um samið, ákveðið af hlutaðeigandi lögreglustjóra, eftir því sem hæfilegt þykir þar í hjeraði og með hliðsjón af því, hverskonar hjú er um að ræða, þó ekki undir 1 kr. á dag.

II. kafli.

30. gr.

Viðskifti húsbónda og hjús, sem er 21 árs að aldri, fara eftir samningum þeirra á milli um vistarráðin. Ekki má hjúið þó afsala sjer fyrirfram neinum rjettindum samkvæmt 9. og 11.—12. gr., og afsal slíkra rjettinda síðar frá hálfu hjúsins er ógilt gagnvart framfærslusveit hjúsins, ef það fellur henni til byrði.

Nú er enginn sjerstakur vistarsamningur gerður milli aðilja, eða í vistarsamningi, þó gerður hafi verið, er ekki tekið nægilega fram, hvernig vistarráðum er varið, og gilda þá fyrirmæli I. kafla þessara laga, enda þótt hjúið hafi náð 21 árs aldri.

III. kafli.

31. gr.

Með mál milli húsbónda og hjús út af vistarráðum skal farið sem einkalögreglumál.

32. gr.

Brot gegn 7. og 19. gr. varða sektum, frá 10—200 kr., er renna í ríkissjóð. Með mál út af þeim brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

33. gr.

Nú heldur húsbóndi ólöglega fyrir hjúinu fjármunum þess, og skal hann þá eftir kröfu hjúsins sæta sektum, frá 10—200 kr. Mál út af þessu eru almenn lögreglumál.

34. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um vinnuhjú frá 26. jan. 1866 og 9.—14. gr. fátækralaga, nr. 43, 31. maí 1927, og önnur lagaákvæði, sem kunna að koma í bága við lög þessi.

Ed. **154. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Leggur meiri hl. til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
   Útflutningsnefnd kýs í byrjun hvers árs formann fyrir það ár. Fái enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.
2. Við 4. gr.
   a. 1. liður 4. greinar orðist þannig:
      Að ákveða, í samráði við útflutningsnefnd, hvenær söltun og kryddun síldar, eða verkun á annan hátt til útflutnings, byrjar ár hvert, og einnig hvenær hætta skuli söltun og kryddun árlega eða verkun á annan hátt til útflutnings.
   b. 3. liður sömu greinar orðist þannig:
      Að selja alla saltaða og kryddaða síld eða verkaða á annan hátt til útflutnings fyrir einkasöluna og skila til síldareigenda andvirði síldar, er einkasalan selur, jafnótt og það greiðist, að svo miklu leyti sem unt er, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er legst í sjóði. Hafi einkasölunni verið afhent meira af síld til sölu en hún hefir getað selt í það sinn, skiftist andvirði þeirrar síldar, er seld hefir verið, hlutfallslega milli allra, sem búnir eru að afhenda síld til útflutnings.
3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist:
   Enda hvíli engin önnur veðbönd á síldinni.
4. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:

Þeir, sem ætla sjer að salta síld, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, skulu fyrir 15. apríl ár hvert tilkynna skriflega framkvæmdarstjórum einkasölunnar, hve mikið þeir ætti sjer að verka af síld til útflutnings á því ári. Hverri tilkynningu fylgi þær upplýsingar og skilríki, sem föng eru á og gera það sennilegt, að framleiðandinn hafi tök á að verka svo mikla síld, sem hann óskar eftir að fá selda. Komi þá í ljós, að ástæða sje til að óttast of mikla framleiðslu, getur nefndin takmarkað framleiðsluna og ákveðið fyrirfram, hve mikla síld hver síldarframleiðandi megi verka til útflutnings, enda skal sú ákvörðun tilkynt honum, í síðasta lagi 1. júní ár hvert. Að jafnaði skal slík takmörkun koma niður á öllum tilkyntum framleiðendum hlutfallslega, svo sem unt er, nema ástæða þyki til að telja fyrirætlanir einhvers þeirra um síldarverkun úr hófi fram, eftir ástæðum hans og fyrirframgerðum ráðstöfunum til undirbúnings. Má í því efni hafa til hliðsjónar framleiðslumagn atvinnurekandans undanfarin ár.

Fyrirframákvörðun nefndarinnar um síldarmagn hvers framleiðanda skal ekki vera því til fyrirstöðu, að nefndin sliti allri síldarsöltun, kryddun eða verkun á annan hátt samkvæmt 1. lið 4. greinar, er henni þykir nauðsyn til bera, þó sumir hafi þá ekki verkað alla þá síld, er þeir höfðu leyfi til.

5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Myndaðir skulu tveir sjóðir, varasjóður og markaðsleitarsjóður, og skulu renna í hvorn sjóð $^1/_4$% af andvirði seldrar síldar. Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd samkvæmt reglugerð, er samin verður um meðferð þeirra, staðfestri af atvinnumálaráðherra.

6. Við 9. gr. Í stað orðanna »1. maí til 30. apríl« komi: 15. apríl til jafnlengdar.

7. Við 17. gr. Á eftir greininni komi svo hljóðandi:

Ákvæði um stundarsakir.

Þeir, sem á árinu 1928 ætla sjer að salta síld, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, skulu hafa frest til 15. maí með að tilkynna skriflega framkvæmdarstjórum einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sjer að verka af síld á árinu.

Alþingi, 11. febrúar 1928.

Erlingur Friðjónsson, formaður.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari og frsm.

Ed. **155. Nefndarálit**

um frv. til laga um tilbúinn áburð.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Tilgangur þessa frv. er að ýta undir bændur að nota tilbúinn áburð meira en gert hefir verið, í fyrsta lagi með því að útvega fjelagsskap bænda áburðinn

millilíðalaust frá útlöndum fyrir lægsta verð, og í öðru lagi með því að greiða flutningskostnað frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelagsins og strandferðaskip ríkisins koma á.

Meiri hluti nefndarinnar felst á, að það mundi verða til mikilla framfara í landbúnaði, hjer eins og annarsstaðar, ef bændur færu alment að nota tilbúinn áburð, og vill því stuðla að framgangi málsins.

Að forminu til felst að vísu í frv. aðeins heimild handa ríkisstjórninni til þess að taka verslun með tilbúinn áburð í sínar hendur, en meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að stjórnin eigi að nota þessa heimild þegar á þessu ári, svo sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv.

Meiri hluta nefndarinnar þykir rjettara að setja nokkur takmörk fyrir því, hversu lengi skuli standa sú heimild, að ríkissjóður greiði flutningskostnaðinn, og ber því fram breytingartillögu þar að lútandi.

Það er því tillaga meiri hlutans, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Upphaf 2. greinar skal orða svo:

Árin 1929, 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði o. s. frv.

Alþingi, 13. febrúar 1928.

Einar Árnason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr. og frsm. meiri hl.

Nd. **156. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 7. gr. Á eftir orðinu »kúm« í 2. málslið komi: hrossum.

Nd. **157. Breytingartillaga**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá Ólafi Thors.

Fyrir »1930« í niðurlagi frumvarpsgreinarinnar skal koma: 1929.

Ed. **158. Frumvarp**

til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í skógum og kjarri má ekki höggva trje nje hrís öðruvísi en svo, að höggið sje innan úr, eða skógurinn eða kjarrið aðeins grisjað. Ekkert svæði má berhöggva, nema landið sje tekið til ræktunar. Birkirunnum og birkirótum í skógum og kjarri má ekki kippa upp. Ekki má rífa lyng, fjalldrapa, víði nje mel, heldur klippa það eða skera. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er heimilt að banna að taka upp slíkan gróður á þeim svæðum, er ætla má að slíkt geti valdið uppblæstri landsins eða verulegum skemdum. Þeim er og heimilt að banna að taka mosa í gróðurlitlum hraunum.

2. gr.

Í skógum þeim, er í afrjettum liggja eða fjarri búfjárhögum, er öll vetrarbeit bönnuð á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní. Ákveður atvinnumálaráðherra, í samráði við skógræktarstjóra, hverjir skógar falli undir ákvæði þetta.

Að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra nánari reglur um notkun og meðferð á skógum og kjarri, eftir tillögum skógræktarstjóra, og skal reglum þessum útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógar eru eða kjarr.

3. gr.

Skógræktarstjórinn eða skógarverðirnir eftir fyrirlagi hans skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir, samkvæmt reglum þeim, er getur um í 2. gr., skipa fyrir um, hvernig skógur eða kjarr skuli höggið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar eða kjarrs um alla framkvæmd á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorast undan að fylgja þeim út í skóginn eða kjarrið. Eigandi eða nothafi skal skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu til þess að höggva á alt að 400 fermetra svæði í skóginum eða kjarrinu, til þess að kynnast hvernig höggva skal.

4. gr.

Eigendur eða notendur skóga og kjarrs geta ekki bannað skógræktarstjóra eða skógarvörðum, nje heldur hreppstjórum eða öðrum þeim, sem eftirlit kynni að vera falið, umferð um land sitt, hvort sem er girt eða ógirt.

5. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn, til þess að kynna sjer fyrirskipanir þeirra að því er meðferð skóga og kjarrs snertir,

er þeim ber að hafa eftirlit með. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 8 kr. um daginn, er greiðast úr ríkissjóði af skógræktarfje.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, að veita eigendum og notendum jarða eða jarðarskika tillag úr ríkissjóði af skógræktarfje til að girða bæði skóglendi og skóglaust land, til þess að koma þar upp skógargróðri, með þeim skilyrðum, er hjer segir:

Ríkissjóður leggur til girðingarefnið og kemur því á næstu höfn við það svæði, sem girða skal. Hann leggur einnig til verkstjóra við uppsetning girðingarinnar, en eigandi eða nothafi flytur girðingarefnið frá höfninni að girðingarstaðnum á sinn kostnað og leggur til þann vinnukraft, sem þarf til uppsetningarinnar, annan en verkstjórann. Gera skal samning milli ríkissjóðs annarsvegar og eiganda eða nothafa hinsvegar um skógargirðingu, og skal hann þinglesinn í þeirri þinghá, þar sem skógarjörðin liggur, sem kvöð á jörðinni. Ríkissjóður greiðir annan helming, en eigandi eða nothafi hinn helming viðhaldskostnaðar á girðingunni.

7. gr.

Skógræktarstjóri ákveður í hvert skifti, að hve miklu leyti má hafa þau svæði, er getur um í 6. gr., fyrir beitiland. Heimilt er honum að leyfa að beita þar kúm, hrossum og sauðfje frá 20. júní til 1. október. Komi til greina að rækta nýjan skógargróður á einhverjum hluta hins girta svæðis, þá verður eigandi eða nothafi að setja upp um þann hluta nægilega trausta girðingu á sinn kostnað, ef hann vill halda beitinni áfram á öðrum hluta svæðisins. Sje hið girta svæði stórt og sjeu á því skóglaus mýrarsund, getur það komið til greina, að skógarvörður leyfi eiganda eða nothafa að hafa þar sauðfje sitt, frá því það er tekið af afrjettum og til 1. nóvember.

8. gr.

Ef eigendur eða notendur skógræktarsvæða þeirra, sem girt hafa verið að nokkru eða öllu leyti á kostnað ríkissjóðs, rjúfa þann samning, sem gerður hefir verið um friðun landsins, þá er skógræktarstjóra heimilt, að fengnu samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka burt girðinguna á kostnað eigenda eða notenda.

9. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum og skógarverðir í umdæmum sínum hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sje gegn friðunarákvæðunum í 1., 2. og 7. gr. þessara laga. Skulu þeir jafnskjótt og þeir verða þess varir senda skýrslu um það til skógræktarstjóra, er síðan ber málið undir atvinnumálaráðuneytið, og ákveður það svo, hvað gera skuli frekar í málinu.

10. gr.

Brot á móti lögum þessum varða sektum, frá 50—500 kr., til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög nr. 51, 30. júlí 1909, um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl. eru úr gildi numin.

Nd. **159. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Á eftir frumvarpsgreininni, sem verður 1. gr., komi ný (2.) grein:

Embættismenn, sem búsettir eru í sveitum, skulu njóta sömu dýrtíðaruppbótar sem aðrir.

Ed. **160. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaða.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Bervík í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu, í Dritvík í sama hreppi og á Broddanesi við Kollafjörð í Strandasýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðanna samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **161. Frumvarp**

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Ríkisborgararjettur skal veittur:

1. Frú Björgu Caritas Þorláksdóttur dr. phil., sem fædd er á Íslandi, en hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.
2. Jetvald Lorang Jacobsen, beyki í Reykjavík, sem fæddur er í Noregi.
3. Einari Andreas Olsen Færseth, verkamanni á Siglufirði, fæddum í Noregi.

Ed. **162. Frumvarp**

til laga um aukna landhelgisgæslu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem verða má, láta byggja nýtt skip til landhelgisgæslu.

2. gr.

Til byggingar skipsins skal verja fje úr landhelgissjóði.

3. gr

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **163. Frumvarp**

til laga um að banna næturvinnu við fermingu og affermingu skipa og báta í Reykjavík og Hafnarfirði.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Í Reykjavík og Hafnarfirði er bönnuð öll vinna við fermingu og affermingu skipa og báta frá klukkan 10 að kvöldi til klukkan 6 að morgni.

2. gr.

Ef brýna og óhjákvæmilega nauðsyn ber til, getur lögreglustjóri þó veitt undanþágu til að vinna við fermingu og affermingu skipa og báta á þeim tíma sólarhrings, sem bannið í 1. gr. tekur til. Leyfi til undanþágu skal vera skriflegt og gildi aðeins næturlangt. Lögreglustjóri heldur skrá yfir leyfi þau, er hann veitir samkvæmt þessari grein, og skal þar geta ástæðunnar til undanþágunnar.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500 til 5000 krónum, er renna í ríkissjóð, og skal afgreiðslumaður skips eða báts greiða sektir. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er orðrjett eins og það var flutt á síðasta þingi af 4. þm. Reykv., Hj. V. Áður var það flutt af 2. þm. Reykv., J. Bald., á þinginu 1925. Um ástæður fyrir frumvarpinu vísast til þskj. 116 1925 og þskj. 44 1927.

Ástæður eru óbreyttar fyrir þörfinni um lagasetningu í þessu efni, og því óþarft að endurtaka þau rök.

Nd. **164. Frumvarp**

til laga um atvinnuleysisskýrslur.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson og Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Bæjarstjórnum og sveitarstjórnum í kauptúnum, er hafa yfir 300 íbúa, skal skylt að safna skýrslum 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert, um atvinnu og atvinnuleysi allra sjómanna, verkamanna, verkakvenna og iðnaðarmanna og kvenna í kaupstaðnum eða kauptúninu. Ágrip af skýrslunum skal þegar í stað sent Hagstofu Íslands, er birtir yfirlit yfir þær.

2. gr.

Þar sem verkalýðsfjelög eru á staðnum, skulu bæjarstjórnir og sveitarstjórnir leita samninga við þau um að taka að sjer söfnun skýrslnanna.

3. gr.

Kostnaður við skýrslusöfnun greiðist að þriðjungi úr ríkissjóði og tveimur þriðjungum úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitarsjóði.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram á síðasta þingi, að mestu leyti samhljóða, en varð ekki útrætt. Breytingin er aðeins sú, að sjómenn, iðnaðarmenn og iðnaðarkonur eru tekin með. Atvinnuleysi meðal sjómanna er engu minna en meðal verkamanna. Iðnaðarmönnum og konum fer óðum fjölgandi, t. d. prenturum, bókurum, járnsmiðum, trjesmiðum, steinsmiðum og í ýmsum fleiri greinum iðnaðar, sem stundaðar eru jafnt af körlum sem konum. Atvinnuleysi fer óðum í vöxt meðal þessara stjetta verkalýðsins og því fylsta ástæða til að taka þá með.

Þjóðfjelaginu ber fylsta skylda til að kynna sjer út í æsar, hve mikill hluti starfandi fólks gengur atvinnulaus á ýmsum tímum ársins. Það er fyrsta sporið til þess að geta gert viturlegar tillögur, er miða til þess að bæta úr því böli og tjóni, er atvinnuleysi veldur.

Að öðru leyti vísast til ástæðna fyrir frumvarpinu frá í fyrra, þskj. 25.

Nd. **165. Frumvarp**

til laga um einkasölu á saltfiski.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á söltuðum og þurkuðum fiski, sem veiddur er hjer við land og verkaður er í landi eða fluttur er á land og útflutningshæfur telst.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning á fiski þeim, sem ríkisstjórnin hefir einkasölu á samkvæmt lögum þessum, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhendingu á fiski til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði fisksins, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði fisksins skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af fiski þeim, sem ríkisstjórnin hefir einkasölu á. Af þessum tekjum má ríkissjóður verja alt að 50% til að útvega nýjan markað fyrir fisk og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði fisksins í íslenskum peningum, þótt það hafi verið greitt henni með erlendum gjaldeyri.

6. gr.

Andvirði fisksins afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 50 þús. krónum, og renna þær í ríkissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög eða lagaákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1929.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir verið borið fram á mörgum undanfarandi þingum, en jafnan felt. Vísast til greinargerða, sem áður hafa fylgt frv., og umræðna um það á fyrri þingum.

Nd. **166. Tillaga**

til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að endurskoða siglingalöggjöfina.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson og Haraldur Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða siglingalög nr. 56, frá 30. nóv. 1914, og leggja fyrir næsta þing breyting á lögunum, er gangi í svipaða átt og sjómannalög þau, er nú gilda á Norðurlöndum.

Greinargerð.

Siglingalögin frá 1914, er nú eru í gildi, voru að mestu leyti þýðing á siglingalögum Norðurlanda. Nú hafa þessi ríki öll endurskoðað siglingalög sín, Danir árið 1923, Norðmenn sama ár, Svíar 1922 og Finnar 1924. Breytingin hefir orðið allmikil á lögunum hjá öllum þessum þjóðum og miðar sjerstaklega í þá átt, að samræma þau við kröfur nútímans. Sjerstaklega hefir sá hluti siglingalaganna, sem hljóðar um skipshöfn, orðið fyrir verulegum breytingum til bóta. Meðal skyldra þjóða, er mikil viðskifti eiga saman, er það af mörgum talið nauðsynlegt, að siglingalög þeirra sjeu sem líkust. Jafnvel er sú stefna uppi, að samræma beri siglingalöggjöf allra þjóða sem allra mest.

Íslendingar eru nú orðnir langt á eftir nágrannaþjóðum sínum um þessa löggjöf, enda margar raddir fyr og síðar um, að endurskoða þurfi lögin. Með breyttum tímum og atvinnuháttum virðist sú krafa vera mjög eðlileg. Krafa þessi hefir ekki verið mjög hávær, þó hún sje jafnalmenn hjá öllum þeim, er á sjónum vinna, jafnt yfir- sem undirmönnum. Hásetarnir hafa þó orðið fyrstir til að

kveða upp úr með þessa kröfu, með því að samþykkja í einu hljóði ályktun á fundi í Sjómannafjelagi Reykjavíkur 23. f. m., sem gengur í sömu átt og tillaga sú, er hjer er flutt. Þar sem um svo stóran lagabálk er að ræða, virðist sjálfsagt, að slík endurskoðun fari fram milli þinga, svo vandvirknislega sje frá henni gengið. Því er hjer lagt til, að stjórninni sje falið að annast það.

Nd. **167. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29, 16. des. 1885.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og orðið á einu máli um það, að ráða háttv. deild til að samþykkja það með eftirfarandi

VIÐAUKATILLÖGU.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
Með sömu takmörkunum má hreppstjóri gera fjárnám.

Alþingi, 13. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari. H. J. Kristófersson, frsm.
Magnús Guðmundsson. Bernh. Stefánsson.

Ed. **168. Frumvarp**

til laga um friðun Þingvalla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Frá og með árinu 1930 skulu Þingvellir við Öxará og umhverfi þeirra, sem tilgreint er í lögum þessum, vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

2. gr.

Takmörk friðhelga svæðisins skulu vera sem hjer segir:

a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.

b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár, Fjárhúsmúli og efsta brún Ármannsfells norðaustur móts við Meyjarsæti.
c. Að norðaustan: Frá Ármannsfelli, um Meyjarsæti norðanvert við Hofmannaflöt í stefnu að Hliðargjá gegnt Tröllatindi.
d. Að austan: Eystri bakki Hliðargiár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

Landið innan ofannefndra takmarka skal varið fyrir ágangi af sauðfje og geitum. En skógurinn og villidýralíf, sem þar kynni að geta þrifist, skal vera algerlega friðað. Þó getur Þingvallanefnd gert ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði eða vinna búfjenaði hjeraðsmanna tjón.

Þingvallanefnd ræður veiði í Þingvallavatni norðan línu þeirrar, er um getur í a-lið.

Ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði, eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka nema með leyfi Þingvallanefndar.

3. gr.

Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta svæði, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarjett jarðanna eða jarðahlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og ábúendum greitt fyrir afnotarjettinn, samkvæmt óvilhallra, dómkvaddra manna mati.

Heimilt skal Þingvallanefnd að kaupa jörðina Gjábakka, eða ef ekki nást viðunandi samningar um verð, að taka jörðina eignarnámi samkvæmt lögum.

4. gr.

Friðlýsta landið skal vera undir vernd Alþingis og æfinlega eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.

5. gr.

Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefir fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annara jarða í ríkiseign, sem til eru greindar í 2. gr. Þingvallanefnd skal kosin með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi í lok hvers þings eftir nýafstaðnar kosningar, í fyrsta skifti á þingi 1928.

6. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um friðlýsta svæðið og meðferð þess. Skal hún bygð á lögum þessum, en staðfest af stjórnarráðinu. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld á Þingvöllum og verja því fje upp í kostnað við friðunina. Þingvallanefnd má ráða umsjónarmann á Þingvöllum til 5 ára í senn.

7. gr.

Öll óhjákvæmileg útgjöld við verndun Þingvalla samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara skulu varða sektum, alt að 1000 kr., þriggja mánaða fangelsi eða hvorutveggja eftir málavöxtum.

Ed. **169. Frumvarp**

til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Garða á Akranesi.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Að fengnu samþykki hlutaðeigandi sóknarprests, skal ríkisstjórninni heimilt að selja Ytra-Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu prestssetursjörðina Garða á Akranesi ásamt þeim hjáleigum jarðarinnar, er ráðuneytið telur mega selja frá prestakallinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjölmennur fundur manna á Akranesi hefir mælst til þess, að útveguð yrði heimild til sölu á prestssetursjörðinni Görðum og nokkrum hjáleigum jarðarinnar til handa Ytra-Akraneshreppi. Þetta land ríkisins liggur að landi hreppsins á alla vegu, og kreppir svo að hreppsbúum, að þeir hafa ekki land til ræktunar og eigi heldur til beitar. Þetta hvorttveggja þurfa þeir að hafa, ef vel á að vera, til stuðnings við stopula atvinnu að öðru leyti.

Sóknarpresturinn mun vera hlyntur því, að hreppurinn eignist mikið af þessu landi, með skilyrðum, sem síðar verði ákveðin með samkomulagi milli hans og ráðuneytisins. Auðvitað verður að halda eftir óseldu nægilegu landi handa prestinum, meðal annars hjáleigunni Brekkubæ, þar sem presturinn hefir reist ágæt prestssetureshús á sinn kostnað.

Ráðuneytið lítur svo á, að það gæti orðið til mikilla bóta fyrir afkomu manna á Akranesi, að hreppurinn eignist hið umrædda land, og eigi verður sjeð, að ríkissjóður þurfi nokkurs í að missa, sje sæmilega frá öllu gengið. Ríkið á ekki boðleg hús á Akranesi, og mundi það sjálfsagt heppilegt, að andvirðið fyrir selt land yrði notað til að festa kaup á húsum þeim, er presturinn hefir reist, en ríkið þyrfti að eignast.

Ed. **170. Frumvarp**

til laga um stofnun síldarbræðslustöðva á Norðurlandi.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson og Ingvar Pálmason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og starfrækja, eða láta starfrækja, síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi og annarsstaðar, þar sem hentast þykir.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. greinar, er ríkisstjórninni heimilt að taka lán, alt að 1 miljón króna, er greiðist af tekjum stofnananna á næstu 25 árum.

3. gr.

Rekstri stofnananna skal hagað eftir reglugerð, er stjórnarráðið setur.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, gæti síldarútvegurinn verið einhver mesta auðsuppspretta landsins, væri hann starfræktur á viðeigandi hátt, en því fer mjög fjarri, einkum að því, er hagnýting afurðanna snertir. Það hefir komið fyrir sum árin, að mikill hluti síldarframleiðslunnar hefir orðið verðlaus, svo að af því hefir stafað miljónatap. Um það, hver áhrif slíkt geti haft fyrir þjóðarbúskapinn, þarf ekki að fjölyrða, því það hlýtur að vera öllum ljóst.

Þegar á það er litið, að flestar síldarbræðsluverksmiðjur við aðalveiðistöðvarnar eru eign útlendinga, þá verður það ljóst, að það er ærið varhugavert að treysta eingöngu á þeirra forsjá, bæði vegna þess, að þeir geta hætt störfum þegar minst varir, og annað hitt, að hætt er við, að samkepni um verðið verði ekki mikil þeirra á milli.

Eina örugga ráðið til þess að tryggja síldarútveginn sæmilega í framtíðinni virðist því það, að koma upp á hentugum stöðum síldarbræðslustöðvum, sem reknar væru með samvinnusniði, en slíkt mun varla komast í framkvæmd nema með aðstoð löggjafarvaldsins.

Ed. **171. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um fræðslumálanefndir.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin er sammála um, að fyrirkomulag það, sem frv. í aðaldráttum

gerir ráð fyrir, sje líklegt til umbóta á sviði þeirra kenslumála landsins, sem þar ræðir um. Virðist auðsætt, að kennarar sjálfir og leiðtogar þeirra eigi að fara næst um þroska og þarfir barna og unglinga á fræðslualdri.

Eftir að hafa átt kost á að kynnast tillögum frá stjórn Sambands íslenskra barnakennara, fræðslumálastjóra og þeim ráðherra, sem kenslumál heyra undir, vill nefndin leyfa sjer að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   Stjórn barnakennarafjelagsins skal kosin skriflega um land alt, enda hafi allir starfandi barnakennarar rjett til að vera fjelagsmenn.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fræðslumálanefnd barnaskólanna gerir tillögur til ráðuneytisins um námsskrár fyrir barnafræðslu landsins, löggilding kenslubóka, tilhögun prófa og um hámark og lágmark kenslustundafjölda fyrir hvert barn á dag. Ráðherra staðfestir tillögur nefndarinnar og auglýsir þær með hæfilegum fyrirvara. Samþykki fræðslumálastjórnarinnar þarf til að víkja frá námsskrá.
3. Við 3. gr. Greinin verður 4. gr. og orðist svo:
   Fræðslumálanefndir starfa launalaust, en fá endurgreidd nauðsynleg útgjöld til síma, brjefaskrifta og aðstoðar.
4. Við 4. gr., sem verður 3. gr. Í stað orðsins »skipaður« í öðrum málslið komi: skipar ráðherra.
5. Við 5. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Nú brýtur skóli í verulegum atriðum í bága við fyrirskipanir þær, sem gefnar eru eftir lögum þessum, og skal þá o. s. frv.
6. Við 6. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 13. febrúar 1928.

Páll Hermannsson, form. og framsögumaður.
Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.
Jón Þorláksson.

Ed. **172. Tillaga**

til þingsályktunar um að fella niður útflutningsgjald af síld, er seld var til Rússlands 1927.

Flutningsmaður: Erlingur Friðjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta niður falla innheimtu á útflutningsgjaldi af síld þeirri, sem seld var til Rússlands haustið 1927.

Greinargerð.

Eins og tekið er fram í umsókn þeirri, sem hjer fylgir með, hefir síld sú, er seld var til Rússlands á síðasta hausti, verið seld kr. 4,71 undir framleiðsluverði hver tunna. Stafaði þetta lága verð á síldinni af framboði Norðmanna á síld á rússneskum markaði á sama tíma og íslenska síldin var seld. Nú er það kunnugt, að Norðmenn leggja ekkert útflutningsgjald á síld, sem seld er frá Noregi til Rússlands, og styðja síldarseljendur á ýmsan annan hátt við söluna. Geta því Norðmenn hæglega boðið síldina fyrir lægra verð en íslenskir framleiðendur, meðan aðstaða þeirra er ekki að neinu leyti bætt frá því, sem nú er.

Þessi tillaga til þingsályktunar ber það með sjer, að umrætt útflutningsgjald hefir ekki enn verið greitt af síldareigendum. Hefir hæstv. fjármálaráðherra veitt gjaldfrest á því þangað til andvirði síldarinnar er fallið í gjalddaga.

Fylgiskjal.

Svo sem kunnugt er, þá voru seldar til Rússlands síðasta sumar 25000 tunnur af síldarframleiðslu ársins, verðið var 18 danskar krónur tunnan fob, eða sem svarar ísl. kr. 21,87 pr. tunnu komin um borð. Framleiðsluverðið var fyrir hverja tunnu ísl. kr. 26,58, svo sem meðfylgjandi kostnaðarskilagrein ber með sjer. Þar sem nú hver tunna hefir selst kr. 4,71 undir raunverulegum framleiðslukostnaði og hjer er um nýtt sölusvið að ræða, þá er það áskorun vor til þingsins, að það veiti þeim, sem afhent hafa síld þessa, algerða eftirgjöf á útflutningsgjaldinu.

Akureyri, 27. desember 1927.

F. h. Sölunefndar síldarseljenda til Rússlands sumarið 1927.

Ingvar Guðjónsson,
p. t. formaður.

Framleiðslukostnaður á 1 tunnu af saltsíld sumarið 1927.

Tunna	5,90
Salt	2,15
Síld	10,00
Bryggjuleiga	1,00
Söltun	1,15
Vinnulaun	2,00
Matslaun	0,15
Vatnsskattur	0,04
Bending o. fl.	0,65
Útskipun	0,45
Útsvar	0,40
Útflutningsgjald	1,50

Sölukostnaður	0,44
Símakostnaður	0,03
Skrifstofukostnaður	0,04
Fyrning á tunnum	0,03
Vátrygging	0,15
Rentur	0,50
Krónur	26,58

Nd. **173. Breytingartillögur**

við frv. til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Frá Ólafi Thors.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Hafnarfjarðarkaupstaður skal vera sjerstakt kjördæmi og kjósa einn alþingismann. Þegar þannig hefir bæst við einn þingmaður, skal neðri deild Alþingis skipuð 29 þingmönnum.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. Við 3. gr. Greinin verði 2. gr. og orðist svo:
   Lög þessi koma til framkvæmda við næstu almennar óhlutbundnar kosningar til Alþingis.

Nd. **174. Tillaga**

til þingsályktunar um aukið lán til frystihúsa og um bygging nýs kæliskips.

Flutningsmenn: Magnús Guðmundsson og Ólafur Thors.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að veita á yfirstandandi ári, með þeim skilmálum, sem til eru teknir í gildandi fjárlögum, 200000 kr. að láni til frystihúsa, svo framarlega sem fram á það verður farið, og greiðist úr ríkissjóði það af þessu fje, sem ekki kynni að vera fyrir hendi í viðlagasjóði, enda færist lánið yfir á hinn síðarnefnda sjóð, þegar hann er þess megnugur að greiða það ríkissjóði.
2. Að leita samninga við Eimskipafjelag Íslands um byggingu nýs kæliskips á borð við Brúarfoss, á svipuðum grundvelli og lagður var, er samið var um það skip, og leggja fyrir næsta Alþingi niðurstöðu þeirra samningaumleitana í frumvarpsformi, ef samningar nást.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, höfum vjer nokkur undanfarin ár gert talsvert víðtækar tilraunir um útflutning á kældu og frystu kjöti til Bretlands. Fengin reynsla bendir mjög sterklega til þess, að með þessum tilraunum höfum vjer lagt inn á þá braut, sem heppilegust muni í framtíðinni.

Hið lága saltkjötsverð, sem var í Noregi síðastliðið haust, og verðið, sem fjekst fyrir fryst kjöt í Bretlandi á sama tíma, hefir vakið mikinn áhuga á ýmsum stöðum á landinu á því að reisa frystihús, til þess að auðið verði að nota sjer í stærra mæli markaðinn fyrir hið frysta kjöt. En af þessu leiðir, að það fje, sem stjórninni er heimilað til lána í þessu skyni á yfirstandandi ári, mun ekki verða nægilegt til þess að fullnægja eftirspurninni. Fyrri hluti tillögunnar er því fram kominn til þess að færa stjórninni heim sanninn um, að Alþingi sje þess mjög hvetjandi, að hún bindi sig ekki við hina veittu lánsheimild, hvorki að því, er upphæð snertir, nje hvaðan fjeð er tekið. Tillaga þessi nær aðeins til yfirstandandi árs, en flutningsmenn hennar munu, er fjárlagafrumv. fyrir árið 1929 kemur til umræðu, flytja tillögu um hækkun á því fje, sem stjórnin hefir ætlað í þessu skyni í frumv. sínu.

En eftir því sem frystihúsum fjölgar, þarf auðvitað að sjá fyrir auknum skipakosti til flutninga á kjötinu, og verður að sjálfsögðu að hugsa fyrir því í tíma. Að þessu lýtur síðari hluti till., og er ekki að efa, að Eimskipafjelag Íslands muni nú sem áður bregðast eins vel við málaleitun í þessa átt og það sjer sjer frekast fært.

Rjett þykir einnig að benda á það í sambandi við þetta mál, að auk þess, sem bændum er bráðnauðsynlegt að afla betri markaðs fyrir kjötið en búast má við í Noregi fyrir saltkjöt, er ekki nein vissa fyrir, að vjer getum haldið til langframa þeim samningum, sem vjer nú höfum við Norðmenn, því að kunnugt er, að uppi hafa verið talsverðar óánægjuraddir í Noregi um þá.

Margir munu og þeir vera hjer á landi, sem álíta, að síldveiðarnar hjer við land komist ekki í viðunanlegt horf, fyr en vjer getum skipað fyrir um þau mál án þess að þurfa að taka tillit til annara þjóða, en slíkt mun þá fyrst verða mögulegt, er kjötmarkaðurinn er ekki að miklu eða mestu leyti eins og nú er hann. Enn má benda á það, að sú framkvæmd fiskiveiðalaganna, sem hefir verið beitt undanfarið, getur einnig af öðrum ástæðum verið varhugaverð til lengdar, en hjer er ekki ástæða til þess að reifa það atriði frekar.

Af þessu er það ljóst, að hjer sem oftar er um að ræða sameiginlegt áhugamál landbúnaðar og sjávarútvegs, og ætti því að mega vænta þess, að till. verði vel tekið.

Nánara í framsögu.

Ed. **175. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir einróma með því, að 1. gr. frv. verði samþykt.

Þá er nefndin og sammála um að leggja til, að 2. og 3. gr. verði feldar. Álíta nefndarmenn, að efni 2. gr., um að setja sjerstaka ræðustóla í þingdeildirnar, þoli að minsta kosti vel bið, og þótt nefndin viðurkenni, að til mála gæti komið að takmarka eitthvað málfrelsi þingmanna, þá getur hún alls ekki fallist á, að það verði gert á þann hátt, sem orðað er í 3. gr.

Þar sem 2. og 3. gr. koma sjerstaklega til atkvæða samkvæmt þingsköpum, þykir nefndinni ekki nauðsyn að bera fram sjerstaka brtt. um brottfelling þeirra, en ræður til, að þær verði feldar við atkvæðagreiðsluna.

Alþingi, 14. febr. 1928.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	Jón Þorláksson, frsm.

Ed. **176. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

Við 1. gr. Aftan við bætist ný málsgrein, þannig:
Aftan við 2. málsgrein 16. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
8) Utanríkismálanefnd.

Nd. **177. Frumvarp**

til laga um sauðfjárbaðanir.

Flutningsm.: Hákon Kristófersson.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir yfirumsjón og úrskurðarvald um framkvæmd sauðfjárbaðana. Það gefur út reglur og leiðbeiningar, hvernig þeim skuli haga.

2. gr.

Sauðfjárböðun skal á hverjum vetri fram fara á öllu sauðfje á landinu, á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. febrúar.

3. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að framkvæma böðun á öllu því sauðfje, er hann hefir undir höndum, og hlíta því eftirliti, sem lög þessi ákveða.

4. gr.

Hreppstjórar í sveitum, með aðstoð hreppsnefnda, og lögreglustjórar í bæjum, með aðstoð bæjarstjórna, skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur hafi trygt sjer næg baðlyf á sauðfje sitt, með nægilegum fyrirvara, til þess að böðun geti farið fram samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga þessara. Sömu stjórnarvöldum er skylt að hvetja menn til að koma upp svo mörgum sundþróm, er hæfilegt má telja til þess að böðun geti farið fram hvenær sem er að vetrarlagi.

5. gr.

Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í bæjum skulu, hver í sínu umdæmi, skipa einn eða fleiri menn sjer til aðstoðar til eftirlits með því, að allir baði, blöndun baðlyfja og hvernig baðað er.

Eftirlitsmenn skulu og skoða alt sauðfje kláðaskoðun í hvert skifti, áður en baðað er, og gefa skýrslu um skoðun og böðun samkvæmt 9. gr.

6. gr.

Nú hefir sauðfjárböðun einhversstaðar ekki farið fram eftir ákvæðum 2. og 3. gr., og er um að kenna hirðuleysi eða mótþróa fjáreiganda. Skal þá hlutaðeigandi eftirlitsmaður tilkynna það hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra, og skal hann þá tafarlaust sjá um, að böðun verði framkvæmd á kostnað fjáreiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

7. gr.

Nú verður vart fjárkláða í hreppi eða kaupstað, og er þá skylt að tvíbaða alt sauðfje kláðaböðun á því svæði, er fje gengur saman, á þann hátt, er hreppstjóri eða lögreglustjóri ákveða.

Verði þá enn vart fjárkláða, skulu gerðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til útrýmingar á honum.

8. gr.

Lítist atvinnumálaráðuneytinu, samkv. skýrslum þeim, er í 9. gr. getur, að fjárkláði sje að breiðast út, getur það fyrirskipað svo víðtæka kláðaböðun, sem það telur ástæður til.

9. gr.

Hreppstjóri og lögreglustjóri skulu, hver í sínu umdæmi, sjá um, að lögum þessum sje framfylgt, leiðbeina eftirlitsmönnum við skýrslugerð, heimta

skýrslur frá þeim og semja árlega aðalskýrslu, eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðherra setur.

Skýrslan skal sýna glögt yfirlit um skoðun, útbreiðslu kláða, böðun, hver baðlyf voru notuð og hvernig blönduð, og alt það, sem snertir fjárbaðanir. Skýrslan skal send atvinnumálaráðuneytinu fyrir 1. júlí ár hvert.

10. gr.

Þóknun til eftirlitsmanna greiðist úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði.

Andvirði baðlyfja, eins og þau kosta á næsta verslunarstað, sem notuð eru til endurböðunar samkv. 7. og 8. gr., greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Hver sá, er verður var við óþrif í sauðfje, eða verður þess var, að lög þessi eru ekki haldin, skal skyldur að tilkynna það hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—200 krónum, er renna í sveitar- eða bæjarsjóð þar, sem brotið er framið.

Skal fara með þau mál sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

14. gr.

Ákvæði tilskipunar 5. jan. 1866 og tilskipunar 4. mars 1871, lög nr. 40, 8. nóv. 1901, og lög nr. 58, 30. nóv. 1914, eru úr gildi numin, svo og öll önnur lagafyrirmæli, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar Nd. flutti á síðasta þingi frv. samhljóða þessu, og vísast því til greinargerðar þeirrar, er fylgdi því frumvarpi.

Nd. **178. Frumvarp**

til laga um samþyktir um sjúkraskýli og læknisbústaði.

Flutningsm.: Magnús Torfason og Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir um sjúkraskýli og læknisbústaði.

2. gr.

Nú berast sýslunefnd óskir frá sveitarstjórnum um að gera samþykt, og semur hún þá frumvarp að samþyktinni; síðan kveður oddviti til fundar á svæði því, er samþyktin á að ná yfir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir þeir, er kosningarrjett hafa til sveitarstjórnar.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur sýslumaður fram frumvarp sýslunefndar. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fer þá um frumvarpið sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi nær $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram af nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndarinnar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgi henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tekur til, hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir. Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skulu vera ákvæði um fjárframlög til stofnkostnaðar, rekstrar og viðhalds og innheimtu þeirra, svo og um eftirlit, það er þarf til þess að samþyktarinnar sje gætt. Ennfremur skulu sett ákvæði um stjórn sjúkraskýlis og læknisbústaðar og hvernig hún skuli kosin. Um skyldur til að taka sæti í stjórninni gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Gjöld öll og útistandandi skuldir má taka lögtaki.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, 10—300 kr., og renna þær í sjóð stofnana þeirra, er hlut eiga að.

8. gr.

Með brot gegn samþyktum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Nú nær samþyktarsvæðið yfir hluta úr 2 sýslum, og kveður þá stjórnarráðið nánar á um, hvernig samþykt skuli komið á hverju sinni.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt með ráði landlæknis, enda munu nokkur ár síðan heilbrigðisstjórnin fitjaði upp á málinu, þótt ekki hafi orðið af framkvæmdum fyr. Sjúkraskýli eru nú rjettarlítil og öll ákvæði vantar nú um samábyrgð þá, er bygging þeirra og læknisbústaða venjulega hefir í för með sjer.

Nd. 179. Breytingartillögur

við frv. til laga um þinglýsing skjala og aflýsing.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 10. gr. Upphaf 2. málsl. orðist svo:
   Skulu samritin og eftirritin þá fest eða bundin.
2. Við 11. gr.
   a. Upphaf 3. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
      Ennfremur skal halda skrár eftir stafrófsröð, og skal þar o. s. frv.
   b. 3. málsgr. orðist svo:
      Sjerstakar lóðaskrár, skipaskrár og bifreiðaskrár skal halda þar, sem það telst nauðsynlegt.
3. Við 13. gr. 1. málsgr. Orðin »í bókinni« falli niður.
4. Við 16. gr. Í stað orðanna »1. júlí 1928« komi: 1. janúar 1929.

Nd. 180. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frumvarp þetta. Leggur meiri hlutinn til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 14. febr. 1928.

Sveinn Ólafsson, form. Sigurjón Á. Ólafsson, frsm. Jörundur Brynjólfsson.

Ed. **181. Frumvarp**

til laga um gjaldþrotaskifti.

Flutningsmenn: Ingvar Pálmason, Jón Baldvinsson.

1. gr.

Bú einstaklings, firma eða fjelags er skylt að taka til gjaldþrotaskifta:

1. Ef þess er krafist af þeim, er telur sig ekki geta að fullu staðið í skilum við lánardrotna sína og á ekki nægilegt fje til greiðslu skulda sinna.
2. Ef lánardrottinn gerir kröfu um, að bú manns, er strokið hefir af landi brott, eða felur sig, að því er ætla má, sökum skulda, enda sje hætta á því, að dráttur á gjaldþrotaskiftum baki lánardrotnum tjón.
3. Eftir kröfu lánardrottins, ef hann sannar með árangurslausri aðför eða lögbaldsgerð, eða með játningu skuldunauts, að bú hans hrökkvi eigi fyrir skuldum.

Hver sá atvinnurekandi eða kaupmaður — þar með talin fjelög, firmu eða einstakir menn, er reka verslun, útgerð, siglingar, verksmiðjuiðnað eða einhvern slíkan atvinnurekstur — sem stöðvað hefir greiðslu á skuldum sínum, enda sjái hann fram á það, að hann geti ekki greitt þær að fullu, og fjárhagur hans versnað síðasta reikningsár, er skyldur til þess að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskifta.

Ef bú fjelags eða firma er tekið til gjaldþrotaskifta, þá skal og bú þeirra manna, er bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum fjelagsins eða firmans, einnig tekið til gjaldþrotaskifta.

2. gr.

Sá, er krefst þess, að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskifta, skal senda skiftaráðanda um það skriflega beiðni og telja þar fram ástæður sínar fyrir beiðninni, láta fylgja lista yfir eignir og skuldir og skrá yfir verslunarbækur þær, er hann hefir haldið.

Komi krafan um gjaldþrotaskiftin frá lánardrotni, skal henni fylgja rökstuðningur og skilríki, svo sem útskrift af árangurslausri aðför eða lögbaldsgerð.

3. gr.

Þegar skiftaráðandi hefir tekið við kröfu um gjaldþrotaskifti, hvort heldur er frá skuldunaut eða lánardrotni, skal hann tafarlaust rannsaka, hvort krafan sje á rökum reist, og getur hann í því skyni kallað á fund sinn lánardrotna eða skuldunaut eða hvoratveggja, og krafist skilríkja og ástæðna af þeim. Neiti skuldunautur að svara spurningum skiftaráðanda og gefa upplýsingar, eða ef hann sækir ekki boðaðan skiftafund án þess að lögleg forföll hamli, er rjett að líta svo á, að skuldunautur samþykki skýrslur lánardrotna.

Þegar skiftaráðandi hefir fengið þær skýrslur og upplýsingar, er hann telur þörf á, skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð um það, hvort krafan um gjaldþrotaskifti skuli tekin til greina eða eigi.

4. gr.

Áfrýjun úrskurðar um það, að bú skuli tekið til gjaldþrotaskifta, frestar ekki skiftum. Þó skal, er svo stendur á, eigi ráðstafa eða selja muni búsins, nema með samþykki gjaldþrota, fyr en fullnaðardómur er genginn.

5. gr.

Gjaldþrotaskifti teljast byrjuð, þegar skiftaráðandi hefir fengið í sínar hendur beiðni skuldunauts, eða kveðið upp úrskurð um skifti, að beiðni lánardrottins.

Þegar gjaldþrotaskifti eru byrjuð, getur lánardrottinn, sem gert hefir kröfu um skiftin, eigi afturkallað þau. Hinsvegar getur skuldunautur, hafi hann einn gert kröfu um skiftin, afturkallað beiðni sína, ef hann gerir það sennilegt, áður en innköllun er útgefin, að hann geti staðið í skilum við lánardrotna sína, enda komi ekki fram mótmæli frá þeim, er gefið hafa sig fram með kröfur á búið. Skiftaráðandi fellir úrskurð um það, hvort afturköllun á beiðni skuldunauts skuli til greina tekin.

6. gr.

Skiftaráðandi skal tafarlaust auglýsa gjaldþrotaskiftin í Lögbirtingablaðinu og gefa út áskorun (proclama) til lánardrotna, með þeim kröfulýsingarfresti, sem til er tekinn í 2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924.

Skylt er skiftaráðanda að auglýsa með sama hætti, ef gjaldþrotaskifti falla niður, og einnig þegar þeim lýkur, sbr. 37. gr.

7. gr.

Þegar skiftaráðandi hefir úrskurðað gjaldþrotaskifti, skal gjaldþroti tafarlaust leiddur fyrir lögreglurjett og þar skýra frá ástæðunum til gjaldþrotanna, eyðslu sinni og lifnaði á síðastliðnum missirum, og einnig gera grein fyrir tekjum sínum og gjöldum á sama tíma. Hafi gjaldþroti verið bókhaldsskyldur, skal hann og gera grein fyrir bókhaldi sínu og efnahagsreikningi, og virðist dómara vera ástæða til, skal hann láta sjerfróða menn endurskoða bókhald ásamt eigna- og skuldaframtali gjaldþrota, svo fljótt sem verða má, á kostnað búsins.

Sje um fjelag eða firma að ræða, er gjaldþrota hefir orðið, skal framkvæmdastjóri þess, forráðamenn eða stjórnendur, svo og endurskoðendur reikninga þess, mæta fyrir lögreglurjetti og gera grein fyrir ástæðunum til gjaldþrotanna.

8. gr.

Dómara ber að rannsaka fyrir lögreglurjettinum, að hætti almennra lögreglumála, hvort gjaldþroti hafi með framferði sínu gert sig sekan um brot

á lögum þessum, eða öðrum lagaákvæðum, sem sett eru til verndar almennu lánstrausti.

Virðist dómara það koma í ljós við rannsóknina, að eigi sje ástæða til þess að ætla, að gjaldþroti eða aðrir hafi með sviksamlegum hætti átt sök á gjaldþrotinu, og eigi að neinu leyti brotið sett lög og reglur í sambandi við gjaldþrotin, skal dómara þó altaf skylt að senda dómsmálaráðuneytinu útskrift af prófum málsins, og ákveður það, hvort frekari rannsókn skuli fram fara og hvort höfða skuli mál gegn einhverjum út af gjaldþrotunum.

Ef dómara hinsvegar finst það bert af lögreglurjettarrannsókninni, að gjaldþroti eða einhver annar hafi gerst sekur um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldþrotin, með því t. d. að skjóta undan einhverju af eignum búsins, eða með ráðstöfunum til þess að firra búið einhverjum munum þess eða rjettindum, eða á einhvern annan hátt brotið gildandi lagaákvæði til verndar almennu lánstrausti, svo sem með því að halda ekki lögboðnar verslunarbækur, eða hafa bókhald þeirra í ólagi, gera vísvitandi rangt upp efnahag sinn, taka vörur að láni, án þess að ætla sjer að greiða þær, sóa fje sínu með eyðslusömum lifnaði, eða á annan hátt brotið gildandi refsiákvæði, þá skal dómari, án þess hann þurfi að leita til dómsmálaráðuneytisins, að undangenginni frekari rannsókn, ef ástæða þykir til, höfða mál til refsingar gegn gjaldþrota, stjórn eða framkvæmdastjóra gjaldþrota fjelags eða firma, eða öðrum þeim, er ætla má að eigi sök á afbrotunum.

Reynist gjaldþroti eða stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis sannir að sökum um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldþrotið, skal dæma þá til þess að hafa fyrirgert rjetti til þess að reka eða stjórna verslun eða atvinnufyrirtæki um tiltekið árabil, þó ekki skemur en 5 ár, og æfilangt, ef miklar sakir eru.

9. gr.

Dómari getur úrskurðað, að gjaldþroti eða forráðamenn gjaldþrota fyrirtækis sjeu settir í einfalt fangelsi, ef þeir gera ekki grein fyrir eignum og skuldum búsins, án þess að hafa gildar ástæður fyrir sig að bera, eða ef þeir þrjóskast við að láta í tje upplýsingar við uppskrift á eignum búsins, eða gefa skýrslur um ástæður og hag búsins, svo og ef þeir reyna að fara úr lögsagnarumdæminu án leyfis dómara. Lengd fangelsistímans skal hverju sinni ákveðin af dómara, eftir því, sem honum virðast ástæður til, þó eigi lengur en 6 mánuði.

10. gr.

Heimilt er skiftaráðanda, með samþykki skiftafundar, að veita gjaldþrota ókeypis afnot húsgagna, húsnæðis, jarðnæðis, búsmuna og búsmala, ef ætla má, að gjaldþrota eða fjölskyldu hans sje örðugt án þess að vera í bili. Einnig má veita gjaldþrota styrk af fje búsins, sjer og sínum til framfæris, ef ætla má, að yfir honum vofi neyð. Styrk og afnot búsmuna má ekki lengur veita en eitt ár, nema allir lánardrotnar verði á það sáttir, en þó aldrei eftir að skiftum búsins er lokið.

11. gr.

Þegar gjaldþrot byrja, skal gjaldþroti tafarlaust sviftur umráðum yfir öllu því, er talið verður til eigna hans, svo og því, sem hann eignast meðan á skiftum stendur, og skal eignum hans varið til þess að fullnægja öllum þeim löglegum kröfum, er voru á hendur gjaldþrota, er skifti byrjuðu, svo og til greiðslu kostnaðar þess, er af skiftunum leiðir. Undanþegin eru þó gjaldþroti þau verðmæti eða munir, er ekki má gera fjárnám í samkvæmt fyrirmælum einstakra manna, lagaákvæða eða annara sjerstakra heimilda og undantekninga laga þessara.

12. gr.

Eftir að gjaldþrotaskifti byrja, getur enginn öðlast rjett á hendur búinu með samningum við gjaldþrota, nje losast undan skyldum, er á honum hvíla gagnvart því. Undantekning er þó, ef samið er við gjaldþrota áður en skifti eru auglýst, enda hafi þá viðsemjanda verið ókunnugt um, að skiftin voru byrjuð.

13. gr.

Tæmist gjaldþrota arfur, meðan á skiftum stendur, rennur arfurinn til þrotabúsins. Sama er um dánargjafir og aðrar gjafir, er gjalþrota hlotnast á því tímabili. Ákvæði þessi koma þó því aðeins til framkvæmda, að lögmætar ákvarðanir arfláta eða gefanda sjeu því ekki til fyrirstöðu.

14. gr.

Ef gjaldþrotabúi berast peningar, vörur, farmskrár, víxlar eða annað þess háttar, sem sent hefir verið gjaldþrota til þess að hann greiddi andvirði fyrir, þá getur búið orðið eigandi að slíkum munum, þótt þeir hefðu ekki verið orðnir eign gjaldþrota áður, ef búið greiðir andvirðið á rjettum gjalddaga.

15. gr.

Það, sem gjaldþroti vinnur sjer inn, meðan á skiftum búsins stendur, rennur ekki til búsins.

16. gr.

Allar lögmætar kröfur, er lánardrotnar hafa á hendur gjaldþrota, sem fullnægja á með eignum búsins, verður að meta til peningaverðs, og sje miðað við, hvað miklu það varði lánardrotna að fá kröfurnar greiddar.

Allar kröfur á hendur gjaldþrota, sem búinu ber að greiða, eru í gjalddaga fallnar, þegar skifti byrja, og getur búið greitt þær þegar í stað, án tillits til gjalddaga þess, sem gjaldþroti kann að hafa samið um.

17. gr.

Hver sá, er skuldar þrotabúi, getur dregið frá það, er hann á hjá því,

hvernig sem skuld og gagnkröfu er varið, en þó því aðeins, að lánardrottinn sjálfur, eða sá, er hann hefir erft skuldakröfuna eftir, hafi fengið hana áður en skiftin byrjuðu, enda hafi lánardrotni þá eigi verið kunnugt um, að gjaldþroti átti ekki fyrir skuldum, nje lánardrottinn fengið framsal kröfunnar með það fyrir augum að skuldajafna við kröfu væntanlegs þrotabús við kröfu þess á hendur sjer. Skiftaráðandi skal gera gangskör að því að upplýsa og staðreyna, hvernig krafa sú er tilkomin, er lánardrottinn vill skuldajafna við kröfu búsins á hendur sjer, og gæta þess sem auðið er, að til skuldajafnaðar geti ekki komið, ef lánardrottinn hefir fengið gagnkröfu sína með þeim hætti, er að framan greinir, og getur skiftaráðandi látið kröfuhafa staðfesta framburð sinn með eiði, ef honum virðist ástæða til.

Eigi má framselja skuldabrjef búsins, áður en liðinn sje innköllunarfrestur, nje heldur síðar, ef mótkröfu er lýst á þann hátt, að fyrirgert sje með því gagnkröfurjetti.

18. gr.

Hafi gjaldþroti tekið fasteign á leigu, kemur búið í hans stað, frá því að gjaldþrotaskifti hefjast, nema öðruvísi hafi verið um samið. En búið og leigusali geta sagt upp leigumálanum með venjulegum uppsagnarfresti, miðað við fardaga eða flutningsdag, þó samið hafi verið um lengri leigutíma eða lengri uppsagnarfrestur tilskilinn. En bæta verður þá sá, er leigumálanum segir upp, halla þann, sem gagnaðili kann að bíða af því, að leigumálanum var ekki haldið áfram.

19. gr.

Hafi gjaldþroti á síðustu 6 mánuðum, áður en hann varð gjaldþrota, greitt skuld, hvort sem hún var fallin í gjalddaga eða eigi, með því að láta af hendi við lánardrottin fasteign, skip eða aðra þá muni, er telja verður óvanalegan gjaldeyri, eftir öllum ástæðum, eða hann hefir greitt skuld, er eigi var fallin í gjalddaga, þó með vanalegum gjaldeyri sje greitt, þá getur búið riftað greiðslunni og krafist þess, að lánardrottinn skili aftur því, sem hann hefir fengið, eða andvirði þess.

20. gr.

Veðskuldbindingar þær, er gjaldþroti hefir gengist undir á tímabili því, er ræðir um í 19. gr., til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru stofnaðar á sama tíma, eru ógildar að því er búið snertir.

21. gr.

Ákvæði 19. og 20. gr. eiga þó ekki við, ef gjaldþroti sannar, að hann hafi átt fyrir skuldum, þegar greiðslan eða veðsetningin fór fram. Það sama gildir og, ef sá, er gjaldþroti hefir skift við, færir fram sönnur fyrir því, að hann hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að gjaldþroti ætti fyrir skuldum, þegar svo stendur á, er í áðurnefndum greinum segir.

22. gr.

Hafi farið fram fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymslu, eftir sætt um greiðslu skuldar, er gjaldþroti hefir gengið að, á tímabili því, sem um er að ræða í 19. gr., eða eftir dómi í máli, er höfðað hefir verið á sama tímabili, þá falla í burtu sjerrjettindi þau í búinu, er af fjárnáminu eða löggeymslunni leiða, nema því aðeins, að sannað verði, að gjaldþroti hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gerð eða mál höfðað, eða ef lánardrottinn sannar, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að gjaldþroti ætti þá fyrir skuldum.

23. gr.

Hafi gjaldþroti á undan gjaldþroti sínu og þegar hann hlaut að sjá, að það mundi bráðlega að höndum bera, ívilnað sumum lánardrotnum sínum, hinum til tjóns, þannig að saknæmt sje, þá getur búið krafist þess, að greiðslunni eða ráðstöfuninni sje rift, og að lánardrottinn skili aftur því, er hann hefir þannig fengið, eða andvirði þess, sjeu líkur til þess, að lánardrotni hafi verið kunnugt um ástæður gjaldþrota, þegar greiðslan eða ráðstöfunin fór fram.

24. gr.

Þegar einhverjum ber að skila búinu því, er hann hefir tekið við, eða verði þess, eftir ákvæðum næstu greinar hjer á undan, á hann rjett á því, að honum sje greitt aftur það, er hann hefir látið af hendi við gjaldþrota, umfram það, er hann fjekk greiðslu fyrir. Og þegar greiðslu er skilað aftur, er afstaða hans til búsins að þessu leyti sú sama og ef engin greiðsla hefði fram farið.

Sje eindagaður víxill greiddur með vanalegum gjaldeyri, er ekki unt að krefjast þess, að sá skili aftur greiðslunni, sem hefði haft rjett til þess að krefjast greiðslu á víxlinum hjá öðrum, ef bú skuldunauts yrði tekið til gjaldþrotaskifta, en hafi mist þennan rjett við greiðsluna. Hinsvegar má krefjast upphæðar þeirrar, er víxillinn var greiddur með, at þeim, sem að lokum hefði haft hag af greiðslunni, ef hann hefði ekki áður verið greiddur, enda hafi honum, þegar hann gaf út eða framseldi víxilinn, verið kunnugt um, að svo var ástatt fyrir skuldunaut eins og segir í 25. gr.

25. gr.

Hver sá, er á hinu síðasta ári áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu, ef gjaldþroti átti þá ekki fyrir skuldum, hefir þegið af honum gjöf, er skyldur að skila gjöfinni aftur eða andvirði hennar, ef ástæða er til þess að ætla, að gjafþega hafi þá verið kunnugt um, að gjaldþroti átti þá ekki nægilegt fje fyrir skuldum. Ef það hefir bakað gjafþega fjárútlát að taka á móti gjöfinni, ber búinu að greiða það að fullu. Hið sama gildir, þótt ráðstöfun gjaldþrota líti út sem sala, makaskifti, leigumáli eða annar slíkur viðskiftagerningur, ef ætla má af öllum atvikum, að ráðstöfunin hafi í raun og veru verið gjöf.

26. gr.

Hafi gjaldþroti á síðustu tveim árunum, áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu, varið meiru fje en svo, að samsvari efnahag hans, til þess að kaupa lífeyri eða lífsábyrgð, eða þesskonar tekjur handa sjer, konu sinni eða lögerfingjum, eða til þess að gefa öðrum, þá getur búið hagnýtt sjer þann rjett, er gjaldþroti hefir sjálfur, til þess að slíta samningnum og krefjast endurgreiðslu, ef búinu bætast tekjur við það.

27. gr.

Allar afhendingar, hvort sem eru gjafir, kaup eða önnur afsöl á milli hjóna, þar með talinn kaupmáli, svo og aðrir slíkir löggerningar á milli foreldra og barna, tengdaforeldra og tengdabarna, arfláta og erfingja, skulu ógildir vera, ef þær hafa farið fram eftir að gjaldþroti átti ekki nægilegt fje fyrir skuldum, geri einhver lánardrottinn í búi gjaldþrota kröfu um ógildingu. Sönnunarbyrði þess, að gjaldþroti hafi átt nægilegt fje fyrir skuldum, þegar löggerningar þessir fóru fram, hvílir á gjaldþrota.

Hafi gjaldþroti gert kaupmála tveim árum eða skemmri tíma fyrir gjaldþrot sín, er hann ógildur, þótt gjaldþroti hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum.

Hafi gjaldþroti afsalað sjer arfi, er hann átti í vændum, á árinu næsta áður en hann varð gjaldþrota, er það afsal ógilt gagnvart þrotabúinu, nema gjaldþroti sanni, að hann hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum.

28. gr.

Hafi sá, er haft hefir viðskifti þau við gjaldþrota, er ræðir um í 19.—27. gr., afhent öðrum hluti þá eða rjettindi, er hann hefir fengið, hefir búið þá einnig gagnvart þeim rjett á að krefjast munanna eða rjettindanna, eða andvirði þeirra, ef ætla má, að þeim hafi verið kunnugt um, að tilgangurinn með framsalinu væri sá, að hindra búið í því að njóta rjettar síns.

29. gr.

Hafi gjaldþroti á mánuðinum næsta áður en bú hans var tekið til gjaldþrotaskifta keypt vörur eða muni, sem hann hefir ekki greitt, og vörurnar eða munirnir eru óskertir í vörslum hans, þegar gjaldþrotin byrja, getur sá, er selt hefir vörurnar eða munina, krafist þeirra úr búinu aftur, nema líklegt þyki, að honum hafi verið kunnugt, þegar hann gerði kaupin við gjaldþrota, að hann ætti ekki lengur fyrir skuldum og að gjaldþrot væru yfirvofandi.

Geri lánardrottinn slíka kröfu á hendur búinu, skal skiftaráðandi láta hann leggja fram sannanir fyrir kröfu sinni, og kveða síðan upp rökstuddan úrskurð um það, hvort krafan verði tekin til greina eða ekki. Þeim úrskurði má áfrýja með venjulegum hætti.

30. gr.

Mál þau, sem höfðuð eru til þess að rifta ráðstöfunum samkvæmt 19.—28. gr., skal sá fara með fyrir hönd lánardrotna, sem til þess verður kjörinn á skiftafundi. Með mál þessi skal fara sem gestarjettarmál, og er varnarþing málsins heimili gjaldþrota. Mál skal höfða tafarlaust þegar skiftafundur hefir tekið ákvörðun um það, og reka með hæfilegum hraða, svo það tefji ekki fyrir skiftum búsins.

31. gr.

Hver lánardrottinn getur heimtað gjaldþrotaskifti eftir ákvæðum laga þessara í dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, sbr. 81. gr. skiftalaganna frá 12. apríl 1878. Þegar skiftaráðandi skiftir búi milli hjóna, sem bæði eru á lífi, eða búi milli þess hjóna, er eftir lifir og ábyrgist skuldir búsins, og erfingja hins látna, getur einnig hver lánardrottinn krafist gjaldþrotaskifta á búinu, ef svo er ástatt fyrir því hjóna, er í hlut á, að krefja megi gjaldþrotaskifta á búi þess eftir lögum þessum. Í búum þeim, er ræðir um í þessari grein, skal reikna fresti þá, er getur um í 19., 20., 22., 25. og 26. gr., frá þeim tíma, að búið var tekið til skiftameðferðar.

32. gr.

Skiftaráðanda skal skylt að ávaxta í banka eða sparisjóði fje gjaldþrotabúa og annara þeirra búa, sem undir opinberum skiftum eru, þannig að lánardrotnar eða erfingjar njóti vaxta af innieign búanna. Skal skiftaráðandi að jafnaði hafa sjerstaka sparisjóðsbók fyrir hvert bú, er hann hefir undir skiftum, og leggja þar inn jafnóðum það fje, er búunum berast.

33. gr.

Komi það í ljós meðan á gjaldþrotaskiftum stendur, að búið hrökkvi eigi fyrir kostnaði við skiftin, skal þegar lúka skiftum, enda ber sá, er gjaldþrotanna hefir krafist, ábyrgð á greiðslu þess kostnaðar, er ekki fæst greiddur af eigum búsins. Þó getur lánardrottinn sá, er krafist hefir gjaldþrotaskifta og er í vafa um ástand búsins, komist hjá frekari ábyrgð, ef hann lýsir yfir því og lætur bóka í skiftabók, að hann álíti, að búið hrökkvi ekki fyrir kostnaði við framhald skiftanna, og að þann kostnað vilji hann ekki greiða, er framhald skiftanna hefir í för með sjer, þá getur hann krafist þess, að skiftunum skuli þegar lokið.

34. gr.

Að liðnum innköllunarfresti til lánardrotna, má hvenær sem vill afhenda gjaldþrota bú hans í hendur til frjálsra umráða, ef hann sýnir skiftaráðanda skriflegt samþykki til þess frá öllum þeim lánardrotnum, sem hafa gefið sig fram með kröfur á búið. Sönnun fyrir því, að skuld sje greidd að fullu, sem lýst hefir verið í þrotabúið, er jafngild samþykki hlutaðeigandi lánardrottins.

35. gr.

Þegar öðruvisi er ástatt, lýkur gjaldþrotaskiftum með úthlutun skiftaráðanda til lánardrotna.

36. gr.

Skylt er skiftaráðanda að lúka skiftum á gjaldþrotabúum og öðrum búum, sem undir opinberum skiftum eru, svo fljótt, sem verða má, en þó aldrei síðar en 18 mánuðum eftir síðustu birtingu innköllunar, nema allir lánardrotnar í gjaldþrotabúum og erfingjar í dánarbúum samþykki, að skifti dragist lengur.

37. gr.

Þegar úthlutunargerð gjaldþrotabús hefir verið samþykt á skiftafundi og skiftum búsins að öðru leyti lokið, skal skiftaráðandi auglýsa í Lögbirtingablaðinu, að skiftum búsins sje lokið, hvenær þau hafi byrjað, hve háa hundraðstölu af kröfum sínum lánardrotnar hafi fengið úr búinu, og hversu háar upphæðir það eru, er lánardrotnar hafa ekki fengið greiddar.

Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð til leiðbeiningar skiftaráðendum, um efni og form þessara auglýsinga.

38. gr.

Gjaldþroti ber ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, er ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiftin, 10 ár eftir að skiftum lýkur.

39. gr.

Brot gegn ákvæðum 5. málsgreinar 1. gr. varða sektum eða fangelsi.

Ef skiftaráðandi brýtur í bága við ákvæði 32. og 36. gr. laga þessara, varðar það hann sektum, eða embættismissi, ef miklar sakir eru.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928, og skal beita þeim við þau gjaldþrotaskifti og önnur skifti, að svo miklu leyti, sem lögin snerta þau, við þau bú, sem tekin eru til opinberra skifta eftir að lög þessi öðlast gildi. Þau bú, sem tekin eru til skifta fyrir gildistöku laga þessara, hlíta ákvæðum eldri laga. Þó skal beita ákvæðum 36. og 37. gr. laga þessara við þau bú, sem eru undir skiftum, þegar lög þessi öðlast gildi. Skylt skal og að lúka skiftum á öllum þeim búum, sem undir opinberum skiftum standa, þegar lög þessi öðlast gildi, eigi síðar en 18 mánuðum eftir gildistöku laga þessara, með undantekningu þeirri, er getur um í niðurlagi 36. gr.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 7, frá 13. apríl 1894, um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskifti, 8. gr. laga 4. nóv. 1887, um veð, og öll önnur lagaákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra og flutt eftir beiðni hans. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Nú síðustu árin hefir það verið á almannavitund, að skifti gjaldþrotabúa og meðferð þeirra væri á aðra lund en æskilegt væri, gildandi reglur um gjaldþrotameðferð úreltar og framkvæmd þeirra víða ábótavant. Einkum hefir leikið orð á því, að ekki kæmu öll kurl til grafar, þegar um gjaldþrot fjesýslumanna væri að ræða, og það þótt sýnilegt, að margir þeir menn, er gjaldþrota hafa orðið, hafi byrjað á nýjan leik á atvinnurekstri sínum, stundum, að því er virtist, með fullar hendur fjár, en lánardrotnarnir staðið eftir með sárt ennið og mikið fjetjón. Það hefir og leikið grunur á því, að oft væri margt gruggugt í sambandi við gjaldþrotin, og fróðir menn þóst sjá merki þess, að fá þeirra gjaldþrota, er orðið hafa í Reykjavík síðustu árin, væru heiðarleg eða lögum samkvæm. Mörgum virðist það og fara ískyggilega í vöxt, að menn hirði ekki um það að standa í skilum við lánardrotna sína, og sumum virst, að lögin og framkvæmd þeirra bæru meira hag skuldunautanna en lánardrotnanna fyrir brjósti. Þá hefir það og þótt við brenna, að gjaldþrotabú væru óhæfilega lengi undir skiftum og öll meðferð skiftanna seinlát og óröggsamleg.

Það mun því ekki þykja að ástæðulausu, að komið er hjer fram með ýmsar breytingar á gjaldþrotalöggjöfinni, með það fyrir augum að reyna að bæta úr þeim misfellum, er verið hafa undanfarið á þessari löggjöf og framkvæmd hennar. Raunar væri full þörf að breyta ýmsu í skiftalögunum frá 1887, en það hefir þó þótt rjettara að byrja á gjaldþrotalöggjöfinni sjerstaklega, því að þar væri þörfin á breytingum einna brýnust. Hinsvegar hafa á stöku stað í frumvarpi þessu verið sett ný ákvæði, er ná til allrar opinberrar skiftameðferðar, eins og t. d. í 32. og 36. gr.

Í nágrannalöndunum Noregi og Danmörku, þar sem svipuð ákvæði gilda um gjaldþrotaskifti eins og hjer, hafa heyrst háværar raddir um það síðustu árin, bæði meðal almennings og fræðimanna, að gerbreyta þyrfti mörgum gjaldþrotaákvæðunum og framkvæmd þeirra, og hefir sumstaðar í frv. þessu verið farið eftir þeim tillögum, er komið hafa fram í þeim löndum frá fræðimönnum, til breytinga á gjaldþrotalöggjöfinni.

Lög þau, er nú gilda að mestu um gjaldþrotaskifti hjer á landi, eru lög nr. 7 frá 13. apríl 1894, og er til þess ætlast, að frumvarp þetta komi í þeirra stað.

Í frumvarpi þessu koma fram ýms nýmæli og allmiklar breytingar á gildandi lögum, og verður þeirra getið sjerstaklega í athugasemdunum um einstakar greinar, er fylgja hjer á eftir.

Um 1. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða að efni til 1., 2. og 3. gr. gjaldþrotalaganna, nr. 7 frá 13. apríl 1894, sem hjer eftir í athugasemdum þessum verða kölluð gjþrl. Orðabreytingar hafa þó verið gerðar nokkrar og efnisniðurröðun einnig á annan veg, eftir því sem betur hefir þótt fara.

Aftur á móti er hvorki tekið upp í þessa grein nje aðrar greinar frv. ákvæði 4. gr. gjþrl. um greiðslu á svarkröfu. Þykir ástæðulaust að halda því ákvæði, er bæði mun mjög lítið notað í reyndinni og einnig þess eðlis, að ósennilegt er, að sú aðferð verði höfð, einkum eftir að víxlar komu mikið í notkun, en eftir þeim er hægt að framkvæma löghaldsgerð án tryggingar, auk þess sem mjög er fljótlegt að fá dóm fyrir víxilkröfum. Þykir því nægilegt, að hægt sje að staðreyna getuleysi skuldunauts með árangurslausri aðför eða löghaldsgerð, eða játningu skuldunauts sjálfs.

Það nýmæli er tekið upp í grein þessa, að atvinnurekendur og kaupsýslumenn, sem stöðvað hafa greiðslur á skuldum sínum og sjá fram á það, að þeir geti ekki greitt þær að fullu og fjárhagur þeirra farið versnandi síðasta reikningsár, skuli skyldir að gefa bú sín upp til gjaldþrotaskifta. Regla þessi er tekin upp í gjaldþrotalöggjöf sumra erlendra þjóða og þykir hafa gefist vel. Það sýnist og eðlilegt, að þeir, sem reka einhverja slíka atvinnu og oftast hafa mikið fje að láni og viðskifti við marga, láti ekki undir höfuð leggjast að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskifta, og haldi ekki áfram viðskiftunum þannig, að fleiri bíði tjón af þeim. Reyndin hefir og oft orðið sú hjer á landi, að margir hafa lengi haldið áfram atvinnurekstri sínum eftir að sýnilegt var, að til gjaldþrota myndi draga, og með því bakað sumum lánardrotnum sínum mikið tjón, því niðurstaðan hefir þá venjulega orðið sú, að þrotabú þeirra manna hafa aðeins hrokkið fyrir skiftakostnaði, eða þá í besta falli gefið örlitla hundraðstölu til lánardrotnanna. Í tvennum nýlegum lögum, bæði í 35. gr. samvinnulaganna, nr. 36 frá 1921, og einnig í 44. gr. hlutafjelagslaganna, nr. 77 frá 1921, er gert ráð fyrir, að regla þessi muni verða lögfest, og þykir því sjálfsagt að taka hana upp í ný gjaldþrotalög.

Í endi greinar þessarar er einnig tekið upp það ákvæði, að þeir, sem bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags eða firma, verði gjaldþrota um leið og fjelagið og firmað verður það. Jafnvel þó að álíta megi, að regla þessi hafi áður verið í gildi, mun þetta þó ekki hafa verið framkvæmt þannig sumstaðar nú undanfarið, þó það hinsvegar virðist eðlilegt og sjálfsagt, að þessari reglu væri fylgt í framkvæmd gjaldþrotaskifta. Með þessu ákvæði ætti það þó að minsta kosti að vera trygt, að þetta verði hjer eftir framkvæmt eins af öllum skiftaráðendum landsins.

Um 2. gr.

Grein þessi er að mestu leyti að efni til samhljóða 5. gr. gjþrl., en sumstaðar breytt orðalag.

Um 3. gr.

Þessi gr. er og að efni til samhljóða 6. gr. gjþrl., aðeins smávægilegar orðabreytingar.

Um 4. gr.

Samhljóða 7. gr. gjþrl. hvað efni snertir.

Um 5. gr.

Hjer er og að mjög litlu breytt efni 8. gr. gjþrl.

Um 6. gr.

Grein þessi er í samræmi við 9. gr. gjþrl., nema hvað hún er samræmd við nýrri löggjöf, bæði við lög nr. 19, frá 4. júní 1924, 4. gr., og lög um útgáfu lögbirtingablaðs, nr. 32, frá 16. nóv. 1907.

Um 7. gr.

Hjer er um algert nýmæli að ræða, þar sem gera á gangskör að því að rannsaka orsakir allra gjaldþrota. Virðist full þörf á slíku, eftir reynslu undanfarinna ára. Þykir rjettara, að sú rannsókn fari fram að hætti almennra lögreglumála, því þá fæst betra tækifæri til þess að leiða vitni og eiðfesta þau og afla annara þeirra gagna, er upplýsa kunna allar aðstæður og orsakir gjaldþrotanna.

Þó að sumum kunni að virðast það hart aðgöngu fyrir gjaldþrota menn, að þeir sjeu tafarlaust leiddir fyrir lögreglurjett, ber þó ekki síður á það að líta, að nauðsyn er að setja fyllri fyrirmæli, til þess að koma í veg fyrir óreiðu í fjárhagsefnum og sporna við þeirri spillingu, er þykir hafa borið á við gjaldþrot síðari ára. Þess má og geta, að þó þessi ákvæði sjeu nýlunda í vorum lögum, eru þó mjög svipuð ákvæði sett í gjaldþrotalöggjöf Bretlands (Acts of bankruptcy), og hafa þótt koma þar að góðu liði.

Um 8. gr.

Grein þessi hefir einnig nýmæli að geyma, sem eru í beinu framhaldi af 7. gr., um rannsókn á orsökum gjaldþrota og prófun á því, hvort nokkurt refsivert brot standi í sambandi við þau. Sjerstaklega er gert ráð fyrir því, að rannsakað sje, hvort gjaldþroti eða þeir, sem standa í sambandi við gjaldþrotin, hafi gert sig seka um brot á ákvæðum 262., 263. og 265. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869, og önnur þau ákvæði í íslenskum lögum, sem einkum eru sett til verndar almennu lánstrausti, svo sem lögum um bókhaldsskyldu, nr. 53 frá 1911, firmalögunum, nr. 42 frá 1903, 8. kafla hlutafjelagslaganna, nr. 77 frá 1921, og 39. gr. samvinnulaganna, nr. 36 frá 1921, og öðrum þeim ákvæðum, er nú gilda eða síðar verða sett í sama skyni.

Ákvæði eru og sett um það í grein þessari, að ef dómara virðist ekki næg ástæða til málshöfðunar, skuli hann samt altaf senda dómsmálaráðuneytinu útskrift af prófum málsins, og ákveður það, hvort frekari rannsókn skuli fram fara og hvort höfða skuli mál á hendur einhverjum, að rannsókn lokinni. Felst í þessu meira aðhald fyrir dómara að láta ekki mál detta niður, ef rannsóknin hefir leitt í ljós eitthvert grunsamlegt framferði í sambandi við gjaldþrotin. Það er og eðlilegt, að þetta vald sje fengið dómsmálaráðuneytinu í hendur, þar sem það á að hafa eftirlit með embættisrekstri dómaranna, og full ástæða til þess, að það eftirlit sje frekar aukið en minkað.

Ef rannsóknin hinsvegar gefur ástæðu til þess að ætla, að gjaldþroti, eða einhver annar í sambandi við gjaldþrotið, hafi gert sig sekan um refsivert afbrot, er það skylda dómara að höfða þegar að rannsókn lokinni mál á hendur þeim, sem grunur fellur á. Ætti þessi aðferð, ef röggsamlega er framfylgt af

dómurum landsins, að sporna við sviksamlegum aðförum í fjárhagsefnum í sambandi við gjaldþrot alment.

Þá hefir og það ákvæði verið sett í greinina, að gjaldþrotar eða stjórnendur gjaldþrota fyrirtækja, sem reynst hafa sannir að sök um sviksamlegt framferði í sambandi við gjaldþrot, skuli, auk refsingarinnar, dæmdir til þess að hafa fyrirgert rjetti til þess að reka verslun eða annað atvinnufyrirtæki um tiltekið árabil — ekki skemur en 5 ár —, og æfilangt, ef miklar sakir eru.

Reynsla undanfarinna ára virðist benda til þess, að mönnum haldist uppi að gera hvert fyrirtækið á fætur öðru gjaldþrota með óstjórn og stundum sviksamlegum hætti, og er full ástæða til þess að reyna að stemma stigu fyrir því, að slíkir menn hafi lögvarin rjettindi til þess að eyða og sóa fje almennings og lánsstofnana, eftir að það hefir komið í ljós, að þessir menn svífast þess ekki að grípa til ólöglegra aðfara við rekstur fyrirtækja þeirra, er þeir hafa með höndum. — Ákvæði svipuð þessu eru einnig tekin upp, bæði í erlendri og hjerlendri löggjöf, og má þar til nefna úr íslenskri löggjöf ákvæði laga nr. 56 frá 1926, um notkun bifreiða, þar sem bifreiðarstjórar þeir, er gert hafa sig seka um refsiverð brot á fyrirmælum bifreiðalaganna, eru einnig með refsidóminum sviftir rjetti til bifreiðastjórnar.

Öll fyrirmæli þessarar greinar eiga að miða til þess að refsa þeim seku í sambandi við gjaldþrot, en leiða í ljós sakleysi þeirra, er fyrir fjárhagsóhöppum verða. En álösun almannarómsins hvílir nú yfirleitt á þeim, er gjaldþrota verða, og því miður oft ekki að ástæðulausu. Gera má því ráð fyrir, að allir heiðarlegir og samviskusamir menn fái vel við unað ákvæði þessi og tilraun þá, sem í þeim felst til þess að sporna við landlægri spillingu og fjeglæfrum.

Um 9. gr.

Grein þessi kemur í stað 10. og 11. gr. gjþrl. og er að efni til að mestu leyti samhljóða þeim, að öðru leyti en því, er leiðir af ákvæðum 8. gr. hjer á undan.

Um 10. gr.

Að mestu leyti samhljóða 12. gr. gjþrl.

Um 11. gr.

Efni það sama og í 13. gr. gjþrl.

Um 12. gr.

Samhljóða 14. gr. gjþrl. að efni til.

Um 13., 14. og 15. gr.

Greinarnar að mestu eins og 14.—17. gr. gjþrl.

Um 16., 17. og 18. gr.

Efni þeirra er það sama og í 18.—21. gr. gjþrl., en sumstaðar breytt til um orðalag.

Um 19. gr.

Grein þessi er að miklu leyti samhljóða 22. gr. gjþrl., nema hvað riftunarfresturinn er hjer settur 6 mánuðir, í stað 8 vikna eftir núgildandi lögum. En talsvert hefir þótt bera á því, að gjaldþrota menn eða fjelög hafi komið eignum sínum undan, með því að selja þær eða veðsetja að nafni til hæfilega löngum tíma fyrir gjaldþrotin. En það er tiltölulega ljett að dylja fjárhagsörðugleika sína í 8 vikur, en miklu erfiðara að gera það í 6 mánuði. Ef riftunarfresturinn er lengdur, má frekar gera sjer vonir um það, að komið verði í veg fyrir slíkt undanskot fjármuna, lánardrotnum til tjóns. Í Noregi hafa komið fram tillögur um það, að lengja riftunarfrestinn upp í eitt ár (úr 8 vikum), en það þykir þó varhugavert að taka svo stórt stökk, enda full ástæða til þess að ætla, að þessi lenging frestsins geti komið að góðum notum og miklu liði.

Um 20. gr.

Hjer er riftunarfresturinn einnig lengdur úr 8 vikum upp í 6 mánuði, af sömu ástæðum og í næstu grein á undan. Að öðru leyti er greinin lítið breytt frá 23. gr. gjþrl.

Um 21. gr.

Hjer er það skýrt tekið fram, að gjaldþroti verði að sanna, að hann hafi átt fyrir skuldum, þegar greiðslan og veðsetningin fór fram, ef hann vill koma í veg fyrir riftun.

Um 22. gr.

Grein þessi er aðeins breytt frá 25. gr. gjþrl. til samræmis við 19., 20. og 21. gr. hjer á undan.

Um 23. gr.

Að mestu leyti samhljóða 26. gr. gjþrl.

Um 24. og 25. gr.

Greinar þessar eru að efni til samhljóða 27. og 28. gr. gjþrl.

Um 26. gr.

Hjer er riftunarfresturinn lengdur úr 1 ári upp í 2 ár, með sama fyrir augum og þar, sem riftunarfresturinn er lengdur í greinunum hjer á undan. Að öðru leyti er greinin samhljóða 29. gr. gjþrl.

Um 27. gr.

Tvö nýmæli eru tekin upp í þessa grein. Annað er það, að kaupmái skuli ógildur, ef hann er gerður á tveim næstu árunum á undan gjaldþroti, án tillits til þess, hvort gjaldþroti hafi þá átt nægilegt fje fyrir skuldum eða ekki. Þetta nýmæli rökstyðst með því, að þegar menn leggja út í áhættusöm fyrirtæki, grípa menn gjarnan til þess að gera kaupmála. Ef svo fyrirtækið gengur illa, verður

það skaði lánardrotnanna, og gefst gjaldþrota þá þannig tækifæri til þess að færa eigur sínar yfir á nafn maka síns, lánardrotnunum til tjóns. Þó að þetta ákvæði kunni í einstökum tilfellum að koma hart niður, ætti það þó oftar að verða einungis til þess að vernda sjálfsagðan rjett lánardrotna. Tillögur, er gengið hafa enn lengra í sömu átt en þetta, hafa komið fram í Noregi, til þess að koma í veg fyrir undanskot þau, sem oft eru fólgin í kaupmálum.

Hitt nýmælið er það, að rifta megi arfsafsali gjaldþrota, sem gert er á árinu næsta áður en hann varð gjaldþrota. Er og þetta í fullu samræmi við aðrar riftunarreglur frumvarps þessa og á góðum rökum reist.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 31. gr. gjþrl. að mestu leyti.

Um 29. gr.

Hjer er um nýmæli að ræða, sem miðar að því, að lánardrotnar þeir, er látið hafa gjaldþrota fá vörur að láni rjett fyrir gjaldþrotin, hafi rjett til þess að krefjast varanna aftur, ef vörurnar finnast óeyddar og frágreindar í vörslum þrotabúsins. Sýnist engin ástæða vera til þess, að slíkar vörur renni inn í þrotabúið; frekar miklu eðlilegra, að slíkir lánardrotnar komi fram sem separtistar í gjaldþrotabúinu.

Um 30. gr.

Hjer er gerð sú breyting á 32. gr. gjþrl., að sækja skal riftunarmál á varnarþingi gjaldþrota. Ætti það ákvæði, sem sýnist næsta sanngjarnt, að flýta fyrir rekstri riftunarmála.

Um 31. gr.

Að mestu samhljóða 33. gr. gjþrl.

Um 32. gr.

Hjer er lagt til, að lögfest verði sú sjálfsagða regla, að fje búa, sem eru undir opinberum skiftum, þar með talin dánarbú, sje haft á vöxtum til hagsmuna fyrir búið, en það hefir þótt við brenna, að skiftaráðendur hafi drjúgum aukið tekjur sínar með því að hirða sjálfir innstæðuvexti af búafje, sem verið hefir í vörslum þeirra, en engin ástæða sýnist til þess, að skiftaráðendum haldist það uppi, búunum til tjóns.

Um 33., 34. og 35. gr.

Greinar þessar eru að efni til samhljóða 34., 35. og 36. gr. gjþrl.

Um 36. gr.

Hjer er lagt til, að tekin verði upp sú regla að skylda skiftaráðendur til þess að lúka skiftum á öllum búum svo fljótt sem verða má, og aldrei síðar en 18 mánuðum eftir birtingu síðustu innköllunar, nema allir lánardrotnar og erfingjar samþykki. Virðist bæði vera full ástæða til þess, að skiftaráðendur hafi eitthvert aðhald, hvað tíma þeim líður, sem búaskifti standa yfir, því dæmi munu alt of mörg til þess hjá sumum skiftaráðendum, að skifti búa standa yfir í mörg

ár, oft að ástæðulausu, og eins sýnist, að frestur þessi til búaskiftanna ætti að vera nægilegur.

Um 37. gr.

Hjer er borið fram það nýmæli, að skiftaráðandi skuli skyldur til þess að auglýsa í Lögbirtingablaðinu, hvenær skiftum sje lokið, hversu háa hundraðstölu lánardrotnar hafi fengið úr búinu, og hversu mikið fje hafi ekki fengist greitt. Er þetta bæði gert til þess að reyna að sporna við því, að menn fari gálauslega með fje annara, og auk þess virðist það eiga að vera öllum almenningi ljóst, hversu töp þau eru mikil, er af gjaldþrotum leiða.

Um 38. gr.

Hjer er sett ákvæði um það, er ekki var áður í gjaldþrotalögunum, að gjaldþroti beri ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, er ekki fæst greiddur af eignum búsins, 10 ár eftir að skiftum lýkur. Ákvæði þetta er sett til þess að koma í veg fyrir það, sem nú virðist algild regla, að gjaldþroti skoði sig lausan allra mála hvað skuldbindingar hans snertir, eftir að hann hefir orðið gjaldþrota.

Um 39. gr.

Hjer eru sett ákvæði um refsingar fyrir brot á fyrirmælum 5. málsgreinar 1. gr. og 32. og 36. gr.

Um 40. gr.

Hjer segir um gildistöku laganna, og virðist greinin ekki þurfa nánari skýringar við.

Um 41. gr.

Hjer er getið þeirra ákvæða, er úr gildi falla, ef lög þessi öðlast gildi.

Ed. **182. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Orðið »og« í 5. tölulið 1. greinar laganna skal falla niður.
6. töluliður 1. greinar laganna skal falla niður.

2. gr.

Á eftir 1. málslið 2. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
Þó er sá eigi kjörgengur, er stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Ed. **183. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 11, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

2. gr. laga nr. 11, 4. júní 1924, skal orða svo:

Umsjónarmaður kirkjugarðsins í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksrjettur. Um fjárskil og bókhald skal umsjónarmaður fylgja reglum, er fjármálaráðuneytið setur. Fjármálaráðherra ákveður þóknun fyrir innheimtuna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er hentugra fyrirkomulag, að umsjónarmaður kirkjugarðsins í Reykjavík hafi innheimtu legkaupsins á hendi heldur en það, sem nú er, að lögreglustjóri innheimti legkaupið.

Sþ. **184. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning ríkisforlags.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson, Ólafur Thors, Haraldur Guðmundsson, Jóhann Þ. Jósefsson, Jörundur Brynjólfsson, Gunnar Sigurðsson, Einar Árnason, Bjarni Ásgeirsson, Hákon J. Kristófersson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela mentamálanefnd Íslands að íhuga, hvort tiltækilegt sje, að ríkið setji á stofn bókaforlag, í því skyni að bæta kjör íslenskra rithöfunda og sjá þjóðinni fyrir nægum kosti góðra og ódýrra bóka. Ætlast þingið til þess, að nefndin hafi skilað áliti sínu fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Hugmynd sú um stofnun ríkisforlags, er hjer er farið fram á að mentamálanefnd verði látin athuga, ef frv. um hana verður að lögum, er sett fram í grein um »Andlegt líf á Íslandi« eftir hr. Kristján Albertson í tímaritinu Vöku. Skulu hjer tilfærðir kaflar úr greininni, þar sem hr. Kr. A. færir rök að gildi hug-

myndarinnar og lýsir því í höfuðdráttum, hversu hann hugsar sjer að hún verði framkvæmd:

»Hvað á að verða úr íslensku þjóðinni? Hvað gæti orðið úr henni, ef viturlega væri hugsað fyrir framtíð hennar? Hvað er hægt að gera fyrir hana, til þess að bæta líðan hennar og efla mentun hennar? Þessar spurningar eru upphaf allrar alvarlegrar skapandi stjórnmálastarfsemi. Það er viðfangsefni hennar að svara þeim í framkvæmd.

Deyfðin og tilbreytingarleysið í fámenni og einangrun sveita og lítilla strandbæja, kuldastormar og snjóþyngsli vetrarins, rigningarnar á sumrin, öll óblíða loftslagsins í norrænu illviðralandi, — slíkar eru hinar sameiginlegu höfuðstaðreyndir í lífi meginþorra þjóðarinnar. Lífskjör vor heimta, að þjóðin reyni að gera *heimilin* sem vistlegust, að hún njóti ávaxtanna af erfiði sínu innan húsveggjanna, að hún eyði þar hinum dýrmætu tómstundum sínum, — þeim stundum, sem afgangs eru frá dagsverkinu, til þess að gleðjast og mentast.

Það er því auðskilið, að *bókin* hlýtur að vera höfuðuppspretta skemtunar og menningar í lífi Íslendinga, að á hverju íslensku heimili, þar sem hugsandi mannveru á að vera líft, verður að vera gott bókasafn. — — —

Íslenskur framfaraandi hefir í mörg horn að líta. Ræktun landsins er skamt á veg komin, samgöngur erfiðar, húsakynni víða bágborin, bæði til sjávar og sveita. En hið raunalegasta, sem sagt verður um hag þjóðar vorrar, er það, að *henni er meiri nauðsyn á gnægð góðra bóka en ef til vill nokkurri annari þjóð, og að engin læs þjóð á við að búa svo ljelegan og fábreytilegan bókakost sem íslenska þjóðin.*

Stjórnmálamönnum vorum er skylt að láta sig þetta varða, — svo sannarlega sem íslensk lífsbarátta er ekki einasta skepnuhirðing og sjósókn, heldur fyrst og fremst barátta *þjóðarsálarinnar* fyrir tilveru sinni og fyrir þroska. Í þeirri baráttu hlýtur bókin að vera höfuðstoð hennar. Og það er sýnt, að íslenskur bókakostur verður ekki bættur svo að dugi, nema að ríkisvaldið beiti sjer fyrir því. — — —

Í grein sinni um »Þýðingar« í »Skírni« 1919 gerði *Sigurður Nordal* það að tillögu sinni, að með tilstyrk ríkisins yrði stofnað til útgáfufyrirtækis, sem ljeti þýða á íslensku úrvalsrit erlend (100—150 arkir á ári) og gæfi þjóðinni kost á þeim í svo ódýrri útgáfu, að öllum almenningi yrði kleift að eignast þau. »Þetta ætti að vera landsfyrirtæki, sjerstök stofnun, sem væri miðstöð sjálfmentunarinnar, eins og skólarnir eru miðstöð kenslunnar«, segir Nordal í ritgerð sinni. »Þessi stofnun bygðist á því trausti til íslenskrar alþjóðar, að það þurfi ekki annað en gefa henni kost á góðum bókum á vönduðu máli, þá mundi hún kaupa þær og lesa. . . . Þetta á að verða bókasafn heimilanna, ekki lestrarfjelagsbækur. Þess vegna er sjálfsagt að hafa bækurnar sem ódýrastar. . . . Svona safn yrði ekki einungis lífsblóð sjálfmentunarinnar í landinu, sem næði út á hvern skaga og inn í hvern dal, engar hríðar eða fjarlægð gæti heft að starfa, sem tæki við mönnum í æsku og fylgdi þeim æfina á enda. Sumar gömlu bækurnar nýjar fyrir hvern aldur, af því ný reynsla opnar þar sífelt nýja heima. En það mundi líka verða vopn í hendi skólanna, til þess gætu kennarar vísað, þangað gætu margir þeirra átt ærið að sækja. Ýmsar þessara bóka mætti nota við kenslu, með kenslu. Og einkum yrði það áframhald. »Hinn sanni háskóli nú á dögum

er safn af góðum bókum«, segir Carlyle. Skólamentunin er, þegar hún er best, undirbúningur undir að færa sjer bækur í nyt. En hvað verður, ef bækurnar vantar?«.

Tillaga Nordals vakti talsverða athygli þegar hún kom fram. — — —

Mjer virðist hún hafa þann galla einan, að hún nær of skamt. Innlendar bókmentir mundu eiga mun örðugra uppdráttar en áður, ef þær auk annara erfiðleika ættu að standast harða samkepni við mikla og ódýra útgáfu erlendra ágætisrita í íslenskri þýðingu. Það virðist sjálfsagt, að íslenskt ríkisforlag gæfi út jöfnum höndum þýðingar og hin bestu frumsamin rit, sem því byðist.

Og slíkt ríkisforlag verður að stofna, það er hið fyrsta skref, sem þjóð vor nú á að stíga í áttina til aukinnar menningar og farsælla lífs í landi sínu. Ríkið verður að koma á fót sterkri stofnun — hliðstæðri Búnaðarfjelagi Íslands og Fiskifjelagi Íslands — sem hafi forustu í ræktun þjóðarinnar, sje skylt að sjá henni fyrir nægum kosti góðra ódýrra bóka.

Það myndi lengja mál mitt úr hófi fram, að reyna að gera hjer ítarlega grein fyrir því, hvernig mætti hugsa sjer starfrækslu ríkisforlagsins og hverjar vonir maður hlyti að gera sjer um áhrif þess á andlegt líf á Íslandi. En jeg vil að lokum í stuttu máli minnast á nokkur höfuðatriði:

1. Gerum ráð fyrir, að meginið af bókum forlagsins komi út í tveim söfnum: *fræðirit*, þýdd og frumsamin, *skáldrit*, innlend og útlend. Gerum ennfremur ráð fyrir, að hvort safnið ykist um eina bók á mánuði. Mönnum yrði gefinn kostur á að gerast áskrifendur að öllu, sem út kæmi í hvoru safninu, fyrir t. d. 2,50 kr. á mánuði. Auk þess yrðu bækurnar í lausasölu fyrir lítið eitt hærra verð. Í upphafi myndi forlagið senda *inn á hvert heimili í landinu* boðsbrjef með eyðublaði til útfyllingar fyrir væntanlega áskrifendur. Daginn sem það yrði sent út, helguðu öll blöð landsins hinu nýja menningarfyrirtæki eitt tölublað, þar sem fjöldinn af leiðtogum þjóðarinnar á sviði stjórnmála og menta flyttu því árnaðaróskir og rituðu hvatarorð til manna um að færa sjer gjafir þess í nyt. Áskrifendur að bókum forlagsins myndu frá upphafi skifta þúsundum.

2. Fjölbreytt og góð bókasöfn myndu smám saman verða til á nálega hverju heimili í landinu, þau ykjust áratug af áratugi og gengju í erfðir mann fram af manni, — íslenska þjóðin eignaðist *sameiginlegan mentunargrundvöll*, vítt útsýni yfir hinn andlega heim í fortíð og nútíð. Bókhneigð færi vaxandi, smekkurinn mentaðist, íslenskir hugir yrðu ríkari og fleygari. Menn hefðu fleira að tala um og gleðjast yfir sameiginlega, íslenskt líf yrði innihaldsmeira, þjóðin í heild sinni skemtilegri, mannaðri, vitrari, andlegri.

3. Íslensk tunga myndi á hálfri öld ná fullum þroska sem alhæft nútíðar-menningarmál. Vjer myndum eignast bækur um fjölmörg efni, sem aldrei fyr hefði verið ritað um á íslensku. Mörg rit, sem hver menningarþjóð verður að eiga, myndu nú í fyrsta sinni verða prentuð á vorri tungu. 4.—5. hvert ár gæfi forlagið út vönduð og myndprýdd stórrit: um merkustu menningartímabil sögunnar (gríska og rómverska menning, endurreisnartímabilið, 19. öldina, nútíðarmenning Evrópu, austræna menning), almenna veraldarsögu, menningarsögu, listasögu, bókmentasögu, heimspekissögu o. s. frv. — alt alþýðlega ritað. Íslendingur, sem vildi afla sjer sæmilegrar almennrar mentunar, yrði, þegar fram í sækir, ekki neyddur til þess að lesa 9 bækur á erlendu máli, meðan hann læsi eina á móð-

urmálinu. Þjóðin myndi læra að hugsa um öll efni á íslensku. Ritmál vort myndi liðkast og auðgast og talmálið verða íslenskara en nú er.

4. Íslensk ritlist myndi taka mikilli framför. Forlagið gæti fullgoldið hverjum rithöfundi og þýðanda starf hans og ætti heimtingu á vel unnu verki. Stjórn þess yrði að vera í höndum manns eða manna, sem sameinuðu strangan og mentaðan smekk og andlegt frjálslyndi. Góðir rithöfundar einir yrðu samkeppnisfærir við bækur ríkisforlagsins, — útgáfa ljettvægra eða illa ritaðra bóka myndi stórum takmarkast. Rithöfundar vorir myndu hafa aga af þeirri tilhugsun, að verk þeirra og úrvalsrit heimsbókmentanna hefðu samflot út til þjóðarinnar, — það myndi herða á kröfum þeirra til sjálfra sín.

5. Framtíð íslenskra bókmenta yrði borgið. Vjer gætum afnumið öll skáldlaun, nema heiðurslaun til einstöku eldri höfunda, sem ef til vill væru hættir að skrifa. Íslenskir menn, sem gæddir væru skapandi rithöfundargáfu, gætu helgað sig starfi sínu í fullri vissu um, að ef þeir semdu góð verk, yrði þeim launað fyrir starf sitt. Og forlagið myndi fá verkefni þeim lærdómsmönnum, sem hefðu gáfu til þess að skrifa mentandi bækur við alþýðuhæfi. Íslendingasögur urðu til vegna þess, að á höfðingjasetrunum og í klaustrunum gátu menn helgað sig ritlist án þess að hafa áhyggjur af daglegu brauði sínu. Ef þjóð vor á að eignast merkar bókmentir í framtíðinni, þá verður að sjá fyrir því með einhverju móti, að á hverjum tíma geti nokkrir hinna bestu rithöfunda lifað fyrir starf sitt. Ef ríkisforlag yrði stofnað og því gert kleift að gjalda ritlaun, jafnhá sæmilegum árslaunum, fyrir t. d. hverja ágæta íslenska skáldsögu, þá þyrftu rithöfundar vorir ekki að hafa áhyggjur af öðru en verki sínu, — að það yrði þess virði, að ríkisforlagið væri sæmt af að gefa það út — —«.

Ed. **185. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað orðanna »til ársloka 1928« í niðurlagi 1. gr. laganna komi »til ársloka 1930«.

2. gr.

Embættismenn, sem búsettir eru í sveitum, skulu njóta sömu dýrtíðaruppbótar sem aðrir.

Ed. **186. Frumvarp**

til laga um, að aðstoðarlæknissýslanirnar í Ísafjarðarhjeraði og Akureyrarhjeraði skuli lagðar niður.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Aðstoðarlæknissýslanirnar í Ísafjarðarhjeraði og í Akureyrarhjeraði, er ræðir um í 2. gr. laga nr. 34 frá 1907, skulu lagðar niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aðstoðarlæknissýslanir þær, er ræðir um í frumvarpinu, eru óþarfar. Á Akureyri hefir nú um mörg ár enginn aðstoðarlæknir verið. Á Ísafirði er aðstoðarlæknir, en það verður að telja ónauðsynlegt að hafa hann þar.

Ed. **187. Frumvarp**

til laga um þinglýsing skjala og aflýsing.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal hafa afsals- og veðmálabækur með tilheyrandi skrám, eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar hafa á hendi þinglýsing skjala og sjá um framkvæmd laga þessara, nema öðruvísi sje fyrir mælt sjerstaklega.

3. gr.

Skjal, sem þinglýsa á, skal afhenda dómara í því lögsagnarumdæmi, þar sem þinglýsing á fram að fara.

4. gr.

Skjali, sem snertir fasteign eða skráningarskylt skip, skal þinglýsa í þeirri þinghá, sem eignin er eða skipið skráð eða óskast skráð.

Skjali um báta, 5—12 smálesta að stærð, skal þinglýst þar, sem eigandi á lögheimili. Um minni báta en 5 smálestir fer sem um lausafje.

Skjali, sem ekki snertir fasteign eða skip, skal þinglýst þar, sem sá er búsettur, sem tekur á sig skyldur með skjalinu eða rjettur hans er takmarkaður með því.

Öðrum skjölum, sem þinglýsa á, má þinglýsa þar, sem sá óskar, sem afhendir skjal.

Nú snertir skjal bæði fasteign eða skip og mann persónulega, og skal því þá bæði þinglýst á varnarþingi fasteignar eða heimilisstað skips og á varnarþingi aðilja, ef þinghár þessar eru ekki hinar sömu.

5. gr.

Sá, sem vill fá skjali þinglýst, skal afhenda það í tveim samhljóða frumritum, eða í frumriti og eftirriti. Að minsta kosti annað frumritið eða eftirritið skal ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðherra hefir löggilt til þess. Pappír þessi skal vera hentugur bæði til áritunar með ritvjel og penna og til sölu við hæfilegu verði hjá öllum bóksölum landsins, sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum og hreppstjórum.

6. gr.

Þegar dómara er afhent skjal til þinglýsingar, skal hann sannreyna, að bæði eintök skjalsins sjeu samhljóða, og að því búnu ritar hann á bæði eintökin vottorð um móttökudag og stund, merkir þau bæði á sama hátt og afhendir síðan frumritið, ef eftirrit fylgir, en ella það eintakið, sem stimplað kann að vera. Ef hvorugt frumritið er stimplað, afhendir hann það, er honum sýnist.

7. gr.

Þinglýsing skjala fer fram á þann hátt, að dómari les upp á manntalsþingi, en í Reykjavík á bæjarþingi, skrá yfir þau skjöl, sem honum hafa borist í þessu skyni síðan síðasta manntalsþing í þeirri þinghá eða síðasta bæjarþing var háð.

Í skrá þessari skal getið, hver sje eigandi skjals, útgefandi þess, tegund og fjárhæð, ef nokkur er, og annars, sem þarf til þess að einkenna skjalið greinilega.

8. gr.

Gildi þinglýsingar telst frá því skjal er afhent dómara. Ef tvö skjöl, sem ekki geta samrýmst, eru afhent samtímis til þinglýsingar, hefir það forgangsrjett, sem fyr er dagsett. Ef bæði eru dagsett á sama degi, eru bæði jafnrjetthá.

9. gr.

Þegar skjal er afhent til þinglýsingar, skal dómari rannsaka, ef um fasteign eða skip er að ræða, hvort útgefandi hefir þinglýsta eignarheimild og hvort áður hefir verið þinglýst nokkuð það, sem fer í bága við eða rýrir gildi

hins nýja skjals. Ef brestur er á um þetta, ritar dómari athugasemd um það á bæði eintök skjalsins, áður en hann afhendir annað þeirra.

10. gr.

Þau samrit þinglýsingarskjala, sem ekki eru afhent þeim, er þinglýsingar beiðast, og eftirritin, geymast með embættisskjölum dómara á tryggum stað í sjerstöku skjalahylki, uns svo mikið er komið, að hæfilegt er í bók. Skulu samritin og eftirritin þá fest eða bundin í skinnband, og eru þær bækur afsals- og veðmálabækur lögsagnarumdæmisins ásamt þeim, sem þegar eru. Kostnaður af bandi bóka þessara telst til skrifstofukostnaðar.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um stærð veðmálabóka og annað, sem rætt er um í þessari gr.

11. gr.

Skrár þær, sem getur um í 1. gr., skulu vera skinnbundnar bækur, ein eða fleiri í hverju lögsagnarumdæmi. Í skrám þessum skal ætla hverri fasteign í lögsagnarumdæminu og hverju skipi, 5 smálestir eða stærri, að minsta kosti eitt blað, og skal jafnóðum og skjöl eru afhent til þinglýsingar geta þess skjals á blaði fasteignar eða skips í rjettri röð eftir afhendingu, þannig að nægilegt sje, þegar veðbókarvottorð eru gefin, að gefa þau eftir því, sem þar er skráð. Ennfremur skal halda skrár eftir stafrófsröð, og skal þar ætla hverjum bókstaf hæfilega mörg blöð, og skal þar á sama hátt getið skjala, sem ekki snerta fasteign eða skip. Fyrsti bókstafur í nafni útgefanda skjalsins segir til um, hvar slíkt skjal skuli skráð.

Þangað til fengin er í lögsagnarumdæmi ný eða nýjar skrár samkvæmt lögum þessum, má um skip nota skipaskrárnar, eins og segir í 2. gr. laga nr. 20, 10. nóv. 1907.

Sjerstakar lóðaskrár, skipaskrár og bifreiðaskrár skal halda þar, sem það telst nauðsynlegt.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag skráa þeirra, er í þessari gr. getur.

12. gr.

Nú er þinglýsingarskjal ekki að stærð eins og fyrirskipað er, eða ekki þannig ritað, að hægt sje að binda það í bók, eða það er mjög ógreinilegt, eða eintökin ósamhljóða, eða skjalið hefir aðra svo verulega ágalla, að ekki þykir fært að taka það til þinglýsingar og innfestingar í afsals- og veðmálabók, og má þá dómari neita um þinglýsingu, þar til úr er bætt.

13. gr.

Nú er skjal afhent dómara til aflýsingar, og skal hann þá þegar afmá það úr afsals- og veðmálabókum með því að rita á skjalið, að því sje aflýst, og tilgreina ár og dag og setja nafn sitt undir. Hann skal einnig strika yfir skjalið í bókinni, svo að greinilega sjáist, að aflýst sje skjalinu, þó þannig, að engin vandkvæði sjeu á að lesa það síðar. Skjal það, sem afhent

var til aflýsingar, fær dómari aðilja aftur með áritun um, að því sje aflýst og það afmáð úr afsals- og veðmálabókum umdæmisins.

Á næsta manntalsþingi eða bæjarþingi skal lesin upp skrá yfir hin aflýstu brjef, eins og segir í 7. gr. um þinglýsingar.

Um leið og skjal er afmáð úr afsals- og veðmálabók, skal strikað yfir það, sem um skjalið er skráð í skrám þeim, er 11. gr. ræðir um, þó þannig, að engin vandkvæði sjeu á að lesa það síðar.

14. gr.

Nú er veðsett fasteign eða skip selt á nauðungaruppboði eða fengið veðhafa til eignar af skiftaráðanda eða fógeta, án þess að síðari veðhafar hafi fengið greiðslu af því, er fasteignin eða skipið var selt eða látið fyrir, og skal þá afmá úr afsals- og veðmálabókunum þau veðbrjef, sem þannig falla úr gildi. Til þess að slík veðbrjef verði máð úr bókunum þarf ekki að afhenda þau dómara, en geta skal hann þess í áritun sinni á brjefið í bókinni, hvers vegna það er afmáð.

15. gr.

Nú hefir þinglýst skjal verið ómerkt með dómi, og má þá afmá það úr afsals- og veðmálabókum eftir reglum 14. gr., ef dómhafi óskar.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928 og frá sama tíma falla úr gildi þessi lagaboð:

Dönsku laga 5—3—28 til 30,
Opið brjef 22. apríl 1817, 1. og 2. gr.,
Tilskipun 24. apríl 1833,
Opið brjef 28. apríl 1841,
Lög nr. 16, 16. sept. 1893, 1. gr.,
Lög nr. 20, 16. nóv. 1907, að því leyti sem þau snerta þinglestur, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Ed. **188. Nefndarálit**

um frv. til laga um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfjelags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndinni hefir undir meðferð málsins borist erindi frá nokkrum (5) starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, dags. 3. þ. m., þar sem þeir óska þess, að frv. verði breytt þannig, að starfsmennirnir verði ekki skyldugir að tryggja sjer lífeyri, en þeim, sem þess vildu óska, væri heimilt að gera það, og kæmu þeir hinir sömu þá undir ákvæði laga nr. 51, 27. júní 1921. Telur nefndin ekki á-

stæðu til að þvinga þessa menn til að tryggja sjer lífeyri á þann hátt, sem frv. mælir fyrir um, og leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

1. gr. frv. orðist þannig:

Ákvæði laga nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, skulu einnig gilda um þá fasta starfsmenn Búnaðarfjelags Íslands, sem tryggja vilja sjer lífeyri samkvæmt nefndum lögum. Nú fer fastur starfsmaður Búnaðarfjelags Íslands, sem trygt hefir sjer lífeyri, úr þjónustu þess, án þess að vera vikið úr þjónustunni, og skal hann þá hafa rjett til endurgreiðslu iðgjalda eða geymslu lífeyris samkvæmt 4. málsgrein 4. gr. laganna, enda láti hann ekki af starfinu með rjetti til lífeyris.

Alþingi, 14. febrúar 1928.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.
Jón Baldvinsson, fundaskrifari.
Björn Kristjánsson.

Ed. **189. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um það, að mæla með frumvarpi þessu, sem fer fram á nokkrar bætur á launakjörum yfirsetukvenna. En laun þeirra eru nú svo lág, að erfitt er að fá lærðar yfirsetukonur í umdæmin. Eftir lögum frá 1919 eru lágmarkslaun yfirsetukvenna 200 kr. og hækka fimta hvert ár, uns launabótin er orðin 75 kr., þannig, að hámark lægsta launaflokks verður eftir 15 ára þjónustu 275 kr. á ári. Í fólksmörgum umdæmum geta árslaunin orðið 1000 krónur hæst.

Eftir frv. eru lágmarkslaunin 300 kr. og hækka þriðja hvert ár um 50 krónur, þannig, að eftir 12 ára þjónustu ná launin í lægri launaflokkinum 500 kr., en í þeim hærri 1500 kr.

Nefndinni þykir rjett, að yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, njóti þegar aldursuppbótar eftir þeim, þannig, að yfirsetukona, er starfað hefir lengur en 3 ár, en skemur en sex ár, skuli fá í árslaun 300 kr. + 50 kr. aldursuppbót, sú, er starfað hefir lengur en sex ár, en skemur en níu ár, fái í árslaun 350 krónur + 50 kr. aldursuppbót o. s. frv., þar til lágmarkinu, 500 kr., er náð eftir 12 ára þjónustu. Að þessu lýtur breytingartillaga nefndarinnar I, 3.

Tillaga nefndarinnar I. 2. er aðeins til skýringar á því, að dýrtíðaruppbót á launum yfirsetukvenna skuli greidd af sömu aðiljum og laun þeirra og eftir sömu hlutföllum og launin.

3. gr. frv. gerir ráð fyrir því að færa lög þessi inn í meginmál laga nr. 76 frá 1919, en þar sem þau lög eru breyting á yfirsetukvennalögum nr. 14 frá 1912, telur nefndin hagfeldara að taka þetta frv., ef það verður að lögum, og lögin frá 1919, og fella þau inn í meginmál laganna frá 1912; breytingartillögurnar I. og II. lúta að þessari lagfæringu. Það er því tillaga fjárhagsnefndar, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

I. Við 1. gr.
   1. Á eftir 1. línu komi:
      4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:
   2. 2. málslið 2. málsgreinar skal orða svo: Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum, eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.
   3. Á eftir 2. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Þær yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, skulu njóta launahækkunar eftir þjónustualdri.

II. 3. gr. skal orða svo:
Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa texta þeirra og laga nr. 76, 28. nóv. 1919, inn í meginmál laga nr. 14, 22. okt. 1912, og gefa þau út svo breytt sem yfirsetukvennalög.

Alþingi, 14. febr. 1928.

Ingvar Pálmason, form. — Jón Baldvinsson, fundaskrifari og framsm.

Björn Kristjánsson.

Ed. **190. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Minni hlutinn lítur svo á, að þar sem til eru lög frá 15. júní 1926 um sölu á síld o. fl. og líkur til, að þau lög komist í framkvæmd, þá sje ekki tímabært á þessu þingi að samþykkja annað einkasölufrumvarp. Auk þess eru ýms ákvæði þess frumvarps, sjerstaklega þau, er lúta að stjórn fyrirhugaðrar einkasölu, þess eðlis, að minni hlutinn getur ekki fallist á þau, og leggur því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 14. febr. 1928.

Halldór Steinsson.

Nd. **191. Breytingartillögur**

við frv. til laga um skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi og við breytingartillögu á þskj. 173.

Frá Bernharð Stefánssyni.

1. Við brtt. 173, tölul. 1. Tillöguna skal orða svo:
   Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Hafnarfjarðarkaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður skulu hvor um sig vera sjerstakt kjördæmi og hafa 1 alþingismann hvor. Þegar þannig hafa bæst við 2 þingmenn, skal neðri deild Alþingis skipuð 30 þingmönnum.
2. Við fyrirsögn frumvarpsins. Fyrirsögnin verði:
   Frumvarp til laga um fjölgun þingmanna.

Nd. **192. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þskj. 173 [Skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi].

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 1. tölul. Liðinn skal orða svo:
Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður skulu vera þrjú sjerstök kjördæmi með þessum takmörkum, og kýs hvert þeirra einn alþingismann:

1. Gullbringusýslukjördæmi, tekur yfir Gullbringusýslu nema Bessastaða- og Garðahreppa.
2. Kjósarsýslukjördæmi, tekur yfir Kjósarsýslu og Bessastaða- og Garðahreppa í Gullbringusýslu.
3. Hafnarfjarðarkjördæmi, tekur yfir Hafnarfjarðarkaupstað.

Þegar þannig hefir bæst við einn þingmaður, skal neðri deild Alþingis skipuð 29 þingmönnum.

Nd **193. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta vandlega og er öll sammála um, að nauðsynlegt sje að breyta til muna gildandi lögum um atkvæðagreiðslur utan

kjörstaða, til þess að gera þær kosningar eins öruggar og á kjörstað. Nefndin er sammála um að mæla með frumvarpinu með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað inn fyrir orðin »Sjómenn og aðrir« í upphafi greinarinnar komi: Þeir kjósendur.
2. Við 2. gr.
   a. Þriðja málsl. 1. málsgr. skal orða svo: Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skriftin verði ekki greind í gegnum hann.
   b. Fimti málsl. 1. málsgr. orðist svo: Hver 25 kjörblöð skulu vera heft saman.
   c. 2. málsgr. skal orða svo:
      Kjörblað skal líta þannig út: (sjá fylgiskjal).
   d. Aftan við fyrri málsl. 3. málsgr. komi: og fylgibrjefið með honum áföstum einbrotið saman.
   e. Annar málsl. 4. málsgr. orðist svo: Kjörstjórar utan kjörstaða samkvæmt lögum þessum eru: Sýslumenn, bæjarfógetar, fulltrúar þeirra, hreppstjórar, svo og skipstjórar á íslenskum skipum, enda gefi þeir drengskaparyfirlýsingu, um leið og þeir taka við kjörgögnum, um, að kosning í skipi þeirra fari fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar.
   f. Kjörblaðsfyrirmyndin fellur burt.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna »ritar með eigin hendi« í 1. málsgr. kemur: ritar eigin hendi með bleki.
4. Við 4. gr.
   a. Annar málsl. 1. málsgr. orðist svo: Kjörstjóri eða kjósandi útfyllir því næst vottorðið á fylgibrjefinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða auðkenna á nokkurn hátt, nje losa hann frá fylgibrjefinu.
   b. Aftan við 4. málsgr. bætist: Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma brjefinu á póst.
5. Við 5. gr.
   a. Þriðja málsl. 1. málsgr. skal orða svo: Skulu brjef þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjóra, og er frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra heimilt að setja á hann innsigli sitt.
   b. 4. málsgr. skal orða svo:
      Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim, er varðveitir brjef með atkvæði hans, sje það ekki varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa, að hann afhendi sjer það, alt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.
6. Við 7. gr. 2. Í stað orðsins »listabókstafur« kemur: listi.

7. Við 8. gr.
   a. 2. málsl. orðist svo: Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um að kjósa í skipi, eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því aðeins, að óhjákvæmileg störf á skipinu, sem enga bið þola, hindri.
   b. Síðasti málsl. orðist svo: Brot gegn þessu varða alt að 1000 króna sektum, er renna í ríkissjóð.
8. Alstaðar þar, sem orðið »stjórnarráðið« kemur fyrir í frumvarpinu, skal koma í þess stað: dómsmálaráðuneytið.
9. Á eftir síðustu grein frumvarpsins kemur kjörblaðsfyrirmynd eins og í fylgiskjalinu, sem hjer fer á eftir.

Alþingi, 15. febrúar 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður.	Hjeðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskrifari.	Magnús Guðmundsson.
Hákon J. Kristófersson.	Bernh. Stefánsson.	

Fylgiskjal.

Fyrirmynd að stofni, fylgibrjefi með árituðu vottorði, og kjörseðli.

Nr. .....

.....
(Nafn og föðurnafn kjósanda).

.....
(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

Kaus .....
(Staður, dagsetning og ár).

Hjá .....
(Staða).

.....

Nr. .....

Jeg .....
(Nafn og föðurnafn kjósanda, staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

sem vegna fjarveru get ekki sótt kjörþing á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að jeg þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi sjeð hefi útfylt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi jeg því yfir, að jeg hefi engan annan kjörseðil frá mjer sent og hefi ekki kosið eða mun kjósa annarsstaðar.

.....
(Staður, dagsetning og ár).

.....
(Undirskrift kjósanda).

Að ..... hafi undir-
(Fullt nafn og heimili kjósanda).

skrifað fylgibrjef, sem er rjett dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sje útfyltur aðstoðarlaust og þvingunarlaust og í einrúmi vottar undirritaðir.

Vitundarvottar: .....
(Staða vottorðsgefanda og heimili).

.....
(Nafn).

.....

Innanmálslengd 9 cm.

Innanmálsbreidd 12 cm.

Límborið

Límborið

Límborið.

Ed. **194. Frumvarp**

til laga um einkasölu á áfengi.

Flutningsmenn: Ingvar Pálmason og Páll Hermannsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem heimilt er að flytja til landsins og í er meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

Lög þessi taka ekki til skipa, er koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef farið er með það samkvæmt áfengislögunum.

2. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., selur hún aðeins lyfsölum og læknum, er rjett hafa til lyfjasölu, og öðrum þeim, er áfengislög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna. Skal tekið fram í reglum þeim, hve mikið áfengi megi láta af hendi við hjeraðslækna, embættislausa lækna, dýralækna og lyfsala á hverju ári eða um ákveðið tímabil.

Ennfremur skal ákveðið í reglugerð, að suðuvökvi og áfengi til iðnaðar skuli í kaupstöðum og kauptúnum landsins selt undir yfirumsjón og eftirliti forstöðumanns áfengisverslunarinnar.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er um ræðir í 1. og 2. gr. þessara laga, leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita áfengisverslun ríkisins forstöðu.

Í sambandi við áfengisverslun ríkisins er landsstjórninni heimilt að reka lyfjaverslun. Skal maður með læknis- eða lyfsalaprófi veita þeirri deild forstöðu undir yfirumsjón forstöðumanns áfengisverslunar. Ríkisstjórnin getur falið lækni eða lyfjafræðingi að hafa eftirlit með lyfjabúðum landsins og verðlagi þeirra. Prenta skal gjaldskrá um verð algengustu lyfja, eins og það er ákveðið af trúnaðarmanni landsstjórnarinnar, a. m. k. einu sinni á ári.

Nánari reglur um starfssvið forstöðumanns áfengisverslunarinnar setur ráðherra með erindisbrjefi.

5. gr.

Forstöðumaður tekur laun úr ríkissjóði og skal hafa að byrjunarlaunum kr. 5000,00 á ári, en launin hækka eftir 2, 4 og 6 ár í þessari röð um kr. 300,00, kr. 300,00 og kr. 400,00 upp í kr. 6000,00. Ríkisstjórninni er heimilt að ráða forstöðumann áfengisverslunarinnar og þá starfsmenn, er óhjákvæmilega þarf við daglegan rekstur hennar, til 5 ára í senn. Ríkisstjórnin getur þó vísað mönnum þessum úr þjónustu landsins, áður en samningstím-

inn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti. Þó er slíkur brottrekstur ekki lögmætur nema meiri hluti fjárhagsnefnda í báðum deildum Alþingis samþykki á sameiginlegum fundi brottvísun á næsta þingi eftir að afsetningin fór fram.

6. gr.

Ráðherra skipar tvo menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og alls rekstrar og fær þeim erindisbrjef.

7. gr.

Leggja skal á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins, 50—100%, miðað við verð þess, að tolli meðtöldum, þegar það er komið í hús í Reykjavík. Lyf, er verslunin útvegar læknum, seljast án hagnaðar.

Áfengisverslunin og útibú hennar mega ekki láta áfengi af hendi nema gegn borgun út í hönd. Þó skal heimilt að lána áfengi í lyf, ef brýna nauðsyn ber til.

8. gr.

Verslunin skal greiða lögákveðna tolla og aðflutningsgjöld af vörum þeim, er lög þessi ræða um. Skulu gjöldin greidd í Reykjavík, þar sem vöruna ber fyrst að flytja á land, og á þeim tíma og samkvæmt því, er tolllög og skattalög mæla fyrir.

9. gr.

Verslunin skal jafnan hafa forða af áfengi og vínanda í Reykjavík. Viðskiftamenn verslunarinnar greiði flutningskostnað varanna innanlands.

10. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Má þar ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufje og varasjóð.

11. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámark smásöluverðs á vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 200—40000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Ástæður.

Frv. þetta er samið að tilhlutun landsstjórnarinnar og flutt eftir hennar tilmælum. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta gerir nokkrar breytingar á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Um einstakar greinar frumvarpsins athugast:

Um. 1. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 1. gr. núgildandi laga um sölu á áfengi, en þó er sú breyting gerð á, að feldur er niður rjettur sendimanna annara ríkja til þess sjálfir að flytja inn áfengi, og er þetta gert með tilliti til þess, að ætlast er til, að þeir eins og aðrir, sem rjett hafa til að fá áfengi flutt inn, láti áfengisverslun ríkisins útvega áfengið og sjá um innflutning þess.

Um 2. gr.

Þessi grein er samhljóða 2. gr. laga um einkasölu á áfengi, að öðru leyti en því, að í stað orðanna: . . . . áfengi megi láta af hendi við lækna, dýralækna og lyfsala . . . . kemur: . . . . áfengi megi láta af hendi við hjeraðslækna, embættislausa lækna, dýralækna og lyfsala. Þessi breyting er gerð með það fyrir augum, að gerður verði munur á því, hve mikið áfengi megi láta af hendi við hjeraðslækna og embættislausa lækna.

Um 4. og 5. gr.

Aðalbreytingin í þessum greinum frá núgildandi lögum um einkasölu á áfengi er í því fólgin, að ríkisstjórninni er gefin heimild til að skipa sjerstakan forstöðumann fyrir áfengisverslun ríkisins, án þess að heimtað sje, að hann sje lyfjafræðingur, enda er það fullkominn óþarfi vegna áfengisverslunarinnar sjálfrar. Umsetning lyfjadeildar áfengisverslunarinnar hefir sum árin verið um 30 þús. kr., en laun hins lyfjafróða forstöðumanns 18 þús. kr. Allar lyfjabúðir og margir læknar fá lyf sín utan við lyfjadeild áfengisverslunarinnar. Hjer er því gert ráð fyrir, að landsstjórnin hafi heimild en ekki skyldu til að reka lyfjaverslun. En svo sem að sjálfsögðu er auðvelt að fá hæfan mann til að sjá um þá deild fyrir minna kaup en sumir undirmenn áfengisverslunar hafa nú, ef litið er á það kaup, sem íslenskar lyfjabúðir hafa goldið dugandi starfsmönnum með lyfsalaprófi.

Í niðurlagi 4. gr. er flutt það nýmæli, að láta prenta árlega til almennra afnota verð algengustu lyfja. Er ætlunin með þeirri tilhögun að verja almenning fyrir ósanngjörnu verðlagi, sem alkunnugt er, að verið hefir hjer á sumum lyfjum. Það mun tæplega verða um það deilt, að hinn óhóflegi gróði sumra lyfjabúða stafar af ósanngjarnlega háu verði á þessum einkasöluvörum.

Í 5. gr. er gert það nýmæli, að stjórnin megi ráða forstöðumann og óhjákvæmilegasta starfsfólk verslunarinnar með nokkurra ára samningi. Er þar bygt á þeirri reglu, sem tekin var upp í lögum um fiskifulltrúa á Spáni. Mun það hafa verið gert til að veita þessum starfsmanni nokkurt öryggi við starf sitt,

þó að skifti um stjórn. Hinsvegar er álitið, að ekki sje fært að ganga jafnlangt og gert var við ráðningu fiskifulltrúans á Spáni, því að starf hans var með öllu óuppsegjanlegt meðan samningstíminn var ekki útrunninn. Hjer er gert ráð fyrir, að stjórnin geti upphafið starfssamning við áfengisverslun ríkisins, ef um alvarlega vanrækslu er að ræða af hálfu starfsmanns, en þó er sú uppsögn ekki gild nema meiri hluti fjárhagsnefnda samþykki.

Um 7. gr.

Álagningin á vínanda og áfengi er hækkuð úr 25—75% upp í 50—100% og áfengisversluninni er bannað að lána áfengi nema brýna nauðsyn beri til. Frv. gerir ráð fyrir hækkun álagningar með tilliti til þess, að hjer er um munaðarvöru að ræða, sem engin ástæða er til að hlynna að, en ákvæðið um að banna að afhenda áfengi nema gegn borgun út í hönd er sett með það fyrir augum að tryggja sem best, að ríkissjóður verði ekki fyrir tapi af rekstri verslunarinnar.

Um 8., 9. og 12. gr.

8. gr. frv. gerir ráð fyrir, að áfengissendingar sjeu fyrst fluttar í land í Reykjavík, og er litið svo á, að með því móti verði eftirlitið með innflutningi öruggara heldur en ef senda mætti áfengið, eins og verið hefir, beint til útibúanna.

9. gr. er samhljóða 10. gr. núgildandi laga um einkasölu á áfengi, að öðru leyti en því, að síðasta setning 10. gr. hefir verið feld burtu, og er það í samræmi við það, sem sagt hefir verið um 8. gr.

12. gr. frv. hækkar sektir úr 10—20000 kr. upp í kr. 200—40000.

Nd. **195. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Síðustu málsgrein 12. gr. laganna skal orða svo:

Um borgun fyrir störf hjeraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá, er ríkisstjórnin setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Gjaldskrá sú fyrir hjeraðslækna, sem nú gildir, er frá 14. febr. 1908, og var hún lögfest með launalögunum 1919. Liggur í augum uppi, að hún hlýtur að vera orðin úrelt og á eftir tímanum á ýmsan hátt, enda er það á almanna vit-

orði, að henni er ekki fylgt alment. Engin ástæða virðist heldur til að ákveða gjaldskrá fyrir hjeraðslækna með lögum; eðlilegast er, að hún sje sett og samin af ríkisstjórninni í samráði við landlækni.

Nd. **196. Tillaga**

til þingsályktunar um ríkisprentsmiðju.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson, Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera fyrir næsta þing áætlun um stofnkostnað og starfrækslu ríkisprentsmiðju, er geti annast prentun ríkissjóðs og opinberra stofnana.

Greinargerð.

Það mun láta nærri, að prentkostnaður ríkissjóðs og opinberra stofnana nemi árlega 250—300 þús. krónum, að meðtöldum pappír, heftingu og fleiru þess háttar. Auk þess styrkir ríkissjóður bókaútgáfu ýmiskonar að talsverðu leyti. Telja má víst, að allmikið mætti draga úr þessum kostnaði, ef ríkissjóður ætti og ræki prentsmiðju.

Ed. **197. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á landi Garðakirkju í Hafnarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur allar ástæður mæla með því, að Hafnarfjarðarkaupstaður fái keypt land það, sem hjer er um að ræða, og leggur til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 14. febrúar 1928.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari og frsm.	Jón Þorláksson.

Ed. **198. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

1. gr. 3. málsgr. hljóði svo:

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans innanlands, en á nýjum erlendum lánum því aðeins, að lagaheimild komi til í hvert sinn.

2. gr.

5. gr. hljóði svo:

Innskotsfje það, 2 miljónir króna, er ákveðið var með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum, skal teljast stofnfje bankans. Auk þess skal seðlabankinn safna varasjóði samkvæmt 24. gr.

3. gr.

24. gr. hljóði svo:

Allur tekjuafgangur hvers árs renni í varasjóð.

4. gr.

33. gr. hljóði svo:

Yfirstjórn bankans er í höndum landsbankanefndar, samkvæmt því sem ákveðið er í lögum þessum, og ráðherra þess, er fer með bankamál. Stjórn bankans að öðru leyti annast bankaráð, skipað fimm mönnum, og framkvæmdarstjórn, skipuð þrem mönnum.

5. gr.

34. gr. verði svo hljóðandi:

Landsbankanefndin er skipuð 15 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu til 6 ára. Eftir 2 ár ganga úr nefndinni 5 menn, þeir er eftir rjettri hlutfallstölu síðast voru kosnir á hverjum lista, eða hvorum lista, ef þeir voru aðeins tveir. Eftir næstu 2 ár ganga aðrir 5 menn úr nefndinni af hinum fyrst kjörnu, eftir sömu reglum og áður greinir, og loks að liðnum 6 árum þeir 5, er eftir eru af þeim fyrst kjörnu. Síðan fer fram kosning annaðhvert ár á 5 mönnum í nefndina í stað þeirra, er endað hafa kjörtímabil sitt. Endurkjósa má menn í nefndina. Kosnir skulu og með hlutfallskosningu varamenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanns eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Varamenn ganga úr eftir sömu reglum og aðalmenn. Er kosning fer fram, skal afhenda lista með helmingi fleiri nöfnum en kjósa á menn í nefndina. Sá, sem næstur er að atkvæðamagni þeim, er kosningu hlýtur á hverjum lista, skal vera 1. varamaður þess lista um kjörtímabil það, er listinn á við, og

svo hver af öðrum innan listans, þannig, að sá, sem næstur er að atkvæðamagni, kemur jafnan í stað þess, sem næstur er á undan að atkvæðamagni. Kjörtími varamanns, sem tekur sæti í nefndinni vegna fráfalls eða brottflutnings aðalmanns, endar þegar kjörtími þess, sem hann kemur í staðinn fyrir, hefði verið á enda, nema varamaður sá, sem kemur fyrir aðalmann á fyrstu 4 árunum eftir að lög þessi öðlast gildi, tekur sæti á eftir öllum aðalmönnum og telst því sem hinn síðast kjörni á lista. Nú kemur það fyrir, að allir aðalmenn og varamenn lista fyrir eitt kjörtímabil forfallast, og kýs þá nefndin menn í skarðið með einföldum meiri hluta. Ef vafaatriði um þessi efni koma fyrir, sker nefndin sjálf úr þeim með atkvæðagreiðslu og sendir Alþingi skýrslu um málið.

Landsbankanefndarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín.

6. gr.

Ný grein, sem verður 35. gr., hljóði svo:

Formann bankaráðsins skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, til fimm ára í senn. Hina fjóra bankaráðsmennina kýs landsbankanefndin til 4 ára í senn, þannig, að tveir ganga úr á aðalfundi landsbankanefndarinnar annaðhvert ár, í fyrsta skifti ganga þeir úr, sem síðastir voru í röðinni við kjörið. Formann bankaráðs má endurskipa og hina 4 ráðsmennina má endurkjósa. Á sama hátt skal skipa varaformann og kjósa 4 varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum formanns eða bankaráðsmanns. Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ráðherra nýjan varamann. Ef nefndarkosinn bankaráðsmaður og varamaður forfallast á sama hátt áður en starfstími hans er á enda, kýs landsbankanefndin annan í hans stað. Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 krónur í ársþóknun, en hinir bankaráðsmennirnir 2000 krónur hver.

Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót af allri launahæðinni, og reiknast dýrtíðaruppbótin með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins. — Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

7. gr.

35. gr., sem verður 36. gr., hljóði svo:

Engan má kjósa í landsbankanefnd eða bankaráð nema hann sje lögráða, hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Ef nefndarmaður eða bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í nefndinni eða ráðinu.

8. gr.

36. gr., sem verður 37. gr., hljóði svo:

Bankaráðið ræður alla þrjá bankastjóra, og eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geti þeir sjálfir

sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega, sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Bankastjórar hafa að árslaunum 12000 krónur hver, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem bankaráðið ákveður.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum handa bankastjóranum, og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skifti.

Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara og aðalfjehirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fje bankans eftir sömu reglum.

9. gr.

37. gr. fellur niður.

10. gr.

38. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Landsbankanefndin heldur aðalfund sinn einu sinni á ári, eigi síðar en mánuði eftir setningu Alþingis. Boðar forseti nefndarinnar til fundarins með mánaðar fyrirvara. Auk þess má kveðja nefndina til funda þegar forseti telur þess þörf, svo og ef 4 bankaráðsmenn að minsta kosti eða 7 landsbankanefndarmenn að minsta kosti krefjast þess í brjefi til forseta. Skal forseti þá boða til fundar eigi síðar en viku eftir að krafan kom í hans hendur. Skal að jafnaði boðað til aukafunda með viku fyrirvara, nema brýn þörf kalli að. Þá má boða til fundar með styttri fyrirvara, þó aldrei styttri en 2 sólarhringa.

Til fundanna skal boðað með ábyrgðarbrjefi eða staðfestu símskeyti til hvers nefndarmanns.

11. gr.

39. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Á fyrsta aðalfundi nefndarinnar í hvert sinn, eftir að ný kosning hefir farið fram í nefndina samkv. 34. gr., kýs nefndin sjer forseta til næstu 2 ára. Boðar hann nefndina til funda samkv. 38. gr. og stjórnar fundum nefndarinnar. Ennfremur skal á sama hátt til sama tíma kjósa 1. og 2. varaforseta. Gegnir 1. varaforseti forsetastörfum í forföllum forseta, en 2. varaforseti, ef báðir, forseti og 1. varaforseti, eru forfallaðir. Forseti sá, sem stjórnar fundi í hvert skifti, kveður sjer fundarritara, sem má vera utan nefndarinnar.

Rita skal í fundabók stutta skýrslu um það, sem gerist á nefndarfundum, svo og allar ályktanir nefndarinnar.

12. gr.

40. gr., sem er ný grein, hljóði svo:

Nefndarfundur er lögmætur, ef fundinn sækja eigi færri en 10 nefndarmenn.

Á nefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði forseta úr.

13. gr.

41. gr.,, sem er ný grein, hljóði svo:

Landsbankanefndinni ber:

a. Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu eftir tillögum bankaráðsins. Reglugerðin skal staðfest af ráðherra þeim, sem fer með bankamál, og síðan birt í Stjórnartíðindunum.
b. Að kjósa 4 menn í bankaráð og 4 varamenn, samkv. 35. gr. laga þessara.
c. Að kjósa endurskoðendur bankans til eins árs í senn og 2 til vara, gefa þeim erindisbrjef og ákveða þóknun þeirra. Ef þess er krafist af 4 nefndarmönnum að minsta kosti, skulu kosningar þær, er um ræðir í b- og c-lið, vera hlutfallskosningar.
d. Að úrskurða reikninga bankans.
e. Að taka ályktun um önnur mál, sem lögð verða fyrir nefndina samkvæmt lögum þessum, eða eftir ósk bankaráðs eða ráðherra.

14. gr.

42. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Formaður bankaráðsins hefir fyrir hönd ráðsins stöðugt, daglegt eftirlit með starfsemi bankans.

Bankaráðið heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, 1. og 15. dag mánaðarins, eða næsta virkan dag, ef 1. eða 15. ber upp á helgidag, en annars svo oft sem formaður þess telur nauðsynlegt eða meiri hluti ráðsins krefst þess, eða framkvæmdarstjórnin óskar þess. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þegar jöfn eru atkvæði, sker atkvæði formanns úr. Svo skal og vera, þegar jöfn eru atkvæði, er bankaráð og framkvæmdarstjórn gera sameiginlega ályktun, sbr. 43. gr. staflið h. og i.

Bankastjórarnir eiga rjett á að vera á fundum bankaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sje um mál, er snertir bankastjórana sjálfa.

Á hverjum reglulegum fundi skal framkvæmdarstjórnin leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, hve mikið af fje hans sje bundið í hverri atvinnugrein, um verðbrjefaeign hans, um innlánsfje í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kröfur erlendar, um seðlaveltu, gullforða og innieignir erlendis, og um annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

15. gr.

38. gr. verður 43. gr., en staflðirnir a., c. og e. orðist svo:

a. Að koma fram fyrir hönd bankans gagnvart dómstólunum, yfirvöldum og gagnvart þriðja manni. Ráðið getur úrskurðað um öll mál bankans, sem ekki er áskilið landsbankanefndinni eða ráðherra að úrskurða um.
c. Að setja bankastjórunum erindisbrjef.

e. Að skipa aðalbókara og aðalfjehirði bankans og ákveða laun þeirra, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, svo og að ákveða, hversu hátt veð aðalfjehirðir skuli setja.

Í stað orðanna »(39. gr.)« í l.-staflið komi: (44. gr.).

o.-stafliður falli niður.

p.-stafliður verði o.-stafliður.

16. gr.

39. gr. verði 44. gr., en hljóði þannig:

Framkvæmdarstjórnin hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórnin heldur fundi á hverjum starfsdegi, ef málefni liggja fyrir til úrlausnar.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt (sbr. 43. gr.) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

17. gr.

40. gr. verður 45. gr., en fyrir orðin: »samkvæmt 38. gr.« komi: samkvæmt 43. gr.

18. gr.

41. gr. verður 46. gr., en fyrir orðin »samkvæmt 38. gr. l.« komi: samkvæmt 43. gr. l.

19. gr.

42., 43., 44. og 45. gr. verða 47., 48., 49. og 50. gr., og á undan 50. gr. komi: VI. kafli. Sjerrjettindi bankans.

20. gr.

46., 47., 48., 49., 50., 51., 52., 53. og 54. gr. verða 51., 52., 53., 54., 55., 56., 57., 58. og 59. gr.

21. gr.

55. gr. verður 60. gr. og hljóði þannig.

Kosning í bankaráðið fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1928. Þegar eftir að lög þessi öðlast gildi skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, formann

bankaráðsins. Bankaráðið sjer síðan um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd eigi síðar en 1. janúar 1929.

22. gr.

56. gr. verður 61. gr., en 3. málsgr. greinarinnar fellur niður.

23. gr.

57. gr. verður 62. gr. og hljóði þannig:

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Um uppsögn núverandi bankastjóra skulu sömu reglur gilda og í gildi voru, er þeir tóku sæti í bankastjórninni.

Jafnskjótt sem núverandi bókari og aðalfjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum þessara laga.

24. gr.

58. og 59. gr. verða 63. og 64. gr.

25. gr.

60. gr. verður 65. gr. og hljóði þannig:

Auk hinna gulltryggðu seðla er bankanum heimilt að gefa út alt að einni miljón króna. Seðlamagn þetta skal minka um 100000 kr. fyrir 1. nóvember 1928, og úr því árlega um sömu upphæð.

26. gr.

61., 62., 63. og 64. gr. verða 66., 67., 68. og 69. gr., en í stað orðanna »42. gr.« í niðurlagi 64. gr. komi: 47. gr.

27. gr.

65. gr. verður 70. gr. og á undan greininni komi: VIII. kafli. Niðurlagsákvæði.

28. gr.

66. gr. verður 71. gr.

29. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 48, 31. maí 1927, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Fjárhagsnefndinni hefir borist frv. þetta frá stjórninni, með tilmælum um að flytja það. Einn nefndarmanna (B. K.) er á móti málinu, og er það því meiri hluti nefndarinnar (I. P. og J. Bald.) sem flytur frv.

Flestar af breytingum þeim, sem frv. gerir á Landsbankalögunum, lágu fyrir þinginu í fyrra, sumpart í frv. stjórnarinnar, sumpart í tillögum einstakra þingmanna.

Fyrir frv. verður gerð nánari grein í framsögu.

Nd. **199. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi við verksmiðjur, byggingar, ístöku og útgerð og ennfremur við fermingu skipa og báta, síldarvinnu allskonar, vegagerð og bifreiðaakstur, skal greitt út verkkaupið vikulega.

Ákvæði þetta nær ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

2. gr.

Farmenn og fiskimenn, hvort heldur þeir eru ráðnir fyrir mánaðarkaup og aukaþóknun eða hlut úr afla, geta krafist vikulegrar greiðslu launa sinna eða verðmæti aflahlutar, eða umboðsmenn þeirra, sjeu þeir fjarstaddir.

3. gr.

Nú vinnur verkafólk, farmenn og fiskimenn slík verk, sem um getur í 1. gr. fyrstu málsgrein og 2. gr., í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt út vikulega, ef verkinu, sem kauptaxtinn eða umsamin upphæð miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella þegar verkinu er lokið.

4. gr.

Heimilt er verkafólki, farmönnum og fiskimönnum að krefjast þess, að mál út af greiðslu verkkaups samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvarnarþing annarsstaðar.

Rjettargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

Allir samningar, er fara í bága við lög þessi, skulu ógildir.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55, 31. maí 1927, um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Með lögum um viðauka við lög um greiðslu verkkaups, er samþykt voru á Alþingi í fyrra, var að nokkru leyti bætt úr þeim vandkvæðum, er verkafólk alment hefir búið undir með reglubundna greiðslu á kaupi sínu, en sá galli fylgdi þeim lögum meðal annars, að samningur á milli aðilja gerði lögin að engu. Dæmi eru til, að sú heimild hafi verið notuð af atvinnurekendum. Í þessu frv. er slíkri heimild með öllu slept. Í sömu lögum er ekki gert ráð fyrir, að vegagerðarmenn, bifreiðastjórar eða fólk, sem vinnur við síldarvinnu á ýmsan hátt, sje þar tekið með. Að minsta kosti er vafamál, hvort lögin taka til síldarvinnufólks alment eða ekki. Úr því er bætt með þessu frumvarpi.

Um vegagerðarmenn og bifreiðarstjóra má segja, að það eru menn, sem taka laun sín hjá öðrum og fylsta ástæða til að láta þá njóta sama rjettar og aðra verkamenn. Farmenn og fiskimenn voru ekki teknir með samkvæmt umræddum lögum. Með þessu frv. er þeim gefin heimild til að krefjast launa sinna vikulega. Eins og nú hagar til um lifnaðarhætti fólks í Reykjavík og stærri kauptúnum, er sú regla að færast í vöxt, að fólk gerir matarinnkaup sín til einnar viku í senn. Það yrði því miklu þægilegra fyrir sjómannaheimili að geta fengið kaup sitt vikulega, enda er gert ráð fyrir því, að sjómenn geti falið öðrum að taka út kaup sitt í fjarveru sinni. Um þá menn, sem fá kaup sitt í aflahlut, hlýtur að gilda hið sama. Gera má lauslega áætlun um, hversu hlutur fiskimannsins sje orðinn mikill í það og það skiftið. Væri þessi regla alment komin á, myndi sjaldnar koma fyrir, að menn ættu mestalt kaup sitt ógreitt að veiðitíma loknum og stundum ekkert fyrir því annað en skipið sjálft, svo sækja verður kaupgreiðsluna með dýrum málaferlum, er oftast rýrir að stórum mun lítið kaup manna.

Með 3. gr. núgildandi laga er þeim, sem lögin ná til, veitt mikil rjettarbót, með því að þurfa ekki að greiða rjettargjöld út af þessum málum. Með þessu frv. nær þetta ákvæði einnig til sjómanna, þar sem þeim með því er gefin heimild til að hefja mál, án þess af veikum mætti að verða að leggja fram allmikið fje til málsrekstrarins, sem fjölda manna er ókleift, ef um smákröfur er að ræða, sem ekki borga málskostnaðinn, þó málið vinnist. Mörg dæmi eru fyrir því, að menn hafa látið falla niður kröfur af þessum sökum. Úr þessu á frumvarpið að bæta að nokkru. Að öðru leyti má vísa til greinargerðar fyrir frumvarpinu frá í fyrra, þskj. 194 1927.

Ed. **200 Frumvarp**

til laga um að stofna nýbýli.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal leita samninga við landeigendur og ábúendur í Ölfushreppi í Árnessýslu og Holtahreppi í Rangárvallasýslu um að selja eða láta af hendi land meðfram þjóðveginum, er nægi handa 25 nýbýlum í hvorum þessara hreppa. Í Ölfushreppi skal ætla hverju nýbýli eigi meira land en 10 ha. af ræktuðu landi og í Holtahreppi eigi meira en 20 ha.

2. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefir fengið nægilegt land undir nýbýlin, skal hún láta velja bæjarstæði eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands. Skal reynt að haga þannig til, að bæir standi sem flestir saman og sem næst þjóðveginum.

3. gr.

Þegar valin hafa verið bæjarstæði, skal ríkisstjórnin gefa byggingarmeisturum kost á því að gera uppdrætti að nauðsynlegum byggingum á nýbýlum. Má heita alt að 5 þús. króna verðlaunum fyrir bestu og hentugustu uppdrætti, er gerðir verða, að dómi Búnaðarfjelags Íslands.

4. gr.

Þegar uppdrættir hafa verið gerðir að byggingum og öðrum undirbúningi undir tilhögun verksins er lokið, skal ríkisstjórnin láta reisa byggingar á þeim 50 nýbýlum, er í 1. gr. getur.

5. gr.

Í land það, er ætlað er nýbýlunum til ræktunar, skal, á kostnað ríkissjóðs, gera aðalskurði og holræsi, eftir því sem með þarf til að þurka alt að 5 ha. af landi hvers nýbýlis. Ennfremur skal alt að 5 ha. af landi hvers býlis búið undir ræktun á þann hátt, er Búnaðarfjelag Íslands telur hentugast.

6. gr.

Nýbýli þau, er reist verða samkvæmt lögum þessum, skal ríkissjóður leigja með þeim kjörum, er ákveðin verða í reglugerð, er ráðherra setur samkvæmt tillögum Búnaðarfjelags Íslands. Fyrstu 5 árin skal leiga þó eigi vera hærri en 4 af hundraði á ári af byggingarverði húseigna. Síðan skal leiga miðuð við meðalnytjar nýbýlis, þó aldrei hærra en 6 af hundraði af fje því, er lagt hefir verið í býlin.

7. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um það, hvernig meta skuli umbætur á nýbýli, þegar leiguliði fer burt, svo og um skyldu leigjanda til að halda við byggingum og ræktun lands, að viðlagðri riftingu leigumála.

8. gr.

Eigi skal leigjanda heimilt að framselja leigumála á nýbýlum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

9. gr.

Fje það, er þarf til framkvæmda lögum þessum, skal ríkissjóður leggja fram, og hefir ríkisstjórnin heimild til þess að taka alt að 1 miljón og 200 þús. kr. lán í þessu skyni.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt í fyrra, og vísast til greinargerðar og umræðna um málið þá.

Ed. **201. Frumvarp**

til laga um atvinnuleysistryggingar.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson og Jón Baldvinsson.

1. gr.

Þegar verkamenn stofna sjóði í þeim tilgangi að tryggja sjálfa sig gegn atvinnuleysi, geta slíkir sjóðir notið hlunninda þeirra, sem áskilin eru í lögum þessum, þó því aðeins, að þeir hafi áður hlotið viðurkenningu atvinnumálaráðherra.

2. gr.

Til þess að slíkir sjóðir geti öðlast viðurkenningu þá, er um getur í 1. gr., verða þeir að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a. **að veita viðtöku sem meðlimum öllum þeim ríkisborgurum, sem samkvæmt lögum þessum hafa rjett til að njóta styrks úr slíkum sjóði,**
b. **mega þeir engan tilgang hafa annan en þann, að tryggja meðlimi sína gegn atvinnuleysi,**
c. **verða þeir að hafa að minsta kosti 30 meðlimi. Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að veita undanþágu frá þessum lið, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.**

Heimilt er slíkum sjóðum að veita viðtöku sem meðlimum öðrum mönnum en þeim, sem um getur undir staflið a. þessarar greinar, og skulu þá á slíkum meðlimum hvíla allar sömu skyldur og kvaðir sem á hinum.

3. gr.

Nú óskar atvinnuleysissjóður að öðlast löglega viðurkenningu. Skal stjórn sjóðsins þá senda atvinnumálaráðherra skriflega beiðni um það. Beiðninni skal fylgja skipulagsskrá sjóðsins og nákvæm skrá yfir meðlimi hans. Meðlimir teljast einungis þeir, sem skuldlausir eru við sjóðinn. Sje það ljóst af plöggum þessum, að sjóðurinn fullnægir öllum skilyrðum 2. greinar, er atvinnumálaráðherra skylt að rita vottorð um það á skipulagsskrána, og er það fullnægjandi viðurkenning á sjóðnum.

4. gr.

Þegar atvinnuleysissjóður öðlast fyrnefnda viðurkenningu, leggur ríkissjóður honum styrk, er nemur 20 krónum á hvern meðlim sjóðsins, sem rjett hefir til styrks úr honum samkvæmt lögum þessum. Aðrar tekjur sjóðsins eru þessar:

a. Meðlimir hans greiða til sjóðsins 2% af öllum vinnulaunum sínum.
b. Atvinnurekendur þeir, sem hafa meðlimi slíkra sjóða í sinni þjónustu, greiða sjóðnum sömu upphæð, 2% af vinnulaunum hvers meðlims, sem vinnur í þjónustu þeirra.
c. Ríkissjóður greiðir árlega jafnmikla upphæð til sjóðsins og meðlimir hans allir til samans, þannig að ríkisstyrkurinn nemur $^1/_3$ af öllum tekjum sjóðsins, að frádregnu stofnfje og vöxtum af eignum og gjafafje, er honum kann að hlotnast, og öðrum óvissum tekjum.

5. gr.

Þegar meðlimur atvinnuleysissjóðs ræðst í vinnu, skal hann þegar í stað tilkynna þeim, er hann ætlar að vinna hjá, í hvaða atvinnuleysissjóði hann er meðlimur, og er atvinnurekanda þá skylt að senda tilheyrandi sjóði mánaðarlega nákvæma skýrslu um það, hve margar stundir hver meðlimur sjóðsins hefir unnið hjá honum undanfarandi mánuð, svo og fyrir hve háu kaupi. Skýrsla þessi skal vera komin í hendur sjóðsstjórnarinnar eigi síðar en hinn 10. dag þess almanaksmánaðar, er næstur fer á eftir þeim, sem hún hljóðar um.

6. gr.

Nú vanrækir atvinnurekandi að senda frá sjer slíka skýrslu, eða skýrsla hans reynist röng eða ófullnægjandi. Skal hann þá greiða tvöfalt gjald það, er honum annars ber að greiða til sjóðsins, og má auk þess dæma hann í sektir. Sömu ákvæði gilda um þá meðlimi, er eigi tilkynna atvinnurekendum þeim, er þeir vinna hjá, í hvaða sjóði þeir eru meðlimir.

7. gr.

Þegar atvinnurekandi greiðir verkamönnum kaup þeirra, skal hann halda eftir 2% af launum allra þeirra manna, er hjá honum vinna og eru meðlimir í

viðurkendum atvinnuleysissjóði, og greiða það tilheyrandi atvinnuleysissjóði ásamt gjaldi því, er honum ber að greiða frá sjálfum sjer. Skal hann gera sjóðnum skil í lok hvers mánaðar og ber hann ábyrgð á því, að fjeð sje komið í hendur tilheyrandi sjóðsstjórnar fyrir 15. dag hins næsta almanaksmánaðar.

Standi atvinnurekandi eigi skil á fje þessu, skal hann greiða tvöfalt það, sem vangoldið er, og auk þess sæta sektum. Gjöld þessi hafa lögtaksrjett sem önnur opinber gjöld.

8. gr.

Undanskildir fyrirmælum laga þessara eru:

a. Sveitabændur, að því er snertir hjú þau, sem vinna eingöngu að búverkum þeirra.
b. Aðrir atvinnurekendur, að því er snertir hjú þau, sem vinna ótvírætt eingöngu að heimilisverkum þeirra.

Komi upp ágreiningur um það, hvort hjú heyri undir ákvæði þessarar greinar eða eigi, skal leita úrskurðar lögreglustjóra. Vilji annarhvor aðili eigi hlíta þeim úrskurði, getur hann leitað rjettar síns hjá dómstólunum.

9. gr.

Allir verkamenn, sem skylt er að tryggja samkvæmt lögum um slysatryggingar, nr. 44 frá 27. júní 1925, hafa rjett til að njóta styrks úr viðurkendum atvinnuleysissjóði.

Enginn verkamaður má fá styrk úr viðurkendum atvinnuleysissjóði á meðan hann tekur þátt í verkfalli. Eigi má heldur veita þeim verkamönnum styrk úr slíkum sjóðum, sem eru atvinnulausir fyrir þá sök, að atvinnurekendur hafa lagt á alment verkbann í einhverri grein.

Ennfremur missa menn rjett til styrks úr viðurkendum atvinnuleysissjóðum:

a. ef þeir njóta styrks úr sjúkrasjóðum eða sjúkrastyrks af opinberu fje;
b. ef þeir njóta sveitarstyrks;
c. ef þeir sitja í fangelsi eða gæsluvarðhaldi;
d. ef þeir að ástæðulausu hafna þeirri atvinnu, er stjórn atvinnuleysissjóðsins vísar þeim á;
e. ef þeir eiga eignir, sem gefa af sjer 1000 króna tekjur eða meira á ári hverju. Nú eru eignirnar innieign í banka eða sparisjóði eða annari stofnun eða hjá einstökum manni eða mönnum í handbæru fje. Sje þannig ástatt, mega eignirnar ekki fara fram úr 3000 krónum til þess, að viðkomandi meðlimur hafi rjett til styrks úr viðurkendum atvinnuleysissjóði.

Nú færist stjórn atvinnuleysissjóðs undan að veita einhverjum meðlim sjóðsins atvinnuleysisstyrk, og aðilja þykja ástæður eigi fullnægjandi. Skal þá atvinnumálaráðherra skera úr.

10. gr.

Atvinnulaus telst í lögum þessum hver sá verkamaður, sem eigi hefir meiri atvinnu en 20 stundir á viku hverri, enda sje honum goldið alment tímakaup daglaunamanna á staðnum eða önnur laun, sem því svara. Nú vinnur daglaunamaður fyrir hærra eða lægra kaupi en því, sem alment er talið, og telst

hann þá atvinnulaus, ef tekjur hans á viku hverri eru eigi hærri en tekjur daglaunamanns, sem vinnur 20 stundir á viku fyrir almennu kaupi.

Komi upp ágreiningur um það, hvað sje alment kaup á hverjum stað og tíma, skal atvinnumálaráðherra skera úr um það, og eru aðiljar skyldir að hlíta þeim úrskurði.

11. gr.

Hver sá meðlimur með fullum rjettindum í viðurkendum atvinnuleysissjóði, sem verið hefir atvinnulaus samfleytt í einn mánuð og ekki heyrir undir ákvæði 9. gr., hefir rjett til styrks úr sjóðnum. Nú er daglaunamaður atvinnulaus, en eina viku fara tekjur hans fram úr því lágmarki, er skilgreinir atvinnuleysi í lögum þessum, en næstu viku eru tekjur hans aftur undir lágmarki. Skal það þá teljast eitt atvinnuleysistímabil, þannig, að ef sá tími, er hann hefir verið atvinnulaus undan og eftir viku þeirri, er tekjur hans fóru fram úr lágmarkinu, er fullur mánuður, hefir hann rjett til styrks úr sjóðnum.

12. gr.

Stjórnir viðurkendra atvinnuleysissjóða skulu hafa til eyðublöð undir umsóknir um styrk úr sjóðnum og ennfremur fyrir skýrslur um hag umsækjanda og afhenda þau meðlimunum ókeypis. Eigi verða umsóknir teknar til greina nema þær sjeu á slíkum eyðublöðum og þeim fylgi nákvæm skýrsla um allar ástæður og efnahag umsækjanda.

13. gr.

Styrk úr sjóðum þessum má veita sem dagpeninga, ferðastyrk, húsaleigustyrk o. s. frv. Stjórnir sjóðanna eru skyldar að rannsaka nákvæmlega hag hvers umsækjanda, og veita þær styrkinn eftir efnum og ástæðum. Sjerstaklega ber þeim að taka tillit til heimilisþyngsla og tekna þeirra, af atvinnu eða öðru, er umsækjandi hefir haft undanfarið. Þó má styrkurinn aldrei vera hærri en $^2/_3$ almenns verkakaups daglaunamanna í landvinnu á staðnum.

Nú hefir verkamaður nokkrar tekjur yfir þann tíma, sem hann telst atvinnulaus samkvæmt lögum þessum. Skal þá draga frá styrk þeim, er honum annars bæri, jafnstóra upphæð og þessar tekjur hans hafa numið.

Í skipulagsskrám sjóðanna skulu vera nákvæmar reglur um styrkveitingar úr þeim og skulu þær endurskoðaðar árlega og hljóta viðurkenningu atvinnumálaráðherra.

14. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal vera sjerstök nefnd, er hefir eftirlit með styrkveitingum atvinnuleysissjóðanna. Nefnd þessa skipa 5 menn. Tvo þeirra tilnefna fjelög atvinnurekenda í lögsagnarumdæminu, fjelög daglaunamanna tvo, en atvinnumálaráðherra skipar oddamann. Sje ekkert fjelag atvinnurekenda til í umdæminu, skipar atvinnumálaráðherra í nefndina tvo menn úr hópi atvinnurekenda, og sje ekkert fjelag daglaunamanna til í umdæminu, skipar fjórðungssamband verkalýðsfjelaganna í þeim landsfjórðungi tvo menn í nefndina, og sje ekkert slíkt fjórðungssamband til í landsfjórðungnum, skal Alþýðusamband Íslands skipa þessa tvo nefndarmenn.

15. gr.

Tveir menn skulu endurskoða reikninga sjóðanna árlega. Annan þeirra kýs aðalfundur sjóðsins, en fjelög atvinnurekenda í lögsagnarumdæminu hinn. Sje ekkert fjelag atvinnurekenda til í umdæminu, skal atvinnumálaráðherra skipa mann til starfs þessa úr hópi atvinnurekenda. Reikningsár sjóðanna er almanaksár.

16. gr.

Enginn getur notið rjettinda í fleirum en einum viðurkendum atvinnuleysissjóði í senn.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—2000 krónum, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Greinargerð.

Í flestu stendur þjóðfjelagslöggjöf Íslendinga að baki annara menningarþjóða. Afskifti hins opinbera af hinu mikla þjóðarböli, atvinnuleysinu, stingur þó einna mest í stúf við það, sem tíðkast í nágrannalöndunum.

Það ætti að vera áhugamál alls almennings og fulltrúa almennings, hverri stjett, sem þeir tilheyra, og hvaða flokki, sem þeir fylgja, að ráða bót á böli þessu. Hvaða þjóðfjelagi, sem er, ber fyrst og fremst skylda og nauðsyn til að sjá verkamönnum sínum fyrir lífsviðurværi. En það er laust við það, að þjóðfjelag vort uppfylli þessa grundvallarskyldu og nauðsyn. Verkamennirnir hjer í Reykjavík eru beinlínis settir á guð og gaddinn. Það er ekki ofmælt, að börn þeirra veslist upp hrönnum saman á atvinnuleysistímunum á veturna úr kulda, næringarskorti og tæringu. Og án efa mundi ljetta stórum á fátækraframfærslu margra bæjar- og sveitarfjelaga, ef frumvarp þetta yrði að lögum.

Stjórn jafnaðarmannafjelagsins »Sparta« í Reykjavík hefir samið frv., og er það flutt að hennar tilhlutun.

Maður verður oft að gera ráð fyrir hinu ótrúlegasta. Vjer getum hugsað oss, að einhver komi með þá mótbáru gegn frumvarpi þessu, að það geri sveitamenn ótrauðari til að flytja til kaupstaðanna og auki þannig fólksstrauminn úr sveitunum. Vonandi lætur enginn sjer svo óviturlega og ómannúðlega röksemd um munn fara. Öll alþýða, bæði til sjávar og sveita, verður að vinna að því í sameiningu að gera sveitirnar byggilegri. Með því einu móti er hægt að stöðva fólksstrauminn til kaupstaðanna. Væntum vjer, að enginn láti sjer þá heimskulegu og grimdarlegu aðferð til hugar koma að svelta í hel börn verkalýðsins, sem eiga að byggja hinar óræktuðu sveitir landsins í framtíðinni.

Frumvarp þetta stendur vitaskuld að baki tilsvarandi löggjöf í nágrannalöndunum. Það er aðeins fyrsta sporið. Enda eru staðhættir vorir og þjóðlíf svo

ólíkt nágrannalandanna, að vjer verðum að þræða vorar eigin brautir í mörgu. Munum vjer nú skýra frumvarpið nokkru nánar í einstökum greinum.

Við 1. gr.

Eins og högum er háttað hjer á landi, eru tæpast framkvæmanlegar atvinnuleysistryggingar nema með tilstyrk fjelagsskapar verkamanna, er stofnaður er í þeim tilgangi, sem um ræðir í greininni. Á þennan hátt er öllum daglaunamönnum gefinn kostur á að tryggja sig gegn atvinnuleysi.

Við 2. gr.

Grein þessi ræðir um skyldur sjóðanna. Nauðsynlegt er að sjálfsögðu að takmarka tilgang sjóðanna og skylda þá til að veita viðtöku öllum þeim meðlimum, sem rjett hafa til þeirra hlunninda, sem áskilin eru í lögunum.

Við 3. gr.

Nauðsynlegt er að mæla svo fyrir, að þeir einir sjóðir hljóti viðurkenningu, sem skilyrði hafa til að fullnægja tilgangi laganna.

Við 4. gr.

Vjer höfum gert oss far um að finna þá aðferð til að afla sjóðunum tekna, er legði eigi þungar byrðar á neinn aðilja. Stofnfje úr ríkissjóði er óhjákvæmilegt, og er það ákveðið svo lágt sem unt er, til þess að það geti komið að nokkru haldi.

Við 5. gr.

Fyrirmælin í grein þessari hafa þann tilgang að gera stjórnum atvinnuleysissjóðanna mögulegt að gegna skyldum sínum samkvæmt 7. gr.

Við 6. gr.

Sjálfsagt er að leggja þunga refsingu við öllu því, sem tefur framkvæmd laga þessara, og það er augljóst, að brot þau, sem greinin ræðir um, eru einkar hættuleg.

Við 7. gr.

Vart er hægt að hugsa sjer aðra aðferð til að ná inn gjöldum til sjóðanna með nokkrum árangri en þessa. Væri æskilegt, að hið opinbera styrkti sjóðina til að koma upp ráðningarskrifstofum, og mundi það án efa hafa mikinn árangur um skipulagningu vinnunnar og milda mjög atvinnuleysið.

Við 8. gr.

Undanþágur þessar eru gerðar fyrst og fremst vegna þess, hve erfitt er um framkvæmdir í þessum efnum, svo og tekið tillit til erfiðra ástæðna hjá bændum og öðrum smáatvinnurekendum.

Við 9. gr.

Í grein þessari er gerð tilraun til að takmarka styrkinn, eftir því sem

ástæður leyfa, við þá, sem þurfa hans ótvírætt með og eigi njóta annars opinbers styrks.

Við 10. gr.

Þar, sem atvinnu manna er eins háttað og hjer, þar sem mikill þorri verkamanna hefir aðeins hlaupavinnu, er nauðsynlegt að skilgreina atvinnuleysi nokkru nánar. Það skal fúslega viðurkent, að eigi er með þessu móti girt fyrir allan ójöfnuð, en einhversstaðar verður að setja takmörkin, og geta þau tæplega miðast við minni tímafjölda en hjer er nefndur. Með minni atvinnu getur enginn maður haft til hnífs og skeiðar.

Við 11. gr.

Um grein þessa má segja hið sama og undanfarandi, að fyrirmæli hennar eru nauðsynleg vegna hinna skipulagslausu atvinnuhátta hjer á landi, og hún girðir heldur eigi fyrir allan ójöfnuð. Eins og 13. gr. ber með sjer, er það hlutverk sjóðsstjórnanna að úthluta styrknum sem rjettlátast. Samkvæmt 10. gr. er 1 vika minsta tímaeining, sem hægt er að reikna með, er ræðir um atvinnuleysistímabil.

Við 12. gr.

Þarf eigi skýringar við.

Við 13. gr.

Eigi þykir fært að svo stöddu að sundurliða nánar í lögum, hvernig veita skuli styrk úr atvinnuleysissjóðunum, enda er það fráleitt, að allar ástæður verði teknar til greina í lögum. Hinsvegar gerir frumvarp þetta ráð fyrir nákvæmu opinberu eftirliti með styrkveitingunum.

Einnig er í grein þessari sjálfsagt ákvæði um það, hvernig haga skuli styrkveitingu til manna, sem nokkra atvinnu hafa, en teljast þó atvinnulausir samkvæmt skilgreiningu laganna. Er auðvitað gert ráð fyrir, að styrkurinn verði aldrei mikið hærri en sem svarar tekjum manns, sem hefir svo mikla atvinnu, að hann telst eigi atvinnulaus samkvæmt lögunum, þ. e. ca. $^1/_3$ af launum hans við stöðuga atvinnu, en frumvarpið heimilar styrk, sem svarar $^2/_3$ af laununum.

Við 14. og 15. gr.

Greinir þessar tryggja það, að fulltrúar allra þeirra, sem hlut eiga að máli, hafi eftirlit með styrkveitingum sjóðanna, rekstri þeirra og reikningum.

Við 16., 17. og 18. gr.

Greinir þessar þurfa eigi skýringa við.

Nd. **202. Frumvarp**

til laga um opinber reikningsskil hlutafjelaga.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Öll þau hlutafjelög, sem skrásett eru samkvæmt lögum nr. 77, frá 27.

júní 1921, skulu skyld að birta útdrátt úr rekstrar- og eignareikningum sínum ár hvert, eigi síðar en mánuði eftir aðalfund, í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar. Þó skulu hlutafjelög, er hafa minna en 50 þús. kr. hlutafje, undanþegin ákvæðum þessara laga.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð fyrirmæli um birtingu þessa.

2. gr.

Nú boðar stjórn hlutafjelags til aðalfundar, og skal hann þá auglýsa í víðlesnu blaði, að minsta kosti með viku fyrirvara. Heimilt skal ritstjórum stjórnmálablaða, eða umboðsmönnum þeirra, að sitja þá fundi og skýra frá því opinberlega, er þar fer fram. Sama rjett hafa og bankastjórar innlendra banka eða umboðsmenn þeirra.

3. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, frá 5000—20000 krónum, er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotunum rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið fyrir þá sök, hversu mikil leynd hvílir yfir rekstri og fjárhagslegri afkomu allra stærri atvinnu- og verslunarfyrirtækja í landinu. Allflest þessara fyrirtækja verða að taka lán í stórum stíl í bönkunum, og komið hefir það fyrir, að Alþingi hefir hlaupið undir bagga, annaðhvort með ábyrgðum, eftirgjöfum eða öðrum fjárhagsstuðningi. Lán þessi lenda því á þjóðinni þæði beinlínis og óbeinlínis, þegar svo fer, að töp verða hjá hinum ýmsu fyrirtækjum. Það er því ekki nema eðlileg krafa, að allir meðal þjóðarinnar eigi kost á að kynnast hag þessara fyrirtækja í stórum dráttum. Við rekstur hlutafjelaga er ekki hægt að koma fram eðlilegri gagnrýni, þar sem engum leyfist að sjá eða kynnast reikningum þeirra, öðrum en þeim fáu, sem að fjelögunum standa. Það verður að líta svo á, að öll slík fyrirtæki, þó þau sjeu rekin af einstökum mönnum, varði alþjóð miklu, ekki eingöngu hvað viðvíkur lánsþörf þeirra, heldur á einnig mikill hluti verkalýðsins í landinu afkomu sína undir því, hvernig á rekstrinum er haldið.

Í nágrannalöndum okkar mun lögfest sú regla, að hlutafjelög, sem selja hlutabrjef sín hverjum sem vill, birti reikninga sína opinberlega og leyfi fulltrúum blaða að sitja á aðalfundum fjelaganna, svo þau verði háð opinberri gagnrýni. Við slíka gagnrýni skapast meiri heilbrigði um rekstur fyrirtækjanna, og minni tortryggni frá hálfu þeirra, sem eiga afkomu sína undir góðri stjórn og skipulagi þeirra, og ekki síst sá stóri hópur manna, sem lítur fyrirtækin hornauga vegna þeirrar leyndar, sem nú yfir þeim hvílir.

Nd. **203. Frumvarp**

til laga um einkasölu á tóbaki.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Frá 1. jan. 1929 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum neina tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs tóbak, ef tóbaksbirgðir eru eigi, að áliti lögreglustjóra, meiri en svo, að hæfilegur forði sje handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 11. gr. Þegar sjerstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það hjer í land.

2. gr.

Tóbak það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún kaupfjelögum, öðrum verslunarfjelögum eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Um tóbakssöluna setur ríkisstjórnin nánari reglur.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur verslunarinnar, skipar forstöðumann og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbrjef.

5. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með tóbaksbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

6. gr.

Verslunin skal leggja frá 10 til 35 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar, kominnar í hús hjer á landi, með tolli. Tóbak til sauðfjárbaðana selst án hagnaðar.

7. gr.

Verslunin skal greiða hinn lögákveðna tóbakstoll þar, sem tóbakið er fyrst flutt í land, og á þann hátt og á þeim tíma, er tolllög mæla fyrir.

8. gr.

Ágóði sá, sem verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum má ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

9. gr.

Verslunin skal jafnan hafa nokkurn forða fyrirliggjandi í Reykjavík af tóbaki. Kostnað af sendingu þess innanlands greiði viðskiftamenn. Pantað tóbak getur verslunin látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

10. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess er tóbak, sem inn er flutt í heimildarleysi, upptækt og afhendist versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Tóbakseinkasala landsverslunarinnar var úr gildi numin 1925 og tóbakstollurinn jafnframt hækkaður til muna. Nú er flokkaskifting á þingi öll önnur en þá, og er því tími til kominn að taka málið upp af nýju. Reynslan hefir sýnt, að tóbakseinkasala er hagkvæmasta skipulag á verslun með þessa vörutegund, sem jafnframt getur gefið ríkissjóði allmiklar tekjur, varlega áætlaðar 200—300 þús. kr. Hinsvegar hefir ríkissjóður þörf á nýjum og rjettlátari tekjustofnum en þeim flestum, sem fyrir eru, ef hægt á að vera að auka verklegar framkvæmdir í landinu og gera umbætur á ýmsum sviðum.

Frumvarp þetta er að mestu samhljóða l. nr. 40, 27. júní 1921. Einungis er svo til breytt, að það gangi í gildi 1. jan. 1929, og álagningin er miðuð við verð vörunnar að viðbættum tolli, eins og venja er til hjá verslunum, en ekki á innkaupsverðið eitt, eins og í lögunum. Ýmsum atriðum öðrum er vert að breyta, en tími nægur til þess í nefnd, og verður þess nánar getið í framsögu.

Sþ. **204. Tillaga**

til þingsályktunar um einkasölu á steinolíu.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að neyta heimildar laga nr. 77, 14. nóv. 1917, til að taka í sínar hendur einkasölu á steinolíu.

Greinargerð.

Samkvæmt þingsályktunartillögu, er samþykt var á Alþingi 1925 með litlum atkvæðamun, var einkasala ríkisins á steinolíu afnumin í ársbyrjun 1926.

Þar sem almennar kosningar til Alþingis síðan hafa farið fram og flokkaskipun í þinginu nú er mjög á annan veg en þá, þykir rjett að leita álits þingsins um þetta mál.

Ed. **205. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald af síldarlýsi.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Auk þess útflutningsgjalds, sem samkvæmt gildandi lögum ber að greiða af útfluttum afurðum, skal frá 1. júní 1928 greiða 3% útflutningsgjald af síldarlýsi, og rennur það gjald í ríkissjóð.

2. gr.

Um framkvæmd þessara laga og um sektir fyrir brot á þeim fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 70, 27. júní 1921.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frv. er flutt með það fyrir augum að samræma útflutningsgjald af síld og síldarlýsi á þann hátt, að jafnhátt útflutningsgjald hvíli á síldinni nýrri, hvort sem hún er söltuð til útflutnings eða breytt í lýsi eða mjöl og flutt út í því ástandi. Til þess að þessu samræmi verði náð, verður að lækka útflutningsgjald af síldinni óunninni um helming, en hækka það aftur á lýsi og síldarmjöli

um nálega tvöfalda upphæð þess útflutningsgjalds, sem nú hvílir á þessum vörum. Með frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl., sem flutt er samhliða þessu frv., er gert ráð fyrir þessari hækkun á útflutningsgjaldi af síldarmjöli, og vísast til greinargerðarinnar, sem fylgir með því frumvarpi, hvað þetta snertir.

Með því frv., sem þessi greinargerð fylgir, er gert ráð fyrir nefndri hækkun á útflutningsgjaldi af síldarlýsi.

Talið er, að úr 100 kg. af síld, veiddri í júlí, ágúst og september, fáist um 16 kg. af lýsi. Nú er útflutningsgjald af síldarlýsi $1^1/_2\%$ af verði þess. Sje gert ráð fyrir, að fyrir hvert kg. fáist 55 aurar, sem mun vera nærri sanni, verður útflutningsgjald af því lýsi, sem fæst úr 100 kg. af síld, um 13 aura. Með því að hækka útflutningsgjald um 3%, eins og ráð er fyrir gert í frv. þessu, verður útflutningsgjaldið alls af lýsinu um 39 aura á hver 100 kg. af síld.

Á síðasta ári munu hafa veiðst í bræðslu nálægt 600 þúsund tunnur af síld, en til söltunar 240 þúsund tunnur. Sú lækkun á útflutningsgjaldi á síldinni, sem myndi verða, ef frumvarp um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl., næði fram að ganga, myndi þá nema um 180 þúsund kr., en sú hækkun útflutningsgjalds á lýsi og síldarmjöli, sem næðist með samþykt þessara frumvarpa beggja, myndi nema um 280 þús. kr., eða gefa í ríkissjóðinn um eða yfir 100 þús. kr. árlega með líkri veiði og síðastliðið ár, þrátt fyrir umtalaða lækkun á útflutningsgjaldi á síldinni.

Ed. **206. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af hverri síldartunnu (108—120 lítr.) skal greiða í ríkissjóð 75 aura, af hverjum 100 kg. af síldarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og fóðurkökum 2 kr. og 50 aura. Af hverjum 100 kg. af óþurkuðu áburðarefni úr fiski og síldarafurðum 60 aura. Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu, 25 aura. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum (þurkað, óunnið) 1 krónu.

2. gr.

Af síld, sem seld er til Rússlands eða á annan nýjan markað, greiðist ekkert útflutningsgjald í ríkissjóð, ef hver 100 kg. tunna síldar selst undir kr. 25,00, miðað við verð í höfn hjer á landi.

3. gr.

Tvær síðari málsgreinar 2. gr. laganna eru úr gildi feldar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl., svo og önnur lagaákvæði, er koma í bág við þessi lög.

Greinargerð.

Tilgangurinn með þessu frumvarpi er tvennskonar. Annar sá, að lækka útflutningsgjald af síld, sem er nú orðið nálega fimm sinnum hærra en á flestum öðrum útfluttum afurðum. Hinn tilgangurinn er að samræma útflutningsgjald af síldarmjöli og öðru því, sem úr síld er unnið, við útflutningsgjald af síldinni óunninni. Verður því samfara þessu frumvarp um hækkun á útflutningsgjaldi af síldarlýsi borið fram í sama tilgangi.

Nú ber að greiða í ríkissjóð kr. 1.50 af hverri útfluttri síldartunnu, en af síldarmjöli er útflutningsgjaldið aðeins kr. 1,00 af hverjum 100 kg. Jeg tel það eðlilegt, að útflutningsgjaldið sje miðað við 100 kg af nýrri síld, og ætti þá útflutningsgjald af því lýsi og síldarmjöli, sem fæst úr 100 kg af síld, að vera það hátt, að það gefi sömu tekjur í ríkissjóðinn eins og 100 kg af útfluttri síld.

Til þess að ná þessu samræmi, er hjer farið fram á, að útflutningsgjald af síld sje lækkað niður í 75 aura á tunnu 100 kg, en útflutningsgjald af síldarmjöli verði hækkað upp í kr. 2,50 á hver 100 kg.

Talið er, að úr hverjum 100 kg. af síld fáist 15—16 kg. af síldarmjöli. Sje útflutningsgjaldið $2^1/_2$ eyrir á kg., eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, gerir það 38—40 aura á hver 100 kg. síldar. Með hækkun á útflutningsgjaldi á síldarlýsi, nái frumvarp um það fram að ganga, er sjeð fyrir þeirri hækkun, sem þarf til þess, að náð verði 75 aurum í ríkissjóðinn af hverjum 100 kg., sem brædd eru af síldinni, eða sömu tekjum eins og af útfluttri síldartunnu, verði útflutningsgjaldið á útfluttri síld fært niður samkvæmt því, sem farið er fram á í þessu frumvarpi.

Nái bæði þessi frumvörp fram að ganga, sem hjer hefir verið minst á, mun af þeim verða allríflegur tekjuauki í ríkissjóðinn, fram yfir það, sem þarf til þess að vega upp á móti lækkun á útflutningsgjaldinu á síldinni. Er nánar gerð grein fyrir því atriði í greinargerð, sem fylgir með frumvarpi til laga um útflutningsgjald af síldarlýsi.

Nd. 207. Þingsályktun

um rannsókn vegarstæðis milli Siglufjarðar og Haganesvíkur.

(Afgreidd frá Nd. 15. febr.).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á næsta sumri rannsaka akbrautarstæði og gera áætlun um kostnað við akveg milli Siglufjarðar og Haganesvíkur.

Nd. **208. Þingsályktun**

um þýðing og gildi þinglýsinga.

(Afgreidd frá Nd. 15. febr.).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um, hvaða skjölum skuli þinglýsa og um þýðing og gildi þinglýsinga.

Nd. **209. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um hinn almenna mentaskóla í Reykjavík.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. Tillögugreinina skal orða svo:
   Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing löggjöf um hinn almenna mentaskóla í Reykjavík og um Akureyrarskólann.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um hinn almenna mentaskóla í Reykjavík og Akureyrarskólann.

Nd. **210. Nefndarálit**

um frv. til laga um dýralækna.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála háttv. meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa frumvarps. Meiri hlutinn vill halda tölu dýralækna eins og hún er nú, en minni hlutinn telur vel unt að komast af með 2 dýralækna. Býst jeg við, að almenningur geti hvort sem er ekki haft not dýralækna til að hjálpa eða lækna dýr, svo að nokkru verulegu nemi, en hinsvegar tveim læknum vel kleift að annast þá fræðslu, er æskilegt væri, að almenningi væri í tje látin í þessu efni, auk þess sem þeir nægja fullkomlega landsstjórninni til ráðuneytis í þessum málum.

Alþingi, 15. febr. 1928.

Jörundur Brynjólfsson.

Nd. **211. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun fátækralaganna.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á einu máli um þetta mál. Meiri hlutinn leggur til, að tillögugreinin verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 16. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Bernharð Stefánsson, frsm.

Ed. **212. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Við 1. gr. 2. Orðin »nema síldartunnum og kjöttunnum og tilsniðnu efni í þær« falli niður.

Við 1. gr. 4. Í stað stafliðanna a., b. og c. komi:

a. Af salti 1 kr. 50 aurar af hverri smálest.
b. Af kolum 3 kr. af hverri smálest.
c. Af steinolíu 15 aurar af hverjum 50 kg.
d. Af kornvörum 30 aurar af hverjum 50 kg.

Orðin í næstsíðustu málsgr. 1. gr.: »síldartunnur, kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðaefni, ennfremur kornvörur« falli niður.

2. gr.

Lög nr. 50, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á þingi 1926 urðu menn svo bjartsýnir vegna hagstæðrar fjárhagsafkomu áranna 1924 og 1925, að það þótti gerlegt að ljetta tollabyrðina í sumum greinum að miklum mun, og var það þá talið áhættulaust fyrir ríkissjóð að lækka vörutollinn um c. ½ milj. króna. Fjárhagsafkoma ársins 1926, sem þó naut góðs af árinu 1925, sýndi það þó um það er lauk, að farið hafði verið óvarlegar en

æskilegt hefði verið í því að draga úr tekjum ríkissjóðs, en afkoma síðasta árs hefir að fullu fært heim sanninn um það, að tollalækkun þá, sem gerð var árið 1926, fær ríkissjóður ekki staðist, þar sem ekki hefir tekist að draga úr útgjöldunum sem svarar umræddri tekjurýrnun.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1927 hafði stjórnin áætlað vörutollinn 1375 þús. kr. og þá, að því er ætla má, bygt þessa áætlun á vörutollslögunum frá 1921. En þingið, með frumkvæði fjárhagsnefndar Nd., samþykti vörutollslækkun, sem áætluð var, að nema mundi c. $^1/_2$ milj. króna, og ljet samt fyrnefnda áætlun stjórnarinnar um vörutollstekjur 1927 standa óbreytta. Það hefir nú komið í ljós, að þetta var gálausleg aðferð, því að c. $^1/_4$ milj. kr. vantar á vörutollstekjur árið 1927 borið saman við áætlunina.

Í þessu frumvarpi er það því lagt til, að vörutollslögin verði að mestu leyti færð í það horf, er þau voru fyrir 1926, eða með öðrum orðum, að vörutollslögin verði því sem næst eins og þau voru 1921. Þykir þetta því síður varhugavert, þar sem alveg voru feldir niður 1926 tveir vörutollsstofnar, tunnutollur og korntollur, sem staðið höfðu í vörutollslögum frá 1912 og engan veginn voru taldir tilfinnanlegir tollstofnar, en gáfu þó verulegar tekjur. Kolatollurinn var og færður niður 1926 í 1 kr. af smálest, eins og hann hafði verið 1912, en eftir vörutollslögunum 1921 var hann 3 kr., og er ætlast til, að hann verði það framvegis. Salttollurinn var 1912 50 a. af tonni, en 1 kr. 50 a. 1921, og lækkaður í 1 kr. 1926. Þykir hæfilegt, að hann sje hið sama framvegis sem hann var settur 1921. Steinolíutollurinn var 1912 10 a. af 50 kg., 1921 30 a. og 1926 settur 15 a., og er hann látinn óbreyttur. Er það sjerstaklega með tilliti til vjelbátaútvegsins nauðsynlegt, að tollur þessi sje sem lægstur, og svo er ekki komin raun á, hverjum kjörum menn eiga að sæta um olíukaup eftir að landsverslun er lögð niður.

Miðað við meðaltal innflutnings tímabilið 1924—1926 verður eftir frumvarpinu tekjuauki af

kolatolli	c. kr. 230000
salttolli	- — 36000
en tunnutollur og korntollur má ætla að gefi hvor um sig um 80 þús. kr., eða samtals	- — 160000
	Alls kr. 426000

Þótt tollur þessi hefði verið látinn óbreyttur 1926, hefði hann ekki vegið á móti tekjuhallanum 1927.

Formsins vegna virðist rjett að nema úr gildi lög nr. 50 1926.

Ed. **213. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Við 1. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar

eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra, eða umboðsmanni hans, reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll, svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, skal lögreglustjóri, eða umboðsmaður hans, stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 15% af innkaupsverði þeirra vara, nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

Í stað »20%« í staflið A. komi: 30%.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928 og gilda til ársloka 1930.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verðtollslögunum er ekki ætlað að gilda lengur en til ársloka í ár. Nú er það vitað mál, sbr. fjárhagsútkomuna s. l. ár, að því fer svo fjarri, að ríkissjóður megi við því að missa tekjur af verðtollinum, að brýn nauðsyn ber til að afla ríkissjóði meiri tekna. Tekjur af verðtollinum urðu að vísu árið 1927 rúmlega það, sem áætlað var, þ. e. 76 þús. umfram áætlun, en lækkun verðtollsins 1926 var þó miklu meir gerð af góðum vilja en nægri fyrirhyggju um fjárþörfina. Því að eins og segir í athugasemdunum við vörutollsfrumvarpið, var öll tolllækkunin 1926 gerð fullhvatvíslega, þar sem ekki var jafnframt dregið úr útgjöldum ríkissjóðs sem tolllækkuninni svaraði. Nú er það fyrirsjáanlegt, að afla verður ríkissjóði meiri tekna en núgildandi tekjulöggjöf lætur væntanlega í tje, og þykir því ekki verða hjá því komist að láta verðtollinn bæta úr þeirri þörf að nokkru.

Tekjur ríkissjóðs af verðtollinum, frá því að hann var tekinn í lög 1. apríl 1924, eru þessar:

1924	kr.	897 þús.
1925	—	2085 —
1926	—	1304 —
1927	—	926 —

Frá 1. apríl 1924 til 1. júní 1925 var verðtollurinn 20% af innkaupsverði allra vara, er hann tók til, en frá 1. júní 1925 verða tollflokkarnir 3, þ. e. 30%, 20% og 10%, og fjellu flestar vörurnar undir miðflokkinn. En frá 1. mars 1926 er hundraðsgjaldið lækkað niður í 20%, 15% og 5%. Með gildandi lögum voru tollflokkarnir látnir vera aðeins 2, og ætlaðist stjfrv. 1926 til, að hundraðsgjald lægra flokksins væri $12^1/_2$%, en í meðferð þingsins var það lækkað niður í 10%.

Það þykir fyrir margra hluta sakir heppilegast að hreyfa ekki við flokkaskiftingunni, sem nú hefir fengið festu í framkvæmd, og er því lagt til, að flokkaskiftingin verði látin halda sjer, en hundraðsgjaldinu aðeins breytt eins og í frv. segir, hærri flokkurinn hækkaður úr 20% í 30%, en lægri flokkurinn, en af honum er allur meginhluti tollsins, verði hækkaður úr 10% í 15%. Þetta gefur tryggasta niðurstöðu um það, hver tekjuaukinn ætti að verða.

Í 1. og 2. gr. laganna er vitnað til laga nr. 38 1921, sem nú eru úr gildi með lögum nr. 54 1926, og þykir því rjett að breyta þessu um leið og vitna til síðarnefndra laga.

Það þykir ekki fært að láta lög þessi gilda til skemri tíma en ársloka 1930, en hitt væri þó ef til vill rjettara, að láta þau gilda um óákveðinn tíma.

Nd. **214. Frumvarp**

til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Ólafur Thors, Jón Ólafsson, Hákon Kristófersson, Pjetur Ottesen, Jón A. Jónsson.

1. gr.

Tilgangur Fiskiveiðasjóðs Íslands er að efla sjávarútveg landsmanna.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er:

1. Eign sjóðsins í peningum og skuldabrjefum eins og hún verður, er lög þessi öðlast gildi.
2. Tillag úr ríkissjóði, 100000 kr. á ári næstu 5 ár.

3. gr.

Fiskiveiðasjóðurinn skal gefa út vaxtabrjef. Skulu það vera skuldabrjef, er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum sjóðsins. Stjórn sjóðsins kveður á um útlit brjefanna. Fjármálaráðherra og stjórn sjóðsins undirrita brjefin.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabrjefum en nemur ferfaldri upphæð höfuðstóls Fiskiveiðasjóðsins.

Nánari ákvæði um brjef þessi setur fjármálaráðherra í reglugerð.

4. gr.

Fiskiveiðasjóðurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfjelaga. Svo á hann og rjett á að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð fyrir sjálfan sig.

5. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, er kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins, eftir að $3^1/_2$% ársvextir af höfuðstólnum hafa verið lagðir við hann, þangað til varasjóður er orðinn 15% af upphæð höfuðstóls. Þar eftir er stjórn sjóðsins skylt að leggja í varasjóð svo mikið af tekjuafganginum, sem þarf til þess, að varasjóðurinn haldi áfram að vera 15% af höfuðstólnum, en þann tekjuafgang, sem þar er fram yfir, má leggja við höfuðstólinn.

Fje varasjóðs má ekki nota til útlána, heldur skal það ávaxtað á þann hátt, að handbært sje, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Fiskiveiðasjóðs. Af varasjóði skal greiða tap, er Fiskiveiðasjóður kann að verða fyrir vegna útlána.

6. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum Fiskiveiðasjóðs er:

1. Skuldabrjef þau, er Fiskiveiðasjóður fær frá lántakendum.
2. Varasjóður Fiskiveiðasjóðs.
3. Höfuðstóll Fiskiveiðasjóðs.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinna, skal það gert í þeirri röð, sem hjer er talin.

7. gr.

Fje Fiskiveiðasjóðs má eingöngu lána til:

1. Skipakaupa, alt að 60 smálesta.
2. Stofnsetningar iðnaðarfyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar eða til eflingar þeim, þar á meðal til verksmiðjuiðnaðar á fiskiafurðum og fiskiúrgangi.

Skipakaupalán mega ekki nema meiru en helmingi virðingarverðs skipsins, þó ekki yfir 30000 kr., og önnur lán ekki yfir þriðjung stofnkostnaðar fyrirtækisins, þó ekki yfir 50000 kr.

8. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn fasteignaveði, með tryggingu innan $^3/_5$ af virðingarverði veðsins, enda hvíli ekki veðskuldir til annara en opinberra sjóða á eigninni á undan veðrjetti Fiskiveiðasjóðs.
b. Gegn 1. veðrjetti í skipi, alt að helmingi virðingarverðs, enda sje virðingin framkvæmd eftir reglum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Veðrjettur sjóðsins gengur fyrir sjerhverjum veðrjetti í skipinu, að opinberum gjöldum einum undanskildum.

9. gr.

Eignir þær, er Fiskiveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins.

10. gr.

Lán úr Fiskiveiðasjóði má veita:

a. Skipakaupalán til alt að 10 ára.
b. Atvinnubótalán til alt að 20 ára, enda sje fasteignaveð fyrir.

Lánin mega vera afborgunarlaus 1—3 ár, en endurgreiðast að öðru leyti með jöfnum afborgunum.

11. gr.

Lán þau, er Fiskiveiðasjóðurinn veitir, má hann greiða í vaxtabrjefum sjóðsins eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að Fiskiveiðasjóðurinn annist endurgjaldslaust um að koma þeim í peninga, svo sem þau ganga best, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, svo og afföll. Fiskiveiðasjóðurinn hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir vaxtabrjefin, eða þau hafa verið seld fyrir, að frádregnum öllum beinum kostnaði.

Stjórn sjóðsins má semja um sölu vaxtabrjefa fyrirfram og bjóða þau opinberlega almenningi til sölu, enda samþykki ráðherra söluverðið og upphæð brjefa þeirra, er selja má fyrirfram.

Nú eru vaxtabrjef seld með afföllum, og má þá nafnverð lánanna fara svo mikið fram úr takmörkum þeim, sem sett eru í 8., 9. og 13. gr., sem afföllunum nemur.

12. gr.

Lánum þeim, er Fiskiveiðasjóður veitir, má ekki segja upp meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur úr sjer, svo að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum eignum, sem að veði eru og taldar eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfum Fiskiveiðasjóðs, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sjer, er stjórn Fiskiveiðasjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

13. gr.

Skuldunautar Fiskiveiðasjóðs skulu greiða vexti, afborganir og tillag til að borga kostnað við sjóðinn í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæð sinni í varasjóð, um leið og hann tekur lánið.

Árlegt tillag, til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er $^1/_2$ % á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjald þetta fellur burtu, ef vextir þess flokks, sem lánið er veitt úr, eru 6% eða hærri; og ef

vextirnir eru milli 5½ % og 6%, færist gjaldið niður hlutfallslega, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr 6%.

14. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga af lánum þeim, sem veitt hafa verið vegna sölu vaxtabrjefa, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er Fiskiveiðasjóðurinn hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn stjórn sjóðsins. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á vaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð Fiskiveiðasjóðsins. Sjóðurinn má og innleysa vaxtabrjef í stærri stíl.

15. gr.

Handhafar eða eigendur vaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

16. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð Fiskiveiðasjóðs, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

17. gr.

Nú glatast vaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum Fiskiveiðasjóðs, og getur þá stjórn sjóðsins á kostnað eiganda innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur stjórn Fiskiveiðasjóðsins útgefið handa hinum skráða eiganda nýtt vaxtabrjef, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur sjóðnum. Um ógilding annara vaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

18. gr.

Vaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til afborgana af lánum, má ekki framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu Fiskiveiðasjóðs, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

19. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu Fiskiveiðasjóðs í Reykjavík. Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram annarsstaðar.

20. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskiveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja Fiskiveiðasjóði það út til eignar, ef þörf er á. Fiskiveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar málskoti.

Fiskiveiðasjóðurinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskiveiðasjóðurinn getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

21. gr.

Í stjórn Fiskiveiðasjóðs eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn framkvæmdarstjóri og tveir gæslustjórar. Framkvæmdarstjóri Ræktunarsjóðsins skal einnig vera framkvæmdarstjóri Fiskiveiðasjóðs. Gæslustjórar skulu skipaðir til 4 ára, og ganga úr annaðhvert ár til skiftis, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Skal að minsta kosti annar gæslustjórinn hafa sjerþekkingu á sjávarútvegi.

Um þóknun til framkvæmdarstjóra og gæslustjóra fer eftir ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur vikið stjórnendum sjóðsins frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

22. gr.

Fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins með samþykki ráðherra gerir aðra ákvörðun, hefir Landsbanki Íslands á hendi alla afgreiðslu Fiskiveiðasjóðs, þar á meðal bókfærslu hans, og leggur honum til tryggða skjalavörslu, fyrir þóknun, er um semur milli stjórna Landsbankans og Fiskiveiðasjóðs. Verði ágreiningur, úrskurðar ráðherra upphæðina.

23. gr.

Reikningar Fiskiveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar til þess. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Meðan Landsbankinn hefir afgreiðslu á hendi fyrir sjóðinn, skulu endurskoðendur Landsbankans hafa endurskoðun reikninga Fiskiveiðasjóðs á hendi, gegn þóknun, sem reglugerð sjóðsins ákveður.

Ráðherra getur, hvenær sem er, krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

24. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskiveiðasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sje gert sjerstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52, 10. nóvember 1905, um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, og lög nr. 29, 16. nóvember 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1928.

Greinargerð.

Síðan Fiskiveiðasjóður Íslands, með lögum nr. 52, 10. nóv. 1905, var settur á stofn, hefir vjelbátaútvegi landsmanna, samhliða stórútgerðinni, fleygt mjög fram.

Bátarnir eru orðnir stórum mun stærri og að öllu leyti betur útbúnir, og vjelarnar margfalt aflmeiri. Af þessu hefir um leið leitt það, að miklu meira fje hefir þurft að hafa handa á milli til að ráðast í útgerð.

Fiskiveiðasjóðurinn var stofnaður aðallega til að efla bátaútveginn, og þá einkum vjelbátaútveginn, sem hafinn var þegar sjóðurinn var stofnaður, en ýmislegt hefir borið til þess, að sjóðurinn hefir náð skamt til þess að bæta úr lánsþörfinni á þessu sviði, og er þó síst fyrir það að synja, að hann hafi orðið til stuðnings og eflingar þessari atvinnugrein að ýmsu leyti, og þá einkum til bátakaupa.

Í frv. því, er hjer um ræðir, er nú leitast við að efla þessa stofnun, til þess að hún geti áframhaldandi leyst af hendi verkefni sitt, bæði með árlegu framlagi úr ríkissjóði — 100000 krónum — í næstu fimm ár, og svo með því að leyfa sjóðnum að gefa út vaxtabrjef, svo vel trygð, að útgengileg sjeu á innlendum markaði. Ennfremur munu flutningsm. beina ýmsum fleiri uppástungum um tekjuauka sjóðnum til handa til nefndar þeirrar, er fær frumv. til meðferðar.

Í meginatriðum er ætlast til, að haldið sje upprunalegu fyrirkomulagi sjóðsins, lánveitingum til bátakaupa, til stofnsetningar iðnaðarfyrirtækja bátaútveginum til stuðnings og til hagnýtingar fiskiafurða og fiskiúrgangs, og yfir höfuð þeim fyrirtækjum, sem standa beint í sambandi við sjávarútveginn og framleiðslu sjávarafurða. En alt þetta yrði auðvitað að taka nánar til í væntanlegri reglugerð fyrir sjóðinn.

Að öðru leyti hefir fyrirkomulag Ræktunarsjóðsins verið tekið til fyrirmyndar að því leyti, sem það hefir þótt viðeigandi. Þessar tvær lánsstofnanir, Ræktunarsjóður og Fiskiveiðasjóður, eiga að hafa það hlutverk með höndum að efla höfuðatvinnuvegi landsmanna, hvor á sínu sviði, og fer vel á því, að sem mest samræmi sje á fyrirkomulagi þeirra, eftir því sem við getur átt.

Ákvæði siglingalaganna um sjóveð gera fiskiskip, einkum hin smærri, óveðhæf, þar eð vitanlegt er, að sjóveð geta hlaðist á slíkt skip, svo að þó það sje áður veðsett með fyrsta veðrjetti, getur svo farið vegna áðurnefndra ákvæða um sjóveð, að hinn upprunalegi fyrsti veðrjettur verði einskis nýtur, eða því sem næst. Af þessu hefir leitt, að bankar og aðrar lánsstofnanir, þar á meðal Fiskiveiðasjóður, hafa litið svo á, að jafnvel fyrsti veðrjettur í slíku skipi væri gagnslaus trygging fyrir láni, og í Fiskiveiðasjóði hefir það verið svo í seinni tíð, að við ákvörðun lánveitinga hefir eingöngu verið farið eftir því, hversu góðar fasteignatryggingar lánbeiðendur hafa getað sett.

Þegar svo er komið, er auðsætt, að sjóðurinn nær ekki að öllu leyti tilgangi sínum, þeim, að styrkja þá útvegsmenn til fiskiskipakaupa, sem mest þurfa fjárhagslegs stuðnings við. Slíkir menn hafa sjaldnast fasteignatryggingar á boðstólum.

Annarsvegar er hjer um mikilsvert tryggingarákvæði fyrir kaupi háseta að ræða, ef útgerðin gengur svo illa, að sá, sem hana rekur, getur ekki greitt umsamið kaupgjald skipverja, ákvæði, sem á hinn bóginn lamar aðstöðu útvegsmanna með því að eyðileggja veðhæfi fiskiskipanna, og gerir þeim ennfremur því nær ókleift að leigja öðrum báta sína, vegna áhættu þeirrar, sem af sjóveðskröfum þessum getur stafað.

Annmarkar sjóveðs þess, er hjer um ræðir, eru svo miklir, að þeir verða oft að minsta kosti óbeinlínis til óhagræðis og atvinnumissis þeim, sem atvinnu á fiskiskipunum stunda.

Til þess að gera það, sem unt er, til að tryggja hásetum fiskiskipa þeirra, sem hjer um ræðir, skilvísa greiðslu á kaupgjaldi sínu, án þess með því að eyðileggja veðhæfi skipanna við lánsstofnanir þær, sem leita verður til útveginum til stuðnings, verður væntanlega flutt sjerstakt frv. á þessu þingi.

Ed. **215. Tillaga**

til þingsályktunar um hagskýrslur.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að skýrslur hagstofunnar komi venjulega ekki seinna út en á næsta ári eftir lok þess tímabils, sem skýrslan tekur yfir.

Nd. **216. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29, 16. des. 1885.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Fyrri málsl. 5. gr. laganna hljóði svo:
Fógeti framkvæmir lögtak; þó má hreppstjóri gera lögtak í sveitum,

þegar skuldin nemur ekki meiru en 1000 kr., enda sje lögtakið eigi gert í fasteign. Með sömu takmörkunum má hreppstjóri gera fjárnám.

Nd. **217. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hafði um tvær leiðir að velja í þessu máli. Önnur leiðin var sú, að semja lög um fyrirkomulag skólanna á þeim grundvelli, sem lagður er í frv. þeim, sem nefndinni hafa borist. Hin leiðin var sú — og þá leið tók nefndin — að gera sem minstar breytingar á skólalöggjöfinni, með tilliti til þess, að á síðasta þingi var skipuð milliþinganefnd til þess meðal annars að gera tillögur um fyrirkomulag skólanna, en þar sem sú nefnd hefir enn ekki lokið störfum, en hinsvegar má vænta, að hún leggi tillögur sínar fyrir næsta Alþingi, þá þykir ekki viðeigandi að taka fram fyrir hendurnar á henni í þessu máli.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frv. á þskj. 27 verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr. 1. Á eftir orðunum »að gera þær« komi: bráðabirgða o. s. frv.
2. a.-liður falli niður.
3. c.-liður verður b.-liður og orðist svo: Að reka skólabúið fyrir opinberan reikning, ef hentara þykir.
4. Orðin »til þess . . . . skipulagi« í d-lið falli burt.

Alþingi, 16. febr. 1928.

Lárus Helgason, form. Jón Ólafsson, frsm.
Bernh. Stefánsson. Jörundur Brynjólfsson. Einar Jónsson.

Ed. **218. Lög**

um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 16. febr.).

1. gr.

Í skógum og kjarri má ekki höggva trje nje hrís öðruvísi en svo, að höggið sje innan úr, eða skógurinn eða kjarrið aðeins grisjað. Ekkert

svæði má berhöggva, nema landið sje tekið til ræktunar. Birkirunnum og birkirótum í skógum og kjarri má ekki kippa upp. Ekki má rífa lyng, fjalldrapa, víði nje mel, heldur klippa það eða skera. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er heimilt að banna að taka upp slíkan gróður á þeim svæðum, er ætla má að slíkt geti valdið uppblæstri landsins eða verulegum skemdum. Þeim er og heimilt að banna að taka mosa í gróðurlitlum hraunum.

2. gr.

Í skógum þeim, er í afrjettum liggja eða tjarri búfjárhögum, er öll vetrarbeit bönnuð á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní. Ákveður atvinnumálaráðherra, í samráði við skógræktarstjóra, hverjir skógar falli undir ákvæði þetta.

Að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra nánari reglur um notkun og meðferð á skógum og kjarri, eftir tillögum skógræktarstjóra, og skal reglum þessum útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógar eru eða kjarr.

3. gr.

Skógræktarstjórinn eða skógarverðirnir eftir fyrirlagi hans skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir, samkvæmt reglum þeim, er getur um í 2. gr., skipa fyrir um, hvernig skógur eða kjarr skuli höggið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar eða kjarrs um alla framkvæmd á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorast undan að fylgja þeim út í skóginn eða kjarrið. Eigandi eða nothafi skal skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu til þess að höggva á alt að 400 fermetra svæði í skóginum eða kjarrinu, til þess að kynnast hvernig höggva skal.

4. gr.

Eigendur eða notendur skóga og kjarrs geta ekki bannað skógræktarstjóra eða skógarvörðum, nje heldur hreppstjórum eða öðrum þeim, sem eftirlit kynni að vera falið, umferð um land sitt, hvort sem er girt eða ógirt.

5. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn, til þess að kynna sjer fyrirskipanir þeirra að því er meðferð skóga og kjarrs snertir, er þeim ber að hafa eftirlit með. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 8 kr. um daginn, er greiðast úr ríkissjóði af skógræktarfje.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, að veita eigendum og notendum jarða eða jarðarskika tillag úr ríkissjóði af skógræktarfje til að girða bæði skóglendi og skóglaust land, til þess að koma þar upp skógargróðri, með þeim skilyrðum, er hjer segir:

Ríkissjóður leggur til girðingarefnið og kemur því á næstu höfn við það svæði, sem girða skal. Hann leggur einnig til verkstjóra við uppsetning

girðingarinnar, en eigandi eða nothafi flytur girðingarefnið frá höfninni að girðingarstaðnum á sinn kostnað og leggur til þann vinnukraft, sem þarf til uppsetningarinnar, annan en verkstjórann. Gera skal samning milli ríkissjóðs annarsvegar og eiganda eða nothafa hinsvegar um skógargirðingu, og skal hann þinglesinn í þeirri þinghá, þar sem skógarjörðin liggur, sem kvöð á jörðinni. Ríkissjóður greiðir annan helming, en eigandi eða nothafi hinn helming viðhaldskostnaðar á girðingunni.

7. gr.

Skógræktarstjóri ákveður í hvert skifti, að hve miklu leyti má hafa þau svæði, er getur um í 6. gr., fyrir beitiland. Heimilt er honum að leyfa að beita þar kúm, hrossum og sauðfje frá 20. júní til 1. október. Komi til greina að rækta nýjan skógargróður á einhverjum hluta hins girta svæðis, þá verður eigandi eða nothafi að setja upp um þann hluta nægilega trausta girðingu á sinn kostnað, ef hann vill halda beitinni áfram á öðrum hluta svæðisins. Sje hið girta svæði stórt og sjeu á því skóglaus mýrarsund, getur það komið til greina, að skógarvörður leyfi eiganda eða nothafa að hafa þar sauðfje sitt, frá því það er tekið af afrjettum og til 1. nóvember.

8. gr.

Ef eigendur eða notendur skógræktarsvæða þeirra, sem girt hafa verið að nokkru eða öllu leyti á kostnað ríkissjóðs, rjúfa þann samning, sem gerður hefir verið um friðun landsins, þá er skógræktarstjóra heimilt, að fengnu samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka burt girðinguna á kostnað eigenda eða notenda.

9. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum og skógarverðir í umdæmum sínum hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sje gegn friðunarákvæðunum í 1., 2. og 7. gr. þessara laga. Skulu þeir jafnskjótt og þeir verða þess varir senda skýrslu um það til skógræktarstjóra, er síðan ber málið undir atvinnumálaráðuneytið, og ákveður það svo, hvað gera skuli frekar í málinu.

10. gr.

Brot á móti lögum þessum varða sektum, frá 50—500 kr., til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög nr. 51, 30. júlí 1909, um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl. eru úr gildi numin.

Nd. **219. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að innheimta til ársloka 1930 allan tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt l. nr. 74, frá 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, l. nr. 2, frá 26. mars 1923, um breyting á l. nr. 74, frá 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 39, frá 4. júní 1924, um breyting á l. nr. 74, frá 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, með viðauka að upphæð 25%, þannig að skattur hvers gjaldanda hækkar um fjórðung.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1929.

Greinargerð.

Það er viðurkent, að samþykkja þurfi á þessu þingi tekjuaukafrumvörp, og eru þegar fram komin frumvörp um framlengingu verðtolls og gengisviðauka, en von mun vera á ýmsum fleirum svipuðum. Svo verður að líta á, sem varhugavert sje að haga skattamálum landsins þannig, að langmesti og vaxandi hluti teknanna sje tekinn með tollum, en minni hlutinn með beinu sköttunum á tekjum, eignum og fasteignum. Enda þótt vænta mætti, að skattamál landsins yrðu á næstu þingum tekin til samfeldrar yfirvegunar, virðist rjett að snúa sjer að beinu sköttunum þegar í stað nú, er tekjuaukalög þarf að samþykkja, og er þá eðlileg leið til bráðabirgða sú, að hækka skattstigann allan á þann hátt, sem í frv. greinir. Tekjuaukinn mundi væntanlega nema minst 200 þús. kr.

Ed. **220. Frumvarp**

til laga um fræðslumálanefndir.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stjórn barnakennarafjelags Íslands, forstöðumaður kennaraskólans og fræðslumálastjóri skulu skipa fræðslumálanefnd barnaskóla Íslands. Stjórn barnakennarafjelagsins skal kosin skriflega um land alt, enda hafi allir starfandi barnakennarar rjett til að vera fjelagsmenn.

2. gr.

Fræðslumálanefnd barnaskólanna gerir tillögur til ráðuneytisins um námsskrár fyrir barnafræðslu landsins, löggilding kenslubóka, tilhögun prófa og um hámark og lágmark kenslustundafjölda fyrir hvert barn á dag. Ráðherra staðfestir tillögur nefndarinnar og auglýsir þær með hæfilegum fyrirvara. Samþykki fræðslumálastjórnarinnar þarf til að víkja frá námsskrá.

3. gr.

Með reglugerð má fyrirskipa þriggja manna fræðslunefnd við ungmennaskóla landsins. Skal fræðslumálastjóri sjálfkjörinn í nefndina, en meðnefndarmenn skipar ráðherra til 3 ára í senn úr hópi starfsmanna við framangreinda skóla. Fræðslumálanefnd þessi hefir með höndum hliðstætt starf fyrir ungmennaskólana eins og til er tekið í 2. gr. að því er snertir barnaskóla landsins.

4. gr.

Fræðslumálanefndir starfa launalaust, en fá endurgreidd nauðsynleg útgjöld til síma, brjefaskrifta og aðstoðar.

5. gr.

Nú brýtur skóli í verulegum atriðum í bága við fyrirskipanir þær, sem gefnar eru eftir lögum þessum, og skal þá landsstjórninni skylt að halda eftir styrk eða launagreiðslum til hans, þar til úr er bætt.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eldri lög og fyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **221. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

(Eftir 2. um. í Ed.).

Orðin »og má enginn vera í fleiri nefndum en tveimur« í 2. málsgr. 16. gr. laganna falli burt.

Ed. **222. Frumvarp**

til laga um einkasölu á útfluttri síld.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Frá 1. maí 1928 skal vera einkasala á allri saltaðri og kryddaðri síld eða verkaðri á annan hátt til útflutnings á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, og nefnist þessi einkasala »Síldareinkasala Íslands«.

2. gr.

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd, og skulu þeir allir vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð, eða hafa aðsetur þar að minsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Þrír af nefndarmönnunum skulu kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þriggja ára, í fyrsta sinn á Alþingi 1928, en tveir tilnefndir til þriggja ára í senn, annar af verklýðssambandi Norðurlands, en hinn af Útgerðarmannafjelagi Akureyrar, eða viðtækari fjelagsskap útgerðarmanna norðanlands þegar hann er stofnaður. Jafnmargir varamenn sjeu kosnir. Útflutningsnefnd kýs í byrjun hvers árs formann fyrir það ár. Fái enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.

3. gr.

Útflutningsnefnd ræður tvo framkvæmdarstjóra, er sjeu jafnir að völdum. Skulu þeir hafa skrifstofu á Siglufirði yfir síldveiðatímann. Framkvæmdarstjórarnir hafa á hendi í umboði útflutningsnefndar alla daglega stjórn og umsjón einkasölunnar. Sje framkvæmdarstjóri ráðinn innan nefndarinnar, tekur varamaður við sæti hans í nefndinni. Kosning framkvæmdarstjóra er því aðeins gild, að hann fái minst 3 atkvæði.

4. gr.

Þessi eru störf framkvæmdarstjóranna:

1. Að ákveða, í samráði við útflutningsnefnd, hvenær söltun og kryddun síldar, eða verkun á annan hátt til útflutnings, byrjar ár hvert, og einnig hvenær hætta skuli söltun og kryddun árlega eða verkun á annan hátt til útflutnings.
2. Að setja umboðsmenn, er hafa eftirlit með allri vinnu í hverri verstöð, þar sem síld er verkuð til útflutnings. Ákveða þessir umboðsmenn, í samráði við útflutningsnefnd og framkvæmdarstjóra, um alla meðferð á síldinni, flokkun eftir gæðum, umbúðir um síldina o. fl. Enga síld má salta, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, nema með leyfi þessara umboðsmanna einkasölunnar.

3. Að selja alla saltaða og kryddaða síld, eða verkaða á annan hátt til útflutnings, fyrir einkasöluna og skila til síldareigenda andvirði síldar, er einkasalan selur, jafnótt og það greiðist, að svo miklu leyti sem unt er, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er legst í sjóði. Hafi einkasölunni verið afhent meira af síld til sölu en hún hefir getað selt í það sinn, skiftist andvirði þeirrar síldar, er seld hefir verið, hlutfallslega milli allra, sem búnir eru að afhenda síld til útflutnings.
4. Að gera tilraunir með nýjar aðferðir við verkun síldar og opnun nýrra markaða og hafa aðrar framkvæmdir með höndum, er fram kunna að verða teknar í reglugerð hjer að lútandi og erindisbrjefum þeim, er framkvæmdarstjórunum verða sett.

5. gr.

Framkvæmdarstjórninni er heimilt að taka fje að láni út á síldina, jafnótt og hún er fullverkuð til útflutnings, og skifta því í rjettum hlutföllum milli síldareigenda, eftir vörumagni, er þeir hafa afhent einkasölunni, enda hvíli engin önnur veðbönd á síldinni.

6. gr.

Nú er nauðsynlegt, vegna einkasölunnar eða verkunar á síld til útflutnings, að tryggja einkasölunni afnot af bryggjum eða landi, er einstakir menn eiga eða ráða yfir, og getur ríkisstjórnin látið taka það til afnota, eftir tillögum einkasölunnar, fyrir leigu, er dómkvaddir menn meta.

7. gr.

Þeir, sem ætla sjer að salta síld, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, skulu fyrir 15. apríl ár hvert tilkynna skriflega framkvæmdarstjórum einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sjer að verka af síld til útflutnings á því ári. Hverri tilkynningu fylgi þær upplýsingar og skilríki, sem föng eru á og gera það sennilegt, að framleiðandinn hafi tök á að verka svo mikla síld, sem hann óskar eftir að fá selda. Komi þá í ljós, að ástæða sje til að óttast of mikla framleiðslu, getur nefndin takmarkað framleiðsluna og ákveðið fyrirfram, hve mikla síld hver síldarframleiðandi megi verka til útflutnings, enda skal sú ákvörðun tilkynt honum, í síðasta lagi 1. júní ár hvert. Að jafnaði skal slík takmörkun koma niður á öllum tilkyntum framleiðendum hlutfallslega, svo sem unt er, nema ástæða þyki til að telja fyrirætlanir einhvers þeirra um síldarverkun úr hófi fram, eftir ástæðum hans og fyrirframgerðum ráðstöfunum til undirbúnings. Má í því efni hafa til hliðsjónar framleiðslumagn atvinnurekandans undanfarin ár.

Fyrirframákvörðun nefndarinnar um síldarmagn hvers framleiðanda skal ekki vera því til fyrirstöðu, að nefndin sliti allri síldarsöltun, kryddun eða verkun á annan hátt samkvæmt 1. lið 4. greinar, er henni þykir nauðsyn til bera, þó sumir hafi þá ekki verkað alla þá síld, er þeir höfðu leyfi til.

8. gr.

Myndaðir skulu tveir sjóðir, varasjóður og markaðsleitarsjóður, og skal renna í hvorn sjóð $^1/_4$% af andvirði seldrar síldar. Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd samkvæmt reglugerð, er samin verður um meðferð þeirra, staðfestri af atvinnumálaráðherra.

9. gr.

Reikningsár einkasölunnar skal vera frá 15. apríl til jafnlengdar ár hvert. Stjórn einkasölunnar skal fyrir lok maímánaðar árlega birta í Lögbirtingablaðinu endurskoðaðan reikning einkasölunnar og skýrslu um störf hennar á liðnu reikningsári.

10. gr.

Heimili einkasölunnar og varnarþing er á Akureyri.

11. gr.

Einkasalan er ekki útsvarsskyld.

12. gr.

Ríkisstjórnin skipar tvo endurskoðendur einkasölunnar og tvo til vara og ákveður þóknun fyrir störf þeirra. Hafa þeir altaf aðgang að reikningum einkasölunnar.

13. gr.

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en þóknun útflutningsnefndarinnar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjórar ráða sjer starfsmenn, svo sem þeir telja nauðsynlegt, en útflutningsnefnd ákveður laun þeirra.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur reglugerð um skoðun á síld og nánari framkvæmdir einkasölunnar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 1000—100000 krónum, og getur einkasalan, ef brot er ítrekað, neitað að taka til sölu útflutningssíld frá þeim, sem brotið hefir.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög frá 15. júní 1926, um sölu á síld, og lög frá 26. nóv. 1919, nr. 56, um skoðun á síld, svo og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þetta.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Þeir, sem á árinu 1928 ætla sjer að salta síld, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, skulu hafa frest til 15. mai með að tilkynna skriflega framkvæmdarstjórum einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sjer að verka af síld á árinu.

Nd. **223. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á sundskálabyggingu og aðstöðu til byggingar alþýðuskóla í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta sem fyrst rannsaka og gera kostnaðaráætlun yfir sundskálabyggingu við sundlaugina í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Ennfremur að láta rannsaka alla aðstöðu til byggingar alþýðuskóla fyrir Vesturland á sama stað, svo sem vatns- og hitamagn hveranna, legu staðarins og samgöngur við þennan stað o. s. frv., og leggja álit þessu viðkomandi fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Kirkju- og kenslumálaráðherra ætlaði að láta húsameistara ríkisins rannsaka sundskálabyggingu í Reykjanesi á síðastliðnu hausti, en til þess vanst þá ekki tími.

Nú hefir þing- og hjeraðsmálafundur Norður-Ísfirðinga óskað þess, að bæði þessi atriði, sundskálabyggingin og bygging alþýðuskóla í Reykjanesi, yrðu rannsökuð. Ef svo reyndist, sem telja verður mjög líklegt, að vatns- og hitamagn hveranna í Reykjanesi nægi til þess að hita stórhýsi, þá er það augljóst, að stórmikill sparnaður væri að því, að skólinn yrði á sínum tíma bygður þar, ef ástæður að öðru leyti ekki eru því til fyrirstöðu.

Nd. **224. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á hafnarbótum að Sæbóli í Aðalvík.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka þegar á komandi sumri, á hvern hátt heppilegast sje að bæta höfnina að Sæbóli í Aðalvík, svo trygg verði vjelbátum lega þar.

Greinargerð.

Að Sæbóli í Aðalvík er nokkurt útræði, og sækja þangað, einkum að vorinu til, fiskimenn frá öðrum stöðum. Þaðan er mjög stutt á hin aflasælustu fiskimið, og virðist auðsætt, að útræði þaðan mundi aukast að talsverðum mun, ef höfnin væri svo trygg, að smærri mótorbátar gætu legið þar áhættulítið, en eins og nú er hafa bátar farist þar á legunni.

Það er talið auðvelt og kostnaðarlítið að bæta þessa bátahöfn, svo að trygg verði smærri mótorbátum.

Á síðasta þingi var samþykt þál. um rannsókn á höfninni í Hnífsdal, en þessi rannsókn hefir enn þá ekki verið framkvæmd, að því er fyrverandi stjórn skýrði frá, vegna þess, að ekki hafi verið völ á hæfum manni til starfans, þar sem vitamálastjóri og aðstoðarmenn hans voru bundnir við önnur störf á síðastliðnu sumri.

Að farið er fram á í tillögunni, að rannsókn þessi verði framkvæmd á næsta sumri, er einkum af þeirri ástæðu, að búast má við, að rannsóknin í Hnífsdal verði framkvæmd á sumri komanda, og mundi verða sparnaður að því að framkvæma þessa rannsókn, sem hjer er farið fram á, af sama manni og að aflokinni rannsókninni í Hnífsdal.

Nd. 225. Nefndarálit

um frv. til laga um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. til laga um dýralækna á þingskj. 65 hefir nefndin rætt og athugað, bæði eitt út af fyrir sig, og einnig í sambandi við önnur gerólík erindi, sem fyrir nefndinni lágu um störf og tölu dýralækna.

Hefir nefndin orðið á einu máli um það, að varlega verði í það að fara að fjölga embættum í landinum, hvar sem hjá því verður komist. Nefndin hefir þó síður en svo gengið út frá þeirri hlið málsins eingöngu, heldur hinu, hve lítið muni vera á það að treysta — jafnvel þó dýralæknum yrði fjölgað í 7 — að veruleg hjálp eða trygging fengist fyrir veikindum og slysum gripa.

Svo erfiða aðstöðu hlyti almenningur að hafa að ná til læknis, þó þeim væri lítið eitt fjölgað frá því sem er, að í fæstum tilfellum mundi gagnið, sem af læknishjálpinni leiddi, vega á móti kostnaði.

Álítur nefndin besta hjálp af starfi dýralækna, að þeir annist sem víðtækasta fræðslu um húsdýrasjúkdóma með ræðum og ritum, t. d. á námsskeiðum o. s. frv., en handlækningar þeirra hljóti að verða mjög takmarkaðar og óvíða að notum, meðan ekki álíst þá framkvæmanlegt að fjölga þeim svo, að

dýralæknir væri í hverri sýslu — jafnvel í hverjum hreppi landsins. — Þá leið sjer nefndin alls ekki færa nú, og leggur til, að frv. verði felt.

Alþingi, 15. febr. 1928

Lárus Helgason, form. Einar Jónsson, framsm. Jörundur Brynjólfsson.
Jón Ólafsson, fundaskrifari. Bernharð Stefánsson.

Nd. **226. Nefndarálit**

um frv. til laga um dýralækna (stjórnarfrv. 18).

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar litur svo á, að varhugavert sje að fækka dýralæknum frá því, sem nú er, en telur hinsvegar, að ætla megi dýralæknum viðtækara verkefni en þeir hafa nú og að með því móti geti þjóðin haft full not af starfi þeirra. Verður einkum að telja nauðsynlegt, að þeir veiti almenningi fræðslu um eðli algengustu alidýrasjúkdóma og meðferð þeirra, t. d. með fyrirlestrum á bændanámsskeiðum. Gæti jafnvel komið til mála, að dýralæknar hjeldu sjerstök námsskeið í þessu skyni. Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að atvinnumálaráðuneytið setji dýralæknum nýtt erindisbrjef, þar sem meðal annars sje ákveðið, að þeim sje skylt að veita almenningi fræðslu um eðli algengustu alidýrasjúkdóma og meðferð þeirra, með fyrirlestrum á námsskeiðum og á annan hátt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. febr. 1928.

Lárus Helgason, form. Jón Ólafsson, fundaskrifari. Bernh. Stefánsson, frsm.
Einar Jónsson.

Ed. **227. Frumvarp**

til laga um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfjelags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ákvæði laga nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og

ekkna þeirra, skulu einnig gilda um þá fasta starfsmenn Búnaðarfjelags Íslands, sem tryggja vilja sjer lífeyri samkvæmt nefndum lögum. Nú fer fastur starfsmaður Búnaðarfjelags Íslands, sem trygt hefir sjer lífeyri, úr þjónustu þess, án þess að vera vikið úr þjónustunni, og skal hann þá hafa rjett til endurgreiðslu iðgjalda eða geymslu lífeyris samkvæmt 4. málsgrein 4. gr. laganna, enda láti hann ekki af starfinu með rjetti til lífeyris.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Ed. **228. Nefndarálit**

um frv. til laga um tilbúinn áburð.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt sátt um frv. þetta eins og það liggur fyrir. Mjer er óljúft að ganga inn á einkasölu á tilbúnum áburði, annarsvegar vegna þess, að jeg sje enga ástæðu til þess, að ríkið taki að sjer einkasölu á þessari vörutegund fremur en einhverri annari, nema ef vera skyldi, að þetta væri byrjunin frá stjórnarinnar hálfu til ríkiseinkasölu á flestum tegundum af nauðsynjavöru. Hinsvegar þykir mjer uggvænt um, að áburðurinn verði, þegar til alls kemur, notendum dýrari með ríkiseinkasölufyrirkomulagi heldur en með frjálsri samkepni. Þar að auki hygg jeg, að ríkiseinkasalan verði til þess, að ýmsum notendum áburðarins veiti erfiðara að útvega sjer hann heldur en á sjer stað með því fyrirkomulagi, sem á sjer stað.

Jeg tel ennfremur enga nauðsyn bera til þess, að ríkið kosti flutning á tilbúnum áburði til landsins. Hitt virðist mjer sýnu nær, að ríkið kosti flutning áburðarins hafna á milli, eftir að hann er til landsins kominn, og ennfremur að ríkið taki þátt í flutningi frá hafnarstöðum og upp í sveitirnar. Með því yrði bændum, sem fjarri hafnarstað búa, gert ljettara fyrir að nota áburðinn. Yrði með þessu móti skapað meira jafnrjetti milli þeirra, sem nálægt kaupstað búa, og hinna, sem búa fjarri hafnarstað.

Þá þykir mjer og kátlegt, að eftir frv. virðist ekki ætlast til þess, að kaupmönnum og einstaklingum, sem ekki hafa verslað við kaupfjelög, sje gefinn kostur á að fá keyptan áburðinn nema með vissum milliliðum.

Mjer virðist nauðsyn bera til þess, að nægar birgðir sjeu til af áburðinum fyrirliggjandi á flestum eða öllum hafnarstöðum á þeim tíma árs, sem áburðurinn er helst notaður.

Þar sem jeg býst við, að árangurslaust muni reynast að koma með breytingartillögur í þessari háttv. deild, sem ganga í þá átt, er jeg hefi getið um, tel jeg það þýðingarlaust og legg því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 16. febr. 1928.

Jónas Kristjánsson.

Ed. **229. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur. Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæmum, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 krónum.

Þær yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, skulu njóta launahækkunar eftir þjónustualdri.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni millum þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa texta þeirra og laga nr. 76, 28. nóv. 1919, inn í meginmál laga nr. 14, 22. okt. 1912, og gefa þau út svo breytt sem yfirsetukvennalög.

Nd. **230. Þingsályktun**

um að skora á ríkisstjórnina að endurskoða siglingalöggjöfina.

(Afgreidd frá Nd. 17. febr.).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða siglingalög nr. 56, frá 30. nóv. 1914, og leggja fyrir næsta þing breyting á lögunum, er gangi í svipaða átt og sjómannalög þau, er nú gilda á Norðurlöndum.

Nd. **231. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hvalveiðar.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta mál.

Minni hlutinn lítur svo á, að sjerleyfi til hvalvinslu mundi ekki koma landsmönnum að tilætluðum notum. Sjerleyfi sem þetta mundi aðeins verða á yfirborðinu í höndum landsmanna, en útlendingar einir hafa þess not. Í öðru lagi lítur minni hlutinn svo á, að hvalafriðunarlögin frá 1903 og lög um hvalveiðamenn frá 1913 hafi verið í rjetta átt, svo alger eyðilegging ætti sjer ekki stað á þessu lagardýri. Engar sannanir liggja fyrir um það, að hvölum hafi fjölgað svo í norðurhöfum, að ný herferð gegn þeim gæti ekki þýtt algerða eyðing þeirra. Ennfremur mun nú sú stefna uppi meðal Breta, að vinna að alheimsfriðun á hvölum. Nái sú hugmynd alþjóða hylli og samþykt, teldum við illa til þeirra mála lagt af vorri hálfu, ef hvalafriðunarlögin væru úr gildi numin. — Stundarhagnaður sá, er af hvalveiðum mundi leiða fyrir þau bygðarlög, sem hvalvinslan ætti sjer stað, ef upp yrði tekin, teljum við tvíeggjaðan, og ekkert heldur upplýst um það, að nauðsynlegt fjármagn sje fyrir hendi til að hrinda slíkum stórrekstri af stað.

Við leggjum því til, að frumvarpið verði felt.

Alþingi, 17. febr. 1928.

Jörundur Brynjólfsson. Sigurjón Á. Ólafsson, frsm. minni hl.

Ed. **232. Breytingartillaga**

við frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá Einari Árnasyni.

Við 3. gr. Orðin »yfir síldveiðatímann« falli burt.

Nd. **233. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr. og orðist svo:

Hámark skuldar þeirrar, er hreppstjóri má gera lögtak fyrir samkvæmt 5. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885, skal vera 1000 kr.

2. Á eftir komi ný (2.) gr., svo hljóðandi:

Með sömu takmörkunum sem í 1. gr. segir má hreppstjóri gera fjárnám í umboði fógeta, enda sje það eigi gert í fasteign. Þegar hreppstjóri gerir fjárnám, fer um það að öllu leyti eins og lögtak, að því leyti sem við á.

3. Fyrirsögnin verði:

Frumvarp til laga um heimild hreppstjóra til að framkvæma lögtak og fjárnám.

Nd. **234. Frumvarp**

til laga um einkasölu á útfluttri síld.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Frá 1. maí 1928 skal vera einkasala á allri saltaðri og kryddaðri síld eða verkaðri á annan hátt til útflutnings á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, og nefnist þessi einkasala »Síldareinkasala Íslands«.

2. gr.

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd, og skulu þeir allir vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð, eða hafa aðsetur þar að minsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Þrír af nefndarmönnunum skulu kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þriggja ára, í fyrsta sinn á Alþingi 1928, en tveir tilnefndir til þriggja ára í senn, annar af verklýðssambandi Norðurlands, en hinn af Útgerðarmannafjelagi Akureyrar, eða viðtækari fjelagsskap útgerðarmanna norðanlands þegar hann er stofnaður. Jafnmargir varamenn sjeu kosnir. Útflutningsnefnd kýs í byrjun hvers árs formann fyrir það ár. Fái enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.

3. gr.

Útflutningsnefnd ræður tvo framkvæmdarstjóra, er sjeu jafnir að völdum. Skulu þeir hafa skrifstofu á Siglufirði. Framkvæmdarstjórarnir hafa á hendi í umboði útflutningsnefndar alla daglega stjórn og umsjón einkasölunnar. Sje framkvæmdarstjóri ráðinn innan nefndarinnar, tekur varamaður við sæti hans í nefndinni. Kosning framkvæmdarstjóra er því aðeins gild, að hann fái minst 3 atkvæði.

4. gr.

Þessi eru störf framkvæmdarstjóranna:

1. Að ákveða, í samráði við útflutningsnefnd, hvenær söltun og kryddun

síldar, eða verkun á annan hátt til útflutnings, byrjar ár hvert, og einnig hvenær hætta skuli söltun og kryddun árlega eða verkun á annan hátt til útflutnings.

2. Að setja umboðsmenn, er hafa eftirlit með allri vinnu í hverri verstöð, þar sem síld er verkuð til útflutnings. Ákveða þessir umboðsmenn, í samráði við útflutningsnefnd og framkvæmdarstjóra, um alla meðferð á síldinni, flokkun eftir gæðum, umbúðir um síldina o. fl. Enga síld má salta, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, nema með leyfi þessara umboðsmanna einkasölunnar.
3. Að selja alla saltaða og kryddaða síld, eða verkaða á annan hátt til útflutnings, fyrir einkasöluna og skila til síldareigenda andvirði síldar, er einkasalan selur, jafnótt og það greiðist, að svo miklu leyti sem unt er, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er legst í sjóði. Hafi einkasölunni verið afhent meira af síld til sölu en hún hefir getað selt í það sinn, skiftist andvirði þeirrar síldar, er seld hefir verið, hlutfallslega milli allra, sem búnir eru að afhenda síld til útflutnings.
4. Að gera tilraunir með nýjar aðferðir við verkun síldar og opnun nýrra markaða og hafa aðrar framkvæmdir með höndum, er fram kunna að verða teknar í reglugerð hjer að lútandi og erindisbrjefum þeim, er framkvæmdarstjórunum verða sett.

5. gr.

Framkvæmdarstjórninni er heimilt að taka fje að láni út á síldina, jafnótt og hún er fullverkuð til útflutnings, og skifta því í rjettum hlutföllum milli síldareigenda, eftir vörumagni, er þeir hafa afhent einkasölunni, enda hvíli engin önnur veðbönd á síldinni.

6. gr.

Nú er nauðsynlegt, vegna einkasölunnar eða verkunar á síld til útflutnings, að tryggja einkasölunni afnot af bryggjum eða landi, er einstakir menn eiga eða ráða yfir, og getur ríkisstjórnin látið taka það til afnota, eftir tillögum einkasölunnar, fyrir leigu, er dómkvaddir menn meta.

7. gr.

Þeir, sem ætla sjer að salta síld, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, skulu fyrir 15. apríl ár hvert tilkynna skriflega framkvæmdarstjórum einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sjer að verka af síld til útflutnings á því ári. Hverri tilkynningu fylgi þær upplýsingar og skilríki, sem föng eru á og gera það sennilegt, að framleiðandinn hafi tök á að verka svo mikla síld, sem hann óskar eftir að fá selda. Komi þá í ljós, að ástæða sje til að óttast of mikla framleiðslu, getur nefndin takmarkað framleiðsluna og ákveðið fyrirfram, hve mikla síld hver síldarframleiðandi megi verka til útflutnings, enda skal sú ákvörðun tilkynt honum, í síðasta lagi 1. júní ár hvert. Að jafnaði skal slík takmörkun koma niður á öllum tilkyntum framleiðendum hlutfallslega, svo sem unt er, nema ástæða þyki til að telja fyrirætlanir einhvers þeirra

um síldarverkun úr hófi fram, eftir ástæðum hans og fyrirframgerðum ráðstöfunum til undirbúnings. Má í því efni hafa til hliðsjónar framleiðslumagn atvinnurekandans undanfarin ár.

Fyrirframákvörðun nefndarinnar um síldarmagn hvers framleiðanda skal ekki vera því til fyrirstöðu, að nefndin slíti allri síldarsöltun, kryddun eða verkun á annan hátt samkvæmt 1. lið 4. greinar, er henni þykir nauðsyn til bera, þó sumir hafi þá ekki verkað alla þá síld, er þeir höfðu leyfi til.

8. gr.

Myndaðir skulu tveir sjóðir, varasjóður og markaðsleitarsjóður, og skal renna í hvorn sjóð $^1/_4$% af andvirði seldrar síldar. Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd samkvæmt reglugerð, er samin verður um meðferð þeirra, staðfestri af atvinnumálaráðherra.

9. gr.

Reikningsár einkasölunnar skal vera frá 15. apríl til jafnlengdar ár hvert. Stjórn einkasölunnar skal fyrir lok maímánaðar árlega birta í Lögbirtingablaðinu endurskoðaðan reikning einkasölunnar og skýrslu um störf hennar á liðnu reikningsári.

10. gr.

Heimili einkasölunnar og varnarþing er á Akureyri.

11. gr.

Einkasalan er ekki útsvarsskyld.

12. gr.

Ríkisstjórnin skipar tvo endurskoðendur einkasölunnar og tvo til vara og ákveður þóknun fyrir störf þeirra. Hafa þeir altaf aðgang að reikningum einkasölunnar.

13. gr.

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en þóknun útflutningsnefndarinnar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjórar ráða sjer starfsmenn, svo sem þeir telja nauðsynlegt, en útflutningsnefnd ákveður laun þeirra.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur reglugerð um skoðun á síld og nánari framkvæmdir einkasölunnar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 1000—100000 krónum, og getur einkasalan, ef brot er ítrekað, neitað að taka til sölu útflutningssíld frá þeim, sem brotið hefir.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög frá 15. júní 1926, um sölu á síld, og lög frá 26. nóv. 1919, nr. 56, um skoðun á síld, svo og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þetta.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **235. Frumvarp**

til laga um heimild hreppstjóra til að framkvæma lögtak og fjárnám.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hámark skuldar þeirrar, er hreppstjóri má gera lögtak fyrir samkvæmt 5. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885, skal vera 1000 kr.

2. gr.

Með sömu takmörkunum sem í 1. gr. segir má hreppstjóri gera fjárnám í umboði fógeta, enda sje það eigi gert í fasteign. Þegar hreppstjóri gerir fjárnám, fer um það að öllu leyti eins og lögtak, að því leyti sem við á.

Nd. **236. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfurjettinda.

Frá allsherjarnefnd.

Tilgangur frv. þessa er að sporna við eyðslu, er fylgir greiðum aðgangi að lánum, og að draga úr skaðsemi lánsverslunar. Enda þótt nefndin álíti tilgang frv. góðan og rjettmætan, þá telur hún mjög varhugavert að samþykkja frv. þetta nú, sjerstaklega sakir þess, hve ógreiðan aðgang almenningur hefir að lánsstofnunum, og yrði því ákvæði frv. skaðlegur hemill á lánstrausti manna. Nefndin telur, að óviðurkvæmilegt sje, að viðurkenning á skuld slíti ekki fyrningu hennar, og enda ósamræmanlegt grundvallarreglum laga.

Nefndin leggur því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 18. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Magnús Guðmundsson.	Hákon J. Kristófersson.
Bernh. Stefánsson.	

Sþ. **237. Tillaga**

til þingsályktunar um byggingu landsspítalans.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson, Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, á þann hátt að taka nægilega stórt lán til framhaldsbyggingar landsspítalans, ef þörf gerist til þess að byggingunni verði lokið svo fljótt, að spítalinn verði tekinn til afnota árið 1930.

Nd. **238. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á veginum frá Markarfljóti til Víkur í Mýrdal.

Flutningsm.: Lárus Helgason, Gunnar Sigurðsson, Einar Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka næsta sumar akbrautarstæði frá Markarfljóti til Víkur í Mýrdal og gera áætlun um kostnað. Þar með sjeu teknar nauðsynlegar brýr á árnar, sem eru á þessari leið.

Greinargerð.

Mestur hluti af þessari leið er svo frá náttúrunnar hendi, að ekkert þarf til hans að kosta, og víða þarf litlar aðgerðir til þess, að góður bílvegur fáist. Þeir kaflar af þessum vegi, sem nokkru verulegu þarf að kosta til, eru hverfandi stuttir, samanborið við vegalengd allrar leiðarinnar.

Aðalkostnaðurinn kemur til að liggja í brúnum á árnar, sem eru á þessari leið, og er þar einkum um að ræða Bakkakotsá, Skógá og Hafursá.

Yrði þessi leið gerð fær bifreiðum, þá bætti það mikið úr hinum erfiðu samgöngum um þau hjeruð, sem hjer er um að ræða.

Nd. **239. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 75, 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Flutningsm.: Hannes Jónsson.

1. gr.

Á eftir 40. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Farseðlar með skipum, hvort sem ferðinni er heitið til útlanda eða

með ströndum fram og hvort sem farseðlarnir eru gefnir út hjer á landi eða erlendis, stimplast með 10% af verði farseðilsins. Nú eru farseðlar ekki gefnir út, og skal þá gera skrá um farþega með skipinu og tilgreina á henni upphæð fargjalda, og skal stimpla skrána með 10% af samanlögðum fargjöldum, sem á henni eru talin.

Skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu stimpilgjaldsins, og má lögreglustjóri eigi afgreiða skipið úr höfn fyr en greitt hefir verið stimpilgjald af farseðlum allra farþega, sem með því leggja úr höfn.

Undanþegnir þessu stimpilgjaldi eru farseðlar farþega, sem hingað koma á skemtiferðaskipum, sem hafa hjer mjög skamma viðdvöl og flytja hingað engan farm, ef farþegar fara aftur með þeim.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Greinargerð.

Með lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll, er lagt gjald á flestar vörur, sem hingað flytjast og ekki teljast til allra brýnustu lífsnauðsynja eða framleiðslunauðsynja, og greiðist mest af þeim tolli sem 10% stimpilgjald, auk þess sem af vörunum er greiddur vörutollur. Af öllum útfluttum vörum er einnig greitt útflutningsgjald. Má þannig segja, að enginn vöruflutningur með skipum frá útlöndum nje til útlanda sje ótollaður.

Öðru máli er að gegna með farþegaflutning. Af farseðlum er einskis gjalds krafist, og er þó mikið af ferðalögum manna ónauðsynlegar skemtiferðir. Þar sem flest skjöl, sem einhver fjárviðskifti byggjast á, eru stimpluð, virðist ástæðulaust að sleppa farseðlum manna við stimpilgjald fremur en öðrum skjölum. Farmskírteini hafa að vísu ekki verið stimpluð hjer án tillits til verðmætis þess, sem út er flutt, en til þess er ekki mikil ástæða, þar sem útflutningsgjald er, eins og áður segir, greitt af öllum útfluttum vörum.

Það virðist ekki ósanngjarnt, að stimpilgjald af farseðlum sje að minsta kosti 10% af fargjaldinu, þar sem verðtollur af flestum vörum er 10% af fob innkaupsverðinu. Enda mikið af þessum ferðum manna með öllu óþarfar, þar sem eins gæti komið til mála að stimpla farseðilinn með 20% eins og innkaupsreikninga fyrir ýmsar óþarfar vörur.

Síðastliðið ár voru fargjöld með skipum Eimskipafjelags Íslands kr. 199000.00. Þar af voru kr. 35000.00 fargjöld frá útlöndum til Íslands. Hafa því fargjöld hjer við land og til útlanda verið kr. 164000.00. Fargjöld með Esju voru sama ár kr. 102000.00. Sameinaða gufuskipafjelagið hefir á þessu ári 34 áætlunarferðir frá Íslandi til útlanda. Ef gert er ráð fyrir 50 farþegum að meðaltali, verða það 1700 farþegar alls. — Ef nú af þessu eru t. d. 1200 farþegar á 1. farrými og 500 farþegar á 2. farrými, væri sennilegt verð farseðlanna samanlagt þannig:

1200	farseðlar á kr. 160	192000.00
500	— - — 100	50000.00
	Samtals kr.	242000.00

Auk þess eru áætl. ferðir fjelagsins milli Reykjavíkur og Akureyrar með viðkomum á helstu höfnum alls 37 og 17 af þeim eru hraðferðir, sem aðeins taka póst og farþega. Það mun því ekki fjarri sanni að áætla fargjöld með þessum ferðum alt að kr. 200000.00.

Eftir þessu myndu fargjöld hjer við land og til útlanda verða sem hjer segir:

Með skipum Eimskipafjelags Íslands	kr.	164000.00
— — ríkissjóðs (Esju)	—	102000.00
— — sameinaða	—	442000.00
Samtals	kr.	708000.00

Auk þess mun Bergenska gufuskipafjelagið hafa nokkrar tekjur af fargjöldum. Það mun því nokkurnveginn víst, að 10% stimpilgjald af fargjöldunum verður ekki undir 70000 krónum.

Ed. **240. Frumvarp**

til laga um eignarnám á jörðinni Reykhólum.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal vera heimilt að láta taka eignarnámi til handa landinu jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni dómsmálaráðherra. Ástæður fyrir nauðsyn málsins felast í brjefi því frá landlækni, sem prentað er hjer á eftir.

Fylgiskjal.

LANDLÆKNIRINN.

Reykjavík, 10. febr. 1928.

Eins og hinu háa dómsmálaráðuneyti er kunnugt vantar enn læknissetur í Reykhólahjeraði.

Í brjefi mínu, dagsettu 4. júlí 1925, hef jeg gert ljósa grein fyrir þeim vandræðum. Jeg lagði þá til, að ákveðið yrði að læknissetrið skyldi vera fyrir botninum á Berufirði, og var það ákveðið þá um haustið, sbr. Auglýsingu um læknissetur í Reykhólahjeraði 25. sept. 1925.

Hjeraðsbúar höfðu þá einkum augastað á jörðinni Berufirði, og höfðu enda fest kaup á þeirri jörð.

En þau jarðakaup hafa aldrei verið fullgerð. Fór meir og meir að bera á óánægju meðal hjeraðsbúa yfir þessari ráðstöfun. Töldu þeir margir jörðina of dýra og óhentuga fyrir ýmsra hluta sakir. Hneigðust hugir manna, að því er mjer virtist, meir og meir að því, að hafa læknissetrið í Reykhólalandi. Þar er greiður aðgangur að jarðhita og vegalengdin frá Berufjarðarbotni að Reykhólum er ekki mikil, svo að vel má við una, staðhátta vegna, að læknir sitji þar.

Í sumar sem leið gerði jeg mjer ferð vestur, eftir tilmælum hjeraðsbúa, til að ræða við þá um þetta þeirra gamla vandræðamál.

Hjeraðið tekur yfir þrjá hreppa: Geiradalshrepp, Reykhólahrepp og Gufudalshrepp.

Jeg kvaddi hreppstjóra og oddvita úr öllum þessum hreppum á fund í Króksfjarðarnesi 11. ágúst f. á.

Á þeim fundi var þetta samþykt:

1. »Fundarmenn samþykkja að gangast fyrir því, að hjeraðsbúar kaupi sem allra fyrst jarðnæði undir læknissetur, og takist ekki að fá samþykki sýslunefndar eða ná samkomulagi meðal hreppsbúa í öllum hreppum hjeraðsins, þá að fara fram á heimildarlög til eignarnáms á tilteknu jarðnæði«.

Þetta síðasta úrræði var samþykt eftir bendingu frá mjer. Ennfremur var samþykt:

2. »Fundurinn felur Guðmundi Jakobssyni bókara, að útvega tilboð hjá eigandanda Reykhóla um sölu á horni úr Reykhólalandi ofan Grundarár, og skorar á landlækni að veita þeirri málaleitun sitt liðsinni«.

Hjer er átt við G. Jakobsson bókara á hafnarskrifstofu Reykjavíkur og föður hjeraðslæknisins í Reykhólahjeraði. Var hann staddur á þessum fundi ásamt hjeraðslækni.

Þegar heim kom leituðum við til eiganda Reykhóla um kaup á fyrnefndri eða annari spildu úr Reykhólalandi. Var því vel tekið í fyrstu, en við þó stöðugt dregnir á langinn, og loks nú í vetur fengum við algert afsvar. Eigandi neitaði að selja. Höfðum við þó að síðustu sagt frá því, að vel gæti komið til eignarnáms. Kvaðst eigandi myndi láta sjer það lynda.

Þegar hjeraðsbúar fengu þessar frjettir, risu þeir upp og söfnuðu í öllum hreppunum undirskriftum undir áskorun til ríkisstjórnarinnar um það, að fá lagaheimild til, að taka eignarnámi spildu úr Reykhólalandi, í því skyni að reisa þar læknisbýli.

Þær áskoranir hafa nú verið afhentar hæstvirtum dómsmálaráðherra.

Þannig stendur þetta mál af sjer í svipinn.

Hið gamla, þjóðkunna höfuðból Reykhólar hefir marga kosti til að bera. Þar eru miklar landnytjar og mikil hlunnindi, dúntekja og selveiði. En þar eru

líka, kringum hvolinn, sem bærinn stendur á, margar og miklar heitar uppsprettur. Reykhólar eru ein af stærstu hverajörðum á landi hjer.

Nú er það álit mitt, og sennilega margra manna álit, að allar helstu hverajarðir landsins eigi sem allra fyrst að komast í eigu ríkisins, eða þá bæjarfjelaga eða sveitarfjelaga.

Þess vegna legg jeg eindregið til, að ríkisstjórnin fari þess á leit við Alþingi að fá heimild til að taka Reykhóla eignarnámi til handa ríkinu, til ýmsra afnota, er horfa til almennings heilla, og þá nú strax í fyrstu til þess, að geta látið Reykhólahjeraði í tje landspildu fyrir læknisbýli með aðgang að heitri laug.

En fari svo að ríkisstjórn eða Alþingi sjái sjer ekki fært að sinna þessari málaleitun minni — þessari framtíðarnauðsyn, þá læt jeg, til vara, hjer með fylgja frumvarp, sem fer fram á að heimila Reykhólahjeraði að taka eignarnámi spildu úr Reykhólalandi til að reisa þar læknisbýli.

G. Björnson.

Dómsmálaráðuneytið.

Nd. **241. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá 1. minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir haft þetta frv. til meðferðar, en ekki getað orðið á eitt mál sátt um afgreiðslu þess.

Tveir nefndarmennirnir (H. J. og H. Stef.) leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt, tveir nefndarmenn (S. E. og Ó. Th.) hafa eigi viljað taka afstöðu til þess, — og einn nefndarmaðurinn (Hj. V.) vill fella það.

Samkvæmt skýrslu fjármálaráðherrans um afkomu ársins 1927 hefir gengisviðaukinn numið nálægt ½ milj. kr. það ár. Ekkert hefir komið fram, sem bendi til þess, að rýra megi tekjur ríkissjóðs; þvert á móti virðist þörf á að auka þær. Leggjum við því til við háttvirta deild, að hún samþykki frv.

Alþingi, 18. febr. 1928.

Halldór Stefánsson, formaður. Hannes Jónsson, frsm.

Ed. **242. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá Páli Hermannssyni.

Við 1. gr. Fyrir »300« komi: 200, og fyrir »500« komi: 400.

Ed. **243. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er í öllum aðalatriðum samið af milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum, og er tilgangur þess að gera mönnum kleift fjárhagslega:

1. að endurbyggja sveitabæi,
2. að reisa nýbýli á óræktuðu landi, og með því stuðla að aukinni ræktun og fjölgun heimila í sveitum.

Þessum tilgangi er ætlað að ná með því að veita lán til bygginga með hagkvæmari kjörum en kostur hefir verið hingað til.

Reynslan er búin að sýna, að lánskjör Ræktunarsjóðsins til bygginga eru afar óhagkvæm; vextir of háir og afborgunartími of stuttur. Lántakendur, sem ekki eru því betur efnaðir, rísa ekki undir árlegum greiðslum, sem af þeim eru heimtaðar.

Með þessu frumvarpi er bætt úr þessu að miklum mun. Vitanlega verður þetta nokkur baggi á ríkissjóði, en í það má ekki horfa, þar sem verið er að hefja nýtt landnám, sem ætti í framtíðinni að verða til alþjóðarheilla.

Nefndin vill því eindregið mæla með þessu frumvarpi í þeirri trú, að hjer sje verið að hrinda í framkvæmd einu mesta velferðarmáli þjóðarinnar.

Um breytingartillögur nefndarinnar skal þess getið, að nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um sumar þeirra.

Við frumvarpið flytur nefndin þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Fyrir »250 þús.« komi: 200 þús.
2. Við 3. gr. I. a. Liðurinn orðist svo:
   að lántakandi sje íslenskur ríkisborgari og fullráða.
3. Við 3. gr. II. c. Liðurinn orðist svo:
   að hann standi ekki í skuld fyrir lán, er hann hefir áður fengið til húsagerðar á annari jörð eða nýbýli.
4. Við 7. gr.
   a. Fyrir »$^{4}/_{5}$« komi: $^{3}/_{5}$.
   b. Fyrir »40 þús.« komi: 30 þús.
5. Á eftir 10. gr. komi ný grein, er hljóði svo:
   Stjórn sjóðsins getur sett byggingafróðan mann til eftirlits því, að bygging, sem lán er veitt til, sje vel af hendi leyst, og er lánþega skylt að hlíta fyrirmælum hans.

Kostnað þann, er af eftirlitinu leiðir, greiðir sjóðurinn, en gjalda skal lánþegi sjóðnum 1% af lánsupphæðinni, þá er síðasta útborgun lánsins fer fram.

Alþingi, 18. febrúar 1928.

Einar Árnason, form. og frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Jónas Kristjánsson.

Nd. **244. Breytingartillögur**

við frv. til laga um dýralækna (þskj. 65).

Frá Gunnari Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Dýralæknar skulu vera fjórir á landinu, einn í hverjum landsfjórðungi. Atvinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður á um bústaði þeirra.
   Dýralæknirinn í Reykjavík, er nefnist landsdýralæknir, skal jafnframt vera aðalráðunautur stjórnarinnar í heilbrigðismálum búpenings og hafa fyrir hennar hönd eftirlit með embættisfærslu annara dýralækna.
2. Við 5. gr. Orðin »og dýralæknarnir« . . . til enda greinarinnar falla niður.
3. Við 7. gr. Greinin fellur niður.

Nd. **245. Breytingartillaga**

við dagskrártill. á þskj. 226 [Dýralæknar].

Frá Gunnari Sigurðssyni.

Dagskrártillöguna skal orða svo:

Í trausti þess að atvinnumálaráðuneytið sendi málið búnaðarsamböndunum til umsagnar, leiti síðan álits Búnaðarfjelags Íslands og semji frv. til laga um dýralækna, er lagt verði fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **246. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þskj. 193 [Atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar].

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 2. c. 2. málsgr. orðist svo:
   Kjörblað skal vera svipað þessu.
2. Við 2. f. Á eftir greininni komi ný málsgr.:
   Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.
3. Við 4. b. Brtt. orðist svo:
   Kjósandi annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins. Þó getur hann falið kjörstjóra að sjá um sendingu þess, og er þá kjörstjóra skylt að koma brjefinu á póst, ef kjósandi óskar þess, eða að öðrum kosti sjá um, að það komist beint í hendur rjetts viðtakanda.
4. Á eftir 7. brtt. komi:
   11. gr. orðist svo:
   Að öðru leyti gilda ákvæði kosningalaganna um kosningar, er í lögum

þessum getur, að því leyti sem þær geta við átt, þar á meðal hegningarákvæði.

5. 9. brtt. fellur niður.

Ed. **247. Lög**

um sölu á landi Garðakirkju í Hafnarfirði.

(Afgreidd frá Ed. 20. febr.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað svo nefnd Hamarkots- og Undirhamarstún í Hafnarfirði, sem eru eign Garðakirkju.

2. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Nd. **248. Nefndarálit**

um frv. til laga um smíði og rekstur strandferðaskips.

Frá minni hluta samgöngumálanefndar.

Samgöngurnar kringum landið eins og þær eru nú, og þó sjerstaklega strandferðirnar, eru að flestra dómi ófullnægjandi. Fólks- og flutningaþörfin eykst með ári hverju. Viðskifti manna á milli, atvinnulíf fólksins og ferðalöngun manna frá og til hinna ýmsu staða á landinu útheimta tíðari og fljótari ferðir en nú er völ á. Krafa landsmanna um betri samgöngur hefir um langt skeið verið mjög hávær, og þá sjerstaklega frá þeim stöðum á landinu, sem millilandaskipin ekki koma á, enda óþarft og óhagkvæmt að láta þau smala hafnir, þar sem fólksfæð er og flutningaþörfin lítil. En allir slíkir staðir þurfa einnig samgöngur og eiga að sjálfsögðu heimtingu á þeim eins og stærri hafnirnar. Til slíkra ferða eiga að notast smærri skip, sjerstaklega útbúin til slíkra ferða með fullu tilliti til staðhátta og þarfa fólksins. Sú stefna hefir nú verið hafin með smíði Esju, er hefir reynst á margan hátt vel. Nú þykir hún ekki fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru til góðra samgangna með ströndum fram, sem síst er að undrast, þar sem um eitt skip er að ræða, er á að annast milli 50 og 60 viðkomustaði í ferð. Okkar skoðun er því sú, að smíða þurfi annað skip til strandferða, af líkri gerð og Esja, er mætti þó vera nokkru stærra að farmrými, með líkum ganghraða og farrými. 3. farrými teljum við ekki nauðsynlegt, en 2. farrými að minsta kosti þeim mun stærra. Að sjálfsögðu ætti skipið að hafa kælirúm með fullkomnum útbúnaði. Slíkt skip sem þetta ætti að okkar hyggju að fara hringferð kringum landið í gagnstæða átt við hitt strandferðaskipið. Gamla reglan, að láta hvort skip

annast austur- eða vesturhluta, hefir reynslan sýnt, að hefir ýmsa galla í för með sjer. Með þessu fyrirkomulagi strandferðanna myndi ferðum geta fjölgað og fólk og flutningur ganga fljótar hafna á milli. Við teljum það mikið atriði, að kælirúm sje í hinu nýja skipi. Þörfin fyrir það eykst með hverju ári. Að kaupa skip til slíkra ferða teljum við óráðlegt. Kaup, ef til vill á gömlum skipum, hafa gefist misjafnlega. Oft er það svo, að gömul skip verða í raun og veru dýrustu skipin, vegna breytinga, sem gera þarf á þeim, og árlegs viðhalds, og minni líkur til, að þau fáist þannig úr garði gerð, er okkur hentar best.

Ennfremur viljum við benda á, að ef sú stefna skyldi verða tekin upp að leyfa ekki útlendum skipum að flytja farþega með ströndum fram, sem mikil nauðsyn virðist benda til, þá ber ótvírætt að vinna að því, að þjóðin sjálf hafi skipakost nægan til þess að annast flutningaþörfina. Um kostnað við smíði nýs skips getum við ekki sagt með vissu, en samkvæmt lauslegri áætlun mundi það verða milli 600—700 þús. kr.

Nefndin hefir ekki getað orðið samferða um þetta mál. Leggur því minni hlutinn til að veita stjórninni heimild þá, sem frumvarpið fer fram á, með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Landsstjórninni er heimilt að láta smíða gufuskip til strandferða, af svipaðri stærð og Esja. Kostnaður við kaup og rekstur skipsins greiðist úr ríkissjóði.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Skipið skal útbúið 70—80 ten. metra kælirúmi og hafa að minsta kosti 40 sjómílna vökuhraða. Farþegarúm skal vera 1. og 2. farrými.

Alþingi, 20. febr. 1928.

Sigurjón Á. Ólafsson. Hannes Jónsson.
frsm.

Nd. **249. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að gera þær bráðabirgðabreytingar á skipulagi bændaskólans á Hólum, sem hjer verða taldar:

a. að auka svo að miklu nemi kröfurnar til verklegs náms nemendanna við jarðrækt, búfjárhirðing og önnur landbúnaðarstörf.

b. að reka skólabúið fyrir opinberan reikning, ef hentara þykir.
c. að láta verða þær breytingar á kennaraliði skólans og reglugerð hans, sem nauðsynlegar eru.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1928.

Nd. **250. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 62, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um frumvarp þetta, og er deiluefnið aðallega sameining jarðarinnar Tungu við Ísafjarðarkaupstað. Meiri hluti nefndarinnar álítur eðlilegt, að umdæmi Ísafjarðar nái einnig yfir Tungu, þar sem kaupstaðurinn er nú að koma upp allmiklu kúabúi í sambandi við þá jörð, og hún er að mestu eign hans. Hinsvegar virðist eðlilegt, að ákvæði sjeu í lögunum um fjárskifti og fátækraframfærslu, og ætti að vera nægilega tryggilega um það búið, er atvinnumálaráðherra skæri úr, ef samkomulag fengist ekki milli Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarsveitar. Þess má geta, að ýmislegt mælir með því, að allar jarðirnar í Skutilsfirðinum sameinuðust Ísafjarðarkaupstað, og virðist sú stefna hafa töluvert fylgi þar vestra, en það mál er of skamt á veg komið til að ástæða sje að semja lög um það.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála um það, að Ísafjarðarkaupstaður fái sjerstakan bæjarstjóra, eins og aðrir kaupstaðir hjer á landi, ef meiri hluti kjósenda óskar þess, og telur eðlilegt, að hann sje kosinn á sama hátt sem í öðrum kaupstöðum, af bæjarstjórn.

Nefndin mælir samkvæmt framansögðu með frumvarpinu með svofeldri

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Um leið og lög þessi ganga í gildi, tekur Ísafjarðarkaupstaður að sjer framfærslu allra þeirra, sem framfærsluþurfar eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Eyrarsveit, vegna fæðingar eða dvalar á jörðinni Tungu. Fjárskifti með Ísafjarðarkaupstað og Eyrarsveitar, vegna stækkunar umdæmis kaupstaðarins, skulu gerð fyrir sama tíma, en náist ekki samkomulag, sker atvinnumálaráðuneytið úr.

Alþingi, 20. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson,	Hjeðinn Valdimarsson,	Bernh. Stefánsson,
formaður.	frsm. og fundaskrifari.	með fyrirvara.

Nd. **251. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 193 [Atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar].

Frá allsherjarnefnd.

4. b. orðist svo:
Síðari málsliður 4. málsgr. orðist svo:
Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma brjefinu á póst.

Nd. **252. Frumvarp**

til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þeir kjósendur, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta eigi sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörstaðar eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Dómsmálaráðuneytið annast um útvegun kjörseðla ásamt fylgibrjefum og umslögum, er þar til heyra, á kostnað ríkissjóðs. Kjörgögn þessi skulu vera þannig gerð: Kjörseðill, fylgibrjef og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með raufalínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skriftin verði ekki greind í gegnum hann. Stofn og fylgibrjef sama kjörblaðs skulu auðkend sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar kosningar um land alt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbrjefi; jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með raufalínum, svo að auðvelt sje að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibrjefinu skulu vera vottorð kjósenda og kjörstjóra.

Kjörblað skal vera svipað þessu:

Fyrirmynd að stofni, fylgibrjefi með árituðu vottorði, og kjörseðli.

Nr. .....

.....
(Nafn og föðurnafn kjósanda).

.....
(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

Kaus .....
(Staður, dagsetning og ár).

Hjá .....
(Staða).

.....

Nr. .....

Jeg .....
(Nafn og föðurnafn kjósanda, staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

sem vegna fjarveru get ekki sótt kjörþing á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að jeg þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi sjeð hefi útfylt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi jeg því yfir, að jeg hefi engan annan kjörseðil frá mjer sent og hefi ekki kosið eða mun kjósa annarsstaðar.

.....
(Staður, dagsetning og ár).

.....
(Undirskrift kjósanda).

Að ..... hafi undir-
(Fult nafn og heimili kjósanda).

skrifað fylgibrjef, sem er rjett dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sje útfyltur aðstoðarlaust og þvingunarlaust og í einrúmi vottar undirritaður.

.....
Vitundarvottar: (Staða vottorðsgefanda og heimili).

.....
(Nafn).

.....

Limbrið

Innanmálslengd 9 cm.

Innanmálsbreidd 12 cm.

Limbrið

.....

Limbrið.

Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír af þeirri stærð, að hæfileg sjeu utan um fylgibrjefið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefir verið lokað og fylgibrjefið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin og hverju 25 blaða hefti fylgja 25 umslög með sömu tölum.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörstaðar áður en framboðsfrestur er úti. Kjörstjórar utan kjörstaða samkvæmt lögum þessum eru: sýslumenn, bæjarfógetar, fulltrúar þeirra, hreppstjórar, svo og skipstjórar á íslenskum skipum, enda gefi þeir drengskaparyfirlýsingu, um leið og þeir taka við kjörgögnum, um, að kosning í skipi þeirra fari fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar. Dómsmálaráðuneytið sendir nægilegar birgðir kjörgagna til allra sýslumanna og bæjarfógeta og heldur bók yfir, hve mörg kjörblöð með umslögum hver þeirra fær og tölusetningu þeirra. Á sama hátt senda sýslumenn og bæjarfógetar nægilegar birgðir kjörgagna til annara kjörstjóra, hver í sínu umdæmi. Skulu þeir halda bók yfir kjörgögn þau, er þeir senda frá sjer, á sama hátt og dómsmálaráðuneytið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því aðeins gild, að notuð sjeu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta eða á heimili hreppstjóra eða um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt framanrituðu, enda sje kjósandinn þá skrásettur á skipinu.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar eigin hendi með bleki á atkvæðaseðilinn fult nafn þess þingmannsefnis eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Sje um hlutbundnar kosningar að ræða, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, eiga rjett á að greiða atkvæði strax og framboðsfrestur er liðinn, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörstaðar fá afhent tölusett fylgibrjef með áföstum kjörseðli og síðan þvingunar- og aðstoðarlaust í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis, eða þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa, eða listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosn-

ing er, ef hann vill — á kjörseðilinn, brjóta hann síðan saman, þannig að nafnið verði innan á, og líma hann vandlega aftur. Kjörstjóri eða kjósandi útfyllir því næst vottorðið á fylgibrjefinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða auðkenna á nokkurn hátt, nje losa hann frá fylgibrjefinu. Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibrjefinu um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfyltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördeildar hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sje alt auðkent sömu tölu. Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibrjefið.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til annars kjörstjóra utan kjörstaðar, þá skal atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, sem í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum skal kjósandi því næst láta í umslagið, loka því vandlega og rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðisseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi. Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma brjefinu á póst.

5. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert brjef, frá hvaða kjósanda það sje, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu brjef þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjóra, og er frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra heimilt að setja á hann innsigli sitt.

Skrá þessa ásamt kassanum með brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim, er varðveitir brjef með atkvæði hans, sje það ekki varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa, að hann afhendi sjer það, alt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

6. gr.

Áður en atkvæðagreiðsla byrjar opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá; ef svo reynist, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða sje staddur

innan kjörumdæmis síns, eða sje búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórn hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórn fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibrjef með áföstum kjörseðli, eða umslög og fylgibrjef eigi eru tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að eigi hafa verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða eigi hefir verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru með lögum þessum.

Þá kjörseðla, sem teknir eru gildir, rífur kjörstjórn frá fylgibrjefunum, gætir þess vandlega, að þeir opnist eigi nje skaddist og leggur þá í atkvæðakassann um leið og atkvæðagreiðsla byrjar.

Þau umslög, sem kjörstjórninni eru afhent eftir að atkvæðagreiðsla er byrjuð, eru opnuð og fylgibrjefin rannsökuð á sama hátt, öll í einu, og þeir seðlar, sem gildir eru teknir, lagðir í atkvæðakassann áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt lögum þessum, eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.
2. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðslu atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir gera látið, eða eitthvað liggur innan í honum, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr., eða á seðilinn eru sett strik eða merki, er ætla má, að sjeu sett til þess að gera hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi, auk listabókstafsins, orðið »listi«, ef ekki verður álitið, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi skal gæta þess, að til sjeu í skipinu fyrir hverjar kosningar nægar birgðir kjörseðla með tilheyrandi umslögum, og í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslur þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur dómsmálaráðuneytið útdráttinn. Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um að kjósa í skipi, eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því aðeins, að óhjákvæmileg störf á skipinu, sem enga bið þola, hindri. Brot gegn þessu varða alt að 1000 króna sektum, er renna í landssjóð.

9. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni, er þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatast, skal þess getið sjerstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Sama gildir um þau umslög eða kjörblöð, sem skemst hafa svo við atkvæðagreiðslu, að kjósandi hefir fengið önnur. Heimilt er þó kjósanda, ef hann hefir útfylt kjörseðilinn áður, að rífa hann frá fylgibrjefinu og ónýta hann. Skal viðkomandi sýslumaður eða bæjarfógeti ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörstaða sjeu svo greinileg, að sjeð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hafi verið notað. Sýslumenn og bæjarfógetar gera síðan á sama hátt skil til dómsmálaráðuneytisins, senda því eftirstöðvarnar og afrit bókanna. Dómsmálaráðuneytið gengur stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna, á sama hátt og þeir af öðrum kjörstjórum utan kjörstaða.

10. gr.

Fyrir afhendingu kjörseðla og vottorð þau, er um ræðir í lögum þessum, greiðast engin gjöld.

11. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði kosningalaganna um kosningar, er í lögum þessum getur, að því leyti, sem þær geta við átt, þar á meðal hegningarákvæði.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 50, frá 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Ed. **253. Frumvarp**

til laga um veðlánasjóð fiskimanna.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gera mönnum, sem fiskiveiðar stunda á vjelbátum og árabátum, sem arðsamastan afla sinn með því að gera þeim mögulegt að verka hann sjálfir. Fje sjóðsins skal lánað fiskimönnum gegn veði í fengnum afla, eftir reglum, sem síðar segir.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er Fiskiveiðasjóður Íslands, sem stofnaður var með lögum 10. nóv. 1905, og 2 milj. króna, sem ríkissjóður leggur fram sem lán

til sjóðsauka, og skal lán þetta vera vaxta- og afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en endurgreiðast síðan með jöfnum greiðslum á 35 árum.

3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er Reykjavík. Sjóðurinn skiftist í deildir, og er aðaldeild hans í Reykjavík, en sjerstakar deildir skulu stofnaðar í verstöðvum landsins, svo mörgum sem fjármagn sjóðsins hrekkur til. Deildir geta þó fyrst um sinn eigi orðið fleiri en 25.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra kveður á um það, eftir tillögum stjórnar sjóðsins, í hvaða verstöðvum deildir skuli settar, hve mikið fje af sjóðnum hver einstök deild fær til umráða og hve háa vexti deildirnar greiði af fjenu.

5. gr.

Lánsdeild í verstöð verður því aðeins sett á stofn, að beiðni hafi komið um það til stjórnar sjóðsins samkv. ályktun á almennum sveitarfundi, eða samkv. ályktun bæjarstjórnar í kaupstað.

Á hverjum stað, er lánsdeild verður sett á stofn, skal hreppsfundur kjósa 3 menn í stjórnarnefnd deildarinnar, og skulu þeir starfa kauplaust. Stjórnarnefndin ræður mann gegn þóknun til að hafa afgreiðslu og reikningshald deildarinnar, er skal opin til útlána eigi sjaldnar en einu sinni í viku, 2 tíma í senn, en annars fer það eftir ákvörðun stjórnarnefndar deildarinnar, hve oft og lengi deild skuli opin til afgreiðslu á hverjum stað.

6. gr.

Lán veitist aðeins út á afla, sem ætlaður er til verkunar sem þurrkaður saltfiskur til útflutnings.

Sá einn getur fengið lán, sem ráðinn er upp á hlut af afla.

Þá er bátur er gerður út af samlagsfjelagi þeirra, er á honum eru, ganga þeir fyrir um lán, sem fæsta hafa hlutina.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður til 6 mánaða í senn, í byrjun janúar og byrjun júlí, verðlag á fiski, er við skal miða lán út á fiskinn. Við ákvörðun þessa verðlags hefir stjórn sjóðsins til hliðsjónar útreikning, er Hagstofa Íslands skal gera í lok hvers missiris um meðalverð saltaðs útflutningsfisks undanfarið missiri.

8. gr.

Lánbeiðni hverri fylgi yfirlýsing lánbeiðanda um fiskeign sína, að viðlögðum drengskap, vottuð af hlutaðeigandi formanni, en útgerðarstjóra báts, ef formaður á í hlut. Nánari ákvæði má setja í reglugerð um sannanir fyrir því, að uppgefið veð sje fyrir hendi.

9. gr.

Lána má alt að $^2/_3$ af andvirði afla, samkv. 7. gr., og má lánstíminn ekki lengri vera en 9 mánuðir. Fyrir láninu, sem lántakandi ábyrgist persónulega, gefur hann út skuldabrjef með sjálfsvörsluveði í fengnum afla sínum. Veðskuldabrjef þessi skulu þinglesin í heimilisþinghá útgerðarinnar, og eigi annarsstaðar, en að öðru leyti gilda um veðsetningu þessa ákvæði laga 4. nóv. 1887, um sjálfsvörsluveð í lausafje. Þinglestrargjald af veðskuldabrjefum þessum ákveður fjármálaráðherra, og má gjaldið ekki hærra vera en 25% af venjulegu gjaldi.

10. gr.

Lán skal veitt í þeirri deild, þar sem útgerðarstjórn báts á heima. Nú hefir bátur stöð til bráðabirgða í útveri innan umdæmis annarar deildar, og eiga bátverjar þó sókn til þeirrar deildar, er fyr segir.

11. gr.

Stjórn deildar metur, hvort lánsskilyrði eru fyrir hendi, hver lán skuli veitt og upphæð lána. Í lánsbeiðni skal skýrt frá, hvar veðið sje, nafni báts og formanns, þar sem lánbeiðandi hefir eða hafði skiprúm, er fiskurinn var veiddur, hvar hann verði verkaður og hvort lántakandi ætlar að vinna að því sjálfur eða fjölskylda hans.

12. gr.

Vextir af lánum greiðist um leið og lán er tekið, en við endurgreiðslu lánsins greiði lántakandi ennfremur 1% af andvirði þess afla, sem lánið var veitt út á, og renni sú fjárhæð í varasjóð hlutaðeigandi deildar.

13. gr.

Veðsettan afla má ekki flytja af staðnum nema með leyfi viðkomandi deildarstjórnar. Nú er veðsettur afli fluttur burt eða seldur án vitundar deildarstjórnar áður en lánið er greitt, og er lánið þá þegar kræft og kaupandi fiskjarins skyldur að standa skil á láninu.

Vottorð um, hvort fiskur er veðsettur hjá deild, gefur stjórn deildarinnar.

14. gr.

Hver deild ber kostnað við rekstur sinn, er greiðist úr varasjóði deildarinnar.

15. gr.

Í stjórn Veðlánasjóðs fiskimanna eiga sæti 3 menn, einn framkvæmdarstjóri og 2 gæslustjórar, er atvinnumálaráðherra skipar, og ákveður hann þóknun þeirra. Skulu gæslustjórarnir skipaðir til 4 ára og hafa sjerþekkingu á öllu því, er lýtur að hag bátaútvegsins.

Ráðherra getur vikið stjórnanda frá um stundarsakir, þegar honum þykir nauðsyn bera til, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, og geri sjávarútvegsnefndum Alþingis grein fyrir gerðum sínum í þessu efni.

16. gr.

Ráðherra getur hvenær sem er krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins. Reikninga hans skulu 2 menn endurskoða, er ráðherra til þess skipar, og úrskurðar hann ársreikningana, er birtir skulu í B-deild Stjórnartíðindanna.

Um störf endurskoðenda og þóknun þeirra skipar ráðherra fyrir með reglugerð.

17. gr.

Alt handbært fje sjóðsins skal, eftir því sem við verður komið, geymt í Landsbankanum og útibúum hans, en annars skal nánara kveðið á um það í reglugerð, hversu deildir skuli geyma og ávaxta handbært fje sitt, um endurskoðun og um reikningsskil deildanna til aðaldeildar, fjármiðlun milli deilda, eftir því sem árstími og atvinnuhættir krefjast, og önnur ákvæði um rekstrarháttu sjóðsins, þar á meðal um stærð umdæmis hverrar deildar um sig, og alt annað, er lýtur að greiðu skipulagi og tryggilegum rekstri sjóðsins.

18. gr.

Veðlánasjóður fiskimanna er undanþeginn öllum sköttum og gjöldum til ríkis og sveitarfjelaga.

19. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, alt að 2 milj. króna, til að fullnægja ákvæði 2. gr. laga þessara.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52, 10. nóv. 1905, um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, lög nr. 29, 16. nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands, lög nr. 61, 10. nóv. 1913, um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907, og önnur lagaákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1928.

Greinargerð.

Á Alþingi 1927 flutti sjávarútvegsnefnd efri deildar þingsályktun, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um lánsstofnun fyrir bátaútveginn. Tók stjórnin vel í þá tillögu, og var skipuð þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um slíka lánsstofnun. Hefir álit þessarar nefndar borist til sjávarútvegsnefndar neðri deildar, en engin úrlausn virðast tillögur hennar vera á því, sem fólst í þingsályktun efri deildar 1927. En þar var lögð aðaláherslan á að fá lánsstofnun, er gæti veitt rekstrarfje bátaútvegi landsmanna, sem nú á mjög örðugt uppdráttar. Hjer er stungið upp á því, að mynda lánsstofnun, er geti veitt fiskimönnum og útgerðarmönnum lán út á afla sinn, svo að segja jafnóðum og hann kemur á land. En eins og nú standa sakir, má teljast ókleift öllum þorra

bátaútvegsmanna og þeirra, er kaup sitt taka í afla, að geyma fiskinn og verka hann sjálfir; fara þeir því á mis við þann hagnað, sem jafnaðarlegast er að því að geyma fiskinn og verka hann til útflutnings sjálfir, eða með aðstoð skylduliðs síns. Þessi lánsstarfsemi, er frv. gerir ráð fyrir, á að vera algerlega áhættulaus, þar sem ætlast er til, að jafnan standi fult verðmæti að veði fyrir lánum sjóðsins, og þær sveiflur lítt hugsanlegar, að fiskurinn verði eigi þess virði, er út á hann á að lána eftir þeim reglum, er frv. setur.

Flestir bátaútvegsmenn og þeir, er hlut taka í afla, eru nú neyddir til þess að selja fiskinn að heita má jafnóðum og hann kemur á öngulinn. Bæði þarf að borga ýmsan rekstrarkostnað útvegsins jafnóðum, og svo þurfa þeir að fá nauðsynjar handa heimilum sínum. Eru þeir því oft skuldbundnir til þess að láta aflann af hendi til þeirra kaupmanna, sem birgja þá að vörum til rekstrarins og til heimilanna, og verða þá oft að sæta lágu verði á fiskinum og háu verði á úttektarvörum. Hefðu þeir peninga í höndum, mundu kaupmenn, sem líka hafa oft óhentug lán, geta veitt útvegs- og fiskimönnum miklu betri kjör á öllu verðlagi á úttektarvörum.

Búast má við því, að vextir af þessum lánum yrðu nokkuð háir, þar sem stofnlán ríkissjóðs á að greiðast á 35 árum; þó ættu þeir ekki að þurfa að verða hærri en útlánsvextir bankanna eru nú. En lægra verðlag á kaupmannavöru, atvinna við verkun fiskjarins, og ekki síst hið tiltölulega hærra verð fyrir fullverkaðan fisk, eiga að bæta vaxtahæðina fullkomlega upp, og sömuleiðis bæta upp gjald það, 1%, sem stungið er upp á, að renni í varasjóð deildanna; en það gjald á, auk þess að bera uppi kostnað við stjórn deildar, að verða til þess að bæta lánskjörin, þegar fram líða stundir.

Það má segja, að Fiskiveiðasjóður Íslands sje hættur að starfa að því, er honum var upprunalega ætlað, að hjálpa til að auka fiskiskipastól landsmanna. Nú stendur sjóðurinn að mestu fastur í hafnarmannvirkjum kaupstaða og kauptúna, og ekki líklegt, að sjóðurinn að óbreyttu geti veitt lán til skipakaupa. Er því sjóðnum ætlað að renna inn í veðlánastofnun fiskimanna. Fiskiveiðasjóðurinn er nú nokkuð yfir hálfa miljón króna, og verður að því mikill styrkur, þar sem vextir af því fje geta gengið til kostnaðar við yfirstjórn sjóðsins og til að ljetta vaxtabyrðina.

Erfiðast er að ávaxta fje sjóðsins þann tíma, sem það er ekki í útlánum. Verður að ætlast til þess, að náin samvinna verði milli Veðlánasjóðs og Landsbankans og að bankinn veiti móttöku afgangsfje því, sem ekki er í útlánum, og greiði af því sæmilega háa vexti.

Ætlast er til þess, að sjóðurinn starfi í deildum. Verður að treysta á það, að þeir, er kosnir verða í deildarstjórnir, starfi þar vegna málefnisins, og eru þeim því engin laun ætluð; en aftur er þeim heimilað að ráða menn til hinnar reglubundnu vinnu við lánsstarfsemi deildanna, og fyrir það verður að greiða þóknun.

Það er mikill vandi að ákveða, hvar stofna skuli deildir. Verður að leggja það undir stjórn sjóðsins og ráðherra. En hjer skulu taldir nokkrir staðir, sem koma til álita:

Akranes, Sandur, Ólafsvík, Stykkishólmur, Patreksfjörður, Þingeyri, Flateyri, Ísafjörður, Hnífsdalur, Bolungarvík, Súðavík, Skagaströnd, Sauðárkrókur,

Siglufjörður, Ólafsfjörður, Akureyri, Húsavík, Skálar, Vopnafjörður, Borgarfjörður (eystra), Seyðisfjörður, Norðfjörður, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður, Hornafjörður, Vík, Vestmannaeyjar, Stokkseyri, Eyrarbakki, Grindavík, Hafnir, Sandgerði, Keflavík, Hafnarfjörður, Reykjavík.

Að vísu er talan í frv. fyrst um sinn takmörkuð við 25 staði, þar sem stofna má deildir. En þegar komin er nokkur reynsla um framkvæmd laganna, má fjölga deildum.

Ed. **254 Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv, 1919, um laun embættismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin lítur svo á, að endurskoðun launalaganna frá 1919 verði ekki lokið fyrr en árið 1930, þó undirbúningur undir það mál verði hafinn þegar á þessu þingi. Sje því óhjákvæmilegt að framlengja lögin frá 1925 um dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins samkvæmt því, sem þetta frv. fer fram á. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 18. febr. 1928.

Ingvar Pálmason, form. og framsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.	Björn Kristjánsson.

Nd. **255. Frumvarp**

til laga um eignarnám á Nikulásarkeri í Norðurá.

Flutningsmaður: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Laxveiðafjelagi Norðurár í Mýrasýslu er heimilt að taka eignarnámi Nikulásarker í Norðurá í sömu sýslu, ef ekki getur orðið samkomulag um kaupin.

2. gr.

Óheimilt er nefndu laxveiðafjelagi, eftir að ker þetta er orðin eign þess, að selja það einstökum mönnum og sömuleiðis að láta stunda þar ádráttarveiði. Ef fjelagið verður lagt niður, hverfa ráðin yfir Nikulásarkeri undir sýslunefnd Mýrasýslu.

3. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61, 14. nóv. 1917.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni Laxveiðafjelags Norðurár, sem er fjelag veiðibænda meðfram Norðurá og upprekstrarfjelag Þverárhlíðar. Er þeim mikil nauðsyn á að fá ker þetta friðað, eins og umsögn sú, sem prentuð er hjer sem fylgiskjal á eftir, frá fiskivatnaráðunaut Pálma Hannessyni, ber með sjer.

Nikulásarker er eign Stafholtskirkju, og þar sem fjelaginu hefir ekki tekist að ná samkomulagi við eiganda nefnds kers (prestinn í Stafholti), þá hafa þeir orðið að hverfa til þess ráðs, að biðja um eignarnámsheimild sjer til handa, til þess að geta komið fram þessu mikla nauðsynjamáli þeirra, að fá full umráð yfir kerinu.

Fylgiskjal.

Á þessu sumri hefi jeg rannsakað Norðurá í Borgarfirði, og þó einkum fossana Laxfoss og Glanna, með því að í ráði er að gera fossa þessa laxgenga. Jeg tel engan efa á því, að kostir árinnar sem laxvatns mundu stórum aukast, ef þetta væri framkvæmt, en augljóst er, að það muni hafa mikinn kostnað í för með sjer, einkum ef gera ætti fullkominn fiskiveg í Laxfoss.

Nú hagar þannig til, að Glanni er með öllu ógengur laxi, og er því óhjákvæmilegt að sprengja hann, ef leiða á laxinn lengra upp eftir ánni. En um Laxfoss er það að segja, að þó að hann sje mikil hindrun á göngu laxins, er hann þó engan veginn ógengur. En þar sem kostnaðarsamara verður að gera fiskiveg í hann, tel jeg ráðlegt að sprengja Glanna svo fljótt sem unt er, en friða Laxfoss um sinn, og sjá hvort laxinn gengur þá ekki upp ána.

Laxfoss er þrískiftur, og svo segja kunnugir, og staðhættir benda á að það sje rjett, að laxinn gangi einkum eftir miðfossinum, en undir þessum fossi er hamrabylur einn, er nefnist Nikulásarker, og hefir á undanförnum árum verið stunduð þar laxveiði með lagnetum. Þar sem laxinn mun leggja leið sína um ker þetta, er hann rennur um fossinn, er enginn efi á því, að lagnetin hindra mjög að laxinn leiti á fossinn.

Jeg tel því nauðsynlegt að friða Nikulásarker fyrir allri veiði, en einkum allri netaveiði. Að gefnu tilefni skal þess einnig getið, að jeg telji rjett að friða ker þetta nú þegar, enda þótt Glanni sje ekki enn þá laxgengur, því að komist laxinn óhindraður upp fyrir Laxfoss og hrygni þar, þá munu þeir laxar, sem alast upp ofan við Laxfoss, leita þangað aftur, er þeir hafa náð kynþroska.

Reykjavík, 8. október 1927.

Pálmi Hannesson.

Ed. **256. Nefndarálit**

um frv. til laga um Menningarsjóð.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir leitað sjer nokkurra upplýsinga um þau atriði, sem helst mega gefa bendingar um það, hversu miklar tekjur hinn væntanlegi menningarsjóður muni hljóta árlega.

Samkvæmt upplýsingum í brjefi fjármálaráðuneytisins til nefndarinnar, dags. 17. þ. m., hafa áfengissektir í ríkissjóð frá 1921—1926, »þær er eigi hafa verið afplánaðar«, numið til jafnaðar á ári tæpum 13400 kr.

Á sama tíma, 1921—1926, hefir andvirði upptækra, seldra skipa numið 36330 kr. alls. Um andvirði upptæks áfengis verður ekkert fullyrt, þar sem miklum hluta þess hefir enn ekki verið varið til verðs.

Með hliðsjón af framangreindu virðist nefndinni sennilegt, að árstekjur sjóðsins verði nálægt 20—25 þús. kr. Er sú ágiskun í samræmi við bendingu þá, sem greinargerð frumvarpsins gefur.

Nefndin er sammála um frv. þetta að því er varðar tilgang sjóðsins og verkefni.

Hinsvegar ritar einn nefndarmanna, Jón Þorláksson, undir nefndarálitið með fyrirvara. Mun hann gera grein fyrir sjerstöðu sinni við umræður.

Að öðru leyti vill nefndin leyfa sjer að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

1. Við 1. gr. 3. málsliður orðist svo:
   Til sjóðsins falla árlega allar tekjur af seldu áfengi, hverju nafni sem nefnist, sem ólöglega er flutt til landsins og upptækt gert af rjettvísinni, allar tekjur af seldum skipum, sem af samskonar ástæðu hafa verið gerð upptæk, svo og allar sektir fyrir brot á áfengislöggjöfinni, bæði samkvæmt landslögum og lögreglusamþyktum.
2. Við 2. gr. Fyrir orðin »í janúar« komi: í apríl.
3. Við 6. gr.
   a. 2. málsliður byrji þannig:
      Heimilt er að verja $^1/_5$ hluta af árstekjum þessarar deildar til að verðlauna teikningar — o. s. frv. málsliðinn út.
   b. Á eftir orðunum »Aldrei má« í byrjun 3. málsliðar komi: þó.

Alþingi, 18. febr. 1928.

Páll Hermannsson, form. og framsögum.
Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.
Jón Þorláksson, með fyrirvara.

Nd. 257. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun fátækralaganna.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar í þessu máli. Lítum við svo á, að þar sem lög voru sett um þetta efni á síðasta þingi og flestar eða allar þær röksemdir, sem nú eru færðar gegn lögunum, komu til umræðu í fyrra og voru þá feldar, flestar með talsverðum atkvæðamun, þá sje ekki næg ástæða til eins og stendur að taka þessa löggjöf til nýrrar endurskoðunar.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Magnús Guðmundsson, frsm. Hákon J. Kristófersson.

Nd. 258. Nefndarálit

um frv. til laga um löggilding verslunarstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. á þskj. 160, sem gengið hefir gegnum hv. Ed., og hefir einnig í sambandi við það tekið til athugunar frv. hv. 1. þm. Sunnmýlinga (Sv. Ó.) um löggilding verslunarstaðar á Vattarnesi í Suður-Múlasýslu. Hefir nefndin orðið ásátt um, eftir þeirri venju, sem fylgt hefir verið um slík mál á Alþingi, að leggja til, að frv. þessi verði samþykt, en hinsvegar þykir nefndinni rjettara að færa þau saman í eitt frv., svo að ekki verði nema ein lög um löggilding verslunarstaða frá þessu þingi. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. á þskj. 160 verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. orðist svo:
   Í Bervík í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu, í Dritvík í sama hreppi, á Broddanesi við Kollafjörð í Strandasýslu og á Vattarnesi í Suður-Múlasýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.
2. 2. gr. orðist svo:
   Verslunarlóðin á Vattarnesi nær yfir 500 metra strandlengju, frá Vattarnestanga vestur fyrir lendingu, en 180 metra á land upp, frá flóðmáli í lendingu. Atvinnumálaráðuneytið ákveður takmörk hinna verslunarlóðanna, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birtir þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. Á eftir 2. gr. kemur ný grein, er verður 3. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi að því er Vattarnes snertir, en um hina staðina, þegar takmörk verslunarlóðanna eru birt samkv. 2. gr.

Verði breytingartillögur þessar samþyktar, kemur ekki sjerstakt nefndarálit um frv. á þskj. 102.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Magnús Guðmundsson, frsm.
	H. J. Kristófersson.	

Nd. **259. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jafnvel þótt minni hlutinn viðurkenni, að mjög mikil þörf sje á að reisa eins fljótt og tiltækilegt er nýtt fangelsi og betrunarhús, getur hann þó ekki lagt til, að frv. þetta verði samþykt, vegna þess hversu ófullkominn undirbúningur þess er, og má um þetta efni vísa til þeirra upplýsinga þar að lútandi, sem komu fram í meðferð málsins í hv. Ed. Okkur virðist alveg nauðsynlegt, að nákvæm kostnaðaráætlun liggi fyrir og staðurinn ákveðinn, áður en fullnaðarákvörðun verður tekin, því að ella er hætt við, að harla blint sje rent í sjóinn um kostnaðinn. Sá staður, sem til orða hefir komið, virðist ekki heppilegur, og þarf þetta atriði nánari rannsóknar við.

Minni hlutinn leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þingdeildin felur ríkisstjórninni að rannsaka og gera kostnaðaráætlun um nýtt fangelsi og betrunarhús, og í því trausti, að þessu verði lokið fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Magnús Guðmundsson, frsm.	H. J. Kristófersson.

Ed. **260. Frumvarp**

til laga um tilbúinn áburð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að taka í sínar hendur einkasölu á hverskonar tilbúnum áburði frá 1. okt. 1928. Þá er þetta hefir verið ákveðið, er engum öðrum heimilt að flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Árin 1929, 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

3. gr.

Áburðurinn er ekki útvegaður og seldur öðrum en hrepps- og bæjarfjelögum, búnaðarfjelögum og samvinnufjelögum bænda. Heimilt er að leggja á áburðinn alt að 5%. Það skal vera undantekningarlaus regla, að áburðurinn sje greiddur við móttöku. Að öðru leyti setur ríkisstjórnin, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, reglur um rekstur verslunarinnar.

4. gr.

Rekstrarfje til verslunar þessarar, svo og allan annan kostnað við framkvæmd laga þessara, greiðir ríkissjóður.

Ed. **261. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tilbúinn áburð.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 3. gr. Fyrsta málslið skal orða svo:

Skylt er að útvega og selja áburðinn búnaðarfjelögum, samvinnufjelögum og kaupmönnum.

Nd. **262. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á víðvarpi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta frv. allitarlega og er öll sammála um, að nauðsyn beri til, að þing og stjórn styðji að því, að útvarpstarfseminni verði

haldið áfram hjer á landi og að stefna beri að því, að ríkið taki rekstur útvarpsins í sínar hendur með tilstyrk landssímans.

Nefndin er sammála um að mæla með frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðinu »Reykjavík« í 1. málsgr. komi: og taka nauðsynleg lán í því skyni, og má hún vera þannig gerð, að nota megi hana o. s. frv.
   b. Í stað orðsins »og« í 2. málsgr. komi: en.
2. Alstaðar þar sem orðið »víðvarp« kemur fyrir í frv., einnig í samsetningum, skal koma í þess stað orðið: útvarp.
3. Á eftir 8. gr. frv. komi eftirfarandi

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórninni heimilast að taka að sjer ríkisrekstur á útvarpi nú þegar, með minni stöð en hjer ræðir um til bráðabirgða, enda komi það ekki í bága við rjett þess fjelags, sem nú hefir einkarjett á rekstri útvarps.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari, með fyrirvara.	Hákon J. Kristófersson, með fyrirvara.

Magnús Guðmundsson. Bernharð Stefánsson.

Nd. **263. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 53, 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir eigi orðið á eitt sátt um málið. Meiri hluti vill samþ. frv., en minni hl. fella það. Frv. er samhljóða frv. því, er lagt var fyrir Nd. Alþingis í fyrra og felt þar samkv. tillögu minni hluta sjávarútvegsnefndar, er meðal annars færði þessi rök fyrir máli sínu:

»Það er alkunna, að útgerðin stendur nú svo höllum fæti, að mjög varhugavert verður að teljast að leggja á hana nýja bagga. Minni hlutinn telur líklegt, að hvíld sú, er sjómann nú hafa, sje það mikil, að ekki sje þess að vænta, að af aukinni hvíld leiði meiri vinnu á sama tíma. Það yrði því óhjákvæmileg

afleiðing af lögfestingu 8 stunda minstrar hvíldar, að sjómenn yrðu sjálfir að greiða hina auknu hvíld með lækkun kaupsins, en það telur minni hlutinn óvíst og jafnvel ólíklegt, að sjómenn vilji.

Það er ekki upplýst í málinu, að sjómenn þarfnist þess hvíldarauka, sem nú er farið fram á. Atvinnurekstri þeim, er hjer ræðir um, er venjulega þannig hagað, að stundaðar eru saltfisksveiðar um 3 mánuði ársins, en ísfisksveiðar 6—7 mánuði, og eru saltfisksveiðarnar aðalannirnar og hvíld sjómannanna venjulega minst þá mánuðina. En þó er það svo, að jafnvel þennan annatíma njóta sjómenn miklu lengri hvíldar en 6 tíma á sólarhring að meðaltali, því auk þeirrar hvíldar í hverri veiðiför, er þeir fá meðan skipin sigla í og úr höfn — en til þess fara 20 tímar til 3 sólarhringar — eiga sjómenn algert frí meðan skipin eru affermd og fermd. Og loks er þess að geta, sem mestu varðar, að undantekningarlítið njóta sjómenn mikillar hvíldar á annatímanum fyrir það, að veiði verður eigi stunduð sakir óveðurs. Þessu til sönnunar skal á það bent, að verði veiði stunduð samfleytt á vertíð, varir veiðiförin aðeins 5—6 daga, en svo miklar eru frátafir, að venjan er sú, að sjaldnast koma skipin tíðar í höfn en á 10—16 daga fresti.

Um þann tíma ársins, sem ísfisksveiðar eru stundaðar, er óþarft að fjölyrða. Veiðiförin, að meðtaldri siglingu milli landa, varir venjulega 4 vikur. Aflist vel, er hægt að fylla skipin á 4 dögum, þótt hitt sje tíðast, að sakir gæftaleysis og aflatregðu gangi til þess 10—14 dagar, en nokkru lengri tími til siglinga og dvalar í höfnum. Menn geta því fyllilega treyst því, að sjómönnunum verði ekki ofboðið með vinnu þennan tíma ársins, enda mun tæplega nokkur manna þeirra, er hlut eiga að máli, halda því fram.

Til frekari skýringar skal þess getið, að það er venja, að meðan skipin sigla milli landa, fái nokkur hluti háseta landvistarleyfi, en halda þó fullu kaupi.

Minni hlutinn viðurkennir fyllilega óvenjulegt atgervi íslenskra sjómanna, en hver og einn, sem sjeð hefir þann hóp, getur gengið úr skugga um, að mönnum þessum hefir til þessa ekki verið *ofboðið* með vinnunni, enda þótt enginn gangi þess dulinn, að oft er vinna þeirra óvenjulega löng og ströng.«

Síðan í fyrra hafa hvorki komið fram nýjar upplýsingar í málinu nje aðstaðan til þess breyst, og getur því minni hlutinn gert framanskráð rök að sínum, en vill bæta þessu við:

Á botnvörpungunum vinna nú alt að 32 menn, er lög þessi ná til. Verði daglegur vinnutími styttur um 2 tíma, nemur það alt að 64 vinnutímum á dag, er jafngilda mundi 4 manna vinnu. Ef nú hægt væri að fjölga mönnum á skipunum, svo að jafnmargir gengju að verki þegar afli berst að og nú er, mundi kostnaður sá, er af hvíldaraukanum leiðir á vertíð, nema um 1200 kr. á mánuði á hvert hinna stærri skipa. Eru gjöld þau allþungbær, en hitt þó verra, að sakir rúmleysis er ómögulegt að fjölga mönnum á skipunum frá því, sem nú er, en af því leiðir *aflatjón, er ætla má að nemi tvöföldu til þreföldu mannakaupinu.* Því vitaskuld eru ýmsir meginútgjaldaliðir útgerðarinnar óháðir aflabrögðum.

Hjer er því um að ræða talsvert hagsmunamál útgerðarinnar, og er þess að vænta, að bændur bindi henni ekki bagga að nauðsynjalausu. En það skal fullyrt, að um nauðsyn hvíldaraukans er að minsta kosti alt ósannað.

Minni hl. og enda sumir af meiri hl. hafa fengið þrenskonar svör hjá þeim, er við lögin hafa búið:

a. Hvíldaraukinn er hvorki nauðsynlegur nje æskilegur. Við viljum ekki missa nokkurn hluta aukaþóknunarinnar vegna skifta í fleiri staði að nauðsynjalausu.
b. Hvíldaraukinn er að vísu ekki nauðsynlegur, en æskilegur.
c. Hann er nauðsynlegur.

Slík ummæli sanna ekki nauðsynina. Frekar hið gagnstæða. Eða mundi ekki innan allra stjetta fjölmennur hópur, sem teldi stytting vinnutímans ýmist æskilegan eða nauðsynlegan?

Sje leitað umsagnar þess aðilja, sem best ætti að vera dómbær og minsta freistingu að hafa til hlutdrægni — skipstjóra —, er svarið altaf eitt: Lögboðinn hvíldarauki er óþarfur.

Hitt er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem bæði hafa áhuga fyrir og framfæri af því að halda á lofti kröfum sjómanna, þurfi að sýna uppskeru og vilji því gjarnan láta lögfesta ýmislegt, sem meiri hluti skjólstæðinganna telur ýmist æskilegt eða nauðsynlegt. En löggjafanum er síst ofraun að skilja, að valt er að treysta staðhæfingum þeirra, sem hvorki vinna verkið nje greiða fyrir það, en eiga þó sjerhagsmuna að gæta.

Áður en 6 tíma hvíldin var lögfest, var hún upp tekin og þótti vel gefast. Þá ljetu hygnir skipstjórar dóm reynslunnar marka stefnuna, og svo mun enn verða. Ef 8 tíma hvíldin er nauðsynleg, verður hún tekin upp án lögboðs.

Þótt undarlegt megi virðast, verður vart þess misskilnings, að lögfesting 6 tíma minstu hvíldar lögbjóði um leið 18 stunda daglega vinnu. Þetta er auðvitað alrangt, enda eru það aðeins fáir dagar ársins, sem vinnan er 18 tímar. Um hitt væri óhugsandi, að deilt væri, hvort sá, er til þessa hefði daglega unnið 18 tíma, skyldi nú lögverndaður gegn meir en 16 tíma vinnu, og mundi enginn sá, er teldi slíkan vinnutíma við almenningshæfi.

Fyrir Alþingi liggja nú ýms tekjuaukafrv. Flest koma þau að mestu niður á sjávarútveginum. En því fremur ætti löggjafinn að gjalda varhuga við að íþyngja sjávarútveginum að óþörfu.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Ólafur Thors, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **264. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá 2. minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið meðnefndarmönnum mínum sammála um að

samþykkja gengisviðaukann eins og hann liggur fyrir. Það er kunnugt, að í upphafi var hann samþyktur með það fyrir augum að vera eingöngu tollhækkun til bráðabirgða, sem úr gildi gengi, þegar íslensk króna hækkaði í verði, en hefir síðan verið framlengdur ár frá ári, nema að því leyti, er vörutollurinn var undanþeginn honum 1926. Enda þótt rjett virðist, ef tollaleiðin á annað borð er farin, að tolla hátt ýmsar af þeim vörutegundum, sem gengisviðaukinn nær nú til, svo sem áfengi og tóbak, þá eru einnig aðrar vörutegundir, sem undir gengisviðaukann falla, sjerstaklega kaffi og sykur, sem óhæfilegt er að tolla svo sem gert er nú, þar sem þetta eru nauðsynjavörur almennings, og slíkur tollur kemur því æðiórjettlátlega niður. Jeg mundi geta sætt mig við framlengingu gengisviðaukans, vegna hins erfiða fjárhagsástands, því aðeins, að á fengjust þær breytingar, að kaffi og sykur yrði undanþegið honum, svo að tollur á þessum vörutegundum lækkaði um fimtung. Mundi tekjulækkun ríkissjóðs af þessari breytingu nema um 200 þús. kr. Hefi jeg nú þegar borið fram frumvörp, sem fyllilega bæta upp þá tekjulækkun. Vil jeg því leggja til, að samþykt verði við frv. svofeld

BREYTING:

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Gengisviðaukinn á tolli af kaffi og sykri fellur niður frá 1. janúar 1929.

Nái breyting þessi ekki fram að ganga, legg jeg til, að frv. verði felt.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Hjeðinn Valdimarsson.

Nd. **265. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

Frumvarpsgreinin orðist svo:

a. A milli orðanna »6) mentamálanefnd« og »7) allsherjarnefnd« í 2. málsgr. 1. gr. laganna komi: 7) sveitarmálanefnd.
b. »7)« fyrir framan »allsherjarnefnd« í sömu málsgr. verði: 8).
c. Orðin »og má enginn vera í fleiri nefndum en tveimur« í sömu málsgr. falli burt.

Nd. **266. Nefndarálit**

um frumv. til laga um aukna landhelgisgæslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumv. þetta og leggur eindregið til, að það verði samþykt óbreytt.

Treystir nefndin því, að vel verði fyrir því sjeð, að skipið verði vel vandað að allri gerð og fullnægi þeim kröfum, er gera ber til þess.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Sveinn Ólafsson, form. Jörundur Brynjólfsson, frsm. Ólafur Thors.
Sigurjón Á. Ólafsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **267. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

Flutningsmenn: Bjarni Ásgeirsson og Jón Sigurðsson.

1. Aftan við 1. gr. a. komi: enda fái þeir einir inngöngu í eldri deild skólans, sem lokið hafa 8 vikna jarðyrkjunámi.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Landsstjórninni heimilast að láta a-lið 1. gr. einnig koma til framkvæmda við bændaskólann á Hvanneyri.
3. 2. gr. verður 3. gr.

Nd. **268. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Flutningsm.: Hannes Jónsson.

1. gr. laga nr. 10, 27. júní 1921, skal orða þannig:

Heimilt er ríkisstjórninni að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn, þegar fje er til þess veitt í fjárlögum. Konungur skipar sendiherra. Ef fje er veitt til sendisveitarritara, skipar ráðherra hann.

Greinargerð.

Á Alþingi 1924 flutti þm. Strandamanna (Tr. Þ.) frumvarp um afnám sendiherraembættisins í Kaupmannahöfn. Allsherjarnefnd Nd. hafði frumvarpið til meðferðar. Málið varð ekki útrætt á því þingi, en nefndin lagði til, að frumvarpið yrði samþykt með breytingum á þskj. 72, sem voru samþ. við 2. umr. Er frumvarpið flutt hjer orðrjett eins og það kom frá nefndinni.

Fyr og síðar hefir verið rætt og ritað um það, hvort þetta embætti væri nauðsynlegt eða ekki. Virðist því ástæðulaust að rökstyðja þetta frumvarp frekar, en vísast til þess, sem áður er fram komið í málinu.

Nd. **269. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915 (þskj. 221).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Fyrir nefndinni liggja tvö frv. til laga um breytingar á lögum um þingsköp Alþingis, þskj. 47 og 221. Hefir nefndin orðið sammála um frv. á þskj. 221, en hinsvegar klofnað um frv. á þskj. 47 (utanríkismálanefnd). Meiri hluti nefndarinnar vill einnig samþykkja það, með þeirri breytingu, að til nefndarinnar sje hægt að vísa málum, ekki einungis frá sameinuðu þingi, heldur einnig frá báðum deildum. Minni hluti nefndarinnar getur ekki fallist á þetta fyrirkomulag, og er annar nefndarmaðurinn (H. K.) að minsta kosti algerlega andvígur utanríkismálanefnd yfirleitt.

Meiri hluti nefndarinnar álítur rjett að sameina bæði frumvörpin á þskj. 47 og 221, og leggur því til, að síðarnefnt frumvarp verði samþykt með svofeldri

BREYTINGU:

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr.
2. Á eftir frumvarpsgreininni komi 2 nýjar greinar og ákvæði um stundarsakir, er orðist svo:
   a. (2. gr.) Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein, er verður 17. gr., svo hljóðandi:
      Sameinað þing skal í byrjun hvers þings kjósa fastanefnd, er nefnist utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum. Skal til hennar vísað öllum utanríkismálum og þeim öðrum málum, sem sameinað þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávalt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.
   b. (3. gr.) Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.
   c. Ákvæði um stundarsakir:

Í fyrsta sinn skal utanríkismálanefnd kosin þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, form. Hjeðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskrifari.

Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.

Nd. **270. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar hefir ekki getað fallist á breytingar þær, sem meiri hlutinn vill gera á frumvarpinu, telur þær flestar með öllu óþarfar, en sumar til hins verra, og leggur því til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 22. febrúar 1928.

Hjeðinn Valdimarsson.

Ed. **271. Nefndarálit**

um frv. til laga um verkakaupsveð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Heimilt er verkafólki að krefjast þess, að mál, sem höfðað er til greiðslu verkakaups eða um gildi verkakaupsveðs, sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, eða verkakaupsveð er sett samkvæmt lögum þessum, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvistarþing annarsstaðar.
   Rjettargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

2. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna »sem ætla má að verkakaupsveð hvíli á« komi: sem verkakaupsveð hvílir á.
   b. Í stað orðanna í niðurlagi greinarinnar »3. gr. laga nr. 55, frá 31. maí 1927« komi: 5. greinar þessara laga.
3. Við 8. gr. Í stað »1000 kr.« komi: 500 kr.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Erlingur Friðjónsson, form. og frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	H. Steinsson.

Nd. **272. Lög**

um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfjelags Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 22. febr.).

1. gr.

Ákvæði laga nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, skulu einnig gilda um þá fasta starfsmenn Búnaðarfjelags Íslands, sem tryggja vilja sjer lífeyri samkvæmt nefndum lögum. Nú fer fastur starfsmaður Búnaðarfjelags Íslands, sem trygt hefir sjer lífeyri, úr þjónustu þess, án þess að vera vikið úr þjónustunni, og skal hann þá hafa rjett til endurgreiðslu iðgjalda eða geymslu lífeyris samkvæmt 4. málsgrein 4. gr. laganna, enda láti hann ekki af starfinu með rjetti til lífeyris.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Ed. **273. Nefndarálit**

um frv. til laga um nauðungaruppboð á fasteignum og skipum.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir athugað frv. þetta og getur fallist á, að nauðungarsala á fasteign eða skrásettu skipi skuli fara fram með einu uppboði, í stað þriggja eftir gildandi lagaákvæðum.

Aftur á móti telur nefndin, að ekki sje nægilega trygður rjettur þriðja

manns með því, að slík uppboð sjeu auglýst aðeins einu sinni, og vill ekki breyta frá gildandi reglum að því er það atriði snertir.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með svofeldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Fyrri málsgrein skal orða svo:

Nú á fasteign eða skrásetningarskylt skip að seljast nauðungarsölu, og fer hún fram með einu uppboði, sem uppboðsráðandi auglýsir þrisvar sinnum í röð í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar. Skal fyrsta auglýsingin birt að minsta kosti 6 vikum áður en uppboð skal fram fara.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, frsm.	Jón Þorláksson.

Nd. **274. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allrækilega og haft það til meðferðar á nokkrum fundum, en ekki getað orðið sammála. Einn nefndarmanna (Hj. V.) vill láta frv. ganga fram óbreytt, en undirritaðir 3 nefndarmenn leggja til, að á því verði gerðar breytingar. Einn nefndarmanna (B. St.) var veikur, er frv. var til meðferðar í nefndinni. Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað »með« komi: í.
2. Við 4. gr. 2. málsgr. Á eftir orðinu »auðgunarglæp« komi: má færa refsinguna niður í sektir og.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

   Nú verður vinnufær maður sveit sinni til þyngsla sökum óreglu eða slæpingsskapar, eða hann af sömu ástæðum vanrækir framfærsluskyldu sína gagnvart öðrum, sem við það verða bjargþrota, eða hann fyrir þessar sakir greiðir ekki úrskurðað meðlag með maka sínum eða barni, og skal þá refsa honum með fangelsi, ef hann vill ekki sinna forsvaranlegri vinnu, sem fátækrastjórn eða lögreglustjóri vísar honum á. Ef brotið er endurtekið, má refsa honum með alt að 1 árs betrunarhúsvinnu.

4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Nú þykir lögreglustjóra ástæða til að ætla, að maður hafi ekki ofan af fyr sjer á löglegan hátt, og er hann þá skyldur til að skýra frá, af hverju hann hafi framfærslu sína og færa rök að. Ef hann gerir það ekki, eða atvinnan er ólögleg, skal refsa honum með fangelsi, enda liggi ekki þyngri refsing við eftir öðrum lögum.
5. Við 9. gr. Í stað orðanna »að koma til staðar á vissum tímum« komi: að gefa sig fram á ákveðnum tímum.
6. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Sá, sem gerir sjer atvinnu af fjárhættuspilum eða að koma öðrum til þátttöku í þeim, skal sæta fangelsi, eða alt að 1 árs betrunarhúsvinnu, ef miklar sakir eru.
   Nú fremur maður brotið í aðalatvinnu sinni, og má þá með dómi svifta hann rjetti til þeirrar atvinnu um lengri eða skemri tíma eða að fullu og öllu.
7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Sá, sem af ásettu ráði lætur fjárhættuspil fara fram í húsum, er hann hefir umráð yfir, skal sæta sektum eða fangelsi. Sá, sem tekur þátt í slíku spili, sæti sektum.
8. Við 12. gr. Í stað orðanna »Glæfraspil . . . . . talin« komi: Fjárhættuspil skulu öll spil um peninga eða peningavirði talin, nema lögleyfð sjeu.
9. Við 13. gr. Orðin »tilkynt og« falli burtu.
10. Við 14. gr. Á eftir »230—234« í 2. málsgr. komi: og 237.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm. Magnús Guðmundsson. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **275. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þegar frv. þetta var til umræðu í nefndinni, gátu tveir nefndarmenn (S. E. og Ó. Th.) þess, að enda þótt sýnt þætti, að ríkissjóður mætti ekki missa þær tekjur, er drjúpa honum frá 25% gengisviðaukanum, nema annað kæmi í staðinn, mundi rjett, að nefndin frestaði ákvörðun um málið, þar til tekjuaukafrv. þau, er væntanleg voru, hefðu verið athuguð. Frv. þessi eru nú komin fram, og

eftir að hafa athugað þau, vill 3. minni hl. nefndarinnar leggja til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Sig. Eggerz,	Ólafur Thors,
með fyrirvara.	frsm.

Nd. **276. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Frumvarp þetta miðar að því að bæta úr mjög brýnni þörf. Skólavist nemenda í Hinum almenna mentaskóla í Reykjavík er tilfinnanlega dýr, þegar þeir þurfa að leigja sjer herbergi úti í bæ, og lítil tök eru á því fyrir þá að mynda með sjer fjelagsskap til þess að fá fæði ódýrara en með því að kaupa það á venjulegan hátt. Úr þessu má bæta með því að koma upp heimavistum eins og hjer er farið fram á. Má óhætt segja, að þetta sje sú þarfasta umbót, sem hægt er að gera á skólanum fyrir utanbæjarnemendur. Heimavistir eru nú þegar við skólann á Akureyri, og hafa þær gert mönnum skólavistina þar til muna aðgengilegri. Því að auk þess að spara mönnum peninga við námið, gera heimavistir skólaveruna alla ánægjulegri, auka fjelagsskap og heilbrigt skólalíf. Má enn benda á það, að sakir þess hve afardýr herbergi eru nú í Reykjavík munu margir fátækir námsmenn verða að hýrast í lakari kompum en svo, að heilsu þeirra sje óhætt, og mundu heimavistirnar koma í veg fyrir það.

Höfuðágalli frumvarpsins er sá, að með því er ekki trygt, að heimavistirnar komist á fót þegar í stað. En slík lagasetning mundi þó vera mjög ákveðin bending til stjórnarinnar um það, að henni bæri að hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd eins fljótt og mögulegt reynist.

Meiri hlutinn leggur því til, að frumvarp þetta verði samþykt, en ber fram smávægilegar breytingartillögur, sem snerta aðeins orðalag.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Orðið »sameiginlegu« í 2. málslið fellur niður.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað »er tryggja« í 2. málslið kemur: um.
   b. Orðið »um« á undan »þjónustufólk« fellur niður.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Ásgeir Ásgeirsson,	Magnús Jónsson,	Jóhann Þ. Jósefsson.
form.	frsm. meiri hl.	

Nd. **277. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 43, 30. júlí 1909 [Prentsmiðjur].

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson, Ólafur Thors, Hjeðinn Valdimarsson og Sigurður Eggerz.

1. gr.

Á eftir »bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar« í lagagreininni skal koma: og ennfremur amtsbókasafn Færeyja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir gildandi lögum um prentsmiðjur og breytingum og viðaukum við þau lög er það skylda hverrar prentsmiðju á landinu að senda lögreglustjóra endurgjaldslaust nokkur eintök af hverri bók, sem út er gefin. Sendir lögreglustjóri bækurnar síðan þangað, sem lögin fyrirskipa. Til Kaupmannahafnar fara 3 eintök, til landsbókasafnsins í Reykjavík 2 eintök og amtsbókasöfnin fjögur fá sitt eintakið hvert. Hjer er farið fram á að bæta við 10. eintakinu, til amtsbókasafns Færeyinga. Prentsmiðjur og útgefendur munar það sáralitlu eða engu, hvort einu eintaki er færra eða fleira. Hinsvegar væri þetta allmikill fengur og mundi vel þegið meðal Færeyinga. Fjöldi manna þar les og skilur íslenska tungu, en íslenskur bókakostur þar lítill og ljelegur. Mundi þetta með tímanum geta orðið til þess að færa út íslenskan bókamarkað. Þess skal að endingu getið, að amtsbókasafnið í Færeyjum hefir undanfarin ár sent landsbókasafninu hjer flestar eða allar færeyskar bækur jafnóðum og út hafa komið. Full sanngirni mælir því með, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Frumvarpið er flutt að tilhlutun stjórnar »Gríms Kambans«, Færeyingafjelagsins í Reykjavík.

Ed. **278. Frumvarp**

til laga um Byggingar- og landnámssjóð.

(Eftir 2. umr. Ed.).

1. gr.

Af tekjum ríkissjóðs skal árlega leggja 200 þús. kr. í sjóð, er nefnist Byggingar- og landnámssjóður.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda býlum í landinu og fjölga þeim með þessum hætti:

1. með því að veita lán:
   a. til að endurbyggja íbúðarhús á sveitabýlum.
   b. til að byggja upp nýbýli á landi, sem er í einkaeign eða í eign sveitar- eða bæjarfjelaga.
   c. bæjarfjelögum og kauptúnum, sem eru sjerstakur hreppur, til að koma upp nauðsynlegum byggingum fyrir kúabú á ræktuðu eignarlandi bæjar- eða hreppsfjelagsins.
2. með því að verja fje samkvæmt ákvörðun landsstjórnarinnar til að byggja upp nýbýli á landi, sem ríkið á eða kaupir í því skyni.

Nýbýli í lögum þessum telst hvert það býli, sem reist er af nýju, annaðhvort á gamalli eyðijörð eða landi, sem skift er úr jörð, sem er í ábúð, hvort sem því í upphafi fylgir nokkurt ræktað land eða ekki.

3. gr.

Skilyrði fyrir láni úr sjóðnum eru:

I. til endurbygginga samkv. 2. gr. 1. a.:
   a. að lántakandi sje íslenskur ríkisborgari og fullráða.
   b. að hann sanni með vottorði tveggja skilríkra manna, sem nákunnugir eru högum hans, að hann sje duglegur, reglusamur, sparsamur og fyrir uppeldis og þroska sakir vel fallinn til landbúskapar.
   c. að hann sanni, að hann eigi svo mikil efni, sem nauðsynleg eru til búskaparrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist þær byggingar, er nauðsynlegar eru fyrir ábúð á henni.
   d. að ekki sje fyrirsjáanleg hætta á, að dómi trúnaðarmanna sjóðsins eða þeirra manna, er stjórn sjóðsins kveður til, að jörðin eyðist af ágangi vatna, sandfoki, sjávarflóðum eða þess háttar.
   e. að húsin sjeu gerð úr varanlegu efni og gerð þeirra innan og utan sje samþykt af stjórn sjóðsins.
   f. að húsin sjeu vátrygð fyrir upphæð, er nemi fullu kostnaðarverði þeirra.
   g. að hlutaðeigandi sveitarstjórn, eða hreppstjóri, ef sveitarstjórn á í hlut, mæli með umsókninni og telji jörðina svo vel í sveit setta, að ráðlegt sje að endurreisa íbúðarhús á henni.
   h. að sannað sje með vottorði hreppstjóra, að húsakynni sjeu óhæf til íbúðar vegna hrörnunar, eða með vottorði hjeraðslæknis, að heimilisfólki sje þar búið heilsutjón.
II. til nýbýla samkv. 2. gr. 1. b.
   a. skilyrði þau, er greind eru undir I. a.—g., og ennfremur,
   b. að lántakandi eigi ekki annarsstaðar jörð eða býli, sem fjölskylda geti haft lífsframfæri af.

c. að hann standi ekki í skuld fyrir lán, er hann hefir áður fengið til húsagerðar á annari jörð eða nýbýli.
d. að landið, þar sem húsa á, sje lagt býlinu til æfinlegra nota með þegar ákveðnum landamerkjum.
e. að býlið geti, að dómi trúnaðarmanna sjóðsins, veitt fjölskyldu sæmileg skilyrði til framfærslu, þegar það er komið í fulla rækt.

III. Skilyrði fyrir láni samkv. 2. gr. 1. c. er, að kúabúið sje rekið af bænum eða hreppnum, íbúunum til nota, en ekki selt á leigu eða rekið sem gróðafyrirtæki.

4. gr.

Lán til að endurreisa íbúðarhús á sveitabýlum skulu, þar til annað verður ákveðið með lögum, sitja fyrir lánum til að reisa nýbýli á óræktuðu landi.

Lán þessi, samkv. 2. gr. 1. a., skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

5. gr.

Lán til að reisa nýbýli á ræktuðu landi, eða til að reisa býli, sem ræktað land fylgir, skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sje $3^1/_2$% í 50 ár.

Lán til nýbýla, sem reist eru á óræktuðu landi og ekkert ræktað land fylgir, eru bæði afborgunar- og vaxtalaus fyrstu 5 árin. Síðan skal endurborga höfuðstólinn með jöfnum afborgunum á 50 árum, en enga vexti greiða.

6. gr.

Lán samkv. 4. og 5. gr. má nema: 1) alt að verði aðfengins byggingarefnis, þar til telst þó ekki sandur, möl, steinn, torf, mór eða mosi, þótt afla verði utan landareignar, 2) og tveim þriðju hlutum af kaupi steinsmiða og trjesmiða, er nauðsynlega þurfa að húsagerðinni að vinna.

7. gr.

Lán samkv. 3. gr. III. mega nema alt að $^3/_5$ hlutum byggingarkostnaðar, þó ekki yfir 30 þús. kr., og skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sje 5% í 42 ár.

8. gr.

Sá, er byggir nýbýli eða við því tekur, skal innan 2 ára frá því er það var bygt, hafa girt það land, er hann tekur til túnræktar, og innan 5 ára skal hann hafa fullræktað að minsta kosti er nemi 10 vallardagsláttum.

9. gr.

Nú verða ábúenda- eða eigendaskifti, með sölu eða erfðum, að fasteign, sem stendur í skuld við Byggingar- og landnámssjóð, og er þá enginn ábúðar- eða kaupsamningur gildur um eignina nema með árituðu samþykki stjórnar sjóðsins. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta

fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið frá því er fasteignamat fór síðast fram. Sje um leiguábúð að ræða, má eftirgjald ekki vera hærra en sem svarar 4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs, miðað við síðasta fasteignamat og virðingarverð umbóta, er síðar hafa verið gerðar.

Ef fasteign er seld eða leigð með öðrum hætti en hjer segir, fellur lán það, er hvílir á eigninni, í gjalddaga fyrirvaralaust.

10. gr.

Lán til bygginga greiðir sjóðurinn út í þremur hlutum þannig:

Fyrsta hluta þegar efni til byggingarinnar er alt keypt og komið á staðinn. Annan hluta þegar byggingin er komin undir þak. Þriðja og síðasta hluta þegar byggingin er fullgerð.

Skal hin útborgaða fjárhæð í hvert sinn miðuð við þann útlagða hluta kostnaðar, sem lánshæðin fer eftir samkv. 6. gr.

Sje um lán til bygginga peningshúsa eða útihúsa að ræða, skal það útborgað í tveim hlutum, þannig að fyrri hlutinn skal greiddur þegar húsin eru komin undir þak og síðari hlutinn þegar þau eru fullgerð, og um upphæð útborgunar fer í hvert sinn eftir sömu reglum sem segir í 2. málsgr. þessarar greinar.

11. gr.

Stjórn sjóðsins getur sett byggingafróðan mann til eftirlits því, að bygging, sem lán er veitt til, sje vel af hendi leyst, og er lánþega skylt að hlíta fyrirmælum hans.

Kostnað þann, er af eftirlitinu leiðir, greiðir sjóðurinn, en gjalda skal lánþegi sjóðnum 1% af lánsupphæðinni, þá er síðasta útborgun lánsins fer fram.

12. gr.

Skylt er ábúanda að halda vel við mannvirkjum þeim, er lán hefir verið veitt til úr Byggingar- og landnámssjóði. Trúnaðarmenn sjóðsins, er stjórn hans skipar, 2 eða fleiri í hverjum hreppi, skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins, ef því er í einhverju ábótavant.

13. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn hverju því fasteignarveði, er stjórn sjóðsins tekur gilt.
b. Gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sje býlið ekki veðsett með fyrsta veðrjetti.
c. Gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfjelaga, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.

14. gr.

Vextir og afborganir lána og afgjaldskvaðir, svo og leiga eftir nýbýli, sem eru ríkiseign, og andvirði þeirra, ef seld eru, renna í Byggingar- og landnámssjóð.

15. gr.

Nýbýli, er reist verða á landi, sem er ríkiseign, skulu seld á leigu þannig, að afgjaldið sje aldrei hærra en 4% af verði lands, að viðbættum 2% af verði húsa, eftir síðasta fasteignamati.

16. gr.

Landsstjórninni er heimilt að taka lán, alt að 5 miljónum króna, hvort heldur er hjer á landi eða erlendis, handa Byggingar- og landnámssjóði til stuðnings þeirri starfsemi, er honum er ætlað að vinna samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

17. gr.

Handbært fje sjóðsins skal jafnan standa á vöxtum í Landsbanka Íslands eða í jarðræktarbrjefum.

18. gr.

Stjórn sjóðsins og reikningshald skal falið Ræktunarsjóði Íslands, og hefir stjórn hans sjer til aðstoðar við lánveitingar þriggja manna nefnd, sem skipuð sje búnaðarmálastjóra, leiðbeinanda um húsagerð til sveita og þriðja manni, er atvinnumálaráðherra nefnir til. Skal ekkert lán veitt úr sjóðnum nema nefndin mæli með því.

Stjórn sjóðsins má, ef þörf krefur, ráða sjer til aðstoðar sjerstakan húsameistara, er þá kemur að öllu leyti í stað leiðbeinanda um húsagerð til sveita.

19. gr.

Yfirskoðunarmenn landsreikninganna skulu árlega endurskoða alla reikninga sjóðsins, og skal þeim greidd þóknun fyrir starf sitt. Skýrsla um starfsemi sjóðsins með áritun yfirskoðunarmanna skal árlega birt í Stjórnartíðindunum.

20. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir umsjón með sjóðnum og setur hann nánari reglur um hann með reglugerð, þar á meðal hve háa upphæð samtals má árlega lána úr sjóðnum.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn lögum þessum og ákvæðum reglugerðarinnar.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Nd. **279. Nefndarálit**

um frv. til laga um hvalveiðar.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um þetta mál. 2 nefndarmenn leggja á móti frv. og færa einkum fram 2 ástæður gegn því:

1. Að veiðifyrirtækin hjer við land muni verða útlendingum einum að liði og rekin hjer af leppum.
2. Að líkur sjeu fyrir alþjóðlegri friðun á kynstofni hvalanna, sem strandað gæti á hvalveiðaleyfi hjer við land.

Hvorug þessi ástæða er þung á metum. Að vísu má ætla, að stórhvalaveiðar verði eigi teknar upp hjer frá landi öðruvísi en í fjelagi við verkvana Norðmenn, líkt og gert hafa Bretar og fleiri þjóðir. En slíkur fjelagsskapur getur að fullu verið löglegur og laus við leppmensku. Fjármagn til kaupa veiðiskipa og vinslutækja þarf ekki meira en það, sem ýms innlend fyrirtæki starfa með. 2 hvalveiðaskip með nauðsynlegum tækjum og stöð viðeigandi til bræðslu og hagnýtingar veiðinni mundi vart kosta meira en 1—1¼ milj. kr., eða sem næst helming á við hlutafje eins af stærri útgerðarfjelögum hjer. Reyndar er viðbúið, að hvalveiðin yrði hjer skammvinn, og eftir fenginni reynslu ólíklegt, að arðvænleg veiði entist lengur en 6—10 ár. En veiðiskipin eru til margra annara hluta nothæf og mundu að lokinni hvalveiði halda að mestu fullu verði, en hvalstöðvar, útbúnar bræðslu-, þurkunar- og mölunartækjum, eru með litlum breytingum vel kjörnar til síldarbræðslu og vinslu fiskimjöls. Þess vegna geta hvalveiðar hjeðan, þótt skammvinnar reyndust, orðið eðlilegur liður í framhaldandi starfsemi, sem lengur endist. Hvalveiðin mundi, meðan hún stæði, veita ríkissjóði álitlegar tekjur og mörgum mönnum arðvænlega atvinnu. Sú varð raunin áður, meðan útlendir menn veiddu hjer og voru einir um hituna.

Um alþjóðlega friðun hvala er það að segja, að hún hefir verið á dagskrá um tugi ára og mun fyrst hafa átt formælendur hjá frönskum og breskum höfundum. Þó hafa hvalveiðar aldrei verið reknar í jafnstórum stíl sem 2 síðustu ár. Að þeim standa nú einkum Norðmenn og Bretar og stunda þær aðallega með flotstöðvum í suðurhöfum á tímabilinu desember-mars árlega. Hefir það sýnt sig á síðustu árum, að langvinnar hvalveiðar í norðurhöfum hafa fælt hvalinn þaðan og beint göngunum meira til ísbafsins syðra. Lík munu verða áhrif hinna stórfeldu hvalveiða, sem nú eru í suðurhöfum, að þær beini aftur göngunum norður, enda er sannreynt, að hvalagengd hjer við land hefir aukist að mun síðari árin, frá því hvalvinsla var bönnuð í landi og lítið varð um hvalaveiðar nærri landinu.

Sú er trú margra, að framhaldandi hvalveiði muni útrýma með öllu þessum víðförlu veiðidýrum, en sú trú styðst eigi við líkur. Veiðin er torsótt þar sem fátt er hvala og dýrin þá stygg. Löngu áður en síðustu einstaklingar þeirra falla fyrir vígvjelum veiðimanna, verður veiðiskapur svo stopull og dýr orðinn, að veiðin legst niður, og einmitt í því liggur aðalvörnin gegn eyðingu hvalsins. Hinsvegar mun það og öllum ljóst, að hvalafriðun hjer við land getur hvorki orðið landsmönnum að liði, nje heldur forðað hvalnum við eyðingu, meðan hvalveiðar eru stundaðar frá grannþjóðunum í námunda við landið, enda nú kunnugt, að í ráði er að senda flotstöðvar frá Noregi til veiðasvæðanna umhverfis Ísland.

Vjer lítum því svo á, að það sje ekki aðeins gagnslaust, heldur jafnvel skaðlegt að banna hjer hvalvinslu í landi. Hvalveiðar verða stundaðar með flotstöðvum í hafinu kringum landið óðar og gengdin eykst, ekki af innlendum

mönnum, heldur af útlendingum. Þess vegna firrir hvalvinslubannið landsmenn því gagni, sem af hvalveiðum má verða, og bakar þeim tjón, en verður að sama skapi vatn á mylnu útlendra hvalveiðamanna.

Eftir vorum skilningi er eina og rjetta ráðið að nema bannið úr gildi og reyna með hagfeldri löggjöf að tryggja landsmönnum þann hag af hvalveiðum og hvalvinslu, sem hægt er, og búa sem tryggilegast um hagnýtingu veiðinnar.

Samkvæmt því leggjum vjer til, að frumv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 3. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist:

með bræðslu og breytingu úrgangs, beina, kjöts og innýfla í markaðshæfa vöru.

Alþingi, 21. febrúar 1928.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson,	Ólafur Thors, með fyrirvara.

Nd. **280. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 267 [Bændaskólar].

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 1. *Fyrir orðin »enda fái þeir einir« komi:* enda sitji þeir fyrir.

Nd. **281. Frumvarp**

til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1929 til 1933, að báðum meðtöldum.

2. gr.

Árin 1929 til 1933, að báðum meðtöldum, skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettó ágóða, og

greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

Greinargerð.

Með lögum nr. 43, 4. júní 1924, var Eimskipafjelag Íslands h/f undanþegið frá því að greiða tekju- og eignarskatt um 5 ára tímabil, eða til ársloka 1928. Jafnframt var svo ákveðið í lögunum, að fjelagið greiddi ekki aukaútsvar í bæjarsjóð eftir efnum og ástæðum, heldur greiddi það 5% af nettó ágóða næsta árs á undan.

Þessi ákvæði um skattgreiðslu fjelagsins ganga úr gildi 31. desember þ. á., en á hinn bóginn hafa fjárhagsástæður fjelagsins ekki breyst til hins betra, þannig að það standi nú betur að vígi um að greiða skatt og útsvar en árið 1924; síður en svo, þar sem fjelaginu hefir á síðastliðnu ári bæst nýtt og dýrt skip, sem erfitt er að láta bera sig sæmilega, vegna þess hve enn er lítill útflutningur á kælivörum, sem það þó er aðallega bygt fyrir.

Nd. 282. Nefndarálit

um frumv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá landbúnaðarnefnd.

Breytingar þær, sem með frumv. þessu er farið fram á, að gerðar sjeu á jarðræktarlögunum, fara allar í þá átt, að tryggja enn betur en áður aðstöðu þeirra manna, er jarðræktarframkvæmdir annast.

Nefndin vill gjarnan fyrir sitt leyti stuðla að því, að þessar breytingar nái fram að ganga, en telur þó betur fara, að 9. og 11. gr. frumv. verði í nokkru breytt frá því, sem þar er, og ber því fram breytingartillögur við þær greinar.

Breyting sú, sem nefndin leggur til að gerð verði á 9. gr., er svo smávægileg, að ekki þykir þörf á að fjölyrða um hana. En um 11. gr. og þá breyting, sem nefndin vill að á henni sje gerð, er rjett að fara nokkrum orðum.

Samkvæmt frumv. þessu, 11. gr., er ætlast til þess, að ekki sjeu greiddir 5 árin næstu nema $^4/_5$ hlutar þess styrks, sem til er tekinn. Með $^1/_5$ hluta hans skal stofna verkfærakaupasjóð; auk þess á ríkissjóður að leggja fram jafnmikla upphæð árlega næstu 5 árin. Þessu fje á að verja til að styrkja bændur í því að afla sjer hestaverkfæra til jarðræktar.

Nefndin er eindregið þeirrar skoðunar, að rjett sje að ljetta undir með bændum að afla sjer þessara tækja. Það myndi verða til þess að auka og flýta fyrir ræktun landsins, og er þess mikil þörf. En nefndin getur ekki fallist á, að

halda beri eftir nokkrum hluta þess styrks, sem ætlaður er til jarðræktar, og að hann gangi til þessarar sjóðsstofnunar. Þesskonar lækkun á þessum styrk mætti vel verða til þess að draga eitthvað úr jarðræktarframkvæmdum, og væri það illa farið. Þá telur nefndin, að heppilegra muni vera að taka styrkinn, sem ætlaður er hreppabúnaðarfjelögunum, til þessarar sjóðsstofnunar, og ríkissjóður leggi fram nokkurt fje árlega til styrktar slíkum sjóði.

Með því að ákveða, hvað mikinn styrk beri að greiða árlega fyrir hvert unnið dagsverk, 10 au., eins og nefndin tiltekur, og auk þess 20 þús. kr. árstillag til sjóðsins, ætti honum að koma árlega allverulegar tekjur.

Nefndin vonast því til, að samkvæmt tillögum hennar um þessa sjóðsstofnun og það verkefni, er sjóðnum er ætlað að vinna, að þá geti hann orðið til margra og margvíslegra framfara í jarðrækt og búnaðarframkvæmdum.

Nefndin leggur því til, að frumv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Í stað orðanna »30 aurum« komi: 80 aurum.
2. Við 9. gr. Fyrir orðin »jarðabætur« og málsgreinina út komi: Jarðabætur, sem leiguliði greiðir leigu og landsskuld með, skulu metnar til þeirrar greiðslu alt að kr. 3,50 hvert dagsverk.
3. Við 11. gr. Greinina skal orða svo:

Styrkur úr ríkissjóði til hreppabúnaðarfjelaga skal nema 10 aurum fyrir hvert unnið dagsverk. Styrkurinn skiftist hlutfallslega milli búnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Styrk þennan skal leggja í sjóð, sem nefnist verkfærakaupasjóður.

Í sjóðinn skal auk þess árlega greiða úr ríkissjóði 20 þúsund krónur, er skiftist milli hreppabúnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Sú upphæð, er sjóði hvers hreppabúnaðarfjelags ber samkvæmt því, er að ofan getur, skal vera sjereign hvers fjelags.

Tilgangur sjóðsins er að ljetta undir með bændum, einstökum eða fleirum í fjelagi, að eignast hestaverkfæri til jarðræktar eða heyvinnu.

Fje sjóðsins skal fyrst og fremst varið til að kaupa hestaverkfæri handa bændum. Þó er búnaðarfjelagi heimilt, ef 10 fjelagsmenn óska, að kaupa jarðræktarvjelar, enda sjeu þær þá eign fjelagsins.

Fjelögin ákveða sjálf, hverra verkfæra þau æskja frá Búnaðarfjelagi Íslands og hvort þau nota þau sem fjelagseign eða skifta þeim milli einstakra fjelagsmanna.

Fjelögin leggi fram jafna upphæð styrknum til verkfærakaupanna. Skulu umsóknir sendar Búnaðarfjelagi Íslands.

Búnaðarfjelag Íslands sjer um útvegun verkfæranna og ákveður, af hvaða gerð þau skuli vera og gæðum.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn verkfærakaupasjóðs, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

Nánari ákvæði um starfsemi verkfærakaupasjóðs setur atvinnumálaráðuneytið í reglugerð, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Lárus Helgason, form. Jón Ólafsson, fundaskrifari. Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Einar Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Nd. 283. Breytingartillögur

við frumv. til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins »kjörstjóra« í síðasta málslið fyrstu málsgreinar komi: kjörstjórn.
   b. Á eftir fyrstu málsgrein komi ný málsgrein, er hljóði svo:
      Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir brjef með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta brjefin í atkvæðakassann.
2. Við 6. gr.
   a. Fyrstu málsgrein skal orða svo:
      Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörstað. Ef svo reynist, að sá, sem brjefið er frá, standi á kjörskrá og hafi eigi greitt atkvæði á kjörstað, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.
   b. Síðasta málsgrein fellur niður.

Nd. 284. Nefndarálit

um frv. til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir klofnað um þetta mál. Teljum við, sem undirritum álit þetta, lítið unnið við heimild þá fyrir ríkisstjórnina, sem frv. ræðir um, til að reisa hús til heimavista við mentaskólann, meðan engar líkur eru til þess, að hægt verði að framkvæma verkið.

Hinsvegar teljum við varla tímabært að ákveða slíka byggingu meðan óráðið er, hvernig hagað verður ungmennaskólum þeim, sem eru að ryðja sjer til rúms, og sambandi þeirra við æðri mentastofnanir, þar á meðal mentaskólann almenna. Færi svo, að hann yrði slitinn úr sambandi við alþýðufræðsluna og myndaði t. d. samfelda 3 eða 4 ára lærdómsdeild, þá virðist þörfin á stóru heimavistahúsi eigi nærri eins brýn. Fyrir því leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ennþá er alt mjög á reiki um fyrirkomulag alþýðu- og gagnfræðaskóla í landinu — ekki síst um alþýðlega mentastofnun fyrir höfuðstaðinn — og samband slíkra alþýðuskóla við æðri mentastofnanir, þykir deildinni eigi ástæða til að taka að sinni ákvörðun um efni frumvarpsins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Sveinn Ólafsson, fundaskrifari og frsm. Lárus Helgason.

Nd. **285. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Garða á Akranesi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og er á einu máli um, að rjett sje að samþ. frv. Hinsvegar þykir nefndinni rjettara að bæta inn í frv. ákvæðum um, hvernig undirbúningur sölunnar eigi að vera og hvernig kaupverðið skuli greiðast.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi breytingum. 2 nefndarmanna voru fjarverandi, er málið var afgreitt í nefndinni.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Á eftir 1. gr. komi ný gr., er verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Um mat á því, er selt verður, og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.
2. 2. gr. verður 3. gr.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, form. Magnús Guðmundsson, frsm. H. J. Kristófersson.

Ed. **286. Nefndarálit**

um frv. til laga um skiftíng Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Jón Baldvinsson, form. og frsm. meiri hlutans.
Ingvar Pálmason, fundaskr.

Nd. **287. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um kynbætur nautgripa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Þótt nefndin sjái fyrirfram, að framkvæmd frumvarps þessa verði miklum erfiðleikum bundin, verði það að lögum, — einkum í strjálbygðum sveitum —, þá lítur hún svo á, að í það megi ekki horfa, þar sem svo mikið er ógert að því að bæta nautgriparæktina í landinu, en sem útlit er á, að gangi alt of seint, ef eigi er hert á því með samskonar lögum og þessum. Leggur hún því til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt eins og háttv. efri deild hefir gengið frá því.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Lárus Helgason, form. og frsm.
Jón Ólafsson, fundaskrifari.
Einar Jónsson.
Jörundur Brynjólfsson.

Nd. **288. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumv. þetta fer fram á fjárveitingu til endurbóta og viðgerðar á hafnargörðunum í Vestmannaeyjum. Nefndin hefir kynt sjer þetta mál og sjeð teikningar af höfninni, hafnargörðunum og skemdum þeim, sem bæta þarf. Á fundi hjá nefndinni mættu, eftir beiðni hennar, forsætis- og atvinnumálaráðherra, vitamálastjóri, bæjarstjóri Vestmannaeyja og aðstoðarverkfræðingur vitamálastjóra.

Nefndin er þess fullviss, að viðgerðir á hafnargörðunum, einkanlega á svonefndum Hringskersgarði, megi ekki dragast úr hömlu, með því annars er hætt við meiri og hættulegri bilun en nú er sjáanleg. Forsætisráðherra lýsti yfir því við nefndina, að viðgerðin væri brýn nauðsyn.

Meiri hluta nefndarinnar þykir þó rjettara að orða frumvarpsgreinina þannig, að hún sje heimild fyrir stjórnina til að verja fje í þessu skyni heldur en halda orðalagi frumvarpsins. Þótt við meðundirritaðir Ólafur Thors og Jóhann Þ. Jósefsson teljum óþarft að breyta orðalagi frv. og víkja þannig frá þeirri reglu, sem verið hefir með orðalag á frv., sem samþykt hafa verið um fjárveitingar í þessu skyni, höfum við — með tilliti til þeirra yfirlýsinga, sem stjórnin hefir gefið framkvæmdum þessum viðvíkjandi — ekki viljað gera ágreining um orðalag frv., þareð öllum ber saman um, eins og áður segir, að framkvæmd viðgerðarinnar sje óhjákvæmileg og verði ekki án skaða slegið á frest.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Fyrri málsgrein greinarinnar orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði, þegar fje er fyrir hendi, alt að 70 þús. krónum, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja, til viðgerðar og endurbóta á hafnargörðunum í Vestmannaeyjum.

Alþingi, 24. febrúar 1928.

Sveinn Ólafsson, form. Jörundur Brynjólfsson. Sigurjón Á. Ólafsson.

Ólafur Thors. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm.

Nd. 289. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 283 [Atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar].

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 1. a. Fyrir »kjörstjórn« komi: kjörstjóra ásamt einum manni úr kjörstjórn.

Nd. 290. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Eins og tekið er fram í áliti meiri hluta nefndarinnar á þskj. 250, hefir nefndin ekki getað orðið sammála um frv., og er það einkum ákvæðið um að

leggja Tungu undir lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar. Minni hlutinn lítur svo á í þessu efni, að ekki sje rjett að rýra Eyrarhrepp, með sjerstöku tilliti til þess, að Hnífsdalur er nú orðinn svo stór, að hann á lagakröfu á að verða sjerstakur hreppur þegar hann vill. Þá þykir minni hlutanum rjettara, að bæjarbúar kjósi bæjarstjóra en að bæjarstjórnin geri það. Hinsvegar þykir rjett, að einfaldur meiri hluti bæjarbúa ráði, hvort bæjarstjóri skuli kosinn eða ekki.

Minni hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. frv. falli burtu.
2. 2. málsgr. 2. gr., er verður 1. gr., orðist svo:

   Samþykki meiri hluti kjósenda með leynilegri atkvæðagreiðslu, skal í stað bæjarfógeta kosinn bæjarstjóri til 6 ára í senn, á sama hátt og bæjarfulltrúar. Hann skal launaður af bæjarsjóði.
3. 3. gr. verður 2. gr.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Magnús Guðmundsson, frsm. Hákon J. Kristófersson.

Ed. **291. Frumvarp**

til laga um Menningarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Menningarsjóður. Tilgangur hans er að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn íslenskrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar. Til sjóðsins falla árlega allar tekjur af seldu áfengi, hverju nafni sem nefnist, sem ólöglega er flutt til landsins og upptækt gert af rjettvísinni, allar tekjur af seldum skipum, sem af samskonar ástæðu hafa verið gerð upptæk, svo og allar sektir fyrir brot á áfengislöggjöfinni, bæði samkvæmt landslögum og lögreglusamþyktum. Í fyrsta skifti skal falla til sjóðsins hluti ríkissjóðs fyrir upptækt vín og áfengissektir árið 1927.

2. gr.

Mentamálanefnd landsins hefir á hendi yfirstjórn Menningarsjóðs. Í apríl ár hvert skiftir sjóðsstjórnin innkomnum tekjum frá síðastliðnu ári í þrjá jafna hluta. Skal einum þriðjunginum varið til þess að gefa út góðar alþýðlegar fræðibækur og úrvals skáldrit, frumsamin eða þýdd. Annar þriðjungurinn gengur til að kosta vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins og

til útgáfu vísindalegra ritgerða um íslenska náttúrufræði. Einum þriðjunginum skal varið til að kaupa listaverk fyrir landið og til verðlauna fyrir teikningar af byggingum eða húsbúnaði í þjóðlegum stíl. Þegar sjerstaklega stendur á, má verja tilteknum hluta af tekjum Menningarsjóðs til bygginga fyrir náttúrugripasafn landsins og listasafn.

3. gr.

Bókaútgáfu Menningarsjóðs stýra þrír menn sjálfkjörnir: Prófessorarnir í íslenskum bókmentum og sögu við háskólann í Reykjavík og kennarinn í íslensku við kennaraskóla landsins. Sá hluti sjóðsins, sem verja skal til náttúrufræðilegra rannsókna, stendur undir stjórn annara þriggja sjálfkjörinna manna: Forstöðumanns náttúrugripasafnsins í Reykjavík og kennaranna í náttúrufræði við mentaskólann í Reykjavík og gagnfræðaskólann á Akureyri. Sá hluti sjóðsins, sem á að styðja listir, stendur undir beinni stjórn mentamálanefndar landsins.

4. gr.

Þegar tekjur Menningarsjóðs verða eitthvert ár meiri en að áliti yfirstjórnar sjóðsins getur talist meðallag, skal taka frá í húsbyggingarsjóð tveggja af hinum þrem deildum (sbr. 2. gr.) það, sem umfram verður meðaltekjur. Skulu þessir tveir byggingarsjóðir ávaxtast í Landsbankanum, og má ekki skerða þá fyr en yfirstjórn sjóðsins með samþykki Alþingis lætur byrja á að reisa hinar umræddu byggingar. Þeim þriðjungi af óvenjulegum tekjum sjóðsins, sem ekki gengur til að byggja söfn yfir listaverk landsins og náttúrugripi, skal verja til að kosta útgáfu merkilegra ritverka, sem eru stærri en það, að venjulegar árstekjur útgáfudeildarinnar nægi til að standast kostnaðinn.

5. gr.

Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verslun þá með bækur, er óhjákvæmilega leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálf ræður nefndin og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar, og frágangi þeirra. Þegar svo vill til, að hinir sjálfkjörnu stjórnarmenn í útgáfu- eða náttúrufræðideild sjóðsins verða að dæma um efni, er snerta þá persónulega, skal mentamálanefnd landsins skipa hæfa menn í þeirra stað, meðan úr þeim málum er skorið.

6. gr.

Sú deild Menningarsjóðs, er styður íslenska listaþróun, skal kaupa jöfnum höndum listaverk eftir málara og myndhöggvara og bæði taka tillit til hins varanlega gildis listaverkanna og að skapa óháðan markað fyrir listaverk eftir íslenska menn, án tillits til búsetu. Heimilt er að verja 1/5 hluta af árstekjum þessarar deildar til að verðlauna teikningar af húsum og húsmunum í þjóðlegum stíl, þar sem leitað er samræmis við höfuðdrætti í náttúru landsins. Aldrei má þó verja meiru en 2000 kr. á ári til slíkra verðlauna, nema öll sjóðstjórnin og formenn mentamálanefnda beggja deilda samþykki.

7. gr.

Fjármálaráðuneytið annast alla innheimtu á tekjum Menningarsjóðs, samkv. 1. gr. Handbært fje sjóðsins skal jafnan geymt í Landsbankanum. Endurskoðendur landsreikninga skulu árlega endurskoða reikninga allra deilda sjóðsins, enda sje hann síðan prentaður í Stjórnartíðindunum.

8. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **292. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur, að breytingar þær, sem meiri hluti hennar vill gera á frv., komi mjög illa heim við það fyrirkomulag, sem er á Alþingi. Eins og kunnugt er, eru þingmálin yfirleitt rædd og afgreidd algerlega aðskilið í hvorri deild fyrir sig, en þetta fyrirkomulag raskast, ef máli, sem t. d. er til meðferðar í Ed., er vísað til nefndar, sem kosin er í sameinuðu þingi, þar sem vel er hugsanlegt, að enginn nefndarmanna eigi sæti í Ed. Aftur á móti virðist ekkert á móti, að sjerstök utanríkismálanefnd sje kosin í hvorri deild fyrir sig og einnig nefnd, sem aðstoði stjórnina í utanríkismálum milli þinga. Með tilliti til þessa leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við frvgr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Á eftir 2. málsgr. 16. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
   8. Utanríkismálanefnd.
2. Á eftir frvgr., er verður 1. gr., kemur ný 2. gr., svo hljóðandi:
   Í lok hvers þings skal í sameinuðu þingi kjósa á sama hátt og aðrar þingnefndir 3 manna nefnd, er skal vera stjórninni til ráðuneytis milla þinga í utanríkismálum.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Magnús Guðmundsson, frsm.

Hákon J. Kristófersson, með fyrirvara.

Nd. **293. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1929.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefir hraðað störfum sínum eftir föngum. Auk hins venjulega fundartíma hefir hún að jafnaði haldið fundi að morgninum, og þannig haft þriggja tíma fundi dag hvern. Þess utan hafa undirnefndir unnið sjerstök störf.

Hefir nefndin að venju lesið og kynt sjer mikinn fjölda af skjölum og skýrslum, er henni hafa borist. Einnig haft marga viðtalsfundi, bæði við forstjóra hinna ýmsu ríkisstofnana, landsstjórnina og ýmsa aðra, sem hafa beðið nefndina um viðtal.

Nefndin hefir haft erfiða aðstöðu við meðferð fjárlagafrumvarpsins að þessu sinni og erinda þeirra ýmsra, er fyrir lágu í sambandi við það. Erfiða aðstöðu að því leyti, sem fjárhagur ríkisins er nú þröngur mjög, sökum undangangandi fjárhagskreppu.

Síðan árið 1925, sem að vísu var veltiár fyrir ríkissjóðinn, hafa ríkistekjurnar farið minkandi ár frá ári. Og útkoman sú 1927, að þá náðu tekjurnar aðeins rösklega áætlun (116 þús. kr. umfram).

En útgjöldin reyndust hinsvegar 830 þús. kr. meiri en tekjurnar, þrátt fyrir það, að umframgreiðslur á árinu voru með langminsta móti, miðað við 4 síðustu árin.

Eins og fjárlagafrumvarpið var lagt fyrir af stjórninni, var tekjuafgangur fullar 28 þús. krónur. En að framkomnum upplýsingum eftir samningu þess kom í ljós, að óhjákvæmilega varð að bæta við útgjaldaupphæðum á frumvarpið, er samtals námu á 3ja hundrað þús. króna. Ýmist aukning á lögmæltum útgjöldum, svo sem samkvæmt jarðræktarlögunum, eða fjárveitingum til öldungis óhjákvæmilegra framkvæmda, t. d. viðbótarbyggingar á Kleppi og aukins rekstrarstyrks í sambandi við stækkunina.

En samhliða þessu hafði stjórnin neyðst til að draga til stórra muna úr framlögum til ýmsra nauðsynlegra útgjalda á fjárlagafrumvarpinu við það, sem lagt hafði verið fram undanfarið, ef unt átti að vera að leggja það fyrir þingið tekjuhallalaust. Stafaði sú ráðstöfun af rýrnun ríkisteknanna, er sumpart var afleiðing af niðurfellingu ríkistekna á þinginu 1926, sumpart af fjárhagserfiðleikum landsmanna. Hlaut þessi útgjaldalækkun einkum að koma hart niður á framlögum til ýmsra verklegra framkvæmda, svo sem brúagerða, nýrra símalagninga, vitabygginga o. fl. Eigi hægt að spara á lögmæltum útgjaldaliðum fjárlagafrumvarpsins.

Með þessar framangreindu ástæður fyrir augum um hag og horfur ríkissjóðsins var nefndinni strax ljóst, að aðalstefna hennar hlyti að ganga ákveðið í þá átt að takmarka ríkisútgjöldin sem frekast þætti fært. En sú stefna hlýtur

að sjálfsögðu að setja ærið einhæfan svip á tillögur nefndarinnar. Kemur meðal annars fram í því, að nefndin hefir á engan hátt sjeð sjer fært að sinna mörgum fyrirliggjandi og framkomnum beiðnum um styrk og fjárframlög til ýmsra þeirra hluta, sem nefndin þó viðurkennir, að sjeu stuðnings verðir.

Af sömu ástæðum er það og sprottið, að þó nefndin líti svo á, að tillögur frumvarpsins um framlög til brúagerða, nýrra símalagninga, vitabygginga o. fl. sjeu svo lágar, að óviðunandi sje í raun og veru, miðað við hina brýnu og aðkallandi þörf, þá sjer meiri hlutinn sjer þó eigi fært að bera fram breytingartillögur til hækkunar þessum liðum við þessa umræðu fjárlaganna. Vill fyrst sjá, hvernig horfir um framgang þeirra tekjuaukafrumvarpa ýmsra, er liggja fyrir þinginu. Fái þau meira eða minna góðan byr, svo sjeð verði, að tekjurnar verði eitthvað verulega auknar, telur nefndin sjálfsagt að hækka áðurnefnd framlög til mikilla muna. Getur hinsvegar eigi talið þá leið færa, að stofna til aukinna verklegra framkvæmda í landinu — þó stórnauðsynlegar sjeu — með miklum tekjuhalla á fjárlögunum.

Áður en vikið er að hinum einstöku tillögum nefndarinnar, skal gerð lausleg grein fyrir því, hvernig fjárlagafrumvarpið mundi líta út eftir tillögum nefndarinnar.

Við áætlun tekjubálksins hefir nefndin getað stuðst við nýrri upplýsingar í ýmsum atriðum en fyrir lágu, er frumvarpið var samið, sem var venju fremur snemma, vegna þess, að þing var nú kallað saman svo löngu fyrir lögmæltan tíma.

Með hliðsjón af þessum upplýsingum leggur nefndin til, að nokkrir tekjuliðir sjeu hækkaðir samtals um 600 þús. krónur, en aðrir lækkaðir um samtals 300 þús. krónur.

Niðurstaða nefndarinnar verður því sú, að hækka tekjuáætlunina í heild um 300 þús. króna.

Þá leggur nefndin til að lækka og fella burtu nokkra útgjaldaliði, sem þó nemur eigi meira alls en kr. 14755.00.

Hinsvegar leggur nefndin til, að ýmsir gjaldliðir verði hækkaðir og nokkrum nýjum bætt við. Nema þær hækkanir samtals kr. 305800.00.

Niðurstaðan af breytingartillögum nefndarinnar verður þannig:

Tekjuafgangur samkvæmt frumvarpinu . .	kr.	28858.23
Hækkun tekjubálksins	—	300000.00
Lækkun gjaldabálksins	—	14755.00
	kr.	343613.23
Hækkun gjaldabálksins	—	305800.00
Tekjuafgangur .	kr.	37813.23

Nefndin er sömu skoðunar og fyr um það, að nauðsynlegt sje að áætla tekjurnar varlega. Reynslan hefir altaf sýnt, að gjöldin verða hærri en áætlað er. Er það jafnvel að nokkru leyti eðlilegt, þar sem áætlunin er samin svo löngu fyrirfram. Og hinsvegar koma ætíð fram meiri og minni útgjöld í sambandi við sjerstök lög.

Til þess því, að von sje um, að jöfnuður fáist á fjárlögunum í reyndinni,

er það eina öryggið, að tekjurnar hafi verið svo gætilega áætlaðar, að miklar líkur sjeu til, að þær fari frekar fram úr áætlun, miðað við meðalárferði.

Nefndin hefir viljað fylgja þessari reglu. En þó vitanlega hugsað sjer að komast sem næst því raunverulega, miðað við reynslu undanfarandi ára, og horfum, eftir því, sem unt er á þeim að byggja.

Með þetta fyrir augum leggur nefndin til að hækka fasteignaskattinn um 10 þús. krónur, eða upp í 240 þús. kr., sem hann hefir verið áætlaður undanfarin ár.

Þessi tekjustofn er fastur. Fer árlega hækkandi lítið eitt. Reyndist 253 þús. krónur síðasta ár.

Nefndin telur einnig rjett að hækka tekju- og eignarskattinn upp í 850 þús. kr. Hann reyndist að vísu ekki fullar 800 þús. kr. 1927. En síðan 1923 hefir hann aldrei reynst jafnlítill og síðastliðið ár. Meðaltal þriggja síðustu ára þar á undan, þó slept sje mikla gróðaárinu 1925, er yfir 900 þús. króna.

Erfðafjárskattinn vill nefndin færa upp í 35 þús. kr. Þessi tekjuliður er að vísu breytilegur nokkuð frá ári til árs. En síðustu 6 árin hefir hann þó aldrei reynst lægri en nefndin leggur hjer til.

Þá leggur nefndin til, og telur það ekki óvarlegt, að útflutningsgjaldið sje hækkað upp í 950 þús. kr. Það reyndist síðastliðið ár 1100 þús. kr.

Aftur á móti lítur nefndin svo á, að áfengistollurinn sje alt of hátt áætlaður, og styðst þar við álit og tillögur forstöðumanns áfengisverslunarinnar. Leggur nefndin til, að tollurinn sje færður niður í 325 þús. kr., og gengur sú lækkun síst lengra en forstöðumaðurinn hefir lagt til.

Hinsvegar telur nefndin óhætt að hækka tóbakstollinn upp í 850 þús. kr. Þessi tollur virðist sæmilega fastur tekjustofn, og síðastl. ár nam hann 898 þús. kr.

Kaffi- og sykurtollur hefir reynst mjög svipaður síðastl. 4 ár. Numið um 1100 þús. kr. árlega. Leggur nefndin til að hækka liðinn um 50 þús. kr.

Einnig telur nefndin, að vörutollinn megi hækka um 50 þús. kr. Síðasta ár nam hann 1127 þús. kr. Og þar sem það ár verður alls eigi talið betra en í meðallagi, virðist þessi hækkunartillaga nefndarinnar gætileg.

Árin fyrir 1927 gaf vörutollurinn að meðaltali síðustu 5 árin 1500 þús. kr. En 1926 var gengisviðaukinn feldur niður af vörutollinum, og tollurinn auk þess lækkaður og niður feldur af nokkrum vörutegundum.

Þá lítur nefndin svo á, að verðtollurinn sje til muna of lágt áætlaður. Breytingar á tollinum, að miklu leyti til lækkunar, gengu í gildi í ársbyrjun 1927. En það ár nam þó tollurinn 926 þús. kr. Nefndin leggur til, að áætlun á þessum lið sje færð upp í 825 þús. kr., og telur það sæmilega varlegt. Aftur á móti leggur nefndin til, að pósttekjur sjeu lækkaðar um 25 þús. kr. Styður hún þá tillögu sína við nýfengna tekjuáætlun frá aðalpóstmeistara. Áætlar hann tekjurnar þar 464 þús. kr. fyrir árið 1929, og sýnist nefndinni rjett, með hliðsjón af því, að lækka tekjuáætlunina svo sem áður er sagt.

Nefndin telur einnig, að tekjur af víneinkasölu ríkisins sjeu of hátt áætlaðar. Tekjuáætlun undanfarandi ára af þessum lið hefir mjög brugðist. Árið 1926 reyndust tekjurnar aðeins 200 þús. kr., og 1927 300 þús. kr. Sýnast engin lík-

indi benda til, að meiri hagnaðar sje að vænta af einkasölunni 1929 en síðastl. ár. Hinsvegar hefir forstöðumaðurinn ekki talið líklegt, að tekjurnar yrðu minni. Leggur nefndin því til, eftir tillögum hans, að tekjuáætlunin færist niður í 300 þús. krónur.

GJALDABÁLKURINN.

12. gr.

Nefndinni hefir þótt rjett að breyta lítilsháttar athugasemdinni við ferðastyrk augnlæknanna. Miðar breytingin að því að fastákveða takmörk umdæma þeirra og er gerð í samráði við augnlækninn í Reykjavík.

Undanfarin ár hefir verið starfað að viðbótarbyggingu við geðveikrahælið á Kleppi. Í fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar til þess 100 þús. krónur, og var búist við, að sú fjárveiting mundi nægja til þess að fullgera bygginguna, svo hún gæti tekið á móti sjúklingum. En nú hefir bæði landlæknir og ríkisstjórnin tjáð nefndinni, að enn vantaði fje til að fullgera spítalann, og stjórnin upplýst, samkvæmt áliti húsameistara ríkisins, að 50 þús. kr. fjárveiting mundi þurfa til að fullgera bygginguna þannig, að hún yrði að fullu nothæf. Hefir stjórnin jafnframt óskað þess, að nefndin tæki þessa upphæð í fjárlagafrumvarpið 1929, með það fyrir augum, að gengið yrði til fulls frá byggingunni komandi sumar.

Nefndin telur það óhjákvæmilega nauðsyn að fullgera byggingu þessa þegar í sumar. Úti um land bíður mesti fjöldi sjúklinga eftir inntöku á geðveikrahælið, og má óhætt fullyrða, að mestu vandræði stafa af geymslu þeirra fyrir hlutaðeigendur. Enda hefir staðið svo lengi á að koma byggingunni upp, að vandræði mættu teljast, yrði það að dragast lengur.

Nefndin leyfir sjer því að leggja til, að 50 þús. kr. sjeu veittar í þessu skyni, og leggur jafnframt áherslu á, að byggingunni sje lokið þegar á sumri komandi.

Í sambandi við þessa tillögu þarf vitanlega að hækka rekstrarstyrk hælisins fyrir 1929. Leitaði nefndin tillagna geðveikralæknisins á Kleppi um það, hve miklu sú hækkun mundi nema. Kvaðst hann eigi treysta sjer að gera ákveðnar tillögur þar að lútandi. Óvíst hvað margir sjúklingar bættust við 1929, og ekki til fulls hægt að gera sjer grein fyrir, hverjar rekstrarbreytingar kynnu að koma fram í sambandi við aukninguna. Nefndin varð því eftir föngum að gera áætlun um hækkun rekstrarkostnaðarins. Hafði að miklu leyti hliðsjón af undanfarandi rekstrarkostnaði við hælið, með það fyrir augum, að 80 nýir sjúklingar bættust við. Rennir hún að vísu nokkuð blint í sjóinn um það atriði, en telur þessa áætlun þó sennilega, og miðað við þessa sjúklingafjölgun gerir nefndin ráð fyrir, að láta mundi nærri, að hækka þyrfti rekstrarstyrkinn um 40 þús. kr., og gerir það að tillögu sinni.

Landlæknir kom á fund nefndarinnar til viðtals um byggingu læknisbústaða og sjúkraskýla. Gaf skýrslu um, hverjir sótt hefðu um styrk til slíkra bygginga, og óskaði eftir, að nefndin legði til að veita 23 þús. kr. í þessu skyni.

Nefndin sjer sjer eigi fært að bera fram hærri tillögu að þessu sinni í áðurnefndu augnamiði en 18 þús. kr., sem sundurliðast þannig:

Til Reykhólahjeraðs ... ... 7000 kr.
— Stykkishólmshjeraðs ... ... 8000 —
— sjúkrahússins í Vestmannaeyjum.. 3000 —

Í Reykhólahjeraði virðist loks fengið fult samkomulag hjeraðsbúa um læknisbústaðinn, sem sje á Reykhólum, og horfur fyrir, að staðurinn fáist — með eignarnámsheimild, ef ekki tekst öðruvísi. Byggingin er áætlað, að kosta muni 21 þús. kr.

Stykkishólmsbúar vilja reisa hjá sjer sjúkraskýli, er rúmi 8 sjúklinga. Áætlun um kostnaðinn er 24 þús. kr., og vissa fyrir, að hjeraðsmenn hafa sinn hluta af byggingarkostnaðinum handbæran.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja sækir um 20 þús. kr. styrk úr ríkissjóði til að útbúa spítalann þar með Röntgenáhöldum og ljóslækningatækjum.

Samkvæmt meðfylgjandi áætlun er talið, að Röntgenáhöldin muni kosta um 10 þús. krónur. Ummæli landlæknis viðvíkjandi þessu erindi hljóða svo:

»Röntgentækin bráðnauðsynleg.

Ljóslækningastofa er til í Eyjunum — mjög góð«.

Leggur landlæknir til, að ríkið leggi fram $^1/_3$ af kostnaði við kaup á Röntgentækjunum. Fellst nefndin á það og leggur til, að veittar sjeu 3000 kr. í þessu skyni, eins og áður segir.

Dómsmálaráðherra bar þá ósk fram í nefndinni, fyrir tilmæli prófessoranna við læknadeild háskólans, að nefndin tæki upp í fjárlagafrumvarpið styrk til 3 lækniskandídata, til ársdvalar á spítölum hjer á landi, 1200 kr. til hvers um sig. Hafði komið til orða, að Danir veittu lækniskandidötum hjeðan ókeypis ársdvöl á spítölum sínum. En talið heppilegra, að þeir þyrftu eigi að vera bundnir við danska spítala, og því farið fram á þennan styrk. Nefndin fellst á að taka upp 3600 kr. fjárveiting í þessu skyni, en vill þó ekki einskorða veitinguna við spítaladvöl hjer á landi.

Samkvæmt skýrslu landlæknis er nú svo komið, að mjög fáir geitnasjúklingar munu vera til hjer á landi. Og enginn sjúklingur hefir gefið sig fram til lækninga síðastl. ár.

Telur nefndin, að fengnum þessum upplýsingum, að liðinn til geitnalækninga megi lækka um 1000 kr.

13. gr.

Nefndin var eindregið þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri að hækka til muna framlög til brúagerða, nýrra símalagninga og vitabygginga. En meiri hluti nefndarinnar taldi þó rjett að fresta við þessa umræðu að bera fram tillögur til hækkunar þessum liðum, svo sem fyr er vikið að, þar til betur kæmi í ljós, hvaða stefnu þingið tekur gagnvart þeim tekjuaukafrumvörpum, er fyrir liggja. Væntir meiri hluti nefndarinnar, samkvæmt þessu, að geta borið fram breytingartillögur við nefnda gjaldaliði við þriðju umræðu fjárlagafrumvarpsins í neðri deild, og geymir allar athuganir að þeim lútandi þangað til.

Nefndin leggur til, að tillag til akfærra sýsluvega verði hækkað um 5 þús. krónur. Hefir eftirspurn eftir þessu fje verið ákaflega mikil. Enda þörfin fyrir aukning sýsluveganna úti um landið afarbrýn. Og enn má bæta við, að þar sem

hjeruðin leggja fram helming á móts við ríkissjóðstillagið, miðar vegagerðum tiltölulega vel áfram fyrir fjárveiting á þessum lið.

Eftir tillögum vitamálastjóra hefir stjórnin tekið upp í fjárlagafrumvarpið árstillag til »International Hydrographic Bureau« í Monaco. Stofnun þessi hefir að markmiði samvinnu milli allra siglingaþjóða um það, er á einhvern hátt má lúta að tryggingu sjómanna.

Þó nefndin vilji á engan hátt draga í efa, að stofnun þessi kunni að vera góð og gagnleg, verður hún að telja meira en vafasamt, að við getum vænst mikils hagnaðar beint eða óbeint af að ganga í samband þetta, enda greiður aðgangur að skýrslum þess, einnig fyrir þá, sem utan við standa. Og þar sem árgjaldið er allverulegt, 4000 gullfrankar, vill nefndin leggja til, að fjárveiting þessi verði að sinni feld niður.

14. gr.

Sem venja er til, lágu fyrir nefndinni skriflegar tillögur frá biskupi um húsabætur á prestssetrum. Einnig kom biskup að máli við nefndina og skýrði fyrir henni fyrirætlanir sínar og tillögur í því máli. Í fjárlögunum 1928 er ætlað til þessa 24 þús. kr., og fór biskup fram á, að sú upphæð hækkaði um eitt þús. kr. fyrir árið 1929, en nefndin sá sjer ekki fært að verða við þeirri ósk. Á árinu 1929 er ráðgert að verja til byggingar á eftirtöldum prestssetrum sem hjer segir:

Til Æsustaða í Húnavatnssýslu kr. 8000, til Saurbæjar í Eyjafirði kr. 5000 (viðbótarstyrkur), til Steinness í Húnavatnssýslu kr. 5000 (viðbótarstyrkur), og eru þá eftir 2000 kr., er ganga sem viðbótarstyrkur til Skeggjastaða í Norður-Múlasýslu eða Ofanleitis í Vestmannaeyjum.

Biskup gat þess, að nú væru 76 prestssetur sæmilega húsuð, en um 15, sem búast mætti við, að byggja þyrfti upp á næstu árum, og færu þá í það 10 til 12 ár með svipuðum styrk og hjer er gert ráð fyrir.

8. lið þessarar greinar í fjárlagafrv. stjórnarinnar, »Til ýmsra útgjalda«, hefir nefndin lagt til að fella niður, með því að henni var ekki að fullu ljóst, til hvers honum skyldi verja, enda telur rjett, ef þar er um að ræða útgjöld til ýmsra ákveðinna framkvæmda, að þau sjeu greind sundur og með ákveðinni upphæð á viðkomandi lið.

Námsstyrkinn til háskólanemendanna hefir stjórnin hækkað um 2000 kr. frá síðustu fjárlögum, og fá þar með fleiri nemendur styrk en áður. Sömuleiðis hefir hún hækkað kenslulaun Trausta Ólafssonar við háskólann um 1000 kr. Hefir nefndin látið hvorttveggja standa óhaggað.

Liðinn til stundakenslu og prófdómenda við mentaskólann hefir stjórnin lækkað um 4500 kr. Við honum hefir nefndin ekki hreyft, en vill þó láta þess getið, að hann muni reynast of lágur, ef ekki verður á einhvern hátt unt að draga úr hinum mikla nemendafjölda við skólann.

Styrkinn til verklega námsins við bændaskólann á Hvanneyri hafði stjórnin hækkað frá síðustu fjárlögum, eftir beiðni skólastjórans þar, um 1450 kr. Voru 800 kr. af því ætlaðar til þess að launa verkstjóra við kensluna. Þá upphæð (800 kr.) hefir nefndin felt niður. Álítur hún sanngjarnt, að skólastjóri kosti sjálfur verkstjórnina, þar sem honum er reiknuð vinnan (jarðabæturnar)

til tekna upp í afgjald jarðarinnar. Aftur á móti leggur nefndin til, að skilyrði fyrir styrknum sjeu, að nemendur stundi minst 8 vikna jarðyrkjunám, og færir styrkinn til nemendanna úr 12 upp í 18 kr. á viku, eins og skólastjóri leggur til. Af þessum ástæðum hækkar hún styrkinn til nemenda á Hvanneyri úr 1650 í 2000, og nemenda á Hólum úr 1000 í 1450.

Við hina almennu barnafræðslu hefir nefndin gert nokkrar breytingartillögur. Höfðu útgjöld til hennar verið hækkuð nokkuð í fjárl.frv. frá því, sem verið hafði í síðustu fjárlögum, og sá nefndin sjer þó ekki fært annað en hækka enn nokkuð þá upphæð, eftir að hafa fengið upplýsingar hjá fræðslumálastjóra um hinn raunverulega kostnað við einstaka starfsliði. Leggur hún því til, að liðurinn »Til prófdómara við barnapróf« verði hækkaður úr 4000 kr. upp í 10000, og mun síst of hátt áætlað. Er sá kostnaður nú, vegna hinna nýju fræðslulaga, miklu meiri en áður, þar sem 1) miklu fleiri börn eru prófskyld en áður, 2) skipa verður sjerstaka prófara þar, sem ekki er skipaður sjerstakur kennari, og 3) að nú hafa prófdómendur 6 kr. á dag auk dýrtíðaruppbótar.

Aftur á móti leggur nefndin til, að feldur verði niður liðurinn »Til kenslubóka fyrir barnaskóla 1500 kr.«, þar sem henni virtist það helst geta beðið af þeim hækkunarupphæðum, sem nú bætast á þennan kafla fjárlaganna.

Þá hefir nefndin lagt til, að styrkur sá, sem veittur er til að byggja unglingaskóla í sveitum, hækki úr $^2/_5$ kostnaðar í $^1/_2$. Lítur nefndin svo á, að skólar þessir sjeu mjög hliðstæðir heimavistarbarnaskólum í sveit, sem nú njóta byggingarstyrks í sama hlutfalli, og að nauðsyn þessara skóla sje engu minni en hinna. Til þessa hefir það verið svo, að flestir sveitaunglingar, sem hafa viljað afla sjer framhaldsnáms eftir fermingúna, hafa orðið að flýja á náðir kaupstaðanna í þeirri leit. Hafa margir horfið úr sveitunum af þeim orsökum, en ekki komið aftur að náminu loknu, og þetta þannig orðið ein af ástæðunum fyrir því, hve sveitunum helst illa á æskulýðnum. Er því brýn nauðsyn á að sjá fyrir þessum þörfum unglinganna heima í sveitunum sjálfum, enda viðurkent, að góður ungmennaskóli sje hverju hjeraði hið mesta menningarból. Hinsvegar eru erfiðleikar hjeraðanna á að standa straum af byggingarkostnaði skólanna að sínum hlut það miklir, að engin ástæða er til að hræðast það, að fleiri skólar verði reistir en brýnasta nauðsyn ber til. Styrkinn til skólabygginga hefir nefndin þó ekki hækkað, þar sem enn mun mjög á reiki um framkvæmdir á þessu sviði næstu árin. Í samræmi við þetta hefir meiri hl. nefndarinnar lagt til að hækka byggingarstyrkinn til húsmæðradeildarinnar við alþýðuskóla Þingeyinga úr 11 þús. kr. í 13 þús., sem svarar úr $^2/_5$ í $^1/_2$ byggingarkostnaðar. Þá varð nefndin og ásátt um að hækka styrkhlutfallið til steinsteyptra sundlauga og sundskýla í sveitum úr $^1/_5$ í $^1/_3$, til samræmis við styrk þann, er neðri deild hefir samþykt til sundhallarinnar í Reykjavík, og um leið hækkað upphæðina úr 4000 kr. upp í 10000 kr.

Einum nýjum lið hefir nefndin bætt við B. XVII. Er það 1000 kr. styrkur til Sigurbjargar Sveinsdóttur, til verklegs náms erlendis. Var Sigurbjörgu veittur þessi styrkur í fjárlögum fyrir 1922, en veiktist þá og gat ekki notað hann. Nú hefir Sveinn Björnsson sendiherra lofað að útvega henni dvalarstað á heimili fyrir blindar stúlkur í Danmörku, ef styrkur þessi fengist. Er stúlka þessi, að öðru

en sjónleysinu, ágætlega gefin, og má því vænta góðs árangurs af námi hennar. Ef hún aftur á móti fær ekki þennan styrk, eru henni öll sund lokuð.

Nefndinni hafði borist mesti urmull beiðna um námsstyrki frá mönnum, sem ýmist dvelja við nám erlendis eða hugsa til utanferða, svo að numið hefði tugum þúsunda, ef hún hefði orðið við þeim óskum. En þar sem engin tök voru fyrir hana á því að greina milli þarfa og verðleika styrkbeiðenda, tók hún þann kostinn að láta eitt yfir alla ganga og gera ekki tillögur um erindin. Nefndin gerir þetta engan veginn með glöðu geði, þar sem hún er þess fullviss, að hagur margra þessara manna er mjög þröngur, og hinsvegar enginn vafi á, að hjer er um marga efnismenn að ræða. En hún lítur svo á, að Alþingi geti ekki gengið út á þá braut að veita slíka styrki ótakmarkaðri tölu námsmanna, með því að það gæti orðið til þess að auka að mun hinn mjög svo varhugaverða straum, sem orðinn er hjeðan að ýmiskonar háskólanámi, sem að engu leyti stendur í sambandi við eðlilegar þarfir þjóðarinnar um sjerþekkingu í þeim greinum og engar vonir eru um, að veiti viðkomandi mönnum lífsframfæri að því loknu.

Vilji þingið styðja þessa námsmenn fram yfir það, sem nú er samkvæmt 14. gr. B. II, þá virðist rjettast að hækka heldur þá upphæð, sem þar er veitt til námsstyrks erlendis, svo að stúdentar geti vitað fyrirfram, hvers má vænta í þessu efni og hagað sjer eftir því.

15. gr.

Við 15. gr. hefir nefndin komið fram með hækkunartillögur, sem nema kr. 5800. Af því eru 1500 kr. til Alþýðufræðslu stúdentafjelagsins, sem stjórnin hafði ekki tekið upp í fjárl.frv. Álítur nefndin, að stúdentafjelagið vinni þarft verk með þessari starfsemi sinni og getur ekki sætt sig við, að fjárveiting þessi falli niður. Þá hefir hún einnig tekið upp nýjan lið, til Færeyjafjelagsins »Gríms Kambans«, að upphæð 300 kr. Fjelag þetta er stofnað til þess að vinna að menningarsambandi á milli Færeyja og Íslands, og telur nefndin það því fyllilega þess vert, að Alþingi votti því samúð sína, en annað eða meira er þessi litli styrkur ekki.

Að síðustu leggur nefndin til, að veittar verði 4000 kr. til orðabókar Sigfúsar Blöndals. Barst nefndinni beiðni frá frú Björgu Þorláksdóttur um styrk til orðabókarinnar margfaldan á við þetta. Sá nefndin sjer ekki fært að taka annað af honum til greina en þetta, sem ásamt 8000 kr., er lofað hefir verið á móti úr ríkissjóði Dana, er greiðsla til orðabókarsjóðsins á láni, sem veitt var úr honum, til þess að hægt væri að greiða til fulls kostnað við útgáfu bókarinnar samkvæmt fyrirframgerðum samningi.

16. gr.

Útgjöld samkv. 16. gr. leggur nefndin til, að hækki um 151500 kr. Eru breytingartillögurnar þessar:

17. liðinn, »til bryggjugerða og lendingabóta«, hefir nefndin lækkað úr 15000 kr. í 12000. Liggja ekki fyrir beiðnir um styrkveitingu til þeirra nema frá tveim stöðum, Skálum á Langanesi, áætlað 30000, og Flatey á Skjálfanda, áætlað 5400 kr.

Þriðji hluti af þessu verður 11800 kr., og er því fjárveiting sú, er nefndin ætlar, nægileg.

Styrkurinn til Búnaðarfjelagsins lækki um 10 þús., sem í rauninni er aðeins tilfærsla, þar sem í staðinn koma 10 þús. kr. til hafrasáninga, eins og í fjárlögunum fyrir árið 1928. Þar sem ætlast er til, að B. F. Í. hafi starfsemi þessa með höndum, feldi stjórnin liðinn inn í heildarupphæðina til fjelagsins. En nefndin óskaði þess samt, að liður þessi stæði heldur sjerstakur eins og áður. Gjöldin samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna hefir nefndin hækkað úr 140 þús. kr. upp í 260 þús., sem er því sem næst sama upphæðin og greidd hefir verið fyrir jarðabætur unnar árið 1926, og mun því síst of hátt áætlað.

Laun dýralækna hefir nefndin hækkað úr 10000 kr. í 17000, sem er hin raunverulega upphæð samkv. launalögunum. Þá hefir hún bætt við nýjum lið, til vatnsrenslismælinga, 2000 kr. Upphæð þessi hefir staðið í fjárlögum til þessa og verið varið til að mæla vatnsmagn í ýmsum straumvötnum landsins. Eru mælingar þessar nauðsynlegur undirbúningur undir vatnsvirkjanir, sem vafalaust verða gerðar hjer í framtíðinni, og telur nefndin sjálfsagt, að þeim sje haldið áfram.

Þá leggur nefndin til, að hækkaður verði ferðakostnaður og skrifstofufje húsagerðarráðunauts bænda. Barst nefndinni erindi frá Jóh. Fr. Kristjánssyni, er nú hefir starf þetta með höndum, og fór hann fram á launahækkun og aukið starfsfje, þar sem ferðakostnaðar- og skrifstofufje það, er hann nú hefir, nægði hvergi til að fullnægja þörfum og beiðni bænda um leiðbeiningar og teikningar eftir að byggingar fóru að aukast aftur eftir kyrstöðu stríðsáranna, og þó einkum síðan ræktunarsjóðurinn tók til starfa. Þó að nefndin hafi ekki orðið við beiðni hans um launaviðbótina, álítur hún, að ekki verði komist hjá því að tvöfalda upphæðina til ferðalaga og skrifstofukostnaðar, og leggur til, að hann verði 2000 kr. í stað 1000.

Þá hefir nefndin tekið inn nýjan lið til brimbrjótsins í Bolungavík, 17500 kr., eða sömu upphæð og veitt var í síðustu fjárlögum. Kom á síðasta þingi beiðni frá hreppnum um 35 þús. kr. styrk, gegn jafnmiklu framlagi frá honum. Veitti síðasta þing helming þeirrar upphæðar. Sá nefndin sjer ekki annað fært en að verða við beiðni hreppsbúa um viðbót þessa nú, í þeirri von, að með henni takist að reka smiðshöggið á þetta fræga verk.

Að síðustu leggur nefndin til, að 7000 kr. verði veittar Gerðahreppi til lendingarbóta í Gerðavör, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá. Hjer er að vísu raskað þeim hlutföllum, sem venja hefir verið að fylgja um styrkveitingar til lendingarbóta. En nefndin sá sjer ekki annað fært en að gera hjer undanþágu frá reglunni, þar sem engin tök mundu vera á því fyrir hreppinn að framkvæma verkið að öðrum kosti. Eru ástæður hans mjög bágbornar, eins og kunnugt er, þar sem á honum hvílir m. a. 40 þús. kr. hallærislán, sem hann hefir ekki getað greitt vexti af tvö undanfarin ár. Ómegð og sveitarþyngsli eru þarna afar mikil, en gjaldþol lítið, og hvílir það að mestu á ca. 90 vinnufærum karlmönnum. Eitt aðalmein hreppsbúa er lendingarleysið, sem varnar þeim mjög sóknar á hin fiskisælu mið úti fyrir. Nú hefir legið fyrir nefndinni kostnaðaráætlun og lýsing frá vitamálastjóra á sjóvarnargarði, sem hugsað hefir verið til

að gera norðanvert við Gerðavör til varnar sjógangi, og lítur nefndin svo á, að garður þessi yrði til mikilla bóta. Kostnaðarverð hans er áætlað 28000 kr. Er það því tillaga nefndarinnar, að veitt verði til þessa verks 7000 kr. í þessum fjárlögum, gegn jafnmiklu annarsstaðar frá, svo að hægt verði að byrja á verkinu. Gerir hún það í þeirri von, að með mannvirki þessu verði unt að reisa sveitarfjelagið við og bjarga þar með fje því, er landið á hjá þessum bágstöddu mönnum.

17. gr.

Við henni hefir nefndin ekki hreyft annað en það að hækka styrkinn til Stórstúkunnar um 2000 kr. og nema burtu ákvæðið um, hvernig hún skuli verja hluta af honum. Hafði Stórstúkan sótt um 30 þús. kr. styrk til útbreiðslustarfsemi, en nefndin sá sjer ekki fært að leggja til hærri fjárveitingu en þetta, enda þótt fjelagsskapur þessi sje góðs maklegur.

18. gr.

Á henni hafa litlar breytingar orðið. Hans Hannesson póstur er dáinn, og fellur nafn hans burt, en Friðrik Jónsson póstur frá Helgastöðum í Þingeyjarsýslu hefir verið tekinn upp með sömu upphæð, 300 kr. Þá leggur nefndin til, að Þorleifi Jónssyni póstmeistara verði veitt 1200 kr. eftirlaun, þareð hann hefir í hyggju að sækja um lausn frá embættinu um næstu áramót. Sendi hann þinginu beiðni um 3000 kr. eftirlaun. Þorleifur er nú bráðum 73 ára og hefir starfað við pósthúsið síðan um aldamót og gegnt þar ábyrgðarmiklu starfi, lengst af við lítil laun. Nú hrekkur lífeyrir sá, er hann fær úr lífeyrissjóði, engan veginn til framfæris honum, svo að nefndinni þótti sanngjarnt að verða við beiðni hans að nokkrum hluta, þótt hún ekki gæti tekið hana til greina að fullu.

22. gr.

Þar hefir nefndin lagt til, að sett verði heimild til stjórnarinnar að lána úr viðlagasjóði alt að 30 þús. kr. til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarnesi. Lánið veitist með 5% til 20 ára, gegn ábyrgð viðkomandi sýslunefnda. Verksmiðja þessi er eina mjólkurniðursuðuverksmiðjan á landinu og því eina tilraunin, sem enn hefir verið gerð til þess að forða landinu frá þeim miklu útgjöldum, sem það til þessa hefir haft og hefir enn af innflutningi erlendrar dósamjólkur. Fyrirtæki þetta á við mikla fjárhagsörðugleika að etja, sökum þeirra byrjunarörðugleika, sem öll slík brautryðjandi fyrirtæki hjer á landi lenda í — fyrst og fremst, — þar sem alt verður að byggja frá grunni og þreifa sig áfram með smátt og stórt, og í öðru lagi vegna bruna verksmiðjunnar á Beigalda og flutnings og endurbyggingar í Borgarnesi, og í þriðja lagi vegna hins mikla verðfalls, sem orðið hefir frá því að til hennar var stofnað og til þessa dags.

Hinsvegar virðist mega vona, að nú sje sú reynsla fengin um þessa hluti, að fyrirtækinu megi teljast nokkurnveginn borgið, ef það ekki strandar á þessu skeri — fjeleysinu. — Lítur nefndin svo á, að hjer sje um svo stórþarft fyrirtæki að ræða, bæði fyrir viðkomandi hjerað og landið í heild, að rjett sje

að hjálpa því fram úr þessum örðugleikum, með því að veita því hið umbeðna lán.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Þorleifur Jónsson, form. Ingólfur Bjarnarson, fundaskrifari og frsm. fyrri hlutans.
Bjarni Ásgeirsson, frsm. síðari hlutans.
Magnús Torfason. Haraldur Guðmundsson.

Auk þess, sem við áskiljum okkur rjett til að bera fram breytingartillögur til lækkunar við nokkra liði fjárlagafrv. nú við 2. umr., viljum við, í tilefni af því, sem tekið er fram í nefndarálitinu, láta þess getið, að við munum við 3. umr. bera fram tillögur um hækkun fjárframlaga til verklegra framkvæmda (samgöngubóta), jafnvel þó af því kunni að leiða nokkurn áætlaðan tekjuhalla á fjárlagafrv., með því að við lítum svo á, að þessar framkvæmdir sjeu miklum mun brýnni og eigi að ganga fyrir þeim framkvæmdum, sem stjórnin leitar nú heimildar fyrir hjá þinginu með sjerstökum lögum og nema margfalt hærri upphæð.

Jón Sigurðsson. Pjetur Ottesen.

Nd. **294. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1929.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 2. gr. 1. (Fasteignaskattur):
Fyrir »230000« kemur 240000
2. — 2. — 2. (Tekju- og eignarskattur):
Fyrir »800000« kemur 850000
3. — 2. — 5. (Erfðafjárskattur):
Fyrir »20000« kemur 35000
4. — 2. — 11. (Útflutningsgjald):
Fyrir »900000« kemur 950000
5. — 2. — 12. (Áfengistollur):
Fyrir »500000« kemur 325000
6. — 2. — 13. (Tóbakstollur):
Fyrir »700000« kemur 850000
7. — 2. — 14. (Kaffi- og sykurtollur):
Fyrir »1000000« kemur 1050000
8. — 2. — 16. (Vörutollur):
Fyrir »1000000« kemur 1050000
9. — 2. — 17. (Verðtollur):
Fyrir »600000« kemur 825000

10. Við 2. gr. 19. (Pósttekjur):
Fyrir »475000« kemur 450000
11. — 2. — 21. (Víneinkasala):
Fyrir 400000« kemur 300000
12. — 12. — 5. c. (Augnlækningar). Athugasemdin orðist svo:
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirferðar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknisins á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni eða tveim höfnum í hverri sýslu.
13. — 12. — 11. B. 2. (Starfsmannatala á Kleppi):
Fyrir »55« kemur 48.
14. — 12. — 12. B. (Kleppur). Nýr liður:
Aukinn rekstrarkostnaður, sakir viðbótar við hælið, að frádreginni meðgjöf með sjúklingum 50000
15. — 12. — 15. a. Nýr liður:
Til að ljúka við byggingu Kleppsspítala 50000
16. — 12. — 15. b. Tveir nýir liðir:
a. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði 18000
b. Styrkur til þriggja læknisfræðikandidata til ársdvalar á sjúkrahúsi, 1200 kr. til hvers... 3600
17. — 12. — 15. j. (Geitnalækningar):
Fyrir »2000« kemur 1000
18. — 13. — B. VII. 1. (Sýsluvegir):
Fyrir »30000« kemur 35000
19. — 13. — E. I. 1. (Laun vitamálastjóra):
Fyrir »7600« kemur 7800
20. — 13. — E. V. d. (Hydrographic Bureau):
Liðurinn fellur niður.
21. — 14. — A. b. 8. (Ýms kirkjumálaútgjöld):
Liðurinn fellur niður.
22. — 14. — B. VIII. 1. c. 1. (Hólaskóli):
Fyrir »1000« kemur 1450
23. — 14. — B. VIII. 2. c. 1. (Hvanneyrarskóli):
Fyrir »2450« kemur 2000
24. — 14. — B. VIII. 2. c. 4. (Bændakensla). Athugasemdin:
Fyrir »6 vikur á ári« kemur 8 vikur á ári,
og fyrir »12 kr.« kemur 18 kr.
25. — 14. — B. XIII. 1. a. (Laun fræðslumálastjóra):
Fyrir »5800« kemur 5600
26. — 14. — B. XIII. 5. (Prófdómarar):
Fyrir »4000« kemur 10000
27. — 14. — B. XIII. 8. (Kenslubækur fyrir barnaskóla):
Liðurinn fellur niður.

28. Við 14. gr. B. XIV. 3.
Fyrir: »reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^2/_5$ kostnaðar, kemur: reisa hjeraðsskóla í sveitum, alt að helmingi kostnaðar.

29. — 14. — B. XV. 4. Liðurinn orðist svo:
Til húsmæðrafræðslu við alþýðuskóla Þingeyinga, alt að $^1/_2$ byggingarkostnaðar 13000

30. — 14. — B. XVII. Nýr liður:
Til Sigurbjargar Sveinsdóttur, til verklegs náms á heimili fyrir blindar stúlkur erlendis 1000

31. — 14. — B. XVIII. 4. (Sundlaugar):
Á eftir »sundlaugar« kemur: og sundskýli. Í stað »$^1/_5$ kostnaðar, alt að 4000« kemur: $^1/_2$ kostnaðar, alt að 10000.

32. — 15. — 4. a. (Náttúrufræðifjelagið):
Fyrir »þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið« kemur: Tillag.

33. — 15. — 14. Nýr liður:
Til Færeyjafjelagsins Gríms Kambans 300

34. — 15. — 20. (Saga Alþingis):
Fyrir »7025« kemur 6800

35. — 15. — 23. a. (Bjarni Sæmundsson):
Fyrir »6700« kemur 6800

36. — 15. — 35. a. (Einar Jónsson):
Fyrir »6700« kemur 6800

37. — 15. — 37. Nýr liður;
Til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins í Reykjavík... 1500
Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.

38. — 15. — 38. Nýr liður:
Til orðabókarsjóðs hinnar íslensk-dönsku orðabókar, 4000 kr., að því tilskildu, að ríkissjóður Dana leggi fram 8000 kr.

39. — 16. — 1. (Búnaðarfjelagið):
a. Fyrir »230000« kemur 220000
b. Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að 10000
Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.

40. — 16. — 4. (Jarðræktarlög):
Fyrir »140000« kemur 260000

41. Við 16. gr. 8. a. (Dýralæknar):
Fyrir 10000« kemur 17000
42. — 16. — 8. c. Liðurinn orðist svo:
Til að rannsaka búfjársjúkdóma, enda sjeu skýrslur birtar um árangurinn 4000
43. — 16. — 17. (Bryggjugerð og lendingabætur):
Fyrir »15000« kemur 12000
44. — 16. — 17. Tveir nýir liðir:
a. Til brimbrjóts í Bolungavík, gegn a. m. k. jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá (lokastyrkur), alt að 17500
b. Til lendingabóta í Gerðum í Garði, $^1/_2$ kostnaðar, fyrri fjárveiting, alt að. 7000
45. — 16. — 32. b. (Ferðakostn. og skrifstofufje leiðbeinanda við húsagerð):
Fyrir »1000« kemur 2000
46. — 16. — 34. Nýr liður:
Til vatnsrenslismælinga 2000
47. — 17. — 10. (Stórstúkan):
a. Fyrir »10000« kemur... 12000
b. Athugasemdin falli niður.
48. — 18. — II. f. 23. Nýr liður:
Til Þorleifs Jónssonar póstmeistara 1200
49. — 18. — II. b. 19. Nýr liður:
Ásta Einarson 600
50. — 18. — II. f. 20. (Hans Hannesson póstur):
Liðurinn fellur niður.
51. — 18. — II. f. 23. Nýr liður:
Til Friðriks Jónssonar pósts 300
52. — 18. — II. i 33. (Ásta Einarson):
Liðurinn fellur niður.
53. — 22. — 4. Nýr liður:
Alt að 30 þús. kr. til Mjólkurfjelagsins Mjallar. Lánið veitist til 20 ára með 5% vöxtum og sje trygt með ábyrgð hlutaðeigandi sýslufjelaga.

Nd. **295. Frumvarp**

til laga um fiskiræktarfjelög.

Flutningsm.: Ingólfur Bjarnarson og Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirjett hafa í sama fiskihverfi, að gera með sjer fjelagsskap um fiskirækt, á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

Fiskirækt er hverskonar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskimagn vatna, svo sem klak, innflutningur hrogna eða fiskiseiða, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs.

Fiskihverfi er vatn það eða vötn, straumvötn, stöðuvötn eða hvorttveggja, sem sami fiskistofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að fiskur byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

2. gr.

Nú vilja menn stofna fiskiræktarfjelög við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða hefir stunduð verið í því fiskihverfi, nema veiðirjettur sje með öllu skilinn frá landareign, og skal þá boða eiganda eða eigendur veiðirjettar. Ekki er þó skylt að boða þá til fundar, sem veiðirjett eiga í almenningum stöðuvatna, samkvæmt 126. gr. vatnalaga, nr. 15, frá 20. júní 1923, en skylt er að gera þeim kost á þátttöku, þegar fjelag hefir stofnað verið.

Þegar stofna á fiskiræktarfjelag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal kveðja til fundar alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu.

Nú á fjelag land að fiskihverfi eða veiðirjett í því, og skal þá boða formann fjelags.

Til fundar skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

3. gr.

Nú hefir verið boðað til fundar samkvæmt 2. gr., og skal á fundinum ræða stofnun fjelagsins og verkefni og bóka fundargerð.

Á fundinum hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem boða skal samkvæmt 2. gr. Fela má öðrum umboð til þess að fara með atkvæðisrjett sinn á fundinum, enda sje umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins, samþykkja fjelagsstofnunina, má stofna fjelagið þegar, án frekari undirbúnings.

Nú verður fjelagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, sem búi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþyktar fyrir fjelagið samkvæmt 7. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er, að starfsemi fjelagsins hafi í för með sjer, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eftir.

4. gr.

Nú hefir nefndin lokið störfum, og skal hún þá kveðja til fundar á ný samkvæmt 2. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, sem hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun fjelagsins og taka ákvörðun um hana. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem kvaddir eru til fundar, samþykkja fjelagsstofnunina, skal öllum hinum skylt að gerast fjelagar. Um atkvæðisrjett og atkvæðagreiðslu fer eftir 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Nú mæta ekki á fundi $^2/_3$ þeirra manna, sem boðaðir eru, nje umboðsmenn þeirra. Skal þá undirbúningsnefnd enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem á þeim fundi mæta eða senda þangað umboðsmenn, samþykkja fjelagsstofnunina, skal öllum öðrum, sem boðaðir hafa verið, skylt að gerast fjelagar.

6. gr.

Nú er jörð, sem land á að fiskisvæði fjelagsins, í byggingu með þeim kjörum, að landsdrottinn telur sjer ekki skylt að taka þátt í fjelagsskapnum, og getur þá stofnfundur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast fjelagi í stað eiganda. Afl atkvæða ræður úrskurði. Skylt er landsdrotni, þegar leiguliði fer frá jörð, að greiða eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins.

7. gr.

Nú er stofnun fjelags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykt fyrir fjelagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi boðuðum á sama hátt. Um samþyktina ræður afl atkvæða.

Í samþykt fjelagsins skulu vera ákvæði um:

1. Nafn fjelags, heimilisfang og varnarþing.
2. Verkefni fjelags og fjelagssvæði.
3. Skipun fjelagsstjórnar og starfssvið.
4. Fundarhöld.
5. Reikninga fjelags og endurskoðun.
6. Hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess, sem starfsemi fjelagsins hefir í för með sjer.
7. Sektir fyrir brot á samþykt fjelags.
8. Hvernig samþykt fjelagsins verði breytt.
9. Hvernig fara skuli um fjelagsslit.

8. gr.

Kostnaði þeim, sem starfsemi fjelagsins hefir í för með sjer, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í fjelagsskapnum. Samkvæmt þeirri meginreglu skal semja skrá, er sýnir hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver fjelagsmaður á að greiða. Skrá þessa skal semja með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarandi ára, ef til eru, en annars eftir samkomulagi, og skal hún gilda um 5 ár, nema $^2/_3$ fjelagsmanna samþykki að gera hana að nýju, eða ráðherra skipi svo fyrir.

Gjaldskrá skal lögmætur fjelagsfundur samþykkja. Um hana ræður afl atkvæða.

9. gr.

Samþykt, ásamt kostnaðaráætlun og gjaldskrá, skal fjelagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykt eða gjaldskrá þykja þannig úr garði gerðar, að þær verði ekki staðfestar, sendir ráðherra þær aftur til fjelagsstjórnar með athugasemdum um það, sem ábótavant þykir. Ella staðfestir hann

samþykt og gjaldskrá, svo og er það hefir lagað verið, sem ábótavant þótti. Aldrei má samþykt brjóta í bág við gildandi lög nje almennar grundvallarreglur.

10. gr.

Nú verða eigendaskifti á jörð, sem er á fjelagssvæði, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast fjelagi.

Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar, sem liggur að fiskihverfi, er fiskiræktarfjelag starfar við, en utan fjelagssvæðis, og er þá eiganda hennar eða ábúanda skylt að gerast fjelagi.

11. gr.

Heimilt er að taka í fjelag aðra menn en þá, sem skyldir eru til þátttöku samkvæmt lögum þessum, ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, enda sje inntökubeiðni g.tið í fundarboði.

12. gr.

Nú þykir æskilegt, að fjelag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef $^2/_3$ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja fjelagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun fjelagsins eins og sagt er í lögum þessum. Nú þykir æskilegt, að tvö fjelög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef $^2/_3$ fjelagsmanna í hverju fjelagi samþykkja, enda mæli vatnalíffræðingur með því. Skal þá stofna eitt fjelag, er nái yfir svæði beggja fjelaganna, og fer um stofnun þess eins og segir í lögum þesssum.

13. gr.

Gjöld fjelagsmanna, sem ákveðin eru samkvæmt staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki, og eiga þau sama forgangsrjett í þrotabúi skuldunauts sem skattar eða gjöld til ríkisins.

14. gr.

Í samþykt fjelags má ákveða, að brot á samþykt varði alt að 200 króna sekt, er renni í fjelagssjóð.

Mál út af brotum á lögum þessum eða samþykt fjelags skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk nefndar, sem stjórnir Búnaðarfjelags og Fiskifjelags Íslands skipuðu á síðastliðnu sumri, til þess að annast rannsóknir á veiðivötnum og leiðbeiningar um fiskirækt, og er það samið af ráðunaut nefndarinnar, Pálma Hannessyni.

Ástæður frumvarpsins eru þessar:

Allar þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið á ósöltum vötnum hjer á landi, benda á það, að vötnin geti framfleytt miklu stærri fiskistofni en nú er í þeim. Þetta er og síst að undra, því að um margar aldir hefir veiði verið stunduð hjer af hinum mesta ránskap og hvorki vægt hrygnandi fiski nje ungviði.

Reynsla erlendra þjóða sýnir og skýrt, að með klaki og skynsamlegum

veiðiaðferðum má auka fiskimagn vatna og veiði til mikilla muna. Meðal nágrannaþjóða vorra hefir laxfiskum og ýmsum vatnafiskum verið klakið út um 60—70 ára skeið, og þykir hafa orðið af því mikill árangur. Vjer Íslendingar erum því eftirbátar annara þjóða um þetta mál.

Á síðustu árum hefir vaknað mikill áhugi á fiskirækt víða um land. Klakstöðvar hafa verið reistar á ýmsum stöðum, en flestar eru þær af vanefnum gerðar og margar þeirra eru illa settar og óhaganlegar. Klakið hefir víðast verið haft í hjáverkum og stundað miklu miður en æskilegt er. Árangurinn hefir því víðast orðið lítill eða enginn, og á mörgum þessara stöðva hefir klak lagst niður með öllu eftir 1 eða 2 ár. Ástæður þessa eru einkum tvær: Í fyrsta lagi hafa þær leiðbeiningar um þessi mál, sem menn hafa átt kost á, verið ófullnægjandi. Í öðru lagi hefir skort samtök. Flestar klakstöðvarnar hafa verið reistar og reknar á kostnað einstakra manna. Útbúnaður og umhirða hefir því orðið síðri en skyldi.

Víða hefir verið reynt að koma á samtökum um klak og aðra fiskirækt, en óvíða tekist. Ekki svo mjög af því, að menn hafi verið áhugalausir um fiskiræktunina, heldur af hinu, að undirstöðu samtaka og fjelagsskapar hefir skort.

Nú hefir Búnaðarfjelag og Fiskifjelag Íslands tekist á hendur að veita leiðbeiningar um alt, sem að fiskirækt lýtur, og gera nauðsynlegar rannsóknir á vötnum. En með frumvarpi þessu þykir stefnt að hinu, að skapa undirstöðu undir samtök og fjelagsskap um fiskiræktina. Fiskirækt er í eðli sínu fjelagsmál, sem tekur til allra þeirra, sem veiðilönd eiga að vötnum þeim, sem hún starfar við, og er því aðeins örugg, að engir skerist úr leik. Aftur eru allmikil líkindi til þess, að ýmsir menn, sem hlut eiga að máli, vilji ekki bindast í fiskiræktarfjelag, annaðhvort til þess að komast hjá kostnaði þeim, sem það hefir í för með sjer, eða af því að þeir sjái sjer stundarhag í því að hlíta eigi samþyktum fjelagsins. Af þessum ástæðum hefir þótt nauðsynlegt að tryggja það, að ef ákveðinn meiri hluti manna, sem veiðilönd eiga að vötnum, vilji stofna fiskiræktarfjelög, þá sje hinum skylt að gerast fjelagar.

Frumvarp þetta er sniðið eftir XI. kafla vatnalaga nr. 15, frá 20. júní 1923, sem lýtur að vatnalögum. Fiskiræktarfjelögin eru náskyld fjelögum þeim, sem þar eru talin. Hefir því þótt rjett að láta þau hlíta meginreglum þeim, sem þar eru lögfestar. Ekki þótti fært að fella fiskiræktarfjelögin inn í þennan kafla vatnalaganna með viðauka við 99. gr. 1. lið, því að nauðsynlegt þótti að kveða skýrar á um sum atriði en þar er gert, svo sem fjelagssvæði og gjöld fjelagsmanna. Aftur á móti er felt ýmislegt, sem ekki þótti máli skifta.

Ed. **296 Frumvarp**

til laga um samstjórn tryggingastofnana landsins.

Flutningsm.: Einar Árnason.

1. gr.

Almennar tryggingastofnanir, sem ríkið rekur, stendur í ábyrgð fyrir

eða hefir yfirstjórn á, skulu mynda eina heild, er kallast Tryggingastofnun ríkisins. Skal hún hafa sameiginlega framkvæmdastjórn, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Samábyrgðin, sbr. lög nr. 22 1921, Brunabótafjelag Íslands, sbr. lög nr. 54 1915 og lög nr. 53 1919, og Slysatryggingin, sbr. lög nr. 44 1925, skulu vera sjálfstæðar deildir í Tryggingastofnun ríkisins og hafa þar aðskilinn fjárhag.

Almennar opinberar tryggingastofnanir, sem hjer eftir verða stofnaðar, skulu sem sjálfstæðar deildir vera undir Tryggingastofnun ríkisins, nema öðruvísi verði fyrir mælt í stofnlögum þeirra.

3. gr.

Fyrir Tryggingastofnun ríkisins skipar atvinnumálaráðherra forstjóra, sem jafnframt er framkvæmdarstjóri hverrar sjálfstæðrar deildar innan stofnunarinnar. Forstjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. eftir 3, 6 og 9 ár upp í 5000 kr. Launin skulu greidd af deildum stofnunarinnar með þeirri upphæð hver, sem atvinnumálaráðherra ákveður. Á launin skal greiða verðstuðulsuppbót samkvæmt reglum launalaganna.

Forstjórinn er skyldur að setja við fyrir fjárvörslu sinni, svo sem ráðuneytið kveður á um.

4. gr.

Um skipun gæslustjóra við Samábyrgðina fer eins og segir í 12. gr. laga nr. 23 1921, svo skulu og 2 meðstjórnendur skipaðir við Slysatrygginguna til 3 ára í senn.

5. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. okt. 1928 um Slysatrygginguna og Brunabótafjelag Íslands, og frá sama tíma fellur niður hin sjerstaka framkvæmdarstjórastaða, sem um getur í 23. gr. laga nr. 54 1915, en lögin taka ekki til Samábyrgðarinnar fyr en núverandi framkvæmdarstjóri lætur af stöðu sinni.

6. gr.

2. málsliður 2. gr. laga nr. 44, 27. júní 1925, um slysatryggingar, er úr gildi feldur.

Greinargerð.

Eftir því sem hinum ýmsu stofnunum fjölgar, sem ríkið rekur eða hefir umsjón á, ber meiri nauðsyn til að koma þeim í betra skipulag en nú er, með því t. d. að flokka saman skyldar stofnanir og setja þær undir sameiginlega stjórn. Myndi það gera alt yfirlit gleggra og umsjón kostnaðarminni.

Með þessu frumv. er gerð tilraun í þessa átt, með því að taka 3 helstu tryggingarstofnanirnar og setja þær undir einn forstjóra. Mætti ef til vill bæta þar fleirum við nú þegar, svo sem Vátrygging sveitabæja og væntanlegum Búfjártryggingasjóði.

Verulegur sparnaður ætti að geta orðið að sameiningunni, með því að sameiginlegur rekstur þessara stofnana hlýtur að verða ódýrari en ef þær eru starfræktar hver í sínu lagi. — Starfsfólk þyrfti ekki eins margt, nota mætti sama húsnæðið, ljós og hita fyrir allar deildirnar o. s. frv.

Til frekari glöggvunar fylgir hjer yfirlit yfir rekstrarkostnað þeirra stofnana, er frumv. ræðir um, fyrir árið 1926.

Brunabótafjelag Íslands.

1.	Laun framkvæmdarstjóra og starfsfólks ...	kr. 22499.44
2.	Þóknun til umboðsmanna úti um land ...	— 13768.00
3.	Húsaleiga	— 2400.00
4.	Skrifstofukostnaður, ljós, hiti og ræsting ...	— 1651.52
5.	Símakostnaður, prentun o. fl.	— 1798.81
	Alls	kr. 42117.77

Samábyrgðin.

1.	Laun framkvæmdarstjóra og starfsmanna...	kr. 15272,96
2.	Þóknun til umboðsmanna úti um land ...	— 6636,33
3.	Húsaleiga	— 1020,00
4.	Hiti og ræsting...	— 288,50
5.	Skrifstofukostnaður, prentun o. fl..	— 335,55
	Alls	kr. 23553,34

Slysatryggingin.

1.	Laun stjórnar og starfsfólks...	kr. 11200,00
2.	Húsaleiga	— 720,00
3.	Prentun	— 1368,90
4.	Annar kostnaður	— 537,05
	Alls	kr. 13825,95

Ed. **297. Nefndarálit**

um frv. til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með nokkrum breytingum, sem að mestu mega teljast orðabreytingar, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Eftirlitsskyld eru samkvæmt lögum þessum verksmiðjur, verkstæði og vinnustöðvar, þar sem þrír menn hið fæsta vinna saman að jafnaði, svo og eimkatlar og vjelar, hvorttveggja með þeim undantekningum, sem greinir í lögunum.

2. Við 2. gr. Fyrir »iðju« í 1. málslið komi: vinnu.
3. Við 3. gr. Fyrir orðin »fellur að öllu eða nokkru leyti undir lög þessi« í 1. málslið komi: er eftirlitsskylt samkvæmt lögum þessum.
4. Við sömu gr. Fyrir orðin í niðurlagi greinarinnar »falla undir lögin eða verða undanþegið þeim« komi: háð eftirlitsskyldu eða vera undanþegið henni.
5. Við 6. gr. Síðari málsliður annarar málsgreinar orðist svo:
   Loftrásir skulu vera í öllum vinnustofum, nægilegar til þess að halda þar góðu andrúmslofti, vjelknúðar ef nauðsyn krefur.
6. Við 10. gr. Orðið »sem« í 2. málslið falli burt.
7. Við 11. gr. Fyrir orðið »ganglimi« í 2. málsgr. komi: hreyfihluta vjela.
8. Við sömu gr. Fyrir orðin í 4. málsgr. »lögum nr. 7, 15. júní 1926« komi: gildandi lögum.
9. Við 12. gr. Fyrir »ræstar« í 1. málsgr. komi: settar í hreyfingu.
10. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist: Eimkatlar með lágþrýsting, sem notaðir eru eingöngu til hitunar íbúðarhúsa, eru undanþegnir eftirliti samkvæmt þessum lögum.
11. Við 15. gr. Aftan við orðið »gæslu« í 1. málsgrein komi: eftirlitsskyldra.
12. Við 17. gr. Fyrir orðin »vjel sbr. 10. gr.« í 1. málsgr. komi: eftirlitsskylda vjel.
13. Við 24. gr. Fyrir »svo getur skoðunarmaður« komi: svo getur skoðunarmaður og.
14. Við 28. gr. Fyrir »1. okt.« komi: 1. júlí.

Alþingi, 24. febrúar 1928.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	Jón Þorláksson, frsm.

Nd. **298. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaða.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í Bervík í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu, í Dritvík í sama hreppi, á Broddanesi við Kollafjörð í Strandasýslu og á Vattarnesi í Suður-Múlasýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Verslunarlóðin á Vattarnesi nær yfir 500 metra strandlengju, frá Vattarnestanga vestur fyrir lendingu, en 180 metra á land upp frá flóðmáli í lendingu. Atvinnumálaráðuneytið ákveður takmörk hinna verslunarlóðanna,

samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birtir þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að því er Vattarnes snertir, en um hina staðina, þegar takmörk verslunarlóðanna eru birt samkv. 2. gr.

Ed. **299. Frumvarp**

til laga um niðurlagning Þingvallaprestakalls.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson og Páll Hermannsson.

1. gr.

Þingvallaprestakall er lagt niður.

2. gr.

Þingvallasókn legst til Mosfellsprestakalls í Mosfellssveit, en Úlfljótsvatnssókn til Arnarbælisprestakalls í Ölfusi.

3. gr.

Presturinn að Mosfelli tekur þegar við Þingvallasókn, en kirkjustjórnin sjer fyrir prestsþjónustu í Úlfljótsvatnssókn uns sameining hennar við Arnarbælisprestakall verður komið á.

4. gr.

Presturinn, sem fer frá Þingvöllum vegna niðurlagningar prestakallsins, fær sem biðlaun næstu fimm árin 2000 kr. á ári. Þessi launagreiðsla fellur þó þegar niður, ef presturinn fær veitingu fyrir öðru embætti.

5. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júní 1928.

Greinargerð.

Það er talið líklegt, að nú þyki rjett að leggja niður Þingvallaprestakall, eins og ráðgert var, að komið gæti fyrir, þegar lög nr. 37 frá 1927 voru sett. Ákvæðin í frumvarpinu um sameining Þingvallasóknar við Mosfellsprestakall og Úlfljótsvatnssóknar við Arnarbælisprestakall eru og á þá leið, er þá var gert ráð fyrir.

Presturinn, sem verður að fara frá Þingvöllum, ef prestakallið yrði lagt niður, á ekki kröfu til biðlauna, en eftir atvikum, þar sem svo sjerstaklega stendur á, þykir ekki verða hjá því komist að greiða honum sem skaðabætur biðlaun eins og segir í frumvarpinu.

Nd. **300. Nefndarálit**

um frv. til laga um fræðslumálanefndir.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Ásgeir Ásgeirsson, form. og frsm. Lárus Helgason. Magnús Jónsson, með fyrirvara.
Sveinn Ólafsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **301. Breytingartillaga**

við frv. til laga um fræðslumálanefndir.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. Fyrsti málsliður orðast svo: Fræðslumálanefnd barnaskóla Íslands skipa þessir þrír menn: Fræðslumálastjóri, forstöðumaður kennaraskólans og einn maður, valinn af stjórn barnakennarafjelags Íslands.

Ed. **302. Nefndarálit**

um frv. til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Fram til 1903 voru þjóðkjörnir alþingismenn 30 að tölu, og einungis einn þeirra kosinn í kaupstaðarkjördæmi (Reykjavík). Samtímis stjórnarskrárbreytingu þeirri, er flutti stjórnina heim til landsins, var bætt við kaupstaðina 4 nýjum þingmönnum (lög 3 okt. 1903) án þess að taka neitt þingsæti frá öðrum. Þar næst voru Vestmannaeyjar teknar í tölu kaupstaða 1918, og fylgdi þar með eitt þingsæti. Loks var bætt 2 þingsætum við kaupstaðina (Reykjavík) með lögum nr. 11 1920, einnig án þess að svifta eldri kjördæmin neinu þingsæti. Eru því 8 af núverandi 36 kjördæmakosnum þingmönnum kosnir í kaupstöðum.

Þessi þingmannafjölgun er bein afleiðing af vexti kaupstaðanna. Árið 1916 voru íbúar kaupstaðanna allra 37474, og eru þá rúmlega 4680 kaupstaðarbúar um 1 þingmann, sem er nokkru fleira en í sveitakjördæmunum að meðaltali. Sje einum bætt við, verða sem næst 4170 kaupstaðarbúar um þingmann, og eftir fólkstölu einni saman ætti hið nýja þingsæti að tilfalla Reykjavík, þar sem íbúatalan 1926 var 23224, og yrðu þó enn 4645 íbúar um hvern þingmanna bæjarins. Hafnarfjörður hafði sama ár 3085 íbúa, og hefir því ekki eftir fólkstölunni sama rjett til að fá þingmann sem Reykjavík til að fá viðbótarþingmann.

En hjer kemur fleira til greina en íbúatalan ein. Þó rjett hafi þótt að fjölga þingmönnum kaupstaðanna, þá hefir aldrei þótt ástæða til að láta þá fjölgun haldast alveg í hendur við fólksfjölgunina. Og úr því það er ekki gert, þá verður alveg álitamál, hvort hæfilegt sje, að kaupstaðirnir hafi sem stendur 8 þingmenn eða einum fleira.

Algert nýmæli er það í frv. að fjölga þingmönnum kaupstaða á þann hátt, *að taka þingsæti frá sveitakjördæmunum til þess.* Það hefir aldrei verið gert. Ef farið er inn á þá braut, þá er mjög hætt við áframhaldi, svo framarlega sem kaupstaðirnir halda áfram að fjölga og stækka. Með þessari uppástungu er í rauninni stigið fyrsta sporið til að *flytja þungamiðju valdsins úr sveitunum í kaupstaðina.*

Ef það yrði nú ofan á að stíga þetta afarvarhugaverða byrjunarspor, þá verður þó ekki komist hjá að líta á það, hvort sanngjarnt sje að taka þetta þingsæti frá Gullbringu- og Kjósarsýslu fremur en frá einhverju öðru sveitakjördæmi. Nú eru í landinu 6 tvímenningskjördæmi, önnur en Gullbr.- og Kjósarsýsla, og var íbúatalan 1926 þessi:

		á hvern þm.
Eyjafjarðarsýsla með Siglufirði	6672	3336
Suður-Múlasýsla	5679	2840
Árnessýsla	5235	2618
Skagafjarðarsýsla	4044	2022
Rangárvallasýsla	3650	1825
Norður-Múlasýsla	2923	1462

Í Gullbr.- og Kjósarsýslu utan Hafnarfjarðar voru á sama tíma *4286 íbúar.* Vilji menn taka þingmann úr einhverju hinna núverandi tvímenningskjördæma til þess að gefa Hafnarfirði, þá má ekki taka hann úr Gullbr.- og Kjósarsýslu. Slíkt væri hreint ranglæti, þar sem *3* önnur tvímenningskjördæmi eru fámennari. Ekkert einmenningskjördæmi er nálægt því eins fjölment og Gullbr.- og Kjósarsýsla.

Jeg legg til, að frv. verði felt.

Alþingi, 24. febr. 1928.

Jón Þorláksson.

Nd. **303. Frumvarp**

til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Garða á Akranesi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Að fengnu samþykki hlutaðeigandi sóknarprests, skal ríkisstjórninni heimilt að selja Ytra-Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu prestssetursjörðina Garða á Akranesi ásamt þeim hjáleigum jarðarinnar, er ráðuneytið telur mega selja frá prestakallinu.

2. gr.

Um mat á því, er selt verður, og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **304. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að gera þær bráðabirgðabreytingar á skipulagi bændaskólans á Hólum, sem hjer verða taldar:

a. að auka svo að miklu nemi kröfurnar til verklegs náms nemendanna við jarðrækt, búfjárhirðing og önnur landbúnaðarstörf, enda sitji þeir fyrir inngöngu í eldri deild skólans, sem lokið hafa 8 vikna jarðyrkjunámi.

b. að reka skólabúið fyrir opinberan reikning, ef hentara þykir.

c. að láta verða þær breytingar á kennaraliði skólans og reglugerð hans, sem nauðsynlegar eru.

2. gr.

Landsstjórninni heimilast að láta a-lið 1. gr. einnig koma til framkvæmda við bændaskólann á Hvanneyri.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1928.

Nd. **305. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: enda greiði það ekki hluthöfum arð á því tímabili.

Nd. **306. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 43, 30. júlí 1909 [Prentsmiðjur].

Frá mentamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 25. febr. 1928.

Ásgeir Ásgeirsson, form. og frsm. Sveinn Ólafsson. Jóhann Þ. Jósefsson.
Lárus Helgason. Magnús Jónsson.

Ed. **307. Frumvarp**

til laga um nauðungaruppboð á fasteignum og skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Nú á fasteign eða skrásetningarskylt skip að seljast nauðungarsölu, og fer hún fram með einu uppboði, sem uppboðsráðandi auglýsir þrisvar sinnum í röð í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar. Skal fyrsta auglýsingin birt að minsta kosti 6 vikum áður en uppboð skal fram fara.

Ef sá, er uppboðs beiðist, óskar frekari auglýsingar, sjer hann sjálfur um það. Þó skal uppboðsráðandi, um leið og hann sendir uppboðsauglýsinguna til birtingar, skýra eiganda frá uppboðinu, í ábyrgðarbrjefi eða á annan tryggilegan hátt, ef vitanlegt er, hver hann er og hann er búsettur hjer á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928 og frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagaboð:

Opið brjef 22. apríl 1817, 3. gr.,

Tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., að því leyti sem hún snertir auglýsingu nauðungaruppboða,

og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Nd. **308. Nefndarálit**

um frumv. til laga um mentamálanefnd Íslands.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin telur rjett að lögfesta þá skipun, sem frv. gerir ráð fyrir, en álítur rjett að breyta frv. í nokkrum atriðum, sem meira snerta form en efni.

Eftir frv. er mentamálanefnd Íslands ætlað töluvert víðtækt vald og umfangsmikið starf, þegar stundir líða. Þykir oss þess vegna tryggilegra að hafa hana skipaða fimm mönnum en þrem. Einnig þykir betur fara á því að ákveða þegar í upphafi einhverja árlega þóknun til nefndarmanna í fjárlögum, svo sem 200 kr. hverjum. Ennfremur viljum vjer láta söfnuði frjálsa um það, hvort þeir nota milligöngu nefndarinnar við kaup á altaristöflum eða ekki.

Út af framansögðu leggjum vjer til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir »þriggja« í fyrsta málslið komi: fimm.
   b. Fyrir »mentamálanefnd« í sama málslið komi: mentamálaráð.
   c. Fyrir »Nefndin skiftir sjálf« í þriðja málslið komi: mentamálaráðið skiftir sjálft.
   d. Fyrir »og starfar . . . með fjárlögum« komi: og skal þóknun fyrir störf þess ákveðin í fjárlögum. Annar nauðsynlegur kostnaður greiðist af skrifstofufje stjórnarráðsins.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir »mentamálanefndar« í upphafi greinarinnar komi: mentamálaráðs.
   b. Fyrir »á fjárlögum« í b-lið komi: í fjárlögum.
   c. Við d-lið. Liðurinn orðist svo:
      Að kaupa altaristöflur í kirkjur þjóðkirkjusafnaða, ef þess er óskað og fje er lagt fram til kaupanna.
   d. Fyrir »nefndin« í öðrum og fjórða málslið e-liðar komi: Mentamálaráðið.
   e. Fyrir »mentamálanefnd« í g-lið komi: mentamálaráðinu.
3. Við fyrirsögn. Fyrir »mentamálanefnd« komi: mentamálaráð.

Alþingi, 24. febr. 1928.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Sveinn Ólafsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Lárus Helgason. Magnús Jónsson, með fyrirvara um sjálft frv.

Nd. **309. Frumvarp**

til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

6. gr. jarðræktarlaganna orðist svo:

Sjerhver sá, er á rjett til að fá styrk af opinberu fje samkvæmt lögum þessum, skal vera fjelagi í búnaðarfjelagi hrepps eða bæjar.

Búnaðarfjelag Íslands hefir eftirlit með öllum jarðræktarfyrirtækjum, sem unnin eru samkvæmt lögum þessum. Eftirlitið er falið trúnaðarmönnum, sem Búnaðarfjelag Íslands skipar, í samráði við búnaðarsamböndin. Fjelagið fær mönnum þessum ítarleg erindisbrjef. Borgun fá þeir frá hlutaðeigandi sambandi og hreppsbúnaðarfjelagi, eftir reglum, sem Búnaðarfjelag Íslands setur í samráði við búnaðarsamböndin.

Stjórn hreppsbúnaðarfjelags skal árlega færa inn á skrá, samkvæmt því formi er Búnaðarfjelag Íslands ákveður, allar jarðabætur hvers einstaklings á fjelagssvæðinu.

2. gr.

Fyrir orðin: »og má þá veita . . . . kostnaðar við verkið«, í niðurlagi 7. gr. komi: og skal þá veita þeim, er verkið ljet framkvæma, styrk úr ríkissjóði, er nemi kr. 1.50 fyrir hvert metið dagsverk.

3. gr.

8. gr. orðist svo:

Nú sljettar maður tún sitt eða eykur eða ræsir fram til túngræðslu, eða girðir tún eða land, sem tekið er til ræktunar, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemur 1 kr. fyrir hvert metið dagsverk, ef sannað er fyrir Búnaðarfjelagi Íslands, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er um ræðir í 9. og 11. gr.

4. gr.

10. gr. fellur niður.

5. gr.

Upphaf 12. gr. orðist svo:

Nú gerir maður nýjan matjurtagarð, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi 30 aurum á hvert metið dagsverk, þar með talinn girðingarkostnaður, en eigi áburður.

Fyrir »400« í niðurlagi greinarinnar komi: 200.

6. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Atvinnumálaráðuneytið gefur út reglur, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, um hversu votheystóftir skulu gerðar og hvar settar. Nú hefir sá, er

gera lætur votheystóft eftir að reglur þessar eru gefnar út, fylgt þeim í öllu, og Búnaðarfjelag Íslands telur, að hann hafi brýna þörf fyrir tóftina, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi 50 aurum fyrir hvert metið dagsverk.

7. gr.

13. gr. laganna fellur niður.

8. gr.

Aftan við 14. gr. bætist:

Ágreining um kostnað við fyrirtæki þau, sem styrk fá úr ríkissjóði samkvæmt þessum kafla, úrskurðar ráðherra. Minni vinna hjá hverjum einstökum en 5 dagsverk nýtur ekki styrks samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

27. gr. orðist þannig:

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð er bygð, skal jafnan, þar sem við getur átt, ákveðið í byggingarbrjefinu, að leiguliði megi vinna af sjer landsskuld og leigur með jarðabótum á leigujörð sinni. Jarðabætur, sem leiguliði greiðir leigu og landsskuld með, skulu metnar til þeirrar greiðslu alt að kr. 3,50 hvert dagsverk.

Sama rjett hafa landsetar ríkissjóðs, sem nú eru, þar með taldir prestar og bændur á hjáleigum prestssetra, þó afgjald hjáleignanna sje metið upp í heimatekjur presta.

Með landsskuld af jörðum telst í þessu sambandi afgjald eftir allar jarðarnytjar, svo sem veiði, varp o. fl., þó að sjerstaklega sje metið.

10. gr.

29. gr. orðist svo:

Nú vill leiguliði á þjóðjörð eða kirkjujörð vinna af sjer landsskuld og leigur, eins og segir í 27. gr., að nokkru eða öllu leyti, og skal honum það heimilt með þeim jarðabótum, sem nefndar eru í II. kafla jarðræktarlaganna, 7.—13. gr. — Engin jarðabót er gild borgun upp í landsskuld og leigur, nema fullgerð sje og vel af hendi leyst að áliti Búnaðarfjelags Íslands, í gjalddaga þeirrar landsskuldar eða leigna, er greiða á með henni.

11. gr.

Um verkfærakaupasjóð.

Styrkur úr ríkissjóði til hreppabúnaðarfjelaga skal nema 10 aurum fyrir hvert unnið dagsverk. Styrkurinn skiftist hlutfallslega milli búnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Styrk þennan skal leggja í sjóð, sem nefnist verkfærakaupasjóður.

Í sjóðinn skal auk þess árlega greiða úr ríkissjóði 20 þúsund krónur, er skiftist milli hreppabúnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju

fjelagi. Sú upphæð, er sjóði hvers hreppabúnaðarfjelags ber samkvæmt því, er að ofan getur, skal vera sjereign hvers fjelags.

Tilgangur sjóðsins er að ljetta undir með bændum, einstökum eða fleirum í fjelagi, að eignast hestaverkfæri til jarðræktar eða heyvinnu.

Fje sjóðsins skal fyrst og fremst varið til að kaupa hestaverkfæri handa bændum. Þó er búnaðarfjelagi heimilt, ef minst 10 fjelagsmenn óska, að kaupa jarðræktarvjelar, enda sjeu þær þá eign fjelagsins.

Fjelögin ákveða sjálf, hverra verkfæra þau æskja frá Búnaðarfjelagi Íslands og hvort þau nota þau sem fjelagseign eða skifta þeim milli einstakra fjelagsmanna.

Fjelögin leggi fram jafna upphæð styrknum til verkfærakaupanna. Skulu umsóknir sendar Búnaðarfjelagi Íslands.

Búnaðarfjelag Íslands sjer um útvegun verkfæranna og ákveður, af hvaða gerð þau skuli vera og gæðum.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn verkfærakaupasjóðs, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

Nánari ákvæði um starfsemi verkfærakaupasjóðs setur atvinnumálaráðuneytið í reglugerð, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

12. gr.

VII. og VIII. kafli jarðræktarlaganna (41.—43. gr.) falla niður.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **310. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Lárusi Helgasyni.

Við 1. gr.

a. orðin »hvers einstaklings« í síðustu málsgrein falli burt.

b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, þannig:

Bæjar- og hreppsfjelög hafa jafnan rjett og einstakir menn til styrks samkvæmt lögum þessum.

Ed. **311. Lög**

um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Afgreidd frá Ed. 25. febr.).

1. gr.

Í stað orðanna »til ársloka 1928« í niðurlagi 1. gr. laganna komi »til ársloka 1930«.

2. gr.

Embættismenn, sem búsettir eru í sveitum, skulu njóta sömu dýrtíðaruppbótar sem aðrir.

Nd. **312. Frumvarp**

til laga um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson og Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Í landhelgi við Ísland skulu vera bannaðar veiðar með allskonar dragnótum, þar á meðal kolanótum — Snurrevaad.

2. gr.

Nú er skip, er slík veiðarfæri notar, í landhelgi, og skulu þá öll veiðarfæri vera í búlka innanborðs.

3. gr.

Eigendum jarða þeirra, er að sjó liggja, og þeim, er afnotarjett hafa á þeim jörðum, skal þó heimilt að draga ádráttar- og fyrirdráttarnætur á land.

4. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 5000—10000 gullkróna; skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, 2000—5000 gullkr. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., er um ítrekað brot er að ræða.

Leggja má lögbald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

5. gr.

Hver sá, er leiðbeinir skipi við dragnótaveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 500—5000 gullkróna. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem staddur er í dragnótaveiðiskipi, eða á bát við skipshliðina, þegar það er á veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á skipinu.

6. gr.

Skipstjóri, er gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, er getur um í 4. gr., sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mán-

aða einföldu fangelsi. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 4. gr.

7. gr.

Sektarfje eftir lögum þessum, svo og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri, rennur í landhelgissjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seku upptæk veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sje fyrir hendi.

8. gr.

Mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27, 20. júní 1923, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi, og þau ákvæði, er kunna að vera sett samkvæmt þeim.

Greinargerð.

Árið 1923 setti Alþingi lög »um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi«. Voru lög þessi borin fram að tilhlutan ráðuneytis atvinnumála og stjórnar Fiskifjelags Íslands, er samið hafði frumvarpið.

Tildrög lagasetningar þessarar voru þau, að fram höfðu komið »mjög ákveðnar kröfur frá mönnum við sunnanverðan Faxaflóa og víðsvegar að, um að dragnótaveiðar« yrðu »bannaðar með lögum innan landhelgi«. Höfðu slíkar veiðar einkum verið stundaðar »í landhelgi inni á instu víkum og vogum þar syðra«. Segir svo ennfremur í greinargerð lagafrumvarpsins: »Það er álit kærenda, að dragnót þessi (þ. e. »Snurrevaad«) sje engu síður skaðleg á fiskveiðum fyrir veiðarfæri, svo sem handfæri, lóðir og net, eins og fiskigöngur, heldur en hin alþekta svonefnda botnvarpa (Ottertrawl), og hafa þeir krafist þess, að umrædd dragnót væri látin hlíta sömu lögum. Hinsvegar hafa þeir bæjarfógetarnir í Hafnarfirði og Reykjavík, sem báðir hafa látið álit sitt uppi um málið, ekki getað fallist á, að heimfæra beri notkun dragnóta þessara undir lög nr. 5, frá 18. maí 1920, en líta svo á, að athuga beri, hvort eigi sje nauðsynlegt að banna með lögum veiðar með allskonar dragnótum í landhelgi hjer við land, og í því skyni bent málinu til stjórnarráðsins, sem hefir svo leitað álits stjórnar Fiskifjelags Íslands og jafnframt kynt sjer, hvernig löggjöf annara þjóða væri háttað að þessu lútandi, og komist að raun um, að í Skotlandi eru gildandi lög, sem banna veiðar í landhelgi með dragnót (Snurrevaad), nema á vissum svæðum með undanþágum«.

Tillögur stjórnar Fiskifjelagsins ollu því, að ekki var sett fullkomið bann gegn dragnótaveiði á Alþingi 1923. Stjórn fjelagsins leit svo á, »að þar sem nægileg reynsla sje ekki fengin fyrir skaðsemi dragnótaveiða á fiskigöngur, eða [skaðsemi fyrir] veiðar með öðrum tækjum, svo sem lóðum, handfærum og netjum«

— — »þá sje of snemt að banna hana algerlega«. Voru því lögin einungis heimildarlög til þess að banna veiðar þessar í landhelgi, þar sem krafist væri.

Síðan hafa verið friðlýst nokkur svæði við sunnanverðan Faxaflóa, samkvæmt þessum lagaheimildum, en ýmsar kröfur frá Norðurlandi (og líklega víðar að) hafa verið að engu hafðar, vegna andróðurs frá stjórn Fiskifjelags Íslands.

Við flm. þessa frv. erum eindregið þeirrar skoðunar, að rjettara hefði verið þegar árið 1923 að taka af skarið í þessu máli og láta hverskonar dragnótaveiði skipa í landhelgi falla undir sömu greinir laga sem aðra botnvörpuveiði.

Við hyggjum, að dragnótaveiði á grunnmiðum, inni á víkum og vogum og í fjarðarbotnum, muni vera einhver hin allra skaðlegasta veiðiaðferð, sem þekst hefir hingað til, og jafnvel verri en allar þær til samans, sem tíðkast hafa hingað til, fyrir uppvöxt nytjafiska, ef þessi veiði er rekin með nokkurri verulegri atorku.

Dragnótaveiði hefir verið rekin í Danmörku um hálfa öld og verið þar gagnsöm; hjerlendis hefir hún þekst um 30 ár og verið stunduð lítilsháttar öðru hverju, en aldrei orðið landsmönnum til verulegs gagns og víst óhætt að fullyrða, að tilraunir þær, sem hjer hafa verið gerðar af landsmönnum, hafi orðið útgerðarmönnunum sjálfum oftar til tjóns en gagns. Þessi veiðiaðferð hefir því aldrei orðið Íslendingum neinn atvinnuvegur. Á hinn bóginn hafa verið hjer nokkur útlend skip á síðustu árum, er rekið hafa veiðina undir dönsku flaggi, meira eða minna löglega, og hafst mest við inni í fjarðarbotnum.

Þar sem þessi veiðiaðferð hefir ekki orðið Íslendingum til gagns, en er á hinn bóginn bersýnilega mjög skaðleg fyrir vöxt og þróun ungviðis fiska á grunnmiðum, þá virðist óþarft að hika við að friðlýsa alla landhelgi nú þegar fyrir þessum veiðum.

Það virðist ekki varlegt nje viturlegt að bíða þess, »að nægileg reynsla sje fengin fyrir skaðsemi dragnótaveiða á fiskigöngur«, — enda nokkuð vafasamt, hversu úr því skal skera. Við viljum byrgja brunninn áður en barnið er í hann fallið. Vjer Íslendingar höfum verið andvaralausir um eyðing skóga á Íslandi, þangað til þeir voru eyðilagðir, til ómetanlegs tjóns fyrir land og lýð. Slíkt mætti eigi henda með svipuðum hætti um fiskveiðar vorar.

Lög vor um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi hafa harðar refsingar gegn brotum, og hefir brytt á því af hálfu lögbrjóta, sem eru þegnar stórþjóðanna í nágrenni voru, að sektarákvæði laganna væru alt of há, og hafa þeir þrásinnis reynt að fá stjórnir landanna til þess að taka í strenginn. En þá hefir það komið fram af hálfu hinna æðstu valda þessara frændþjóða vorra, að þær vilja sætta sig við að þola Íslendingum lög, vegna þess, að þær viðurkenna, að friðun landhelginnar sje í þágu þessara þjóða sjálfra vegna viðkomu og uppeldis ungfisksins.

Þessi afardýrmæta viðurkenning Englendinga og Þjóðverja yrði í hættu sett fullkomlega, ef þjóðir þessar sæju, að landhelgisfriðunin væri gerð að hjegóma með öðrum veiðitækjum, sem eyða mundu og uppræta fiskinn á grunnmiðum Íslands. Það eftir því mjög viðurkenning og virðing þjóðanna fyrir landhelgisfrið-

un Íslands, að afnumin sjeu undanbrögð þau, sem í dragnótaveiðunum eru fólgin. Og þessi friðun mundi verða þjóðinni hin besta viðspyrna til þess að fá framgengt friðun alls Faxaflóa og annara flóa utan landhelgi fyrir notkun veiðitækja, sem stórskaðlegust eru talin tímgun og uppeldi þeirra nytjafiska, sem þjóðirnar viðurkenna, að varðveita verði gegn uppgripaveiðitækjum á uppeldisstöðvum þeirra.

Við hyggjum óþarft að banna ádrátt eða fyrirdrátt úr landi, þar sem þar er um »nótlög« að ræða, er liggja innan við almennings landhelgi, enda lítil svæði stranda vorra móts við alla strandlengjuna, þar sem þeirri veiði verður við komið, og sláum varnagla við því í frumvarpinu.

Að öðru leyti mun málið verða skýrt nánar við framsögu.

Ed. **313. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um þetta mál.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykt með nokkrum breytingum. Eru breytingar þessar gerðar í samráði við dýralækni Hannes Jónsson, sem nefndin hefir haft til ráðuneytis um málið.

En þótt meiri hlutinn (E. Á. og J. Bald.) sje sammála um stefnu þá, sem kemur fram í breytingartillögu E. Á. á þskj. 314, þá er þó ágreiningur milli þeirra um einstök atriði tillögunnar. J. Bald. vill hafa undanþegnar banni sumar þær vörutegundir, sem taldar eru upp í *d*-lið á þskj. 314. Ber hann því fram sjerstaka brtt. á þskj. 315.

Að öðru leyti leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

Atvinnumálaráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á öðrum þeim vörum, sem hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.

Alþingi, 27. febr. 1928.

Einar Árnason,	Jón Baldvinsson,
form. og frsm. meiri hl.	fundaskrifari.

Ed. **314. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Frá Einari Árnasyni.

Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Bannaður er allur innflutningur á þessum vörutegundum:

a. Heyi, hálmi, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk, gömlum og notuðum pokum og tuskum allskonar.

b. Ull.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu fyrir ull til verksmiðjuiðju, enda sje hún sótthreinsuð utanlands eða innan, undir öruggu eftirliti.

c. Notuðum fatnaði, fiðri, fjöðrum, dún, stráteppum, körfum úr strái, dýrahári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem: burstavörum, penslum, kústum og hrosshársborðum.

Á vörum, sem taldar eru í þessum lið, kemur þó innflutningsbann ekki til framkvæmda, ef vörurnar sótthreinsast við tilbúning eða hreinsun, eða ef þær eru sótthreinsaðar áður en þær voru fluttar á skip, enda fylgi farmskránni vottorð um uppruna og vinslu varanna eða sótthreinsun.

Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að fyrirskipa sótthreinsun á tjeðum vörum, er þær koma hingað til lands, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

d. Fóðurkökum, rófum, kartöflum, káli og öðru hraðvöxnu grænmeti, mjólkurafurðum og eggjum.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu frá innflutningsbanni á vörum þessum í einstökum tilfellum og fyrir lönd og landshluta.

Ed **315. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 314 [Gin- og klaufaveiki].

Frá Jóni Baldvinssyni.

Fyrri málsgrein d-liðar skal orða svo: Fóðurkökum, rófum, káli og öðru hraðvöxnu grænmeti.

Nd. **316. Lög**

um aukna landhelgisgæslu.

(Afgreidd frá Nd. 27. febr.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem verða má, láta byggja nýtt skip til landhelgisgæslu.

2. gr.

Til byggingar skipsins skal verja fje úr landhelgissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 317. Frumvarp

til laga um hlunnindi fyrir lánsfjelag.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Ef myndað verður hjer á landi fjelag í þeim tilgangi að veita lán gegn veði í fasteignum, á svipuðum grundvelli og fasteignalánsfjelög erlendis, er fjármálaráðherra heimilt að veita fjelagi þessu þau hlunnindi, sem í 2.—4. gr. getur.

2. gr.

Fjelagið er undanþegið öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum og vaxtabrjef þess skulu ávalt njóta sama skattfrelsis og skuldabrjef ríkisins. Svo á það og rjett til að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálft sig.

3. gr.

Heimilt er að verja fje ómyndugra og opinberra sjóða til þess að kaupa vaxtabrjef fjelagsins.

4. gr.

Um sölu á fasteignum hafi fjelagið sömu rjettindi og veðdeild Landsbankans.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilefnið til þess, að frv. þetta kemur fram, er það, að fengist hefir á síðastliðnu hausti ákveðinn ádráttur um það hjá fjármálamannafjelagi einu (Nordisk Trust Kompagni), að ef stofnað yrði á Íslandi lánsfjelag (Kreditforening), sem væri með líkum hætti og slík fjelög erlendis, væru þeir fúsir til að kaupa eða sjá um afsetningu á vissri upphæð af verðbrjefum fjelagsins.

Þess skal getið, að eitt aðalmarkmið þessa fjelags mun einmitt vera milliganga um að koma fyrir og gera arðberandi ameríska fjármagn og að þetta sama

fjelag hefir tekið að sjer sölu á verðbrjefum suðurjósks lánsfjelags, sem nýlega mun vera stofnað.

Lánsfjelög hafa sjerstaklega verið þýðingarmiklar stofnanir í Danmörku, og er þar alment viðurkent, að þau hafa gert mikið gagn og leyst hlutverk sitt prýðilega af hendi. Þeir kostir, sem vjer álítum að slík stofnun hefði, sem viðbót við núverandi skipulag, eru sjerstaklega þeir, að slík stofnun myndi veita töluvert hærri lán en nú er gert, eða alt að 60% af matsverði, en það, sem sjerstaklega háir nú þeim, sem byggja, eykur byggingarkostnaðinn og dregur úr nauðsynlegum byggingarframkvæmdum, eru hin erfiðu kjör á lánum þeim, sem ekki eru trygð með 1. veðrjetti. Slík lán eru oft einkalán og lánveitendur nota sjer oft og einatt aðstöðu sína til að skattleggja þá, sem í byggingar og framkvæmdir ráðast, allharðvítuglega. Með því að lána hærra en nú er gert með veðlánakjörum væri vafalaust að nokkru dregið úr þeim annmarka, sem hjer er á lánakerfi voru.

Nefna má og það, að slík stofnun sem hjer er nefnd myndi og ætti að hafa vakandi auga á lánamarkaðinum erlendis og reyna að sitja um að selja verðbrjef á slíkum tímamótum, að sem best kjör fáist. Því það er kunnugt þeim, sem fylgst hafa með gangi hagsveiflna, að gengi verðbrjefa fylgir þar föstum lögmálum.

Þess má og geta, að slíkar lánveitingar myndu vafalaust losa töluvert fje fyrir bankana, sem þá væri hægt að veita að almennum atvinnurekstri.

Ekki er líklegt, að fjelagið fái í fyrstu eins góð kjör og fengist hafa á síðustu ríkissjóðslánum handa veðdeild, en það mun fyllilega jafnað upp með lánaupphæðinni.

Það skal tekið fram, að þetta lánsfjelag er að nokkru leyti hugsað frábrugðið eldri dönsku lánsfjelögunum, en sniðið eftir hinu suðurjóska, sem áður er getið. Í eldri dönsku lánsfjelögunum eru það lánþegar, sem stjórna fjelaginu, hafa sameiginlega ábyrgð í flokkum, enda er varasjóður eign lánþega. Fjárhagslega er líka þetta fjelag samvinnufjelag, þannig að lánþegar eiga varasjóðinn (eftir flokkum), í hlutfalli við stærð viðskifta sinna, og ábyrgðin er sameiginleg, en stjórnarfarslega er það ekki samvinnufjelag, því það eru ábyrgðarmennirnir, sem stjórna fjelaginu. Slíkt fyrirkomulag veitir hinum erlendu lánveitendum tvennskonar tryggingu: 1) aukatryggingu, þar sem er ábyrgðarupphæðin, og 2) líkur til, að fjelaginu verði stjórnað og lánveitingum hagað gætilega, þar sem það eru ábyrgðarmennirnir sem slíkir, en ekki lánþegar, sem stjórna fjelaginu. Á þennan hátt fást því betri vaxtakjör, sem eðlilegt er, þar sem erlendir fjármálamenn eiga í hlut, sem ekki geta með eigin augum fylgst með rekstri fjelagsins.

Frumvarp að reglugerð fyrir lánsfjelag verður lagt fyrir nefnd þá, er fær málið til umsagnar.

Nd. **318. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

1. Við 2. gr.
   a. Fyrir »raufalínum« á tveim stöðum í fyrstu málsgr. kómi: riflínum.
   b. Feitletruðu orðin »Fyrirmynd . . . kjörseðli« í annari málsgr. falli burt.
2. Við 4. gr. Eftir 3. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýta seðilinn ásamt fylgibrjefinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýtur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórna ásamt hinum gildu atkvæðum. Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýst.
3. Við 6. gr.
   a. Fyrsta málsgrein orðist þannig:
   Þegar á kjörfund kemur, athugar kjörstjórnin, hvort innsigli atkvæðakassans sjeu heil og óskömdduð, opnar síðan kassann og tekur úr honum umslögin og varðveitir þau á meðan atkvæðagreiðsla fer fram. Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörstað. Ef svo reynist, að sá, sem brjefið er frá, standi á kjörskrá og hafi eigi greitt atkvæði á kjörstað, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritið af kjörskránni. Komi fram umslag með ónýtum seðli, skal kjörstjórnin athuga fylgibrjefið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ógilda seðla, sem hún sendir til yfirkjörstjórnar.
   b. Við 3. málsgr. Orðin »um leið . . . byrjar« falli burt.
4. Við 9. gr. Orðin »Heimilt er þó . . . ónýta hann« falli burt.

Nd. **319. Nefndarálit**

um frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að sanngjarnt og sjálfsagt sje að verða við þessari ítrekuðu ósk Norðfirðinga, þar sem um jafnfjölmennan bæ er að ræða og sem þar að auki er í fjölgun og uppgangi. Meiri hluta nefndarinnar er það ljóst, að núverandi stjórnarfyrirkomulag á málefnum kaupstaðarins er úrelt og hemill á framförum og viðgangi hans. Það, sem einkum hefir verið fært

fram sem ástæða á móti frv., eru hin auknu útgjöld fyrir ríkissjóð. En benda má á það, að Norðfjörður virðist hafa sanngirniskröfu til þess, að ríkið leggi nokkurt fje af mörkum til löggæslu og innheimtu, þar sem tekjur ríkisins úr kaupstaðnum hafa um undanfarin ár verið 150—200 þúsund krónur. Enda má fullvíst telja, að hag ríkissjóðs muni betur borgið með þeirri breytingu á stjórn kaupstaðarins, sem frv. fer fram á.

Af framantöldum ástæðum leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 27. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson,	Hjeðinn Valdimarsson,	Bernh. Stefánsson.
form. og frsm.	fundaskrifari.	

Ed. **320. Frumvarp**

til laga um verkakaupsveð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Verkamenn þeir, konur jafnt sem karlar, sem vinna við síldarútgerð, án þess að vera skráðir hásetar á síldveiðiskip, hafa lögveð í öllum síldarafurðum þeim, er á land flytjast hjá atvinnurekanda þeim, er þeir vinna hjá, til tryggingar greiðslu á umsömdu kaupi, hvort sem það er mánaðar-, viku- eða tímakaup, eða ákvæðisvinna við verkun síldar.

Lögveð þetta, er nefnist verkakaupsveð, nær til allra síldarafurða, þar með talin ný síld, krydduð, söltuð eða verkuð á annan hátt, einnig til tunna, salts og krydds, sem notað er við síldarútgerð, svo og til þess, sem unnið er úr síld, svo sem lýsi og síldarmjöl.

Lögveðið gengur næst á eftir opinberum gjöldum, sem á veðinu kunna að hvíla, en gengur fyrir öllum samningsbundnum veðskuldbindingum.

2. gr.

Þegar síldarafurðir, tunnur, salt eða krydd er selt á nauðungaruppboði, þá fellur niður verkakaupsveð í hinu selda, en veðhafi á þá í stað þess veðrjett í kaupverði hins selda, meðan verðið er ekki af hendi greitt. Nú selur eigandi eða umráðamaður síldar síld eða annað það, sem lögveð hvílir á samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa losað veðið með því að greiða kaup fólksins. Skal hann þá teljast brotlegur við lög þessi og sæta sektum samkvæmt 8. gr. þeirra. Verkakaupsveð fellur niður, þegar vörur þær, sem verkakaupsveð hvílir á, eru seldar í hendur kaupanda.

3. gr.

Nú lætur verkakaupsveðhafi ganga að veði með fjárnámi að undangengnum dómi, og skulu fjárnámsvottar þá meta, hversu mikið af veðinu skuli selja til greiðslu veðkröfunnar. Heimilt er skuldunaut við slíkt fjárnám að segja til um það, að hverju af veðinu skuli fyrst gengið.

4. gr.

Verkakaupsveðrjettur fellur niður, ef honum er ekki framfylgt með lögsókn, áður en ár sje liðið frá því að krafan, sem veðið er fyrir, fjell í gjalddaga.

5. gr.

Heimilt er verkafólki að krefjast þess, að mál, sem höfðað er til greiðslu verkakaups eða um gildi verkakaupsveðs, sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, eða verkakaupsveð er sett samkvæmt lögum þessum, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvistarþing annarsstaðar.

Rjettargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

6. gr.

Nú ætlar atvinnurekandi að flytja burt af síldarverkunarstöð sinni síldarafurðir, tunnur, salt, krydd eða annað, sem verkakaupsveð hvílir á, og geta þá þeir, er verkakaupsveð hafa í síldarafurðunum, tunnunum, saltinu, kryddinu eða öðru, krafist kyrsetningar á því og þurfa enga tryggingu að setja fyrir kyrsetningunni. Krefjast má, að staðfestingarmál út af kyrsetningunni sje rekið að hætti einkalögreglumála eftir ákvæðum 3. gr. þessara laga.

7. gr.

Samningar þeir á milli atvinnurekenda og verkafólks, sem fara í bága við lög þessi, eða undanþiggja verkakaupsveð, skulu ógildir.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—50000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum, og skulu mál út af afbrotunum rekin sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **321. Frumvarp**

til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.
(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði, þegar fje er fyrir hendi, alt að 70 þús. krónum, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja, til viðgerðar og endurbóta á hafnargörðunum í Vestmannaeyjum. Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **322. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það liggur fyrir frá Ed.

Alþingi, 27. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, form., með fyrirvara.	Hjeðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskrifari.	Bernh. Stefánsson.

Nd. **323. Breytingartillögur**

við frv. til laga um kynbætur nautgripa.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

1. Aftan við fyrstu málsgrein 3. gr. komi: og er öllum óheimilt að nota önnur naut til undaneldis, hvort heldur er fyrir sjálfa sig eða aðra, en þau, sem til þess hafa verið valin af kynbótanefnd, nema samþykki hennar komi til.
2. Við 7. gr. Fyrir »8 kr.« komi: 10 kr.

Nd. **324. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

I. 9. gr. orðist svo:

Leiguliðar á þjóðjörðum og kirkjujörðum, þar með taldir prestar, og leiguliðar á hjáleigum prestssetra skulu njóta þriðjungi hærri styrks en veittur er samkv. II. kafla laganna.

II. 28., 29. og 30. grein laganna falli niður.

Nd. **325. Nefndarálit**

um frv. til laga um eignarnám á Nikulásarkeri í Norðurá.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: ef ekki getur orðið samkomulag um kaup eða afnot.
2. Við 2. gr. Fyrir orðin »hverfa ráðin« í 2. málslið komi: hverfur rjetturinn.

Alþingi, 28. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari. Bernh. Stefánsson, frsm.

Magnús Guðmundsson, Hákon J. Kristófersson.

Nd. **326. Nefndarálit**

um frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar er í öllum aðalatriðum sammála um að leggja með því, að frv. þetta verði samþykt.

En nokkrar breytingar vill meiri hlutinn þó gera á frv., og snertir það aðallega launakjör skipverja þeirra, sem frv. ræðir um. Svo vill meiri hlutinn heimila ráðherra þeim, er varðskipin heyra undir, að víkja starfsmanni á varðskipinu úr stöðu, en þó slá þann varnagla um leið, til að tryggja rjett hans, að sjávarútvegsnefndir Alþingis fallist á ráðstöfunina.

Þá þykir meiri hlutanum rjett, að vjelstjórar sjeu svo margir á varðskipum landsins eins og lög um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum gera ráð fyrir.

Um 6. gr. er ágreiningur. Vill J. Bald. fella síðari málsliðinn. Mun hann flytja sjerstaka breytingartillögu um það. En meiri hlutinn er sammála um að flytja við frv. svo látandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Dómsmálaráðherra getur þó vikið mönnum þessum úr starfi áður en samningstíminn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti. Þó er slíkur brottrekstur ekki lögmætur, nema meiri hluti sjávarútvegsnefnda í báðum deildum Alþingis samþykki á sameiginlegum fundi brottvísun á næsta þingi eftir að afsetningin fór fram.
2. 7. grein frumvarpsins skal falla niður.
3. 9. grein skal orða svo:
   Skipstjóri á varðskipi skal hafa að byrjunarlaunum 5800 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 400 krónur upp í 7000 kr. á ári.
   Yfirstýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3600 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 300 kr. upp í 4500 kr. á ári.
   Annar stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár upp í 3600 kr. á ári.
   Þriðji stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2800 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár upp í 3200 kr. á ári.
   Á varðskipi með 700 hestafla vjel eða stærri skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:
   Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 5600 kr. á ári.
   Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr. á ári.
   Þriðji vjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 3600 kr. á ári.
   Á varðskipi, sem hefir minni vjel en 700 hestöfl, skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:
   Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, er hækka árlega um 100 kr. upp í 5000 kr. á ári.
   Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, er hækka árlega um 100 kr. upp í 3800 kr. á ári.
   Starfsmenn þessir njóta allir dýrtíðaruppbótar á launin eftir sömu reglum sem gilda fyrir starfsmenn ríkisins.
4. Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 27. febr. 1928.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari og frsm.

Nd. **327. Breytingartillaga**

við frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 6. gr. Síðari málsliður greinarinnar skal falla niður.

Nd. **328. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá allsherjarnefnd.

Enda þótt nefndin sje sammála um, að fyrirkomulag það á gjaldskrá lækna, sem nú er, sje ekki heppilegt, svo sem það, að ekki sje hægt að breyta gjaldskránni neitt nema með lögum og að gjaldskráin skuli aðeins viðhöfð, þá er ósamkomulag er milli læknis og sjúklings um greiðsluna, telur nefndin svo náið samband milli núgildandi gjaldskrár og launa læknanna, að ekki sje rjett að hreyfa við gjaldskránni, nema launin sjeu endurskoðuð. Þess vegna vill nefndin afgreiða málið með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að fyrir liggur endurskoðun launalaganna, og þar með læknalauna, þykir rjettast, að þá samtímis fari fram rannsókn á gjaldskrá lækna, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. febrúar 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður. Hjeðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskrifari. Magnús Guðmundsson.

Bernh. Stefánsson. Hákon J. Kristófersson.

Ed. **329. Nefndarálit**

um frv. til hjúalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og telur ekki ástæðu til neinna breytinga, er máli skifta, og leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 28. febr. 1928.

Jón Baldvinsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskrifari og frsm. Jón Þorláksson.

Ed. **330. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um að fella niður útflutningsgjald af síld, er seld var til Rússlands 1927.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir haft þingsályktunartillögu þessa til athugunar. Hefir sú niðurstaða orðið, að nefndin telur rjett að samþykkja tillöguna, með því hún lítur svo á, að síldarsölu til Rússlands á síðasta ári beri að mestu leyti að skoða sem tilraun til þess að afla nýs markaðs fyrir íslenska síld.

Þótt nefndin fallist á efni tillögunnar á þessum grundvelli, vill hún orða hana lítið eitt á annan veg, og leggur því til, að tillagan verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta niður falla innheimtu á útflutningsgjaldi af síld þeirri, sem seld var til Rússlands haustið 1927.

Alþingi, 28. febrúar 1928.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. — Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Jón Þorláksson. — Björn Kristjánsson. — Einar Árnason.

Nd. **331. Frumvarp**

til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1929 til 1933, að báðum meðtöldum, enda greiði það ekki hluthöfum arð á því tímabili.

2. gr.

Árin 1929 til 1933, að báðum meðtöldum, skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettó ágóða, og greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

Nd. **332. Breytingartillaga**

við frv. til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað »arð« kemur: hærri arð en fjóra af hundraði.

Ed. **333. Frumvarp**

til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Svið laganna.

1. gr.

Eftirlitsskyld eru samkvæmt lögum þessum verksmiðjur, verkstæði og vinnustöðvar, þar sem þrír menn hið fæsta vinna saman að jafnaði, svo og eimkatlar og vjelar, hvorttveggja með þeim undantekningum, sem greinir í lögunum.

2. gr.

Sjerhver, sem fyrir eiginn eða annara reikning stjórnar fyrirtæki, sem um ræðir í 1. gr., eða vinnu, sem rekin er með vjelum knúðum eimi, vatni, vindi, olíu, rafmagni eða annarskonar orkugjafa, skal tilkynna skoðunarmanni fyrirtæki þetta, tegund þess, orkugjafa og stærð, tölu verkamanna, aldur þeirra og kyn, og láta í tje þær skýrslur, er sýna hvernig fyrirtækinu er háttað. Þau fyrirtæki, sem til eru þegar lög þessi ganga í gildi, skal tilkynna innan 30 daga frá þeim tíma.

Nú rekur ríkið, sýslu- eða sveitarfjelag fyrirtæki, sem fellur undir lög þessi, og getur þá atvinnumálaráðherra úrskurðað slíkt fyrirtæki undanþegið eftirliti skoðunarmanns, ef trygging er fyrir því, að fylgt sje öllum heilbrigðis- og öryggisráðstöfunum, sem lög þessi greina.

3. gr.

Skoðunarmaður tilkynnir stjórnanda fyrirtækis, með rökstuddum úrskurði, hvort það er eftirlitsskylt samkvæmt lögum þessum. Nú vill hann ekki una þessum úrskurði, og má hann þá innan 30 daga skjóta honum til atvinnumálaráðherra, er leggur á málið fullnaðarúrskurð.

Skoðunarmaður og stjórnandi fyrirtækis geta, hvor fyrir sig, hvenær

sem er síðar krafist úrskurðar atvinnumálaráðherra um, hvort fyrirtæki skuli háð eftirlitsskyldu eða vera undanþegið henni.

II. kafli.

Tilhögun á vinnustöðum.

4. gr.

Sjerhver, sem ætlar að reisa eða reka verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, getur krafist umsagnar skoðunarmanns um, hvort hið fyrirhugaða skipulag komi í bága við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í þessu skyni skal hann láta í tje sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir alt fyrirkomulag vjela og húsakynna, eftir því sem skoðunarmaður kann að krefjast.

Nú vill hlutaðeigandi ekki una úrskurði skoðunarmanns, og getur hann þá krafist yfirskoðunar, og fer um hana eins og segir í 20. gr.

5. gr.

Verksmiðjum, verkstæðum og vinnustöðvum, sem lög þessi taka til, skal haga þannig, að líf, heilsa og limir verkamanna við vinnu og dvöl á vinnustaðnum sje tilhlýðilega verndað. Stigar skulu traustir og greiðir og útgöngudyr tálmalausar.

6. gr.

Vinnustofur í verksmiðjum og verkstæðum, sem gerð eru eftir að lög þessi ganga í gildi, mega ekki lægri vera undir loft en 2,5 m. Atvinnumálaráðherra ákveður, hvort þessi regla skuli einnig gilda um verksmiðjur og verkstæði, sem áður eru reist.

Við vinnu skal hver verkamaður hafa 8 rúmmetra loftrúm hið minsta. Loftrásir skulu vera í öllum vinnustofum, nægilegar til þess að halda þar góðu andrúmslofti, vjelknúðar ef nauðsyn krefur.

Stór suðu- eða bræðsluílát, svo og ílát með hættulegum efnum, skulu girt eða varin, svo að verkamenn falli eða gangi ekki ofan í þau.

Vinnustofur og aðrar vistarverur verkamanna skulu vera þannig, að auðvelt sje að gæta hreinlætis, reglusemi og hollustuhátta.

7. gr.

Við vinnu í vinnustofum skal birta vera nægileg og tryggilega búið um lýsingartæki. Í lokuðum vinnustofum skal upphitun vera nægileg og fara eftir því, hver vinna er stunduð.

8. gr.

Verkamenn skulu eiga kost á að neyta matar síns undir þaki. Þar sem hollustuhættir krefjast, að ekki sje matast í vinnustofunni, skal verkamönnum fengið annað húsrúm til afnota um máltíðir.

9. gr.

Um tilhögun, starfsháttu og önnur atriði, sem greinir í þessum kafla, setur atvinnumálaráðherra nánari fyrirmæli í reglugerð eða reglugerðum fyrir hvert einstakt fyrirtæki eða flokk fyrirtækja.

Nú lúta ákvæði reglugerðar að hibýlaskipun, og ber þá að taka tillit til, hversu hana megi framkvæma án þess að íþyngja um of fyrirtæki, sem rekið er þegar lög þessi öðlast gildi.

Við samning reglugerðar ber að leita álits hlutaðeigandi vinnuveitanda og verkamanna, eða atvinnufjelagsskapar hvors um sig.

III. kafli.

Um eimkatla og vjelar á landi.

a. Örggi.

10. gr.

Ákvæði þessa kafla ná til eimkatla á landi og allra vjela, ef notkun þeirra getur orsakað hættu á lífi, limum og heilbrigði þess, er gætir þeirra eða er í náud við þær, nema sjálfskaparviti sje. Til vjela teljast aflvjelar knúðar eimi, vatni, vindi, gasi, steinolíu, bensíni, rafmagni eða öðrum orkugjafa, og vjelar, sem settar eru í hreyfingu af aflvjel, þar með talinn búnaður allur, svo sem hjól, reimar og eimrásir og þess háttar, til að flytja orku frá einni vjel til annarar eða einum vjelarhluta til annars.

Eimketill er hvert það ílát eða pípukerfi, þar sem vökvi er hitaður í það mikið, að eimþrýstingur hans sje meiri en þrýstingur andrúmsloftsins.

11. gr.

Sjerhver vjel og eimketill, allur búnaður þeirra og undirstöður skal vera fulltraust.

Girðingar og hlífar skulu settar um hjól, ása, reimar og alla hreyfihluta vjela, er mönnum stafar hætta af að nálgast. Lok eða ristar skulu settar yfir brunna, grópir í gólf, þrær og því um líkt. Girðingar skulu vera um palla og stiga.

Vjelar skulu þannig settar og katlar, að nægilegt sje gangrúm og vinnurúm umhverfis. Verði ekki nægilegu gangrúmi viðkomið, skal þar vera girt.

Rafmagnslagnir skulu gerðar samkvæmt reglugerðum, sem settar eru samkvæmt gildandi lögum.

Þar, sem síðar er talað í lögum þessum um eimkatla og vjelar, er einnig átt við búnað allan og eimrásir.

12. gr.

Þannig skal um vjelar búið, að þær verði settar í hreyfingu hættulaust fyrir alla, sem við þær starfa.

Nú eru fleiri vjelar knúðar orku frá einni aflstöð, og skal þá búa svo um, að stöðva megi hverja vjel um sig, þótt aflstöðin vinni.

Þar sem þarf að smyrja, hreinsa og líta eftir vjel á meðan hún starfar, skal búa svo um, að það verði gert án hættu.

Gæta skal þess, að gólf, þrep eða pallar í námunda við vjelar og katla, þar sem unnið er eða gengið um, verði ekki hált vegna olíu eða annars.

Birta skal vera svo góð í vjelarúmi, sem menn vinna í, að allir hreyfilegir hlutar vjelarinnar, sem hætta getur stafað af, sjáist greinilega.

13. gr.

Heimilt skal atvinnumálaráðherra að gera vægari kröfur en lög þessi annars ákveða til eimkatla með lágþrýsting og eimkatla úr sjerstöku efni eða af sjerstakri gerð, svo fremi ákvæðum laga þessara verður ekki viðkomið án mikilla vandkvæða eða kostnaðar, en þó skal þess gætt, að öryggi þeirra sje jafnan fulltrygt. Eimkatlar með lágþrýsting, sem notaðir eru eingöngu til hitunar íbúðarhúsa, eru undanþegnir eftirliti samkvæmt þessum lögum.

14. gr.

Grafvjelar, fallhamrar og eimkatlar þeirra og aðrar slíkar vjelar á floti, sem ekki heyra undir ákvæði laga nr. 37 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, heyra undir ákvæði þessara laga.

b. Gæsla.

15. gr.

Sá einn hefir rjett til gæslu eftirlitsskyldra eimkatla, sem hefir vjelstjóraþróf eða leggur fram vottorð frá nefnd þriggja manna, sem atvinnumálaráðherra til þess skipar, að hann hafi næga þekkingu á gæslu eimkatla og notkun heitvatnstækja, enda sje hann 18 ára og reglusamur.

Krefjast skal hins sama af þeim, sem gæta skal aflvjela, ef ráðherra, að fengnum tillögum skoðunarmanns, telur þess þörf.

16. gr.

Sá, sem hefir gæslu eimketils á hendi, má ekki, meðan eldur er undir katlinum, vera utan þess herbergis, sem ketillinn er í, þannig að það hindri hann frá gæslu ketilsins að staðaldri.

17. gr.

Hvert fyrirtæki, sem notar eftirlitsskylda vjel eða eimketil, skal hafa eftirlitsbók, gegnumdregna, tölusetta og löggilta af lögreglustjóra.

Í bókina skal rita greinilega og skipulega og blað má ekki rífa úr henni og eigi afmá eða gera ólæsilegt það, sem skrifað hefir verið. Ef leiðrjetta þarf, skal það gert í athugasemd.

Í bók þessa skal rita, hve margar klukkustundir ketill hefir verið notaður milli hreinsana, hvenær hreinsaður, skoðaður eða við hann gert, enn-

fremur um galla, sem fram kunna að koma við notkun hans, svo og hafi hann ekki verið notaður um skemri eða lengri tíma.

Að lokinni aðal- eða aukaskoðun á eimkatli eða vjel, skal um árangur skoðunarinnar rita í eftirlitsbókina ásamt athugasemd um hirðingu ketilsins eða vjelarinnar og fyrirskipanir skoðunarmanns um viðgerðir þær og endurbætur, sem hann telur nauðsynlegar, og skal hann jafnframt kveða á um frest til að koma þessu í lag, og undirskrifa gerðina.

c. Skoðun.

18. gr.

A. Um skoðun á katli skal beðið, sbr. 2. gr.:
   a) Áður en hann nýsmíðaður er tekinn til notkunar.
   b) Eftir aðalviðgerð, og
   c) eftir flutning. Þó eru farandkatlar undanskildir.

   Hver sem verður eigandi að farandkatli, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það skoðunarmanni. Eiganda ber og að tilkynna, hvar ketillinn sje, þegar skoðunarmaður æskir þess.

   Hafi hliðar eimketils við notkun, vegna vatnsleysis eða af öðrum ástæðum, orðið fyrir verulegri aflögun eða glóhitun, skal eigandi eða notandi hans þegar í stað tilkynna það skoðunarmanni, og má þá ekki nota ketilinn fyr en skoðun hefir farið fram og fengið er leyfi til þess.

   Aðalskoðun á katli fer fram:
   1) Í þeim tilvikum, sem getið er undir stafl. a—c, og
   2) fjórða hvert ár, miðað við síðustu aðalskoðun.

   Við aðalskoðun skal ketillinn vandlega skoðaður utan og innan og þess gætt, að ákvæðum 11. gr. um smíði og búnað sje fullnægt, og skal hann þrýstireyndur, æski skoðunarmaður þess.

   Aukaskoðun skal fara fram milli aðalskoðana svo oft sem ástæða þykir til.

B. Skoðun á vjelum skal fara fram áður en þær nýsmíðaðar eru teknar til notkunar, en að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra reglur eftir því sem þurfa þykir.

19. gr.

Eiganda eða notanda eimketils eða vjelar er skylt að láta skoðunarmanni í tje alla nauðsynlega aðstoð við skoðunina.

Nú sannast við skoðun eimketils, að sjerstök hætta stafi af notkun hans framvegis, og getur þá skoðunarmaður bannað hana, þar til yfirskoðun hefir farið fram, er votti, að ketillinn sje fulltryggur til notkunar. Ákvæði þessi gilda og um vjelar. Hjer umrætt bann má vera munnlegt, en innan þriggja daga skal það staðfest og rökstutt skriflega.

Nú verður gæslumaður áskynja, að galli sje á eimkatli eða vjel, og er honum þá skylt að tilkynna eiganda eða notanda, og verði ekki úr gallanum bætt, tilkynna það skoðunarmanni við næstu skoðun.

20. gr.

Eigandi eða notandi eimketils eða vjelar getur krafist yfirskoðunar á þeim. Yfirskoðun framkvæma 3 sjerfróðir menn, sem til þess eru skipaðir af lögreglustjóra.

Yfirskoðunarmenn skulu láta lögreglustjóra í tje skýrslu um skoðunina. Staðfesti yfirskoðunarmenn ekki hina fyrri skoðun í öllum greinum, skulu þeir skýra frá, hver atriði hennar þeir fallast á og hverjum þeir breyta.

Verði ágreiningur milli yfirskoðunarmanna, ræður afl atkvæða. Úrskurður yfirskoðunarmanna er fullnaðarúrskurður.

21. gr.

Skoðunarmönnum skal frjáls aðgangur að öllum rúmum, þar sem vjelar, eimkatlar og annað þeim tilheyrandi er, eða rúmum, sem eimi er veitt í.

Það er skylda skoðunarmanna að sjá um, að skoðanir þær, sem um getur í 18. gr., sjeu framkvæmdar svo fljótt sem verða má.

22. gr.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um smíði og búnað eimkatla og vjela og um gæslu þeirra, svo og hverjar vjelar sjeu eftirlitsskyldar og katlar og hvernig skoðun og eftirliti skuli hagað.

IV. kafli.

Ýmisleg ákvæði.

23. gr.

Eftirlit með verksmiðjum og vjelum er undir yfirumsjón atvinnumálaráðherra, er skipar svo marga skoðunarmenn, sem þurfa þykir; skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn og vera valinkunnir og óvilhallir menn og svo vel til starfans fallnir, sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir skuli inna starf sitt af hendi samviskusamlega.

Skoðunarmenn eiga rjett á þóknun fyrir starfa sinn samkvæmt gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur. Þóknunina greiði eigandi ketils eða vjelar, og má taka hana lögtaki. Þurfi skoðunarmaður að takast ferð á hendur vegna skoðunar, skal ferðakostnaður hans greiddur úr ríkissjóði.

Kostnað við yfirskoðun borgar beiðandi að öllu leyti.

24. gr.

Skoðunarmaður skal leita aðstoðar hjeraðslæknis þegar um heilbrigðisráðstafanir er að ræða. Svo getur skoðunarmaður og fengið sjer aðstoð sjerfræðinga um önnur atriði, sem liggja fyrir utan svið sjerþekkingar hans.

25. gr.

Ef slys, er veldur dauða eða verulegu áfalli, ber að höndum í verksmiðju, á verkstæði eða vinnustöð, eða við ketil eða vjel, sem lög þessi taka til, ber þeim, er þá stjórnar fyrirtækinu, tafarlaust að tilkynna það lögreglunni. Telji hún, að brot á fyrirmælum þessara laga, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, sje sök í slysinu, skal hún kveðja skoðunarmann til, er þá skal, að ósk Slysatryggingarinnar, gefa henni nákvæma skýrslu um atvik öll að atburðinum.

26. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, frá 20—2000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

27. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Nd. **334. Frumvarp**

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að láta reisa og starfrækja nýja loftskeytastöð í Reykjavík og taka nauðsynleg lán í því skyni, og má hún vera þannig gerð, að nota megi hana jöfnum höndum til að útvarpa tali og söng sem til vanalegra firðskeytasendinga.

Sendiorka stöðvarinnar í loftneti skal að meðaltali eigi vera minni en 5 kw. til talsendinga, en ritorka 10 kw. eða meira. Stöðin heitir *Útvarpsstöð Islands í Reykjavík.*

2. gr.

Landssímanum skal falið að annast alt, er lýtur að umsjón og rekstri stöðvartækjanna, einnig innheimtu, greiðslur og reikningshald vegna stöðvarinnar og útvarpsins, eftir nánari fyrirmælum atvinnumálaráðuneytis. Landssímanum skal að fullu endurgreiddur allur sá kostnaður, er þetta kann að hafa í för með sjer.

3. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld útvarpsstöðvarinnar skal tekin sem sjerstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju. Halli, sem verða kann á rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna útvarpsráð til 1 árs í senn. Ræður stjórnin forseta þess, en einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands og hinn þriðji skal valinn meðal þriggja manna, er »Fjelag útvarpsnotenda« tilnefnir, enda sje þá fjórðungur útvarpsnotenda á landinu fjelagar í fjelagi þessu. Ef það skilyrði er eigi fyrir hendi, velur stjórnin einnig þriðja mann í útvarpsráðið. Ákveður atvinnumálaráðherra þóknun þessara manna.

5. gr.

Útvarpsráðið skal hafa yfirumsjón með starfsemi útvarpsstöðvarinnar að öllu því, er ekki heyrir undir landssímann samkvæmt 2. gr. Semur atvinnumálaráðuneytið erindisbrjef handa útvarpsráðinu eða ákveður störf þess í reglugerð, er það gefur út um starfrækslu útvarpsins.

Útvarpsráðinu til aðstoðar skal ráðinn útvarpsstjóri (með fullum árslaunum), er hafi á hendi daglega framkvæmd útvarpsins og stjórni sendingum, samkvæmt fyrirmælum útvarpsráðs og landssímastjóra. Útvarpsstjóri skal skipaður af atvinnumálaráðherra samkvæmt tillögum útvarpsráðs og landssímastjóra.

6. gr.

Af hverju útvarpsviðtaki á landinu skal greitt árlegt afnotagjald, til þess að standa straum af rekstri stöðvarinnar. Ráðuneytið ákveður afnotagjaldið um 1 ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsráðs og landssímastjóra. Útvarpsráðið semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur útvarpsins, í samráði við landssímastjóra, og skal það sent ráðuneytinu til samþyktar.

7. gr.

Eftir að lög þessi öðlast gildi og stöðin er tekin til starfa, má enginn nota viðtak (viðtæki) fyrir útvarp án þess að tilkynna það landssímastjóra og greiða lögboðið gjald af því. Ef af þessu er brugðið, varðar það sektum frá 50—500 krónum, ef afbrotið varðar ekki þyngri hegningu, og skulu tækin upptæk ger. Skal farið með þessi viðurlög sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal stöðin vera reist svo fljótt sem unt er.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórninni heimilast að taka að sjer ríkisrekstur á útvarpi nú þegar, með minni stöð en hjer ræðir um til bráðabirgða, enda komi það ekki í bága við rjett þess fjelags, sem nú hefir einkarjett á rekstri útvarps.

Nd. **335. Nefndarálit**

um frv. til laga um smíði og rekstur strandferðaskips.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Nefndarmenn hafa ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv.

Minni hl. mun leggja það til, að frv. verði samþ., sennilega með einhverjum breytingum.

Meiri hl. getur ekki lagt til, að frv. verði samþ., og eru til þess tvær aðalástæður:

1. Að vjer teljum, að það fyrirkomulag, sem frv. ráðgerir um tilhögun strandferða, sje óheppileg.
2. Að aðrar verklegar umbætur, bæði í samgöngumálum og öðrum þjóðmálum, sjeu nú sem stendur meir aðkallandi fyrir þjóðfjelagsheildina en hin fullkomnasta skipun á strandferðum, svo sem vega- og brúagerðir og aðrar samgöngubætur innan hjeraða, símalagningar, hafnarbætur fyrir fiskiveiðaflotann og vitabyggingar.

Um fyrra atriðið skal það sagt, að meiri hl. hallast eindregið að því, að þá er ráðist verður til fullkominna umbóta á strandferðum, eigi að hafa tvö skip svipuð »Esju« og láta þau sigla hringferðir, gagnstæðar, þannig að annað skipið fari frá Reykjavík austur um land og hitt frá sama stað á sama tíma vestur um land.

Auk þess, sem skipin á þennan hátt losna við hina afardýru umhleðslu, þá kemur þetta fyrirkomulag landsmönnum að meiri notum, og eitthvað af farþegum þeim, sem fara svifferðir frá Reykjavík og út á land og utan af landi til Reykjavíkur, nota þá fremur strandferðaskipin til slíkra ferðalaga.

E. Nielsen framkvæmdarstjóri, sem kunnugastur er þessu máli og átt hefir bestan kost þess að athuga málið frá öllum hliðum, er eindregið fylgjandi þessu fyrirkomulagi.

Þar til þessu er fullnægt teljum vjer, að við megi una að hafa lítið flutningaskip til hjálpar þeim hjeruðum sjerstaklega, sem nú líða baga af ófullnægjandi strandferðum, einkum að haustinu til.

Um síðara atriðið þarf ekki að fjölyrða; það er flestum kunnugt, að mesta nauðsyn að því er snertir samgöngur er það, að hafa þær sem greiðastar innan hjeraða, og á þetta við samgöngur bæði á sjó og landi.

Til þess að nota sem mest innlendar vörur í þjóðarbúskapnum, þurfa sjávarmenn og sveita að geta haft sem greiðastar og tíðastar ferðir innan hjeranna, svo vöruskifti þeirra verði sem mest. Sveitunum verður að litlum notum að hafa vikulegar viðkomur strandferðaskipa og annara skipa, ef vegabætur og viðhald vega er vanrækt og ár óbrúaðar.

Það er líka vitanlegt, að sjeu lagðir bílfærir vegir milli hjeraða, þá dregur það mjög úr þörf strandferðaskipa. Skal í því efni minnast lítið eitt á bílveginn frá Borgarnesi til Norðurlandsins.

Það virðist fyrirsjáanlegt, að á þeim tíma árs, sem þessi vegur er bílfær, þá verða nærfelt allir mannflutningar milli Norður- og Suðurlandsins með bílum. Flestir munu fremur kjósa að ferðast á landi en sjó. Á þessari leið verða ferðirnar fljótari og ódýrari með bílum en með strandferðaskipum. Eins og nú er mun fargjald með bíl vera um 1 kr. fyrir hverja 10 kílómetra.

Fargjald með bifreiðum frá Reykjavík var á síðastliðnu sumri sem hjer segir:

Frá Reykjavík til Ölfusár, 58 km.	kr.	5—6,00
— — — Garðsauka, 112 km. . . .	—	10,00
— — — Hlíðarenda, 125 km. . . .	—	12,00

Vegalengdin frá *Borgarnesi* til nokkurra staða á Norðurlandi er þessi:

Til Fornahvamms	59 km.
— Staðar í Hrútafirði	92 —
— Miðfjarðarár	118 —
— Lækjamóts	141 —
— Bólstaðahlíðar	210 —
— Víðimýrar í Skagafirði	227 —

Nú er það venjulegt, að bílarnir fara á $4^1/_2$—5 klst. frá Reykjavík til Garðsauka. Það væri þá dagleið fyrir Skagfirðinga til Borgarness hvora leið, og fargjaldið um 20 kr. Fæði gæti viðkomandi haft með sjer. Fargjald frá Borgarnesi til Reykjavíkur kr. 10.00.

Með strandferðaskipi er fargjald frá Sauðárkróki til Reykjavíkur á 1. farrými kr. 47,00, á 2. farrými kr. 32,00 og ferðin tekur ekki minna en 4 daga hvora leið.

Þessi vegur hlýtur að koma innan mjög fárra ára, og bygging og rekstur nýs strandferðaskips gerir ekki óþarfa eða stöðvar nauðsyn þessa vegar.

Rjett er að líta á, hvaða verklegar framkvæmdir það eru, sem nauðsynlega þarf að framkvæma á næstu fjórum árum, eða 1929—1932. Skal þá fyrst minnast á vegi, nýbyggingar og viðhald þeirra, svo og brýr.

Samkvæmt tillögum vegamálastjóra frá 1925, áætlar hann, að til þessa þurfi á þessum árum um 623 þús. kr. á ári. Þar í er þó ekki talin fyrirhleðsla Þverár í Rangárvallasýslu og brú á Markarfljót, sem kostar ekki minna en 600 þús. kr., líklega nokkru meira, og verða þó allir að viðurkenna, að auk þess stórkostlega skaða, sem þessi stórvötn árlega valda hjeraðsbúum beint, þá valda þau stórkostlegri viðskiftateppu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, og það er óhugsandi, að ríkisvaldið geti lengi skotið fram af sjer hinni aðkallandi nauðsyn þessara hjeraða og þeirri skyldu að hefta eyðileggingu þess gagnauðga lands, sem Þverá sífelt brýtur, því síður, sem með slíkum umbótum ynnist afarstórt og auðræktað land.

Þessu næst skal lýst, hverjar framkvæmdir bíða að því er nýjar *símalínur* snertir, og sem nauðsynlega þarf að framkvæma á næstu árum.

Tillögur landssímastjóra eru þær, að á árinu 1929 verði varið 338 þús. kr. til *nýrra* símalagninga og 60 þús. kr. til *nýrra* loftskeytastöðva.

Aðrar nýlagningar, 32 að tölu, ásamt fjölsímatækjum í Reykjavík og Akureyri, eru áætlaðar frek 1 milj. króna, eða alls um 1 milj. 400 þús. kr.

Því nær allar þessar línur eru svo aðkallandi, að það er stóráríðandi fyrir viðkomandi hjeruð -- og lífsnauðsynlegt íbúum sumra þeirra — að þær verði lagðar sem allra fyrst og þeim öllum lokið fyrir árslok 1932.

Vitarnir. Eitt af því, sem verður að framkvæma, bæði vegna landsmanna sjálfra, og þá vegna þeirra fyrst og fremst, og máske líka vegna siglinga útlendinga hjer við land, eru vitabyggingar. Það sýnist heldur ekki sanngjarnt, að vitagjöldum, sem útlend skip borga að miklu leyti, sje varið til annara þarfa ríkissjóðsins, og þess er engin von, að erlendar þjóðir láti sjer lynda það að borga hjer á landi hærra vitagjald en dæmi eru til annarsstaðar og fá ekki þær umbætur á vitakerfinu, sem vitagjald af skipum getur greitt auk kostnaðar við árlega starfrækslu vitanna.

Tillögur vitamálastjóra eru þær, að á árinu 1929 verði bygðir tveir vitar fyrir um 90 þús. kr., árið 1930 2 vitar fyrir 70 þús. kr. og 1931 og 1932 einn stór viti fyrir um 250 þús. kr., eða alls á þessum árum nýir vitar fyrir um 400 þús. kr., og auk þess mörg leiðarljós. Ennfremur er ráðgert, að bygðir verði radiovitar, svo ekki má gera ráð fyrir minna framlagi úr ríkissjóði til þessara nýbygginga en 5—600 þús. kr., og er þó kröfum vitamálastjóra mjög í hóf stilt.

Þá eru það *hafnarbætur*, einkum fyrir fiskiveiðaflotann, sem verða nauðsynlegri með ári hverju. Sæmilega trygg höfn við Snæfellsnes — Ólafsvík — er smærri fiskveiðaflotanum afar nauðsynleg og umbætur á Reykjanesskaganum óhjákvæmilegar. Um þetta liggja ekki fyrir áætlanir, sem skýrt geti, hversu mikið fje ríkissjóður þarf að leggja fram, en óhætt mun að gera ráð fyrir ekki minni upphæð en 250 þús. kr., og er þá ótalin hafskipabryggja á Siglufirði og aðrar umbætur til lendingabóta á hinum ýmsu höfnum.

Það, sem hjer hefir verið talið, er þá:

Vegir og brýr 4×620 þús.	2480 þús. kr.
Þverá og Markarfljót ca.....	600 — —
Símar	1400 — —
Vitar og leiðarljós	500 — —
Hafnarbætur	250 — —
Samtals	4230 þús. kr.,

eða freklega 1 miljón króna á hvert ár hin næstu fjögur ár.

Er þó enn ótalin sú samgöngubót, sem ýmsir telja allra nauðsynlegasta fyrir ræktun í stórum stíl, og jafnvel mest aðkallandi, en það eru samgöngubætur milli Reykjavíkur og austursýslnanna, og sem ekki er hægt að búast við, að framkvæmdar verði nema með miklu framlagi af ríkisfje, en því er hjer ekki talin sú upphæð, sem ríkissjóður þarf fram að leggja í þessu skyni, að ekki er víst um, hver leið verði valin til að hrinda því til framkvæmda, ef fjelagið »Titan« ekki getur framkvæmt samgöngubæturnar á þeim grundvelli, sem nýverið var lagður.

Vjer höfum leitað upplýsinga um, hvað kosta muni bygging nýs strandferðaskips og hver verða myndi árlegur rekstrarhalli þess sama skips.

Skip af slíkri stærð og Esja með nokkru frystirúmi mun kosta um 800 þús. ísl. kr.

Skip 9 fetum styttra — 165 fet — með 1500 ferfeta frystirúmi, 9 mílna

ganghraða og með líku farþegarúmi og eins innrjettuðu og var í »Vestra« um 600 þús. ísl. kr. Beinn rekstrarhalli hins fyrtalda skips um 180—200 þús. kr., og hins síðartalda 140—150 þús. kr.

Rekstrarhalli á næstu fjórum árum, með auknum rekstrarhalla á Esju, 650—800 þús. kr. Auk þess vextir af andvirði hins nýja skips.

Vjer álítum, að þær umbætur á vega-, brúa-, síma- og vitakerfinu, svo og hafnarbætur, sem hjer hafa verið taldar, eigi tvímælalaust að ganga fyrir byggingu nýs strandferðaskips, og þar sem ekkert útlit er fyrir, að fje verði til í ríkissjóði á næstu fjórum árum, afgangs lögboðnum gjöldum, sem nemi einu sinni því, er þarf til þess að hrinda framanskráðum umbótum til framkvæmda, þá verðum vjer að leggja til, að byggingu nýs strandferðaskips verði frestað og frv. á þskj. 15 felt.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, form., með fyrirvara.	Jón A. Jónsson, framsögumaður.	Hákon J. Kristófersson.

Ed. **336. Nefndarálit**

um frumv. til laga um vernd atvinnufyrirtækja gegn órjettmætum, prentuðum ummælum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin leitaði álits lagadeildar háskólans um þetta mál, og er álitið þannig:

HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGADEILDIN.

REYKJAVÍK, 24. febrúar 1928.

Með brjefi til forseta lagadeildar háskólans, dags. 13. þ. m., hefir háttvirt allsherjarnefnd efri deildar Alþingis leitað umsagnar lagadeildarinnar um »Frumvarp til laga um vernd atvinnufyrirtækja gegn órjettmætum, prentuðum ummælum«.

Í þessu efni hefir deildin látið svo ummælt:

»Um 1. gr. Deildin lítur svo á, að samkvæmt núgildandi lögum njóti fjelög sömu lögverndar og einstaklingar um atvinnurekstur sinn gegn prentuðum, órjettmætum ummælum.

Um 2. gr. Samkvæmt núgildandi lögum á jafnt að bæta ólögmætt og saknæmt atvinnutjón fjelaga sem einstaklinga. Atvinnutjón fjelaga sem einstaklinga er mjög oft óbeint, þ. e. fólgið í því, að hlutaðeigandi verður af viðskiftum, sem hann annars væntanlega hefði notið. Fulla sönnun á það, að slíkt tjón hafi orðið, er sjaldan hægt að færa. Er þá um 3 leiðir að velja:

1. Dæma bætur ávalt, er ummælunum er svo háttað, að þau gætu hafa valdið tjóni. Af því mundi leiða, að bætur yrðu stundum dæmdar þó ekkert tjón hefði orðið.

2. Dæma bætur aðeins fyrir tjón, er sannað væri. Af því myndi leiða, að oft fengjust ekki bætur fyrir orðið tjón, af því að fulla sönnun brestur, og

3. Heimta ekki fulla sönnun á tjónið, en dæma bætur, ef líkur eru færðar á, að tjón hafi orðið.

Síðast nefndu regluna telur deildin vera reglu gildandi ísl. laga, og jafnframt heppilegustu regluna. 2. gr. segir, að bætur skuli miðast við það tjón, »er hann fæi ir sönnur á«. »Að færa sönnur á« mundi væntanlega um þessi efni verða skilið svo af dómstólunum, að líkur nægðu, og greinin því engar breytingar gera á gildandi lögum«.

Þetta er hjer með háttvirtri allsherjarnefnd til vitundar gefið.

Frumvarpið endursendist hjer með.

Magnús Jónsson,
h. a. forseti lagadeildar.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Með þessu tel jeg það fullkomlega upplýst, að frv. gerir enga breytingu á núgildandi löggjöf um þetta efni, og er þess vegna alveg óþarft að lögleiða það. Legg því til, að frumv. verði felt.

Alþingi, 28. febr. 1928.

Jón Þorláksson.

Ed. **337. Nefndarálit**

um frv. til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Minni hlutinn (J. Þ.) vill fella það, en við undirritaðir leggjum til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Í stað »saka- og lögreglumál« komi: sakamál og almenn lögreglumál.
2. Við 7. gr. Orðin »um endurgjald . . . . . um stimpilgjald og« falli niður.
3. Við 8. gr.
   a. Í stað »5000« komi: 8000.
   b. Í stað »6000« komi: 9000.

c. Seinni málsliður síðari málsgreinar orðist svo: Alt það fje, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxtast til hagnaðar fyrir eigendur þess.

Alþingi, 29. febr. 1928.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.

Nd. **338. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 292 [Þingsköp].

Frá Sigurði Eggerz.

2. töluliður í brtt. 292 orðist svo:

Nefndir beggja deilda í utanríkismálum skulu starfa saman milli þinga, og velja þær formann og ritara í þinglok fyrir hina sameinuðu nefnd. Er ríkisstjórninni heimilt að kalla nefndina saman, er henni þykir við þurfa.

Ed. **339. Lög**

um löggilding verslunarstaða.

(Afgreidd frá Ed. 29. febr.).

1. gr.

Í Bervík í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu, í Dritvík í sama hreppi, á Broddanesi við Kollafjörð í Strandasýslu og á Vattarnesi í Suður-Múlasýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Verslunarlóðin á Vattarnesi nær yfir 500 metra strandlengju, frá Vattarnestanga vestur fyrir lendingu, en 180 metra á land upp frá flóðmáli í lendingu. Atvinnumálaráðuneytið ákveður takmörk hinna verslunarlóðanna, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birtir þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að því er Vattarnes snertir, en um hina staðina, þegar takmörk verslunarlóðanna eru birt samkv. 2. gr.

Ed. **340. Breytingartillaga**

við frv. til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við fyrirsögn I. kafla. Fyrirsögnin verði: Um eftirlitsskyldu og tilkynningarskyldu.
2. Við 15. gr. Orðin »og notkun heitvatnstækja« falli burt.

Ed. **341. Nefndarálit**

um frv. til laga um vernd atvinnufyrirtækja gegn órjettmætum, prentuðum ummælum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur það til, að frv. verði samþykt óbreytt. Með ákvæðum þess mundu fjelög, sem almenningur telur í þessu efni ekki njóta nægilegrar verndar laga og dómstóla, njóta sömu verndar og einstakir menn.

Alþingi, 29. febrúar 1928.

Jón Baldvinsson, form. og frsm. meiri hl.

Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Nd. **342. Lög**

um fræðslumálanefndir.

(Afgreidd frá Nd. 29. febr.).

1. gr.

Stjórn barnakennarafjelags Íslands, forstöðumaður kennaraskólans og fræðslumálastjóri skulu skipa fræðslumálanefnd barnaskóla Íslands. Stjórn barnakennarafjelagsins skal kosin skriflega um land alt, enda hafi allir starfandi barnakennarar rjett til að vera fjelagsmenn.

2. gr.

Fræðslumálanefnd barnaskólanna gerir tillögur til ráðuneytisins um námsskrár fyrir barnafræðslu landsins, löggilding kenslubóka, tilhögun prófa og um hámark og lágmark kenslustundafjölda fyrir hvert barn á dag. Ráð-

herra staðfestir tillögur nefndarinnar og auglýsir þær með hæfilegum fyrirvara. Samþykki fræðslumálastjórnarinnar þarf til að víkja frá námsskrá.

3. gr.

Með reglugerð má fyrirskipa þriggja manna fræðslunefnd við ungmennaskóla landsins. Skal fræðslumálastjóri sjálfkjörinn í nefndina, en meðnefndarmenn skipar ráðherra til 3 ára í senn úr hópi starfsmanna við framangreinda skóla. Fræðslumálanefnd þessi hefir með höndum hliðstætt starf fyrir ungmennaskólana eins og til er tekið í 2. gr. að því er snertir barnaskóla landsins.

4. gr.

Fræðslumálanefndir starfa launalaust, en fá endurgreidd nauðsynleg útgjöld til síma, brjefaskrifta og aðstoðar.

5. gr.

Nú brýtur skóli í verulegum atriðum í bága við fyrirskipanir þær, sem gefnar eru eftir lögum þessum, og skal þá landsstjórninni skylt að halda eftir styrk eða launagreiðslum til hans, þar til úr er bætt.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eldri lög og fyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **343. Breytingartillaga**

við brtt. á þingskjali 318 [Atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar]

Frá Þorleifi Jónssyni.

Við 4. breytingartillögu.
Breytingartillagan hljóði þannig:
Orðin »Sama gildir um þau umslög . . . . . og ónýta hann« falli burtu.

Nd. **344. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 323. [Kynbætur nautgripa].

Frá Ingólfi Bjarnarsyni.

1. brtt. orðist svo: Aftan við fyrstu málsgrein 3. gr. komi: og er öllum óheimilt að nota önnur naut til undaneldis en þau, sem til þess hafa verið valin af kynbótanefnd.

Ed. **345. Frumvarp**

til laga um kynbætur nautgripa.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 8 mánaða ganga laus í heimahögum eða afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi, þar sem ekki er nautgriparæktarfjelag, skal vera nautgripakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum. Um kosning í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd. Nefndin skal kosin í fyrsta sinni á vorhreppaskilaþingi 1928, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

Nú er nautgriparæktarfjelag starfandi í hreppnum, viðurkent og styrkt af Búnaðarfjelagi Íslands, og er þá stjórn þess sjálfkjörin kynbótanefnd og hefir allar sömu skyldur og rjettindi sem kynbótanefnd kosin á almennum sveitarfundi hefir eftir lögum þessum.

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan sjeu til innan hrepps eða utan hæfilega mörg naut, kyngóð og efnileg, til undaneldis í hreppnum. Naut þau, sem kynbótanefnd velur í þessu skyni, skal hún taka á leigu, kaupa eða tryggja hreppsbúum afnot þeirra á annan hátt, eftir því sem hún hefir heimildir til og telur rjett. Semur hún þá um leiguna eða afnotin, svo og um greiðsluskilmála. Skal nefndin gera hreppsbúum ráðstafanir sínar kunnar, og er öllum óheimilt að nota önnur naut til undaneldis en þau, sem til þess hafa verið valin af kynbótanefnd.

Nú eru einhverjir hreppsbúa svo afskektir, að þeir geta ekki notað naut í samlögum við aðra, og er þá kynbótanefnd rjett að undanþiggja þá þeim skyldum og rjettindum, sem starfsemi þessari fylgja.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að nautgripakynbótum, nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann í fjelagi o. s. frv.

Kynbótanefnd getur leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef örugt þykir, að þau geti engan skaða gert. Þó ber eigandi ábyrgð á, ef skaði hlýst af.

4. gr.

Öll kynbótanaut, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á nautgripasýningum, sem Búnaðarfjelag Íslands hefir styrkt, skal merkja með aluminium-merki í hægra eyra, og sjeu í það mót-aðir stafirnir Kn, og skal sjá um, að þessi merki sjeu jafnan glögg.

Nú sannast, að einhver hefir merkt naut þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi það ekki hlotið verðlaun eins og fyr segir, og varðar það sektum. Taka má slikt naut, hvar sem það hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa því sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

5. gr.

Öll naut eldri en 8 mánaða, sem ekki eru ætluð til undaneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda eða halda í öruggri vörslu vor hvert, þegar kýr eru leystar út. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýst af. Taka má slík naut, hvar sem þau hittast, nema í öruggri vörslu sjeu, og ráðstafa þeim sem óskilagripum og selja án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist naut merkt Kn í hægra eyra gæslulaust án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er það var valið fyrir sem undaneldisnaut, og skal þá taka það í örugga gæslu, og ef þörf gerist á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart, svo fljótt sem unt er.

Ef nautsins er ekki vitjað og eigi er greiddur áfallinn kostnaður, áður en liðnar eru 2 vikur frá því að það var tekið, má ráðstafa því sem óskilagrip og selja með fjögra vikna innlausnarfresti.

7. gr.

Hreppskilafundur ákveður þóknun fyrir starf kynbótanefndar.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, leigu eftir kynbótanaut, fóður, hirðingu, kostnað við girðingu o. s. frv., jafnar nefndin niður á allar þær kýr, sem bera í hreppnum á því ári, þó svo, að aldrei verði hærra gjald en 8 kr. fyrir hverja kú. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til kynbótanefndar, eða þeirra manna, er hún felur innheimtuna, á þeim tíma, er hún tiltekur, og er gjaldið lögtakskræft. Nú verður kostnaður meiri en hámarksgjaldi nemur á hverja kú, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.

Atvinnumálaráðuneytið sker úr ágreiningi út af greiðslu kostnaðarins.

8. gr.

Nautgripakynbótanefnd skal bóka ályktanir sínar og aðrar gerðir, svo sem reikninga, skýrslur, brjef o. fl.

Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Nefndarfundir eru lögmætir og ályktunarfærir, þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir eru sammála. Formaður nefndarinnar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld kynbótastarfseminnar eftir hver áramót. Reikningurinn skal yfirskoðaður af hreppsnefnd og lagður fram á vorhreppaskilaþingi.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—500 krónum, er renna að

hálfu í sveitarsjóð þar, sem brotið verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð þar, sem hinn seki á heima.

10. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna getur atvinnumálaráðherra sett með reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1928.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 20. nóvember 1905, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Nd. **346. Frumvarp**

til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson og Magnús Torfason.

1. gr.

Í Ölfusá í Árnessýslu skulu vera ófriðuð selalátur og selalagnir.

2. gr.

Fyrir missi selveiðinytja í ánni vegna ákvæða 1. gr. skulu koma fullar bætur, eftir dómkvaddra manna mati, og vera árgjald. Skal atvinnumálaráðuneytið greiða bæturnar af hendi úr ríkissjóði og hafa sent sýslumanni til ráðstöfunar fyrir 1. júlí ár hvert, en helming bótanna skulu þeir, er laxveiðirjett eiga í Ölfusá, endurgreiða ríkissjóði, að tiltölu eftir veiðimagni samkvæmt hlunnindaskýrslum næsta árs á undan, sbr. þó 3. gr. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingum, og fylgir því lögtaksrjettur. Nú er laxveiðirjettur leigður, og greiðir leigutaki þá bætur í stað veiðieiganda.

3. gr.

Þegar næst verða prestaskifti í Arnarbæli, falla niður bætur til ábúanda þeirrar jarðar fyrir missi selveiðinytja. En meðan núverandi prestur hefir ábúðarrjett á jörðinni, skulu bætur til hans greiddar að fullu úr ríkissjóði, án endurgjaldsrjettar að helmingi frá laxveiðieigendum.

4. gr.

Ef laxveiði jarðar, er bætur hefir hlotið fyrir nytjamissi af selveiði í ánni, eykst frá því, sem nú er, eftir að byrjað er á útrýmingu selsins, þá skulu

hagsmunir af þeirri aukningu metnir af dómkvöddum mönnum til frádráttar bótunum, enda geri 3 þeirra aðilja, er bætur eiga að greiða, krófu um matið. Nú telja dómkvaddir menn, að laxveiði einhverrar eða allra þessara jarða hafi aukist svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn niður falla.

5. gr.

Kostnað við mat samkvæmt lögum þessum skal greiða úr sýslusjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1928.

Greinargerð.

Ölfusá með þeim þverám, er í hana falla, mætti vera einhver fiskiauðugasta áin hjer á landi, ef rjett væri með farið. Nú er svo ástatt um Ölfusá, að selalátur og selalagnir eru neðan til í ánni. Talið er af kunnugum mönnum, að í ósum Ölfusár haldi sig að staðaldri á annað þúsund selir. Má fara nærri um það, hvern usla sú selahjörð gerir í laxgöngunni. Í árósunum er laxinum nauðsynlegt að hafa næði og sjálfráða göngu, þegar hann er að koma úr sjó. En þar sem selurinn liggur í árósunum, liggur hann í laxinum og fælir og eyðileggur göngu hans í ána. Þetta á sjer auðvitað stað um allar ár, sem eins er ástatt um og hjer hefir verið lýst.

Í Ölfusá eru nú selalátur fyrir landi þessara jarða: Arnarbælis, Kaldaðarness og Hrauns í Ölfusi, og auk þess á Ósgerði, sem er einstakra manna eign, hlut í veiðinni fyrir Arnarbælislandi.

Presturinn í Arnarbæli er nú roskinn maður, og ættu því útlát ríkissjóðs að verða næsta lítil, enda hlunnindin lágt metin upp í heimatekjur prests.

Mun láta nærri, að meðaltal veiddra kópa í ánni nemi um 200 síðustu árin; þar af alt að $^2/_3$ hjá Arnarbælispresti, sem einnig hefir leigt veiðirjett fyrir Kaldaðarneslandi fyrir lítið gjald.

Ekki orkar tvímælis, að með tíð og tíma muni ríkissjóði aukast drjúgum tekjur af þessari ráðstöfun, beinlínis og óbeinlínis.

Nánar í framsögu.

Nd. **347. Tillaga**

til þingsályktunar um raforkuveitu til almenningsnota.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson, Einar Jónsson, Jóhann Þ. Jósefsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa raforkuveitu til almenningsnota á því svæði, sem staðhættir þykja bestir, með

vatnsafli úr Árbæjarfossi eða Tungufossi í Rangám ytri og eystri, og hlutist til um að koma á raforkuveitufjelagi á svæðinu.

Greinargerð.

Á síðari árum hefir á ýmsum sveitabæjum verið komið upp rafmagnsstöðvum, þar sem vel hagar til. Þetta hefir leitt í ljós, að rafmagn til heimilisnotkunar í sveitum eru einhverjar alþýðingarmestu framfarir fyrir landbúnaðinn. Þær spara eldsneyti (áburðinn) og gera sveitirnar vistlegri. Rafveitur til sveita eru því hinn tryggasti ræktunargrundvöllur og um leið óbrigðulasta ráðið til að halda fólki í sveitunum.

Á langflestum sveitabæjum hagar þannig til, að ekki er hægt að koma upp rafmagnsstöðvum, enda eru stöðvar fyrir einstaka bæi oftast nær dýrar og ótryggar að tiltölu við notagildi. Þess vegna er nauðsynlegt að virkja vatnsafl í stærri stíl og veita rafmagninu um sveitirnar. Enn þá hefir engri slíkri almenningsrafveitu verið komið á fót hjer á landi, og má svo búið ekki lengur standa.

Árið 1922 gerði Guðmundur Hlíðdal verkfræðingur áætlun fyrir raforkuveitu frá Árbæjarfossi fyrir mestan hluta af Ásahreppi, þar á meðal sveitaþorpið Þykkvabæ. Á síðastliðnu ári hefir Steingrímur Jónsson verkfræðingur gert áætlun um raforkuveitu frá Tungufossi fyrir Hvolhrepp, Fljótshlíð, nokkurt svæði þar í kring og jafnvel leiðslu þaðan um Landeyjar til Vestmannaeyja.

Áætlanir þessar benda ótvírætt til þess, að slík fyrirtæki eigi fullan rjett á sjer á þessum svæðum, og ennfremur, að sameina megi bæði fyrirtækin þannig, að aðeins annar fossinn verði virkjaður. Til þess nú að koma málinu á vissan og tryggan grundvöll, er nauðsynlegt, að ríkið hafi forustu og undirbúning málsins í sínum höndum og styðji að því, að fyrirtækið komist á fót, ef sýnt þykir, að það sje til hagsmuna og framfara, sem miklar horfur eru á.

Nd. **348. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 56, 31. maí 1927, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson, Jón A. Jónsson, Jóhann Þ. Jósefsson, Pjetur Ottesen, Jón Sigurðsson, Bjarni Ásgeirsson, Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Eigi skal byrja á byggingu þjóðleikhúss fyr en 500000 kr. eru í þjóðleikhússjóði. Fram að þeim tíma skal fje sjóðsins lánað ríkissjóði til rekstrar ríkisútvarpi, er endurgreiði fjeð er þjóðleikhúsið þarf á því að halda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í ráði er, að ríkið takist á hendur að byggja og starfrækja fullkomna útvarpsstöð. Nú er þannig ástatt um fjárhag ríkissjóðs, að hann á allerfiðan hag, en hefir hinsvegar í mörg horn að líta. En þar sem hjer er um að ræða menningarstarfsemi, sem menn gera sjer miklar vonir um, að komi að miklum notum, verður að greiða fyrir þessu máli, eftir því er ástæður frekast leyfa.

Nú mun mega fullyrða, að ekki komi til mála, að þjóðleikhús verði bygt, fyr en að minsta kosti hefir safnast í sjóð þess hálf miljón króna.

Þar til sjóður þess hefir náð í það minsta þeirri upphæð, væri vel til fallið, að peningar hans yrðu að einhverju meira eða minna leyti notaðir til menningarstarfsemi. Og þar sem nú ríkissjóð skortir fje til þess að hrinda þessu fyrirtæki í framkvæmd, sýnist vel til fallið að heimila honum þessa notkun fjárins.

Nd. **349. Frumvarp**

til laga um mentamálaráð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Eftir alþingiskosningar skal í sameinuðu Alþingi kjósa með hlutbundnum kosningum fimm manna nefnd, er starfar alt kjörtímabilið og kallast mentamálaráð Íslands. Hlutgengur í nefndina er hver íslenskur borgari, sem hefir kosningarrjett til Alþingis og er búsettur í Reykjavík, eða svo nærri bænum, að hann eigi auðvelt með að sækja þangað daglega fundi. Mentamálaráðið skiftir sjálft með sjer verkum í byrjun hvers kjörtímabils, og skal þóknun fyrir störf þess ákveðin í fjárlögum. Annar nauðsynlegur kostnaður greiðist af skrifstofufje stjórnarráðsins.

2. gr.

Hlutverk mentamálaráðs Íslands er:

a. Að úthluta árlega því fje, sem Alþingi veitir til viðurkenningar skáldum og listamönnum.
b. Að kaupa fyrir landsins hönd listaverk fyrir það fje, sem kann að vera veitt í því skyni í fjárlögum.
c. Að hafa yfirumsjón með listaverkasafni landsins og undirbúa, eftir því sem unt er, byggingu listasafns í Reykjavík.

d. Að kaupa altaristöflur í kirkjur þjóðkirkjusafnaða, ef þess er óskað og fje er lagt fram til kaupanna.
e. Að úthluta námsstyrk, er árlega greiðist úr ríkissjóði til stúdenta og annara nemenda erlendis. Skal mentamálaráðið við úthlutun námsstyrks veita fyrst og fremst til þess náms, sem sýnilega er mest þörf fyrir í landinu, og sje út af þeirri reglu brugðið, þá aðeins þar sem um alveg óvenjulega sjerhæfileika er að ræða. Að öðru leyti skal við úthlutun þessa námsstyrks farið eftir hæfileikum nemenda, dugnaði og reglusemi. Mentamálaráðið skal eftir fremsta megni, með aðstoð sendimanna Íslands erlendis, hafa eftirlit með, að styrkþegar fari vel með fje sitt og tíma, og sje sannanlega út af brugðið, getur nefndin svift þá framhaldsstyrk.
f. Að úthluta ókeypis fari milli Íslands og annara landa til manna, sem fara til útlanda til alþjóðargagns.
g. Að hafa á hendi yfirstjórn sjóða, er stofnaðir kunna að verða með sjerstökum lögum til eflingar lista og vísinda á Íslandi, enda sje mentamálaráðinu falið þetta vald í stofnskrám sjóðanna.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **350. Frumvarp**

til laga um forstjórn póst- og símamála.

Flutningsm.: Páll Hermannsson og Einar Árnason.

1. gr.

Póstmálum og símamálum ríkisins skal stjórnað af forstjóra póst- og símamála, sem hefir umsjón með rekstri þeirra.

2. gr.

Til aðstoðar forstjóranum skal skipa póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn við póst og síma, eftir því sem nauðsyn krefur.

3. gr.

Póstmeistarar og póstafgreiðslumenn, sem sjálfstæða reikningsfærslu hafa, standa beint undir forstjóra póst- og símamála.

Í Reykjavík skal vera einn póstmeistari og annar stöðvarstjóri símastöðv-

ar. Á Ísafirði og Akureyri skulu póstmeistarastörfin sameinuð símaþjónustunni, eftir því sem við verður komið, svo og póst- og símastörf annarsstaðar á landinu.

4. gr.

Forstjóri póst- og símamála skal skipaður af konungi og hefir að byrjunarlaunum 5500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 7000 kr. Þessi embættismaður nýtur og verðstuðulsuppbótar samkvæmt launalögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929 og frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 31, 16. nóv. 1907, um forstjórn landssímanna, og 1. gr. póstlaganna, nr. 5 frá 7. maí 1921, og þar með lagt niður embætti aðalpóstmeistara.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram sem sparnaðarráðstöfun.

Ætla mætti, að sameining á yfirstjórn póst- og símamála hjer í Reykjavík hefði í för með sjer nokkurn beinan sparnað.

Þó mundi miklum mun meir draga um þann sparnað, er fengist við sameiningu víðsvegar úti um landið.

Virðist sjálfsagt að sameina þessi störf í nær öllum kaupstöðum og kauptúnum, og víða í sveitunum.

En sú sameining er illframkvæmanleg nema undir einni sameiginlegri yfirstjórn. Er sameiginleg yfirstjórn jafnnauðsynleg þá er velja þarf mann í stöðu, sem við eftirlit tveggja starfa sama manns.

Í mörgum löndum álfunnar lúta póst- og símamál sameiginlegri yfirstjórn. Ætti þetta ekki að vera örðugra hjer.

Tækifærið er hentugt nú, þar sem forstaða landssímans er laus.

Nd. **351. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Orðin »og má enginn vera í fleiri nefndum en tveimur« í 2. málsgr. 16. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein, er verður 17. gr., svo hljóðandi:

Sameinað þing skal í byrjun hvers þings kjósa fastanefnd, er nefnist utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum. Skal til hennar vísað öllum utanríkismálum og þeim öðrum málum, sem sameinað þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávalt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði um stundarsakir.

Í fyrsta sinn skal utanríkismálanefnd kosin þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.

Nd. **352. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Frá Hjeðni Valdimarssyni.

Við 2. gr. Fyrstu línu skal orða svo:

Aftan við 16. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nd. **353. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1929 og við brtt. á þskj. 294.

I. Frá *Hjeðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*

Við 2. gr. 9 (Skólagjöld).

Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*

Við 12. gr. 15. b. (Sjúkrahús og sjúkraskýli).

Fyrir »18000« kemur 35000

III. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*

Við 12. gr. 15. h. (Líkn).

a. Fyrir »berklahjúkrunarfjelagsins Líknar« kemur: hjálparstöðvar hjúkrunarfjelagsins Líknar.

b. Fyrir »3500« kemur 4000

IV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*

Við 12. gr. 15. m. Nýr liður:

Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi 6000

Til vara 5000

V. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 12. gr. 15. m. Nýr liður:
Til Símonar Jónssonar, Stokkseyri, til heilsuhælisdvalar í Danmörku 1000

VI. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 13. gr. B. II. a. 2. Nýr liður:
Vesturlandsvegur [frá Dalsmynni að Fellsenda] ... 10000

VII. Frá *Jóni A. Jónssyni:*
Við 13. gr. D. II. (Nýjar símalagningar).
a. Fyrir »150000« kemur... 215000
b. Á eftir »hlutaðeigandi hjeruð« kemur: þar af 65000 kr. til símalínu frá Ísafirði til Ögurs um Æðey til Sandeyrar á Snæfjallaströnd.

VIII. Frá *forsætisráðherra:*
Við brtt. 294, 21. Við 14. gr. A. b. 8 (Ýms kirkjumálaútgjöld).
Brtt. skal orða svo:
Liðinn skal orða svo:
Til Prestafjelags Íslands, til andlegrar starfsemi í skólum og bygðum landsins 3000

IX. Frá *Magnúsi Jónssyni:*
Við 14. gr. B. I. c. (Háskólinn). Nýr liður:
Til kenslu í söng ... ... .1200

X. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni:*
Við 14. gr. B. II. Nýir liðir:
a. Til Markúsar Kristjánssonar, til háskólanáms. 1200
b. Til Valgarðs Thoroddsens, til háskólanáms 1000

XI. Frá *Hjeðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Sigurjóni Á. Ólafssyni*:
Við 14. gr. B. VII.
Athugasemdin (um skólagjöld) fellur niður.

XII. Frá *Haraldi Guðmundssyni:*
Við 14. gr. B. XIII. 9. Nýir liðir:
a. Til Hannibals Valdimarssonar, til að kynna sjer kenslu og starfshætti í enskum skólum. 2000
Til vara 1200
b. Til Andrjesar J. Straumlands, til að stunda nám við alþýðuskóla í Englandi. 2000
Til vara 1200

XIII. Frá *Hjeðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 4 (Flensborgarskólinn).
Athugasemdin (um skólagjöld) fellur niður.

XIV. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 2 (Kvenfjelagið Ósk á Ísafirði).
Fyrir »4000« kemur 8000

XV. Frá *Jóni Sigurðssyni* og *Pjetri Oltesen.*
Við 14. gr. B. XV. 4 (Húsmæðrafræðsla við alþýðuskóla Þingeyinga).
Liðurinn fellur niður.

XVI. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 2.
a. Á eftir »Ólafs Pálssonar« kemur: og Jóns Pálssonar.
b. Í stað »1500« kemur 3000

XVII. Frá *Magnúsi Guðmundssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4. Nýr liður:
Upp í kostnað við Steinstaðalaug 2000

XVIII. Frá *Haraldi Guðmundssyni:*
Við 15. gr. 17. (Leikfjelag Ísafjarðar).
Fyrir »600« kemur 1000

XIX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Sigurði Eggerz, Ólafi Thors* og *Benedikt Sveinssyni.*
Við 15. gr. 17. Nýr liður:
Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum 2500

XX. Frá *Jóni Sigurðssyni* og *Pjetri Oltesen.*
Við 15. gr. 18. b. (Hljómsveit Reykjavíkur)
Fyrir »4000« kemur 2000

XXI. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 18. c. Nýr liður:
Til Gunnars Hallgrímssonar, til þess að búa sig undir kenslu í fiðluleik og stjórn hljómsveitar 2000
Til vara 1500

XXII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 22. Nýr liður:
Til að rita og styðja að útgáfu ítarlegrar sögu Íslands 3000

XXIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Magnúsi Guðmundssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 24. Nýr liður:
Til dr. Bjargar Þorláksdóttur, til þess að vinna að framhaldi sálfræðirannsókna sinna, fyrri veiting 2000

XXIV. Frá *Jóni Sigurðssyni og Pjetri Ottesen.*
Við 15. gr. 33. (Björn Jakobsson).
Liðurinn fellur niður.

XXV. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni* og *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 15. gr. 35. Nýr liður:
Til Björns Björnssonar gullsmiðs, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer myndlist, teiknilist og listiðnað nágrannaþjóða 2500

XXVI. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 38. Nýir liðir:
a. Til prentsmiðjunnar Gutenberg, uppbót á greiðslu fyrir prentun orðabókar Sigfúsar Blöndals, fyrsta greiðsla... 5000
b. Til Jóns Ófeigssonar kennara, uppbót á greiðslu fyrir vinnu að orðabók Sigfúsar Blöndals, fyrsta greiðsla... 2500
c. Til Barða Guðmundssonar, til lokanáms í sögu 1200

XXVII. Frá *Jóni Sigurðssyni* og *Pjetri Ottesen.*
Við 16. gr. 32. c. (Steinsteypukensla).
Við liðinn kemur athugasemd:
Kenslan fari fram við bændaskólana og ennfremur við unglingaskólana, þar sem því verður við komið.

XXVIII. Frá *Gunnari Sigurðssyni.*
Við 16. gr. 35. Nýr liður:
Til Kristjáns Jónssonar í Auraseli, í viðurkenningarskyni fyrir leiðsögu yfir jökulvötn í Rangárvallasýslu um langt skeið 500

XXIX. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni, Hjeðni Valdimarssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 17. gr. 9. Nýr liður:
Til Slysavarnafjelags Íslands... 10000

XXX. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. f. 23. Nýr liður:
Til Þorleifs Jónssonar póstmeistara 2400

XXXI. Frá *Ólafi Thors, Hjeðni Valdimarssyni* og *Sigurði Eggerz.*
Við 18. gr. II. i. 33. Nýr liður:
Til Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð... 2500

XXXII. Frá *Magnúsi Guðmundssyni* og *Ólafi Thors.*
Við 18. gr. II. i. 33. Nýr liður:
Til Guðjóns Guðlaugssonar 1200

XXXIII. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 18. gr. II. i. 33. Nýr liður:
Til Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar 300

XXXIV. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 23. gr. II. Nýr liður:
Að ábyrgjast alt að 100 þús. kr. rafveitulán fyrir Búðahrepp, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar (Endurveiting).

XXXV. Frá *Gunnari Sigurðssyni* og *Einari Jónssyni.*
Við 23. gr. II. Nýr liður:
Að endurgreiða Rangárvallasýslu 1/3 kostnaðar við endurbyggingu þá á Holtaveginum, sem gerð var á árunum 1922—24, að upphæð kr. 40811,61.

XXXVI. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pjetri Ottesen.*
Við 23. gr. II. Nýr liður:
Að endurgreiða Mýra- og Borgarfjarðarsýslum helming viðhalds- og endurbyggingarkostnaðar á Borgarfjarðarbraut, kr. 13500.

Ed. **354. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin fellst á frumvarpið eins og það kemur frá Nd. og leggur til, að það sje samþykt.

Alþingi, 1. mars 1928.

Einar Árnason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.	Jónas Kristjánsson, frsm.

Nd. **355. Nefndarálit**

um frv. til laga um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um þetta mál, og viðurkenna þó nefndarmenn allir nauðsyn þess að aftra misnotkun loftskeyta til stuðnings eða yfirhylmingar landhelgisbrotum.

Minni hlutinn álítur, að ákvæði frv. nái ekki tilgangi, meðal annars vegna þess, að ekki megi treysta drengskaparheitum þeirra, sem loftskeytum skifta milli lands og skipa, um ófalsað efni skeytanna.

Þvílíka ástæðu viljum vjer að engu hafa og teljum hana tæpast frambærilega.

Um þýðingu og gildi frv. viljum vjer hinsvegar taka þetta fram:

1. Enn sem komið er skortir efni til að verja landhelgina til hlítar fyrir lögbrjótum. Þyrfti líklega að fjölga varðskipum um helming, ef vörnin ætti að vera örugg. En meðan svo er ástatt er einsætt, að beita verður öðrum tiltækum ráðum til varnar landhelginni, og er þá ekkert hendi nær en vendilegt eftirlit með loftskeytasendingum, sem stuðlað geta að landhelgisbrotum.
2. Sú skoðun, sem víða hefir fest rætur, að loftskeyti sjeu þráfaldlega notuð til að firra innlenda lögbrjóta ábyrgð vegna ólöglegra veiða og til að aðstoða þá við lögbrotin, hefir lamað tilfinnanlega traust útlendra manna á íslensku rjettarfari og drengilegri löggæslu. Landhelgisvarnirnar, sem nær eingöngu snúast um töku útlendra togara, fá í augum útlendinganna á sig blæ ránskapar og hlutdrægni, er samsek innlend veiðiskip sleppa við aðför. Þarf engum getum að því að leiða, hver áhrif slíkt vantraust á vorri litlu þjóð getur haft, og má því með sanni segja, að sæmd hennar og velfarnan sje í hættu stofnað, ef ekki tekst að uppræta slíkan grun og aftra notkun loftskeyta til stuðnings ólöglegum veiðum innlendra manna.
3. Strangt eftirlit um notkun loftskeyta í sambandi við landhelgisbrot hlýtur að skapa varkárni hjá aðiljum öllum og árvekni um eftirlitið af hálfu annara manna. Að því stuðla ekki aðeins háar sektir, heldur og það, sem öllum vönduðum mönnum er viðkvæmara, að rjúfa þarf drengskaparheit til að falsa eða torkenna efni skeytanna.

Þetta með öðru knýr til þess að hefjast handa og reyna að reisa skorður við misnotkun loftskeytanna, en það verður eigi gert með öðru en ströngu eftirliti.

Vjer höfum orðið ásáttir um að gera nokkrar breytingar á frv., sem aðallega snerta form þess og samræmi við gildandi lög. Leggjum vjer því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Hver loftskeytastöð á Íslandi og hvert íslenskt veiðiskip, sem hefir loftskeytatæki, skulu hafa frá dómsmálaráðuneytinu sjerstök eyðublöð undir frumrit allra skeyta til eða frá íslenskum veiðiskipum. Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert í efni skeytisins sje ætlað til að stuðla að landhelgisbrotum, forða sökunaut við töku eða gefa veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna.

Á íslenskum loftskeytastöðvum og hverju íslensku veiðiskipi með loftskeytatækjum skal rita í sjerstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum með nákvæmri stund- og dagsetningu og í tölurð, svo sem ger verður ákveðið í reglugerð. Ennfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem frekast er fært, öll loftskeytaskifti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskifti þeirra við land. Skulu loftskeytastöðvar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda dómsmálaráðuneytinu frumrit allra þeirra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, er náðst hafa. Í lok hvers árs skulu sömu aðiljar senda dómsmálaráðuneytinu bækur þær, sem skeytin eru rituð í fyrir það ár. Skulu bækur þessar síðan lagðar fyrir sjávarútvegsnefndir Alþingis.

2. Við 4. gr. Greinina skal þannig orða:

Nú verður útgerðarstjóri, skipstjóri eða einhver, sem hagsmuna hefir að gæta við útgerð skipsins, sannur að sök um brot á 3. gr., eða útgerðarstjóri um brot á 2. gr., og varðar það þá 8—30 þúsund króna sekt fyrir útgerð skipsins, en auk þess skal skipstjóri, sem sannur verður að því að hafa notað loftskeyti til að fremja, dylja eða aðstoða við landhelgisbrot, í fyrsta sinn missa rjett til skipstjórnar í 2 ár. Brjóti hann aftur, missir hann skipstjórnarrjettindi fyrir fult og alt.

Verði einhver annar en þeir, sem nefndir eru í 1. málsgr., brotlegur gegn 3. gr., sæti hann sektum frá 1000—12000 kr.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Nú benda sterkar líkur til þess, að útgerðarstjóri hjer á landi eða skipstjórnarmaður á veiðiskipi hafi notað loftskeyti í þeim tilgangi að fremja landhelgisbrot eða stuðla að því, að það gæti orðið framið, eða að sá, er sekur er um slíkt brot, geti sloppið undan lagaaðförum. Skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt að svifta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn, er hlut eiga að máli, rjetti til að senda loftskeyti, nema undir eftirliti dómsmálaráðuneytisins, sem ræður orðalagi og formi slíkra skeyta. Samskonar eftirliti skulu þeir háðir, er sekt hefir fallið á eftir 4. gr. Sjávarútvegsnefndir Al-

þingis gera tillögur um, hve lengi slíku eftirliti skuli haldið áfram gagnvart aðilja hverjum.

Að öðru leyti en því, sem hjer er tekið fram, skal farið með mál út af brotum gegn lögum þessum eins og opinber lögreglumál.

4. Niður falli 6., 7. og 8. gr.

Greinatalan breytist eftir þessu.

Alþingi, 29. febr. 1928.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm. Jörundur Brynjólfsson. Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. **356. Lög**

um skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

(Afgreidd frá Ed. 1. mars).

1. gr.

Gullbringu- og Kjósarsýsla skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

2. gr.

Hafnarfjarðarkaupstaður skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar við næstu óhlutbundnar kosningar til Alþingis í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Fari þá fram kosning á aðeins einum þingmanni, skal hann kosinn fyrir Hafnarfjarðarkaupstað. Hinn þingmaðurinn telst þá þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu samkvæmt 1. gr.

Nd. **357. Frumvarp**

til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þingskjali 333 með breytingunum (1.—2.) á þskj. 340.

Ed. **358. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Samkomulag hefir ekki tekist í nefndinni um þetta mál. Frv. það, er hjer um ræðir, er í öllum aðalatriðum hið sama og frv. sama efnis, er lá fyrir síðasta Alþingi. Virðist mjer hið sama um þetta frv. nú, að það sje ekki svo úr garði gert, að með því sje nokkur veruleg trygging fyrir því, að komið verði í veg fyrir, að gin- og klaufaveiki berist til landsins. Mál þetta er þannig vaxið, að jeg sje mjer ekki fært að gera þær breytingar á frv., sem einhlítar sjeu. Tel hitt muni reynast betur, að stjórninni sje falið að breyta eftir bestu vitund í þessu máli og vera sem best á verði í þessu velferðarmáli þjóðarinnar, og legg því til, að frv. sje afgreitt með svo hljóðandi:

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að þingdeildin álítur, að stjórnin hafi nægilegar heimildir í gildandi lögum til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja það, að gin- og klaufaveiki berist til landsins, telur deildin lagafrv. þetta ónauðsynlegt og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. mars 1928.

Jónas Kristjánsson.

Ed. **359. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn hefir ekki getað fallist á frv. þetta óbreytt, og nefndin hefir heldur ekki getað komið sjer saman um breytingarnar.

Minni hlutinn getur ekki fallist á, að lækka beri að svo stöddu útflutningsgjaldið af síld, sem lækkað var fyrir fáum árum úr 3 krónum niður í 1 kr. og 50 aura, eins og það nú er, og sem útgerðarmenn þá sættu sig vel við.

Að vísu hefir útflutningsgjaldið af síld verið að mun hærra en á öðrum útfluttum vörum, en það stafar af því, sem flestum er vitanlegt, að útlendingar greiða meiri hlutann af þessum tolli, eða um $^3/_4$.

Eins telur minni hlutinn enga bót í því að hækka útflutningsgjaldið af síldarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og fóðurkökum frá því sem nú er, úr 1 kr. af 100 kg. upp í 2 kr. og 50. Mundi það gjald nema um 8% af þessari vöru, sem út af fyrir sig væri óhæfilega hátt útflutningsgjald.

En svo bætist þar við, að tollhækkun þessi og tollhækkunin af síldarlýsinu mundi eingöngu lenda á síldarframleiðendunum, þar sem verðið á síld til bræðslu mundi lækka að sama skapi sem tollhækkuninni nemur.

Nú er það vitanlegt, að ekki þykir borga sig að fiska síld eingöngu til bræðslu fyrir verð, sem verið hefir á bræðslusíld að undanförnu, nema *vel aflist*, en út af því getur einatt borið. Það virðist því afarvarhugavert að íþyngja bræðslusíldarframleiðslunni með háum útflutningstollum.

Og loksins er á það að líta, að markaðurinn fyrir síldarlýsi og síldarmjöl er miklu tryggari en markaðurinn fyrir saltaða eða kryddaða síld. Virðist því auðsætt, að fremur beri að stefna að því að gera útgerðarmönnum viðskiftin við síldarbræðslurnar sem aðgengilegust. Með því móti geta þeir dregið úr hinni áhættusamari og kostnaðarsömu framleiðslu saltaðrar síldar.

Minni hlutinn vill hinsvegar fallast á að gera nokkrar breytingar á útflutningsgjaldi af óþurkuðu áburðarefni, af ósaltaðri síld og fiskiúrgangi, er 1. gr. frumvarpsins ræðir um, en leggur til, að eitt og sama gjald verði lagt á þessar útflutningsvörur, 25 aur. á hver 100 kg.

Þá leggur minni hlutinn til, að 2. gr. frumvarpsins falli burt, og er það lagt til samkvæmt ástæðunum í sameiginlegu áliti nefndarinnar á þingskjali 330.

Minni hlutinn telur ekki ráðlegt að lögbinda fyrirfram slíkar eftirgjafir á útflutningsgjaldi af síld, jafnvel þó um sölu síldar á nýja markaði sje að ræða, en vill láta Alþingi hafa óbundnar hendur í því efni.

Samkvæmt framansögðu leggur minni hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. gr. laganna orðist svo:
   Af hverri síldartunnu (108—120 lítr.) skal greiða í ríkissjóð kr. 1,50 af hverjum 100 kg., af síldarmjöli, fiskimjöli þurkuðu og fóðurkökum kr. 1,00. Af hverjum 100 kg. af óþurkuðu áburðarefni úr fiski og síldarafurðum, af síld, sem flutt er til útlanda ósaltin til bræðslu, og af fiskiúrgangi, hausum og beinum (óþurkað eða hálfþurkað, ósaltið) 25 aura.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. Greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 1. mars 1928.

Björn Kristjánsson, frsm. Jón Þorláksson.

Ed. **360. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um útflutningsgjald af síldarlýsi.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Ætlast frv. til, að 3% útflutningsgjald verði lagt á síldarlýsi, umfram 1½% útflutningsgjald, sem nú hvílir á þessari vöru, eins og flestum útfluttum vörum. Er tolli þessum ætlað að bæta upp það tekjutap að nokkru, sem ríkissjóður mundi bíða, ef tillagan um að lækka síldartollinn um helming yrði samþykt, sem lagt er til að gert verði í frv. um útflutningsgjald af síld o. fl. á þskj. 206.

Og þar sem minni hlutinn getur heldur ekki fallist á að lækka síldartollinn, sem grein verður gerð fyrir í sjerstöku áliti minni hlutans um frv. á þskj. 206, þá leggur hann til, að frv. þetta sje felt.

Alþingi, 1. mars 1928.

Björn Kristjánsson, frsm. Jón Þorláksson.

Ed. **361. Nefndarálit**

um frumv. til laga um útflutningsgjald af síldarlýsi.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar fellst á ákvæði frumv., að hækka gjald á síldarlýsi, en vill þó ekki fara lengra en svo, að hækka útflutningsgjaldið um helming, upp í 3% alls, og flytur tillögu um það.

Samkvæmt þessu leggur meiri hlutinn það til, að frumv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Í stað »3%« komi: 1½%.

Alþingi, 1. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form. Jón Baldvinsson, fundaskr. og frsm. meiri hl. Einar Árnason.

Ed. **362. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur það til, að frv. þetta verði samþykt með nokkrum breytingum. Tveir úr meiri hlutanum (I. P. og E. Á.) eru mótfallnir 2. gr. frv. Um það er þó ekki brtt., þar sem greinin kemur við 2. umræðu sjerstaklega til atkvæða.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

1. grein skal orða svo:

1. grein laganna skal orða svo:

Af hverri saltaðri síldartunnu (108—120 lítr.) skal greiða í ríkissjóð 100 aura. Af hverri tunnu kryddsíldar (108—120 lítr.) 150 aura. Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli, fiskimjöli þurkuðu og fóðurkökum 200 aura. Af hverjum 100 kg. af óþurkuðu áburðarefni úr fiski og síldarafurðum 60 aura. Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu, 25 aura. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum (þurkað, óunnið) 150 aura.

Alþingi, 1. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari og frsm. meiri hl.	Einar Árnason.

Ed. **363. Frumvarp**

til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1929 til 1933, að báðum meðtöldum, enda greiði það ekki hluthöfum hærri arð en fjóra af hundraði á því tímabili.

2. gr.

Árin 1929 til 1933, að báðum meðtöldum, skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettó ágóða, og

greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

Ed. **364. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin fellst á ástæður þær, sem færðar eru fram fyrir frv. þessu. En það á að miða að því, að lax geti gengið hindrunarminna á hrygningarstaði en nú er. Í bergvatnsám, sjerstaklega hinum vatnsminni, geta þeir, er veiði eiga næst sjó, tekið svo að segja hvern lax, er í á gengur, ef kappsamlega er að veiði gengið og þótt eigi sjeu notaðar aðrar veiðiaðferðir en þær, sem leyfðar eru í lögum. Hefir lax, vegna ránveiði, lagst með öllu frá mörgum ám, sem með skynsamlegum veiðiaðferðum gætu verið góðar veiðiár. Nefndin vill ganga nokkru lengra en frv. í því að nema úr lögum takmarkanir, er hindra göngu lax í ár, þar á meðal rjett manna til að þvergirða á eða kvísl, þótt þeir eigi alla veiði í ánni eða kvíslinni.

Annars játar nefndin, að mikill vandi er að setja löggjöf um þessi efni, svo mjög sem hagsmunir þeirra manna rekast á, er afnot hafa, eða gætu haft, af laxveiði.

Einn nefndarmanna (J. Kr.) hefir nokkra sjerstöðu í málinu, og skrifar hann undir nefndarálitið með fyrirvara.

En svo sem að framan segir, telur nefndin frv. fara í rjetta átt og leggur til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   a. Aftan við 1. málsgr. 2. greinar laganna bætist: Um á, er rennur í kvíslum, gildir hið sama.
   b. Aðra málsgr. 2. gr. laganna skal orða svo:
      Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að ávalt sje 100 metra bil eftir endilangri ánni milli veiðivjela.
2. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
   3. gr. laganna skal orða svo:
      Eigi má leggja net eða veiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvatni

eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð, og þar sem á fellur í sjó, eigi nær ósamynnum en í 200 metra fjarlægð. Ádráttarveiði má viðhafa í ám; þó má ekki draga á nema á tímanum frá dagmálum til náttmála og ekki þann tíma, er lax er friðaður í viku hverri. Svo má og eigi draga á nær ósamynnum en í 250 metra fjarlægð. Heimilt er að veiða lax með stöng, en eigi með sting eða krók og eigi með skoti eða sprengingu. Til vísindalegra þarfa og til laxaklaks má veiða lax á hverjum tíma árs sem er.

Alþingi, 1. mars 1928.

Einar Árnason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr. og frsm.	Jónas Kristjánsson, með fyrirvara.

Nd. **365. Tillaga**

til þingsályktunar um veðurspár.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson og Pjetur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að rannsaka, hvað valda muni, að veðurspár veðurstofunnar hafa gengið ver eftir nú en í fyrra og ráða bót á því, sem aflaga fer í því efni, eftir því sem unt er.

Nd. **366. Breytingartillögur**

um frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 11. gr. 4. málsgrein. Í stað »minst 10 fjelagsmenn óska« komi: lögmætur fjelagsfundur samþykkir.
2. Við 11. gr. Á eftir 6. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 300 kr.

Ed. **367. Frumvarp**

til laga um tannlækningar.

Flutningsm.: Jónas Kristjánsson og Halldór Steinsson.

A. Skilyrði fyrir tannlækningaleyfi.

1. gr.

Rjett til að kallast tannlæknir og fara með sjálfstæðar tannlækningar hjer á landi hefir aðeins sá, er fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. Hefir lokið tannlækningaprófi í tannlæknaskóla, er viðurkendur er af heilbrigðisstjórn ríkisins.
2. Talar og skilur fullkomlega íslenska tungu.
3. Hefir að afloknu prófi (ef námstími skólans er aðeins 3 ár) verið að minsta kosti eitt ár aðstoðarmaður við lækningar hjá viðurkendum tannlækni hjer á landi eða á annan hátt aflað sjer álíka þekkingar og reynslu í tannlækningum, að áliti heilbrigðisstjórnar.
4. Hefir óflekkað mannorð.

Sá, er æskir tannlækningaleyfis, skal færa heilbrigðisstjórn sönnur á, að framangreindum skilyrðum sje fullnægt. Einnig skal hann undirrita drengskaparheit, stílað að fyrirmælum heilbrigðisstjórnar, um að gæta fullrar tannlæknisskyldu í starfi sínu.

Sá, er fullnægir fyrsta skilyrðinu, getur haft á hendi aðstoðartannlækningar, og með leyfi landlæknis getur hann um stundarsakir gegnt störfum sjálfstæðra tannlækna í forföllum þeirra.

2. gr.

Þeir læknar, sem hafa alment lækningaleyfi, mega ekki kalla sig tannlækna nje starf sitt tannlækningar, þótt þeir stundi tannlækningar, nema þeir hafi annaðhvort lokið tannlæknaprófi eða einhverju slíku sjerprófi, sem talið er gilt af heilbrigðisstjórn.

Stjórnarráðið getur þó fyrst um sinn, með ráði landlæknis, veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

B. Starfssvið tannlækna.

3. gr.

Starfssvið tannlækna tekur yfir meðferð á allskonar tannsýki, þar með talið allskonar tannfyllingar, tannaútdráttur og brota, tannhreinsun með verkfærum eða lyfjum, lagfæring óreglulegra tanna og tannrjettingar, að brúfesta tennur og tanngarða (crown- and bridgework) o. s. frv., og ennfremur meðferð kvilla í slímhimnu munnsins, tannholdi og kjálkum, er af tannsýki stafa.

Tannlæknum er heimilt að beita allskonar deyfingum á tönnum, tann-

holdi og kjálkum, en svæfing (narcose) skal beitt af lækni, er alment lækninga leyfi hefir, eða af tannlækni að honum viðstöddum.

4. gr.

Öllum öðrum en tannlæknum, eða þeim, er tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að munnsetja gervitennur og tanngarða. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sjer nægilegrar þekkingar í þessari grein.

5. gr.

Tannlæknum er heimilt að afla sjer með lyfseðlum allra þeirra lyfja, sem þeir þarfnast við lækningar sínar, og nota þau tæki og hjálparmeðul, er fram koma á hverjum tíma, ef þeir þurfa við starfa sinn.

C. Almenn ákvæði.

6. gr.

Tannlæknar lúta eftirliti heilbrigðisstjórnar ríkisins. Skyldir eru þeir til að gefa landlækni skýrslu um, hvar þeir ieka starfa sinn.

7. gr.

Öllum þeim, sem ekki hafa tannlækningaleyfi, er bannað að auglýsa á einn eða annan hátt tannlækningar, munnsetningu tanna, deyfingar eða nokkra lyfjanotkun til tannlækninga, eða bjóðast til þess á annan hátt.

8. gr.

Sá, er gerist sekur um brot gegn ákvæðum þessara laga, skal sæta sektum,. frá 50—1000 krónum (og hækka sektir við ítrekað brot). Sektir renna í ríkissjóð. Ef mikið kveður að brotum, má það varða refsingu, alt að 6 mánaða einföldu fangelsi, nema heyri undir hin almennu hegningarlög.

Mál út af brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Verði tannlæknir sannur að sök og dæmdur til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti, skal hann sviftur rjetti til þess að kalla sig tannlækni og fara með tannlækningar.

10. gr.

Lög þessi ná ekki til þeirra lækna, sem nú stunda tannlækningar og kalla sig tannlækna, nje heldur til þeirra, sem nú hafa takmarkað tannlækningaleyfi hjer á landi.

11. gr.

Ákvæði gildandi laga, er í bág fara við þessi lög, eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Í öðrum menningarlöndum hafa verið sett sjerstök lög um framkvæmd tannlækninga. Slík lög kveða á um það, hvaða skilyrði þeir verða að uppfylla, sem fara með tannlækningar, marka starfssvið tannlækna og ákveða, hvernig eftirlitinu með þeim skuli hagað.

Hjer á landi vantar lög um þessi efni, og virðist nú kominn tími til þess að koma föstu skipulagi á þetta mál. Það sýnist nauðsynlegt að setja ákveðin lagafyrirmæli um það hjer sem annarsstaðar, hverjir megi eða geti framkvæmt tannlæknastörf fyrir fólkið, svo það viti fyrir víst, hverjum má treysta í þessum efnum, og þeir, sem uppfylla skilyrðin, viti, eftir hverju þeim ber að hegða sjer. Það þarf að setja föst ákvæði um það, að þeim einum, sem uppfylla viss kunnáttuskilyrði, sje leyft að fara með þessi störf, svo fólkið sje ekki gint með fúski og fákunnandi lýður geri mönnum skaða. Það er mikil þörf á því fyrir landsfólkið að fá ábyggilega hjálp við tannveikinni, sem stöðugt fer í vöxt, svo að horfir til vandræða með unglinga. Það væri ekki úr vegi, að eitthvað af ungu námsfólki hjer leitaði út á þá braut að menta sig í sjernámi tannlækna í framtíðinni, og því er rjett að setja fastar reglur í tíma um starfið, svo að þeir, sem kosta til slíkrar mentunar, sem er mjög dýr, viti með vissu, að hverju þeir ganga, og komið sje í veg fyrir, að fákunnandi fólk og fúskarar setjist hjer að og villi fólki sýn, því svo gæti farið, að þeim, sem afla sjer fullrar mentunar í starfsgreininni, yrði ekki vært hjer.

Fylgiskjal.

Þetta frumvarp er upprunalega samið af stjórn tannlæknafjelags Íslands. Þegar það kom til mín, leitaði jeg álits stjórnar læknafjelags Íslands um málið. Gerðum við, þeir og jeg, nokkrar breytingar á frumvarpinu, og liggur það hjer fyrir með þeim breytingum, enda mæli jeg með frumvarpinu, og sama gerir stjórn læknafjelags Íslands í brjefi til mín.

Reykjavík, 16. febr. 1928.

G. Björnson,
landlæknir.

Ed. **368. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

Frá dómsmálaráðherra.

Við 1. gr. Eftir c-lið komi nýr liður:
d. að hafa undirbúningsdeild í þjóðlegum fræðum, ef húsrúm leyfir.

Ed. **369. Frumvarp**

til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þeir kjósendur, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta eigi sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörstaðar eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Dómsmálaráðuneytið annast um útvegun kjörseðla ásamt fylgibrjefum og umslögum, er þar til heyra, á kostnað ríkissjóðs. Kjörgögn þessi skulu vera þannig gerð: Kjörseðill, fylgibrjef og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skriftin verði ekki greind í gegnum hann. Stofn og fylgibrjef sama kjörblaðs skulu auðkend sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar kosningar um land alt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbrjefi; jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflínum, svo að auðvelt sje að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibrjefinu skulu vera vottorð kjósenda og kjörstjóra.

Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr. .....

.....
(Nafn og föðurnafn kjósanda).

.....
(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

kaus .....
(Staður, dagsetning og ár).

hjá .....
(Staða).

.....

Nr. .....

Jeg .....
(Nafn, föðurnafn og staða kjósanda).

.....
(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

sem vegna fjarveru get ekki sótt kjörþing á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að jeg þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi sjeð hefi útfylt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi jeg því yfir, að jeg hefi engan annan kjörseðil frá mjer sent og hefi ekki kosið eða mun kjósa annarsstaðar.

.....
(Staður, dagsetning og ár).

.....
(Undirskrift kjósanda).

Að .....
(Fullt nafn kjósanda).

.....
(Heimili kjósanda).

hafi undirskrifað fylgibrjef, sem er rjett dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sje útfyltur aðstoðarlaust og þvingunarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.

Vitundarvottar: .....
(Staða vottorðsgefanda og heimili).

.....
(Nafn).

.....

Limborið | Innanmálslengd 9 cm. | Innanmálsbreidd 12 cm. | Limborið

Limborið.

Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislitum pappir af þeirri stærð, að hæfileg sjeu utan um fylgibrjefið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefir verið lokað og fylgibrjefið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin og hverju 25 blaða hefti fylgja 25 umslög með sömu tölum.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörstaðar áður en framboðsfrestur er úti. Kjörstjórar utan kjörstaða samkvæmt lögum þessum eru: sýslumenn, bæjarfógetar, fulltrúar þeirra, hreppstjórar, svo og skipstjórar á íslenskum skipum, enda gefi þeir drengskaparyfirlýsingu, um leið og þeir taka við kjörgögnum, um, að kosning í skipi þeirra fari fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar. Dómsmálaráðuneytið sendir nægilegar birgðir kjörgagna til allra sýslumanna og bæjarfógeta og heldur bók yfir, hve mörg kjörblöð með umslögum hver þeirra fær og tölusetningu þeirra. Á sama hátt senda sýslumenn og bæjarfógetar nægilegar birgðir kjörgagna til annara kjörstjóra, hver í sínu umdæmi. Skulu þeir halda bók yfir kjörgögn þau, er þeir senda frá sjer, á sama hátt og dómsmálaráðuneytið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því aðeins gild, að notuð sjeu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta eða á heimili hreppstjóra eða um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt framanrituðu, enda sje kjósandinn þá skrásettur á skipinu.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar eigin hendi með bleki á atkvæðaseðilinn fult nafn þess þingmannsefnis eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Sje um hlutbundnar kosningar að ræða, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, eiga rjett á að greiða atkvæði strax og framboðsfrestur er liðinn, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörstaðar fá afhent tölusett fylgibrjef með áföstum kjörseðli og síðan þvingunar- og aðstoðarlaust í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis, eða þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa, eða listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosn-

ing er, ef hann vill — á kjörseðilinn, brjóta hann síðan saman, þannig að nafnið verði innan á, og líma hann vandlega aftur. Kjörstjóri eða kjósandi útfyllir því næst vottorðið á fylgibrjefinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða auðkenna á nokkurn hátt, nje losa hann frá fylgibrjefinu. Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibrjefinu um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfyltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördeildar hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sje alt auðkent sömu tölu. Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibrjefið.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til annars kjörstjóra utan kjörstaðar, þá skal atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, sem í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum skal kjósandi því næst láta í umslagið, loka því vandlega og rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðisseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi. Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýta seðilinn ásamt fylgibrjefinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýtur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórna ásamt hinum gildu atkvæðum. Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýst.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma brjefinu á póst.

5. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert brjef, frá hvaða kjósanda það sje, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu brjef þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjóra ásamt einum manni úr kjörstjórn, og er frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra heimilt að setja á hann innsigli sitt.

Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir brjef með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta brjefin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim, er varðveitir brjef

með atkvæði hans, sje það ekki varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa, að hann afhendi sjer það, alt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

6. gr.

Þegar á kjörfund kemur, athugar kjörstjórnin, hvort innsigli atkvæðakassans sjeu heil og ósköddud, opnar síðan kassann og tekur úr honum umslögin og varðveitir þau á meðan atkvæðagreiðsla fer fram. Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörstað. Ef svo reynist, að sá, sem brjefið er frá, standi á kjörskrá og hafi eigi greitt atkvæði á kjörstað, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritið af kjörskránni. Komi fram umslag með ónýtum seðli, skal kjörstjórnin athuga fylgibrjefið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslög undir ógilda seðla, sem hún sendir til yfirkjörstjórnar.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða sje staddur innan kjörumdæmis síns, eða sje búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórn hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórn fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibrjef með áföstum kjörseðli, eða umslög og fylgibrjef eigi eru tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að eigi hafa verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða eigi hefir verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru með lögum þessum.

Þá kjörseðla, sem teknir eru gildir, rífur kjörstjórn frá fylgibrjefunum, gætir þess vandlega, að þeir opnist eigi nje skaddist og leggur þá í atkvæðakassann.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt lögum þessum, eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.
2. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðslu atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir gera látið, eða eitthvað liggur innan í honum, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr., eða á seðilinn eru sett strik eða merki, er ætla má, að sjeu sett til þess að gera hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi, auk listabókstafsins, orðið »listi«, ef ekki verður álitið, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi skal gæta þess, að til sjeu í skipinu fyrir hverjar kosningar nægar birgðir kjörseðla með tilheyrandi umslögum,

og í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslur þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur dómsmálaráðuneytið útdráttinn. Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um að kjósa í skipi, eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því aðeins, að óhjákvæmileg störf á skipinu, sem enga bið þola, hindri. Brot gegn þessu varða alt að 1000 króna sektum, er renna í landssjóð.

9. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni, er þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatast, skal þess getið sjerstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal viðkomandi sýslumaður eða bæjarfógeti ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörstaða sjeu svo greinileg, að sjeð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hafi verið notað. Sýslumenn og bæjarfógetar gera síðan á sama hátt skil til dómsmálaráðuneytisins, senda því eftirstöðvarnar og afrit bókanna. Dómsmálaráðuneytið gengur stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna, á sama hátt og þeir af öðrum kjörstjórum utan kjörstaða.

10. gr.

Fyrir afhendingu kjörseðla og vottorð þau, er um ræðir í lögum þessum, greiðast engin gjöld.

11. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði kosningalaganna um kosningar, er í lögum þessum getur, að því leyti, sem þær geta við átt, þar á meðal hegningarákvæði.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 50, frá 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Ed. **370. Lög**

um sölu prestssetursjarðarinnar Garða á Akranesi.

(Afgreidd frá Ed. 2. mars).

1. gr.

Að fengnu samþykki hlutaðeigandi sóknarprests, skal ríkisstjórninni heimilt að selja Ytra-Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu prestssetursjörðina

Garða á Akranesi ásamt þeim hjáleigum jarðarinnar, er ráðuneytið telur mega selja frá prestakallinu.

2. gr.

Um mat á því, er selt verður, og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **371. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum (þskj. 213).

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Frv. þetta og frv. á þskj. 212 fara fram á að lögleiða tekjuauka ríkissjóði til handa, með því að hækka hinn almenna flokk verðtollsins upp í 15% og með því að fella úr gildi lækkun þá á vörutollinum, sem gerð var með lögum nr. 50 1926.

Með frv. þessum er farið fram á að færa tollalöggjöfina sem næst í sama horf og hún var sett á þinginu 1924, en það var þá gert beinlínis með það fyrir augum að grynna á lausaskuldum ríkissjóðs, sem þá voru, og nú eru að fullu greiddar. Ef bæði þessi frv. verða lögleidd, eru burt numdar allar ívilnanir á sköttum að heita má, sem síðan hafa verið gerðar, nema gengisviðauki á vörutolli, og verðtollurinn á að verða 15%, í stað þess að hann 1924 var settur 20%.

Út af þessu hefir minni hlutinn fyrst viljað reyna að gera sjer grein fyrir því, hverra tekna má vænta af núverandi skatta- og tollalöggjöf óbreyttri. Tökum við þar 3 síðustu árin (1925 til 1927).

Árið 1925 urðu tekjur ríkissjóðs alls 16.03 milj. kr. Eftir núgildandi löggjöf mundu þar af hafa fallið burtu:

Af verðtolli nálega helmingur, eða	1042000 kr.
Gengisviðauki af vörutolli um	444000 —
Vegna lækkunar á vörutolli samkv. lögum nr. 50 1926 um	510000 —
Ennfremur að miklu leyti tekjur af skiftimynt, sem það ár námu	324000 —
Samtals lækkun	2320000 kr.

Tekjur þess árs eftir núgildandi löggjöf hefðu þá orðið 13.71 milj. kr.

Á sama hátt telst okkur til, að tekjur ársins 1926 hefðu orðið eftir núg. löggjöf 11.48 milj. kr., árið 1927 voru þær eftir skýrslu fjármálaráðherra sem næst 11.0 milj. kr., eða *meðaltal þriggja síðustu ára 12.06 milj. kr.* Tekjur af áfengisversluninni eru þó í raun og veru hjer vantaldar um yfir 200 þús. kr. á ári, af því að hún hefir verið að safna sjer veltufje, en því er nú lokið, og er meðaltal tekna síðustu þriggja ára því raunverulega 12¼ milj. kr.

Þá er að athuga útgjaldaþörfina. Gjöldin í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru 10.4 milj kr. Eftir stjórnarfrv. fyrir 1929 voru þau 9.8 milj. kr., og þó þau sjálfsagt hækki nokkuð í meðferð þingsins, munu þau ekki þurfa að fara fram úr 10.4 milj. kr. Teljum við, að unt sje að halda framkvæmdum ríkisins í eðlilegu horfi með þeim útgjöldum.

Samkvæmt meðaltali þriggja síðustu ára eru þó afgangs fyrir umframeyðslu á fjárlagaliðum og fyrir útgjöldum eftir nýjum lögum 1.66 til 1.85 milj. kr. á ári. Samkvæmt reynslu á þeim tímum, þegar verðlag hefir ekki verið stórsveiflum undirorpið, á þessi afgangur, 15—18% af gjaldaupphæð fjárlaga, að nægja.

Við teljum því, að til útgjalda á þessu og næsta ári sje ekki þörf á tekjuauka, nema ef svo skyldi fara, að á yfirstandandi þingi yrði samþykt óvenjulega mikið af nýrri útgjaldalöggjöf. Mikið af slíku liggur að vísu fyrir þinginu, en minni hlutinn álítur, að margt af því þoli vel bið, og þótt eitthvað af slíkum frumv. verði samþykt, þá ætti ekki að fara langt fram úr venju með það. Vegna þess að telja má víst, að samþykt verði um 200 þús. kr. árlegt framlag til Byggingar- og landnámssjóðs, vill minni hlutinn þó til samkomulags ganga inn á að samþykkja nýjar álögur sem því svarar, eða vel það, og getur fallist á, að verðtollurinn verði hækkaður úr 10% upp í $12^1/_2$%, og ber fram brtt. þar um.

Sjóðseign ríkissjóðs hefir skerst nokkuð af tekjuhalla ársins 1927, sem stafar af því, að gjöldin samkvæmt fjárlögum voru það ár um 700 þús. kr. hærri en yfirstandandi ár. Við teljum þó ekki þörf á að leggja nýja skatta á til þess að fylla þetta skarð, því að við niðurlagningu landsverslunarinnar losnar það fje, sem ríkið hefir átt bundið í henni og nemur yfir $1^1/_2$ milj. kr., og teljum við eðlilegast, að því verði varið til að auka sjóðseign ríkissjóðs svo sem þarf.

Samkvæmt þessu berum við fram við frv. á þskj. 213 eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Fyrir »15%« í fyrri efnismálsgrein komi: $12^1/_2$%.
2. Við sömu gr. Önnur efnismálsgrein falli burt.

Alþingi, 2. mars 1928.

Jón Þorláksson, frsm. minni hl. Björn Kristjánsson.

Ed. **372. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Við teljum ekki nauðsynlegt eins og stendur að útvega ríkissjóði tekjuauka þann, sem þessu frumv. er ætlað að gefa, og vísum til nál. okkar á þskj. 371 um

rök fyrir því. Hinsvegar finst okkur svo varhugavert að íþyngja atvinnuvegum landsins nú aftur, eða til frambúðar, með slíkri hækkun tolla á alnauðsynlegustu hjálparvörum til framleiðslu og á lífsnauðsynjum, að við teljum, að til slíks megi ekki grípa nema í ýtrustu nauðsyn. Leggjum við því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 2. mars 1928.

Jón Þorláksson, frsm. minni hl. Björn Kristjánsson.

Nd. **373. Nefndarálit**

um frumv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Þótt öll nefndin sje sammála um það, að ekki sje sanngjarnt að standa til lengdar á móti því, að breyting verði gerð að því er Norðfjörð snertir á því skipulagi, sem nú er, þá hefir nefndin þó ekki getað orðið samferða í málinu. Þykir minni hl. rjett, að málið sje tekið upp á breiðari grundvelli en hjer er gert ráð fyrir, því að vitanlegt er, að til eru hjer á landi kauptún, sem ekki stendur ósvipað á um. Minni hlutinn telur mjög sennilegt, að ef í stærstu kauptúnunum væri falið einum og sama manni að hafa á hendi störf hreppstjóra og oddvita og innheimtu fyrir ríkissjóðinn, yrði sá kostnaður talsvert minni en með því fyrirkomulagi, sem hjer er ráðgert. Að sjálfsögðu yrði ríkissjóður að leggja eitthvað fram í þessu skyni, en það mundi verða lítið.

Minni hlutinn telur þetta vera rannsóknarefni og ræður því til, að frumv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Deildin felur ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um sveitarstjórn í stærstu kauptúnum landsins og leggja frumv. um þetta fyrir næsta þing, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. mars 1928.

Magnús Guðmundsson, frsm. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **374. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1929 og við brtt. á þskj. 353.

I. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við 22. gr. 4. Nýr liður:

Alt að 25 þús. kr. til Flateyrarhrepps, til rafstöðvar á Flateyri. Lánið skal veitt til 20 ára, með 6% vöxtum, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda.

II. Frá *Magnúsi Torfasyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*

Við brtt. 353. Fyrir framan XXXVI kemur:

Við 23. gr. II. Nýr liður:

Að endurgreiða Árnessýslu helming viðhalds- og endurbyggingarkostnaðar á Flóa- og Eyrarbakkabraut, kr. 21491,13.

Ed. **375. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um hagskýrslur.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir leitað upplýsinga hjá hagstofustjóra um málið, og telur hann ekkert því til fyrirstöðu, að sú tilhögun komist á, sem till. fer fram á, ef gengið er eftir því, að lögboðnar skýrslur sjeu gefnar hagstofunni á rjettum tíma. Telur nefndin sjálfsagt, að gengið verði eftir þessu. Kostnaðarauki af þessu mun samsvara mestu af eins árs prentunarkostnaði hagstofunnar og einhverjum kostnaði við aukavinnu, væntanlega ekki yfir 9—10 þús. kr. alls, eftir upplýsingum hagstofustjóra.

Nefndin leggur til, að till. verði samþykt.

Alþingi, 2. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form. Jón Baldvinsson, fundaskr. Björn Kristjánsson.

Jón Þorláksson, frsm. Einar Árnason.

Ed. **376. Nefndarálit**

um frumv. til laga um stofnun síldarbræðslustöðva á Norðurlandi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frumv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 2. mars 1928.

Erlingur Friðjónsson, form. og frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr. Halldór Steinsson.

Nd. **377. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um eignarnám á Nikulásarkeri í Norðurá.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson, Jón Sigurðsson, Jón Ólafsson.

1. 1. gr. skal orða svo: Bannað er að veiða lax í Nikulásarkeri í Norðurá.
2. 2. gr. skal orða svo: Greiða skal núverandi Stafholtspresti fullar bætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 1. gr., eftir mati dómkvaddra manna, og skulu bæturnar vera árgjald, sem metið er í eitt skifti fyrir öll.

   Þeir, er laxveiðirjett hafa í Norðurá, skulu greiða bæturnar til prestsins, og skal jafna þeim niður ásamt matskostnaði á þá, er veiðirjett hafa, eftir hlunnindaskýrslum 5 síðustu ára að tiltölu eftir veiðimagni.

   Sýslumaður jafnar gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingi, og fylgir því lögtaksrjettur.

   Þegar næst verða prestaskifti í Stafholti, falla bæturnar niður.
3. 3. gr. skal orða svo: Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum, frá 100—1000 kr., er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum rekin sem almenn lögreglumál.
4. Eftir 3. gr. komi ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi:

   Lög þessi öðlast þegar gildi.
5. Fyrirsögnin verði:

   Frumvarp til laga um bann gegn laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

Ed. **378. Frumvarp**

til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bannað er öllum að flytja til landsins lifandi spendýr og fugla. Þó getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá banni þessu, enda setji þá reglur í hvert sinn, í samráði við ráðunaut sinn í þessum efnum, er öruggar sjeu til varnar því, að alidýrasjúkdómar flytjist hingað með dýrum þeim, er innflutningur verður leyfður á.

2. gr.

Bannaður er innflutningur á þessum vörutegundum:

a. Heyi, hálmi, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk, gömlum og notuðum pokum og tuskum allskonar.
b. Ull.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu fyrir ull til verksmiðju, enda sje hún sótthreinsuð utanlands eða innan, undir öruggu eftirliti.

c. Notuðum fatnaði, fiðri, fjöðrum, dún, stráteppum, körfum úr strái, dýrahári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem: burstavörum, penslum, kústum og hrosshársborðum.

Á vörum, sem taldar eru í þessum lið, kemur þó innflutningsbann ekki til framkvæmda, ef vörurnar sótthreinsast við tilbúning eða hreinsun, eða ef þær eru sótthreinsaðar áður en þær voru fluttar á skip, enda fylgi farmskránni vottorð um uppruna og vinslu varanna eða sótthreinsun.

Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að fyrirskipa sótthreinsun á tjeðum vörum, er þær koma hingað til lands, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

d. Fóðurkökum, rófum, káli og öðru hraðvöxnu grænmeti.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu frá innflutningsbanni á vörum þessum í einstöknm tilfellum og fyrir lönd og landshluta.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á öðrum þeim vörum, sem hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.

4. gr.

Hver sá maður, sem kemur hingað til lands frá útlöndum, skal á fyrstu höfn, sem skipið kemur á, áður en hann stígur af skipsfjöl, gefa lögreglustjóra eða sóttvarnalækni yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi á síðustu þrem mánuðum áður en hann lagði af stað frá útlöndum dvalið eða verið á ferð í sveit, þar sem gin- og klaufaveiki eða aðrir hættulegir og næmir alidýrasjúkdómar hafa gengið síðastliðið ár.

Hafi farþeginn dvalið eða verið á ferð í slíku hjeraði á síðustu þrem mánuðum, skal hann tafarlaust einangraður, þar til hann og farangur hans hafa verið tryggilega sótthreinsaðir.

Ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, getur atvinnumálaráðherra fyrirskipað sótthreinsun á farþeganum og farangri hans, ef vegabrjef hans sannar ekki, að hann hafi dvalið síðustu þrjá mánuði þar, sem engin smitunarhætta var.

5. gr.

Öll þau dýr, sem um getur í 1. gr. og eru með skipum þeim, sem koma til landsins, t. d. eign skipverja eða farþega, skulu tryggilega einangruð, eftir fyrirmælum hlutaðeigandi lögreglustjóra eða sóttvarnalæknis, meðan skipið er hjer við land. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra bannað með auglýsingu skipum þeim, er sigla hingað til lands, að hafa meðferðis nokkur þau dýr, er ræðir um í 1. gr.

6. gr.

Brot gegn 1., 2. og 5. gr., svo og auglýsingum, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út samkv. 3. og 5. gr., varða sektum, frá 100—10000 krónum, fyrir skipstjóra þann, sem dýrin eða bannvörurnar flutti inn, og jafnháum sekt-

um fyrir eigandann, og skulu dýrin eða bannvaran gerð upptæk, dýrunum lógað en bannvaran ónýtt að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft í skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borga allan kostnað, er af því leiðir. Ennfremur bæti eigandinn allan skaða, er af þeim dýrum eða þeirri vöru hlýst, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins.

Brot gegn 4. gr. varða 100 - 10000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sá, sem brotlegur verður, skal auk þess bæta alt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Berist gin- og klaufaveiki til landsins, eða annar hættulegur og næmur alidýrasjúkdómur, hefir atvinnumálaráðuneytið heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, er það telur nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu veikinnar.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 15. júní 1926, um innflutningsbann á dýrum o. fl.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **379. Breytingartillaga**

við frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Flutningsm.: H. Steinsson.

Við 2. gr. d. Orðin »káli og öðru hraðvöxnu grænmeti« falli niður.

Ed. **380. Nefndarálit**

um frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frv. þessu er ætlað að koma í stað tveggja núgildandi laga um sama efni (nr. 41 1927, um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim, og nr. 51 1927, um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins), sem núverandi stjórn

hefir brotið, sumpart beinlínis og sumpart með því að láta framkvæmd þeirra farast fyrir.

Minni hlutinn álítur, að slíkt atferli stjórnarinnar sje í sjálfu sjer svo alvarlegt mál, og valdi og virðingu þingsins svo mikil hætta búin, ef það helst uppi, að þegar af þeirri ástæðu sje ekkert annað rjett en að láta nýnefnd lög, sem brotin hafa verið, standa óbreytt og krefjast þess af stjórninni, að hún haldi þau í öllum greinum hjer eftir og framkvæmi þau til fulls. Taki þingið slíka afstöðu, ætti nokkur trygging að vera fengin fyrir því, að þetta eða annað þvílíkt verði ekki endurtekið. En sje þetta látið óátalið nú, eða jafnvel goldið nokkurskonar samþykki við, með því að nema úr gildi þau lög, sem þannig hafa verið að vettugi virt, þá sýnist mjer vera mikil hætta á, að þetta verði endurtekið, og löggjafarvald þingsins þar með gert að leiksoppi í höndum hverra þeirra ráðherra, sem til þess vilja beita sjer. Þar að auki er auðsætt, að virðingarleysi landsmanna fyrir lögum, sem þykir fullmikið eins og er, muni enn ágerast, ef það á að haldast uppi, að þeir brjóti lögin, sem settir eru til þess sjerstaklega að framkvæma þau.

Þegar af þessari ástæðu legg jeg til, að frv. verði felt.

Til enn þá frekari rökstuðningar þessu skal athugað, hverjar aðalbreytingar frv. gerir á núgildandi löggjöf.

Með 1. gr. frv. er felt burtu ákvæðið um, að skjaldarmerki Íslands skuli vera á skipunum, en í þess stað verður að letra heimilisfangið (Reykjavík) á skipin. Sýnist breyting þessi síst til bóta.

Með 3. gr. er ákveðið að ráða nokkra af skipverjum með gagnkvæmt bindandi *óuppsegjanlegum* samningum til 6 ára. Þetta er algert nýmæli hjer. Nú á tímum veit jeg ekki til, að slíkir samningar hafi verið notaðir nema í Suður-Afríku og á einstaka stöðum öðrum, við ráðningu verkamanna frá Indlandi og Kína. En þessir óuppsegjanlegu 6 ára vinnusamningar þóttu nálgast svo mjög þrælahald, að úr menningarlöndum Norðurálfunnar reis sterk alda gegn þessu, og veit jeg ekki annað en að bann gegn þessu sje nú lögleitt alstaðar þar, sem hvítir menn ráða. Hjer á landi hafa aldrei þekst óuppsegjanlegir vinnusamningar til lengri tíma en árs í senn, og hefir þó þótt nauðsyn að setja ítarleg ákvæði (í hjúalögunum) til þess m. a. að tryggja það, að samningnum geti orðið slitið fyr en árið er liðið, ef nauðsyn krefur. En hjer á að binda menn óuppsegjanlegum samningi í 6 ár, og er það algert eins dæmi að ætlast til þess, að hvítir menn selji sig á leigu um svo langan tíma án uppsagnarrjettar.

Samkvæmt 4. og 5. gr. á þó að ráða nokkra af skipverjum með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Gerist einhver þessara svo brotlegur, að skipstjóra þyki ástæða til að víkja honum fyrirvaralaust frá starfi, þá er það að vísu heimilt, en hinn seki á í öllum tilfellum að fá »umsamið kaup eins og um uppsögn væri að ræða«, þ. e. kaup í 3 mánuði að minsta kosti eftir brottrekstur. Þetta ákvæði er bæði hneykslanlegt í sjálfu sjer (verðlaun fyrir brot, sem varðar brottrekstri) og eyðileggjandi fyrir aga og reglu á skipunum.

Eftir 7. gr. á að gera minni kröfu til vjelgæslu á skipunum en landslög heimta á gufuskipum alment. Þessa fjarstæðu vill meiri hl. lagfæra með því að fella greinina, og er jeg því samþykkur.

Loks eru launaákvæðin. Þau eiga nú einungis að ná til skipstjóra, vjelstjóra og stýrimanna. Jeg tel óheppilegt að fella burtu ákvæði um laun annara skipverja, sem í reyndinni verða fastir starfsmenn á skipunum, og að það muni verða nokkru dýrara fyrir ríkissjóð, sjerstaklega þegar eftirlaunabeiðnir frá gömlum starfsmönnum fara að bætast við, heldur en ef framfylgt væri lögunum frá 1927 um laun þessara manna og greiðslu frá þeim í lífeyrissjóð. Þó hygg jeg, að þetta sje ekki svo mikið fjárhagsatriði, að það sje gerandi að miklu kappsmáli þess vegna eingöngu.

Í frv. eru tekin ákvæði um laun stýrimanna og vjelstjóra, sem ekki geta staðist, og leggur meiri hluti nefndarinnar til á þskj. 326, að þeim verði öllum breytt. Samanburður á þeim tillögum og launaákvæðum laganna frá 1927 verður á þessa leið fyrir 6 stýrimenn og 5 vjelstjóra, sem vera mun núverandi tala þessara starfsmanna á skipunum:

	Eftir lögum nr. 51 1927.	Eftir stjfrv. 1928 með brtt. meiri hl.
Byrjunarlaun samtals:	54200	55400
Hámarkslaun samtals:	60200	65200

Hinsvegar gerir frv. stjórnarinnar skipstjórunum 5000 til 6000 kr. laun, sem virðist óhæfilega lágt, en eftir tillögum á þskj. 326 eiga byrjunarlaunin að vera 5800 kr. og lokalaunin 7000 kr., hvorttveggja 200 kr. lægra en eftir gildandi lögum, og sýnist sú lækkun ekki rjettmæt. Heildarniðurstaðan verður þá, ef brtt. á þskj. 326 verða samþyktar, 800 til 4600 kr. árleg launahækkun hjá yfirmönnum skipanna, að meðaltali líkl. ekki undir 3500 kr. Hjer við bætist dýrtíðaruppbót, sem stendur 40%, eða 1400 kr. Loks ber að taka tillit til þess, að af launununum samkvæmt lögum nr. 51 1927 greiða þessir 13 menn um 3500 kr. árlega í lífeyrissjóð, og má telja, að þeir með því losi ríkissjóð við tilsvarandi ellistyrk. Á launum þeirra 13 yfirmanna á skipunum, sem stjórnarfrv. vill ákveða launin, mundi því samþykt þess með brtt. á þskj. 326 auka útgjöld ríkisins sem svarar 8—9 þús. kr. árlega.

Legg jeg til, að frv. verði felt.

Alþingi, 3. mars 1928.

Jón Þorláksson.

Ed. **381. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Það er eins um þetta frumv. og frumv. á þskj. 112, að fjárhagsnefnd hefir ekki getað orðið sammála. Verðtollslögin falla úr gildi við næstu áramót. Er það vitanlegt, að óhjákvæmilegt er að framlengja þau um tvö ár, enda kom

ekki fram neinn ágreiningur innan nefndarinnar um það atriði. Hins vegar greindi nefndarmenn á um hækkun verðtollsins.

Þar sem við undirritaðir teljum sýnt, að afla verði ríkissjóði tekna fram yfir það, sem gildandi lög ákveða, er nemi minst 800 þús. krónum, virðist okkur vel tiltækilegt að fara þá leið, meðal annara, að hækka að nokkru leyti hinn gildandi verðtoll, án þess að breyta flokkun þess varnings, sem verðtollur er greiddur af. Við leggjum því til, að frumv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 3. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. Einar Árnason.

Ed. **382. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt um frv. þetta. Tveir úr nefndinni, þeir J. Þ. og B. K., telja ekki ástæðu til að afla ríkissjóði frekari tekna en fást með gildandi lögum.

Við undirritaðir lítum hinsvegar svo á, að af reynslu síðasta árs, og að nokkru leyti einnig af reynslu ársins 1926, sje það ljóst, að með þeim tekjustofnum ríkissjóðs, er hann nú hefir samkvæmt gildandi lögum, muni allverulegur tekjuhalli verða á yfirstandandi ári, sjerstaklega ef eitthvað af þeim frv., sem nú liggja fyrir Alþingi og hafa í för með sjer aukin útgjöld fyrir ríkissjóðinn, verða samþykt, sem nokkrar líkur virðast fyrir, að verði.

Einnig lítum við svo á, að ekki verði hægt að afgreiða fjárlagafrumvarp það fyrir árið 1929, sem nú liggur fyrir þinginu, tekjuhallalaust, ef ekki er sjeð fyrir auknum tekjum, nema á þann hátt, að dregið verði úr verklegum framkvæmdum frá því, sem verið hefir undanfarið, svo sem byggingu brúa og vega, símalagningu o. fl. Vlijum við ekki leggja til, að sú leið verði farin.

Ennfremur virðist okkur, að svo verði að ganga frá tekjum ríkissjóðs nú á þessu þingi, að tekjuhalli sá, sem varð á árinu 1927, sem fjármálaráðherra hefir skýrt frá, að nema muni um eða yfir 800 þús. krónum, greiðist upp af tekjum áranna 1928 og 1929.

Ef frv. þetta nær fram að ganga óbreytt, má gera ráð fyrir alt að 430 þús. kr. tekjuauka af því árið 1929, en tæplega meira en 200 þús. kr. tekjuauka á yfirstandandi ári. Er það því auðsætt, að fleiri ráða verður að leita um tekjuöflun ríkissjóði til handa, ef fjárhagnum á að vera forsvaranlega borgið.

Þessi leið til tekjuöflunar virðist okkur vel fær, þar sem segja má, að Alþingi 1926 hafi, eftir því sem reynslan hefir sýnt, gert sjer of bjartar vonir um afkomu ríkissjóðs, er það færði vörutollinn niður. Í frv. er gert ráð fyrir að

færa lögin í sama horf og þau voru 1924—1926. Hinsvegar teljum við, að á þessu þingi verði að skipa milliþinganefnd til þess að endurskoða tolla- og skattalöggjöfina.

Af ástæðum þeim, er hjer að framan greinir, leggjum við til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 3. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. Einar Árnason.

Nd. **383. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1929.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1929 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	240000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	850000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1130000
4.	Aukatekjur	400000	
5.	Erfðafjárskattur	35000	
6.	Vitagjald	320000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	30000	
			1110000
	Flyt ...	... ...	2240000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	2240000
11.	Útflutningsgjald		950000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)...	325000	
13.	Tóbakstollur	850000	
14.	Kaffi- og sykurtollur...	1050000	
15.	Annað aðflutningsgjald	160000	
16.	Vörutollur	1050000	
17.	Verðtollur	825000	
			4260000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		25000
19.	Pósttekjur	450000	
20.	Símatekjur	1500000	
			1950000
21.	Vínein kasala		300000
	Samtals ...	... ...	9725000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
	Samtals ...		34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	27000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
		51000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		60000
6. Aðrir vextir...		100000
Samtals ...	... ...	269000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
Samtals ...	... ...	80000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1929 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	156589	
2. Dönsk lán, danskar kr. 197680,39	237216	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8370:15:3	184156	
		577961
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	164608	
2. Dönsk lán, danskar kr. 354453,56	425344	
3. Enska lánið 1921, £ 2240:6:0	49286	
		639238
III. Framlag til Landsbankans, 16. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1317199

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins..		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	200000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		204350
Samtals ...	... ...	204350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	36000	
	b. Til risnu	4000	
			40000
2.	Til utanferða ráðherra		6000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		69000
4.	Annar kostnaður		25000
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		26200
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900	
	b. Til pappírs og prentunar	9000	
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000	
			10900
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		4000
			181100
II.	Hagstofan:		
1.	Laun		12500
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		10000
3.	Prentun eyðublaða		1800
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		16800
6.	Til að gefa út manntalið 1703...		1000
			46100
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra	20000	
	b. Húsaleiga...	5000	
	c. Kostnaður við embættið	20000	
	d. Til skrifstofuhalds...	17000	
			62000
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000
3.	Ríkisráðskostnaður		4000
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		6000
			84000
	Samtals ...	... ...	311200

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	30500	
b. Annar kostnaður, alt að	5000	
		35500
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		132500
3. Laun hreppstjóra		27600
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	24600	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		32340
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 4 skrifara	18700	
b. Laun 6 tollvarða	25500	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1800	
e. Innheimtukostnaður	7500	
f. Ýms gjöld, alt að	11000	
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
		69000
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		95000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		500
8. Til landhelgisgæslu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		200000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
12. Borgun til sjódómsmanna		2000
13. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A ...		646440

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		18000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		40000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B ...	... ...	144000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		253000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. —		
Flyt ...	... ...	262450

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	262450
15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirferðar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknisins á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni eða tveim höfnum í hverri sýslu.		
		3200
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8. Til geislalækningastofu ríkisins..		11000
9. Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
Flyt ...	... ...	284650

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	284650
11. Holdsveikraspítalinn			72600
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7650	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun starfsmanna	13000		
2. Viðurværi 55 manna (ca. 140 a. á dag)	25000		
3. Klæðnaður	1700		
4. Lyf og sáraumbúðir	1500		
5. Eldsneyti	8000		
6. Ljósmeti	2500		
7. Húsbúnaður og áhöld	2000		
8. Viðhald á húsum	2500		
9. Þvottur og ræsting	1800		
10. Greftrunarkostnaður	500		
11. Skemtanir	600		
12. Skattar o. fl.	4350		
13. Ýmisleg gjöld	1500		
		64950	
		72600	
12. Geðveikrahælið á Kleppi			109525
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	13500		
2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag)	48000		
3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
4. Lyf og sáraumbúðir	500		
5. Ljós og hiti	10000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	3000		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		93150	
C. Aukinn rekstrarkostnaður, sakir viðbótar við hælið, að frádreginni meðgjöf með sjúklingum		50000	
	Flyt ...	149850	466775

		kr.	kr.
	Flutt ...	149850	466775
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
	Mismunur ...	109525	
13. Heilsuhælið á Vífilsstöðum		... ...	1700
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis...		6700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi..	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting..	5500		
6. Viðhald húsa...	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		234840	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
	Mismunur ...	1700	
14. Heilsuhælið í Kristsnesi (rekstrarkostnaður).		... ...	3000
15. Önnur gjöld:			
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands		100000	
	Flyt ...	100000	471475

	kr.	kr.
Flutt ...	100000	471475
b. Til að ljúka við byggingu Kleppsspítala	50000	
c. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ...	18000	
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að utanhjeraðssjúklingar, sem borgað er fyrir af almannafje, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.		
d. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði ..	18000	
e. Styrkur til þriggja læknisfræðikandidata til ársdvalar á sjúkrahúsi, 1200 kr. til hvers	3600	
f. Bólusetningarkostnaður	2500	
g. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
h. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
i. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
j. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
k. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
l. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
m. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	1000	
n. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
o. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
p. Til Elínar Sigurðardóttur, 90 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1080	
		225380
16. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna	... ...	36000
Samtals ...	... ...	732855

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	95000	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
	c. Brjefhirðingamenn	22000	
			197000
2.	Póstflutningur		170000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	10000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
	d. Önnur gjöld	63500	
			114000
	Samtals A. ...	... ...	481000
	B. Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	16000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			42400
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 10000		
	2. Norðurárdalsvegur 60000		
	Flyt ... 70000	... ...	42400

		kr.	kr.
	Flutt ...	70000	 42400
3.	Húnavatnssýsluvegur	35000	
4.	Vallhólmsvegur	15000	
5.	Þelamerkurvegur...	10000	
6.	Vaðlaheiðarvegur	50000	
7.	Vopnafjarðarvegur	15000	
8.	Hróarstunguvegur	12000	
9.	Um Skaftáreldhraun í V.-Skaftafellss.	10000	
10.	Biskupstungnabraut	25000	
11.	Til vegar á Hólmahálsi, gegn 1/4 annarsstaðar að	8000	
			250000
b.	Viðhald og umbætur		225000
			475000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		100000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		30000
V.	Fjallvegir		20000
VI.	1. Til áhalda, alt að		20000
	2. Til bókasafns verkamanna		300
			20300
VII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		35000
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923 . ..		35000
			70000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti		300
	2. - Skjálfandafljóti		300
	3. - Blöndu		300
			900
IX.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		150
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
XI.	Styrkur til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.		4000
	Samtals B. ...	... ...	767750

		kr.	kr.
	C.		
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	180000	
	b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
			240000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		100000
	Samtals C. ...	... ...	340000
	D.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl.		40000
II.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð		150000
III.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	320000	
	2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...	15000	
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	36000	
	4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	200000	
	6. Áhaldahúsið	3000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	13000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	15000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	8000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	6000	
	11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	8000	
	13. Símastöðin á Siglufirði	7500	
	14. Til aukaritsímaþjónustu	5000	
	15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	98000	
	16. Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að 14100		
	Flyt ... 14100	753000	190000

		kr.	kr.
	Flutt ... 14100	753000	190000
b.	Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 9500		
c.	Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		27200	
17.	Til Steindórs Björnssonar	1200	
18.	Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			782000
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
V.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VI.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
VII.	Viðhald landssímanna		160000
VIII.	Áframhaldsgjald		25000
IX.	Til kenslu fyrir símamenn		3000
X.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XI.	Ýms gjöld		7000
	Samtals D. ...	... ...	1268500
	E.		
	Vitamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1.	Laun vitamálastjóra	7800	
	Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.		
2.	Laun aðstoðarverkfræðings	5650	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að... ...	3500	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1750	
			18700
II.	Laun vitavarða..		25000
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		105000
	Flyt ...	... ...	148700

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	148700
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V. Ýmislegt:		
a. Til uppsetningar leiðarljósa	15000	
b. — breytinga ljóstækja Reykjanesvitans	20000	
c. — að stofna bókasöfn fyrir vitaverðina	2000	
d. — annara útgjalda	10000	
		47000
Samtals E. ...	... ..	205700

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8600	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		10600
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	406	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
		304156
Samtals A. ...	... ...	314756

		kr.	kr.
	B.		
	Kenslumál.		
I.	Háskólinn:		
a.	Laun	93000	
b.	Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c.	Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d.	Til kenslu í sõng	1200	
e.	Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að	2000	
f.	Námsstyrkur	15000	
	Fjárveiting þessari skal skift í 25 skamta 400 kr. og 20 skamta 250 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt; þó má leggja saman alt að 8 skamta 250 kr. og gera úr helmingi færri 500 kr. skamta og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið í háskólanum.		
g.	Húsaleigustyrkur	9000	
h.	Til kensluáhalda læknadeildar	1000	
i.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	2800	
j.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4000	
k.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	——— 1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	——— 2400		
	3. Ýms gjöld 5000		
	———	8900	
l.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta	750	
	Flyt ...	139650	

		kr.	kr.
	Fluttar ...	139650	
m.	Byggingarstyrkur til stúdentagarðsins ... ... enda sje ekki byrjað á byggingunni fyr en lög eða skipulagsskrá, er stjórnin samþykkir, hafa verið sett um hana.	25000	
			164650
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b.	Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að	2500	
			26500
III.	Mentaskólinn almenni:		
a.	Laun	74200	
b.	Önnur gjöld:		
1.	Til bókasafns skólans	400	
2.	Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	6000	
3.	Til skólahússins utan og innan ...	3000	
4.	Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að	25000	
5.	Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ...	2700	
6.	Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2900	
7.	Læknisþóknun	500	
8.	Til vísindalegra áhalda	1000	
9.	Til þess að gefa út kenslubækur handa skólanum	2500	
10.	Ýmisleg gjöld	3500	
11.	Til verðlaunabóka	100	
12.	Húsaleiga	1250	
			48850
			123050
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
	Flyt ...	... ...	314200

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	314200
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		24200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakenslu .	9500		
2. Til framhaldsnáms fyrir nemendur, sem lokið hafa gagnfræðaprófi ...	10000		
3. Vegna kostnaðar við heimavistina	2000		
4. Til bóka og kensluáhalda	1000		
5. Til eldiviðar og ljósa	6500		
6. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
7. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
8. Til skólahússins utan og innan ...	1500		
9. Til ýmislegra gjalda	3000		
		35100	
			59300
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	2000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		14500	
			33500
	Flyt ...	... ...	407000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	407000
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu.	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1700		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		6000	
			19500
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		8800	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu	840		
2. Húsnæði	4200		
3. Ljós og hiti	1300		
4. Ræsting	700		
5. Til prófhalda	800		
6. Ýms gjöld	500		
		8340	
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			17140
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	9650		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu...	1450		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1450			
2. Til kensluáhalda.. ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa... 3500			
4. Ýmisleg gjöld 2500			
	8250		
		19350	
	Flyt ...	19350	443640

		kr.	kr.
	Flutt ...	19350	443640
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	8550		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 2000			
2. Til kensluáhalda... ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa... 2500			
4. Ýmisleg gjöld 12000			
	17300		
		27150	
			46500
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
IX. Iðnfræðsla:			
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		6000	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		500	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til skólahalds		500	
Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.			
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.			
d. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis		4000	
			11000
	Flyt ...	... ...	501140

		kr.	kr.
	Fluttar ...	... ...	501140
X.	Verslunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	6000	
	b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	6000	
			12000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 1000		
		1900	
	3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11100
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 21000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		31000	
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 14000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
	c. Til raflýsingar 4000		
		20000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		51000
	Flyt ...	... ...	575240

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	575240
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður hans	1200		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000		
		7800	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		266000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		25650	
4. Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		7000	
5. Til prófdómara við barnapróf		10000	
6. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að		25000	
7. Til fræðslumálarits...		800	
8. Utanfararstyrkur handa barnakennurum		3000	
			345250
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	10500		
b. Til aðstoðarkenslu	600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms ... 600			
Alt að helmingi fjárins má verja til verðlauna handa nemendum.			
2. Til kensluáhalda.. ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 2500			
	7900		
		19000	
2. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar		45000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins.			
	Flyt ...	64000	920490

	kr.	kr.
Flutt ...	64000	920490
Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
3. Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, alt að helmingi kostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.		
4. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	16000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
5. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
		101000
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðraskóla á Staðarfelli, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð hans ...	4000	
2. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	4000	
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
3. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
4. Til húsmæðrafræðslu við alþýðuskóla Þingeyinga, alt að helmingi byggingarkostnaðar ...	13000	
		22500
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		24000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
Flyt ...	... ...	1068990

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1068990
XVIII. Til Sigurbjargar Sveinsdóttur, til verklegs náms á heimili fyrir blindar stúlkur erlendis		1000
XIX. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.	300	
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	3000	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda sjeu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, alt að	10000	
		16300
XX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
Samtals B. ...	... ...	1088090

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. og 2. bókavarðar, 500 kr. til hvors	1000	
Flyt ...	19300	

	kr.	kr.
Flutt ...	19300	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	12000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	600	
		42060
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6200	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		12700
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	7150	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	800	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		13000
4. Náttúrufræðifjelagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til amtsbókasafnsins á Akureyri ... ... að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi		3000
Flyt ...		84660

	kr.	kr.
Flutt ..	... ...	84660
þar bókavörslu, með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar.		
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafjelagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði að fjelagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar og og hefji útgáfuna á þessu ári...		6800
12. Til Fornleifafjelagsins		800
13. Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14. Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Hegranesþings)		2000
15. Til Færeyjafjelagsins Gríms Kambans		300
16. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
17. Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1000
18. Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
19. Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		2500
20. a. Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers	8000	
b. Til hljómsveitar Reykjavíkur	4000	
c. Til þess að kaupa listaverk.	3500	
		15500
21. Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		1200
22. Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		6800
Flyt ...	... ...	135460

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	135460
23. Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
24. Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
25. Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
		8000
26. Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
27. Til dr. Bjargar Þorláksdóttur, til þess að vinna að framhaldi sálfræðirannsókna sinna		2000
28. Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1800
29. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
30. Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		800
31. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
32. Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
33. Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1200
34. Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
35. Til Íþróttasambands Íslands		2500
36. Til Björns Jakobssonar, til íþróttakenslu		4000
37. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		3500
38. a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
b. Til sama, til aðstoðar	1200	
		8000
39. Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, síðasti fjórðungur andvirðis		2500
40. Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		3500
Flyt ...	... ...	183260

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	183260
41. Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.		1500
42. Ferðastyrkur til útlanda		6000
43. Til orðabókarsjóðs hinnar íslensk-dönsku orðabókar, að því tilskildu, að ríkissjóður Dana leggi fram 8000 kr.		4000
44. Til Barða Guðmundssonar, til lokanáms í sögu ...		1200
Samtals ...	... ...	195960

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		220000
2. Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að ... ... Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		10000
3. Til sandgræðslu... ... ... Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram lögmæltan kostnað eða meira.		40000
4. Til búnaðarfjelaga		15000
5. Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		260000
6. Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 4. greiðsla		6000
Flyt ...	... ...	551000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	551000
7. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		4000
8. Til skógræktar:		
a. Laun	11910	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	20000	
c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
		33110
9. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
c. Til að rannsaka búfjársjúkdóma, enda sjeu skýrslur birtar um árangurinn	4000	
		21700
10. Til fjárkláðalækninga		6000
11. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
12. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	4800	
b. Til aðstoðar	4000	
c. Húsaleiga	3000	
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
e. Til áhaldakaupa	500	
		13500
13. Til veðurstofu Íslands:		
a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
b. Til aðstoðar	12350	
c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
e. Til loftskeytatækja	800	
f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
		51600
14. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands	... ...	6000
Flyt ...	... ...	687910

		kr.	kr.
	Flutt ...		687910
15.	Til Fiskifjelagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		70000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
16.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	16600	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
	c. Laun 4 síldarmatsmanna	8800	
	d. — 4 ullarmatsmanna	2200	
	e. — 5 kjötmatsmanna	4100	
	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			47900
17.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
18.	Til bryggjugerða og lendingabóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun		12000
19.	Til lendingabóta í Gerðum í Garði, helmingur kostnaðar, fyrri fjárveiting, alt að		7000
20.	Til markaðsleitar erlendis		20000
21.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
22.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 1,50 kr. fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún býr til, alt að		6000
23.	Til gerlarannsókna		2000
24.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		4700
25.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		800
26.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
27.	Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
	Flyt ...	... ...	878710

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	878710
28.	Til sambands norðlenskra kvenna		450
29.	Til Bandalags kvenna		450
30.	Til kvenrjettindafjelags Íslands		500
31.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
32.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		7500
33.	Laun húsagerðarmeistara		7250
34.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda, 4000 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.	5500	
	b. Ferðakostnaður og skrifstofufje	2000	
	c. Til steinsteypukenslu	4000	
			11500
35.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
36.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa ...		8000
37.	Til vatnsrenslismælinga		2000
38.	Til ræktunarsjóðs:		
	a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
	b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
	c. Hluti af útflutningsgjaldi	65000	
			105000
39.	Til Kristjáns Jónssonar í Auraseli, í viðurkenningarskyni fyrir leiðsögu yfir jökulvötn í Rangárvallasýslu um langt skeið		500
	Samtals ...	... ...	1025660

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		500000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		7000
4. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík		3500
5. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6. Til slysatryggingar		10000
7. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
8. Til bjargráðasjóðs		24000
9. Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
10. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		12000
11. Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
12. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
13. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
14. Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja ..		600
Samtals ...	... ...	666300

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:		
a. Embættismenn	25192,55	
b. Embættismannaekkjur og börn	17128,19	
c. Uppgjafaprestar	635,28	
Flyt ...	42956,02	

		kr.	kr.
	Flutt ...	42956,02	
d. Prestsekkjur		5595,94	
e. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923		2500,00	
			51051.96
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Þorvalds Pálssonar læknis ...	300,00		
2. — Sigurðar Magnússonar læknis ...	169,87		
3. — Halldórs Briems bókavarðar ...	960,00		
		1429,87	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7. — Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8. — Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9. — Rannveigar Tómasdóttur	300		
10. — Önnu Gunnlaugsson	900		
11. — Kristbjargar Marteinsdóttur	600		
12. — Kristínar Jacobson	600		
13. — Guðnýjar Jónsdóttur	400		
14. — Kirstínar Þ. Blöndal	300		
15. — Guðlaugar Magnúsdóttur...	2000		
16. — 3 barna hennar	300		
17. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
18. — Jenny Forberg	600		
19. — Ástu Hallgrímsson	600		
20. — Ástu Einarson	600		
		11325,00	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2. — Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4. — Sig. prófasts Gunnarssonar	662,25		
5. — Guttorms Vigfússonar...	600,00		
6. — Jóns Ó. Magnússonar	600,00		
7. — Björns Þorlákssonar	208,00		
Flyt ...	3675,25	12754,87	51051,96

		kr.	kr.
Flutt ...	3675,25	12754,87	51051,96
8. Til Stefáns Jónssonar	370,00		
9. — Jóhannesar L. Lynge	1000,00		
		5045,25	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2. — Auðar Gísladóttur	300,00		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10. — Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
12. — Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
13. — Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
18. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
20. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
21. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
22. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
23. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
24. — Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
25. — Önnu Stefánsdóttur	200,00		
26. — Helgu Skúladóttur	230,00		
		7078,47	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
. Flyt ...	1460,00	24878,59	51051,96

			kr.	kr.
	Flutt ...	1460,00	24878,59	51051,96
5.	Til Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6.	— Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7.	— Guðmundar Björnssonar	150,00		
8.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
9.	— Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
10.	— Páls J. Árdals	600,00		
			3760,00	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Guðm. Kristjánssonar	300		
2.	— Böðvars Jónssonar	200		
3.	— Hallgríms Krákssonar	200		
4.	— Jóhanns Jónssonar	200		
5.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
6.	— Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
7.	— Daníels Jónssonar	200		
8.	— Jens Þórðarsonar	300		
9.	— Friðriks Möllers	1200		
10.	— Anínu Arinbjarnardóttur	200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14.	— Guðm. Kristjánssonar	200		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
16.	— Friðriks Klemenssonar	2000		
17.	— Kristjáns Blöndals	1000		
18.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
19.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
20.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ...	200		
21.	— Ólafs Ólafssonar pósts	200		
22.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
23.	— Þorleifs Jónssonar póstmeistara ...	1200		
24.	— Friðriks Jónssonar pósts	300		
g.	Ritböfundar:		10600,00	
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
	Flyt ...	10200	39238,59	51051,96

		kr.	kr.
Flutt ...	10200	39238,59	51051,96
6. Til Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7. — dr. Helga Pjeturss	4000		
8. — Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
9. — Einars Benediktssonar	4000		
		20400,00	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2. — Guðrúnar Jónsdóttur	300,00		
3. — Arnbjargar Einarsdóttur	300,00		
4. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6. — 2 barna hennar	200,00		
7. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300,00		
8. — Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
		3100,00	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2. — Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
3. — Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500		
4. — Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500		
5. — Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500		
6. — Jakobínu Sveinsdóttur jubilljósmóður	500		
7. — Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
8. — Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300		
9. — Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300		
10. — Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
11. — Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
12. — Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
13. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
14. — Páls Erlingssonar	1200		
Flyt ...	6200	62738,59	51051,96

			kr.	kr.
		Flutt ...	6200	62738,59	51051,96
15.	Til Erlends Zakaríassonar		300		
16.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri		300		
17.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra		300		
18.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar		400		
19.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar		200		
20.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar		400		
21.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar		300		
22.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará		500		
23.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar		600		
24.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar		300		
25.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar		300		
26.	— Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar.		600		
27.	— Halldóru Pjetursdóttur Briem ...		600		
28.	— Kristjönu Benediktsdóttur		400		
29.	— Bjargar Guðmundsdóttur		400		
30.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti		400		
31.	— Henriette Kjær		600		
32.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar		400		
33.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð		2500		
34.	— Guðjóns Guðlaugssonar...		1200		
35.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar		300		
				17500,00	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.				
j.	Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara			1200,00	
k.	— ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar			1000,00	
l.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli			3000,00	
					85438,59
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...				52516,22
		Samtals ...		... ...	189006,77

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Tekjur eru áætlaðar árið 1929:

Samkvæmt	2. gr.	9725000.00		
—	3. —	34600,00		
—	4. —	269000,00		
—	5. —	80000,00		
			kr.	10108600,00

En til gjalda er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	1317199,00		
—	8. —	60000,00		
—	9. —	204350,00		
—	10. —	311200,00		
Samkvæmt	11. gr. A.	646440,00		
—	11. — B.	144000,00		
		790440,00		
—	12. gr.	732855,00		
—	13. — A.	481000,00		
—	13. — B.	767750,00		
—	13. — C.	340000,00		
—	13. — D.	1268500,00		
—	13. — E.	205700,00		
		3062950,00		
—	14. — A.	314756,00		
—	14. — B.	1088090,00		
		1402846,00		
—	15. —	195960,00		
—	16. —	1025660,00		
—	17. —	666300,00		
—	18. —	189006,77		
—	19. —	100000,00		
—	20. —	10000,00		
			kr.	10068766,77
		Tekjuafgangur	kr.	39833,23

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 100 þús. kr. til þess að reisa frystihús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánið er veitt sýslufjelögum eða samvinnufjelögum bænda, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.
2. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
3. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 30 þús. kr. til Mjólkurfjelagsins Mjallar. Lánið veitist til 20 ára með 5% vöxtum og sje trygt með ábyrgð hlutaðeigandi sýslufjelags.

Stjórninni er heimilt að veita Árnessýslu uppgjöf á Flóavegarláninu, sem veitt var sýslunni úr viðlagasjóði samkvæmt skuldabrjefi dags. 25. apríl 1924, að upphæð kr. 40868,98.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.
II. Að greiða halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1928, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1929, svo og uppbót á þá

fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1928 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **384. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Jón Sigurðsson, Pjetur Ottesen.

Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Stofna skal sjerstakan sjóð, er nefnist verkfærakaupasjóður.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Árlegt tillag úr ríkissjóði, er svarar 10 aurum á hvert unnið jarðabótadagsverk, samkvæmt skýrslum trúnaðarmanna Búnaðarfjelags Íslands.
2. Tíundi hluti af styrk þeim, sem veittur er samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna, enda skal eigi greiða hlutaðeigendum nema $^{9}/_{10}$ styrksins.

Tilgangur sjóðsins er að ljetta undir með bændum, einstökum eða fleirum í fjelagi, að eignast hestaverkfæri til jarðræktar og heyvinnu. Búnaðarfjelag Íslands segir fyrir um, hvað telja beri nauðsynleg hestaverkfæri til jarðræktar eða heyvinnu á sveitabæ. Eftir því sem fje sjóðsins hrekkur til árlega, skal því varið til að kaupa fyrir hestaverkfæri handa þeim bændum, er leggja fram jafnmikið fje og nemur framlagi sjóðsins. Skulu umsóknir sendar Búnaðarfjelagi Íslands.

Búnaðarfjelag Íslands sjer um útvegun verkfæranna.

Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 300 kr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn verkfærakaupasjóðs, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

Nánari ákvæði um starfsemi verkfærakaupasjóðs setur atvinnumálaráðuneytið í reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfjelags Íslands.

Ed. **385. Hjúalög**

(Afgreidd frá Ed. 5. mars).

I. kafli.

1. gr.

Fyrirmæli þessa kafla gilda aðeins um vistarráð þeirra hjúa, sem ekki hafa náð 21 árs aldri. Ákvæði vistarsamnings, sem koma í bága við þessi lög, eru ógild, svo fremi þau miða til að rýra rjett hjúsins. Samningar um vinnu við heimilisstörf um skemri tíma en missiri, eða skildaga í milli, hníga ekki undir lög þessi.

2. gr.

Hver sjálfráða maður má ráða sig hjú. Vistráðum þeirra, sem ekki eru sjálfráða, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

3. gr.

Hinir almennu hjúaskildagar eru 14. maí, eða 3. maí í þeim sveitum, þar sem hjúaskildagi hingað til hefir verið haldinn þann dag, og 1. október, eða 1. vetrardagur, þar sem það þykir betur henta.

Lengd vistartíma ráða aðiljar, þó svo, að enginn vistarsamningur er gildur fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn.

Samningar um vist að hálfu árlangt, eins og að undanförnu hefir verið venja, hníga undir þessi lög, en um samninga um vinnu við heimilisstörf árdegis eingöngu eða síðdegis eingöngu verður lögunum ekki beitt.

4. gr.

Þegar *samið* er um vist skildaga á milli, skal vistartíminn vera á enda á næsta skildaga, enda hafi ekki tekist samningar um vistarráðin af nýju.

Sanni ógift vinnukona, að hún ætli að giftast áður en vistartíminn er á enda, getur hún sagt upp vistinni til næsta skildaga með mánaðar fyrirvara.

Nú verður ekki vitað um lengd vistartímans, og telst hann þá á enda á næsta almenna skildaga eftir að vistarráðin hófust.

Á skildaga er hjúi rjett að víkja úr vist á hádegi.

5. gr.

Vistráðið árshjú sitt skal húsbóndi, nema öðruvísi sje um samið, láta sækja í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en 100 kg. þunga. Kostar húsbóndi flutning þennan án endurgjalds frá hjúinu.

Nú getur hjúið ekki farið í vistina þegar þess er vitjað, og er því eigi sjálfu um það að kenna, þá er eigi húsbónda skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina. Ef hjúið getur ekki komið í vistina innan þriggja vikna frá skildaga, er húsbóndi laus vistarráðanna, ef hann vill.

6. gr.

Hjú, sem ráðið er skemur en ár, skal, ef öðruvísi er ekki um samið, af sjálfsdáðum koma í vistina á skildaga, og eigi síðar en á náttmálum í sveit, en um miðaftan í kaupstöðum og þorpum. Ef hjú kemur ekki í vist sína á rjettum tíma, er húsbóndi ekki bundinn við vistarráðin, nema hann innan þriggja sólarhringa fái vitneskju um, að hjúið gat ekki komið í vistina vegna atvika, sem það átti ekki sök á. Þegar svo stendur á, er húsbóndi ekki skyldur að bíða hjúsins lengur en 10 daga frá skildaga.

Kaup hjús reiknast frá þeim degi, sem það kemur í vistina.

7. gr.

Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og rúmfatnað, ef hjú sefur á heimili húsbónda síns, og aðra aðhlynningu eftir því, sem venja er til í hverri sveit eða bæ hjúum að veita auk kaups. Ekki er hjúi skylt að sofa í rúmi með öðrum. Það á rjett til að fá hreinar rekkjuvoðir eða lök í rúm sitt einu sinni á mánaðarfresti og hreint handklæði einu sinni á viku. Í fristundum sínum á vetrum skal hjúi fengin dvöl í viðunanlega hlýju herbergi.

8. gr.

Ef upphæð kaups hefir eigi verið ákveðin, skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Ef eigi hefir verið samið um annan gjalddaga kaupsins og um mánaðarkaup er að ræða, hefir hjúið rjett til að krefjast greiðslu kaupsins við lok hvers mánaðar. Ef kaupið hinsvegar er ákveðið í einu lagi fyrir allan vistartímann, hefir hjúið að liðnum 3 mánuðum af vistartímanum rjett til þess að krefjast greiðslu á kaupi því, er það hefir unnið fyrir hinn fyrsta vistarmánuð, eftir 4 mánuði á kaupi fyrir annan vistarmánuð, o. s. frv., þannig, að jafnan standi tveggja mánaða kaup ógreitt hjá húsbónda þess, þar til vistarráðum er löglega lokið.

Ef ekki er öðruvísi um samið, teljast $^3/_4$ af árskaupi hjús kaup fyrir tímabilið frá 14. maí (3. maí) til 1. október (1. vetrardags) (sumarkaup), og $^3/_4$ hlutar af sumarkaupinu teljast kaup fyrir tímabilið frá 14. júlí til 1. október.

Við lok vistartíma skal húsbóndi hafa lokið kaupi hjús að fullu.

Ef vistarráðum lýkur fyr en upphaflega var ákveðið, hefir hjúið rjett til kaups fyrir þann tíma, sem það hefir unnið. Hafi hjúið meðan á vistarráðum stóð verið frá vinnu án þess sjúkdómi sje um að kenna (sbr. þó 10. gr.), missir það rjett til kaups fyrir þann tíma.

9. gr.

Nú sýkist hjú í vistinni eða slasast, og er húsbóndi þess skyldur til að annast hjúkrun þess eftir því er síðar segir.

Ef húsbóndi kýs að hafa sjúkling utan heimilis síns, hefir hann rjett til að flytja hann í opinbert sjúkrahús án samþykkis hjúsins, ef læknir telur

það nauðsynlegt vegna hjúsins sjálfs eða vegna sótthættu, sem heimilinu stafi af sjúkdóminum.

Verði hjú vitskert, svo að hjúkrun þess sje sjerlegum erfiðleikum bundin, getur húsbóndi krafist, að sveitarstjórn ráðstafi sjúklingnum þegar í stað.

Sjúkt rúmfast hjú má húsbóndi ekki, jafnvel með sjálfs þess samþykki og þótt vistartíminn sje á enda, flytja burt, svo fremi þar af getur hlotist mein sjúklingnum sjálfum eða öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Ef húsbóndi samt flytur hjúið burtu og sjúklingnum þyngir við flutninginn, skal hann skyldur til að standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins, nema læknir hafi áður en flutningurinn var framkvæmdur lýst því, að hann væri hættulaus eða nauðsynlegur vegna sjúklingsins sjálfs, eða ef slysið eða sjúkdóminn ber svo brátt að, að ekki var ráðrúm til að leita læknis, og húsbóndinn hefir með tilhlýðilegri gætni flutt hjúið í opinbert sjúkrahús.

10. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það þá sjálft lækning sína og geldur húsbóndi fyrir það fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt og á hans vegum, en eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

11. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess eða atvikum, sem hann á sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins og greiða því skaðabætur fyrir atvinnutjón, ef nokkurt verður, eftir að það er farið frá honum.

12. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna breytni þess sjálfs nje húsbónda þess verði gefin sök á, og er húsbónda þess skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstakt sjúkrafæði — alt að fjórðungi vistráðningartímans, þó ekki lengur en til enda hans. Ef hjúið verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þó ekki í sjúkrahúsi, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað, sem svarar matarverði í svo langan tíma, sem nú var greint.

13. gr.

Nú liggur hjú sjúkt, en ekki hálfum mánuði lengur á tímabilinu maí til október eða mánuði lengur um aðra árstíma, og skal hjú einskis í missa af kaupi sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup fyrir þann tíma, sem umfram er og það getur ekki int af hendi störf sín.

14. gr.

Kostnað, sem leiðir af lækning hjús, borgun fyrir lyf, sjerstaka hjúkrun, dvöl í sjúkrahúsi eða annari slíkri stofnun, er húsbónda óskylt að greiða, nema þegar svo stendur á, sem segir í 11. gr.

15. gr.

Nú getur hjú vegna sjúkleika, sem atvikast svo, sem um ræðir í 10. og 12. gr., eftir mánaðar vanheilsu enn ekki rækt störf sín, og er þá hvorum aðilja um sig heimilt að segja upp vistarsamningnum með eins mánaðar fyrirvara.

16. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað sinn eða fyrir fæði og hjúkrun, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, sem sveitarstyrk, veittan hjúinu.

17. gr.

Deyi hjú í vist, eiga erfingjar þess aðeins heimtingu á þeim hluta af kaupinu, sem álíta verður, að það hafi unnið fyrir áður en það varð ófært til verka. Greftrun þess skal húsbóndi annast, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarfje, ef með þarf.

18. gr.

Þótt hjú sje ráðið til ákveðinna starfa, skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem samboðin eru stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa.

Ef hjúið með samningi er beinlínis undanþegið því að gegna ákveðnum störfum, getur það þó aldrei orðið skylt til að leysa þau af hendi, nema aðeins til bráðabirgða í skyndilegum forföllum annars heimilisfólks, er þau verk átti að vinna.

19. gr.

Ef hjú í kaupstað eða kauptúni sækir kvöldskóla, iðnskóla, unglingaskóla eða annan slíkan skóla, skal húsbóndi haga vinnutíma hjúsins þannig, að kostur verði skólagöngunnar, nema tilskilið hafi verið í vistarsamningi, að ákveðin störf skyldu unnin á sama tíma.

20. gr.

Nú deyr húsbóndi, og skal þá vistarráðum áfram haldið með ekkju hans, erfingjum eða búi, ef búnaður stendur. Þó er hvorum aðilja um sig heimilt að slíta vistarráðum á almennum skildaga með tveggja mánaða fyrirvara, eða frá 1. degi mánaðar með þriggja mánaða fyrirvara.

21. gr.

Í þrotabúi húsbónda eða dánarbúi fer um kaupkröfur hjúa eftir ákvæðum skiftalaganna.

22. gr.

Nú flytur húsbóndi búferlum, eftir að vistarsamningur er gerður, en áður en vistartími byrjar, 50 km. burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist, eða úr sveit í kaupstað eða öfugt, og er hjúinu þá ekki

skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann ennfremur greiða hjúi kaup fyrir 2 mánuði og að auki matarverð samkv. 29. gr., ef hann hefir ekki látið hjúið vita um flutninginn 4 vikum hið skemsta, áður en vistartíminn átti að byrja. Ef hjúið flytur í vistina alt að einu, er húsbóndinn skyldur að standast þann sjerstaka kostnað, sem það hefir haft í för með sjer fyrir hjúið.

Ef húsbóndi flytur búferlum eftir að hjúið er komið í vistina, gilda samskonar ákvæði.

23. gr.

Hjúi er vitalaust að koma ekki í vistina, ef það getur sannað, að húsbóndinn hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast misþyrmt hjúi eða svelt það, leitast við að tæla hjú til illverka eða lauslætis, enda hafi hjúi verið ókunnugt um þessar sakir, þegar samningar um vistina tókust.

Ef hjú er komið í vistina, þegar það fær vitneskju um eitthvert þeirra afbrota af hálfu húsbónda, sem nefnd voru, er því heimilt að víkja úr vistinni fyrirvaralaust, enda geri það svo innan 14 daga eftir að það fjekk vitneskju um verknaðinn. Kaups getur hjúið aðeins krafist fyrir þann tíma, sem það var í vistinni.

24. gr.

Hjúi er heimilt að ganga fyrirvaralaust úr vistinni, þegar það getur sannað, að húsbóndi hafi gerst sekur um alvarlegt brot á skyldum sínum gagnvart því, svo sem ef hann:

1. misþyrmir hjúinu,
2. leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gera sig bera að slíku og húsbóndi veitir ekki hjúinu tilhlýðilega vernd, þótt það beri sig upp undan því við hann,
3. lætur hjúið að staðaldri búa við illa og ónóga fæðu, óforsvaranlega aðhlynningu eða heilsuspillandi húsnæði,
4. meiðir freklega mannorð hjúsins eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af,
5. geldur hjúi ekki kaup í ákveðinn tíma, þótt krafist sje,
6. stofnar ranglega og að nauðsynjalausu lífi eða heilsu hjúsins í hættu.

25. gr.

Ef hjú, án þess að sjúkleiki eða önnur lögleg forföll tálmi, eða fyrir hendi sjeu ástæður, er heimili því að rifta vistarráðunum, kemur ekki í vistina á ákveðnum tíma, svo að því er synjað viðtöku, eða kemur alls ekki, skal það greiða húsbónda bætur, sem svara til helmings áskilins kaups fyrir umsaminn vistartíma. Ef hjú gengur ólöglega úr vistinni, greiði það sömu bætur, miðað við vistartímann, sem eftir er.

Nú gengur hjú úr vistinni vegna atviks, er greinir í 24. gr., og skal húsbóndi þá greiða því hæfilegar bætur, er þó nemi ekki meiru en kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði, sbr. 29. gr., í sama tíma, þó ekki yfir 8 vikur.

26. gr.

Húsbóndi þarf ekki að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eða veita því viðtöku, ef hann getur sannað:

1. að hjúið hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, drýgt glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur,
2. að hjúið hafi smitandi sjúkdóm, eða það sökum vanheilsu eða fötlunar, eða að því er konu snertir, sökum þess að hún er barnshafandi, sje óhæft til að vinna það verk, sem það var ráðið til,
3. að hann hafi, er vistarsamningurinn var gerður, verið blektur með fölskum vitnisburðum um hjúið,
4. að hjúið kunni ekki til þeirra verka, sem áskilið var, að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og það þá þóttist kunna til.

Þetta, sem talið hefir verið, skiftir þó aðeins máli, svo fremi það verði ekki sannað, að húsbóndi hafi verið vitandi um þessi atvik, er hann rjeð hjúið.

Nú verður húsbóndi fyrst áskynja einhverra þeirra atvika, er nefnd voru, þegar hjúið er komið í vistina, og er honum þá heimilt fyrirvaralaust að víkja hjúi úr vistinni, enda geri hann það innan 14 daga eftir að hann varð vitandi þessa. Ekki verður þó konu, sem barnshafandi hefir orðið áður en hún kom í vistina, vísað úr vist eftir að 5 mánuðir eru liðnir frá því að hún kom í vistina, og aldrei með minna en mánaðar fyrirvara.

27. gr.

Húsbóndi má þegar vísa hjúi úr vist, er hann getur sannað, að hjúið hafi gerst mjög brotlegt gegn skyldum sínum, eða ef framferði þess er mjög ábótavant, svo sem ef hjúið:

1. drýgir glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur,
2. leggur hönd á húsbóndann eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja,
3. sýnir húsbóndanum eða þeim, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, óhlýðni um að inna af hendi störf sín í þarfir heimilisins,
4. tælir börn á heimilinu til illverka,
5. er aftur og aftur drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans,
6. raskar heimilisfriði með lauslætisframferði,
7. gengur með smitandi samræðissjúkdóm,
8. spillir af ásettu ráði eignum húsbænda eða misþyrmir skepnum, sem það á að hirða,
9. sýnir af sjer megnt og ítrekað skeytingarleysi um störf sín og hirðuleysi í umgengni.

Þegar hjúi er vísað úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem taldar eru í þessari gr. og 26. gr., ber því umsamið kaup fyrir þann tíma, sem það hefir unnið heimilinu.

28. gr.

Ef húsbóndi riftar ólöglega vistarráðum eða vísar hjúi úr vistinni, skal hann gjalda því hæfilegar bætur, er þó ekki nemi meiru en hálfu kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði fyrir sama tíma, þó ekki lengur en 8 vikur.

29. gr.

Matarverð hjús skal, þegar ekki er öðruvísi um samið, ákveðið af hlutaðeigandi lögreglustjóra, eftir því sem hæfilegt þykir þar í hjeraði og með hliðsjón af því, hverskonar hjú er um að ræða, þó ekki undir 1 kr. á dag.

II. kafli.

30. gr.

Viðskifti húsbónda og hjús, sem er 21 árs að aldri, fara eftir samningum þeirra á milli um vistarráðin. Ekki má hjúið þó afsala sjer fyrirfram neinum rjettindum samkvæmt 9. og 11.—12. gr., og afsal slíkra rjettinda síðar frá hálfu hjúsins er ógilt gagnvart framfærslusveit hjúsins, ef það fellur henni til byrði.

Nú er enginn sjerstakur vistarsamningur gerður milli aðilja, eða í vistarsamningi, þó gerður hafi verið, er ekki tekið nægilega fram, hvernig vistarráðum er varið, og gilda þá fyrirmæli I. kafla þessara laga, enda þótt hjúið hafi náð 21 árs aldri.

III. kafli.

31. gr.

Með mál milli húsbónda og hjús út af vistarráðum skal farið sem einkalögreglumál.

32. gr.

Brot gegn 7. og 19. gr. varða sektum, frá 10—200 kr., er renna í ríkissjóð. Með mál út af þeim brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

33. gr.

Nú heldur húsbóndi ólöglega fyrir hjúinu fjármunum þess, og skal hann þá eftir kröfu hjúsins sæta sektum, frá 10—200 kr. Mál út af þessu eru almenn lögreglumál.

34. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um vinnuhjú frá 26. jan. 1866 og 9.—14. gr. fátækralaga, nr. 43, 31. maí 1927, og önnur lagaákvæði, sem kunna að koma í bága við lög þessi.

Nd. **386. Lög**

um nauðungaruppboð á fasteignum og skipum.

(Afgreidd frá Nd. 5. mars).

1. gr.

Nú á fasteign eða skrásetningarskylt skip að seljast nauðungarsölu, og fer hún fram með einu uppboði, sem uppboðsráðandi auglýsir þrisvar sinnum í röð í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar. Skal fyrsta auglýsingin birt að minsta kosti 6 vikum áður en uppboð skal fram fara.

Ef sá, er uppboðs beiðist, óskar frekari auglýsingar, sjer hann sjálfur um það. Þó skal uppboðsráðandi, um leið og hann sendir uppboðsauglýsinguna til birtingar, skýra eiganda frá uppboðinu, í ábyrgðarbrjefi eða á annan tryggilegan hátt, ef vitanlegt er, hver hann er og hann er búsettur hjer á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928 og frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagaboð:

Opið brjef 22. apríl 1817, 3. gr.,

Tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., að því leyti sem hún snertir auglýsingu nauðungaruppboða,

og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Ed. **387. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Orðin »og má enginn vera í fleiri nefndum en tveimur« í 2. málsgr. 16. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sameinað þing skal í byrjun hvers þings kjósa fastanefnd, er nefnist utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum. Skal til hennar vísað öllum utanríkismálum og þeim öðrum málum, sem sameinað þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávalt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði um stundarsakir.

Í fyrsta sinn skal utanríkismálanefnd kosin þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.

Nd. **388. Nefndarálit**

um frv. til laga um búfjártryggingar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 5. mars 1928.

Lárus Helgason, form. Bernh. Stefánsson, frsm. Jón Ólafsson, fundaskrifari.
Jörundur Brynjólfsson. Einar Jónsson.

Nd. **389. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 5. gr. Í stað »30 aurum« komi: 1. kr.

Nd. **390. Frumvarp**

til laga um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. kafli.

Um refsingar.

1. gr.

Vinnuskylda skal vera samfara hegningu í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

2. gr.

Hvarvetna þess, er fangelsi við vatn og brauð liggur við afbroti, má í þess stað dæma brotamann til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi í eigi skemri tíma en 12 daga og eigi lengur en 6 mánuði.

3. gr.

Ákvæðin um skilorðsbundna hegningardóma í 1.—4. gr. laga nr. 39, 16. nóvember 1907, taka einnig til manns, sem dæmdur er samkvæmt hinum almennu hegningarlögum eða 4. gr. laga þessara í alt að eins árs betrunarhússvinnu.

II. kafli.

Um þjófnað og fleiri afbrot.

4. gr.

Hver, sem sekur verður um þjófnað, skal í fyrsta sinn sæta fangelsi eða betrunarhússvinnu alt að 2 árum.

Ef hið stolna er eigi 30 króna virði og engin atvik eru samfara afbrotinu, er þyngi saknæmi þess, og hinn seki hefir eigi áður orðið uppvís að auðgunarglæp, má færa refsinguna niður í sektir, og skal málssókn því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við.

5. gr.

Ef þjófnaðarafbrotið er mjög stórfelt, svo sem vegna þess með hvaða hætti það er framið, eða af því að glæpamaðurinn hefir búið sig vopnum eða öðru hættulegu tæki, eða vegna verðmætis hins stolna eða hversu ástatt var um það eða geymslustað þess, má þyngja refsinguna fyrir afbrotið alt að 6 ára betrunarhússvinnu.

6. gr.

Nú hefir maður, er til refsingar skal dæma samkvæmt 4. eða 5. gr., áður verið dæmdur fyrir þjófnað eða fyrir brot þau, er ræðir um í 23. — 27. kap. hinna alm. hegningarlaga, og má þá hækka refsinguna um alt að helmingi af þeirri refsingu, er hann hefði hlotið annars. Ef hann oftar en einu sinni áður er dæmdur fyrir þessi afbrot, má refsingin verða tvöfalt þyngri.

7. gr.

Nú verður vinnufær maður sveit sinni til þyngsla sökum óreglu eða slæpingsskapar, eða hann af sömu ástæðum vanrækir framfærsluskyldu sína gagnvart öðrum, sem við það verða bjargþrota, eða hann fyrir þessar sakir greiðir ekki úrskurðað meðlag með maka sínum eða barni, og skal þá refsa honum með fangelsi, ef hann vill ekki sinna forsvaranlegri vinnu, sem fá-

tækrastjórn eða lögreglustjóri vísar honum á. Ef brotið er endurtekið, má refsa honum með alt að 1 árs betrunarhúsvinnu.

8. gr.

Nú þykir lögreglustjóra ástæða til að ætla, að maður hafi ekki ofan af fyrir sjer á löglegan hátt, og er hann þá skyldur til að skýra frá, af hverju hann hafi framfærslu sína og færa rök að. Ef hann gerir það ekki, eða atvinnan er ólögleg, skal refsa honum með fangelsi, enda liggi ekki þyngri refsing við eftir öðrum lögum.

9. gr.

Nú hefir maður verið dæmdur samkvæmt 7. eða 8. gr. eða oftar en einu sinni fyrir auðgunarglæp, og getur þá lögreglan lagt fyrir hann að gefa sig fram á ákveðnum tímum og gefa skýrslu um, hvar hann býr eða dvelur og hvaða atvinnu hann stundar.

10. gr.

Sá, sem gerir sjer atvinnu af fjárhættuspilum eða að koma öðrum til þátttöku í þeim, skal sæta fangelsi, eða alt að 1 árs betrunarhúsvinnu, ef miklar sakir eru.

Nú fremur maður brotið í aðalatvinnu sinni, og má þá með dómi svifta hann rjetti til þeirrar atvinnu um lengri eða skemri tíma eða að fullu og öllu.

11. gr.

Sá, sem af ásettu ráði lætur fjárhættuspil fara fram í húsum, er hann hefir umráð yfir, skal sæta sektum eða fangelsi. Sá, sem tekur þátt í slíku spili, sæti sektum.

12. gr.

Fjárhættuspil skulu öll spil um peninga eða peningavirði talin, nema lögleyfð sjeu, enda sje spilið þess eðlis og það, sem undir er lagt, svo mikils virði, að telja megi ávinningslöngunina aðalatriðið.

Veðmál, teningskast og annað slíkt skal undir sama skilorði talið til glæfraspila.

Með dómi skal ákveðið, að vinningur af glæfraspili skuli gerður upptækur.

III. kafli.

Hvenær fá lögin gildi.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928. Þó verður ákvæðum 1. og 2. greinar laganna ekki beitt fyr en dómsmálaráðuneytið hefir gefið út reglugerð um, hvar og hvernig vinnan komi til framkvæmda.

14. gr.

Ákvæði 3.—6. gr. taka til allra mála, sem ekki eru dæmd úrslitadómi áður en lögin öðlast gildi, en 7.—12. gr. tekur aðeins til brota, sem framin eru eftir þann tíma.

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 230.—234. gr. og 237. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ed. **391. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 2. málslið 1. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir, svo hljóðandi: Þó skal veiðitíminn ávalt vera hinn sami fyrir alla laxveiði, hvort sem er um net eða aðrar veiðivjelar, ádrátt eða stangarveiði að ræða. Veiðitíminn skal aldrei byrja fyr en 1. júní.

Í stað orðanna í 3. málslið sömu greinar »36 stundir á viku . . . . . á mánudögum« komi: 60 stundir á viku hverri, eða frá kl. 6 e. h. á föstudögum til kl. 6 f. h. á mánudögum.

Aftan við sama málslið komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Þessi ákvæði ná þó eigi til stangaveiði.

2. gr.

a. Aftan við 1. málsgr. 2. greinar laganna bætist: Um á, er rennur í kvíslum, gildir hið sama.

b. Aðra málsgr. 2. gr. laganna skal orða svo:

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að ávalt sje 100 metra bil eftir endilangri ánni milli veiðivjela.

3. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Eigi má leggja net eða veiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvatni eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð, og þar sem á fellur í sjó, eigi nær ósamynnum en í 200 metra fjarlægð. Ádráttarveiði má viðhafa í ám; þó má ekki draga á nema á tímanum frá dagmálum til náttmála og ekki þann tíma, er lax er friðaður í viku hverri. Svo má og eigi draga á nær ósamynnum en í 250 metra fjarlægð. Heimilt er að veiða lax með stöng, en eigi með sting eða krók og eigi með skoti eða sprengingu. Til vísindalegra þarfa og til laxaklaks má veiða lax á hverjum tíma árs sem er.

4. gr.

Í stað »9 þumlungar« á tveim stöðum í 5. gr. laganna komi: 23,5 cm. Í stað »1½ þumlungur« í niðurlagi greinarinnar komi: 4 cm.

5. gr.

Í stað orðanna »alt að 100 kr. sekt« í fyrri málsgr. 8. gr. laganna komi: sektum, 300—1000 kr.

6. gr.

Í stað »amtmaður« í 7. gr. laganna komi: atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

7. gr.

Á eftir orðinu »fógeti« í fyrri málsgr. 8. gr. laganna komi: eða hreppstjóri.

8. gr.

Í stað »amtmaður« í 9. gr. laganna komi: atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa texta þeirra inn í meginmál laga nr. 5, 19. febr. 1886, og gefa þau út svo breytt.

Nd. **392. Frumvarp**

til laga um varasáttanefndarmenn í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera 3 varasáttanefndarmenn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 32 frá 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda, var bætt einum varamanni í hverja sáttanefnd landsins, til þess að setjast í mál, ef annarhvor sáttanefndarmanna er við það riðinn eða getur ekki setið í sáttanefndinni fyrir forföll eða af öðrum ástæðum, svo og ef sáttanefndarmenn skilur

á um málalok. En áður var svo að farið, samkvæmt heimild í tilsk. 1795 og 1797, að sáttasemjari tók með sjer einhvern góðan mann, ef hinn sáttasemjarinn var óhæfur.

Í Reykjavík er sáttafundur haldinn í hverri viku og stendur að jafnaði 2—3 klukkustundir, enda hefir málafjöldinn komist yfir 600 á ári. Bagi er að því að hafa ekki þar fleiri en einn mann til að taka, þegar sáttanefndarmaður forfallast, því að vel getur svo farið, og hefir farið, að 2 menn af 3 hafi í einu lögmæt forföll og sje þeim með öllu varnað að sækja sáttafund.

Frumvarpið er flutt að beiðni sáttanefndarinnar í Reykjavík.

Nd. 393. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Skylt er að leggja 5% af styrk hvers jarðabótamanns í sjóð þess búnaðarfjelags, sem hann er meðlimur í, og skal Búnaðarfjelag Íslands við útreikning styrksins draga þann hluta frá og senda hlutaðeigandi búnaðarfjelagi, enda sje styrknum varið til sameiginlegrar starfsemi í fjelaginu.

Nd. 394. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 324 [Jarðræktarlög].

Frá Sveini Ólafssyni.

II. liður orðist svo:
10. gr. orðist svo:
28., 29. og 30. gr. laganna falla niður.

Nd. 395. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að gera þær bráðabirgðabreytingar á skipulagi bændaskólans á Hólum, sem hjer verða taldar:

a. að auka svo að miklu nemi kröfurnar til verklegs náms nemendanna við jarðrækt, búfjárhirðing og önnur landbúnaðarstörf, enda sitji þeir fyrir inngöngu í eldri deild skólans, sem lokið hafa 8 vikna jarðyrkjunámi.
b. að reka skólabúið fyrir opinberan reikning, ef hentara þykir.
c. að láta verða þær breytingar á kennaraliði skólans og reglugerð hans, sem nauðsynlegar eru.
d. að hafa undirbúningsdeild í þjóðlegum fræðum, ef húsrúm leyfir.

2. gr.

Landsstjórninni heimilast að láta a-lið 1. gr. einnig koma til framkvæmda við bændaskólann á Hvanneyri.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1928.

Ed. **396. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun síldarbræðslustöðva á Norðurlandi.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

Eftir 1. gr. komi ný gr., er verði 2. gr., þannig:

Nú verður síldarbræðslustöð gerð á kostnað ríkissjóðs, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samlagi eða samvinnufjelagi síldveiðimanna, ef slíkur fjelagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar.

Greinatalan breytist samkv. þessu.

Nd. **397. Frumvarp**

til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Bannað er öllum að flytja til landsins lifandi spendýr og fugla. Þó getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá banni þessu, enda setji þá reglur í hvert sinn, í samráði við ráðunaut sinn í þessum efnum, er öruggar sjeu til varnar því, að alidýrasjúkdómar flytjist hingað með dýrum þeim, er innflutningur verður leyfður á.

2. gr.

Bannaður er innflutningur á þessum vörutegundum:

a. Heyi, hálmi, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk, gömlum og notuðum pokum og tuskum allskonar.

b. Ull.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu fyrir ull til verksmiðjuiðju, enda sje hún sótthreinsuð utanlands eða innan, undir öruggu eftirliti.

c. Notuðum fatnaði, fiðri, fjöðrum, dún, stráteppum, körfum úr strái, dýrahári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem: burstavörum, penslum, kústum og hrosshársborðum.

Á vörum, sem taldar eru í þessum lið, kemur þó innflutningsbann ekki til framkvæmda, ef vörurnar sótthreinsast við tilbúning eða hreinsun, eða ef þær eru sótthreinsaðar áður en þær voru fluttar á skip, enda fylgi farmskránni vottorð um uppruna og vinslu varanna eða sótthreinsun.

Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að fyrirskipa sótthreinsun á tjeðum vörum, er þær koma hingað til lands, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

d. Fóðurkökum og rófum.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu frá innflutningsbanni á vörum þessum í einstökum tilfellum og fyrir lönd og landshluta.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á öðrum þeim vörum, sem hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.

4. gr.

Hver sá maður, sem kemur hingað til lands frá útlöndum, skal á fyrstu höfn, sem skipið kemur á, áður en hann stígur af skipsfjöl, gefa lögreglustjóra eða sóttvarnalækni yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi á síðustu þrem mánuðum áður en hann lagði af stað frá útlöndum dvalið eða verið á ferð í sveit, þar sem gin- og klaufaveiki eða aðrir hættulegir og næmir alidýrasjúkdómar hafa gengið síðastliðið ár.

Hafi farþeginn dvalið eða verið á ferð í slíku hjeraði á síðustu þrem mánuðum, skal hann tafarlaust einangraður, þar til hann og farangur hans hafa verið tryggilega sótthreinsaðir.

Ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, getur atvinnumálaráðherra fyrirskipað sótthreinsun á farþeganum og farangri hans, ef vegabrjef hans sannar ekki, að hann hafi dvalið síðustu þrjá mánuði þar, sem engin smitunarhætta var.

5. gr.

Öll þau dýr, sem um getur í 1. gr. og eru með skipum þeim, sem koma til landsins, t. d. eign skipverja eða farþega, skulu tryggilega einangruð, eftir fyrirmælum hlutaðeigandi lögreglustjóra eða sóttvarnalæknis, meðan skipið er hjer við land. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra bannað með

auglýsingu skipum þeim, er sigla hingað til lands, að hafa meðferðis nokkur þau dýr, er ræðir um í 1. gr.

6. gr.

Brot gegn 1., 2. og 5. gr., svo og auglýsingum, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út samkv. 3. og 5. gr., varða sektum, frá 100—10000 krónum, fyrir skipstjóra þann, sem dýrin eða bannvörurnar flutti inn, og jafnháum sektum fyrir eigandann, og skulu dýrin eða bannvaran gerð upptæk, dýrunum lógað en bannvaran ónýtt að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft í skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borga allan kostnað, er af því leiðir. Ennfremur bæti eigandinn allan skaða, er af þeim dýrum eða þeirri vöru hlýst, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins.

Brot gegn 4. gr. varða 100—10000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sá, sem brotlegur verður, skal auk þess bæta alt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Berist gin- og klaufaveiki til landsins, eða annar hættulegur og næmur alidýrasjúkdómur, hefir atvinnumálaráðuneytið heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, er það telur nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu veikinnar.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 15. júní 1926, um innflutningsbann á dýrum o. fl.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **398. Breytingartillögur**

við frv. til laga um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 12. gr. 2. málsgr. Í stað »glæfraspila« komi: fjárhættuspila.
2. — — — 3. — Í stað »glæfraspili« komi: fjárhættuspili.
3. Fyrirsögn 3. kafla hljóði svo:
   Hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

Nd. **399. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1927.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, er veitt eru í fjárlögum fyrir 1927, eru veittar samkvæmt 2.—9. gr. hjer á eftir kr. 156457,98.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

1.	Kostnaður við útgáfu á efnisyfirliti stjórnartíðindanna 1916 til 1925	5730,88	
2.	Til viðbótar við talningarfje ríkisfjehirðis	1000,00	
			6730,88

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

1.	Til fangahúsbyggingar á Ísafirði	» »	17404,95

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Til kostnaðar við mænusóttarsjúklinga	» »	1000,00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1.	Til byggingar á prestssetrinu Höskuldsstöðum	7317,05	
2.	Til byggingar á prestssetrinu Saurbæ í Eyjafjarðars.	2000,00	
3.	Til byggingar íbúðarhúss í Tröllatungu	4665,76	
4.	Til íbúðarhússbyggingar á Bergþórshvoli	2600,00	
5.	Álag til safnaðar Þingmúlasóknar	1078,81	
6.	Til byggingar daufdumbraskólans	30500,00	
7.	Til aðgerðar gagnfræðaskólans á Akureyri	4786,19	
8.	Til aðgerðar rannsóknarstofu háskólans, Kirkjustræti 12	568,17	
9.	Til viðbótarbyggingar á Eiðum	6500,00	
10.	Til loftræstingar í mentaskólanum	5000,00	
11.	Til girðingar um lóð kennaraskólans	2000,00	
12.	Til aðgerðar skólahússins á Eiðum	2000,00	
13.	Til skóla- og íbúðarhússbyggingar á Hólum	15000,00	
14.	Smásjá handa rannsóknarstofu háskólans	2427,66	
			86443,64
		Flyt	111579,47

			Flutt 111579,47
	6. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:		
1.	Til aðstoðar við Þjóðskjalasafnið	1800,00	
2.	Til aukavinnu við Þjóðminjasafnið	132,00	
3.	Til fornminjarannsókna á Bergþórshvoli	4000,00	
			5932,00
	7. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:		
1.	Til fyrirhleðslu í Hjeraðsvötnin hjá Vindheimum	1496,09	
2.	Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki	1028,31	
3.	Til sjóvarnargarðsins á Siglufirði, tillag frá 30. apríl 1925 til 20. febr. 1927	2221,30	
4.	Húsaleigueftirstöðvar efnarannsóknarstofunnar 1926 ...	2400,00	
5.	Til kostnaðar við stíflu á aðfærsluskurði við Miklavatnsmýraráveituna	3133,05	
			10278,75
	8. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:		
1.	Til sjera Björns Þorlákssonar, eftirlaunaviðbót frá 1. júní 1926 til 30. des. 1927	502,55	
2.	Til sjera Stefáns Jónssonar, eftirlaunaviðbót frá 1. okt. 1927	133,20	
3.	Til frú Vigdísar Steingrímsdóttur Arason, ekkju Þorvaldar Arasonar póstafgreiðslumanns	432,00	
4.	Til Einars Benediktssonar skálds	5760,00	
5.	Til frú Eleanor Sveinbjörnsson, ekkju Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar tónskálds, frá 1. mars 1927	1440,00	
6.	Til frú Rögnu Gunnarsdóttur, ekkju Ólafs Gunnarssonar hjeraðslæknis	864,00	
7.	Til frú Guðlaugar Magnúsdóttur, ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi	1728,00	
8.	Til frú Helgu Skúladóttur, ekkju sjera Pjeturs Jónssonar frá Kálfafellsstað	326,97	
			11186,72
	9. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:		
1.	Heiðurslaun til O. Forberg landssímastjóra	10000,00	
2.	Til aðgerðar konungshúsinu á Þingvöllum	157,01	
3.	Til ríkisgjaldanefndarinnar	5000,00	
4.	Til húsameistara, húsaleigu- og ferðakostnaður m. m. síðastliðið ár	678,28	
5.	Til ferðakostnaðar út af ágreiningi við dýpkun Akureyrarhafnar o. fl.	1645,75	
			17481,04
			kr. 156457,98

Athugasemdir við frumvarpið.

Við 2. gr.

1. Þetta er kostnaður við samning og útgáfu efnisyfirlits þess, er gert var samkvæmt umtali á Alþingi.

2. Upphæð þessi er greidd samkvæmt eindregnum meðmælum fjárveitinganefndar Alþingis.

Við 3. gr.

Með fjárlögum fyrir 1925 voru veittar 16000 kr. til byggingar fangahúsa í Vestmannaeyjum og á Ísafirði, en það varð ekki úr að bygt yrði fyrr en 1926 í Vestmannaeyjum og 1927 á Ísafirði. Kostnaðurinn varð á báðum stöðum miklu meiri en gert hafði verið ráð fyrir. — Á Ísafirði varð kostnaðurinn svo mikill, með fram vegna þess, að lóð undir húsið þurfti að kaupa dýru verði.

Við 4. gr.

Þar sem fje það, er á sínum tíma var veitt til hjálpar mönnum, sem tekið höfðu mænusótt, hrökk ekki til að hjálpa þeim öllum, er þó virtist sjálfsagt, úr því nokkrum var hjálpað, hefir orðið nauðsynlegt að nota meira fje til lækningarhjálpar. Má jafnvel búast við, að eitthvað þurfi enn að greiða til þessa.

Við 5. gr.

1. Prestssetrið á Höskuldsstöðum brann til kaldra kola. Í staðinn var bygt nýtt prestsseturshús upp á væntanlega aukafjárveitingu, þar sem veitt fje var ekki fyrir hendi. Þessi upphæð er lokagreiðsla á þeim kostnaði öllum.

2. Verið er að byggja prestsseturshús á Saurbæ í Eyjafirði. Veitt fje nægir hvergi nærri til þess að fullgera það hús.

3. Þar sem veitt fje til byggingar á prestssetrinu Kollafjarðarnesi hrökk ekki til byggingarinnar, varð að taka þessa upphæð upp á væntanlega aukafjárveiting.

4. Prestsseturshúsið á Bergþórshvoli hefir alt verið bygt í samráði við Alþingi án þess fje til þess væri veitt. Allur kostnaðurinn hefir verið tekinn upp á væntanlega aukafjárveiting. Þetta er ein með síðustu greiðslum til þess húss, en ekki hin síðasta.

5. Það er sjálfsagt og líka lögum samkvæmt að losa ríkið sem fyrst við kirkjurnar og fá þær í hendur söfnuðunum. Þessa upphæð varð að greiða sem álag á Þingmúlakirkju til þess, að söfnuðurinn fengist til að taka við kirkjunni.

6. Þessi upphæð er nálægt helmingi þeirrar upphæðar, sem hin nýja bygging daufdumbraskólans kostar. Mikið af því fje mun koma aftur, sem andvirði fyrir seldar lóðir úr landi ríkisins þar. Megnið af því landi er nú selt, og kemur andvirðið inn smám saman á næstu árum.

7. Ýmsar aðgerðir voru nauðsynlegar á húsi gagnfræðaskólans á Akureyri, er eigi var veitt fje til.

8. Þetta er lokagreiðsla á kostnaði við aðgerð á rannsóknarstofunni.

9. Viðbótarbyggingin á Eiðum kostar miklu meira en gert var ráð fyrir.

Þetta er ekki lokagreiðsla, en þó er nú mjög lítið eftir ógreitt. Byggingin kostar liðugar 80000 kr.

10. Talið var nauðsynlegt að koma fyrir í Mentaskólanum loftræstingaráhöldum.

11. Auk girðingar um lóð kennaraskólans þurfti að laga lóðina, og er þessi upphæð kostnaður við lóðina.

12. Það þótti ekki verða hjá því komist að dúkleggja gólf í skólanum og gera ýmislegt fleira.

13. Brunabótafje skólahússins á Hólum hefir ekki hrokkið fyrir byggingu nýs skólahúss, og hefir því þessari upphæð verið ávísað um fram brunabótafjeð. Húsið mun þó ekki þannig fullgert enn, að fullvíst sje, hve mikið það muni kosta.

14. Háskólinn fór fram á að fá smásjár, er ekki mátti án vera, og var sjálfsagt að verða við þeirri beiðni.

Við 6. gr.

1. Eins og fyrr hefir helmingur kostnaðar við aðstoðarmann á Þjóðskjalasafninu verið greiddur af fje safnsins. Þetta er hinn helmingurinn.

2. Þetta er þóknun nokkurra kvenna fyrir að sýna safnið utan venjulegs tíma útlendum ferðamönnum.

3. Kostnaðurinn við þessar fornminjarannsóknir varð ekki meiri árið 1927.

Við 7. gr.

1. Með því að ekki mátti dragast að fullgera fyrirhleðslu fyrir Hjeraðsvötn hjá Vindheimum, sem að mestu var gerð árið 1925, heimilaði ráðuneytið vegamálastjóra að láta fullgera hana haustið 1926, þannig að ríkissjóður greiddi $^2/_3$ hluta kostnaðarins. Hann varð 2072 kr. 78 a. og því hluti ríkissjóðs 1381 kr. 85 a. En með því að ríkissjóður (kirkjujarðasjóður) á 5 jarðir á svæði því, sem $^1/_3$ hluta fyrirhleðslukostnaðarins var jafnað niður á, bætast við 114 kr. 24 a., sem jafnað var niður á þessar jarðir, þannig að öll upphæðin, sem greidd var, er 1496 kr. 09 a.

2. Til þessa sjóvarnargarðs er veitt fje bæði í fjáraukalögum fyrir 1925 og 1926; samtals 49000 kr., en þær fjárveitingar hafa ekki hrokkið til þess að gera garðinn. Kostnaðurinn varð alls 54948 kr. 31 e., og hafa verið greiddar af hlutaðeigendum á Sauðárkróki 4920 kr., en mismuninn, 50028 kr. 31 e., hefir ríkissjóður orðið að greiða. Hafa þessar 1028 kr. 31 e. gengið til garðsins umfram þær 49000 kr., sem eins og að ofan segir þegar eru veittar í tjeðum fjáraukalögum.

3. Tillag ríkissjóðs til viðhalds garðsins samkvæmt samkomulagi við bæjarfjelag Siglufjarðar.

4. Með samningi, dags. 6. nóvbr. 1925, var leigt húsnæði handa efnarannsóknastofunni í húsi forstöðumannsins fyrir 3000 kr. á ári, og skyldu af því 2400 kr. ganga árlega til greiðslu afborgana og vaxta af viðlagasjóðsláni hans út af byggingu tjeðs húss hans, veittu honum 6. nóv. 1925. Það hafði láðst að ávísa þessu árið 1926, og er því nú leitað aukafjárveitingar fyrir þessari upphæð.

5. Flóðgátt Miklavatnsmýraráveitunnar ónýttist í flóði úr Þjórsá í fyrra og var eigi talið fært að láta dragast að gera við gáttina, vegna skemda, sem af því gátu stafað. Er upphæð þessi 3/4 hlutar kostnaðarins við endurbyggingu flóðgáttarinnar, en 1/4 hluta greiddu hlutaðeigendur á áveitusvæðinu.

Við 8. gr.

1.—8. Samskonar fjárveitingar eru frá 1. jan. 1928 teknar upp í fjárlög.

Við 9. gr.

1. Þessi upphæð greidd samkvæmt ályktun Alþingis.

2. Eigi varð hjá því komist að láta framkvæma þessa smáaðgerð.

3. Nefnd þessi var skipuð samkvæmt eindregnum vilja meiri hluta þingmanna.

4. Upphæð þessi er greidd upp í húsaleigu- og skrifstofukostnað húsameistara og fyrir smáferðalög í þágu stjórnarinnar.

5. Á síðastliðnu ári var gerður samningur við firmað Kampmann Kjerulff & Saxild í Kaupmannahöfn um dýpkun nokkurra hafna hjer við land með sjerstöku til slíkra starfa gerðu skipi. Skipið kom hingað á tilsettum tíma og vann að dýpkun Vestmannaeyja- og Akureyrarhafna síðari hluta síðastliðins vetrar og síðastliðið sumar, en ágreiningur reis við Akureyrarkaupstað út af greiðslu gjaldsins fyrir verkið. Var fyrv. atvinnumálaráðherra Magnús Guðmundsson fenginn til að fara til Akureyrar ásamt vitamálastjóra til samninga og fjelst bæjarstjórn Akureyrar á að borga kostnaðinn af dýpkuninni, en ferðakostnað þeirra vitamálastjóra og M. G. og ýmsan annan smákostnað skipinu við komandi, sem vitamálastjóri hafði haft, var ekki farið fram á að Akureyrarkaupstaður greiddi, og er það þessi upphæð, sem rjett þykir að ríkissjóður eftir atvikum greiði.

Nd. **400. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabrjef, alt að 10 miljónum króna. Vaxtabrjefum má skifta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 8. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefir gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hvor flokkur þá vera stærri en 3 miljónir króna. Fyrstu 4 árin eftir

að 8. flokkur er settur á stofn, veitist tillag til þessara veðdeildarflokka úr ríkissjóði, 8000 krónur á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabrjefum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggínganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fje veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verslunarstöðum, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr $^3/_5$ af virðingarverði fasteignarinnar.

Ennfremur er heimilt að veita lán bæjar-, sýslu- og sveitarfjelögum.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn sú, er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 5 ára

fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhjeraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Minsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 30 árum, sje veðið vandað timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherrann söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir krófu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er $^1/_2$ % á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávalt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum hlutaðeigandi flokks eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sje veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærra stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rjett hafa handhafar brjefanna, þótt eigi sjeu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. — Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og svo skal við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13 gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokað er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiftist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti rjettrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefir þaðan aflast.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 12000 krónum.

26. gr.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Greinargerð.

Með lögum nr. 26, 15. júní 1926, var veðdeild Landsbanka Íslands veitt heimild til þess að gefa út bankavaxtabrjef, alt að 10 milj. kr. 5. flokkur veðdeildarinnar tók til starfa samkv. þessum lögum 1. okt. 1926, og var útlánum flokksins lokið 2. mars 1927. Voru veitt úr honum 392 lán og fjárhæð lánanna nam 3 miljónum kr. 6. flokkur tók til starfa 29. nóvember 1926 og var útlánum úr þeim flokki lokið 7. október 1927. Voru veitt úr honum 396 lán og fjárhæð lánanna nam 3 milj. kr. 7. flokkur, sem heimilt er að nemi 4 milj. kr., tók til starfa 13. október 1927, og hafa þegar verið afgreidd úr honum 281 lán að fjárhæð 1966600 kr. Nú liggja fyrir um 60 ótekin lán og yfir 300 lánbeiðnir og nú má telja víst, að 7. flokkur nægi eigi til þess að afgreiða fyrirliggjandi lánbeiðnir. Má telja líklegt að 7. flokki verði lokið í júní eða júlí næstkomandi, og er þá þrotin heimild veðdeildarinnar til útgáfu bankavaxtabrjefa samkvæmt fyrgreindum lögum.

Þar sem bankaráðið telur nauðsynlegt, að veðdeildin geti haldið áfram störfum, vill fjármálaráðuneytið mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykt á þessu þingi. Þess skal jafnframt getið, að í frumvarpið er ekki tekin heimild til lántöku fyrir ríkisstjórnina til veðdeildarbrjefakaupa, og má því eigi gera ráð fyrir útlánum úr þeim veðdeildarflokkum, sem hjer eftir kunna að verða stofnaðir, fram yfir það, sem bankinn sjálfur getur komið í verð at veðdeildarbrjefunum.

Nd. **401. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir orðið ósammála um frumv. Meiri hlutinn leggur með því með breytingu, en minni hlutinn á móti. Meiri hlutinn lítur svo á, að nauðsyn beri til að auka tekjur ríkissjóðs. Æskilegt væri reyndar að taka öll lögin um tekju- og eignarskatt til nákvæmrar endurskoðunar, en ekki er að búast við því, að slíka endurskoðun sje hægt að framkvæma á þessu þingi. Verður því sú leið einföldust og framkvæmanlegust nú, að hækka yfirleitt skattstigann á þann hátt, sem frumv. gerir ráð fyrir, en þó þannig, að lágtekjur upp að 4000 kr., sem illa þola skattaaukningu, sjeu undanþegnar þessum viðbótarskatti. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, má ætla, að þetta lágmark skattviðaukans minki tekjurnar af honum um sem næst 22 þús. kr. Eftir fjárlagafrumvarpinu fyrir 1929, eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. í Nd., mundi tekjuaukinn af frumvarpinu, með þessari breytingu, nema um 190 þús. kr.

Meiri hlutinn leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með svofeldri

BREYTINGU:

1. Á eftir 1. gr. frumv. komi ný grein:
   Árstekjur einstaklinga, sem ekki nema 4000 kr., skulu undanþegnar þessum viðauka við tekjuskattinn.
2. 2. gr. verði 3. gr.

Alþingi, 6. febrúar 1928.

Halldór Stefánsson, form.	Hjeðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr.	Hannes Jónsson.

Ed. **402. Frumvarp**

til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

6. gr. jarðræktarlaganna orðist svo:

Sjerhver sá, er á rjett til að fá styrk af opinberu fje samkvæmt lögum þessum, skal vera fjelagi í búnaðarfjelagi hrepps eða bæjar.

Búnaðarfjelag Íslands hefir eftirlit með öllum jarðræktarfyrirtækjum, sem unnin eru samkvæmt lögum þessum. Eftirlitið er falið trúnaðarmönnum, sem Búnaðarfjelag Íslands skipar í samráði við búnaðarsamböndin. Fjelagið fær mönnum þessum ítarleg erindisbrjef. Borgun fá þeir frá hlutaðeigandi sambandi og hreppsbúnaðarfjelagi, eftir reglum, sem Búnaðarfjelag Íslands setur í samráði við búnaðarsamböndin.

Stjórn hreppsbúnaðarfjelags skal árlega færa inn á skrá, samkvæmt því formi, er Búnaðarfjelag Íslands ákveður, allar jarðabætur á fjelagssvæðinu.

Bæjar- og hreppsfjelög hafa jafnan rjett og einstakir menn til styrks samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Skylt er að leggja 5% af styrk hvers jarðabótamanns í sjóð þess búnaðarfjelags, sem hann er meðlimur í, og skal Búnaðarfjelag Íslands við útreikning styrksins draga þann hluta frá og senda hlutaðeigandi búnaðarfjelagi, enda sje styrknum varið til sameiginlegrar starfsemi í fjelaginu.

3. gr.

Fyrir orðin »og má þá veita . . . . kostnaðar við verkið«, í niðurlagi 7. gr. komi: og skal þá veita þeim, er verkið ljet framkvæma, styrk úr ríkissjóði, er nemi kr. 1.50 fyrir hvert metið dagsverk.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Nú sljettar maður tún sitt eða eykur eða ræsir fram til túngræðslu, eða girðir tún eða land, sem tekið er til ræktunar, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemur 1 kr. fyrir hvert metið dagsverk, ef sannað er fyrir Búnaðarfjelagi Íslands, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er um ræðir í 9. og 11. gr.

5. gr.

10. gr. fellur niður.

6. gr.

Upphaf 12. gr. orðist svo:

Nú gerir maður nýjan matjurtagarð, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi 1 kr. á hvert metið dagsverk, þar með talinn girðingarkostnaður, en eigi áburður.

Fyrir »400« í niðurlagi greinarinnar komi: 200.

7. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Atvinnumálaráðuneytið gefur út reglur, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, um hversu votheystóftir skulu gerðar og hvar settar. Nú hefir sá, er gera lætur votheystóft eftir að reglur þessar eru gefnar út, fylgt þeim í öllu, og Búnaðarfjelag Íslands telur, að hann hafi brýna þörf fyrir tóftina, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi 50 aurum fyrir hvert metið dagsverk.

8. gr.

13. gr. laganna fellur niður.

9. gr.

Aftan við 14. gr. bætist:

Ágreining um kostnað við fyrirtæki þau, sem styrk fá úr ríkissjóði samkvæmt þessum kafla, úrskurðar ráðherra. Minni vinna hjá hverjum einstökum en 5 dagsverk nýtur ekki styrks samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

27. gr. orðist þannig:

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð er bygð, skal jafnan, þar sem við getur átt, ákveðið í byggingarbrjefinu, að leiguliði megi vinna af sjer landsskuld og leigur með jarðabótum á leigujörð sinni. Jarðabætur, sem leiguliði greiðir leigu og landsskuld með, skulu metnar til þeirrar greiðslu alt að kr. 3,50 hvert dagsverk.

Sama rjett hafa landsetar ríkissjóðs, sem nú eru, þar með taldir prestar og bændur á hjáleigum prestssetra, þó afgjald hjáleignanna sje metið upp í heimatekjur presta.

Með landsskuld af jörðum telst í þessu sambandi afgjald eftir allar jarðarnytjar, svo sem veiði, varp o. fl., þó að sjerstaklega sje metið.

11. gr.

29. gr. orðist svo:

Nú vill leiguliði á þjóðjörð eða kirkjujörð vinna af sjer landsskuld og leigur, eins og segir í 27. gr., að nokkru eða öllu leyti, og skal honum það heimilt með þeim jarðabótum, sem nefndar eru í II. kafla jarðræktarlaganna, 7.—13. gr. — Engin jarðabót er gild borgun upp í landsskuld og leigur, nema fullgerð sje og vel af hendi leyst að áliti Búnaðarfjelags Íslands, í gjalddaga þeirrar landsskuldar eða leigna, er greiða á með henni.

12. gr.

Um verkfærakaupasjóð.

Styrkur úr ríkissjóði til hreppabúnaðarfjelaga skal nema 10 aurum fyrir hvert unnið dagsverk. Styrkurinn skiftist hlutfallslega milli búnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Styrk þennan skal leggja í sjóð, sem nefnist verkfærakaupasjóður.

Í sjóðinn skal auk þess árlega greiða úr ríkissjóði 20 þúsund krónur, er skiftist milli hreppabúnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Sú upphæð, er sjóði hvers hreppabúnaðarfjelags ber samkvæmt því, er að ofan getur, skal vera sjereign hvers fjelags.

Tilgangur sjóðsins er að ljetta undir með bændum, einstökum eða fleirum í fjelagi, að eignast hestaverkfæri til jarðræktar eða heyvinnu.

Fje sjóðsins skal fyrst og fremst varið til að kaupa hestaverkfæri handa bændum. Þó er búnaðarfjelagi heimilt, ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, að kaupa jarðræktarvjelar, enda sjeu þær þá eign fjelagsins.

Fjelögin ákveða sjálf, hverra verkfæra þau æskja frá Búnaðarfjelagi Íslands og hvort þau nota þau sem fjelagseign eða skifta þeim milli einstakra fjelagsmanna.

Fjelögin leggi fram jafna upphæð styrknum til verkfærakaupanna. Skulu umsóknir sendar Búnaðarfjelagi Íslands.

Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 300 kr.

Búnaðarfjelag Íslands sjer um útvegun verkfæranna og ákveður, af hvaða gerð þau skuli vera og gæðum.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn verkfærakaupasjóðs, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

Nánari ákvæði um starfsemi verkfærakaupasjóðs setur atvinnumálaráðuneytið í reglugerð, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

13. gr.

VII. og VIII. kafli jarðræktarlaganna (41.—43. gr.) falla niður.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **403. Frumvarp**

til laga um sölu á spildu úr prestssetursjörðinni Kálfholti.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson og Einar Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ólafi lækni Ísleifssyni á Þjórsártúni spildu þá úr prestssetursjörðinni Kálfholti í Rangárvallasýslu, er hann hefir á erfðafestu.

2. gr.

Um mat á landspildunni og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Greinargerð.

Aðalástæðan fyrir frv. þessu er, að Ólafur Ísleifsson hefir í hyggju að koma á hjá sjer rafveitu til hita og suðu. Verkið er alldýrt, og þarf hann því að fá lán til verksins út á rafveituna ásamt húseignum sínum, en honum hefir reynst það ómögulegt með núverandi erfðafestuskilyrðum. Þar sem nefndur

Ólafur læknir Ísleifsson hefir sýnt sjerstakan dugnað í ræktun óræktarmóa á þessari landspildu, virðist sanngjarnt að verða við þessari umsókn hans. Þess skal getið, að sóknarpresturinn í Kálfholtsprestakalli hefir lagt með umsókninni.

Nd. **404. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 62, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Bæjarstjórn stýrir málefnum kaupstaðarins. Í henni eru kjörnir fulltrúar og bæjarfógeti; hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum.

Samþykki meiri hluti kjósenda með leynilegri atkvæðagreiðslu, skal í stað bæjarfógeta kosinn bæjarstjóri til 6 ára í senn, á sama hátt og bæjarfulltrúar. Hann skal launaður af bæjarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Nd **405. Nefndarálit**

um frv. til laga um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og vill mæla með framgangi málsins, þó með nokkurri breyting á frumvarpinu.

Viðvíkjandi undirbúningi málsins heima í hjeraði hefir nefndin spurt fyrri flutningsmann frumvarpsins, sem sjeð hefir um undirbúning málsins, og hefir hann sagt, að undirbúningur þess hafi fullkomlega verið lögum samkvæmur. (Lög nr. 36 1907).

Viðvíkjandi sjóðeign kirkjunnar vill nefndin taka það fram, að hún telur sjálfsagt, að það fje, er hún hefir í sjóði á hverjum tíma, standi áfram í hinum almenna kirkjusjóði.

Nefndin vill mæla með frv. með svofeldri

BREYTINGU:

1. 3. gr. skal orða svo:

Strandarland skal vera eign Strandarkirkju.

2. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi 12. maí 1928.

Alþingi, 6. mars 1928.

Lárus Helgason, form. Jörundur Brynjólfsson, frsm. Jón Ólafsson, fundaskrifari.

Einar Jónsson, með fyrirvara. Bernh. Stefánsson.

Ed. **406. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Af hverri saltaðri síldartunnu (108—120 lítr.) skal greiða í ríkissjóð 100 aura. Af hverri tunnu kryddsíldar (108—120 lítr.) 150 aura. Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og fóðurkökum 200 aura. Af hverjum 100 kg. af óþurkuðu áburðarefni úr fiski og síldarafurðum 60 aura. Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu, 25 aura. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum (þurkað, óunnið) 150 aura.

2. gr.

Tvær síðari málsgreinar 2. gr. laganna eru úr gildi feldar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl., svo og önnur lagaákvæði, er koma í bág við þessi lög.

Ed. **407. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald af síldarlýsi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Auk þess útflutningsgjalds, sem samkvæmt gildandi lögum ber að

greiða af útfluttum afurðum, skal frá 1. júní 1928 greiða $1^1/_2$% útflutningsgjald af síldarlýsi, og rennur það gjald í ríkissjóð.

2. gr.

Um framkvæmd þessara laga og um sektir fyrir brot á þeim fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 70, 27. júní 1921.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **408. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

Frá Jónasi Jónssyni.

Á eftir 8. gr. komi ný grein:

10. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er sýslunefnd að banna kistuveiði í ám, að viðlögðum sömu sektum og viðurlögum sem segir í 8. gr.

Nd. **409. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Frá forsætisráðherra.

1. Við 1. gr. Fyrir »Norðfjarðarkaupstaður« kemur: Neskaupstaður.
2. Við 2. gr. Fyrir »á Norðfirði« kemur: í Neskaupstað.
3. Við 4. gr. Fyrir »Norðfjarðarkaupstað« kemur: Neskaupstað.
4. Við 20. gr. Fyrir »á Norðfirði« kemur: í Neskaupstað.
5. Við ákvæði um stundarsakir. Fyrir »Norðfjarðar« kemur: Neskaupstaðar.
6. Fyrirsögnin verður: Frumvarp til laga um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.

Nd. **410. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysatryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um þau ákvæði frumvarps þessa, að allir bifreiðastjórar skuli tryggingarskyldir og að nauðsyn beri til að hækka allverulega

skaðabæturnar samkvæmt slysatryggingarlögunum, en vill þó ekki ganga eins langt í því efni eins og frumvarpið, heldur aðeins hækka bæturnar um 50% að þessu sinni. Viðurkennir nefndin þó, að bæturnar verði, þrátt fyrir þessa hækkun, alt of lágar í samanburði við fjárhagslegt tjón af slysunum, en telur ekki rjett að gera stærri stökk í einu í þessu efni. Hinsvegar hefir nefndin, að undanteknum Hj. V., ekki viljað stytta þann tíma, er landmenn, sem verða fyrir slysum, þola bótalausan, úr 4 vikum í 1 viku, þar sem nefndin telur örðugleika á því að hafa fult eftirlit af hálfu slysatryggingarinnar með veikindum, er standa skemmri tíma.

Nefndin telur eftir atvikum ekki rjett að svifta lögreglustjóra og hreppstjóra innheimtulaunum af iðgjöldum slysatryggingarinnar, þar sem nokkur ábyrgð og eftirlit er samfara slíkri innheimtu.

Síðustu árin er víða um land farið að taka upp opna vjelbáta til fiskiveiða í stað róðrarbáta. Aðstaða róðrarbáta og opinna vjelbáta er svo svipuð, að æskilegt virðist, að þeir fái sama styrk úr ríkissjóði til slysatrygginga, $^{8}/_{10}$ hluta iðgjaldsins. Vill nefndin lögfesta þau ákvæði fyrir alla báta undir 5 tonnum, en vjelbátar undir 5 tonnum fá nú aðeins $^{2}/_{10}$ hluta iðgjaldsins úr ríkissjóði.

Loks telur nefndin rjett, að lögreglustjóra skuli skylt, ef hann álítur að slysið veiti rjett til bóta, að halda próf í málinu, og er sú breytingartillaga gerð eftir ósk slysavarnarfjelagsins.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í staðinn fyrir orðin »4000 kr.« í staflið b. í 4. gr. komi: 6000 kr.
2. Við 3. gr.
   a. Í staðinn fyrir »5000 kr.« komi: 3000 kr.
   b. Í staðinn fyrir »500 kr.« komi: 300 kr., og í staðinn fyrir »1000 kr.« komi: 600 kr.
3. 4. gr. falli niður.
4. Ný grein, er verður 4. grein:
   4. málsgrein 7. greinar laganna orðist svo:
   Útgerðarmenn róðrarbáta og vjelbáta, minni en 5 smálestir, greiða aðeins $^{7}/_{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.
5. Ný grein, er verður 5. gr.:
   Síðasti málsliður 12. gr. laganna orðist svo:
   Skal lögreglustjóri þá, og hvenær sem slysatryggingin óskar þess, halda próf í málinu.
6. Ný grein, er verður 6. gr.
   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

Alþingi, 6. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður.	Hjeðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskrifari.

Hákon J. Kristófersson. Bernh. Stefánsson. Magnús Guðmundsson.

Ed. **411. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá Jóni Baldvinssyni og Erlingi Friðjónssyni.

Við 1. gr.

a. Orðin »50 aurar« í a-lið falli niður.

b. d-liður skal falla niður.

Nd. **412. Lög**

um eftirlit með verksmiðjum og vjelum.

(Afgreidd frá Nd. 7. mars).

I. kafli.

Um eftirlitsskyldu og tilkynningarskyldu.

1. gr.

Eftirlitsskyld eru samkvæmt lögum þessum verksmiðjur, verkstæði og vinnustöðvar, þar sem þrír menn hið fæsta vinna saman að jafnaði, svo og eimkatlar og vjelar, hvorttveggja með þeim undantekningum, sem greinir í lögunum.

2. gr.

Sjerhver, sem fyrir eiginn eða annara reikning stjórnar fyrirtæki, sem um ræðir í 1. gr., eða vinnu, sem rekin er með vjelum knúðum eimi, vatni, vindi, olíu, rafmagni eða annarskonar orkugjafa, skal tilkynna skoðunarmanni fyrirtæki þetta, tegund þess, orkugjafa og stærð, tölu verkamanna, aldur þeirra og kyn, og láta í tje þær skýrslur, er sýna hvernig fyrirtækinu er háttað. Þau fyrirtæki, sem til eru þegar lög þessi ganga í gildi, skal tilkynna innan 30 daga frá þeim tíma.

Nú rekur ríkið, sýslu- eða sveitarfjelag fyrirtæki, sem fellur undir lög þessi, og getur þá atvinnumálaráðherra úrskurðað slíkt fyrirtæki undanþegið eftirliti skoðunarmanns, ef trygging er fyrir því, að fylgt sje öllum heilbrigðis- og öryggisráðstöfunum, sem lög þessi greina.

3. gr.

Skoðunarmaður tilkynnir stjórnanda fyrirtækis, með rökstuddum úrskurði, hvort það er eftirlitsskylt samkvæmt lögum þessum. Nú vill hann ekki una þessum úrskurði, og má hann þá innan 30 daga skjóta honum til atvinnumálaráðherra, er leggur á málið fullnaðarúrskurð.

Skoðunarmaður og stjórnandi fyrirtækis geta, hvor fyrir sig, hvenær sem er síðar krafist úrskurðar atvinnumálaráðherra um, hvort fyrirtæki skuli háð eftirlitsskyldu eða vera undanþegið henni.

II. kafli.

Tilhögun á vinnustöðum.

4. gr.

Sjerhver, sem ætlar að reisa eða reka verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, getur krafist umsagnar skoðunarmanns um, hvort hið fyrirhugaða skipulag komi í bága við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í þessu skyni skal hann láta í tje sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir alt fyrirkomulag vjela og húsakynna, eftir því sem skoðunarmaður kann að krefjast.

Nú vill hlutaðeigandi ekki una úrskurði skoðunarmanns, og getur hann þá krafist yfirskoðunar, og fer um hana eins og segir í 20. gr.

5. gr.

Verksmiðjum, verkstæðum og vinnustöðvum, sem lög þessi taka til, skal haga þannig, að líf, heilsa og limir verkamanna við vinnu og dvöl á vinnustaðnum sje tilhlýðilega verndað. Stigar skulu traustir og greiðir og útgöngudyr tálmalausar.

6. gr.

Vinnustofur í verksmiðjum og verkstæðum, sem gerð eru eftir að lög þessi ganga í gildi, mega ekki lægri vera undir loft en 2,5 m. Atvinnumálaráðherra ákveður, hvort þessi regla skuli einnig gilda um verksmiðjur og verkstæði, sem áður eru reist.

Við vinnu skal hver verkamaður hafa 8 rúmmetra loftrúm hið minsta. Loftrásir skulu vera í öllum vinnustofum, nægilegar til þess að halda þar góðu andrúmslofti, vjelknúðar ef nauðsyn krefur.

Stór suðu- eða bræðsluílát, svo og ílát með hættulegum efnum, skulu girt eða varin, svo að verkamenn falli eða gangi ekki ofan í þau.

Vinnustofur og aðrar vistarverur verkamanna skulu vera þannig, að auðvelt sje að gæta hreinlætis, reglusemi og hollustuhátta.

7. gr.

Við vinnu í vinnustofum skal birta vera nægileg og tryggilega búið um lýsingartæki. Í lokuðum vinnustofum skal upphitun vera nægileg og fara eftir því, hver vinna er stunduð.

8. gr.

Verkamenn skulu eiga kost á að neyta matar sins undir þaki. Þar sem hollustuhættir krefjast, að ekki sje matast í vinnustofunni, skal verkamönnum fengið annað húsrúm til afnota um máltíðir.

9. gr.

Um tilhögun, starfsháttu og önnur atriði, sem greinir í þessum kafla, setur atvinnumálaráðherra nánari fyrirmæli í reglugerð eða reglugerðum fyrir hvert einstakt fyrirtæki eða flokk fyrirtækja.

Nú lúta ákvæði reglugerðar að hibýlaskipun, og ber þá að taka tillit til, hversu hana megi framkvæma án þess að íþyngja um of fyrirtæki, sem rekið er þegar lög þessi öðlast gildi.

Við samning reglugerðar ber að leita álits hlutaðeigandi vinnuveitanda og verkamanna, eða atvinnufjelagsskapar hvors um sig.

III. kafli.

Um eimkatla og vjelar á landi.

a. Örggi.

10. gr.

Ákvæði þessa kafla ná til eimkatla á landi og allra vjela, ef notkun þeirra getur orsakað hættu á lífi, limum og heilbrigði þess, er gætir þeirra eða er í nánd við þær, nema sjálfskaparvíti sje. Til vjela teljast aflvjelar knúðar eimi, vatni, vindi, gasi, steinolíu, bensíni, rafmagni eða öðrum orkugjafa, og vjelar, sem settar eru í hreyfingu af aflvjel, þar með talinn búnaður allur, svo sem hjól, reimar og eimrásir og þess háttar, til að flytja orku frá einni vjel til annarar eða einum vjelarhluta til annars.

Eimketill er hvert það ílát eða pípukerfi, þar sem vökvi er hitaður í það mikið, að eimþrýstingur hans sje meiri en þrýstingur andrúmsloftsins.

11. gr.

Sjerhver vjel og eimketill, allur búnaður þeirra og undirstöður skal vera fulltraust.

Girðingar og hlífar skulu settar um hjól, ása, reimar og alla hreyfihluta vjela, er mönnum stafar hætta af að nálgast. Lok eða ristar skulu settar yfir brunna, grópir í gólf, þrær og því um líkt. Girðingar skulu vera um palla og stiga.

Vjelar skulu þannig settar og katlar, að nægilegt sje gangrúm og vinnurúm umhverfis. Verði ekki nægilegu gangrúmi við komið, skal þar vera girt.

Rafmagnslagnir skulu gerðar samkvæmt reglugerðum, sem settar eru samkvæmt gildandi lögum.

Þar, sem síðar er talað í lögum þessum um eimkatla og vjelar, er einnig átt við búnað allan og eimrásir.

12. gr.

Þannig skal um vjelar búið, að þær verði settar í hreyfingu hættulaust fyrir alla, sem við þær starfa.

Nú eru fleiri vjelar knúðar orku frá einni aflstöð, og skal þá búa svo um, að stöðva megi hverja vjel um sig, þótt aflstöðin vinni.

Þar sem þarf að smyrja, hreinsa og líta eftir vjel á meðan hún starfar, skal búa svo um, að það verði gert án hættu.

Gæta skal þess, að gólf, þrep eða pallar í námunda við vjelar og katla, þar sem unnið er eða gengið um, verði ekki hált vegna olíu eða annars.

Birta skal vera svo góð í vjelarúmi, sem menn vinna í, að allir hreyfilegir hlutar vjelarinnar, sem hætta getur stafað af, sjáist greinilega.

13. gr.

Heimilt skal atvinnumálaráðherra að gera vægari kröfur en lög þessi annars ákveða til eimkatla með lágþrýsting og eimkatla úr sjerstöku efni eða af sjerstakri gerð, svo fremi ákvæðum laga þessara verður ekki við komið án mikilla vandkvæða eða kostnaðar, en þó skal þess gætt, að öryggi þeirra sje jafnan fulltrygt. Eimkatlar með lágþrýsting, sem notaðir eru eingöngu til hitunar íbúðarhúsa, eru undanþegnir eftirliti samkvæmt þessum lögum.

14. gr.

Grafvjelar, fallhamrar og eimkatlar þeirra og aðrar slíkar vjelar á floti, sem ekki heyra undir ákvæði laga nr. 37 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, heyra undir ákvæði þessara laga.

b. Gæsla.

15. gr.

Sá einn hefir rjett til gæslu eftirlitsskyldra eimkatla, sem hefir vjelstjórapróf eða leggur fram vottorð frá nefnd þriggja manna, sem atvinnumálaráðherra til þess skipar, að hann hafi næga þekkingu á gæslu eimkatla, enda sje hann 18 ára og reglusamur.

Krefjast skal hins sama af þeim, sem gæta skal aflvjela, ef ráðherra, að fengnum tillögum skoðunarmanns, telur þess þörf.

16. gr.

Sá, sem hefir gæslu eimketils á hendi, má ekki, meðan eldur er undir katlinum, vera utan þess herbergis, sem ketillinn er í, þannig að það hindri hann frá gæslu ketilsins að staðaldri.

17. gr.

Hvert fyrirtæki, sem notar eftirlitsskylda vjel eða eimketil, skal hafa eftirlitsbók, gegnumdregna, tölusetta og löggilta af lögreglustjóra.

Í bókina skal rita greinilega og skipulega og blað má ekki rífa úr henni og eigi afmá eða gera ólæsilegt það, sem skrifað hefir verið. Ef leiðrjetta þarf, skal það gert í athugasemd.

Í bók þessa skal rita, hve margar klukkustundir ketill hefir verið notaður milli hreinsana, hvenær hreinsaður, skoðaður eða við hann gert, enn-

fremur um galla, sem fram kunna að koma við notkun hans, svo og hafi hann ekki verið notaður um skemri eða lengri tíma.

Að lokinni aðal- eða aukaskoðun á eimkatli eða vjel, skal um árangur skoðunarinnar rita í eftirlitsbókina ásamt athugasemd um hirðingu ketilsins eða vjelarinnar og fyrirskipanir skoðunarmanns um viðgerðir þær og endurbætur, sem hann telur nauðsynlegar, og skal hann jafnframt kveða á um frest til að koma þessu í lag, og undirskrifa gerðina.

c. Skoðun.

18. gr.

A. Um skoðun á katli skal beðið, sbr. 2. gr.:
   a) Áður en hann nýsmíðaður er tekinn til notkunar.
   b) Eftir aðalviðgerð, og
   c) eftir flutning. Þó eru farandkatlar undanskildir.

   Hver sem verður eigandi að farandkatli, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það skoðunarmanni. Eiganda ber og að tilkynna, hvar ketillinn sje, þegar skoðunarmaður æskir þess.

   Hafi hliðar eimketils við notkun, vegna vatnsleysis eða af öðrum ástæðum, orðið fyrir verulegri aflögun eða glóhitun, skal eigandi eða notandi hans þegar í stað tilkynna það skoðunarmanni, og má þá ekki nota ketilinn fyr en skoðun hefir farið fram og fengið er leyfi til þess.

   Aðalskoðun á katli fer fram:
   1) Í þeim tilvikum, sem getið er undir stafl. a—c, og
   2) fjórða hvert ár, miðað við síðustu aðalskoðun.

   Við aðalskoðun skal ketillinn vandlega skoðaður utan og innan og þess gætt, að ákvæðum 11. gr. um smíði og búnað sje fullnægt, og skal hann þrýstireyndur, æski skoðunarmaður þess.

   Aukaskoðun skal fara fram milli aðalskoðana svo oft sem ástæða þykir til.

B. Skoðun á vjelum skal fara fram áður en þær nýsmíðaðar eru teknar til notkunar, en að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra reglur eftir því sem þurfa þykir.

19. gr.

Eiganda eða notanda eimketils eða vjelar er skylt að láta skoðunarmanni í tje alla nauðsynlega aðstoð við skoðunina.

Nú sannast við skoðun eimketils, að sjerstök hætta stafi af notkun hans framvegis, og getur þá skoðunarmaður bannað hana, þar til yfirskoðun hefir farið fram, er votti, að ketillinn sje fulltryggur til notkunar. Ákvæði þessi gilda og um vjelar. Hjer umrætt bann má vera munnlegt, en innan þriggja daga skal það staðfest og rökstutt skriflega.

Nú verður gæslumaður áskynja, að galli sje á eimkatli eða vjel, og er honum þá skylt að tilkynna eiganda eða notanda, og verði ekki úr gallanum bætt, tilkynna það skoðunarmanni við næstu skoðun.

20. gr.

Eigandi eða notandi eimketils eða vjelar getur krafist yfirskoðunar á þeim. Yfirskoðun framkvæma 3 sjerfróðir menn, sem til þess eru skipaðir af lögreglustjóra.

Yfirskoðunarmenn skulu láta lögreglustjóra í tje skýrslu um skoðunina. Staðfesti yfirskoðunarmenn ekki hina fyrri skoðun í öllum greinum, skulu þeir skýra frá, hver atriði hennar þeir fallast á og hverjum þeir breyta.

Verði ágreiningur milli yfirskoðunarmanna, ræður afl atkvæða. Úrskurður yfirskoðunarmanna er fullnaðarúrskurður.

21. gr.

Skoðunarmönnum skal frjáls aðgangur að öllum rúmum, þar sem vjelar, eimkatlar og annað þeim tilheyrandi er, eða rúmum, sem eimi er veitt í.

Það er skylda skoðunarmanna að sjá um, að skoðanir þær, sem um getur í 18. gr., sjeu framkvæmdar svo fljótt sem verða má.

22. gr.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um smíði og búnað eimkatla og vjela og um gæslu þeirra, svo og hverjar vjelar sjeu eftirlitsskyldar og katlar og hvernig skoðun og eftirliti skuli hagað.

IV. kafli.

Ýmisleg ákvæði.

23. gr.

Eftirlit með verksmiðjum og vjelum er undir yfirumsjón atvinnumálaráðherra, er skipar svo marga skoðunarmenn, sem þurfa þykir; skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn og vera valinkunnir og óvilhallir menn og svo vel til starfans fallnir, sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir skuli inna starf sitt af hendi samviskusamlega.

Skoðunarmenn eiga rjett á þóknun fyrir starfa sinn samkvæmt gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur. Þóknunina greiði eigandi ketils eða vjelar, og má taka hana lögtaki. Þurfi skoðunarmaður að takast ferð á hendur vegna skoðunar, skal ferðakostnaður hans greiddur úr ríkissjóði.

Kostnað við yfirskoðun borgar beiðandi að öllu leyti.

24. gr.

Skoðunarmaður skal leita aðstoðar hjeraðslæknis þegar um heilbrigðisráðstafanir er að ræða. Svo getur skoðunarmaður og fengið sjer aðstoð sjerfræðinga um önnur atriði, sem liggja fyrir utan svið sjerþekkingar hans.

25. gr.

Ef slys, er veldur dauða eða verulegu áfalli, ber að höndum í verksmiðju, á verkstæði eða vinnustöð, eða við ketil eða vjel, sem lög þessi taka til, ber þeim, er þá stjórnar fyrirtækinu, tafarlaust að tilkynna það lögreglunni. Telji hún, að brot á fyrirmælum þessara laga, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, sje sök í slysinu, skal hún kveðja skoðunarmann til, er þá skal, að ósk Slysatryggingarinnar, gefa henni nákvæma skýrslu um atvik öll að atburðinum.

26. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, frá 20—2000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

27. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Ed. **413. Nefndarálit**

um frv. til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Með frv. þessu er farið fram á að leggja niður bæjarfógetaembættið og lögreglustjóraembættið í Reykjavík. Fá núverandi embættismenn þó báðir rjett til biðlauna í 5 ár, sem munu nema með dýrtíðaruppbót 9500 kr. fyrir hvorn. Jafnframt fer frv. fram á að stofna í þeirra stað 3 ný embætti, eftir brtt. meiri hlutans með 8000 kr. byrjunarlaunum og 9000 kr. lokalaunum, auk dýrtíðaruppbótar, eða alls 9500 kr. árlega. Launabyrði ríkissjóðs af núverandi embættum er sem stendur 13800 kr., en mundi eftir frv. með brtt. meiri hluta hækka næstu 5 árin upp í 47500 kr. Aukningin er 33700 kr. Að þessum 5 árum liðnum koma eftirlaun í stað biðlauna hjá núverandi embættismönnum, og mundi mismunurinn við það minka um 3400 kr. með núverandi dýrtíðaruppbót.

Gert er ráð fyrir, að aukatekjur og innheimtulaun, sem embættismennirnir njóta nú, renni að einhverju leyti í ríkissjóð. Þessar aukatekjur nema nú ekki helmingi þeirrar upphæðar, sem nefnd er í athugasemdunum við frv., og ýms af þeim innheimtulaunum, sem nú eru greidd, virðist óhjákvæmilegt að greiða áfram, meðal annars vegna hinnar miklu ábyrgðar, sem sumum innheimtum fylgir (uppboðsskuldir), og svo vegna hinnar miklu peningaábyrgðar yfirleitt, sem nú

fylgir einkum embætti lögreglustjóra, sem innheimtir árlega um 6 milj. kr., að miklu leyti í smáupphæðum. Tel jeg því víst, að breytingin yrði í heild til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð að því er snertir kostnaðinn við embættin beinlínis.

En þar að auki tel jeg, að sundurgreining lögreglustjórnar og tollstjórnar muni hafa stórum aukið mannahald í för með sjer, þar sem lögreglan er þá ekki lengur tiltæk til neinna þeirra starfa, er snerta tollgæslu. Mundi því þurfa að fjölga tollþjónum mjög.

Af þessum ástæðum, sem nánari grein verður gerð fyrir í framsögu, legg jeg til, að frv. verði felt.

Alþingi, 7. mars 1928.

Jón Þorláksson.

Nd. **414. Frumvarp**

til laga um stofnun síldarbræðslustöðva á Norðurlandi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og starfrækja, eða láta starfrækja, síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi og annarsstaðar, þar sem hentast þykir.

2. gr.

Nú verður síldarbræðslustöð gerð á kostnað ríkissjóðs, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samlagi eða samvinnufjelagi síldveiðimanna, ef slíkur fjelagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar.

3. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. greinar, er ríkisstjórninni heimilt að taka lán, alt að 1 miljón króna, er greiðist af tekjum stofnananna á næstu 25 árum.

4. gr.

Rekstri stofnananna skal hagað eftir reglugerð, er stjórnarráðið setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **415. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 2. málslið 1. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir, svo hljóðandi: Þó skal veiðitíminn ávalt vera hinn sami fyrir alla laxveiði, hvort sem er um net eða aðrar veiðivjelar, ádrátt eða stangarveiði að ræða. Veiðitíminn skal aldrei byrja fyr en 1. júní.

Í stað orðanna í 3. málslið sömu greinar »36 stundir á viku . . . . . á mánudögum« komi: 60 stundir á viku hverri, eða frá kl. 6 e. h. á föstudögum til kl. 6 f. h. á mánudögum.

Aftan við sama málslið komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Þessi ákvæði ná þó eigi til stangaveiði.

2. gr.

a. Aftan við 1. málsgr. 2. greinar laganna bætist: Um á, er rennur í kvíslum, gildir hið sama.

b. Aðra málsgr. 2. gr. laganna skal orða svo:

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að ávalt sje 100 metra bil eftir endilangri ánni milli veiðivjela.

3. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Eigi má leggja net eða veiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvatni eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð, og þar sem á fellur í sjó, eigi nær ósamynnum en í 200 metra fjarlægð. Ádráttarveiði má viðhafa í ám; þó má ekki draga á nema á tímanum frá dagmálum til náttmála og ekki þann tíma, er lax er friðaður í viku hverri. Svo má og eigi draga á nær ósamynnum en í 250 metra fjarlægð. Heimilt er að veiða lax með stöng, en eigi með sting eða krók og eigi með skoti eða sprengingu. Til visindalegra þarfa og til laxaklaks má veiða lax á hverjum tíma árs sem er.

4. gr.

Í stað »9 þumlungar« á tveim stöðum í 5. gr. laganna komi: 23,5 cm. Í stað »1½ þumlungur« í niðurlagi greinarinnar komi: 4 cm.

5. gr.

Í stað orðanna »alt að 100 kr. sekt« í fyrri málsgr. 8. gr. laganna komi: sektum, 300—1000 kr.

6. gr.

Í stað »amtmaður« í 7. gr. laganna komi: atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

7. gr.

Á eftir orðinu »fógeti« í fyrri málsgr. 8. gr. laganna komi: eða hreppstjóri.

8. gr.

Í stað »amtmaður« í 9. gr. laganna komi: atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

9. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er sýslunefnd að banna kistuveiði í ám, að viðlögðum sömu sektum og viðurlögum sem segir í 8. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa texta þeirra inn í meginmál laga nr. 5, 19. febr. 1886, og gefa þau út svo breytt.

Nd. **416. Tillaga**

til þingsályktunar um að fella niður útflutningsgjald af síld, er seld var til Rússlands 1927.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta niður falla innheimtu á útflutningsgjaldi af síld þeirri, sem seld var til Rússlands haustið 1927.

Ed. **417. Viðaukatillaga**

við brtt. á þskj. 411 [*Vörutollur*].

Frá Jóni Baldvinssyni og Erlingi Friðjónssyni.

Aftan við brtt. komi:

c. Orðin »ennfremur kornvörur« í síðustu málsgr. falli niður.

Ed. **418. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Við 1. gr. 2. Orðin »nema síldartunnum og kjöttunnum og tilsniðnu efni í þær« falli niður.

Við 1. gr. 4. Í stað stafliðanna a., b. og c. komi:

a. Af salti 1 kr. af hverri smálest.
b. Af kolum 3 kr. af hverri smálest.
c. Af steinolíu 15 aurar af hverjum 50 kg.

Orðin í næstsíðustu málsgr. 1. gr.: »síldartunnur, kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðaefni« falli niður.

2. gr.

Lög nr. 50, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Nd. **419. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tilbúinn áburð (þskj. 260).

Frá Halldóri Stefánssyni.

2. gr. frumv. orðist svo:

Á meðan ríkisstjórnin annast útvegun tilbúins áburðar samkvæmt lögum þessum, skal hún semja þannig um flutning áburðarins frá útlöndum, að hann sje fluttur með framhaldsflutningi og framhaldsfargjaldi til allra hafna hjer á landi, sem sigling er á með millilandaskipum, strandferðaskipum og flóabátum, sem styrks njóta af opinberu fje.

Heimilt er stjórninni að greiða úr ríkissjóði kostnað við frekari dreifingu áburðarins hafna á milli, og sömuleiðis að einhverju leyti landflutning frá sjó upp um sveitir, eftir nánari ákvæðum, sem sett verða með reglugerð.

Ed. **420. Nefndarálit**

um frumv. til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 7. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. | Jón Baldvinsson, fundaskr., með fyrirvara. | Jón Þorláksson.
Björn Kristjánsson. | Einar Árnason.

Nd. **421. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 75, 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta frumvarp. Leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði felt. Teljum vjer yfirleitt, að síst sje ástæða til þess að íþyngja samgöngum hjer með sköttum, þar sem ferðalög hjer á landi eru óvenjulega erfið og dýr, en hinsvegar mjög nauðsynleg vegna atvinnu manna.

Alþingi, 7. mars 1928.

Sig. Eggerz, frsm. | Hjeðinn Valdimarsson. | Ólafur Thors.

Nd. **422. Frumvarp**

til laga um opinberan styrk til verkamannabústaða.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessara laga styrkir ríkissjóður, með fjárframlagi og með ábyrgðum fyrir lánum, kaupstaði landsins til að koma upp húsnæði fyrir verkamenn sína.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram $^1/_{10}$ hluta kostnaðar sem styrk til íbúðarhúsabygginga með þessum skilyrðum:

a. að bæjarfjelagið komi upp byggingunum.
b. að húsin sjeu sambyggingar, gerðar úr varanlegu efni, með aðallega tveggja herbergja íbúðum auk eldhúss, með venjulegum nútímaþægindum og sjerstökum bletti handa hverri íbúð, en að öðru leyti sje fyrirkomulag bygginganna samþykt af atvinnumálaráðuneytinu.
c. að íbúðirnar sjeu falar verkafólki til kaups fyrir það verð, sem þær kosta uppkomnar, álagningarlaust, að frádregnum ríkissjóðsstyrknum, gegn 20% útborgun, en eftirstöðvar kaupverðsins hvíli á eigninni með 1. veðrjetti og ávaxtist með 5% vöxtum, og endurgreiðist lánið með jöfnum greiðslum — þar í taldir vextir — á 42 árum.
d. að byggingarnar sjeu reistar á leigulóðum, sem kaupstaðirnir eiga, og sje ársleigan metin á 5 ára fresti.

3. gr.

Fje það, sem bæjarfjelagið tekur til láns til þess að standa straum af kostnaðinum við byggingarnar, ábyrgist ríkissjóður.

4. gr.

Bæjarfjelag það, sem kemur upp verkamannabústöðum á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir, skal koma á fót byggingarsjóði, er myndaður sje á þennan hátt:

1. Bæjarfjelagið leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til 2 króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins.
2. Í sjóðinn rennur andvirði seldra íbúða, vextir og afborganir, sem og leiga fyrir þær íbúðir, er bæjarfjelagið hefir ekki enn selt.

5. gr.

Úr byggingarsjóði greiðist afborgun og vextir af láni því, er bæjarfjelagið hefir tekið til að koma byggingunum upp, svo og einnig til að koma upp nýjum íbúðum, eftir því sem fjárhagur leyfir.

6. gr.

Íbúðir í byggingum þessum má sá, er keypt hefir, ekki selja nema bæjarfjelagið hafi áður hafnað forkaupsrjetti, og ekki framleigja nema með leyfi bæjarstjórnar. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati. Sje um framleigu að ræða, ákveður bæjarstjórn, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

7. gr.

Um viðhald húsanna hefir bærinn eftirlit, og skulu um það settar sjerstakar reglur í reglugerð, sem staðfest er af atvinnumálaráðuneytinu. Kostnaður við viðhald húsanna hið ytra skal lagður á bygginguna í heild, en síðan

jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni. Viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera, en um sameiginleg tæki innanhúss, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því sem segir í reglugerð.

8. gr.

Nú ganga menn í fjelag til að koma upp slíkum byggingum, sem ræðir um í 2. gr. b., og leggja fram að minsta kosti 20% af kostnaðarverði, og veitist þá úr ríkissjóði sem styrkur 10% kostnaðar, og ábyrgist hann þá og lán það, er þarf til bygginganna, enda sje bæjarfjelagið lántakandinn og veiti lánið byggingarfjelaginu gegn 1. veðrjetti í byggingunum.

9. gr.

Um byggingar þær, sem um ræðir í 8. gr., gilda að öðru leyti öll ákvæði 2., 4., 5., 6. og 7. gr., eftir því sem við getur átt.

Ársreikningar byggingarfjelagsins skulu ætíð lagðir fyrir bæjarstjórn til athugunar, og getur hún krafist allra skýrslna um hag og rekstur fjelagsins svo lengi sem nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefir verið til bygginganna. Sama rjett sem bæjarstjórnin hefir og landsstjórnin, svo fremi ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir láni.

Greinargerð.

Eitt hið mesta verkefni núlifandi kynslóðar er að koma upp hollum og vönduðum húsakynnum yfir íslensku þjóðina, í stað kaldra og óhollra bústaða þeirra, sem hún hefir lifað í á undanförnum öldum. Víða um land hafa reistar verið traustar og sólríkar byggingar á síðasta mannsaldri, en næstum eingöngu þó handa efnafólki til lands og sjávar. Alþýðan í sveitunum býr enn í ljelegum húsakynnum, og hefir verið viðurkent af Alþingi, að brýna nauðsyn beri til að bæta úr því, með frumvarpi því um Byggingar- og landnámssjóð, sem allir flokkar virðast nú vera sammála um að samþykkja á þessu þingi. Er þar farin sú leið, að ríkið styðji nýbyggingar til sveita með lánum og hagkvæmum vaxtakjörum. En alþýðan í bæjunum býr engu síður í ljelegum húsakynnum heldur en til sveita, sjerstaklega þó í Reykjavík. Kjallarakompurnar þar og köld og rakasöm loftherbergi stytta æfi verkalýðsins, auka barnadauðann og eru gróðrarstía fyrir berklaveiki og aðra næma sjúkdóma. Hin mikla fólksfjölgun í bæjunum hefir orðið þess valdandi, að mikil þrengsli eru í íbúðum fátæka fólksins í ýmsum af bæjunum, þó sjerstaklega í Reykjavík. Þar sem varla má búast við því, að íbúar bæjanna streymi á næstu árum þaðan aftur til sveitanna, enda þótt fólksstraumurinn til bæjanna gæti stöðvast, þá eru ekki önnur ráð fyrir hendi en að bæirnir fái vistlega bústaði fyrir íbúa sína, engu síður en sveitirnar. En enda þótt efnaða fólkið í bæjunum geti sjeð sjálfu sjer fyrir nægu og góðu húsnæði, getur verkalýðurinn það ekki, nema því aðeins, að hið opinbera hlaupi undir bagga, eins og ætlast er til, að gert verði til sveita með Byggingar- og landnámssjóðnum. Þess vegna er frumvarp þetta fram komið.

Samkvæmt frumvarpi þessu styrkir ríkissjóður kaupstaði til þess að

koma upp verkamannabústöðum með því að leggja fram 1/10 hluta byggingarkostnaðar, er sje varið til að lækka verð húsanna, og jafnframt ábyrgist ríkissjóður fyrir bæjarfjelögin lán, sem þau taka í þessu skyni. Gert er ráð fyrir, að sambygt sje og aðallega 2 herbergja íbúðir ásamt eldhúsi og nútíma þægindum, en minni kröfur má ekki gera til íbúðar verkamanns, sem fjölskyldu hefir. — Íbúðirnar sjeu síðan seldar verkafólki fyrir það verð, sem þær kosta upp komnar, gegn því, að það leggi þegar fram fimtung kaupverðsins, en fái eftirstöðvarnar að láni með samskonar kjörum og bændur fá til bygginga úr Byggingar- og landnámssjóði, þ. e. a. s. með 5% á ári og afborgunum á 42 árum. Ríkið hjálpar þannig til að gera íbúðir þessar ódýrar með nokkru framlagi í byrjun og ábyrgð á láni bæjarsjóðs. En kaupstaðirnir ljetti síðan undir með byggingunum með því að leigja lóðir undir þær með vægu verði, útvega lán til byggingana og greiða árlega til slíkra bygginga töluvert gjald, er gangi til þess, að hægt sje að halda vaxtakjörunum lágum, og annars til aukningar slíkra bygginga. Sje í þessu skyni haður sjerstakur byggingarsjóður í hverjum kaupstað, og gangi til hans árgjaldið úr bæjarsjóði og tekjur af húsasölu eða leigu, en úr honum sjeu greidd öll gjöld viðvíkjandi þessum byggingum.

Ákvæði eru og sett um viðhald á þessum byggingum, sem nauðsynleg eru vegna þess, að ætlast er til, að sjerstakar íbúðir skuli seldar og húsin sjeu sambygð, svo að margir eigendur koma þar til að hafa sameiginlega hagsmuni af góðu viðhaldi.

Þar sem hið opinbera styrkir þessar byggingar allríflega, verður að sjá um, að þær verði framvegis einnig ódýrar fyrir notendur, en fyrirbygt sje, að kaupendur afli sjer söluhagnaðar af styrk hins opinbera. Eru því sett ákvæði um forkaupsrjett kaupstaðarins og að ekki megi selja íbúðirnar nje leigja fyrir meira en sannvirði.

Loks er gert ráð fyrir því, að svipuð hlunnindi sje hægt að veita byggingarfjelögum gegn ábyrgð bæjarsjóðs, þar sem sumstaðar kynni það að þykja heppilegra en að kaupstaðurinn sjálfur annaðist slíkar byggingar.

Með slíkum lögum mundi vera hægt smámsaman að útrýma myrkra- og saggaíbúðum þeim, sem mikill hluti verkalýðsins býr nú í, og gefa honum í þeirra stað kost á að kaupa smámsaman íbúðir sínar og búa við hóflega leigu. Mundi slík löggjöf vera stærsta sporið til að lækka hina sjerstöku dýrtíð bæjanna, og þó fyrst og fremst Reykjavíkur, eins og sakir standa. Kostnaður hins opinbera við lögin mundi verða lítill í samanburði við bættan hag verkalýðsins, sem af þeim mundi leiða.

Nd. 423. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn lítur svo á, að samkvæmt gildandi lögum sje tekju- og

eignarskatturinn svo hár, að með öllu sje ótækt að hækka skattstigann, og leggur því til, að frumvarpið verði felt.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 7. mars 1928.

Ólafur Thors, frsm. Sig. Eggerz.

Nd. **424. Breytingartillögur**

við frv. til laga um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Frá Sigurði Eggerz.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, er verður 1. gr. og hljóðar svo:

Líflátshegning er úr lögum numin. Hvarvetna þar í lögum, er glæpur varðar lífláti, komi í þess stað tyftunarhúsvinna æfilangt.

Greinatalan í I. kafla breytist samkvæmt þessu.

2. Fyrirsögnin að II. kafla hljóði svo: Um landráð og ýms afbrot.
3. Á undan 4. gr., er verður 6. gr., kemur ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:

72. grein hinna almennu hegningarlaga skal hljóða þannig:

Veki maður uppreisn eða geri samsæri í þeim tilgangi að koma hinu íslenska ríki eða nokkrum hluta þess undir yfirráð annara, þá varðar það tyftunarhúsvinnu æfilangt.

Hver, sem annars vísvitandi stofnar frelsi ríkisins eða ævarandi hlutleysi í hættu, eða tekur þátt í þvílíkri uppreisn, sem greinir í 1. málsgrein, skal sæta hegningarvinnu, ekki skemur en 2 ár. Sje um gálauslegt athæfi að ræða, varðar það fangelsi eða hegningarvinnu alt að 3 árum.

Greinatalan í II. kafla breytist samkvæmt þessu.

4. Í stað »4. eða 5. gr.« í 6. gr., er verður 8. gr., komi: 6. eða 7. gr.
5. Í stað »7. eða 8. gr.« í 9. gr., er verður 11. gr., komi: 9. eða 10. gr.
6. Á eftir 12. gr., sem verður 14. gr., kemur nýr kafli, er verður III. kafli: Um nokkrar breytingar á orðalagi almennra hegningarlaga. Í þeim kafla verður 15. gr. svo hljóðandi:

Í stað orðanna »danska«, »dansks«, »danskur«, »danskra« í 5., 62., 73., 74., 76., 266. og 268. gr. almennra hegningarlaga komi: íslenska, íslensks, íslenskur, íslenskra.

7. III. kafli verður IV. kafli og í 13. gr., sem verður 16. gr., komi í stað »1. og 2. greinar«: 2. og 3. greinar.
8. 14. gr. verður 17. gr. og komi þar í stað »3.—6. gr.«: 1. og 4.—8. gr., og í stað »7.—12. gr.« komi: 9.—14. gr.

Nd. **425. Nefndarálit**

um frv. til laga um Byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefir, svo sem kunnugt er, fengið allrækilegan undirbúning á undanfarandi þingum, í milliþinganefnd og hjá hæstv. landsstjórn. Auk þess hefir nú hv. efri deild afgreitt frv. og sent það neðri deild, án þess að hafa gert á því neinar verulegar breytingar. Nefndin telur, að undirbúningur máls þessa hafi verið svo mikill, að vafasamt megi telja, hvort breytingar á frv. þessu, að því óreyndu, sjeu til bóta.

Hinsvegar er nefndinni það ljóst, að í flestum þýðingarmiklum lögum og lagafyrirmælum orkar ætíð nokkuð tvímælis, hvað þar eigi að standa eða ekki, og svo var það einnig um frv. þetta, þegar það kom til álits og umræðu í nefndinni. En við nánari athugun, og þá sjerstaklega með það fyrir augum, að starfstími þingsins styttist nú óðum, og gætu því breytingar á frv. nú hæglega orðið þess valdandi, að þetta mjög svo mikils varðandi málefni næði ekki fram að ganga á þessu þingi.

Nefndin vill því forðast að gefa tilefni til þessa með breytingum á frv. og ræður háttv. deild til að samþykkja það óbreytt eins og háttv. efri deild gekk frá því.

Alþingi, 7. mars 1928.

Lárus Helgason, form. Jón Ólafsson, fundaskr. og frsm. Jörundur Brynjólfsson.

Einar Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Ed. **426. Álit**

um frv. til laga um að stofna nýbýli.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um frv. Telur meiri hlutinn ekki rjett að afgreiða málið, þar sem því hafi í fyrra verið vísað til milliþinganefndar í landbúnaðarmálum og sú nefnd hafi enn ekkert látið uppi um frumvarpið.

Landbúnaðarnefndin sendi frv. til Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra til umsagnar, og telur hann grundvallarstefnu frv. rjetta og mælir með því, að það komi til framkvæmda.

Minni hluti landbúnaðarnefndar vill láta frv. ganga fram. Og þótt gera megi einhverjar breytingar á frv. í þá átt, er kemur fram í umsögn búnaðarmála-

stjóra, þá þykir minni hlutanum rjett að bíða með þær breytingartillögur, þar til sjeð verða afdrif frv. við 2. umr.

Brjef Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra er prentað aftan við álit þetta.

Alþingi, 8. mars 1928.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari og framsögum. minni hl.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

LÆKJARGÖTU 14 — REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. febr. 1928.

Hin háa landbúnaðarnefnd Efrideildar Alþingis hefir með bréfi dags. 23. þ. m. óskað umsagnar minnar um »frumvarp til laga um stofnun nýbýla«. Álit mitt er á þessa leið:

Sú grundvallarstefna sem kemur fram í frumvarpi þessu hygg ég vera rétta. Hér er ætlast til að tilraun verði gerð með að reisa og rækta nýbýli á óræktuðu landi. Sameiginlega á að gera áætlun um framræslu og framkvæmdir — um skurðagröft og jarðvinslu. Á þennan hátt getur vinna þessi orðið alt að helmingi ódýrari, ef rétt er á haldið, en ef hver ætti að sjá um framkvæmdirnar út af fyrir sig. Auk þess að með þessu lagi vinst reynsla um stærri ræktunarframkvæmdir, sem getur orðið mikils virði.

Ákvæðið um að stofna skuli til samkeppni um uppdrætti af byggingum á nýbýlum álít ég mjög þýðingarmikið. Fyrirkomulag og byggingar á sveitabæjum er enn mjög á reiki, og væri því mikilsvert, einkum þar eð nú lítur út fyrir að menn til sveita eigi að fá meiri stuðning en verið hefir til bygginga, að þetta mál yrði rannsakað sem best áður en til framkvæmda kemur, svo full not yrðu að því fé, sem þannig yrði veitt.

Að byggja nýbýli í hverfum hefir marga kosti. Ræktunin verður ódýrari, eins og áður hefir verið bent á. Húsabyggingar sömuleiðis, ef mörg hús eru bygð í einu af sömu gerð. Það er léttara með vegi, rafvirkjun, vatnsleiðslu, skóla o. fl.

Að öllu þessu athuguðu verðum vér að álíta, að stefna frumvarpsins sé bygð á heilbrigðum grundvelli, sem sé þess verð að til framkvæmda komi. Hinsvegar gæti komið til mála að breyta einstökum ákvæðum frumvarpsins og skulum vér þar sérstaklega benda á:

Í 1. gr. frumvarpsins er ætlast til að til þessara nýbýla verði stofnað aðeins í Ölfushreppi í Árnessýslu og í Holtahreppi í Rangárvallasýslu. Oss þykir ekki rétt að einskorða nýbýlin við þessar sveitir, víða munu lík skilyrði. Í Flóa og á Skeiðum á ríkissjóður miklar jarðeignir, og ætlast er til að allmikið land verði þar látið upp í áveitukostnað. Hér gæti því einnig verið ástæða til að hugsa um nýbýli. Nýbýlastofnun þessi verður að byrja þar sem skilyrði eru best.

Í lög þessi hyggjum vér að rétt væri að setja þá heimild, að leigjendum væri gefinn kostur á að kaupa nýbýlin með góðum borgunarskilmálum, ef til vill eitthvað líkum þeim sem nú tíðkast um þjóðjarðir, þær sem seldar eru.

Að svo komnu máli sé ég eigi ástæðu til að orðlengja um þetta meira.

Virðingarfyllst

S. Sigurðsson.

Til landbúnaðarnefndar Efrideildar Alþingis.

Ed. **427. Nefndarálit**

um frv. til laga um að stofna nýbýli.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Meiri hlutinn leggur til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem milliþinganefndin í landbúnaðarmálum, er samhljóða frumvarpi var vísað til á síðasta þingi, hefir enn ekki lokið störfum sínum, telur deildin ekki rjett að samþykkja nú þetta frumvarp, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. mars 1928.

Einar Árnason, form. og frsm. meiri hl.

Jónas Kristjánsson.

Ed. **428. Lög**

um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

(Afgreidd frá Ed. 8. mars).

1. gr.

Orðin »og má enginn vera í fleiri nefndum en tveimur« í 2. málsgr. 16. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sameinað þing skal í byrjun hvers þings kjósa fastanefnd, er nefnist

utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum. Skal til hennar vísað öllum utanríkismálum og þeim öðrum málum, sem sameinað þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðaneytið ávalt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði um stundarsakir.

Í fyrsta sinn skal utanríkismálanefnd kosin þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.

Nd. **429. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. gr. Á undan »6 ára« í annari málsgr. komi: alt að.

Ed. **430. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 62, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Bæjarstjórn stýrir málefnum kaupstaðarins. Í henni eru kjörnir fulltrúar og bæjarfógeti; hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum.

Samþykki meiri hluti kjósenda með leynilegri atkvæðagreiðslu, skal í stað bæjarfógeta kosinn bæjarstjóri til alt að 6 ára í senn, á sama hátt og bæjarfulltrúar. Hann skal launaður af bæjarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Nd. **431. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur það óviðurkvæmilegt að hafa ekki að minsta kosti einn lögskipaðan sendimann erlendis fyrir ríkisins hönd, hvort sem litið er á málið frá sjálfstæðis- eða hagfræðisjónarmiði, og telur óbyggilegt að hringla með skipun slíks sendimanns í löggjöf.

Nefndin telur því fje vel varið, sem ríkið ver til eflingar þekkingu á landinu og viðgangs verslun þess og viðskiftum við erlendar þjóðir. Nánar í framsögu.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði felt.

Alþingi, 7. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Magnús Guðmundsson.	Hákon J. Kristófersson.

Nd. **432. Nefndarálit**

um frumv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin telur, að þetta mál geti haft mikla þýðingu fyrir laxveiðihlunnindi manna eystra, ef það nær fram að ganga, og vill fyrir sitt leyti mæla með framgangi þess. Þar sem fyrirsjáanlega verður mikill kostnaður við útrýmingu selsins, þykir nefndinni rjettmætt, að ljett verði undir með þeim, er bætur eiga að greiða fyrir afnám selalátranna, en miklar líkur benda á það, að þesskonar bætur þurfi ekki að greiða nema stutta stund og verði altaf fremur lítil upphæð, sem til þess fer. Frumv. gerir ráð fyrir, að þessar bætur hverfi, þegar laxveiði á þessum jörðum eykst, og getur vart hjá því farið, að það verði bráðlega. Nefndinni þykir þó tryggilegar frá frumv. gengið með því að breyta frumv. eins og hún leggur til, og mælir því með samþykt þess með svo feldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Fyrir »Ölfusá« í öðrum málslið komi: Ölfusá (Hvítá) og ám þeim, er í hana renna.

b. Á eftir sama málslið komi nýr málsliður: Minni ársveiði en 50 laxar koma þó ekki til greina í þessu efni.

2. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 6. mars 1928.

Lárus Helgason, form. Jörundur Brynjólfsson, frsm. Jón Ólafsson, fundaskr.
Bernharð Stefánsson, með fyrirvara. Einar Jónsson.

Ed. **433. Frumvarp**

til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Varðskip landsins skulu eiga heima í Reykjavík. Skipverjar allir eru sýslunarmenn landsins. Þeir skulu vera slysatryggðir á kostnað landssjóðs, eftir sömu reglum og gilda um slysatryggingu hjá Eimskipafjelagi Íslands.

2. gr.

Skipstjórar varðskipanna og stýrimenn eru löggæslumenn Íslands á landhelgissvæðinu og þeim hafhlutum, er með lögum kunna að verða sjerstaklega friðaðir móti togaraveiðum.

3. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að gera starfssamning til 6 ára í senn við skipstjóra, stýrimenn og vjelstjóra á varðskipunum. Skal samningur þessi vera gagnkvæmt bindandi fyrir báða aðilja alt hið umsamda árabil, nema báðir málspartar samþykki breytingu. Dómsmálaráðherra getur þó vikið mönnum þessum úr starfi áður en samningstíminn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti. Þó er slíkur brottrekstur ekki lögmætur, nema meiri hluti sjávarútvegsnefnda í báðum deildum Alþingis samþykki á sameiginlegum fundi brottvísun á næsta þingi eftir að afsetningin fór fram.

4. gr.

Vjelameistari ræður kyndara, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins, þá, sem ekki eru tilnefndir í 3. gr., nema sjerstaklega verði mælt öðruvísi fyrir í lögum. Um þá starfssamninga, er vjelameistari og skipstjóri gera, gildir þriggja mánaða uppsagnarfrestur fyrir báða málsaðilja.

5. gr.

Skipstjóri getur vikið þeim skipverjum, er um ræðir í 4. gr., fyrirvaralaust frá starfi, ef honum þykir ástæða til, en greiða skal þeim umsamið kaup, eins og um uppsögn væri að ræða.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð um skyldur og störf skipverja á varðskipunum. Þátttaka í verkfalli varðar skipverja ábyrgð eftir lögum nr. 33 1915.

7. gr.

Skipstjórum og stýrimönnum á varðskipunum skal skylt að kenna stýrimannaefnum, er vinna á varðskipunum, sjómensku bæði fræðilega og verklega, eftir því sem nánar kann að verða tiltekið í reglugerð.

8. gr.

Skipstjóri á varðskipi skal hafa að byrjunarlaunum 5800 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 400 krónur, upp í 7000 kr. á ári.

Yfirstýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3600 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 300 kr., upp í 4500 kr. á ári.

Annar stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár, upp í 3600 kr. á ári.

Þriðji stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2800 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár, upp í 3200 krónur á ári.

Á varðskipi með 700 hestafla vjel eða stærri skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:

Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 5600 kr. á ári.

Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 4400 kr. á ári.

Þriðji vjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 3600 kr. á ári.

Á varðskipi, sem hefir minni vjel en 700 hestöfl, skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:

Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, er hækka árlega um 100 kr., upp í 5000 kr. á ári.

Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, er hækka árlega um 100 kr., upp í 3800 kr. á ári.

Starfsmenn þessir njóta allir dýrtíðaruppbótar á launin eftir sömu reglum sem gilda fyrir starfsmenn ríkisins.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41 1927 og lög nr. 51 1927, svo og önnur eldri lög og fyrirmæli, er kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **434. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þskj. 377 [Nikulásarker].

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

1. Við 2. Í stað 2. og 3. málsgr. í brtt. komi:
   Laxveiðifjelag Norðurár greiðir bæturnar, en sýslumaður innheimtir á manntalsþingi.
2. Við 4. Á eftir »öðlast þegar gildi« komi: en koma þó ekki til framkvæmda fyr en laxveiðafjelagið er löglega stofnað, enda svo ákveðið í lögum þess, að fjelagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn að standa skil á bótunum.

Nd. **435. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1929.

I. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 12. gr. 9. Nýr liður:
Til nuddlækningastofu Jóns Kristjánssonar 2000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 12. gr. 11. B. 2 (Starfsmannatala við Laugarnesspítala).
Fyrir »55« kemur: 48.

III. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
1. Við 12. gr. 15. d. (Sjúkrahús og sjúkraskýli).
   a. Fyrir »18000« kemur 25000
   b. Aftan við liðinn kemur athugasemd:
   Þar af 10000 kr. til Vestmannaeyjakaupstaðar, upp í framlag hans til sjúkrahúss Vestmannaeyja.
2. Við 12. gr. 15. m. Nýr liður:
   Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi ... 4000

IV. Frá *Benedikt Sveinssyni* og *Sigurði Eggerz.*
Við 12. gr. 15. p. Nýr liður:
Til Helga safnahússvarðar Árnasonar, styrkur upp í kostnað við lækningaferð til útlanda 500

V. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 12. gr. 15. p. Nýr liður:
Til Unnar Ólafsdóttur, til að leita sjer bóta erlendis á skemdum í andliti... 2000

VI. Frá *Benedikt Sveinssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Hjeðni Valdimarssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 12. gr. 15. p. Nýr liður:
Til Unnar Vilhjálmsdóttur frá Heiði, til lækninga erlendis 1500
Til vara 1000

VII. Frá *Ólafi Thors.*
Við 13. gr. B. II. a. 1. (Kjalarnesvegur).
Fyrir »10000« kemur ... ...:. ... 20000

VIII. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 13. gr. B. II. a. 2. Nýr liður:
Vesturlandsvegur [frá Dalsmynni að Fellsenda] 10000
Til vara 8000

IX. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 13. gr. B. III. (Brúargerðir):
Fyrir »100000« kemur 200000
2. Við 13. gr. B. V. (Fjallvegir):
Fyrir »20000« kemur 25000

X. Frá *Gunnari Sigurðssyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 13. gr. B. VII. 1. (Akfærir sýsluvegir):
Fyrir »35000« kemur... 50000
Til vara 45000

XI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. B. VII. 1. (Akfærir sýsluvegir):
Fyrir »35000« kemur 40000

XII. Frá *Einari Jónssyni, Magnúsi Guðmundssyni, Gunnari Sigurðssyni* og *Jóni Ólafssyni.*
Við 13. gr. B. VII. 2. Nýr liður:
Til Fjallabaksvegar í Rangárvallasýslu 12000

XIII Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. B. VII. Nýr rómv. liður:
Til vegar um sandgræðslusvæðið í Bolungavík, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, alt að 2000

XIV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 13. gr. B. IX. (Ferja á Hrosshyl):
Fyrir »150« kemur... 250

XV. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 13. gr. B. XI. Nýr liður:
Til Ólafs Sveinssonar vitavarðar, til þess að fullgera akveg að Reykjanesvita 800

XVI. Frá *Jóni Ólafssyni, Jörundi Brynjólfssyni* og *Benedikt Sveinssyni.*
Við 13. gr. B. XI Nýr liður:
Byggingarstyrkur til Páls Stefánssonar, Ásólfsstöðum, til að reisa gistihús 4000

XVII. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. C. 2 (Bátaferðir).
Fyrir »100000« kemur 106750

XVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. E. IV. Nýr liður:
Til að reisa nýja vita... 60000

XIX. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
1. Við brtt. XX. (Nýjar símalagningar).
Fyrir »300000« kemur 332000
2. Við 13. gr. D. II. (Nýjar símalagningar).
Á eftir »hlutaðeigandi hjeruð« kemur: Þar af 32000 kr. til símalínu frá Ögri um Æðey til Sandeyrar á Snæfjallaströnd.

XX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. D. II. (Nýjar símalagningar).
Fyrir »150000« kemur 300000

XXI. Frá *sjávarútvegsnefnd.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Árna Friðrikssonar, til að fullnuma sig í dýrafræði í Kaupmannahöfn 1500

XXII. Frá *Pjetri Ottesen.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Bjarna Sigurðssonar, til náms í húsgerðarlist ... 1200

XXIII Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Gísla Guðmundssonar, til að nema rafmagnsfræði í Þýskalandi 1200

XXIV. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Hólmfreðs Franzsonar, til eðlisfræðináms við háskólann í Hamborg 1200

XXV. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Jóhanns Sveinssonar, til háskólanáms í uppeldisfræðum 1200

XXVI. Frá *Benedikt Sveinssyni, Gunnari Sigurðssyni* og *Ólafi Thors.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Leifs Ásgeirssonar, til stærðfræði- og landmælinganáms í Göttingen, viðbótarstyrkur 600

XXVII. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Odds Guðjónssonar, til hagfræðináms við háskólann í Kiel 1200

XXVIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Magnúsi Jónssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Sigurði Eggerz.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Magnúsar Jónssonar, til háskólanáms 1000

XXIX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýir liðir:
a. Til Markúsar Kristjánssonar, til háskólanáms 1200
b. Til Valgarðs Thoroddsens, til háskólanáms 1000

XXX. Frá *Hjeðni Valdimarssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. VII. Athugasemdin skal orðuð þannig:
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, 10 krónur á mánuði fyrir hvern innanbæjarnemanda. Hafi framfærslumaður fleiri en einn nemanda í þeim skólum, greiðist 5 kr. skólagjald á mánuði fyrir annan, en ekkert skólagjald fyrir þá, sem eru þar fram yfir.

XXXI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. XIV. 2 (Unglingaskólar):
Fyrir »45000« kemur 47000

XXXII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 3. Nýr liður:
Til Sigurðar Greipssonar, Haukadal, byggingarstyrkur til íþróttaskóla hans 3000
Til vara 2500

XXXIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pjetri Ottesen.*
Við 14. gr. B. XIV. 6. Nýr liður:
Til aukningar á bókasafni Hvítárbakkaskólans 1000

XXXIV. Frá *Sigurði Eggerz* og *Jóni A. Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 1. Liðinn skal orða svo:
Til húsmæðraskóla á Staðarfelli:
a. Rekstrarstyrkur 5000
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, alt að 1000
c. Til húsabóta 2500
8500

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerð skólans.

XXXV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. XV. 2 (Kvenfjelagið Ósk).
Fyrir »4000« kemur 5000

XXXVI. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 14. gr. B. XV. 4. Nýr liður:
Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal 2500

XXXVII. Frá *Hannesi Jónssyni* og *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. XIX. 4. Nýr liður:
Aukastyrkur til Reykjalaugar á Reykjabraut og Steinstaðalaugar, er skiftist í hlutfalli við framlagt fje til þeirra 2500

XXXVIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. XX. Nýr liður:
Til Ólafs Kristjánssonar, til þess að halda uppi kenslu í esperantó 500

XXXIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. 3. c. Nýr liður:
Til umbóta á Hólakirkju 1000

XL. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 7.
1. Liðurinn verði 7. a.
2. Við bætist nýr liður, er verði b.:

Aukastyrkur til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðm. G. Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 króna launum auk verðstuðulsuppbótar 3000

XLI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. 14. Nýr liður:
Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar frá... 1200

XLII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni, Ólafi Thors, Hjeðni Valdimarssyni* og *Benedikt Sveinssyni.*
Við 15. gr. 20. c. Nýr liður:
Til Guðmundar Kambans skálds 2400

XLIII. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 15. gr. 20. c. Nýr liður:
Til Stefáns frá Hvítadal 2000

XLIV. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 20. c. Nýr liður:
Til Eggerts Guðmundssonar, til listanáms í Danmörku 1200

XLV. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. Nýr liður á undan 21:
Til sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, til þess að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót 6300

XLVI. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 15. gr. 21. Nýr liður:
Til bókaútgáfunnar »Lýðmentun« á Akureyri 1500

XLVII. Frá *Hjeðni Valdimarssyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 32. Nýr liður:
Til Björns K. Þórólfssonar magisters, til þess að skrá skjöl um íslensk mál á söfnum í Kaupmannahöfn 1500
Til vara 1000

XLVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. 33. Nýr liður:
Til dr. Jóns Stefánssonar, vegna mynda í hina ensku Íslandssögu hans 2000

XLIX. Frá *Magnúsi Jónssyni, Hjeðni Valdimarssyni, Jóni Ólafssyni og Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 15. gr. 35 (Íþróttasamband Íslands).
Fyrir »2500« kemur 5000

L. Frá *Magnúsi Jónssyni, Hjeðni Valdimarssyni, Jóni Ólafssyni og Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 15. gr. 35. Nýr liður:
Til Íþróttasambands Íslands, til þess að senda flokka á alþjóðafimleikamót í Calais 15000

LI. Frá *Ólafi Thors.*
1. Við 15. gr. 37. (Listasafnshús Einars Jónssonar).
Fyrir »3500« kemur 4000
2. Við 15. gr. 38. (Einar Jónsson).
Fyrir »4 stundir« í aths. kemur: 2 stundir.

LII. Frá *Sveini Ólafssyni, Jóni Ólafssyni* og *Benedikt Sveinssyni.*
Við 15. gr. 41. Nýr liður:
Til Agnars J. Norðfjörðs, til hagfræðináms 1000

LIII. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni, Hjeðni Valdimarssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 44. Nýr liður:
Til Björns Björnssonar gullsmiðs, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer myndlist, teiknilist og listiðnað nágrannaþjóða 2000

LIV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 44. Nýr liður:
Til Guðlaugs Rósinkranssonar, námsstyrkur... 1000

LV. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Jóni Ólafssyni.*
Við 15. gr. 44. Nýir liðir:
a. Til Jóns Ófeigssonar kennara, uppbót á greiðslu fyrir vinnu við orðabók Sigfúsar Blöndals, fyrsta greiðsla af fjórum... 2000
b. Til prentsmiðjunnar Gutenberg, uppbót á greiðslu fyrir prentun orðabókar Sigfúsar Blöndals, fyrsta greiðsla af fjórum... 2500

LVI. Frá *Einari Jónssyni* og *Gunnari Sigurðssyni.*
Við 16. gr. 3. (Sandgræðsla).
a. Fyrir »40000« kemur 50000
b. Aftan við aths. bætist: Af upphæðinni skal verja 15000 kr. til byggingar í þarfir sandgræðslunnar í Gunnarsholti á Rangárvöllum.

LVII. Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við 16. gr. 5. Nýir liðir:
a. Til búfjártryggingarsjóðs Íslands 15000
b. Til byggingar- og landnámssjóðs 200000
c. Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð 10000

LVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 9. c. Nýr liður:
Styrkur til dýralæknisnáms 1200

LIX. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 16. gr. 19. Nýr liður:
Til brimbrjóts í Bolungavík, gegn að minsta kosti jafnmiklu framlagi annarstaðar að (lokastyrkur) alt að 17500

LX. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 16. gr. 22. Nýr liður:
Styrkur til Sláturfjelags Suðurlands, til að reisa niðursuðuverksmiðju 10000
2. Við 16. gr. 24 (Samb. ísl. heimilisiðnaðarfjel.).
Fyrir »4700« kemur 6000

LXI. Frá *Gunnari Sigurðssyni, Jóni Ólafssyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 32. Nýr liður:
Til Dýraverndunarfjelags Íslands 1000

LXII. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 16. gr. 34. Nýr liður:
Til Álftveringa, til þess að verja engjar í sveitinni fyrir spjöllum af jökulánni Skálm 1500

LXIII. Frá *Jóni Ólafssyni.*
Við 16. gr. 34. Nýr liður:
Til fjelagsins »Landnám« í Reykjavík, til þess að hvetja til og leiðbeina við nýbýlastofnanir víðsvegar á landinu, aðallega kringum kaupstaði 2000

LXIV. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 16. gr. 34. Nýr liður:
Til Sveinbjörns Sveinssonar, til tilrauna og leiðbeininga um laxveiði í sjó:
a. til laxnótakaupa 1500
b. til rannsóknar og leiðbeininga 5000
6500

Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að hann ferðist um, leiti að veiðistöðum og leiðbeini um veiðina.

LXV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 39. Nýir liðir:
a. Styrkur til innflutnings sauðnauta, alt að 20000
b. Til flugnáms 5000

LXVI. Frá *Halldóri Stefánssyni.*
Við 16. gr. 39. Nýr liður:
Til Gunnars Jónssonar, Fossvöllum, styrkur til húsabóta til að geta veitt ferðamönnum gistingu 5000

LXVII. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 16. gr. 39. Nýr liður:
Til Jóns Klemenssonar í Hundadal, í viðurkenningarskyni 300

LXVIII. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 16. gr. 39. Nýr liður:
Til Odds Valentínussonar hafnsögumanns, styrkur til að kaupa hafnsögubát, gegn 500 kr. framlagi úr hafnarsjóði Stykkishólms 1000

LXIX. Frá *Pjetri Ottesen.*
Við 16. gr. 39. Nýr liður:
Til þess að koma upp rafmagnsstöð í Reykholti til ljósa, með afli úr Skriflu, enda verði stöðin eign staðarins 2000

LXX. Frá *Hjeðni Valdimarssyni, Magnúsi Jónssyni, Jóni Ólafssyni* og *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 17. gr. 3. Nýr liður:
Til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög 2000
Til vara 1500

LXXI. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 17. gr. 6. Nýr liður;
Til Slysavarnafjelags Íslands 10000

LXXII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 17. gr. 14. Nýr liður:
Til gamalmennahælis Ísfirðinga 1000

LXXIII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 18. gr. II. a. 2. (Sigurður Magnússon læknir).
Fyrir »169,87« kemur 600

LXXIV. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 18. gr. II. c. 9. (Jóh. L. L. Jóh.).
Liðurinn fellur niður.

LXXV. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. f. 23. (Þorleifur Jónsson póstmeistari).
Fyrir 1200« kemur 2000

LXXVI. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 18. gr. II. f. 24. (Friðrik Jónsson póstur).
Fyrir »300« kemur 450

LXXVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 18. gr. II. i. 12. Nýir liðir:
a. Til Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður 300
b. Til Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður 300

LXXVIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 22. gr. 4. Nýr liður:
Alt að 25 þús. kr. til Flateyrarhrepps, til rafstöðvar á Flateyri. Lánið skal veitt til 20 ára, með 6% vöxtum, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda.

LXXIX Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Jóni Ólafssyni* og *Benedikt Sveinssyni.*
Við 22. gr. 4. Nýr liður:
Alt að 10 þús. kr. til Páls Stefánssonar, Ásólfsstöðum, til bygginga gistihúss. Lánið veitist til 20 ára, gegn 5% vöxtum.

LXXX. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 22. gr. 5 (Mjöll). Aftan við liðinn kemur:
eða annari tryggingu, er stjórnin metur gilda.

LXXXI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. 5. Nýr liður:
Alt að 70 þús. kr. til Sláturfjelags Suðurlands, til þess að koma upp niðursuðuverksmiðju, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sje afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum.

LXXXII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. 5. Nýir liðir:
a. Alt að 25 þúsund kr. til Vestmannaeyjakaupstaðar, gegn ábyrgð kaupstaðarins, til að fullgera leikfimihús í sambandi við barnaskólann. Lánið veitist til 10 ára, gegn 6% vöxtum, og endurgreiðist með jöfnum afborgunum.

b. Alt að 50 þús. kr. til Vestmannaeyjakaupstaðar, gegn ábyrgð kaupstaðarins, til að koma upp sjóveitu til fiskverkunar. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum, og endurgreiðist með jöfnum afborgunum.

LXXXIII. Frá *Bernharði Stefánssyni* og *Magnúsi Guðmundssyni*.
Við 22. gr. 5. Nýr liður.
40000 kr. til að koma á fót tunnuverksmiðju á Siglufirði. Lánið er veitt til 15 ára, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda, ávaxtast með 6%, er afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 12 árum.

LXXXIV. Frá *Pjetri Ottesen*.
Við 22. gr. síðustu málsgr. (Uppgjöf á Flóavegarláni).
a. Fyrir »40868.98« kemur: 20434,49.
b. Aftan við málsgreinina bætist: Eftirgjöfin er bundin því skilyrði, að samkomulag verði milli ríkisstjórnarinnar og sýslunefndar Árnessýslu um lagningu og viðhald fyrirhugaðra vega um Flóaáveitusvæðið.

LXXXV. Frá *Hjeðni Valdimarssyni*.
Við 22. gr. Nýjar málsgreinar síðast:
a. Stjórninni er heimilt að gefa Brynjólfi Bjarnasyni eftir 1200 kr. námslán úr viðlagasjóði samkv. fjárlögum 1924, 21. gr. 14.
b. Stjórninni er heimilt að gefa Finni Jónssyni málara eftir 1200 kr. námslán úr viðlagasjóði samkv. fjárlögum 1924, 21. gr. 14.

LXXXVI. Frá *Hákoni Kristófferssyni*.
Við 22. gr. Ný málsgrein síðast:
Stjórninni er heimilt að gefa Suðurfjarðahreppi eftir viðlagasjóðslán til rafmagnsveitu á Bíldudal, kr. 25000.00.

LXXXVII. Frá *Magnúsi Torfasyni*.
Við 22. gr. Ný málsgr. síðast:
Stjórninni er heimilt, að undangenginni rannsókn af hálfu Búnaðarfjelags Íslands um það, hvort Miklavatnsmýraráveitan hafi orðið að notum fyrir allar þær jarðir, sem skyldaðar eru til að greiða áveitukostnaðinn, að færa niður viðlagasjóðslán til áveitunnar að rjettri tiltölu á þeim jörðum, sem ekki geta haft hennar not.

LXXXVIII. Frá *Ólafi Thors*.
Við 22. gr. Ný málsgr. síðast:
Stjórninni er heimilt að veita Sveini bónda Gíslasyni í Leirvogstungu 10000 kr. eftirgjöf af 30000 kr. kaupverði jarðarinnar Leirvogstungu í Mosfellssveit og að breyta árlegum greiðslum af jarðarverðinu í samræmi við, að hið upphaflega verð hefði verið 20 þús. kr.

LXXXIX. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 23. gr. II. (Kjötsölutilraunir Sís).
   Á eftir »Að greiða« kemur: að helmingi.
2. Við 23. gr. II. Tveir nýir liðir:
   a. Að ábyrgjast alt að 250000 kr. lán til hafnarbryggju á Siglufirði, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin tekur gildar.
   b. Að kaupa jörðina Bakkasel með Gili í Öxnadal, ef viðunandi samningar nást við núverandi eigendur.

XC. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 23. gr. II. Nýr liður:
Að kaupa af Einari Jónassyni fyrv. sýslumanni húseign hans á Patreksfirði, ásamt lóð og túni, ef viðunandi samningar nást um kaupverðið, og jafnframt, ef stjórninni þykir henta, að selja eignina aftur þeim, sem veitt verður sýslumannsembættið í Barðastrandarsýslu.

XCI Frá *Gunnari Sigurðssyni, Einari Jónssyni* og *Jóni Ólafssyni.*
Við 23. gr. II. Nýr liður:
Að gefa eftir og endurgreiða Rangárvallasýslu kr. 36811,61, sem er nokkur hluti af $^1/_3$ kostnaðar við endurbyggingu þá á Holtaveginum, sem gerð var á árunum 1922—24.

XCII. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 23. gr. II. Nýr liður:
Að ábyrgjast 80000 kr. rafveitulán fyrir Búðahrepp, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XCIII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 23. gr. II. Nýr liður:
Að ganga í ábyrgð ásamt bæjarstjórn Ísafjarðar fyrir lánum til fjelagsmanna í Samvinnufjelagi Ísfirðinga til kaupa á fiskiskipum, samtals alt að 320 þús. krónum, enda nemi lánin eigi meiru en $^4/_5$ af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskveiða og sjeu trygð með fyrsta veðrjetti í skipunum og sjálfskuldarábyrgð eigenda.

Nd. **436. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

I. Við frumvarpsgr. Í stað »letigarð« komi: vinnuhæli.
II. Við fyrirsögn frv. Í stað »letigarð« komi: vinnuhæli.

Nd. **437. Nefndarálit**

um flóaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir átt sameiginlegan fund með 2 mönnum úr samgöngumálanefnd efri deildar, og leggur nefndin til, að styrkur til flóabáta á árinu 1929 verði að upphæð 106750 kr., og ber nefndin fram brtt. við fjárlögin fyrir 1929 í samræmi við þessa niðurstöðu.

Nefndin leggur til, að styrknum verði skift þannig:

1.	Borgarnesbátur, með 7—9 ferðir til Breiðafjarðar	31500 kr.
2.	Djúpbáturinn, með minst 5 ferðum til Vestur-Ísafjarðarsýslu, á helstu viðkomustaði þar	19000 —
3.	Skaftfellingur með Stokkseyri og Eyrarbakka, auk þess sem áður var	19000 —
4.	Flateyjarbátur	7000 —
5.	Hornafjarðarbátur	7000 —
6.	Til flutninga innan sýslu í Austur-Skaftafellssýslu (þar af til Öræfinga 500 kr.)	2000 —
7.	Millilandaskip til Skaftafells- og Rangárvallasýslna	4000 —
8.	Rangársandsbátur	1100 —
9.	Hvalfjarðarbátur	1350 —
10.	Rauðasandsbátur	500 —
11.	Mýrabátur	300 —
12.	Lagarfljótsbátur, enda sigli hann niður fyrir brúna	1000 —
13.	Eyjafjarðarbátur, með 3 viðkomum í Grímsey, enda sigli hann og til Húsavíkur og Skagafjarðar	13000 —

Nefndin taldi, að fært væri að lækka styrki stærstu bátanna að nokkrum mun, nema Hornafjarðarbáts, sem hún hefir látið standa með sömu upphæð. Hinsvegar telur hún, að ekki verði hjá því komist að hækka styrk til Eyjafjarðarbátsins um frekan helming, og er ástæðan sú, að þessum bát er ekki, fremur en öðrum flóabátum, ætlaður neinn styrkur til póstflutninga, en hann annast nú aukapóstferðir um Eyjafjörð allan og jafnvel víðar, og hefir fyrir það fengið úr póstsjóði 5—6 þús. kr. á ári.

Í þessu sambandi vill nefndin benda á, til eftirbreytni eftirleiðis, að rjettast væri að telja til útgjalda póstmálanna um 30 þús. kr. af styrksupphæðum Borgarnesbátsins, Djúpbátsins og Eyjafjarðarbátsins, sem telja má að sje póstferðastyrkur hjá þessum bátum.

Skilyrði fyrir styrk til allra þessara flóabáta er það, að ferðir þeirra og viðkomur sjeu ekki færri en á síðastliðnu ári og farkostir ekki lakari.

Þá vill nefndin skora á atvinnumálaráðuneytið að skrifa öllum þeim fjelögum, sem styrks njóta til flóaferða, og ganga ríkt eftir, að þau sendi árlega skýrslur um, hvernig styrknum er varið, ferðaáætlanir bátanna og gjaldskrá, svo og rekstrar- og efnahagsreikninga þeirra fjelaga, sem ferðirnar annast, og upplýsingar um það, hvort veittur sje styrkur til ferðanna frá viðkomandi hjeruðum.

Að öðru leyti vísast til nál. samgöngumálanefndar frá árinu 1927, þskj. 325.

Alþingi, 9. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson, form. Jón A. Jónsson, frsm. Hákon Kristófersson,
Sigurjón Á. Ólafsson, með fyrirvara. Hannes Jónsson, með fyrirvara.

Nd. **438. Lög**

um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

(Afgreidd frá Nd. 9. mars).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að gera þær bráðabirgðabreytingar á skipulagi bændaskólans á Hólum, sem hjer verða taldar:

a. að auka svo að miklu nemi kröfurnar til verklegs náms nemendanna við jarðrækt, búfjárhirðing og önnur landbúnaðarstörf, enda sitji þeir fyrir inngöngu í eldri deild skólans, sem lokið hafa 8 vikna jarðyrkjunámi.
b. að reka skólabúið fyrir opinberan reikning, ef hentara þykir.
c. að láta verða þær breytingar á kennaraliði skólans og reglugerð hans, sem nauðsynlegar eru.
d. að hafa undirbúningsdeild í þjóðlegum fræðum, ef húsrúm leyfir.

2. gr.

Landsstjórninni heimilast að láta a-lið 1. gr. einnig koma til framkvæmda við bændaskólann á Hvanneyri.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1928.

Nd. **439. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35, 30. júlí 1909, um stofnun háskóla.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Aftan við 17. gr. laganna bætist:
Verði aðsókn stúdenta að einhverri deild svo mikil, að til vandræða

horfi, að dómi deildarinnar, þá getur háskólaráðið, í samráði við deildina, ákveðið, hve mörgum stúdentum skuli veitt viðtaka það ár og með hvaða hætti.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir ósk háskólaráðsins, sbr. eftirfarandi brjef háskólaráðsins til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS.
HÁSKÓLARÁÐIÐ.

Reykjavik, 21. febr. 1928.

Það er upphaf þessa máls, að þáverandi forseti læknadeildar, prófessor Guðm. Hannesson, reit brjef til stjórnarráðsins 22. dag s. l. júnímánaðar, og bar fram vandkvæði deildarinnar, og sjerstaklega rannsóknastofu ríkisins, út af því, hve margir stúdentar sækja að læknadeild háskólans. Benti hann á, að »læknadeild háskólans gæti alls ekki kent svo mörgum nemendum, sem útlit væri fyrir að sæki þangað næsta ár. Til þess skorti hana húsnæði, mörg áhöld, lík til kenslu í líffærafræði og meinafræði og — sjúklinga«. Hann sýndi fram á, að læknarnir væru orðnir alt of margir; síðustu 10 árin hefðu útskrifast fleiri læknar en þyrfti til þess að fylla öll hjeraðslæknisembætti. Af þessu myndi leiða illvíga samkepni milli lækna, og margir þeirra myndu neyðast til þess að nota öll ráð til þess að geta lifað. »Mjer virðist«, segir hann, »þetta hljóta að hafa þær afleiðingar, að læknastjettin fyrirgeri trausti sínu og áliti, en að sjúklingar verði hálfu ver settir en nú gerist. Óþörfu læknarnir verða að snikjudýrum á þjóðarlíkamanum, líkt og óþarfir lögfræðingar. Jeg tel þetta háska bæði fyrir þjóðina og stjettina«.

Í brjefi sínu bar hann fram þær tvær tillögur, að takmarka nemendafjöldann í læknadeild, og reyna að veita mentamannastraumnum inn á aðrar brautir en nú er um að velja; mundi þá liggja næst að koma upp verslunardeild við háskólann og leggja þá tvo verslunarskóla niður, sem nú eru.

Þá barst háskólaráðinu brjef frá forseta lagadeildar, prófessor Ólafi Lárussyni, dags. 1. sept. 1927, þar sem hann lýsir því frá sjónarmiði sinnar deildar, að hin óhóflega mikla aðsókn að deildinni horfi til stórra vandræða. Viðkoma lögfræðinga síðustu árin hafi verið svo mikil, að hún sje að minsta kosti helmingi meiri en nokkur þörf sje á. Í brjefinu tók hann, meðal margs annars, þetta fram:

»Það er hrópleg sóun bæði á orku og fje, þegar ungir menn og efnilegir verja dýrmætum tíma og ærnu fje til náms, er þeim kemur að litlu haldi síðar

í lífinu. Lögfræðinga-viðkoman síðustu árin er slík sóun, sóun sem vjer Íslendingar í fámenni voru ekki höfum ráð á«.

Benti hann sjerstaklega á þessar leiðir út úr vandræðunum:

1. Að takmarka stúdentatöluna frá Mentaskólanum.
2. Að opna stúdentum nýjar leiðir til framhaldsnáms.
3. Að takmarka tölu þeirra stúdenta, er háskólinn eða einstakar deildir hans taka við.

Síðastliðinn september var og mál þetta tekið til íhugunar af forseta guðfræðideildar og afhenti hann háskólaráðinu skýrslu sína 23. september. Var þar sýnt fram á, að um síðustu 20 ár hafi útskrifast 3,25 kandídatar á ári að jafnaði; hafi það fullnægt þörfum kirkjunnar, því að í fardögum 1927 hafi 4 prestaköll verið óveitt, en 3 kandídatar bætst við það árið. Hinsvegar sjeu nú 30 stúdentar í guðfræðideildinni.

Í september átti og þáverandi rektor háskólans, próf. Guðm. Thoroddsen, tal um þetta vandamál við kenslumálaráðherrann, er kvaðst fús til að vinna með háskólaráðinu að heppilegri lausn þess.

Á fyrsta fundi háskólaráðsins í október, eftir er undirritaður hafði tekið við rektorsstörfunum, var málið tekið til umræðu. Varð sú niðurstaða þeirra umræðna, að samþykt var að skjóta málinu til almenns kennarafundar.

Var því næst sá kennarafundur haldinn og málið rætt þar af miklu kappi. Samþykti fundurinn, að hver deild kysi einn mann í nefnd til þess að athuga orsakir stúdentaviðkomunnar og finna ráð við aðstreyminu að embættadeildum háskólans. Í þá nefnd voru kosnir prófessorarnir S. P. Sívertsen, Guðm. Hannesson, Magnús Jónsson og Ágúst H. Bjarnason og samkvæmt ósk þeirra var rektor fimti maður í nefndinni.

Nefndin afhenti háskólaráðinu greinargerð sína 28. nóvember og var afrit af henni þegar sent stjórnarráðinu, með því að bæði formaður Stúdentafjelags Reykjavíkur og kenslumálaráðherrann höfðu æskt þess, þareð dóms- og kirkjumálaráðherrann hafði lofað að hefja umræður um málið í nefndu stúdentafjelagi, en æskti hins vegar að geta þegar fengið sem bestar upplýsingar um málið frá háskólanum. Eins og kunnugt er, var málið rætt þar af miklum áhuga á tveim fundum þess fjelags, og hefir verið skýrt að nokkuru frá þeim umræðum í blöðunum.

En frá gangi málsins innan háskólans er það að segja, að þessu næst var greinargerð nefndarinnar lögð fram í kennarastofu háskólans, til þess að kennararnir gætu kynt sjer hana.

Því næst var kallaður saman almennur kennarafundur 5. desember, til þess að ræða greinargerð nefndarinnar. Á þeim fundi voru samþyktar þessar tilögur:

1. Fundurinn telur nauðsynlegt, að stofnaður sje sjerstakur gagnfræðaskóli í Reykjavík og að Mentaskólanum sje breytt í samfeldan lærðan skóla. — Sú tillaga var samþykt með 7 : 1 atkvæði.

2. Fundurinn telur óhjákvæmilegt að takmarka svo aðgang að embættadeildum háskólans, að ekki fái fleiri stúdentar inntöku þar en þarfir þjóðfjelagsins leyfa. — Sú tillaga samþykt með 8 : 2 atkv., einn kennari greiddi ekki atkv.

3. Þá telur fundurinn brýna nauðsyn bera til þess, að stofnuð sje verslunar-

deild og kennaranámsskeið í háskólanum og að próf frá kennaradeild (eða ef til vill frá námsskeiði í kennaraskóla) veiti rjett til kenslu í barnaskólum og alþýðuskólum. -- Sú tillaga samþykt með 8 samhljóða atkvæðum.

4. Fundurinn fer fram á, að háskólaráðið undirbúi mál þessi undir komandi þing, lög þau og lagabreytingar, sem nauðsynleg kunna að vera til þess að koma þeim í framkvæmd.

Hinn 7. desember sendi jeg eftirrit af greinargerð nefndarinnar til stúdentaráðsins, ásamt tillögum þeim, er samþyktar höfðu verið á þessum síðara almenna kennarafundi háskólans, og æskti þess, að stúdentar háskólans ljetu uppi álit sitt í þessu alvarlega máli, því að þeir mundu, eigi síður en vjer, kennararnir, finna til örðugleikanna, sem nú væru að skapast við hina miklu fjölgun. Sjerstaklega mæltist jeg til þess, að stúdentarnir vildu segja til um, hvað af tvennu þeim virtist ráðlegast, að setja hömlurnar 1) neðan við lærdómsdeild Mentaskólans (eða við inntöku í lærða skólann, ef sex ára samfeldur lærður skóli verður greindur frá), 2) eða við inntöku í embættadeildir háskólans.

Svar frá stúdentaráðinu barst háskólaráðinu 15. desember og voru þar í þessar tillögur:

1. Stúdentaráðið lítur svo á, að öruggasta ráðið til þess að fækka stúdentum í embættisdeildum háskólans, og það eina, sem nógu fljótt geti borið árangur, sje það, að takmörkuð verði — og það þegar á næsta ári — tala þeirra stúdenta, sem inngöngu fá í hverja deild. Álítur stúdentaráðið heppilegra sjerstakt inntökupróf, heldur en sje farið eftir einkunnum við stúdentspróf. — (Samþ. með 6:3 atkv.).

2. Stúdentaráðið vill ekki að svo komnu leggja neinn dóm á, hvort takmörkun nemendafjölda í Mentaskólanum sje yfirleitt heppileg. En það mælir á móti samfeldum 6 ára skóla, þar sem aðeins sje leyfð innganga í 1. bekk, og lögð áhersla á námsgreinir, sem hafa það mest til síns ágætis, að vera þungar. — (Samþ. með 6:3 atkv.).

3. Stúdentaráðið mælir eindregið með stofnun nýrra deilda við háskólann. Vill það einkum benda á deild í verslun og viðskiftum og kenslu í verklegum fræðum, sjerstaklega að stúdentum gefist kostur á að ljúka hjer fullkomnu lyfsalaprófi. (Samþ. með 9 samhlj. atkv.).

4. Stúdentaráðið er sammála um nauðsyn alþýðuskóla í Reykjavik og á Akureyri. Mundu þeir reynast drjúgir til þess að draga þá nemendur frá lærdómsdeildinni, sem minst erindi eiga þar. (Samþ. með 9 samhlj. atkv.).

Þá bárust háskólaráðinu tillögur um málið frá almennum fundi háskólastúdenta, er haldinn hafði verið 15. desember. Voru þær á þessa leið:

1. Almennur fundur háskólastúdenta er á móti takmörkunum á fjölda stúdenta, en leggur til, að opnaðar verði sem flestar leiðir til þess að almenningur fái aflað sjer hagnýtrar mentunar. Einnig er fundurinn andvígur því, að hömlur sjeu settar fyrir fjölda manna í deildum háskólans, en vill að stúdentum sjeu opnaðar fleiri leiðir í háskólanum en nú eru. Samþ. með 43:1 atkv. (8 greiddu ekki atkv.).

2. Almennur fundur háskólastúdenta telur æskilegt, að Mentaskólanum sje breytt í samfeldan skóla með heimavist, og að jafnframt verði komið upp

sjerstökum unglingaskóla í Reykjavík, sem veiti almenna gagnfræðamentun. Samþ. með 34:2 atkv. (16 greiddu ekki atkv.).

3. Fundurinn telur nauðsynlegt, að stofnaðar verði við háskólann verslunar-, kennara- og búnaðardeild. Samþ. með 41:1 atkv. (10 greiddu ekki atkv.).

Þessi hinn almenni fundur háskólastúdenta mun hafa verið haldinn vegna þess, að ýmsir stúdentar voru óánægðir með svar stúdentaráðsins, enda eru tvær fyrstu tillögur hans algerlega andstæðar tveim fyrstu tillögum stúdentaráðsins; hann mótmælir takmörkunum á fjölda stúdenta og hann æskir þess, að Mentaskólanum sje breytt í samfeldan skóla með heimavist, sem hvorttveggja er þvert á móti tillögum stúdentaráðsins.

Þessu næst var greinargerð nefndarinnar, ásamt tillögum kennarafundar, stúdentaráðs og almenns fundar háskólastúdenta lögð fyrir háskólaráðið á fundi þess 16. desember og málið rætt þar af nýju, bæði á þeim fundi og næsta fundi þess (21. desbr.). Það var nú komið í ljós, að skoðanir háskólakennaranna voru mjög skiftar í málinu, og að jafnvel deildirnar litu engan veginn sömu augum á það. Fyrir því var samþykt á þessum síðara fundi að senda svolátandi fyrirspurnir til deilda háskólans:

1. Vill deildin að settar sjeu skorður þegar á næsta hausti við of mikilli aðsókn stúdenta að deildinni?

2. Sje svo, vill deildin þá koma með tillögur um, hve mörgum skuli veitt viðtaka og hvernig valið skuli úr umsækjendum?

3. Hverjar breytingar telur deildin nauðsynlegar á háskólalögunum þessa vegna?

Nú varð nokkur bið á málinu, aðallega vegna þess, að einn maður úr háskólaráðinu hafði farið til útlanda (prof. Magnús Jónsson), en lagadeildarkennararnir, þeir tveir, er heima voru, stóðu mjög svo á öndverðum meið í þessu máli. Var því frestað að afgreiða svar lagadeildar, þar til er þriðji kennarinn var aftur heim kominn.

Á fundi háskólaráðsins 27. janúar þ. á. voru lögð fram svör frá öllum deildum. Voru þau neikvæð frá þrem deildunum: guðfræðisdeild, lagadeild og heimspekisdeild. Guðfræðisdeildin taldi aðsókn stúdenta að deildinni ekki hafa verið svo mikla á undanförnum árum, að ástæða sje til þess að takmarka hana að svo komnu með neinum sjerstökum ráðstöfunum. Í lagadeild höfðu kennararnir ekki allir orðið sammála. Þeir prof. Einar Arnórsson og prof. Magnús Jónsson greiddu atkvæði gegn því, að »þeim mönnum, er stúdentsprófi hafa lokið, verði neitað viðtöku í deildina«. Prof. Ólafur Lárusson taldi hins vegar óhjákvæmilegt að skorður verði settar við aðsókn stúdenta að deildinni. Heimspekisdeildin ljet þessa greinargerð fylgja sínu svari:

»Heimspekisdeildin telur enga þörf á að reisa skorður við inntöku stúdenta í þá deild. Ber þrent til. Í fyrsta lagi er aðsókn þangað ekki óhófleg. Í öðru lagi sýnist ekki rjett að amast við því, að stúdentar afli sjer mentunar í þeirri deild háskólans, sem telja má ætlaða eingöngu til þess að hlúa að mentum og fræðum þjóðarinnar. Í þriðja lagi eru þó þeim, er til prófs hyggja í þeim fræðum, nægilegar skorður settar í reynsluprófi því, sem þeim er ætlað að inna af höndum snemma í upphafi námsins«.

Læknadeildin ein var meðmælt hömlum með nánari skilyrðum. Hún svaraði fyrstu spurningunni játandi (með 4 : 1 atkv., einn kennari greiddi ekki atkv.). Hún lagði og til (með 3 : 2 atkv.), að háskólaráðið ákvæði, í samráði við deildina, á ári hverju, hve mörgum stúdentum skuli veitt inntaka í deildina og hvernig valið skuli úr umsækjendunum.

En jafnframt þessu samþykti deildin svo látandi tillögu (frá hjeraðslækni Jóni Hj. Sigurðssyni):

»Deildin vill taka það fram, að tillögur þessar voru aðallega gerðar vegna þess, að öll kensla verður nú ómöguleg vegna skorts á kensluplássi, kensluáhöldum og sjúklingafæð, þar á meðal skorti á ókeypis lækningum. Sjái stjórn og löggjafarvald sjer fært að bæta úr þessu hið fyrsta, virðist ekki frá deildarinnar hálfu bráð nauðsyn að takmarka inntöku nýrra stúdenta í deildina«.

Þetta svar læknadeildar var nú rætt á fundi háskólaráðsins, og að lokum var samþykt með 3 : 2 atkv. að taka það til greina. Með því voru Guðm. Thoroddsen, Har. Níelsson og S. P. Sívertsen, en á móti: Magnús Jónsson og Páll E. Ólason.

Þá var og samþykt (með sömu 3 : 2 atkv.) eftirfarandi tillaga til breytingar á og viðauka við 17. gr. háskólalaganna:

»Verði aðsókn stúdenta að einhverri deild svo mikil, að til vandræða horfi, að dómi deildarinnar og háskólaráðs, þá getur háskólaráðið, í samráði við deildina, ákveðið, hve mörgum stúdentum skuli veitt viðtaka það ár og með hvaða hætti«.

Nú hefi jeg rakið sögu málsins, svo að dóms- og kirkjumálaráðuneytið geti haft sem best yfirlit yfir allan gang þess. Vona jeg því að allir sjái, að hjer er ekki verið að beita neinni kúgun við stúdenta af hálfu háskólans, heldur berum vjer fram þessa tillögu til breytingar á háskólalögunum vegna þess, að knýjandi nauðsyn rekur oss til þess. Að vísu má segja, að sú knýjandi nauðsyn sje aðeins fyrir hendi í læknadeild, enn sem komið er. En úr því að setja verður takmörkunarákvæði inn í háskólalögin viðvíkjandi einni deild, virðist eðlilegast, að það ákvæði nái til allra deilda. Til þess verður hvort sem er ekki gripið, nema til vandræða horfi um aðsókn að einhverri deild. Þess ber og að gæta, að verði að takmarka aðsókn að læknadeild að mun, er hætt við, að aðsókn að hinum deildunum aukist að sama skapi.

Greinargerð nefndar þeirrar, er deildirnar kusu, er áður send dóms- og kirkjumálaráðuneytinu; en viðvíkjandi tillögum um að koma upp verslunardeild við háskólann, er þess að geta, að háskólaráðið hefir á fundi sínum 7. þ. m. kosið fjögurra manna nefnd, »til að athuga möguleika á og skilyrði til að koma upp verslunardeild við háskólann«. Sú nefnd er vart tekin til starfa enn.

Jeg vona, að ráðuneytið fallist á skoðanir meiri hluta háskólaráðsins í í þessu máli, og æski þess hjer með fyrir hönd háskólans, að hið háa stjórnarráð beri fram á Alþingi ofangreinda tillögu til breytingar á háskólalögunum og fái hana samþykta þar.

Virðingarfylst

Haraldur Níelsson
þ. á. rektor.

Til Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins Reykjavík.

Nd. **440. Frumvarp**

til laga um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af fje Strandarkirkju má á árunum 1928 til 1929 verja alt að 10000 kr. til sandgræðslu, girðinga og sjógarða í Strandarlandi, en síðan má verja alt að 1000 kr. á ári hverju til viðhalds og græðslu.

2. gr.

Um framkvæmd sandgræðslunnar og tillögur til hennar fer að öðru eftir lögum um sandgræðslu.

3. gr.

Strandarland skal vera eign Strandarkirkju.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefir umsjón með stjórn kirkjufjánna og setur reglur um framkvæmd hennar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 12. maí 1928.

Ed. **441. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og vinnuhæli.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Landsstjórninni skal heimilt að verja af ríkisfje alt að 100 þús. kr. til að undirbúa og láta reisa betrunarhús og vinnuhæli, þar sem skilyrði þykja góð, til að fangar og slæpingar, sem ekki vilja vinna fyrir sjer eða sínum, geti stundað holla og gagnlega vinnu.

Ed. **442. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 11, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið sje samþykt með þeirri breytingu, að umsjónarmaður kirkjugarðsins í Reykjavík skuli setja tryggingu fyrir fjárgæslu

þeirri, er hann hefir á hendi fyrir ríkissjóð, og meti fjármálaráðuneytið þá tryggingu. Nefndin ætlast til, að lögin komi í gildi 1. júlí 1928.

Flytur því nefndin svo látandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. 1. gr. frv. skal orða svo:

2. gr. laga nr. 11, 4. júní 1924, skal orða svo:

Umsjónarmaður kirkjugarðsins í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksrjettur. Fjármálaráðuneytið setur reglur um fjárskil og bókhald, metur tryggingu, er umsjónarmaður setur fyrir fjárgæslu, og ákveður þóknun til hans fyrir innheimtuna.

2. 2. gr. skal orða svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Alþingi, 9. mars 1928.

Jón Baldvinsson, form. og frsm.	Jón Þorláksson.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Ed. **443. Frumvarp**

til laga um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. kafli.

Um refsingar.

1. gr.

Líflátshegning er úr lögum numin. Hvarvetna þar í lögum, er glæpur varðar lífláti, komi í þess stað tyftunarhúsvinna ævilangt.

2. gr.

Vinnuskylda skal vera samfara hegningu í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

3. gr.

Hvarvetna þess, er fangelsi við vatn og brauð liggur við afbroti, má í þess stað dæma brotamann til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi í eigi skemri tíma en 12 daga og eigi lengur en 6 mánuði.

4. gr.

Ákvæðin um skilorðsbundna hegningardóma í 1.—4. gr. laga nr. 39, 16. nóvember 1907, taka einnig til manns, sem dæmdur er samkvæmt hinum almennu hegningarlögum eða 6. gr. laga þessara í alt að eins árs betrunarhússvinnu.

II. kafli.

Um landráð og ýms afbrot.

5. gr.

72. grein hinna almennu hegningarlaga skal hljóða þannig:

Veki maður uppreisn eða geri samsæri í þeim tilgangi að koma hinu íslenska ríki eða nokkrum hluta þess undir yfirráð annara, þá varðar það tyftunarhúsvinnu ævilangt.

Hver, sem annars vísvitandi stofnar frelsi ríkisins eða ævarandi hlutleysi í hættu, eða tekur þátt í þvílíkri uppreisn, sem greinir í 1. málsgrein, skal sæta hegningarvinnu, ekki skemur en 2 ár. Sje um gálauslegt athæfi að ræða, varðar það fangelsi eða hegningarvinnu alt að 3 árum.

6. gr.

Hver, sem sekur verður um þjófnað, skal í fyrsta sinn sæta fangelsi eða betrunarhússvinnu alt að 2 árum.

Ef hið stolna er eigi 30 króna virði og engin atvik eru samfara afbrotinu, er þyngi saknæmi þess, og hinn seki hefir eigi áður orðið uppvís að auðgunarglæp, má færa refsinguna niður í sektir, og skal málssókn því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við.

7. gr.

Ef þjófnaðarafbrotið er mjög stórfelt, svo sem vegna þess með hvaða hætti það er framið, eða af því að glæpamaðurinn hefir búið sig vopnum eða öðru hættulegu tæki, eða vegna verðmætis hins stolna eða hversu ástatt var um það eða geymslustað þess, má þyngja refsinguna fyrir afbrotið alt að 6 ára betrunarhússvinnu.

8. gr.

Nú hefir maður, er til refsingar skal dæma samkvæmt 6. eða 7. gr., áður verið dæmdur fyrir þjófnað eða fyrir brot þau, er ræðir um í 23. — 27. kap. hinna alm. hegningarlaga, og má þá hækka refsinguna um alt að helmingi af þeirri refsingu, er hann hefði hlotið annars. Ef hann oftar en einu sinni áður er dæmdur fyrir þessi afbrot, má refsingin verða tvöfalt þyngri.

9. gr.

Nú verður vinnufær maður sveit sinni til þyngsla sökum óreglu eða slæpingsskapar, eða hann af sömu ástæðum vanrækir framfærsluskyldu sína

gagnvart öðrum, sem við það verða bjargþrota, eða hann fyrir þessar sakir greiðir ekki úrskurðað meðlag með maka sínum eða barni, og skal þá refsa honum með fangelsi, ef hann vill ekki sinna forsvaranlegri vinnu, sem fátækrastjórn eða lögreglustjóri vísar honum á. Ef brotið er endurtekið, má refsa honum með alt að 1 árs betrunarhúsvinnu.

10. gr.

Nú þykir lögreglustjóra ástæða til að ætla, að maður hafi ekki ofan af fyrir sjer á löglegan hátt, og er hann þá skyldur til að skýra frá, af hverju hann hafi framfærslu sína og færa rök að. Ef hann gerir það ekki, eða atvinnan er ólögleg, skal refsa honum með fangelsi, enda liggi ekki þyngri refsing við eftir öðrum lögum.

11. gr.

Nú hefir maður verið dæmdur samkvæmt 9. eða 10. gr. eða oftar en einu sinni fyrir auðgunarglæp, og getur þá lögreglan lagt fyrir hann að gefa sig fram á ákveðnum tímum og gefa skýrslu um, hvar hann býr eða dvelur og hvaða atvinnu hann stundar.

12. gr.

Sá, sem gerir sjer atvinnu af fjárhættuspilum eða að koma öðrum til þátttöku í þeim, skal sæta fangelsi, eða alt að 1 árs betrunarhúsvinnu, ef miklar sakir eru.

Nú fremur maður brotið í aðalatvinnu sinni, og má þá með dómi svifta hann rjetti til þeirrar atvinnu um lengri eða skemri tíma eða að fullu og öllu.

13. gr.

Sá, sem af ásettu ráði lætur fjárhættuspil fara fram í húsum, er hann hefir umráð yfir, skal sæta sektum eða fangelsi. Sá, sem tekur þátt í slíku spili, sæti sektum.

14. gr.

Fjárhættuspil skulu öll spil um peninga eða peningavirði talin, nema lögleyfð sjeu, enda sje spilið þess eðlis og það, sem undir er lagt, svo mikils virði, að telja megi ávinningslöngunina aðalatriðið.

Veðmál, teningskast og annað slíkt skal undir sama skilorði talið til fjárhættuspila.

Með dómi skal ákveðið, að vinningur af fjárhættuspili skuli gerður upptækur.

III. kafli.

Um nokkrar breytingar á orðalagi almennra hegningarlaga.

15. gr.

Í stað orðanna »danska«, »dansks«, »danskur«, »danskra« í 5., 62., 73., 74., 76., 266. og 268. gr. almennra hegningarlaga komi: íslenska, íslensks, íslenskur, íslenskra.

IV. kafli.

Hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928. Þó verður ákvæðum 2. og 3. greinar laganna ekki beitt fyr en dómsmálaráðuneytið hefir gefið út reglugerð um, hvar og hvernig vinnan komi til framkvæmda.

17. gr.

Ákvæði 1. og 4.—8. gr. taka til allra mála, sem ekki eru dæmd úrslitadómi áður en lögin öðlast gildi, en 9.—14. gr. taka aðeins til brota, sem framin eru eftir þann tíma.

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 230.—234. gr. og 237. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ed. **444. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum.

Flutningsm.: Jón Þorláksson og Halldór Steinsson.

Við 1. gr.

Aftan við frumvarpsgreinina komi ný málsgrein, þannig:

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsgrein, sem hjer segir:

Í þeim umdæmum, þar sem ríkissjóður greiðir að fullu kostnað við starfrækslu tollheimtunnar, kemur heimildin í 2. gr. laga nr. 75, 27. júní 1921, um greiðslu á 2% af andvirði stimpilmerkjanna fyrir að sjá um stimplun skjala og reikningsfærslu, ekki til framkvæmda að því er snertir þau stimpilmerki, sem notuð verða samkvæmt þessum lögum.

Ed. **445. Frumvarp**

til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað embætta bæjarfógeta og núverandi lögreglustjóra í Reykjavík komi þessi embætti: Lögmannsembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Undir lögmann komi þessi störf: Dómsmál önnur en sakamál og almenn lögreglumál. Skiftamál, fógetagerðir, uppboð, þinglýsingar, nótarialgerðir, yfirfjárráð ólögráðra, borgaraleg hjónavígsla, hjónaskilnaðarmál, dómkvaðning manna og skipun þeirra opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af bæjarfógeta. Afgreiðsla leyfisbrjefa til að sitja í óskiftu búi. Kosningar til Alþingis.

3. gr.

Lögreglustjóri hefir á hendi: Lögreglustjórn, meðferð sakamála og almennra lögreglumála og að leggja dóm á þau. Strandmál, lögskráning skipshafna, mæling og skrásetning skipa. Heilbrigðismál, firmaskrásetning, vegabrjef, úrskurðun fátækramála, umsjón hegningarhússins í Reykjavík. Útnefning matsmanna og skoðunarmanna utan rjettar, afgreiðslu leyfisbrjefa til atvinnurekstrar, löggilding atvinnubóta, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, hlunninda og aflaskýrslur og manntal í Reykjavík.

4. gr.

Tollstjóri hefir forstjórn tollgæslu, aðalinnheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til Slysatryggingarinnar, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, svo og innheimtu annara gjalda, sem lögreglustjóri hefir innheimt hingað til og ekki eru falin lögreglustjóra samkvæmt þessum lögum.

5. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar annars, hvernig skift skuli milli lögreglustjóra og tollstjóra störfum þeim, er fylgt hafa núverandi lögreglustjóraembætti og ekki eru sjerstaklega talin í 3. og 4. gr., og hver störf skuli falla undir embætti lögreglustjóra af þeim, sem hnigið hafa undir núverandi bæjarfógetaembætti, en eigi eru nefnd í 2. og 3. gr.

6. gr.

Verslunarstaðurinn að Skildinganesi við Skerjafjörð heyrir að öllu leyti undir umdæmi Reykjavíkur um tollgæslu og lögreglustjórn.

7. gr.

Um framkvæmd tollgæslu, hve margir skuli tollverðir og um skil á innheimtum gjöldum skipar fjármálaráðherra fyrir með reglugerð, svo og um innheimtulaun af uppboðsandvirði.

8. gr.

Lögmaður, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 kr., en launin hækka eftir 2, 4 og 6 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 9000 kr.

Kostnaðurinn við rekstur þessara embætta greiðist úr landssjóði. Allar aukatekjur, er embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Alt það fje, sem

embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxtast til hagnaðar fyrir eigendur þess.

9. gr.

Rjett eiga umræddir embættismenn til að fá sjer skipaða fulltrúa til að framkvæma sjerstök störf, eftir því sem nauðsyn krefur.

10. gr.

Lög nr. 26, 26. okt. 1917, um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og um sjerstaka tollgæslu í Reykjavíkurkaupstað, eru úr gildi feld.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928. Frá sama tíma eru bæjarfógetaembættið og núverandi lögreglustjóraembætti í Reykjavík lögð niður.

Ed. **446. Nefndarálit**

um frv. til laga um þinglýsing skjala og aflýsing.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með smávægilegum breytingum, sem gerð verður grein fyrir í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 7. gr. Á eftir orðunum í 2. málsgr. »ef nokkur er« komi: veðsetninga.
2. Við 11. gr. Fyrir »skráa þeirra« í síðustu málsgr. komi: skránna.
3. Við 13. gr. Orðin »í bókinni« í 2. málslið fyrri málsgreinar falli burt þar, en sömu orð bætist inn í 1. málslið á eftir orðunum »rita á skjalið«.
4. Við 16. gr. Fyrir »1. júlí 1928« komi: 1. jan. 1929.

Alþingi, 9. mars 1928.

Jón Baldvinsson, form.	Jón Þorláksson, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Nd. **447. Nefndarálit**

um frv. til laga um tilbúinn áburð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta eftir föngum. Henni er það ljóst, að erfitt muni reynast að ná því fyrirkomulagi, sem æskilegt væri, til þess að

allir landsmenn, sem við ræktun fást, geti fengið rjettlátan og sanngjarnan styrk af fje því, sem ríkissjóður kemur til að leggja fram vegna frumvarpsins, verði það að lögum.

Til þess að gera hinum fjölmennu og hafnlausu hjeruðum austan Hellisheiðar kost á að fá áburðinn með líkum kjörum og öðrum landsmönnum, leggur nefndin til, að ríkið borgi flutning á honum að Selfossi og Þjórsártúni, og til þess að almenningi verði sem auðveldast og hægast að fá áburðinn, telur nefndin rjett, að kaupmönnum sje einnig útvegaður hann og seldur.

Þá virðist nefndinni, að 2% álag á áburðinn sje nægilegt fyrir einkasöluna.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt eins og það kom frá háttv. efri deild, með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: Ennfremur landleiðina frá Reykjavík til Selfoss í Árnessýslu og að Þjórsártúni í Rangárvallasýslu.
2. Við 3. gr.
   a. Orðið »og« milli »búnaðarfjelögum . . . . samvinnufjelögum« falli burt. Á eftir orðunum »samvinnufjelögum bænda« í sömu línu komi: og kaupmönnum.
   b. Í stað »5%« í sömu grein komi: 2%.

Alþingi, 8. mars 1928.

Lárus Helgason, form. og frsm.	Einar Jónsson.	Jón Ólafsson, fundaskr.
Jörundur Brynjólfsson.	Bernh. Stefánsson.	

Nd. **448. Breytingartillaga**

við till. til þál. um rannsókn á hafnarbótum að Sæbóli í Aðalvík.

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Við tillgr. Á eftir »Sæbóli í Aðalvík« komi: og lendingarbætur í Arnardal við Skutulsfjörð.
2. Við fyrirsögnina bætist: og lendingarbætur í Arnardal við Skutulsfjörð.

Ed. **449. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er samið af nefnd, er landsstjórnin hafði skipað í útvarps-

málið, en stjórnin lagði það fyrir neðri deild, og var það samþykt þar með dálitlum breytingum. Leggur nefndin til, eftir atvikum, að frumvarpið sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 10. mars 1928.

Jón Baldvinsson, form. og frsm. Jón Þorláksson. Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Nd. **450. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1929.

I. Frá *Einari Jónssyni, Gunnari Sigurðssyni* og *Jóni Ólafssyni.*
Við 13. gr. B. II. 11. Nýr liður:
Til vegar yfir Hvolsvöll 10000

II. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 12. b. (Aðstoð við efnarannsóknarstofuna):
Fyrir »4000« kemur 6000
Til vara 5600

Ed. **451. Nefndarálit**

um frv. til laga um sundhöll í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með nokkrum orðabreytingum. Einn nefndarmaður skrifar undir með fyrirvara og áskilur sjer rjett til að bera fram brtt. að því er snertir upphæð framlagsins úr ríkissjóði.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Fyrir »Alþingi heimilar landsstjórninni« komi: Landsstjórninni er heimilt.
2. Síðari málslið í d-lið skal orða svo:
Aðgangseyrir skal ákveðinn í gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.

Alþingi, 10. mars 1928.

Páll Hermannsson, formaður (með fyrirvara). Jón Þorláksson, frsm. Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.

Ed. **452. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 43, 30, júlí 1909 [Prentsmiðjur].

Frá mentamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 10. mars 1928.

Páll Hermannsson, form. og frsm. Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari. Jón Þorláksson.

Ed. **453. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Gengisviðaukinn á tolli af kaffi og sykri fellur niður frá 1. janúar 1929.

Nd. **454. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1929.

I. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 10. gr. I. 5 (Ríkisfjehirðisstörf).
a. Fyrir »26200« kemur 27200
b. Athugasemd við liðinn:
Þar af persónuleg launauppbót til Einars Markússonar aðalbókara 1000 kr.

II. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 20. c. Nýr liður:
Til Maríu Markan, til söngnáms í Þýskalandi 2000
Til vara 1200

Ed. **455. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin lítur svo á, að ríkissjóði sje nauðsyn á að halda tekjum þeim, sem frumvarp þetta gefur. Hinsvegar áskilur einn nefndarmanna (J. Bald.) sjer rjett til að flytja breytingartillögur við það, og hafa nefndarmenn óbundin atkvæði um þær.

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 10. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr., með fyrirvara.	Einar Árnason. frsm.
Jón Þorláksson.	Björn Kristjánsson.	

Nd. **456. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um frv. þetta og skiftir mjög í tvö horn um álit nefndarmanna á því. Þó er það sameiginlegt álit allra nefndarmanna, að síldareinkasala njóti sín þá fyrst að fullu, er tiltækar eru síldarvinsluverksmiðjur, er tekið geta við ljelegri síld og hagnýtt þann hluta síldarinnar, er hverju sinni er umfram hæfilegt magn útflutningssíldar.

Það er óneitanlegt, að dráttur sá, sem orðið hefir hjer á skipulagi einkasölu síldar, hefir bakað landsmönnum ómetanlegt tjón, en að sama skapi stutt útlenda menn og leppa þeirra hjerlenda til harðvítugrar samkepni við innlenda veiðimenn.

Eftir lögum nr. 51 1926, um sölu síldar o. fl., er að vísu opnuð leið að einkasölu á útfluttri síld hjeðan, en hvorttveggja er, að heimild sú hefir enn ekki verið notuð af þeim, sem ætlað var að nota hana, nje heldur virðist líklegt, að slíkt fyrirtæki með takmörkuðu eða ónógu fjármagni og lítilli samhygð af hálfu margra veiðimanna muni reynast tryggileg undirstaða fyrir þann atvinnuveg, sem hjer þarf að styðja. Þegar líkur lúta nú að því, að bráðlega takist að ná umráðum yfir síldarvinsluverksmiðjum til tryggingar síldaratvinnu innlendra manna, þá virðist oss rjett að lögleiða þegar það einkasöluskipulag, sem frv.

bendir til og sem ætla má að henti þeim landshlutum, sem síldarveiðin einkum tekur til.

Með nokkrum rjetti hefir því verið haldið fram, að með frv. væru sjerstaklega dregnir fram hagsmunir norðlenskra veiðimanna, en miður gætt þarfa annara landshluta. En þegar þess er gætt, að aðalsíldveiðasviðið með ströndinni er norðanlands, austan og vestan, þá er Eyjafjörður nokkurn veginn miðstæður á þessu svæði og eðlilegast meðan einkasalan er á tilraunastigi, að hún hafi þar aðalstöðvar.

Vjer höfum því orðið sammála um að mæla með samþykt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.
   a. Fyrir »tvo« í fyrsta málslið komi: þrjá.
   b. Aftan við annan málslið bætist: og ferðir í hennar þarfir.
   c. Aftan við greinina bætist: Fái einhver ekki þann atkvæðafjölda, skipar atvinnumálaráðherra í auð sæti.
2. Við 4. gr.
   a. Aftan við tölulið 2. bætist: Þóknun til umboðsmanna þessara greiða síldarútflytjendur.
   b. Aftan við fyrsta málslið 3. töluliðar bætist: Skal miða greiðslur við meðalverð allrar síldar af sömu tegund og gæðum.
   c. Aftan við 3. tölulið komi: Heimilt skal einkasölunni að selja innanlands þá síld, sem hún telur ekki tilvinnandi að flytja út.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Framkvæmdarstjórninni er heimilt:
   a. Að taka fje að láni út á síldina, jafnótt og hún er fullverkuð til útflutnings, og skifta því í rjettum hlutföllum milli síldareigenda, eftir vörumagni, er þeir hafa afhent einkasölunni, enda hvíli engin önnur veðbönd á síldinni.
   b. Að liðsinna viðskiftamönnum einkasölunnar um útvegun á tunnum og salti til verkunar síldinni, ef orðið getur án fjárhættu fyrir einkasöluna.
4. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Einkasalan er undanþegin tekjuskatti og aukaútsvari, enda greiði hún síldareigendum alt andvirði síldarinnar, að frádregnum kostnaði og sjóðfje eftir 8. gr.
5. Við 15. gr. Fyrir »100000« komi: 50000.

Alþingi, 10. mars 1928.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm. Sigurjón Á. Ólafsson. Jörundur Brynjólfsson.

Ed. **457. Breytingartillaga**

við frv. til laga um sundhöll í Reykjavík.

Frá Páli Hermannssyni.

Fyrir »100 þúsund krónur, móti jafnmiklu framlagi«, komi: 75 þúsund krónur móti því, sem til vantar.

Nd. **458. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 435 [*Fjárlög*].

I. Frá *Einari Jónssyni* og *Gunnari Sigurðssyni*.
Við LVI. b. (Sandgræðsla í Gunnarsholti).
Fyrir »15000« kemur: 10000.

II. Frá *Hákoni Kristóferssyni*.
Við LXXXVI. (Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Suðurfjarðahrepps).
Við tillöguna bætist:
Til vara: Tillöguna skal orða svo:
Af viðlagasjóðsláni Suðurfjarðahrepps til rafmagnsveitu á Bíldudal skal veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana árin 1925—1929.

Nd. **459. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað »verja« kemur: lána ríkissjóði.
   b. Síðari partur »en síðan má« og út greinina fellur niður.
2. Við 4. gr. Greinin fellur niður.

Nd. **460. Breytingartillögur**

við brtt. á þingskjali 435 [Fjárlög].

Frá atvinnumálaráðherra.

I. Við VIII. Liðurinn orðist svo:
Vesturlandsvegur 10000

II. Við LXV. b. Liðurinn orðist svo:
Til undirbúnings flugferða alt að 5000

III. Við LXXI. Liðurinn orðist svo:
Til slysavarna alt að 10000

IV. Við XCIII. Liðurinn orðist svo:
Að ganga í ábyrgð fyrir lánum til fjelagsmanna í Samvinnufjelagi Ísfirðinga til kaupa á fiskiskipum, samtals alt að 320 þús. kr., enda nemi lánin eigi meiru en $^4/_5$ af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskiveiða og sjeu trygð með fyrsta veðrjetti í skipunum, sjálfskuldarábyrgð eigenda og ábyrgð Ísafjarðarkaupstaðar. Forstöðumaður fjelagsins og annar endurskoðandi sjeu samþyktir af ríkisstjórninni.

Ed. **461. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild hreppstjóra til að framkvæma lögtak og fjárnám.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er fram komið í háttv. neðri deild, og sætti það nokkrum breytingum undir meðferð þar. Nú hefir allsherjarnefnd þessarar deildar athugað frumv. og felst á að hækka upphæð þá, er hreppstjóri má gera löktak fyrir, samkvæmt því, sem frumv. fer fram á. Hinsvegar getur hún ekki fallist á, að sama skuli gilda um fjárnám, svo sem 2. gr. frumv. mælir fyrir um. Leggur því nefndin til, að frumv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við fyrirsögn frumv. Aftan af fyrirsögninni falli »og fjárnám«.

Alþingi, 10. mars 1928.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jón Þorláksson.

Ed. **462. Nefndarálit**

um frumv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 10. mars 1928.

Erlingur Friðjónsson, form. og frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Halldór Steinsson.

Ed. **463. Lög**

um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og vinnuhæli.

(Afgreidd frá Ed, 12. mars).

Landsstjórninni skal heimilt að verja af ríkisfje alt að 100 þús. kr. til að undirbúa og láta reisa betrunarhús og vinnuhæli, þar sem skilyrði þykja góð, til að fangar og slæpingar, sem ekki vilja vinna fyrir sjer eða sínum, geti stundað holla og gagnlega vinnu.

Ed. **464. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 11, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

2. gr. laga nr. 11, 4. júní 1924, skal orða svo:

Umsjónarmaður kirkjugarðsins í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksrjettur. Fjármálaráðuneytið setur reglur um fjárskil og bókhald, metur tryggingu, er umsjónarmaður setur fyrir fjárgæslu, og ákveður þóknun til hans fyrir innheimtuna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Ed. **465. Breytingartillaga**

við frv. til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá dómsmálaráðherra.

Fyrri málsl. 11. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

Nd. **466. Frumvarp**

til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað embætta bæjarfógeta og núverandi lögreglustjóra í Reykjavík komi þessi embætti: Lögmannsembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Undir lögmann komi þessi störf: Dómsmál önnur en sakamál og almenn lögreglumál. Skiftamál, fógetagerðir, uppboð, þinglýsingar, nótarialgerðir, yfirfjárráð ólögráðra, borgaraleg hjónavígsla, hjónaskilnaðarmál, dómkvaðning manna og skipun þeirra opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af bæjarfógeta. Afgreiðsla leyfisbrjefa til að sitja í óskiftu búi. Kosningar til Alþingis.

3. gr.

Lögreglustjóri hefir á hendi: Lögreglustjórn, meðferð sakamála og almennra lögreglumála og að leggja dóm á þau. Strandmál, lögskráning skipshafna, mæling og skrásetning skipa. Heilbrigðismál, firmaskrásetning, vegabrjef, úrskurðun fátækramála, umsjón hegningarhússins í Reykjavík. Útnefning matsmanna og skoðunarmanna utan rjettar, afgreiðslu leyfisbrjefa til atvinnurekstrar, löggilding atvinnubóta, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, hlunninda og aflaskýrslur og manntal í Reykjavík.

4. gr.

Tollstjóri hefir forstjórn tollgæslu, aðalinnheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til Slysatryggingarinnar, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, svo og innheimtu annara gjalda, sem lögreglustjóri hefir innheimt hingað til og ekki eru falin lögreglustjóra samkvæmt þessum lögum.

5. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar annars, hvernig skift skuli milli lögreglustjóra og tollstjóra störfum þeim, er fylgt hafa núverandi lögreglustjóraembætti og ekki eru sjerstaklega talin í 3. og 4. gr., og hver störf skuli falla undir embætti lögreglustjóra af þeim, sem hnigið hafa undir núverandi bæjarfógetaembætti, en eigi eru nefnd í 2. og 3. gr.

6. gr.

Verslunarstaðurinn að Skildinganesi við Skerjafjörð heyrir að öllu leyti undir umdæmi Reykjavíkur um tollgæslu og lögreglustjórn.

7. gr.

Um framkvæmd tollgæslu, hve margir skuli tollverðir og um skil á innheimtum gjöldum skipar fjármálaráðherra fyrir með reglugerð, svo og um innheimtulaun af uppboðsandvirði.

8. gr.

Lögmaður, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 kr., en launin hækka eftir 2, 4 og 6 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 9000 kr.

Kostnaðurinn við rekstur þessara embætta greiðist úr landssjóði. Allar aukatekjur, er embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Alt það fje, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxtast til hagnaðar fyrir eigendur þess.

9. gr.

Rjett eiga umræddir embættismenn til að fá sjer skipaða fulltrúa til að framkvæma sjerstök störf, eftir því sem nauðsyn krefur.

10. gr.

Lög nr. 26, 26. okt. 1917, um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og um sjerstaka tollgæslu í Reykjavíkurkaupstað, eru úr gildi feld.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929. Frá sama tíma eru bæjarfógetaembættið og núverandi lögreglustjóraembætti í Reykjavík lögð niður.

Ed. **467. Frumvarp**

til laga um þinglýsing skjala og aflýsing.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal hafa afsals- og veðmálabækur með tilheyrandi skrám, eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar hafa á hendi þinglýsing skjala og sjá um framkvæmd laga þessara, nema öðruvísi sje fyrir mælt sjerstaklega.

3. gr.

Skjal, sem þinglýsa á, skal afhenda dómara í því lögsagnarumdæmi, þar sem þinglýsing á fram að fara.

4. gr.

Skjali, sem snertir fasteign eða skráningarskylt skip, skal þinglýsa í þeirri þinghá, sem eignin er eða skipið skráð eða óskast skráð.

Skjali um báta, 5—12 smálesta að stærð, skal þinglýst þar, sem eigandi á lögheimili. Um minni báta en 5 smálestir fer sem um lausafje.

Skjali, sem ekki snertir fasteign eða skip, skal þinglýst þar, sem sá er búsettur, sem tekur á sig skyldur með skjalinu eða rjettur hans er takmarkaður með því.

Öðrum skjölum, sem þinglýsa á, má þinglýsa þar, sem sá óskar, sem afhendir skjal.

Nú snertir skjal bæði fasteign eða skip og mann persónulega, og skal því þá bæði þinglýst á varnarþingi fasteignar eða heimilisstað skips og á varnarþingi aðilja, ef þinghár þessar eru ekki hinar sömu.

5. gr.

Sá, sem vill fá skjali þinglýst, skal afhenda það í tveim samhljóða frumritum, eða í frumriti og eftirriti. Að minsta kosti annað frumritið eða eftirritið skal ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðherra hefir löggilt til þess. Pappír þessi skal vera hentugur bæði til áritunar með ritvjel og penna og til sölu við hæfilegu verði hjá öllum bóksölum landsins, sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum og hreppstjórum.

6. gr.

Þegar dómara er afhent skjal til þinglýsingar, skal hann sannreyna, að bæði eintök skjalsins sjeu samhljóða, og að því búnu ritar hann á bæði eintökin vottorð um móttökudag og stund, merkir þau bæði á sama hátt og afhendir síðan frumritið, ef eftirrit fylgir, en ella það eintakið, sem stimplað kann að vera. Ef hvorugt frumritið er stimplað, afhendir hann það, er honum sýnist.

7. gr.

Þinglýsing skjala fer fram á þann hátt, að dómari les upp á manntalsþingi, en í Reykjavík á bæjarþingi, skrá yfir þau skjöl, sem honum hafa borist í þessu skyni síðan síðasta manntalsþing í þeirri þinghá eða síðasta bæjarþing var háð.

Í skrá þessari skal getið, hver sje eigandi skjals, útgefandi þess, tegund

og fjárhæð, ef nokkur er, veðsetninga og annars, sem þarf til þess að einkenna skjalið greinilega.

8. gr.

Gildi þinglýsingar telst frá því skjal er afhent dómara. Ef tvö skjöl, sem ekki geta samrýmst, eru afhent samtímis til þinglýsingar, hefir það forgangsrjett, sem fyr er dagsett. Ef bæði eru dagsett á sama degi, eru bæði jafnrjetthá.

9. gr.

Þegar skjal er afhent til þinglýsingar, skal dómari rannsaka, ef um fasteign eða skip er að ræða, hvort útgefandi hefir þinglýsta eignarheimild og hvort áður hefir verið þinglýst nokkuð það, sem fer í bága við eða rýrir gildi hins nýja skjals. Ef brestur er á um þetta, ritar dómari athugasemd um það á bæði eintök skjalsins, áður en hann afhendir annað þeirra.

10. gr.

Þau samrit þinglýsingarskjala, sem ekki eru afhent þeim, er þinglýsingar beiðast, og eftirritin, geymast með embættisskjölum dómara á tryggum stað í sjerstöku skjalahylki, uns svo mikið er komið, að hæfilegt er í bók. Skulu samritin og eftirritin þá fest eða bundin í skinnband, og eru þær bækur afsals- og veðmálabækur lögsagnarumdæmisins ásamt þeim, sem þegar eru. Kostnaður af bandi bóka þessara telst til skrifstofukostnaðar.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um stærð veðmálabóka og annað, sem rætt er um í þessari gr.

11. gr.

Skrár þær, sem getur um í 1. gr., skulu vera skinnbundnar bækur, ein eða fleiri í hverju lögsagnarumdæmi. Í skrám þessum skal ætla hverri fasteign í lögsagnarumdæminu og hverju skipi, 5 smálestir eða stærri, að minsta kosti eitt blað, og skal jafnóðum og skjöl eru afhent til þinglýsingar geta þess skjals á blaði fasteignar eða skips í rjettri röð eftir afhendingu, þannig að nægilegt sje, þegar veðbókarvottorð eru gefin, að gefa þau eftir því, sem þar er skráð. Ennfremur skal halda skrár eftir stafrófsröð, og skal þar ætla hverjum bókstaf hæfilega mörg blöð, og skal þar á sama hátt getið skjala, sem ekki snerta fasteign eða skip. Fyrsti bókstafur í nafni útgefanda skjalsins segir til um, hvar slíkt skjal skuli skráð.

Þangað til fengin er í lögsagnarumdæmi ný eða nýjar skrár samkvæmt lögum þessum, má um skip nota skipaskrárnar, eins og segir í 2. gr. laga nr. 20, 10. nóv. 1907.

Sjerstakar lóðaskrár, skipaskrár og bifreiðaskrár skal halda þar, sem það telst nauðsynlegt.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag skránna, er í þessari grein getur.

12. gr.

Nú er þinglýsingarskjal ekki að stærð eins og fyrirskipað er, eða ekki þannig ritað, að hægt sje að binda það í bók, eða það er mjög ógreinilegt,

eða eintökin ósamhljóða, eða skjalið hefir aðra svo verulega ágalla, að ekki þykir fært að taka það til þinglýsingar og innfestingar í afsals- og veðmálabók, og má þá dómari neita um þinglýsingu, þar til úr er bætt.

13. gr.

Nú er skjal afhent dómara til aflýsingar, og skal hann þá þegar afmá það úr afsals- og veðmálabókum með því að rita á skjalið í bókinni, að því sje aflýst, og tilgreina ár og dag og setja nafn sitt undir. Hann skal einnig strika yfir skjalið, svo að greinilega sjáist, að aflýst sje skjalinu, þó þannig, að engin vandkvæði sjeu á að lesa það síðar. Skjal það, sem afhent var til aflýsingar, fær dómari aðilja aftur með áritun um, að því sje aflýst og það afmáð úr afsals- og veðmálabókum umdæmisins.

Á næsta manntalsþingi eða bæjarþingi skal lesin upp skrá yfir hin aflýstu brjef, eins og segir í 7. gr. um þinglýsingar.

Um leið og skjal er afmáð úr afsals- og veðmálabók, skal strikað yfir það, sem um skjalið er skráð í skrám þeim, er 11. gr. ræðir um, þó þannig, að engin vandkvæði sjeu á að lesa það síðar.

14. gr.

Nú er veðsett fasteign eða skip selt á nauðungaruppboði eða fengið veðhafa til eignar af skiftaráðanda eða fógeta, án þess að síðari veðhafar hafi fengið greiðslu af því, er fasteignin eða skipið var selt eða látið fyrir, og skal þá afmá úr afsals- og veðmálabókunum þau veðbrjef, sem þannig falla úr gildi. Til þess að slík veðbrjef verði máð úr bókunum þarf ekki að afhenda þau dómara, en geta skal hann þess í áritun sinni á brjefið í bókinni, hvers vegna það er afmáð.

15. gr.

Nú hefir þinglýst skjal verið ómerkt með dómi, og má þá afmá það úr afsals- og veðmálabókum eftir reglum 14. gr., ef dómhafi óskar.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929, og frá sama tíma falla úr gildi þessi lagaboð:

Dönsku laga 5—3—28 til 30,
Opið brjef 22. apríl 1817, 1. og 2. gr.,
Tilskipun 24. apríl 1833,
Opið brjef 28. apríl 1841,
Lög nr. 16, 16. sept. 1893, 1. gr.,
Lög nr. 20, 16. nóv. 1907, að því leyti sem þau snerta þinglestur, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Nd. **468. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1929 og við brtt. á þingskjali 435.

I. Frá *Jóni Sigurðssyni, Lárusi Helgasyni, Pjetri Ottesen* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. VIII. 2. Nýr (3.) liður eftir aths.:
Til Magnúsar Þorlákssonar á Blikastöðum, til þess að halda uppi kenslu vor og haust í verklegri jarðyrkju og að vetrinum í bóklegri búfræði... 6000
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að námssveinar sjeu ekki færri en 8, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð um kensluna.

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við brtt. 435, XXXIII. Brtt. orðist svo:
Til bókasafna við unglingaskóla 2000

III. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 18. gr. II. g. 9. Nýr liður:
Til Jóhannesar L. L. Jóhannssonar 3500

Ed. **469. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

Frá dómsmálaráðherra.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Eimskipafjelag Íslands h/f skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1929 og 1930, enda greiði það ekki hluthöfum arð á því tímabili.
2. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
Árin 1929 og 1930 skal fjelagið einnig vera o. s. frv.
3. Á eftir 2. gr. skal koma ný grein, svo hljóðandi:
Meðan fjelagið er undanþegið tekju- og eignarskatti, skal því vera skylt að veita alt að 60 mönnum á ári ókeypis far til útlanda og heim aftur á skipum fjelagsins, 30 á hvoru farrými, fyrsta og öðru, samkvæmt úthlutun mentamálaráðs Íslands.

Nd. **470. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþyktir um sjúkraskýli og læknisbústaði (þskj. 178).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og komist að þeirri niðurstöðu, að rjett

muni vera að lögleiða eitthvað ákveðið viðkomandi sjúkraskýlum og læknisbústöðum. Þess virðist líka enn brýnni þörf með tilliti til þess, að nær því árlega eiga sjer stað framkvæmdir á því sviði í ýmsum hjeruðum landsins.

Samkvæmt 9. gr. frv. er gert ráð fyrir því, hvernig að skuli farið þegar samþyktarsvæðið nær yfir hluta úr 2 sýslum. Í þeim tilfellum, að samþyktarsvæðið nái yfir hluta úr tveimur sýslufjelögum innan sama lögsagnarumdæmis, virðist nefndinni mega taka það fram í frv., hvernig að skuli farið án þess að leita ákvæða stjórnarráðsins. Leggur hún því til, að inn í frv. verði bætt nýrri grein, sem verði 3. gr.

Nefndinni virðist tæplega rjett, að gjöld þau, sem frv. gerir ráð fyrir, sjeu það rjettarhærri en almennar skuldir, að þeim fylgi lögtaksrjettur. Leggur hún því til, að 6. gr. frv. falli niður.

Samkvæmt framanskráðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á eftir 2. grein komi ný grein, sem verði 3. gr.:
   Nú stendur svo á, að læknishjerað nær yfir hluta úr tveimur sýslufjelögum, sem eru innan sama lögsagnarumdæmis, og skal þá oddviti sýslunefndar kveðja til fundar sýslunefndarmenn þeirra hreppa, er samþyktin nær yfir, og semja þeir frumvarp að samþyktinni, og sje að öðru leyti farið með sem segir í 2. gr.
2. 6. gr. falli niður.
   Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 12. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður. Hákon J. Kristófersson, frsm. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Magnús Guðmundsson. Bernh. Stefánsson.

Ed. **471. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um mentamálaráð Íslands.

Frá Erlingi Friðjónssyni og Páli Hermannssyni.

Við 2. gr. d-liður orðist svo:

Að leggja samþykki á teikningar af kirkjum þjóðkirkjusafnaða, bæði nýbyggingum og breytingum, svo og hvar kirkja skuli standa.

Ennfremur að kaupa altaristöflur handa kirkjum þjóðkirkjusafnaða, eftir því sem fje er til þess lagt frá hlutaðeigendum.

Nd. **472. Frumvarp**

til laga um mentamálaráð Íslands.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Eftir alþingiskosningar skal í sameinuðu Alþingi kjósa með hlutbundnum kosningum fimm manna nefnd, er starfar alt kjörtímabilið og kallast mentamálaráð Íslands. Hlutgengur í nefndina er hver íslenskur borgari, sem hefir kosningarrjett til Alþingis og er búsettur í Reykjavík, eða svo nærri bænum, að hann eigi auðvelt með að sækja þangað daglega fundi. Mentamálaráðið skiftir sjálft með sjer verkum í byrjun hvers kjörtímabils, og skal þóknun fyrir störf þess ákveðin í fjárlögum. Annar nauðsynlegur kostnaður greiðist af skrifstofufje stjórnarráðsins.

2. gr.

Hlutverk mentamálaráðs Íslands er:

a. Að úthluta árlega því fje, sem Alþingi veitir til viðurkenningar skáldum og listamönnum.
b. Að kaupa fyrir landsins hönd listaverk fyrir það fje, sem kann að vera veitt í því skyni í fjárlögum.
c. Að hafa yfirumsjón með listaverkasafni landsins og undirbúa, eftir því sem unt er, byggingu listasafns í Reykjavík.
d. Að leggja samþykki á teikningar af kirkjum þjóðkirkjusafnaða, bæði nýbyggingum og breytingum, svo og hvar kirkja skuli standa. Ennfremur að kaupa altaristöflur handa kirkjum þjóðkirkjusafnaða, eftir því sem fje er til þess lagt frá hlutaðeigendum.
e. Að úthluta námsstyrk, er árlega greiðist úr ríkissjóði til stúdenta og annara nemenda erlendis. Skal mentamálaráðið við úthlutun námsstyrks veita fyrst og fremst til þess náms, sem sýnilega er mest þörf fyrir í landinu, og sje út af þeirri reglu brugðið, þá aðeins þar sem um alveg óvenjulega sjerhæfileika er að ræða. Að öðru leyti skal við úthlutun þessa námsstyrks farið eftir hæfileikum nemenda, dugnaði og reglusemi. Mentamálaráðið skal eftir fremsta megni, með aðstoð sendimanna Íslands erlendis, hafa eftirlit með, að styrkþegar fari vel með fje sitt og tíma, og sje sannanlega út af brugðið, getur nefndin svift þá framhaldsstyrk.
f. Að úthluta ókeypis fari milli Íslands og annara landa til manna, sem fara til útlanda til alþjóðargagns.
g. Að hafa á hendi yfirstjórn sjóða, er stofnaðir kunna að verða með sjerstökum lögum til eflingar lista og vísinda á Íslandi, enda sje mentamálaráðinu falið þetta vald í stofnskrám sjóðanna.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **473. Nefndarálit**

um frumv. til laga um fiskiræktarfjelög.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eins og kunnugt er, voru hjer á landi langt fram eftir öldum mikil veiðinot í ám og vötnum. En sökum hóflausrar rányrkju hafa þessi hlunnindi farið smáþverrandi með ári hverju. Það er því kominn tími til að reyna að koma í veg fyrir, að þessar landsnytjar verði upprættar með öllu, og helst þyrfti að auka þær frá því sem nú er, ef unt er.

Nú mun það álit mjög margra manna, að með klaki megi auka lax- og silungsgöngu stórkostlega í veiðivötnum hjer á landi.

Engin lagafyrirmæli eru um það, á hvern veg menn geta bundist samtökum um það. Til þess að þetta starf megi verða unnið vel og skipulega, er áreiðanlega nauðsynlegt, að lög sjeu sett um þetta efni.

Frumvarp þetta á að ráða bót á þessu, og vonast nefndin til, að á þennan hátt verði mönnum greiðara að koma á samtökum um laxa- og silungaklak heldur en ef menn hafa engan lagastaf við að styðjast.

Nefndin vill því mæla með frumv., að það nái fram að ganga með nokkrum breytingum. En þar sem þessar breytingar eru allar smávægilegar, þykir ekki þörf á að fjölyrða um þær sjerstaklega. Mun gerð grein fyrir þeim í framsögu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir orðið »fiskimagn« í 2. málsgr. komi: fiskiauð.
   b. Á eftir 2. málsgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Til friðunar á fiski og útrýmingu sels þarf samþykki $^4/_5$ atkvæðisbærra fjelagsmanna.
2. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðinu »eigendur« í fyrstu málsgr. komi: (eða ábúendur, samanber þó 6. gr.).
   b. Fyrir orðin »og skal þá boða eiganda eða eigendur« í fyrstu málsgr. komi: og skal þá boða eiganda (ábúanda, sbr. 6. gr.) eða eigendur (ábúendur, sbr. 6. gr.) o. s. frv.
   c. Á eftir orðunum »lönd eiga« í 2. málsgr. komi: (eða leigja).

3. Við 6. gr. Greinina skal orða svo: Nú er jörð, sem land á að fiskisvæði fjelagsins, í byggingu með þeim kjörum, að landsdrottinn telur sjer ekki skylt að taka þátt í fjelagsskapnum, og skal þá boða leiguliða á stofnfund. Stofnfundur getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast fjelagi í stað eiganda. Afl atkvæða ræður úrskurði, en ekki skal hlutaðeigandi leiguleiði greiða atkvæði um þann úrskurð.

   Skylt er landsdrotni, þegar leiguliði fer frá jörð, að greiða eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins.
4. Við 10. gr. Á eftir 1. málsgr. komi: Sama gildir og um leigjendur, þegar ábúendaskifti verða, ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir.

Alþingi, 12. mars 1928.

Lárus Helgason, form. Jörundur Brynjólfsson, frsm. Jón Ólafsson, fundaskr.
Einar Jónsson. Bernharð Stefánsson.

Nd. **474. Breytingartillögur**

um frumv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá Bernharði Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist:

   Heimilt er þó innlendum verksmiðjum að selja til útlanda síld, lagða í olíu eða krydd, í dósum.
2. Við 2. gr. Á eftir »Útgerðarmannafjelagi Akureyrar« í 3. málslið komi: og Útgerðarmannafjelagi Siglufjarðar.
3. Við 3. gr. Við greinina bætist:

   Framkvæmdarstjórar mega ekki reka síldarútveg eða síldarsöltun.
4. Við 10. gr. Fyrir »Akureyri« komi: Siglufirði.

Ed. **475. Nefndarálit**

um frv. til laga um Gagnfræðaskóla Reykjavíkur.

Frá mentamálanefnd.

Mentamálanefnd hefir gert sjer allmikið far um að íhuga frumvarp þetta og kynna sjer sem best ýms þau atriði, er standa í sambandi við málefnið.

Hefir nefndin í því sambandi leitað álits og upplýsinga fræðslumálastjóra. Einnig haldið einn sameiginlegan fund með mentamálanefnd Nd.

Allir nefndarmenn eru sammála um það, að hin mesta þörf sje á skóla hjer í Reykjavík, er geti veitt ungmennum þá framhaldsfræðslu — eftir að þau koma úr barnaskólunum — sem nauðsynleg verður að teljast hverjum borgara þjóðfjelagsins.

Einnig er nefndin ásátt um það, að þar sem nú býr fullur fimti hluti allra landsmanna í Reykjavík, þá sje bersýnilegt, að úr þessu verði ekki til lengdar komist hjá því að verða við rjettmætum kröfum um ungmennaskóla hjer í bænum.

Hinsvegar eru nefndarmenn ekki að öllu sammála um þær leiðir, sem beri að fara í skólamálinu. Tveir nefndarmennirnir líta svo á, að rjett sje, að minsta kosti í byrjun, að taka þá stefnu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir: að byrja í smáum stíl, þreifa sig áfram, láta reynsluna segja til, hvað við á, og skólann að vissu leyti vaxa upp með kynslóðinni, sem á að njóta hans.

Þess vegna er gert ráð fyrir mörgum námsgreinum, sem svo má velja um, og tímakennurum, sem síðar gætu orðið fastir starfsmenn, er reynslan hefði sýnt — bæði sjálfum þeim og öðrum — að starfið væri þeim hugleikið og færi vel úr hendi.

Nokkuð líkt yrði um húsakost skólans. Fyrst yrði að notast við lánuð hús, en með tímanum eignaðist skólinn — með atbeina ríkisins og bæjarfjelagsins — þau hús, er reynslan sýndi, að hann þarfnaðist. Tvent gæti unnist með þessu: reynslan gæfi sínar bendingar um þörfina og húsin ættu að verða að mun ódýrari í heild.

Einn nefndarmaður (J. Þ.) vill þegar í upphafi ákveða eða heimila nokkru frekari aðgerðir skólanum til eflingar en í frv. felst. Mun hann með breytingartillögum, svo og í sjerstakri framsögu, skýra deildinni frá sjerstöðu sinni.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Við skóla þennan skipar stjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri jafnan njóta sömu launakjara sem forstöðumaður kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara sem fyrsti kennari sama skóla.

Alþingi, 12. mars 1928.

Páll Hermannsson,	Erlingur Friðjónsson,	Jón Þorláksson,
form. og frsm.	fundaskrifari.	með fyrirvara.

Nd. **476. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 75, 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt mál sátt um frv. þetta. Meiri hl. vill fella það og færir sem ástæður, að ferðalög sjeu svo erfið og dýr hjer á landi, að ekki sje rjett að íþyngja þeim með sköttum.

Þó að minni hl. viðurkenni þessa skoðun að nokkru, þá lítur hann samt svo á, að þeir, sem mest not geta haft af samgöngunum og nota þær mest, ættu að leggja nokkuð af mörkum fram yfir hina, sem ekki nota þær, en aðeins greiða fje til þeirra, og þá einkum ef það fje, sem þannig fengist, væri notað til aukinna samgöngubóta. Þessi skoðun minni hl. hefir og verið viðurkend á Alþingi. Á þinginu 1921 voru samþykt lög um bifreiðaskatt, og skyldi honum varið til þess að auka og bæta bílfæra vegi. Með frv. því, sem hjer liggur fyrir, er stigið hliðstætt spor í þá átt að efla samgöngur á sjó. En til þess að tryggja þetta enn betur vill minni hl. nefndarinnar leggja til, að það fje, sem kemur inn á þennan hátt, verði látið renna í sjerstakan sjóð, sem á sínum tíma verði varið til þess að kaupa og starfrækja nýtt strandferðaskip.

Við leggjum því til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Stimpilgjald þetta renni í sjerstakan sjóð, sem nefnist Siglingasjóður Íslands. Skal honum varið til styrktar og eflingar strandferðum. Sjóðurinn er undir umsjón landsstjórnarinnar.

Alþingi, 13. mars 1928.

Halldór Stefánsson, form.	Hannes Jónsson, frsm. minni hl.

Ed. **477. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Þetta frumv. gerir tvær höfuðbreytingar á Landsbankalögunum. Hin fyrri er sú, að ákveða í lögunum, að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum

Landsbankans. Þar til landsbankalögin voru samþykt í fyrra, mátti það heita sameiginlegt álit flestra manna, að ríkissjóður, sem eigandi bankans, bæri ábyrgð á öllum skuldbindingum hans. Hefir verið geigur í mörgum vegna takmörkunar á ábyrgð ríkissjóðs, er gerð var í fyrra, og er sú takmörkun aðalástæðan til þess, að nú, tæpu ári eftir að landsbankalögin komu í gildi, eru fluttar breytingar á þeim, og mun sú breyting, er frumv. í þessu gerir ráð fyrir, eiga óskift fylgi alls almennings í landinu.

Hin höfuðbreytingin er á stjórnarfyrirkomulagi bankans. Hjer er tekið upp það fyrirkomulag um stjórn, er millilþinganefndin í bankamálum frá 1925 stakk upp á. En það er að hafa mannmarga yfirstjórn, er Alþingi kýs, og sjeu þeir menn ólaunaðir. Velji þeir síðan 4 menn í bankaráðið, en ráðherra skipar formann, svo sem nú er. Að taka svo mannmarga yfirstjórn sem Landsbankanefndin er, hefir þá kosti, að mikill hluti þeirra manna, er mestu ráða um löggjöf í landinu, á að gæta hagsmuna bankans. En slíkt er afar mikils virði fyrir þjóðbanka landsins, sem á að hafa forgöngu í peningamálum þjóðarinnar. En af þessari algerðu breytingu á yfirstjórn bankans leiðir aftur, að þetta stjórnarfyrirkomulag verður að koma til framkvæmda þegar lögin hafa verið samþykt.

Meiri hluta fjárhagsnefndar þykir rjett að heimila ríkisstjórninni að leggja seðlabankanum stofnfje til viðbótar því, er segir í 2. gr. frv., og kallar það viðbótarstofnfje. Er ætlast til, að bankinn greiði vexti af þessu viðbótarstofnfje, er það, eða einhver hluti þess, hefir verið lagt fram.

Flytur nefndin breytingartillögur um þetta.

Um aðrar tillögur meiri hlutans verður rætt í framsögu.

Það er tillaga meiri hluta nefndarinnar, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. 1. grein skal hljóða svo:

   3. málsgrein 1. greinar laganna skal orða svo:

   Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, sbr. 15. gr., þarf sjerstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknum lánum þeim, er ræðir um í lögum nr. 10, 31. maí 1927, svo og lánum þeim, er koma kunna í stað þessara lána.
2. 2. grein skal hljóða svo:

   5. grein hljóði svo:

   Innskotsfje það, 2 miljónir króna, er ákveðið var með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum, skal teljast stofnfje seðlabankans. Auk þess skal ríkisstjórninni heimilt að leggja fram úr ríkissjóði viðbótarstofnfje handa seðlabankanum, alt að 3 miljónum króna. Seðlabankinn skal safna varasjóði samkvæmt 24. grein.
3. 3. grein skal hljóða svo:

   24. gr. hljóði svo:

   Tekjuafgangur hvers árs rennur í varasjóð. Leggi ríkissjóður fram

viðbótarstofnfje samkvæmt 5. grein, skal bankinn greiða ríkissjóði af því fje 6% í ársvexti, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins.

4. Í stað »fimm ára« í 1. málslið 6. greinar komi: þriggja ára.
5. 21. grein skal hljóða svo:

55. gr. verður 60. gr. og hljóði þannig:

Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1928. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, er fer með bankamál, formann bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd eigi síðar en 1. janúar 1930.

6. Í stað »1928« í 25. gr. komi: 1929.
7. Í stað 26. gr. komi 3 nýjar greinar, er verði 26., 27. og 28. gr., svo hljóðandi:
   a. 61. gr. verður 66. gr.
   b. 62. gr. verður 67. gr. og hljóði þannig:

   Ríkisstjórninni er heimilt að taka nauðsynleg lán til greiðslu á viðbótarstofnfje bankans samkvæmt 2. málslið 5. gr. þessara laga.
   c. 63. og 64. gr. verða 68. og 69. gr., en í stað orðanna »42. gr.« í niðurlagi 63. gr. komi: 47. gr.
8. Upphaf 29. gr. skal orða svo:

Lög þessi ganga þegar í gildi. Þá er þau hafa öðlast staðfestingu konungs, o. s. frv.

Greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 14. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr. og frsm.	Einar Árnason.

Ed. **478. Lög**

um kynbætur nautgripa.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars).

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 8 mánaða ganga laus í heimahögum eða afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi, þar sem ekki er nautgriparæktarfjelag, skal vera nautgripakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum. Um kosning í nefndina fer

eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd. Nefndin skal kosin í fyrsta sinni á vorhreppaskilaþingi 1928, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

Nú er nautgriparæktarfjelag starfandi í hreppnum, viðurkent og styrkt af Búnaðarfjelagi Íslands, og er þá stjórn þess sjálfkjörin kynbótanefnd og hefir allar sömu skyldur og rjettindi sem kynbótanefnd kosin á almennum sveitarfundi hefir eftir lögum þessum.

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan sjeu til innan hrepps eða utan hæfilega mörg naut, kyngóð og efnileg, til undaneldis í hreppnum. Naut þau, sem kynbótanefnd velur í þessu skyni, skal hún taka á leigu, kaupa eða tryggja hreppsbúum afnot þeirra á annan hátt, eftir því sem hún hefir heimildir til og telur rjett. Semur hún þá um leiguna eða afnotin, svo og um greiðsluskilmála. Skal nefndin gera hreppsbúum ráðstafanir sínar kunnar, og er öllum óheimilt að nota önnur naut til undaneldis en þau, sem til þess hafa verið valin af kynbótanefnd.

Nú eru einhverjir hreppsbúa svo afskektir, að þeir geta ekki notað naut í samlögum við aðra, og er þá kynbótanefnd rjett að undanþiggja þá þeim skyldum og rjettindum, sem starfsemi þessari fylgja.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að nautgripakynbótum, nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann í fjelagi o. s. frv.

Kynbótanefnd getur leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef örugt þykir, að þau geti engan skaða gert. Þó ber eigandi ábyrgð á, ef skaði hlýst af.

4. gr.

Öll kynbótanaut, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á nautgripasýningum, sem Búnaðarfjelag Íslands hefir styrkt, skal merkja með aluminium-merki í hægra eyra, og sjeu í það mótaðir stafirnir Kn, og skal sjá um, að þessi merki sjeu jafnan glögg.

Nú sannast, að einhver hefir merkt naut þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi það ekki hlotið verðlaun eins og fyr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkt naut, hvar sem það hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa því sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

5. gr.

Öll naut eldri en 8 mánaða, sem ekki eru ætluð til undaneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda eða halda í öruggri vörslu vor hvert, þegar kýr eru leystar út. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýst af. Taka má slík naut, hvar sem þau hittast, nema í öruggri vörslu sjeu, og ráðstafa þeim sem óskilagripum og selja án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist naut merkt Kn í hægra eyra gæslulaust án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er það var valið

fyrir sem undaneldisnaut, og skal þá taka það í örugga gæslu, og ef þörf gerist á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart, svo fljótt sem unt er.

Ef nautsins er ekki vitjað og eigi er greiddur áfallinn kostnaður, áður en liðnar eru 2 vikur frá því að það var tekið, má ráðstafa því sem óskilagrip og selja með fjögra vikna innlausnarfresti.

7. gr.

Hreppskilafundur ákveður þóknun fyrir starf kynbótanefndar.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, leigu eftir kynbótanaut, fóður, hirðingu, kostnað við girðingu o. s. frv., jafnar nefndin niður á allar þær kýr, sem bera í hreppnum á því ári, þó svo, að aldrei verði hærra gjald en 8 kr. fyrir hverja kú. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til kynbótanefndar, eða þeirra manna, er hún felur innheimtuna, á þeim tíma, er hún tiltekur, og er gjaldið lögtakskræft. Nú verður kostnaður meiri en hámarksgjaldi nemur á hverja kú, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.

Atvinnumálaráðuneytið sker úr ágreiningi út af greiðslu kostnaðarins.

8. gr.

Nautgripakynbótanefnd skal bóka ályktanir sínar og aðrar gerðir, svo sem reikninga, skýrslur, brjef o. fl.

Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Nefndarfundir eru lögmætir og ályktunarfærir, þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir eru sammála. Formaður nefndarinnar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld kynbótastarfseminnar eftir hver áramót. Reikningurinn skal yfirskoðaður af hreppsnefnd og lagður fram á vorhreppaskilaþingi.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—500 krónum, er renna að hálfu í sveitarsjóð þar, sem brotið verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð þar, sem hinn seki á heima.

10. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna getur atvinnumálaráðherra sett með reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1928.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 20. nóvember 1905, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Ed. **479. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað »til ársloka 1927« í 2. málsgr. 1. gr. laganna komi: til ársloka 1930.

2. gr.

Gengisviðaukinn á tolli af kaffi og sykri fellur niður frá 1. janúar 1929.

Ed. **480. Frumvarp**

til laga um sundhöll í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að leggja alt að 100 þús. kr., móti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, til að byggja sundhöll í Reykjavík, er sje fullbúin til afnota vorið 1930, með þeim skilyrðum, sem hjer segir:

a. Að Reykjavíkurbær leggi sundhöllinni til ókeypis heppilega lóð nærri hinum nýja barnaskóla bæjarins og heitt laugavatn, eftir að það hefir gengið gegnum hitaleiðslur þess skóla.
b. Að ráðuneytið samþykki uppdrátt og lýsingu af sundhöllinni og legu hennar, enda sje hún eign bæjarfjelagsins.
c. Að nemendur úr skólum, sem landið kostar að meira eða minna leyti, í Reykjavík, fái ókeypis aðgang til æfinga í sundhöllinni, eftir nánara samkomulagi milli bæjarstjórnar og stjórnar landsins.
d. Að Reykjavíkurbær kosti viðhald og rekstur sundhallarinnar, en selji þó ekki almenningi aðgang dýrari en þarf til að fyrirtækið beri sig. Aðgangseyrir skal ákveðinn í gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.

Nd. **481. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefir athugað frumv. þetta og er þeirrar skoðunar, að fylsta ástæða muni vera til þess að banna dragnótaveiði, með þeim undantekningum, sem til eru teknar í þessu frumvarpi.

Um margra ára skeið hafa kolaveiðar verið stundaðar á nokkrum stöðum með ströndum landsins. Sú raun hefir þar á orðið, að kolinn hefir þorrið á þessum veiðistöðum, svo að sumstaðar þar, sem alloft veiddist vel áður, er nær engin kolaveiði nú. Þá er og fullvíst, að sum þessara veiðitækja, sem notuð eru, t. d. Snurrevaad, skemma botngróðurinn að miklum mun, og eyðileggja á þann hátt það skjól og þau lífsskilyrði, sem fiskseiði hafa í þessum gróðri. Er langsennilegast, að með þessu móti sje enn meira eyðilagt af fiski heldur en það, sem veiðist.

Nú eru nokkrar horfur á því, að þessi veiði verði aukin að mun frá því, sem áður hefir verið. Má vera, að menn hefðu þessarar veiðar nokkrar nytjar um fárra ára skeið, á meðan verið er að uppræta þessar fiskitegundir. Það er þess vegna alveg víst, að hjer er ekki nema um stundarhag að ræða, örfárra manna, sem síðar meir, þegar á alt er litið, verður miklu meir til tjóns en gagns. Slíkt framferði í veiðiskap teljum vjer með öllu órjettmætt og óviðurkvæmilegt.

Tveir nefndarmanna (Ó. Th. og J. Jós.) vilja þó, að heimilt sje að veiða á sama hátt og hjer til hefir tíðkast 3 haustmánuðina (frá 1. sept.—30. nóv.) og hafa áskilið sjer rjett til að bera fram breytingartillögur við frv. í þessa átt, en eru að öðru leyti frv. fylgjandi.

En hinir þrír nefndarmanna (Jör. B., S. Á. Ó. og Sv. Ó.) vilja samþykkja frv. með þeirri breyting einni á því, sem öll nefndin ber fram.

Nefndin mælir með frv. með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. skal orða svo:

   Hvarvetna í landhelgi við Ísland skulu veiðar með dragnótum bannaðar, með undantekningum þeim, sem 2. gr. nefnir.

   Til dragnóta teljast nætur þær, er til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (Snurrevaad).
2. 2. gr. falli burt.
3. 3. gr., er verður 2. gr., skal orða svo:

   Eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja, skal þó heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land. Einnig skal heimilt að króa af síld og ufsa við land, svo sem tíðkast hefir eftir fyrirmælum tilskipunar 12. febr. 1872, sem og að veiða síld í landhelgi með herpinót, þótt til botns taki.

   Eftir sjerstöku leyfi atvinnumálaráðherra, sem hverju sinni skal tímabundið, geta þeir fengið að nota dragnætur í landhelgi, sem fást við vísindalegar rannsóknir.
4. 2. málsgr. 4. gr. falli burt.
5. Við 7. gr. Í stað orðsins »landhelgissjóð« komi: fiskiveiðasjóð.

Alþingi, 14. mars 1928.

Sveinn Ólafsson, form.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Undirritaðir eru um ýmislegt ósammála ofanrituðu nefndaráliti, en fylgja frumv. með þeirri breytingu, að dragnótaveiði sje heimil frá 1. september til 30. nóvember árlega, og munu flytja breytingartillögu þess efnis.

Alþingi, 14. mars 1928.

Jóhann Þ. Jósefsson. Ólafur Thors.

Nd. **482. Nefndarálit**

um frv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir ekki getað orðið sammála um þetta frv.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að sómi þjóðarinnar liggi við, að hinn forni þingstaður og næsta umhverfi hans fái nauðsynlega vernd gegn öllum þeim ágangi, sem spillir fegurð og helgi staðarins. Telur hann allar þær ráðstafanir, er frv. gerir ráð fyrir, nauðsynlegar í þessu efni, og leggur því til, að það verði samþykt óbreytt eins og það kom frá hv. efri deild.

Alþingi, 14. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson, form., með fyrirvara.	Bernharð Stefánsson, frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.

Ed. **483. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 469 [Skattgreiðsla h/f Eimskipafjelags Íslands].

Frá Ingvari Pálmasyni og Jóni Þorlákssyni.

1. Við 1. Fyrir »arð« komi: hærri arð en fjóra af hundraði.
2. Við 3. Aftan við tillöguna bætist: alt að 10 með sömu skipsferð.

Ed. **484. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Af röksemdum þeim, sem fram eru bornar í máli þessu, hefi jeg sannfærst um, að nauðsynlegt muni vera fyrir Siglufjarðarkaupstað að hafa frekari

rjett til að leggja á útsvör en nú er. Tilvera kaupstaðarins byggist nær eingöngu á síldarútveginum, sem þar er stundaður í margfalt stærri stíl en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu, en tekjur kaupstaðarins af þessum atvinnuvegi sýnast stórlega minka eftir nýju útsvarslöggjöfinni. Jeg legg því til, að frumv. verði breytt í það horf, að það verði viðauki við útsvarslögin með sjerákvæði fyrir Siglufjörð til að leggja á þá, er þar reka síldarútveginn, kaupa og selja síld eða verka hana þar.

Það er því tillaga mín, að frumv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. frumv. skal orða svo:
   Á Siglufirði skal heimilt að leggja útsvör á skip eða báta, sem leggja þar upp síldarafla, og einnig á einstaka menn eða fjelög, er kaupa eða selja síld á Siglufirði, eða verka hana þar, án tillits til þess, hvar gjaldþegn á heimilissveit, enda má þá ekki leggja á gjaldþegn að því leyti í heimilissveit hans.
2. 2. gr. frumv. skal orða svo:
   Útsvör, sem lögð eru á eftir heimild 1. gr., falla í gjalddaga um leið og þau eru lögð á, nema innansveitarmenn eigi hlut að máli.
3. 3. gr. frumv. skal orða svo:
   Að öðru leyti fer um framkvæmd laga þessara eftir fyrirmælum laga nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, eftir því sem við á.
4. 4. og 5. gr. falli burt.
5. 6. gr., er verður 4. gr., skal orða svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
6. Fyrirsögn frumv. skal vera:
   Frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Alþingi, 14. mars 1928.

Jón Baldvinsson,
fundaskr., frsm. minni hl.

Nd. **485. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 435 [Fjárlög].

Frá Hjeðni Valdimarssyni og Magnúsi Jónssyni.

Við XXX. Fyrir: »Athugasemdin skal orðuð þannig« komi: Fyrri málsliður athugasemdarinnar skal orðaður þannig.

Ed. **486. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um Gagnfræðaskóla Reykjavíkur.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 6. gr. Fyrir orðin »ráðstafa árlega« og til loka greinarinnar komi: annast fjárstjórn skólans.
2. 7. gr. frumv. orðist þannig:

Heimilt er ríkisstjórninni að leggja fram $^2/_5$ hluta byggingarkostnaðar skólans, gegn $^3/_5$ hlutum annarsstaðar frá, og gegn því, að Reykjavíkurkaupstaður leggi til lóð undir skólann, sem ríkisstjórnin tekur gilda.

Kostnað við skólahaldið, annan en þann, sem getur í 4. gr., greiðir ríkissjóður að $^2/_5$ hlutum, en að öðru leyti skal greiða kostnaðinn af kenslugjöldum nemenda, og það, er til vantar, úr bæjarsjóði Reykjavíkur.

Nd. **487. Lög**

um búfjártryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 15. mars).

I. kafli.

Vátryggingarsjóðir sveitar- og bæjarfjelaga.

1. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfjelögum á Íslandi að stofna vátryggingarsjóði, með skylduábyrgð fyrir kýr, kynbótanaut, kynbótahesta og hrúta.

Verksvið sjóðanna og fyrirkomulag fer eftir lögum þessum og nánari ákvörðun reglugerðar.

Yfirstjórn þeirra mála, sem undir lög þessi falla, hefir atvinnumálaráðherra. Hann úrskurðar og ágreining, er rísa kann út af lögum þessum, nema um dómsmál sje að ræða.

2. gr.

Vátryggingarsjóður bætir $^4/_5$ hluta alls þess skaða, er eigendur eða afnotahafar vátrygðra gripa verða fyrir, af hverskonar vanhöldum gripanna, ef ekki er um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða handvömm hlutaðeigenda, þjóna þeirra eða nánustu erfingja, að áliti virðingarmanna sjóðsins.

Til vanhalda teljast dauðsföll gripa af sjúkdómum og slysum, svo og vanheimtur og afurða- og afnotamissir sakir veikinda og eðlisgalla (t. d. ófrjósemi kynbótadýra), eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

3. gr.

Aldrei má hafa í vátryggingu eldri gripi en hjer segir: hrúta 6 vetra, kynbótanaut 12 vetra, kýr 15 vetra og stóðhesta 18 vetra.

Lambhrúta má eigi taka í vátryggingu, fyr en liðnir eru 8 dagar frá bólusetningu. Svo getur og stjórn vátryggingarsjóðsins krafist þess, að vátrygðir hrútar skuli bólusettir veturgamlir og eldri, en ekki er heimilt, að sjóðurinn bæti skaðann, þótt hrútur farist af bólusetningu, nema stjórn sjóðsins hafi fyrirfram viðurkent þann, er bólusetur. Vátrygging á kynbótahestum nær til slysa af vönun, þó því aðeins, að dýralæknir, eða annar maður, er stjórn sjóðsins hefir viðurkent, vani.

4. gr.

Vátryggingarskylda hvílir á öllum eigendum þeirra gripa, sem taldir eru í 1. gr., þegar samþykt hefir verið á löglegan hátt að stofna vátryggingarsjóð, sbr. 7. gr.

5. gr.

Takast má vátryggingarsjóður á hendur almenna vátryggingu hrossa í þeim sveitar- og bæjarfjelögum, þar sem fóðurtrygging er í góðu lagi að áliti Búnaðarfjelags Íslands. Leita skal þó samþykkis ráðherra um þetta í hverju einstöku tilfelli.

6. gr.

Hvergi má vátryggja annarsstaðar þann $^1/_5$ hluta af virðingarverði vátrygðra gripa, sem ekki er vátrygður samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Húsráðendur í sveitum, þeir er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, og eigendur vátryggingarskyldra gripa í bæjarfjelögum og kauptúnum, sem eru hreppar út af fyrir sig, geta á lögmætum fundi stofnað vátryggingarsjóð samkvæmt lögum þessum.

Meiri hluti atkvæða allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppi, eða búfjáreigenda í bæjarfjelagi eða kauptúni, sem er sjerstakur hreppur, ræður úrslitum, og hafa þeir allir jafnan atkvæðisrjett, án tillits til gripaeignar. Þó hafa formenn kynbótafjelaga sjálfstæðan atkvæðisrjett fyrir kynbótagripi fjelaga þeirra, sem þeir eru formenn fyrir.

Fundur er lögmætur í sveitum, þá er hreppsnefnd boðar hann öllum húsráðendum og formönnum kynbótafjelaga með skriflegu fundarboði og eigi minna en tveggja vikna fyrirvara, en í bæjum eða kauptúnahreppum, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd boðar hann öllum eigendum vátryggingarskyldra gripa, með fundarboði í blaði, auglýsingu á fjölförnum stað í bænum eða kauptúninu, eða með umburðarbrjefi, og með viku fyrirvara. Jafnan skal taka fram í fundarboðum, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Nú er samþykt á lögmætum fundi að stofna vátryggingarsjóð, eftir því sem fyr var sagt, og skal þá sveitar- eða bæjarstjórn tafarlaust tilkynna það atvinnumálaráðherra, en hann gerir svo fljótt sem verða má allar þær ráð-

stafanir, sem hann telur nauðsynlegar eða reglugerð ákveður, til þess að sjóðurinn geti tekið til starfa.

8. gr.

Sveitarsjóður í hreppum, en bæjarsjóður í bæjarfjelögum, ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er hvíla á vátryggingarsjóði, og greiðir skaðabætur, ef vátryggingarsjóður hrekkur ekki til. En vátryggingarsjóður endurgreiðir slík lán, svo fljótt sem því verður við komið. Skal þá, ef nauðsyn krefur, auka iðgjöldin svo, að skuldin verði greidd að fullu á næstu 10 árum af aukaiðgjöldum.

9. gr.

Hreppsnefnd í hreppum, en í bæjum bæjarstjórn, hefir með höndum alla stjórn og umsjón vátryggingarsjóðs og setur fje hans á vöxtu á hentugum stað, með fullri tryggingu. Sama gildir um innheimtu iðgjalda til sjóðsins, svo og um skýrslugerð og reikningshald. Iðgjöld hafa sama lögtaksrjett og sveitarútsvör, og ber stjórnin ábyrgð á, að iðgjöldin komist í vátryggingarsjóð á rjettum gjalddaga.

Um endurskoðun og úrskurð reikninga sjóðsins gilda sömu reglur sem um reikninga sveitar- eða bæjarsjóðs, og skal skila reikningnum á þeim tíma, sem reglugerð ákveður.

Nú vill sveitar- eða bæjarstjórn ekki taka að sjer stjórn og umsjón vátryggingarsjóðs, eða innheimtu iðgjalda til sjóðsins, og er henni þá heimilt að skipa 3 menn í nefnd, til 6 ára hvern, af búfjáreigendum sveitar- eða bæjarfjelagsins, til þess að hafa starf þetta á hendi. Þó þarf til þess samþykki atvinnumálaráðherra. Hefir stjórnarnefnd þessi þá sama rjett og skyldur gagnvart sjóðnum sem sveitar- eða bæjarstjórn.

10. gr.

Nú er vátryggingarsjóður stofnaður samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður eða lögreglustjóri nefna til virðingarmenn, 2 eða fleiri, fyrir sjóðinn, eftir því sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn ákveður nánar, og einn varamann fyrir hverja tvo aðalvirðingarmenn, til þess að virða gripi til vátryggingar og skaðabóta samkvæmt lögum þessum og nánari ákvæðum reglugerðar.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða fyrir eitt ár í senn jafnaðarverð til skaðabóta á öllum nautgripum í hreppnum, án þess að sjerstakt mat fari fram. Má það verð ekki vera hærra en það, sem telja má sannvirði á meðalgrip. Vilji vátryggjandi eigi hlíta því meðalverði, sem þannig er sett, getur hann á sinn kostnað látið virðingarmenn meta gripi sína og vátrygt þá samkvæmt því mati.

Verði ágreiningur milli virðingarmanna og vátryggjenda, sker stjórn sjóðsins úr, en áfrýja má þeim úrskurði til atvinnumálaráðherra.

11. gr.

Allar virðingargerðir rita virðingarmenn inn í sjerstaka bók, er ráðherra lætur gera og leggur til, en stjórn sjóðsins varðveitir, og sendir hún

ráðherra afrit af öllum virðingargerðum og skaðabótavirðingum á þar til gerð eyðublöð, svo oft sem ráðherra ákveður og eftir þeim reglum, sem ráðherra setur.

12. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinum vátrygðu gripum og greiðist af eigendum þeirra. Eigandi telst í þessu sambandi hver sá, er vátryggingarskylda gripi hefir undir höndum, hvort sem þeir eru eign hans eða leigugripir, eða þeir eru í hans umsjá sem formanns í fjelagi, er gripina á eða hefir á leigu.

13. gr.

Nú eru gripir, sem vátrygðir eru samkvæmt lögum þessum, veðsettir, og nær þá veðrjetturinn einnig til vátryggingarfjárins. Fyrirgeri veðsetjandi rjetti sínum til skaðabóta, hefir veðhafi eigi að síður rjett til skaðabótanna, að svo miklu leyti sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

14. gr.

Iðgjöld til vátryggingarsjóðs ákveður atvinnumálaráðherra með reglugerð eða auglýsingu, og skal þá leggja til grundvallar vanhaldaskýrslur þær, sem um getur í 15. gr., þegar þær eru fengnar, en að öðrum kosti þær bestu upplýsingar um vanhöld, sem ráðherra getur aflað sjer á annan hátt. Heimilt er ráðherra jafnan að breyta iðgjöldum, þegar honum þykir ástæða til, svo að þau sjeu í sem bestu samræmi við eðlileg eða venjuleg vanhöld, en tilkynna skal hann breytinguna eigi síðar en 3 mánuðum áður en ákveða skal iðgjöld eftir henni.

15. gr.

Til leiðbeiningar um rjettlátan og hæfilegan mælikvarða fyrir iðgjaldagreiðslum skal atvinnumálaráðherra leggja fyrir lögreglustjóra landsins að safna skýrslum um vanhöld á búpeningi, í því formi, sem ráðherrann ákveður. Skal skýrslum þessum fyrst safnað árið 1928, og upp frá því svo lengi sem þurfa þykir, og eigi skemur en í 5 ár.

II. kafli.

Um búfjártryggingarsjóð Íslands.

16. gr.

Árið 1929 skal stofna sjóð, er nefnist Búfjártryggingarsjóður Íslands, með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 15 þúsund krónum árlega í 20 ár samfleytt. Hlutverk sjóðsins er að endurtryggja vátryggingarsjóði sveitar- og bæjarfjelaga, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Í Búfjártryggingarsjóði Íslands skulu allir vátryggingarsjóðir sveitar- og bæjarfjelaga, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum þessum, endurtryggja fyrir

skaða, sem verður á vátrygðum gripum, umfram áætluð venjuleg vanhöld, og skylt er að bæta, enda greiði vátryggingarsjóðirnir 1/5 hluta af iðgjöldum sínum í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

Atvinnumálaráðherra ákveður, hvað teljast skuli venjuleg vanhöld, sbr. 14. og 15. gr. Hann ákveður og í reglugerð gjalddaga endurtryggingariðgjalda og um greiðslu skaðabóta úr Búfjártryggingarsjóði, svo og um önnur viðskifti hans við vátryggingarsjóðina.

18. gr.

Atvinnumálaráðherra annast stofnun, stjórn og framkvæmdir Búfjártryggingarsjóðs Íslands og lætur ávaxta fje hans á tryggilegan hátt. Þegar honum þykir nauðsyn bera til, getur hann falið einum manni eða fleirum stjórn sjóðsins á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, er hann ákveður.

Búfjártryggingarsjóður Íslands skal árlega leggja 5—10% af endurtryggingargjaldi hvers vátryggingarsjóðs sveitar- og bæjarfjelaga — undir nafni hans sem vaxtaeiganda — inn í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, með þeim skilmálum, að helmingur vaxta leggist jafnan við höfuðstól, en hálfir vextir greiðist Búfjártryggingarsjóði Íslands upp í aukagjöld hvers vátryggingarsjóðs, samkv. 19. gr., þegar ekki verður hjá þeim komist, en ella leggist allir vextir við höfuðstól.

19. gr.

Nú verða vanhöld svo mikil á vátrygðum gripum, sem endurtrygðir eru í sjóði þessum, að hann hrekkur eigi til endurtryggingar, og skal þá ríkissjóður lána vaxtalaust það, sem á skortir, og endurborgast það eftir því sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiru en 25 þúsund krónum, skal leggja á alla vátryggingarsjóði sveitar- og bæjarfjelaga aukagjöld, í rjettu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins, sem umfram er 25 þúsund krónur, greiðist ríkissjóði að fullu á eigi lengri tíma en 10 árum.

20. gr.

Nú eru atvinnumálaráðherra færðar líkur fyrir því, að of há sje vátryggingarvirðing á gripum í einu eða fleiri vátryggingarfjelögum, sem stofnuð eru samkvæmt lögum þessum, og er honum þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðingu í þeim fjelögum. Lækki þá virðing til jafnaðar, greiðist kostnaður við endurvirðingu úr hlutaðeigandi vátryggingarsjóði, en að öðrum kosti greiðist kostnaðurinn úr Búfjártryggingarsjóði Íslands.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

21. gr.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um nánara fyrirkomulag á tryggingarsjóðum sveitar- og bæjarfjelaga og á Búfjártryggingarsjóði Íslands. Skal þar

meðal annars segja fyrir um flokkun vátrygðra gripa eftir vanhaldahættu og ákveða upphæð iðgjalda fyrir hvern flokk, og skulu þau vera $^1/_5$ hluta hærri en áætluð venjuleg vanhöld. Reglugerð þessa og tilkynningar um breytingar á iðgjöldum, sbr. 14., 15., 17. og 19. gr., skal senda öllum sveitar- og bæjarfjelögum á landinu.

22. gr.

Í reglugerðinni skal gefa leiðbeiningar um, hvernig meta skal skaða af vanhöldum, og ákveða nánar, hvað telst til vanhalda, sem skylt er að bæta. Eru reglur þær og leiðbeiningar bindandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur atvinnumálaráðherra prenta eyðublöð fyrir vátryggingarskírteini handa öllum vátryggjendum, og sjeu þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, sem einkum varða hvern vátryggjanda.

Ábyrgð vátryggingarsjóðs byrjar, þá er vátryggjandi hefir í hendur fengið vátryggingarskírteini eða greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi. Ennfremur lætur ráðherra prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir vátryggingarsjóðina og Búfjártryggingarsjóð Íslands, svo og fyrir vanhaldaskýrslur lögreglustjóranna.

23. gr.

Gerðabækur og vátryggingarbækur fyrir vátryggingarsjóði og Búfjártryggingarsjóð Íslands lætur ráðherrann tilbúa, og fá vátryggingarsjóðirnir þær ókeypis. Bækurnar eru eign ríkisins og skulu sendar Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru og nýjar bækur komnar í stað hinna eldri, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar ákveður.

Vanskil á bókum varða sektum, alt að 100 krónum, er renna í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

24. gr.

Vanhaldaskýrslur skal prenta á kostnað ríkissjóðs, en aðrar skýrslur, skírteini og bækur á kostnað Búfjártryggingarsjóðs Íslands.

25. gr.

Brot vátryggjanda og vanrækslu á ákvæðum laga þessara og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða rjettindamissi til skaðabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Svo má og í reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—200 kr., er renna í sjóð þann, er brotið er við.

26. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. **488. Frumvarp**

til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1929 og 1930, enda greiði það ekki hluthöfum hærri arð en fjóra af hundraði á því tímabili.

2. gr.

Árin 1929 og 1930 skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettó ágóða, og greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

3. gr.

Meðan fjelagið er undanþegið tekju- og eignarskatti, skal því vera skylt að veita alt að 60 mönnum á ári ókeypis far til útlanda og heim aftur á skipum fjelagsins, 30 á hvoru farrými, fyrsta og öðru, samkvæmt úthlutun mentamálaráðs Íslands, alt að 10 með sömu skipsferð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

Ed. **489. Frumvarp**

til laga um heimild hreppstjóra til að framkvæma lögtak.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Hámark skuldar þeirrar, er hreppstjóri má gera lögtak fyrir samkvæmt 5. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885, skal vera 1000 kr.

Ed. **490. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir ekki orðið á eitt sátt um frumv. þetta. Við undirritaðir viljum ekki nú þegar ganga inn á að breyta lögum þeim, sem hjer um

ræðir, áður en þau eru að fullu komin til framkvæmda og áður en fengin er nokkur reynsla fyrir því, hvernig þau gefast í framkvæmdinni. Teljum við rjettara að láta reynsluna skera úr um það, hvort breytinga er veruleg þörf og hver ákvæði laganna það eru, sem erfiðleikum og misrjetti kynnu að valda. Við leggjum því til, að mál þetta verði afgreitt með svo hljóðandi

DAGSKRÁ:

Þar sem lög nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, eru enn ekki að fullu komin til framkvæmda og því ekki fengin reynsla um, hvernig þau gefast í framkvæmd, þá telur deildin ekki tímabært að breyta þeim að svo stöddu, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. mars 1928.

Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm. meiri hl.

Jón Þorláksson.

Nd. **491. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. 2 a. laganna orðist svo:

Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar í sambandi við það og hverskonar bifreiðakeyrsla, hvort heldur sem er til vöruflutninga eða mannflutninga.

2. gr.

Í staðinn fyrir orðin »4000 kr.« í staflið b. í 4. gr. komi: 6000 kr.

3. gr.

a. Í staðinn fyrir »2000 kr.« í fyrstu málsgrein 5. gr. komi: 3000 kr.
b. Í staðinn fyrir »200 kr.« á tveim stöðum í 5. gr. 4, þriðju málsgr. komi: 300 kr., og í staðinn fyrir »400 kr.« komi: 600 kr.

4. gr.

4. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Útgerðarmenn róðrarbáta og vjelbáta, minni en 5 smálestir, greiða aðeins $^{7}/_{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Síðasti málsliður fyrri málsgreinar 12. gr. laganna orðist svo:

Skal lögreglustjóri þá, og hvenær sem slysatryggingin óskar þess, halda próf í málinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

Nd. **492. Nefndarálit**

um frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allir nefndarmenn hafa orðið sammála um það, að kaupstaðir og kauptún skuli hafa forkaupsrjett á hafnarmannvirkjum, en minni hlutinn hefir ekki viljað ganga lengra. Meiri hluti nefndarinnar vill taka lóðir þær, er að sjó liggja, með undir forkaupsrjettarheimildina, en hinsvegar ekki ganga eins langt og frv. fer fram á, að láta forkaupsrjettinn ná til lóða allra og landa innan lögsagnarumdæmisins, að undanteknum Hj. V., sem fellur þó frá því til samkomulags.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykt um það, að áskilja bæjarfjelagi forkaupsrjett á hafnarmannvirkjum og lóðum þeim, er að sjó liggja, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfjelaginu forkaupsrjett á.

Kauptún, sem er sjerstakt hreppsfjelag, getur einnig gert samþykt um forkaupsrjett kauptúns á hafnarmannvirkjum og lóðum þeim, er að sjó liggja, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfjelagi forkaupsrjett á.

Alþingi, 15. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Bernh. Stefánsson.

Ed. **493. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1929.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1929 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	240000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	850000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1130000
4.	Aukatekjur	400000	
5.	Erfðafjárskattur	35000	
6.	Vitagjald	320000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	30000	
			1110000
	Flyt ...	... ...	2240000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	2240000
11.	Útflutningsgjald		950000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)...	325000	
13.	Tóbakstollur	850000	
14.	Kaffi- og sykurtollur...	1050000	
15.	Annað aðflutningsgjald	160000	
16.	Vörutollur	1050000	
17.	Verðtollur	825000	
			4260000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		25000
19.	Pósttekjur	450000	
20.	Símatekjur	1500000	
			1950000
21.	Víneinkasala		300000
	Samtals ...	... ...	9725000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
	Samtals ...		34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	27000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
		51000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		60000
6. Aðrir vextir...		100000
Samtals ...	... ...	269000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
Samtals ...	... ...	80000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1929 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	156589	
2. Dönsk lán, danskar kr. 197680,39	237216	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8370:15:3	184156	
		577961
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	164608	
2. Dönsk lán, danskar kr. 354453,56	425344	
3. Enska lánið 1921, £ 2240:6:0	49286	
		639238
III. Framlag til Landsbankans, 16. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1317199

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins..		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	200000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		204350
Samtals ...	... ...	204350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	36000	
	b. Til risnu	4000	
			40000
2.	Til utanferða ráðherra		6000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		69000
4.	Annar kostnaður		25000
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		26200
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900	
	b. Til pappírs og prentunar	9000	
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000	
			10900
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		4000
			181100
II.	Hagstofan:		
1.	Laun		12500
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		10000
3.	Prentun eyðublaða		1800
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		16800
6.	Til að gefa út manntalið 1703...		1000
			46100
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra	20000	
	b. Húsaleiga...	5000	
	c. Kostnaður við embættið	20000	
	d. Til skrifstofuhalds...	17000	
			62000
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000
3.	Ríkisráðskostnaður		4000
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		6000
			84000
	Samtals ...	... ...	311200

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	30500	
b. Annar kostnaður, alt að	5000	
		35500
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		132500
3. Laun hreppstjóra		27600
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	24600	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		32340
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 4 skrifara	18700	
b. Laun 6 tollvarða	25500	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1800	
e. Innheimtukostnaður	7500	
f. Ýms gjöld, alt að	11000	
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
		69000
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		95000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		500
8. Til landhelgisgæslu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		200000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
12. Borgun til sjódómsmanna		2000
13. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A ...		646440

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		18000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		40000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B ...	... ...	144000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		253000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. —		
Flyt ...	... ...	262450

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	262450
15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirferðar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknisins á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni eða tveim höfnum í hverri sýslu.		
		3200
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8. Til geislalækningastofu ríkisins..		11000
9. Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
Flyt ...	... ...	284650

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	284650
11.	Holdsveikraspítalinn		72600
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7650	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna	13000	
	2. Viðurværi 48 manna (ca. 140 a. á dag)	25000	
	3. Klæðnaður	1700	
	4. Lyf og sáraumbúðir	1500	
	5. Eldsneyti	8000	
	6. Ljósmeti	2500	
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000	
	8. Viðhald á húsum	2500	
	9. Þvottur og ræsting	1800	
	10. Greftrunarkostnaður	500	
	11. Skemtanir	600	
	12. Skattar o. fl.	4350	
	13. Ýmisleg gjöld	1500	
		64950	
		72600	
12.	Geðveikrahælið á Kleppi		109525
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	6700	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna	13500	
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag)	48000	
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500	
	4. Lyf og sáraumbúðir	500	
	5. Ljós og hiti	10000	
	6. Viðhald og áhöld	10000	
	7. Þvottur og ræsting	3000	
	8. Skemtanir	750	
	9. Skattar m. m.	2500	
	10. Óviss gjöld	1400	
		93150	
	C. Aukinn rekstrarkostnaður, sakir viðbótar við hælið, að frádreginni meðgjöf með sjúklingum	50000	
	Flyt ...	149850	466775

		kr.	kr.
	Flutt ...	149850	466775
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
	Mismunur ...	109525	
13. Heilsuhælið á Vífilsstöðum		... ...	1700
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis...		6700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi..	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting..	5500		
6. Viðhald húsa...	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		234840	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
	Mismunur ...	1700	
14. Heilsuhælið í Kristsnesi (rekstrarkostnaður).		... ...	3000
15. Önnur gjöld:			
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands		100000	
	Flyt ...	100000	471475

	kr.	kr.
Flutt ...	100000	471475
b. Til að ljúka við byggingu Kleppsspítala	50000	
c. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að utanhjeraðssjúklingar, sem borgað er fyrir af almannafje, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.	18000	
d. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði ..	18000	
e. Styrkur til þriggja læknisfræðikandidata til ársdvalar á sjúkrahúsi, 1200 kr. til hvers	3600	
f. Bólusetningarkostnaður	2500	
g. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
h. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
i. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
j. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
k. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
l. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
m. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	1000	
n. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
o. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
p. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
q. Til Elínar Sigurðardóttur, 90 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1080	
r. Til Unnar Ólafsdóttur, til að leita sjer bóta erlendis á skemdum í andliti	2000	
s. Til Unnar Vilhjálmsdóttur frá Heiði, til lækninga erlendis	1000	
		232380
16. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna	... ...	36000
Samtals ...	... ...	739855

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	95000	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
	c. Brjefhirðingamenn	22000	
			197000
2.	Póstflutningur		170000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	10000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
	d. Önnur gjöld	63500	
			114000
	Samtals A. ...	... ...	481000
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	16000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			42400
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 20000		
	2. Norðurárdalsvegur 60000		
	Flyt ... 80000	... ...	42400

			kr.	kr.
		Flutt ...	80000	... ..	42400
	3.	Vesturlandsvegur [frá Dalsmynni að Fellsenda]	10000		
	4.	Húnavatnssýsluvegur	35000		
	5.	Vallhólmsvegur	15000		
	6.	Þelamerkurvegur...	10000		
	7.	Vaðlaheiðarvegur	50000		
	8.	Vopnafjarðarvegur	15000		
	9.	Hróarstunguvegur	12000		
	10.	Um Skaftáreldhraun í V.-Skaftafellss.	10000		
	11.	Biskupstungnabraut	25000		
	12.	Til vegar á Hólmahálsi, gegn 1/4 annarsstaðar að	8000		
	13.	Til vegar yfir Hvolsvöll	10000		
				280000	
	b.	Viðhald og umbætur		225000	505000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum				200000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)				30000
V.	Fjallvegir				25000
VI.	1.	Til áhalda, alt að		20000	
	2.	Til bókasafns verkamanna		300	
					20300
VII.	Til sýsluvega:				
	1.	Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		40000	
	2.	Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923		35000	
					75000
VIII.	Til dragferjuhalds:				
	1.	Á Lagarfljóti		300	
	2.	- Skjálfandafljóti		300	
	3.	- Blöndu		300	
					900
IX.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá				250
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði				5000
XI.	Styrkur til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.				4000
XII.	Byggingarstyrkur til Páls Stefánssonar, Ásólfsstöðum, til að reisa gistihús.				4000
		Samtals B. ...		... ...	911850

		kr.	kr.
	C.		
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	180000	
	b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
			240000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		106750
	Samtals C. ...	... ...	346750
	D.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl..		40000
II.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð...		300000
III.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	320000	
	2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...	15000	
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	36000	
	4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	200000	
	6. Áhaldahúsið	3000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	13000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	15000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	8000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	6000	
	11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	8000	
	13. Símastöðin á Siglufirði	7500	
	14. Til aukaritsímaþjónustu	5000	
	15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	98000	
	16. Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að 14100		
	Flyt ... 14100	753000	340000

		kr.	kr.
	Flutt ...	753000	340000
b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927..	9500		
c. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl.	3600		
		27200	
17. Til Steindórs Björnssonar		1200	
18. Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors		600	
			782000
IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....			40000
V. Viðbót og viðhald stöðvanna			50000
VI. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að			10000
VII. Viðhald landssímanna			160000
VIII. Áframhaldsgjald			25000
IX. Til kenslu fyrir símamenn			3000
X. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern			1500
XI. Ýms gjöld			7000
Samtals D. ...		... ...	1418500

E.

Vitamál.

I. Stjórn og undirbúningur vitamála:			
1. Laun vitamálastjóra		7800	
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.			
2. Laun aðstoðarverkfræðings		5650	
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að... ...		3500	
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að		1750	
			18700
II. Laun vitavarða..			25000
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.			
III. Rekstrarkostnaður vitanna			105000
Flyt ...		... ...	148700

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	148700
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V. Til að reisa nýja vita		60000
VI. Ýmislegt:	15000	
a. Til uppsetningar leiðarljósa	20000	
b. — breytinga ljóstækja Reykjanesvitans	2000	
c. — að stofna bókasöfn fyrir vitaverðina	10000	
d. — annara útgjalda		47000
Samtals E. ..	... ..	265700

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8600	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		10600
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	406	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
		304156
Samtals A. ...	... ...	314756

		kr.	kr.
	B.		
	Kenslumál.		
I.	Háskólinn:		
a.	Laun	93000	
b.	Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c.	Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d.	Til kenslu í sõng	1200	
e.	Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að	2000	
f.	Námsstyrkur	15000	
	Fjárveiting þessari skal skift í 25 skamta 400 kr. og 20 skamta 250 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt; þó má leggja saman alt að 8 skamta 250 kr. og gera úr helmingi færri 500 kr. skamta og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið í háskólanum.		
g.	Húsaleigustyrkur	9000	
h.	Til kensluáhalda læknadeildar	1000	
i.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	2800	
j.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4000	
k.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	——— 1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	——— 2400		
	3. Ýms gjöld 5000		
	———	8900	
l.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta	750	
	Flyt ...	139650	

		kr.	kr.
	Fluttar ...	139650	
m.	Byggingarstyrkur til stúdentagarðsins ... ... enda sje ekki byrjað á byggingunni fyr en lög eða skipulagsskrá, er stjórnin samþykkir, hafa verið sett um hana.	25000	
			164650
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b.	Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að	2500	
c.	Til Árna Friðrikssonar, til að fullnuma sig í dýrafræði í Kaupmannahöfn	1500	
d.	Til Bjarna Sigurðssonar, til náms í húsgerðarlist	1200	
e.	Til Leifs Ásgeirssonar, til stærðfræði- og landmælinganáms í Göttingen, viðbótarstyrkur ...	600	
f.	Til Magnúsar Jónssonar, til háskólanáms ...	1000	
g.	Til Markúsar Kristjánssonar, til háskólanáms...	1200	
h.	Til Valgarðs Thoroddsens, til háskólanáms ...	1000	
			33000
III.	Mentaskólinn almenni:		
a.	Laun	74200	
b.	Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns skólans 400		
	2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 6000		
	3. Til skólahússins utan og innan ... 3000		
	4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að 25000		
	5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ... 2700		
	6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót 2900		
	7. Læknisþóknun 500		
	8. Til vísindalegra áhalda 1000		
	9. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólanum 2500		
	10. Ýmisleg gjöld 3500		
	11. Til verðlaunabóka 100		
	12. Húsaleiga 1250		
		48850	
			123050
	Flyt ...	... ...	320700

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	320700
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
	a. Laun	24200	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til aukakennara og stundakenslu . 9500		
	2. Til framhaldsnáms fyrir nemendur, sem lokið hafa gagnfræðaprófi ... 10000		
	3. Vegna kostnaðar við heimavistina 2000		
	4. Til bóka og kensluáhalda 1000		
	5. Til eldiviðar og ljósa 6500		
	6. Námsstyrkur ... ... 700 Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	7. Til dyravörslu:		
	a. Laun 600		
	b. Dýrtíðaruppbót 300		
	900		
	8. Til skólahússins utan og innan ... 1500		
	9. Til ýmislegra gjalda 3000		
		35100	
			59300
V.	Kennaraskólinn:		
	a. Laun	19000	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Stundakensla 3000		
	2. Eldiviður og ljós 2500		
	3. Bókakaup og áhöld 500		
	4. Námsstyrkur ... ... 2500 Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara 1500		
	6. Til viðhalds 2000		
	7. Ýmisleg gjöld 2500		
		14500	
			33500
	Flyt ...	... ...	413500

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	413500
VI.	Stýrimannaskólinn:			
	a. Laun		13500	
	b. Önnur gjöld:			
	1. Til stundakenslu.	1500		
	2. Til eldiviðar og ljósa	1700		
	3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
	4. Ýmisleg gjöld	2500		
			6000	
				19500
VII.	Vjelstjóraskólinn:			
	a. Laun		8800	
	b. Önnur gjöld:			
	1. Til stundakenslu	840		
	2. Húsnæði	4200		
	3. Ljós og hiti	1300		
	4. Ræsting	700		
	5. Til prófhalda	800		
	6. Ýms gjöld	500		
			8340	
	Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			17140
VIII.	Bændakensla:			
	1. Til bændaskólans á Hólum:			
	a. Laun	9650		
	b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu...	1450		
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til verklegs náms, alt að 1450			
	2. Til kensluáhalda.. ... 800			
	3 Til eldiviðar og ljósa... 3500			
	4. Ýmisleg gjöld 2500			
		8250		
			19350	
		Flyt ...	19350	450140

		kr.	kr.
	Flutt ...	19350	450140
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	8550		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 2000			
2. Til kensluáhalda... ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 2500			
4. Ýmisleg gjöld 12000			
	17300		
		27150	
			46500
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
IX. Iðnfræðsla:			
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		6000	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		500	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til skólahalds		500	
Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.			
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.			
d. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis		4000	
			11000
	Flyt ...	... ...	507640

		kr.	kr.
	Fluttar ...	... ...	507640
X.	Verslunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	6000	
	b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	6000	
			12000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 1000		
		1900	
	3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11100
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 21000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		31000	
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 14000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
	c. Til raflýsingar 4000		
		20000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		51000
	Flyt ...	... ...	581740

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	581740
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður hans	1200		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000		
		7800	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		266000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		25650	
4. Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		7000	
5. Til prófdómara við barnapróf		10000	
6. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að		25000	
7. Til fræðslumálarits...		800	
8. Utanfararstyrkur handa barnakennurum		3000	
			345250
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	10500		
b. Til aðstoðarkenslu	600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms ... 600			
Alt að helmingi fjárins má verja til verðlauna handa nemendum.			
2. Til kensluáhalda.. ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 2500			
	7900		
		19000	
2. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar		47000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins.			
	Flyt ...	66000	926990

	kr.	kr.
Flutt ...	66000	926990
Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
3. Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, alt að helmingi kostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.		
4. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	16000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
5. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
6. Til bókasafna við unglingaskóla	2000	
		105000
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðraskóla á Staðafelli:		
a. Rekstrarstyrkur 4000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, alt að 1000		
	5000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerð skólans.		
2. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	5000	
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
3. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
4. Til húsmæðrafræðslu við alþýðuskóla Þingeyinga, alt að helmingi byggingarkostnaðar ...	13000	
5. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal	2500	
		27000
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		24000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemend-		
Flyt ...	... ...	1082990

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1082990
anna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Til Sigurbjargar Sveinsdóttur, til verklegs náms á heimili fyrir blindar stúlkur erlendis		1000
XIX. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum bjögrunarsund ...	3000	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ...	3000	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda sjeu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, alt að	10000	
5. Aukastyrkur til Reykjalaugar á Reykjabraut og Steinstaðalaugar, er skiftist í hlutfalli við framlagt fje til þeirra	2500	
		18800
XX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
Samtals B. ...	... ...	1105590

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. og 2. bókavarðar, 500 kr. til hvors	1000	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	12000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	600	
		42060
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6200	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		12700
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	7150	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1500	
d. Til umbóta á Hólakirkju	1000	
e. Til áhalda og aðgerða	800	
f. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		14000
4. Náttúrufræðifjelagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
Flyt ...		72160

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	72160
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7, Aukastyrkur til tveggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
		6000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafjelagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að fjelagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar og hefji útgáfuna á þessu ári		6800
12. Til Fornleifafjelagsins		800
13. Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14. Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Hegranesþings)		2000
15. Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar frá		1200
16. Til Færeyjafjelagsins Gríms Kambans		300
17. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
18. Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1000
Flyt ...	... ...	114060

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	114060
19.	Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
20.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum		2500
21.	a. Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers	8000	
	b. Til hljómsveitar Reykjavíkur	4000	
	c. Til þess að kaupa listaverk.	3500	
	d. Til Guðmundar Kambans skálds	2400	
	e. Til Stefáns frá Hvítadal	2000	
			19900
22.	Til sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, til þess að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		6300
23.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		1200
24.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		6800
25.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
26.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
27.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
			8000
28.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
29.	Til dr. Bjargar Þorláksdóttur, til þess að vinna að framhaldi sálfræðirannsókna sinna		2000
30.	Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1800
31.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
32.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		800
	Flyt ...	... ...	171560

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	171560
33. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
34. Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
35. Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1200
36. Til dr. Jóns Stefánssonar, vegna mynda í hina ensku Íslandssögu hans		2000
37. Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
38. Til Íþróttasambands Íslands		5000
39. Til Björns Jakobssonar, til íþróttakenslu		4000
40. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
41. a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
b. Til sama, til aðstoðar	1200	
		8000
42. Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, síðasti fjórðungur andvirðis		2500
43. Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		3500
44. Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.		1500
45. Ferðastyrkur til útlanda		6000
46. Til orðabókarsjóðs hinnar íslensk-dönsku orðabókar, að því tilskildu, að ríkissjóður Dana leggi fram 8000 kr.		4000
47. Til Barða Guðmundssonar, til lokanáms í sögu ...		1200
48. Til Björns Björnssonar gullsmiðs, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer myndlist, teiknilist og listiðnað nágrannaþjóða		2000
49. Til Jóns Ófeigssonar kennara, uppbót á greiðslu fyrir vinnu við orðabók Sigfúsar Blöndals, fyrsta greiðsla af fjórum		2000
Samtals ...	... ...	220860

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfjelags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins		220000
2.	Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að		10000
	Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		
3.	Til sandgræðslu		40000
	Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram lögmæltan kostnað eða meira. Af upphæðinni skal verja 10000 kr. til byggingar í þarfir sandgræðslunnar í Gunnarsholti á Rangárvöllum		
4.	Til búnaðarfjelaga		15000
5.	Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		260000
6.	Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
7.	Til byggingar- og landnámssjóðs		200000
8.	Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		10000
9.	Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 4. greiðsla		6000
10.	Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
	Laun garðyrkjustjóra		4000
11.	Til skógræktar:		
	a. Laun	11910	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	20000	
	c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
			33110
12.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
	c. Til að rannsaka búfjársjúkdóma, enda sjeu skýrslur birtar um árangurinn	4000	
			21700
	Flyt ...	... ...	834810

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	834810
13.	Til fjárkláðalækninga		6000
14.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
15.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	4800	
	b. Til aðstoðar	5600	
	c. Húsaleiga	3000	
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
	e. Til áhaldakaupa	500	
			15100
16.	Til veðurstofu Íslands:		
	a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
	b. Til aðstoðar	12350	
	c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
	d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
	e. Til loftskeytatækja	800	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
			51600
17.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
18.	Til Fiskifjelagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		70000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
19.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskyfirmatsmanna	16600	
	b. Launauppbót fiskyfirmatsmanna ... ... Af þessari upphæð fá fiskyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.	8200	
	c. Laun 4 síldarmatsmanna	8800	
	d. — 4 ullarmatsmanna	2200	
	e. — 5 kjötmatsmanna	4100	
	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			47900
20.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
	Flyt ...	... ...	1040410

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1040410
21. Til bryggjugerða og lendingabóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun		12000
22. Til lendingabóta í Gerðum í Garði, helmingur kostnaðar, fyrri fjárveiting, alt að		7000
23. Til brimbrjóts í Bolungavík, gegn að minsta kosti jafnmiklu framlagi annarstaðar að (lokastyrkur) alt að...		17500
24. Til markaðsleitar erlendis		20000
25. Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
26. Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 1,50 kr. fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún býr til, alt að		6000
27. Styrkur til Sláturfjelags Suðurlands, til að reisa niðursuðuverksmiðju		10000
28. Til gerlarannsókna		2000
29. Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		6000
30. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		800
31. Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
32. Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
33. Til sambands norðlenskra kvenna...		450
34. Til Bandalags kvenna		450
35. Til kvenrjettindafjelags Íslands		500
36. Til vörumerkjaskrásetjara		2000
37. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		7500
38. Laun húsagerðarmeistara...		7250
39. Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
a. Laun leiðbeinanda, 4000 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.	5500	
Flyt ...	5500	1152260

		kr.	kr.
	Flutt ...	5500	1152260
	b. Ferðakostnaður og skrifstofufje...	2000	
	c. Til steinsteypukenslu	4000	
			11500
40.	Til Álftveringa, til þess að verja engjar í sveitinni fyrir spjöllum af jökulánni Skálm		1500
41.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
42.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		8000
43.	Til vatnsrenslismælinga		2000
44.	Til ræktunarsjóðs:		
	a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
	b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
	c. Hluti af útflutningsgjaldi	65000	
			105000
45.	Til Kristjáns Jónssonar í Auraseli, í viðurkenningarskyni fyrir leiðsögu yfir jökulvötn í Rangárvallasýslu um langt skeið		500
46.	Styrkur til innflutnings sauðnauta, alt að		20000
47.	Til undirbúnings flugferða, alt að		5000
	Samtals ...	... ...	1307560

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga		500000
2.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3.	Styrkur til sjúkrasamlaga		7000
	Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		
	Flyt ...	... ...	567000

	kr.	kr.
Flutt ..		567000
4. Til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög		1500
5. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík		3500
6. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
7. Til slysatryggingar		10000
8. Til slysavarna alt að		10000
9. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
10. Til bjargráðasjóðs		24000
11. Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
12. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		12000
13. Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
14. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
15. Til sjúkrasjóðs Fellsbrepps		200
16. Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja ..		600
17. Til gamalmennahælis Ísfirðinga		1000
Samtals ...	... ...	678800

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:		
a. Embættismenn	25192,55	
b. Embættismannaekkjur og börn	17128,19	
c. Uppgjafaprestar	635,28	
Flyt ...	42956,02	

		kr.	kr.
	Flutt ...	42956,02	
d. Prestsekkjur		5595,94	
e. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923		2500,00	
			51051,96
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Þorvalds Pálssonar læknis ...	300,00		
2. — Sigurðar Magnússonar læknis ...	600,00		
3. — Halldórs Briems bókavarðar ...	960,00		
		1860	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7. — Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8. — Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9. — Rannveigar Tómasdóttur	300		
10. — Önnu Gunnlaugsson	900		
11. — Kristbjargar Marteinsdóttur	600		
12. — Kristínar Jacobson	600		
13. — Guðnýjar Jónsdóttur	400		
14. — Kirstínar Þ. Blöndal	300		
15. — Guðlaugar Magnúsdóttur...	2000		
16. — 3 barna hennar	300		
17. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
18. — Jenny Forberg	600		
19. — Ástu Hallgrímsson	600		
20. — Ástu Einarson	600		
		11325	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2. — Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4. — Sig. prófasts Gunnarssonar	662,25		
5. — Guttorms Vigfússonar	600,00		
6. — Jóns Ó. Magnússonar	600,00		
7. — Björns Þorlákssonar	208,00		
Flyt ...	3675,25	13185	51051,96

		kr.	kr.
Flutt ...	3675,25	13185,00	51051,96
8. Til Stefáns Jónssonar	370,00		
		4045,25	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2. — Auðar Gísladóttur	300,00		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10. — Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
12. — Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
13. — Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
18. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
20. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
21. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
22. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
23. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
24. — Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
25. — Önnu Stefánsdóttur	200,00		
26. — Helgu Skúladóttur	230,00		
		7078,47	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
Flyt ...	1460,00	24308,72	51051,96

			kr.	kr.
	Flutt ...	1460,00	24308,72	51051,96
5.	Til Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6.	— Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7.	— Guðmundar Björnssonar	150,00		
8.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
9.	— Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
10.	— Páls J. Árdals	600,00		
			3760,00	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Guðm. Kristjánssonar	300		
2.	— Böðvars Jónssonar...	200		
3.	— Hallgríms Krákssonar	200		
4.	— Jóhanns Jónssonar	200		
5.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
6.	— Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
7.	— Daníels Jónssonar	200		
8.	— Jens Þórðarsonar	300		
9.	— Friðriks Möllers	1200		
10.	— Anínu Arinbjarnardóttur	200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14.	— Guðm. Kristjánssonar	200		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
16.	— Friðriks Klemenssonar	2000		
17.	— Kristjáns Blöndals	1000		
18.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
19.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
20.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ...	200		
21.	— Ólafs Ólafssonar pósts	200		
22.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
23.	— Þorleifs Jónssonar póstmeistara ...	1200		
24.	— Friðriks Jónssonar pósts	450		
g.	Ríthöfundar:		10750,00	
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
	Flyt ...	10200	38818,72	51051,96

		kr.	kr.
Flutt ...	10200	38818,72	51051,96
6. Til Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7. — dr. Helga Pjeturss	4000		
8. — Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
9. — Einars Benediktssonar	4000		
		20400,00	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2. — Guðrúnar Jónsdóttur	300,00		
3. — Arnbjargar Einarsdóttur	300,00		
4. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6. — 2 barna hennar	200,00		
7. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300,00		
8. — Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
		3100,00	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2. — Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
3. — Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500		
4. — Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500		
5. — Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500		
6. — Jakobínu Sveinsdóttur jubilljósmóður	500		
7. — Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
8. — Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300		
9. — Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300		
10. — Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
11. — Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
12. — Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
13. — Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
14. — Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður	300		
15. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
16. — Páls Erlingssonar	1200		
Flyt ...	6800	62318,72	51051,96

			kr.	kr.
		Flutt ...	6800	62318,72	51051,96
17.	Til Erlends Zakaríassonar		300		
18.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri		300		
19.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra		300		
20.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar		400		
21.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar		200		
22.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar		400		
23.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar		300		
24.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará		500		
25.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar		600		
26.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar		300		
27.	— Agústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar		300		
28.	— Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar.		600		
29.	— Halldóru Pjetursdóttur Briem ...		600		
30.	— Kristjönu Benediktsdóttur		400		
31.	— Bjargar Guðmundsdóttur		400		
32.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti		400		
33.	— Henriette Kjær		600		
34.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar		400		
35.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð		2500		
36.	— Guðjóns Guðlaugssonar...		1200		
37.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar		300		
				18100,00	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.				
j.	Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara			1200,00	
k.	— ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar			1000,00	
l.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli			3000,00	
					85618,72
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...				52588,27
		Samtals ...		... ...	189258,95

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1929 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.			1317199,00	
—	8. —			60000,00	
—	9. —			204350,00	
—	10. —			311200,00	
—	11. —	A.	646440,00		
—	11. —	B.	144000,00		
				790440,00	
—	12. —			739855,00	
—	13. —	A.	481000,00		
—	13. —	B.	911850,00		
—	13. —	C.	346750,00		
—	13. —	D.	1418500,00		
—	13. —	E.	265700,00		
				3423800,00	
—	14. —	A.	314756,00		
—	14. —	B.	1105590,00		
				1420346,00	
—	15. —			220860,00	
—	16. —			1307560,00	
—	17. —			678800,00	
—	18. —			189258,95	
—	19. —			100000,00	
—	20. —			10000,00	
					kr. 10773668,95

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	9725000.00	
—	3. —	34600,00	
—	4. —	269000,00	
—	5. —	80000,00	
			kr. 10108600,00
		Tekjuhalli	kr. 665068,95

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 100 þús. kr. til þess að reisa frystihús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánið er veitt sýslufjelögum eða samvinnufjelögum bænda, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^{2}/_{3}$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.
2. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
3. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 25 þús. kr. til Flateyrarhrepps, til rafstöðvar á Flateyri. Lánið skal veitt til 20 ára, með 6% vöxtum, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda.
6. Alt að 10 þús. kr. til Páls Stefánssonar, Ásólfsstöðum, til byggingar gistihúss. Lánið veitist til 20 ára, gegn 5% vöxtum.
7. Alt að 30 þús. kr. til Mjólkurfjelagsins Mjallar. Lánið veitist til 20 ára, með 5% vöxtum, og sje trygt með ábyrgð hlutaðeigandi sýslufjelags eða annari tryggingu, er stjórnin metur gilda.
8. Alt að 70 þús. kr. til Sláturfjelags Suðurlands, til þess að koma upp niðursuðuverksmiðju, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sje afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum.
9. Alt að 50 þús. kr. til Vestmannaeyjakaupstaðar, gegn ábyrgð kaupstaðarins, til að koma upp sjóveitu til fiskverkunar. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum, og endurgreiðist með jöfnum afborgunum.

Stjórninni er heimilt að veita Árnessýslu uppgjöf á Flóavegarláninu, sem veitt var sýslunni úr viðlagasjóði samkvæmt skuldabrjefi dags. 25. apríl 1924,

að upphæð kr. 40868,98. Eftirgjöfin er bundin því skilyrði, að samkomulag verði milli ríkisstjórnarinnar og sýslunefndar Árnessýslu um lagningu og viðhald fyrirhugaðra vega um Flóaáveitusvæðið.

Af viðlagasjóðsláni Suðurfjarðahrepps til rafmagnsveitu á Bíldudal skal veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana árin 1925—1929.

Stjórninni er heimilt, að undangenginni rannsókn af hálfu Búnaðarfjelags Íslands um það, hvort Miklavatnsmýraráveitan hafi orðið að notum fyrir allar þær jarðir, sem skyldaðar eru til að greiða áveitukostnaðinn, að færa niður viðlagasjóðslán til áveitunnar að rjettri tiltölu á þeim jörðum, sem ekki geta haft hennar not.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.
II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1928, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.
III. Að gefa eftir og endurgreiða Rangárvallasýslu kr. 36811,61, sem er nokkur hluti af $^1/_3$ kostnaðar við endurbyggingu þá á Holtaveginum, sem gerð var á árunum 1922—24.
IV. Að ábyrgjast alt að 250000 kr. lán til hafnarbryggju á Siglufirði, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin tekur gildar.
V. Að ábyrgjast 80000 kr. rafveitulán fyrir Búðahrepp, gegn þeim tryggingum, um stjórnin metur gildar.
VI. Að ganga í ábyrgð fyrir lánum til fjelagsmanna í Samvinnufjelagi Ísfirðinga til kaupa á fiskiskipum, samtals alt að 320 þús. kr., enda nemi lánin eigi meiru en $^4/_5$ af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskiveiða og sjeu trygð með fyrsta veðrjetti í skipunum, sjálfskuldarábyrgð eigenda og ábyrgð Ísafjarðarkaupstaðar. Forstöðumaður fjelagsins og annar endurskoðandi sjeu samþyktir af ríkisstjórninni.
VII. Að kaupa jörðina Bakkasel með Gili í Öxnadal, ef viðunandi samningar nást við núverandi eigendur.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1929, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1928 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **494. Nefndarálit**

um frumv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Við, sem teljum að frjáls verslun eigi að vera höfuðreglan í viðskiftalífinu, viðurkennum fúslega, að undir vissum kringumstæðum sje eigi aðeins leyfilegt, heldur og skylt og óumflýjanlegt, að víkja frá reglunni. Við álítum, að í ísl. atvinnulífi beri hvergi meira á göllum en minna á kostum frjálsrar verslunar en einmitt í síldarversluninni, enda höfum við með stuðningi okkar við »lög um sölu á síld«, er samþykt voru á Alþingi 1926, sýnt, að að okkar dómi á einmitt síldarsalan að vera undantekning frá reglunni.

Þegar við nú leggjum til, að ofangreint frumv. um einkasölu á útfluttri síld verði felt, er það þá líka fyrst og fremst vegna þess, að við teljum lögin frá 1926 betri en frumvarpið, og skulu nú leidd rök að því. Verða »lög nr. 51, 15. júní 1926, um sölu á síld« til hægðarauka hjer aðeins nefnd »lögin«, til aðgreiningar frá frumvarpinu.

Heimild. — Skylda.

Lögin *heimila* atvráðh. að veita fjelagi atvinnurekenda einkasölu á útfluttri síld, enda sje öllum þeim, er gera út skip til síldveiða eða síldarsöltun reka, heimil þátttaka í fjelaginu. Það er því á valdi ráðherra, hvort einkasala verður upp tekin, og ættu a. m. k. stuðningsmenn stjórnarinnar að una því til jafns við fyrirmæli frv., er beint ákveða, að einkasalan taki til starfa í ár, en af ástæðum, er síðar greinir, þykir hentara, að þetta sje ekki fastákveðið að svo stöddu.

Stjórnarfyrirkomulag.

Lögin ákveða, að 3 menn fari með stjórn og framkvæmdarstjórn einkasölunnar. Í fyrsta skifti skipar ráðherra stjórnina til 4 ára, þannig að eftir hlutkesti gengur einn úr henni eftir 2 ár, en síðan einn árlega, en *fjelagsmenn kjósa menn í staðinn.*

Samkv. frumv. hefir 5 manna útflutningsnefnd yfirstjórn einkasölunnar, og kýs hún 2 framkvæmdarstjóra. Útflutningsnefnd skal kosin til 3 ára í senn, þannig að 3 kýs sameinað Alþingi, hinn 4. Útgerðarmannafjelag Akureyrar, en hinn 5. verkalýðssamband Norðurlands.

Í þessu er veigamesti munurinn á lögunum og frv., og teljum við galla frumv. svo stóra, að ógerningur sje að samþykkja það.

Sú hugsun, er lá til grundvallar fyrir lögunum, er þessi:

Síldarsalan er, sumpart fyrir sjálfskaparvíti, komin í það horf, að óviðunandi er. Heppilegasta leiðin út úr ógöngunum mundi auðvitað sú, að atvinnurekendur bindist frjálsum samtökum um viðreisn og eflingu atvinnurekstrarins, alveg án afskifta löggjafans, en vegna þess að ýmsir þeir Íslendingar, er að nafninu til reka þessa atvinnu, eru aðeins verkfæri erlendra manna, og með því að hags-

munir hinna erlendu húsbænda eigi eru hinir sömu og íslensku atvinnurekendanna, þykir sýnt, að frjáls samtök komist eigi á, og er því beiðst lögverndar og ráðherra heimilað að veita fjelagi atvinnurekenda einkasölu. Til þess svo að fyrirbyggja, að áhrifa »leppanna« gæti á stjórn fyrirtækisins, er ráðherra falið að útnefna stjórnina til árabils, er þykir hæfilega langt til þess að ætla megi, að »leppar nir« hafi heltst úr lestinni. Síðan taka fjelagsmenn völdin í sínar hendur og velja sjálfir sína forystumenn. Er hjer að vísu brotið lögmál frjálsrar verslunar, en þó reynt að sneiða hjá göllum einkasölu svo sem frekast er unt.

Frumvarpið aftur á móti felur í sjer alveg ómengaða galla einkasölu. Meiri hluti útflutningsnefndar skal kosinn af Alþingi, og með því meirihlutavald á allri stjórn fyrirtækisins tekið úr höndum þeirra, er mest eiga undir afkomu fyrirtækisins.

Hjer skal eigi fjölyrt um það, hver höfuðgalli það er á einkasölu alment, að hún gefur miklu minni tryggingu en frjáls verslun fyrir því, að hæfustu menn veljist til að stjórna fyrirtækjunum, en á hitt bent, að svo fráleitt sem það er, að ráðherra tilnefni stjórnina, er þó hitt miklu verra, að fela Alþingi þann vanda, enda er það í almæli, að í vali Alþingis ráði flokksbræðralagið eigi síður en hæfileikar og þekking. Nefni ráðherra stjórnina, ber hann og hann einn ábyrgðina. En kjósi Alþingi hana, er ábyrgðin svo dreifð, að enginn einn finnur til þungans, en einmitt ábyrgðin er aðaltrygging þess, að valdhafinn við valið hafi að minsta kosti hliðsjón af hæfileikunum.

Að öðru leyti skal þetta sagt um skipun útflutningsnefndar:

Einn maður skal kosinn af útgerðarmannafjelagi Norðurlands. Þótt lítið hafi verið lífsmark með þeim fjelagsskap, mun hann þó hjara, og munu 7 menn í fjelaginu. Þeim skal nú úthlutað valdi til þess að kjósa mann í útflutningsnefndina, en hjer syðra er 20 ára gamall blómlegur fjelagsskapur útgerðarmanna, og er með öllu gengið framhjá honum. Til þess að sýna, hversu höfundar frv. virða rjettlætið gersamlega að vettugi hvað þetta snertir, skal hjer sett stutt skýrsla, er bregður upp mynd af hagsmunahlutfalli Norðlendinga og annara landsmanna við síldveiðar á síðastliðnu sumri:

Heimilisfang	Herpinótaskip	Reknetabátar	Afli í hektólítrum
Norðurland.....	25	30	148000
Vesturland	5	14	52000
Austurland	3	3	23000
Suðurland	43	48	384000
	76	95	607000

Skýrsla þessi skýrir sig sjálf og sýnir ljóslega, hversu hagsmunir flestra útgerðarmanna eru fyrir borð bornir og fengnir Norðlendingum. Meiri hl. sjávarútvegsnefndar sýnist einnig hafa komið auga á, að hjer hilti undir eitthvert órjettlæti, en þó mist sjónar á því aftur. Í áliti sínu segir meiri hl.:

»Með nokkrum rjetti hefir því verið haldið fram, að með frv. væru sjerstaklega dregnir fram hagsmunir norðlenskra veiðimanna, en miður gætt þarfa annara landshluta. En þegar þess er gætt, að aðalsíldveiðasvíðið með ströndinni

er norðanlands, austan og vestan, þá er Eyjafjörður nokkurnveginn miðstæður á þessu svæði, og eðlilegast meðan einkasalan er á tilraunastigi, að hún hafi þar aðalstöðvar«.

Fáum við með engu móti skilið, á hvern hátt landfræðileg lega Eyjafjarðar getur verið því til fyrirstöðu, að eigendur að $^3/_4$ hlutum síldarframleiðslu landsmanna fái rjett til þátttöku í stjórnarskipun fyrirtækisins til jafns við hina, er aðeins eiga $^1/_4$ hluta.

Fimta manninn í útflutningsnefnd á verkalýðssamband Norðurlands að kjósa. Er hjer um nýmæli að ræða í íslenskri löggjöf, nýmæli, sem alveg er eðlilegt, að fram sje borið, þegar þess er gætt, *hver* gerir það. En hitt mun sjálfsagt þykja nokkrum tíðindum sæta, ef Alþingi umræðulítið gengur inn á þá braut, að fela verkalýðnum stjórn atvinnufyrirtækjanna til jafns við þá, sem framleiðslutækin eiga.

Auk greindra stórgalla á stjórnarfyrirkomulagi einkasölunnar samkvæmt frv., skal á það bent, að það verður sjálfsagt talsvert kostnaðarsamara en samkv. ögunum.

Ýmislegt.

Frv. er um sumt fullkomnara en lögin, en öll gagnleg fyrirmæli þess rúmast innan laganna sem reglugerðarákvæði.

Af minni göllum frv. má nefna, að það gengur miklu skemur en lögin um skylduna til markaðsleitar, en markaðsleitin er einmitt hin mesta nauðsyn, og nýir markaðir frumskilyrði fyrir velgengni þessa atvinnurekstrar.

Í 5. gr. frv. eru einu fyrirmælin, er að því miða að ráða fram úr fjárhagsörðugleikum framleiðenda eftir að einkasala hefst. Er svo fyrir mælt, að stjórn fjelagsins heimilist að taka lán og greiða síldareigendum út á þá síld, er þeir hafa afhent einkasölunni, »enda hvíli engin önnur veðbönd á síldinni«. Nú vill svo til, að fyrir Alþingi liggur annað frv. frá sama höfundi, frv. til laga um verkakaupsveð, er tryggir verkalýðnum veðrjett í síldinni, og gerir hana þá um leið óveðhæfa gegn einkasölunni. Nái það frv. lögfestu, er hætt við, að ofannefnd ákvæði 5. gr. sjeu a. m. k. mjög lítils virði.

Samkv. 7. gr. frv. á stjórn einkasölunnar fyrir 1. júní árlega að tilkynna þeim, er síld ætla að salta, hve mikið þeir megi salta á því ári. Þetta er of og óþarflega seint. Ætti að vera í síðasta lagi 1. maí.

Samkv. 4. gr. er stjórn einkasölu heimilt að ákveða, hvenær fyrst megi byrja og síðast hætta söltun og kryddun síldar árlega. Á það skal bent, að nauðsynlegt er, að í þessum efnum gildi önnur ákvæði um reknetabáta en herpinótaskip.

Ýmislegt fleira er athugavert við frv., en við sjáum ekki ástæðu til að gagnrýna það frekar, nje heldur að bera fram breytingartillögur fyr en sjeð er, hvort það nær að ganga til 3. umr.

Breytingartillögur meiri hluta

eru smávægilegar og að mestu teknar upp úr lögunum. Ein þeirra er þó sjálfstæð og frumleg, og mun ætlað að koma að miklu liði. Er það heimildin fyrir

framkvæmdarstjórn einkasölunnar til þess »að liðsinna viðskiftamönnum einkasölunnar um útvegun á tunnum og salti til verkunar síldinni, ef orðið getur án fjárhættu fyrir einkasöluna«.

Þessi heimild er því skilyrði bundin, að hún sje áhættulaus fyrir einkasöluna, m. ö. o. áhættan hvílir á framkv.stj. persónulega, og er þá bert, að hverfandi litlar líkur eru til þess, að slíkt »liðsinni« komi að nokkru liði, því að af þeim, sem á annað borð ekki eru einfærir um að afla sjer tunna og salts, eru þeir fæstir, sem geta gefið alveg örugga tryggingu fyrir andvirðinu, enda tæplega þess að vænta, að framkv.stj. vilji taka á sig slíka ábyrgð, þótt áhættulítil væri.

Tillaga þessi er því vanhugsuð og gagnslítil.

Við höfum nú lauslega drepið á höfuðgalla frv. umfram galla laganna, og jafnframt bent á, að ef nauður þykir reka til að hefta frjálsa verslun síldar, er til þess full lagaheimild, en loks skal á það minst, að í hóp útgerðarmanna eru þeir margir, er telja alveg nauðsynlegt að setja einhverjar hömlur á frjálsa síldarsölu, en álíta þó eigi aðeins gagnslaust, heldur og beint til óbætanlegs tjóns, að slíkt spor sje stigið fyr en landsmenn hafa umráð yfir síldarverksmiðjum. Hafa útgerðarmenn hvaðanæfa af landinu nýlega átt með sjer fund til að ræða þetta mál, og var á þeim fundi samþykt svo hljóðandi tillaga:

»Fundurinn mótmælir ríkiseinkasölu, í hvaða mynd sem er, meðan útgerðarmenn hafa ekki aðgang að fullkomnum síldarverksmiðjum«.

Var tillaga þessi samþ. með 89 atkvæðum gegn 37, en eitt atkvæði kom fyrir hvert skip, er síldveiði stundaði á síðastliðnu sumri.

Tillaga þessi hefir verið send sjávarútvegsnefnd með tilmælum um, að nefndin beiti sjer gegn einkasölufrv., og þótt við leiðum hjá oss að leggja dóm á þá skoðun fundarins, að hættulegt sje að hefta frjálsa síldarverslun fyr en landsmenn hafa fengið umráð yfir verksmiðjum, viljum við verða við ósk fundarins um að leggja til, að frv. verði felt, og jafnframt leiða athygli að því, að frá því að lögin voru samþykt á þingi 1926 hefir aðstaðan að því leyti breyst, að þá hilti ekki undir neinar framkvæmdir Íslendinga um byggingu eða kaup á síldarverksmiðjum, en nú aftur á móti er ein verksmiðja þegar í eign landsmanna, og auk þess liggur nú fyrir Alþingi frv., sem talið er líklegt, að nái lögfestu, er heimilar ríkisstjórninni að láta reisa á kostnað ríkissjóðs mjög stóra og fullkomna verksmiðju.

Málið liggur því nú þannig fyrir, að miklu er hægara að taka fult tillit til skoðana útgerðarmanna, er til þess að líkum aðeins þyrfti að fresta framkvæmdum laganna um eitt ár, því væntanlega mundi nefnd verksmiðja geta tekið til starfa á næsta ári.

Við leggjum því til, að frv. verði felt og lögin ekki framkvæmd á þessu ári, ef sýnt þykir, að heimildin til að byggja verksmiðju verði samþykt. Á næsta þingi mætti svo gera þær breytingar á lögunum, er viðeigandi þættu.

Alþingi, 15. mars 1928.

Ólafur Thors, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. **495. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Frá allsherjarnefnd.

Upphaf 1. greinar skal orða svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og starfrækja nýja loftskeytastöð í Reykjavík og taka nauðsynleg lán í því skyni, og má stöðin vera þannig gerð, o. s. frv.

Nd. **496. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Frá Bernharði Stefánssyni.

I. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Fyrir missi selveiðinytja í ánni vegna ákvæða 1. gr. skulu koma fullar bætur, eftir dómkvaddra manna mati, og vera árgjald. Þeir, er laxveiðirjett eiga í Ölfusá (Hvítá) og ám þeim, er í hana renna, skulu greiða bæturnar að tiltölu eftir veiðimagni samkvæmt hlunnindaskýrslum næsta árs á undan. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingum, og fylgir því lögtaksrjettur. Nú er laxveiðirjettur leigður, og greiðir leigutaki þá bætur í stað veiðieiganda.

II. Við 3. gr. Síðari málsliður greinarinnar falli niður.

Nd. **497. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júnl 1925, um slysatryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, er verður 7. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 44, 27. júní 1925, og gefa þau út svo breytt.

Nd. **498. Frumvarp**

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og starfrækja nýja loftskeytastöð í Reykjavík og taka nauðsynleg lán í því skyni, og má stöðin vera þannig gerð, að nota megi hana jöfnum höndum til að útvarpa tali og söng sem til vanalegra firðskeytasendinga.

Sendiorka stöðvarinnar í loftneti skal að meðaltali eigi vera minni en 5 kw. til talsendinga, en ritorka 10 kw. eða meira. Stöðin heitir *Útvarpsstöð Islands í Reykjavík.*

2. gr.

Landssímanum skal falið að annast alt, er lýtur að umsjón og rekstri stöðvartækjanna, einnig innheimtu, greiðslur og reikningshald vegna stöðvarinnar og útvarpsins, eftir nánari fyrirmælum atvinnumálaráðuneytis. Landssímanum skal að fullu endurgreiddur allur sá kostnaður, er þetta kann að hafa í för með sjer.

3. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld útvarpsstöðvarinnar skal tekin sem sjerstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju. Halli, sem verða kann á rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna útvarpsráð til 1 árs í senn. Ræður stjórnin forseta þess, en einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands og hinn þriðji skal valinn meðal þriggja manna, er »Fjelag útvarpsnotenda« tilnefnir, enda sje þá fjórðungur útvarpsnotenda á landinu fjelagar í fjelagi þessu. Ef það skilyrði er eigi fyrir hendi, velur stjórnin einnig þriðja mann í útvarpsráðið. Ákveður atvinnumálaráðherra þóknun þessara manna.

5. gr.

Útvarpsráðið skal hafa yfirumsjón með starfsemi útvarpsstöðvarinnar að öllu því, er ekki heyrir undir landssímann samkvæmt 2. gr. Semur atvinnumálaráðuneytið erindisbrjef handa útvarpsráðinu eða ákveður störf þess í reglugerð, er það gefur út um starfrækslu útvarpsins.

Útvarpsráðinu til aðstoðar skal ráðinn útvarpsstjóri (með fullum árslaunum), er hafi á hendi daglega framkvæmd útvarpsins og stjórni sendingum, samkvæmt fyrirmælum útvarpsráðs og landssímastjóra. Útvarpsstjóri skal skipaður af atvinnumálaráðherra samkvæmt tillögum útvarpsráðs og landssímastjóra.

6. gr.

Af hverju útvarpsviðtaki á landinu skal greitt árlegt afnotagjald, til þess að standa straum af rekstri stöðvarinnar. Ráðuneytið ákveður afnota-

gjaldið um 1 ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsráðs og landssímastjóra. Útvarpsráðið semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur útvarpsins, í samráði við landssímastjóra, og skal það sent ráðuneytinu til samþyktar.

7. gr.

Eftir að lög þessi öðlast gildi og stöðin er tekin til starfa, má enginn nota viðtak (viðtæki) fyrir útvarp án þess að tilkynna það landssímastjóra og greiða lögboðið gjald af því. Ef af þessu er brugðið, varðar það sektum, frá 50–500 krónum, ef afbrotið varðar ekki þyngri hegningu, og skulu tækin upptæk ger. Skal farið með þessi viðurlög sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal stöðin vera reist svo fljótt sem unt er.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórninni heimilast að taka að sjer ríkisrekstur á útvarpi nú þegar, með minni stöð en hjer ræðir um til bráðabirgða, enda komi það ekki í bága við rjett þess fjelags, sem nú hefir einkarjett á rekstri útvarps.

Ed. **499. Nefndarálit**

um frumv. til laga um niðurlagning Þingvallaprestakalls.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti fjárhagsnefndar mælir með því, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 16. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr. og frsm. meiri hl.	Einar Árnason.

Ed. **500. Lög**

um viðauka við lög nr. 43, 30. júlí 1909 [Prentsmiðjur].

(Afgreidd frá Ed. 16. mars).

1. gr.

Á eftir »bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar« í lagagreininni skal koma: og ennfremur amtsbókasafn Færeyja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **501. Frumvarp**

til laga um samþyktir um sjúkraskýli og læknisbústaði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir um sjúkraskýli og læknisbústaði.

2. gr.

Nú berast sýslunefnd óskir frá sveitarstjórnum um að gera samþykt, og semur hún þá frumvarp að samþyktinni; síðan kveður oddviti til fundar á svæði því, er samþyktin á að ná yfir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir þeir, er kosningarrjett hafa til sveitarstjórnar.

3. gr.

Nú stendur svo á, að læknishjerað nær yfir hluta úr tveimur sýslufjelögum, sem eru innan sama lögsagnarumdæmis, og skal þá oddviti sýslunefndar kveðja til fundar sýslunefndarmenn þeirra hreppa, er samþyktin nær yfir, og semja þeir frumvarp að samþyktinni, og sje að öðru leyti farið með sem segir í 2. gr.

4. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur sýslumaður fram frumvarp sýslunefndar. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fer þá um frumvarpið sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi nær $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram af nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndarinnar.

5. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgi henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tekur til, hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir. Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

6. gr.

Í samþykt skulu vera ákvæði um fjárframlög til stofnkostnaðar, rekstrar og viðhalds og innheimtu þeirra, svo og um eftirlit, það er þarf til þess að samþyktarinnar sje gætt. Ennfremur skulu sett ákvæði um stjórn sjúkraskýlis og læknisbústaðar og hvernig hún skuli kosin. Um skyldur til að taka sæti í stjórninni gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, 10—300 kr., og renna þær í sjóð stofnana þeirra, er hlut eiga að.

8. gr.

Með brot gegn samþyktum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Nú nær samþyktarsvæðið yfir hluta úr 2 sýslum, og kveður þá stjórnarráðið nánar á um, hvernig samþykt skuli komið á hverju sinni.

Nd. **502. Frumvarp**

til laga um fiskiræktarfjelög.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirjett hafa í sama fiskihverfi, að gera með sjer fjelagsskap um fiskirækt, á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

Fiskirækt er hverskonar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskiauð vatna, svo sem klak, innflutningur hrogna eða fiskiseiða, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs. Til friðunar á fiski og útrýmingar sels þarf samþykki $^4/_5$ atkvæðisbærra fjelagsmanna.

Fiskihverfi er vatn það eða vötn, straumvötn, stöðuvötn eða hvorttveggja, sem sami fiskistofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að fiskur byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

2. gr.

Nú vilja menn stofna fiskiræktarfjelög við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur (eða ábúendur, sbr. þó 6. gr.) allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða hefir stunduð verið í því fiskihverfi, nema veiðirjettur sje með öllu skilinn frá landareign, og skal þá boða eiganda (ábúanda, sbr. 6. gr.) eða eigendur (ábúendur, sbr. 6. gr.) veiðirjettar. Ekki er þó skylt að boða þá til fundar, sem veiðirjett eiga í almenningum stöðu-

vatna samkvæmt 126. gr. vatnalaga, nr. 15, frá 20. júní 1923, en skylt er að gera þeim kost á þátttöku, þegar fjelag hefir stofnað verið.

Þegar stofna á fiskiræktarfjelag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal kveðja til fundar alla þá, sem lönd eiga (eða leigja) að fiskihverfinu.

Nú á fjelag land að fiskihverfi eða veiðirjett í því, og skal þá boða formann fjelags.

Til fundar skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

3. gr.

Nú hefir verið boðað til fundar samkvæmt 2. gr., og skal á fundinum ræða stofnun fjelagsins og verkefni og bóka fundargerð.

Á fundinum hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem boða skal samkvæmt 2. gr. Fela má öðrum umboð til þess að fara með atkvæðisrjett sinn á fundinum, enda sje umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins, samþykkja fjelagsstofnunina, má stofna fjelagið þegar, án frekari undirbúnings.

Nú verður fjelagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, sem búi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþyktar fyrir fjelagið samkvæmt 7. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er, að starfsemi fjelagsins hafi í för með sjer, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eftir.

4. gr.

Nú hefir nefndin lokið störfum, og skal hún þá kveðja til fundar á ný samkvæmt 2. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, sem hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun fjelagsins og taka ákvörðun um hana. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem kvaddir eru til fundar, samþykkja fjelagsstofnunina, skal öllum hinum skylt að gerast fjelagar. Um atkvæðisrjett og atkvæðagreiðslu fer eftir 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Nú mæta ekki á fundi $^2/_3$ þeirra manna, sem boðaðir eru, nje umboðsmenn þeirra. Skal þá undirbúningsnefnd enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem á þeim fundi mæta eða senda þangað umboðsmenn, samþykkja fjelagsstofnunina, skal öllum öðrum, sem boðaðir hafa verið, skylt að gerast fjelagar.

6. gr.

Nú er jörð, sem land á að fiskisvæði fjelagsins, í byggingu með þeim kjörum, að landsdrottinn telur sjer ekki skylt að taka þátt í fjelagsskapnum, og skal þá boða leiguliða á stofnfund. Stofnfundur getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast fjelagi í stað eiganda. Afl atkvæða ræður úrskurði, en ekki skal hlutaðeigandi leiguliði greiða atkvæði um þann úrskurð.

Skylt er landsdrotni, þegar leiguliði fer frá jörð, að greiða eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins.

7. gr.

Nú er stofnun fjelags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykt fyrir fjelagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi boðuðum á sama hátt. Um samþyktina ræður afl atkvæða.

Í samþykt fjelagsins skulu vera ákvæði um:

1. Nafn fjelags, heimilisfang og varnarþing.
2. Verkefni fjelags og fjelagssvæði.
3. Skipun fjelagsstjórnar og starfssvið.
4. Fundarhöld.
5. Reikninga fjelags og endurskoðun.
6. Hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess, sem starfsemi fjelagsins hefir í för með sjer.
7. Sektir fyrir brot á samþykt fjelags.
8. Hvernig samþykt fjelagsins verði breytt.
9. Hvernig fara skuli um fjelagsslit.

8. gr.

Kostnaði þeim, sem starfsemi fjelagsins hefir í för með sjer, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í fjelagsskapnum. Samkvæmt þeirri meginreglu skal semja skrá, er sýnir hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver fjelagsmaður á að greiða. Skrá þessa skal semja með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarandi ára, ef til eru, en annars eftir samkomulagi, og skal hún gilda um 5 ár, nema $^2/_3$ fjelagsmanna samþykki að gera hana að nýju, eða ráðherra skipi svo fyrir.

Gjaldskrá skal lögmætur fjelagsfundur samþykkja. Um hana ræður afl atkvæða.

9. gr.

Samþykt, ásamt kostnaðaráætlun og gjaldskrá, skal fjelagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykt eða gjaldskrá þykja þannig úr garði gerðar, að þær verði ekki staðfestar, sendir ráðherra þær aftur til fjelagsstjórnar með athugasemdum um það, sem ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykt og gjaldskrá, svo og er það hefir lagað verið, sem ábótavant þótti. Aldrei má samþykt brjóta í bág við gildandi lög nje almennar grundvallarreglur.

10. gr.

Nú verða eigendaskifti á jörð, sem er á fjelagssvæði, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast fjelagi. Sama gildir og um leigjendur, þegar ábúendaskifti verða, ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir.

Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar, sem liggur að fiskihverfi, er fiskiræktarfjelag starfar við, en utan fjelagssvæðis, og er þá eiganda hennar eða ábúanda skylt að gerast fjelagi.

11. gr.

Heimilt er að taka í fjelag aðra menn en þá, sem skyldir eru til

þátttöku samkvæmt lögum þessum, ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, enda sje inntökubeiðni getið í fundarboði.

12. gr.

Nú þykir æskilegt, að fjelag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef $^2/_3$ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja fjelagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun fjelagsins eins og sagt er í lögum þessum. Nú þykir æskilegt, að tvö fjelög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef $^2/_3$ fjelagsmanna í hverju fjelagi samþykkja, enda mæli vatnalíffræðingur með því. Skal þá stofna eitt fjelag, er nái yfir svæði beggja fjelaganna, og fer um stofnun þess eins og segir í lögum þesssum.

13. gr.

Gjöld fjelagsmanna, sem ákveðin eru samkvæmt staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki, og eiga þau sama forgangsrjett í þrotabúi skuldunauts sem skattar eða gjöld til ríkisins.

14. gr.

Í samþykt fjelags má ákveða, að brot á samþykt varði alt að 200 króna sekt, er renni í fjelagssjóð.

Mál út af brotum á lögum þessum eða samþykt fjelags skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

Nd. **503. Nefndarálit**

um frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Það er rjett, sem segir í nefndaráliti hv. meiri hl. (þskj. 492), að minni hl. lýsti því yfir í nefndinni, að hann gæti til samkomulags gengið að því, að forkaupsrjettur væri á hafnarmannvirkjum, en meiri hlutinn taldi sjer ekki fært að ganga að því, og klofnaði nefndin þess vegna um málið.

Þar sem minni hl. telur ekki verulega þörf á forkaupsrjetti hafnarmannvirkja og þar sem samkomulag náðist ekki á þeim grundvelli, sem fyr er nefndur, þá telur minni hl. ekki ástæðu til að mæla með, að frv. verði að lögum með breytingum, og munu nánari ástæður fyrir því raktar í framsögu.

Minni hl. leggur til, að frv. verði felt.

Alþingi, 16. mars 1928.

Magnús Guðmundsson, frsm. Hákon Kristófersson.

Ed. **504. Frumvarp**

til laga um Gagnfræðaskóla Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna skal skóla í Reykjavík, er nefnist Gagnfræðaskóli Reykjavíkur. Hann skal veita almenna fræðslu, bóklega og verklega, bæði konum og körlum.

2. gr.

Tvær ársdeildir skulu vera í skólanum. Með leyfi stjórnarráðsins má bæta við framhaldsnámi hinn þriðja vetur í tilteknum hagnýtum námsgreinum.

3. gr.

Námsgreinar í skólanum skulu vera þessar: Íslenska, norðurlandamál, enska, bókmentafræði, saga, landafræði, náttúrufræði, hagfræði, fjelagsfræði, reikningur, söngur, teikning, íþróttir, steinsmíði, trjesmíði, járnsmíði, netabæting, einfaldur fatasaumur og matreiðsla. Nemendur ákveða í samráði við skólastjóra, hverjar námsgreinar þeir fella niður.

4. gr.

Við skóla þennan skipar stjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri jafnan njóta sömu launakjara og forstöðumaður kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara sem fyrsti kennari sama skóla.

5. gr.

Þriggja manna skólanefnd starfar við Gagnfræðaskóla Reykjavíkur. Bæjarstjórn Reykjavíkur kýs með hlutfallskosningu tvo til þriggja ára, og stjórnarráðið skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður, til 5 ára í senn. Skólanefndin starfar endurgjaldslaust.

6. gr.

Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans, ræður stundakennara og skiftir verkum með þeim. Skólanefnd semur reglugerð skólans, er stjórnarráðið staðfestir. Skólanefnd skal ennfremur undirbúa byggingu nauðsynlegra húsa fyrir skólann, ráða með skólastjóra bóka- og áhaldakaupum og annast fjárstjórn skólans.

7. gr.

Fyrir hverja 20 nemendur greiðist í skólasjóð úr ríkissjóði 1500 krónur og jafnmikið úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Sömu aðiljar leggja fram til helminga andvirði efnis við vinnukensluna. Hver nemandi greiðir í skólasjóð ár-

lega $^2/_3$ af því skólagjaldi, sem það ár er tiltekið fyrir innanbæjarnemendur við landsskólana í Reykjavík.

8. gr.

Skólaárið er frá 1. okt. til 1. maí.

Nd. 505. Breytingartillögur

við breytingartillögur á þingskjali 377 [Nikulásarker].

I. Frá *Ólafi Thors, Bjarna Ásgeirssyni* og *Benedikt Sveinssyni.*
Við 1. tölul. Liðinn skal orða svo:
Greinina skal orða svo:
Í Nikulásarkeri í Norðurá er bönnuð laxveiði, önnur en stangaveiði.

II. Frá *forsætisráðherra* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 2. tölul.
a. Orðið »núverandi« í fyrsta málslið fellur niður.
b. Síðasta málsgrein fellur niður.

Nd. 506. Frumvarp

til laga um bann gegn laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Nikulásarkeri í Norðurá er bönnuð laxveiði, önnur en stangaveiði.

2. gr.

Greiða skal Stafholtspresti fullar bætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 1. gr., eftir mati dómkvaddra manna, og skulu bæturnar vera árgjald, sem metið er í eitt skifti fyrir öll.

Laxveiðifjelag Norðurár greiðir bæturnar, en sýslumaður innheimtir á manntalsþingi.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum, frá 100—1000 kr., er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en koma þó ekki til framkvæmda fyr en laxveiðifjelagið er löglega stofnað, enda svo ákveðið í lögum þess, að fjelagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn að standa skil á bótunum.

Ed. **507. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um Gagnfræðaskóla Reykjavíkur.

Frá mentamálanefnd.

Aftan við 4. gr. bætist:
Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

Nd. **508. Nefndarálit**

um frumv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur, að svæði það, sem friðlýsa á með frumv. þessu, sje alt of stórt og álítur, að Þingvallasveit verði bráðlega úr sögunni sem sjálfstæð sveit, ef frv. verður samþykt og ákvæðum þess framfylgt. Friðun þessa stóra svæðis mun kosta mikið fje, fyrst og fremst vegna girðinga, sem setja þarf, og viðhaldskostnaðar á þeim, og vegna skaðabóta, sem greiða þarf ábúendum jarða, sem rýrna í notagildi vegna friðunarinnar. Minni hlutinn fær ekki betur sjeð en að minsta kosti 4 jarðir muni bráðlega leggjast í eyði, ef frumv. verður samþykt, því að það er kunnugra en frá þurfi að segja, að aðalkostur Þingvallasveitar er, hversu gott þar er fyrir sauðfje, en þessi kostur verður að engu. Hins vegar er sveitin illa fallin til túnræktar og því ekki miklar líkur til, að bændur geti þrifist þar á kúarækt einni, ekki síst þar sem þeir vegna samgangnaleysis mundu ekki geta komið afurðum sínum á markað nema um sumartímann.

Aftur á móti telur minni hlutinn sjálfsagt, að hinn forni þingstaður og næsta nágrenni hans sje friðað, en þykir ekki eftir öllum atvikum nein líkindi á, að brtt. í þá átt mundu ná fram að ganga. Fyrir því berum við ekki fram brtt. við frumv. En skyldi það koma í ljós við 2. umr. málsins, að svo margir háttv. deildarmenn væru okkur sammála, að nokkrar líkur væru á, að fram gengju brtt. í þessa átt, þá munum við bera þær fram til 3. umr.

Að svo komnu máli getum við ekki annað en lagt það til, að frumv. verði felt, eins og það nú liggur fyrir, og mun nánari grein verða gerð fyrir þeirri afstöðu okkar í framsögunni.

Alþingi, 17. mars 1928.

Magnús Guðmundsson, frsm. Hákon Kristófersson.

Ed. **509. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysatryggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. 2 a. laganna orðist svo:

Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar í sambandi við það og hverskonar bifreiðakeyrsla, hvort heldur sem er til vöruflutninga eða mannflutninga.

2. gr.

Í staðinn fyrir orðin »4000 kr.« í staflið b. í 4. gr. komi: 6000 kr.

3. gr.

a. Í staðinn fyrir »2000 kr.« í fyrstu málsgrein 5. gr. komi: 3000 kr.
b. Í staðinn fyrir »200 kr.« á tveim stöðum í 5. gr. 4, þriðju málsgr. komi: 300 kr., og í staðinn fyrir »400 kr.« komi: 600 kr.

4. gr.

4. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Útgerðarmenn róðrarbáta og vjelbáta, minni en 5 smálestir, greiða aðeins $^{7}/_{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Síðasti málsliður fyrri málsgreinar 12. gr. laganna orðist svo:

Skal lögreglustjóri þá, og hvenær sem slysatryggingin óskar þess, halda próf í málinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

7. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 44, 27. júní 1925, og gefa þau út svo breytt.

Nd. **510. Lög**

um mentamálaráð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 17. mars).

1. gr.

Eftir alþingiskosningar skal í sameinuðu Alþingi kjósa með hlutbundnum kosningum fimm manna nefnd, er starfar alt kjörtímabilið og

kallast mentamálaráð Íslands. Hlutgengur í nefndina er hver íslenskur borgari, sem hefir kosningarrjett til Alþingis og er búsettur í Reykjavík, eða svo nærri bænum, að hann eigi auðvelt með að sækja þangað daglega fundi. Mentamálaráðið skiftir sjálft með sjer verkum í byrjun hvers kjörtímabils, og skal þóknun fyrir störf þess ákveðin í fjárlögum. Annar nauðsynlegur kostnaður greiðist af skrifstofufje stjórnarráðsins.

2. gr.

Hlutverk mentamálaráðs Íslands er:

a. Að úthluta árlega því fje, sem Alþingi veitir til viðurkenningar skáldum og listamönnum.
b. Að kaupa fyrir landsins hönd listaverk fyrir það fje, sem kann að vera veitt í því skyni í fjárlögum.
c. Að hafa yfirumsjón með listaverkasafni landsins og undirbúa, eftir því sem unt er, byggingu listasafns í Reykjavík.
d. Að leggja samþykki á teikningar af kirkjum þjóðkirkjusafnaða, bæði nýbyggingum og breytingum, svo og hvar kirkja skuli standa. Ennfremur að kaupa altaristöflur handa kirkjum þjóðkirkjusafnaða, eftir því sem fje er til þess lagt frá hlutaðeigendum.
e. Að úthluta námsstyrk, er árlega greiðist úr ríkissjóði til stúdenta og annara nemenda erlendis. Skal mentamálaráðið við úthlutun námsstyrks veita fyrst og fremst til þess náms, sem sýnilega er mest þörf fyrir í landinu, og sje út af þeirri reglu brugðið, þá aðeins þar sem um alveg óvenjulega sjerhæfileika er að ræða. Að öðru leyti skal við úthlutun þessa námsstyrks farið eftir hæfileikum nemenda, dugnaði og reglusemi. Mentamálaráðið skal eftir fremsta megni, með aðstoð sendimanna Íslands erlendis, hafa eftirlit með, að styrkþegar fari vel með fje sitt og tíma, og sje sannanlega út af brugðið, getur nefndin svift þá framhaldsstyrk.
f. Að úthluta ókeypis fari milli Íslands og annara landa til manna, sem fara til útlanda til alþjóðargagns.
g. Að hafa á hendi yfirstjórn sjóða, er stofnaðir kunna að verða með sjerstökum lögum til eflingar lista og vísinda á Íslandi, enda sje mentamálaráðinu falið þetta vald í stofnskrám sjóðanna.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **511. Lög**

um þinglýsing skjala og aflýsing.

(Afgreidd frá Nd. 17. mars).

1. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal hafa afsals- og veðmálabækur með tilheyrandi skrám, eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar hafa á hendi þinglýsing skjala og sjá um framkvæmd laga þessara, nema öðruvísi sje fyrir mælt sjerstaklega.

3. gr.

Skjal, sem þinglýsa á, skal afhenda dómara í því lögsagnarumdæmi, þar sem þinglýsing á fram að fara.

4. gr.

Skjali, sem snertir fasteign eða skráningarskylt skip, skal þinglýsa í þeirri þinghá, sem eignin er eða skipið skráð eða óskast skráð.

Skjali um báta, 5—12 smálesta að stærð, skal þinglýst þar, sem eigandi á lögheimili. Um minni báta en 5 smálestir fer sem um lausafje.

Skjali, sem ekki snertir fasteign eða skip, skal þinglýst þar, sem sá er búsettur, sem tekur á sig skyldur með skjalinu eða rjettur hans er takmarkaður með því.

Öðrum skjölum, sem þinglýsa á, má þinglýsa þar, sem sá óskar, sem afhendir skjal.

Nú snertir skjal bæði fasteign eða skip og mann persónulega, og skal því þá bæði þinglýst á varnarþingi fasteignar eða heimilisstað skips og á varnarþingi aðilja, ef þinghár þessar eru ekki hinar sömu.

5. gr.

Sá, sem vill fá skjali þinglýst, skal afhenda það í tveim samhljóða frumritum, eða í frumriti og eftirriti. Að minsta kosti annað frumritið eða eftirritið skal ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðherra hefir löggilt til þess. Pappír þessi skal vera hentugur bæði til áritunar með ritvjel og penna og til sölu við hæfilegu verði hjá öllum bóksölum landsins, sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum og hreppstjórum.

6. gr.

Þegar dómara er afhent skjal til þinglýsingar, skal hann sannreyna, að bæði eintök skjalsins sjeu samhljóða, og að því búnu ritar hann á bæði eintökin vottorð um móttökudag og stund, merkir þau bæði á sama hátt og af-

hendir síðan frumritið, ef eftirrit fylgir, en ella það eintakið, sem stimplað kann að vera. Ef hvorugt frumritið er stimplað, afhendir hann það, er honum sýnist.

7. gr.

Þinglýsing skjala fer fram á þann hátt, að dómari les upp á manntalsþingi, en í Reykjavík á bæjarþingi, skrá yfir þau skjöl, sem honum hafa borist í þessu skyni síðan síðasta manntalsþing í þeirri þinghá eða síðasta bæjarþing var háð.

Í skrá þessari skal getið, hver sje eigandi skjals, útgefandi þess, tegund og fjárhæð, ef nokkur er, veðsetninga og annars, sem þarf til þess að einkenna skjalið greinilega.

8. gr.

Gildi þinglýsingar telst frá því skjal er afhent dómara. Ef tvö skjöl, sem ekki geta samrýmst, eru afhent samtímis til þinglýsingar, hefir það forgangsrjett, sem fyr er dagsett. Ef bæði eru dagsett á sama degi, eru bæði jafnrjetthá.

9. gr.

Þegar skjal er afhent til þinglýsingar, skal dómari rannsaka, ef um fasteign eða skip er að ræða, hvort útgefandi hefir þinglýsta eignarheimild og hvort áður hefir verið þinglýst nokkuð það, sem fer í bága við eða rýrir gildi hins nýja skjals. Ef brestur er á um þetta, ritar dómari athugasemd um það á bæði eintök skjalsins, áður en hann afhendir annað þeirra.

10. gr.

Þau samrit þinglýsingarskjala, sem ekki eru afhent þeim, er þinglýsingar beiðast, og eftirritin, geymast með embættisskjölum dómara á tryggum stað í sjerstöku skjalahylki, uns svo mikið er komið, að hæfilegt er í bók. Skulu samritin og eftirritin þá fest eða bundin í skinnband, og eru þær bækur afsals- og veðmálabækur lögsagnarumdæmisins ásamt þeim, sem þegar eru. Kostnaður af bandi bóka þessara telst til skrifstofukostnaðar.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um stærð veðmálabóka og annað, sem rætt er um í þessari gr.

11. gr.

Skrár þær, sem getur um í 1. gr., skulu vera skinnbundnar bækur, ein eða fleiri í hverju lögsagnarumdæmi. Í skrám þessum skal ætla hverri fasteign í lögsagnarumdæminu og hverju skipi, 5 smálestir eða stærri, að minsta kosti eitt blað, og skal jafnóðum og skjöl eru afhent til þinglýsingar geta þess skjals á blaði fasteignar eða skips í rjettri röð eftir afhendingu, þannig að nægilegt sje, þegar veðbókarvottorð eru gefin, að gefa þau eftir því, sem þar er skráð. Ennfremur skal halda skrár eftir stafrófsröð, og skal þar ætla hverjum bókstaf hæfilega mörg blöð, og skal þar á sama hátt getið skjala, sem ekki snerta fasteign eða skip. Fyrsti bókstafur í nafni útgefanda skjalsins segir til um, hvar slíkt skjal skuli skráð.

Þangað til fengin er í lögsagnarumdæmi ný eða nýjar skrár samkvæmt

lögum þessum, má um skip nota skipaskrárnar, eins og segir í 2. gr. laga nr. 20, 10. nóv. 1907.

Sjerstakar lóðaskrár, skipaskrár og bifreiðaskrár skal halda þar, sem það telst nauðsynlegt.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag skránna, er í þessari grein getur.

12. gr.

Nú er þinglýsingarskjal ekki að stærð eins og fyrirskipað er, eða ekki þannig ritað, að hægt sje að binda það í bók, eða það er mjög ógreinilegt, eða eintökin ósamhljóða, eða skjalið hefir aðra svo verulega ágalla, að ekki þykir fært að taka það til þinglýsingar og innfestingar í afsals- og veðmálabók, og má þá dómari neita um þinglýsingu, þar til úr er bætt.

13. gr.

Nú er skjal afhent dómara til aflýsingar, og skal hann þá þegar afmá það úr afsals- og veðmálabókum með því að rita á skjalið í bókinni, að því sje aflýst, og tilgreina ár og dag og setja nafn sitt undir. Hann skal einnig strika yfir skjalið, svo að greinilega sjáist, að aflýst sje skjalinu, þó þannig, að engin vandkvæði sjeu á að lesa það síðar. Skjal það, sem afhent var til aflýsingar, fær dómari aðilja aftur með áritun um, að því sje aflýst og það afmáð úr afsals- og veðmálabókum umdæmisins.

Á næsta manntalsþingi eða bæjarþingi skal lesin upp skrá yfir hin aflýstu brjef, eins og segir í 7. gr. um þinglýsingar.

Um leið og skjal er afmáð úr afsals- og veðmálabók, skal strikað yfir það, sem um skjalið er skráð í skrám þeim, er 11. gr. ræðir um, þó þannig, að engin vandkvæði sjeu á að lesa það síðar.

14. gr.

Nú er veðsett fasteign eða skip selt á nauðungaruppboði eða fengið veðhafa til eignar af skiftaráðanda eða fógeta, án þess að síðari veðhafar hafi fengið greiðslu af því, er fasteignin eða skipið var selt eða látið fyrir, og skal þá afmá úr afsals- og veðmálabókunum þau veðbrjef, sem þannig falla úr gildi. Til þess að slík veðbrjef verði máð úr bókunum þarf ekki að afhenda þau dómara, en geta skal hann þess í áritun sinni á brjefið í bókinni, hvers vegna það er afmáð.

15. gr.

Nú hefir þinglýst skjal verið ómerkt með dómi, og má þá afmá það úr afsals- og veðmálabókum eftir reglum 14. gr., ef dómhafi óskar.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929, og frá sama tíma falla úr gildi þessi lagaboð:

Dönsku laga 5—3—28 til 30,
Opið brjef 22. apríl 1817, 1. og 2. gr.,
Tilskipun 24. apríl 1833,
Opið brjef 28. apríl 1841,
Lög nr. 16, 16. sept. 1893, 1. gr.,
Lög nr. 20, 16. nóv. 1907, að því leyti sem þau snerta þinglestur, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Ed. **512. Nefndarálit**

um frv. til laga um atvinnurekstrarlán.

Frá 1. minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin leitaði umsagnar Landsbankans og eftirlitsmannsins með bönkum og sparisjóðum um þetta mál.

Bankastjórar Landsbankans hafa í áliti sínu, dags. 28. febr., látið í ljósi, að þeim virðist ósamrýmanlegt ákvæðum landsbankalaganna, að sparisjóðsdeild bankans hafi þá útlánastarfsemi á hendi, sem 1. gr. ráðgerir. Þó okkur virðist þetta vera skoðunarmál, þykir okkur rjett að flytja brtt. við 1. gr. þess efnis, að heimildin til að binda þetta við sparisjóðsdeild bankans falli burt.

Að því er seðlabankann snertir, þá telja bankastjórarnir það »mjög varhugavert að auka enn útlanastarfsemi bankans með lántöku«, vegna þess að hann hafi talsvert erlent lánsfje í veltu fyrir, og að aukning þess muni veikja aðstöðu hans til þess að hafa tök á gjaldeyri landsins. Hinsvegar leggja bankastjórarnir þó ekkert á móti því, að þessi útlánastarfsemi verði stofnsett, ef það gæti orðið án milligöngu Landsbankans.

Út af þessu höfum við athugað vandlega, hvort rjett mundi vera að gera ráðstafanir um fjárútvegun til þessarar starfsemi á annan hátt en fyrir milligöngu Landsbankans, en við höfum komist að þeirri niðurstöðu, að rjettasta leiðin sje einmitt sú, að seðlabankinn hafi það verkefni á hendi, sem tiltekið er í 1. gr. Við lítum svo á, að ef slík útlánastarfsemi yrði sett á fót utan við seðlabankann, þá mætti segja, að hún veikti aðstöðu þess banka til þess að hafa tök á gjaldeyri landsins, af því að seðlabankastjórnin hefði það þá ekki í sínu valdi að draga úr starfseminni eða þrýsta henni saman, jafnvel þó ástandið og aðstaða gjaldeyrisins krefðist þess að hennar dómi. En einmitt með því að binda heimildina við seðlabankann fær stjórn hans mögguleika til þess að stjórna þessari útlánastarfsemi með jöfnu tilliti til þarfa atvinnuveganna og aðstöðu seðlabankans til að hafa tök á gjaldeyrinum.

Hjer við bætist, að eftir því, sem við vitum, mundi Landsbankinn ekki þurfa neinnar nýrrar lántöku í þessu skyni í fyrstu, meðan útlánastarfsemi þessi er ekki orðin umfangsmikil, heldur mundi hann geta notað í því skyni eitthvað

af hinu ameríska reikningsláni sínu, sem hann tók með ábyrgð ríkissjóðs vorið 1927 og nú mun vera framlengt með minni upphæð og lítið eða ekki notað.

Eftirlitsmaðurinn með bönkum og sparisjóðum hefir í umsögn 5. mars látið uppi álit sitt um málið að því er snertir þátttöku sparisjóða sjerstaklega í hinni fyrirhuguðu útlánastarfsemi. Telur hann frá því sjónarmiði ýmislegt athugavert við frv., og er þetta hið helsta:

1. Að sparisjóðslögin ætli sparisjóðum ekki að fást við slíka starfsemi, og það sje mjög fátítt, að sparisjóðir taki bankalán til útlána.
2. Að tryggingar þær, sem frv. ætlar sparisjóðunum, sjeu ófullnægjandi að því leyti, að sparisjóðsstjórnin fái ekki heimild eða tækifæri til að meta tryggingar þær, sem fjelagsmenn eiga að setja fjelagsstjórn sinni samkvæmt 4. gr. e. í frv.
3. Að efnuðustu mennirnir í hverju bygðarlagi muni taka sig út úr og mynda fjelagsskap út af fyrir sig, en hinir miður efnuðu gangi í fjelag fyrir sig, og verði þá rýrar tryggingarnar fyrir lánum til hinna síðarnefndu.
4. Að nokkur áhætta hljóti að fylgja slíkri útlánastarfsemi yfirleitt.

Skulum við nú athuga þessar mótbárur.

Um 1. Sparisjóðslögin heimila sparisjóðum að taka lán, ef allir stjórnendur samþykkja. Þessu er ekki ætlast til að breyta, og með því fororði er sparisjóðunum heimil sú starfsemi, sem frv. ætlar þeim. Við gerum ekki ráð fyrir, að hinir smáu sveitasparisjóðir taki þátt í þessari útlánastarfsemi, heldur er hún ætluð bankaútibúum og kaupstaða- eða verslunarstaðasparisjóðum, sem margir hverjir eru nú orðnir svo stórir, að þeir starfa í reyndinni sem spari-*bankar*. Við álítum, að innan skamms muni tímabært að endurskoða sparisjóðalöggjöfina með tilliti til þess, að rýmkva á eðlilegan hátt starfssvið þessara stærri kaupstaðasparisjóða, svo að þeir geti starfað sem raunverulegur sparibanki, hver fyrir sitt hjerað. En um atvinnurekstrarlánin þykir okkur meiru skifta, að vel sje byrjað en að hart sje af stað farið, og þess vegna förum við ekki fram á að fella burtu núgildandi skilyrði um, að allir stjórnendur skuli samþykkja lántökuna.

Um 2. Við könnumst við, að þessi aðfinsla sje á nokkrum rökum bygð, og berum út af því fram brtt. um, að peningastofnun sú, sem rekstrarlánafjelag skiftir við, geti krafist tryggginga eða fengið sjer framseldar tryggingar þær, er einstakir fjelagsmenn setja fjelaginu fyrir lánahlutum sínum.

Um 3. Við búumst ekki við, að sú verði reyndin, að fleiri en eitt fjelag stofnist í sama hreppi, nema ef mismunandi atvinnuvegir innanhrepps gera það eðlilegt og æskilegt. Ef reynslan sýnir, að hinir fátækari verði afskiftir um rekstrarlán á þennan hátt, má leita eftir úrræðum til umbóta á því, en að öðru leyti getur þetta ekki gert starfsemina í heild ótryggari, heldur þvert á móti, og er því ekki rjettmæt mótbára gegn synjun slíkrar lánastarfsemi yfir höfuð.

Um 4. Við viljum búa sem allra tryggilegast um, að ekki hljótist tap á þessum útlánum. Til þess samt að gera sparisjóðum og öðrum peningastofnunum

aðgengilegra að fást við þessa starfsemi, flytjum við brtt. við 8. gr., þess efnis, að ekki verði útilokað, að lánveitandi njóti nokkurs hagnaðar af starfseminni, auk endurgjalds fyrir beinan tilkostnað.

Samkvæmt þessu leggjum við til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Orðin »eða sparisjóðsdeild hans« falli burt.
2. Við 3. gr. Aftan við a-lið bætist nýr málsliður, þannig:
   Ennfremur getur stjórn peningastofnunarinnar krafist frekari trygginga, þar á meðal framsals á tryggingum þeim, er fjelagsmenn setja rekstrarlánafjelaginu samkvæmt 4. gr. e.
3. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist: og hæfilegan afgang fyrir áhættu.

Alþingi, 16. mars 1928.

Jón Þorláksson, frsm. Björn Kristjánsson.

Nd. **513. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um bann gegn laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum, frá 100—1000 kr., er renna að helmingi í sveitarsjóð Stafholtstungnahrepps og að helmingi til uppljóstrarmanns. Svo skal og upptækt alt ólöglegt veiðifang og ólögleg veiðiáhöld. Mál út af brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Nd. **514. Nefndarálit**

um frumv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefir athugað frumv. þetta. Telur hún, að þinginu beri að setja lög um þetta efni og að síst megi ganga skemra en landsstjórnin gerði í tillögum sínum, er fólust í frumv. því, er lagt var fyrir háttv. Ed.

Mætti vissulega fremur að því finna, að helst til skamt væri gengið eftir tillögum stjórnarinnar. En því undarlegra má það heita, að háttv. Ed. skyldi verða til þess að draga stórkostlega úr þeim varúðarráðstöfunum, er fólust í frumv. stjórnarinnar.

Landbúnaðarnefnd telur þetta mjög illa farið. Hjer er um svo alvarlegt mál að ræða, að vjer álítum, að þingið megi ekkert láta ógert, er í þess valdi stendur, til varnar því, að veikin berist hingað til landsins.

Talið er, að smitunarhættan stafi mest af heyi og ýmiskonar jarðargróða (kartöflum, rófum, káli o. s. frv.) og mjólkurafurðum.

Vjer teljum þess vegna alveg sjálfsagt, að innflutningur á öllum þessum vörum sje bannaður frá þeim löndum og landshlutum, þar sem ætla má, að hætta geti stafað af innflutningi þeirra. En þær ástæður verður stjórnin ásamt ráðunaut hennar að meta í hvert sinn, og því leggjum vjer til, að stjórninni sje veitt heimild til að veita undanþágur um nokkrar af þessum vörum, ef örugt má telja, að engin smitunarhætta geti af þeim stafað og sjerstök aðkallandi þörf væri fyrir eitthvað af þessum vörutegundum erlendis frá. En vjer væntum, að þó að þessi undanþága sje heimiluð, að þá hafi landsstjórnin góða aðgæslu í þessu efni. Og nefndin vill fyrir sitt leyti beina því eindregið til stjórnarinnar, að hún reyni af fremsta megni að hafa góða aðgæslu í þessu máli og gera sitt ítrasta til varnar því, að þessi voðaveiki berist hingað til landsins.

Einum nefndarmanna (Jör. B.) þykir þó of skamt gengið eftir breytingartillögu þeirri, er nefndin ber fram. Vill hann, að sumt af þeim vörutegundum, sem nefndar eru í brtt., verði undantekningarlaust bannaður innflutningur á, og hefir hann áskilið sjer rjett til að koma fram með breytingartillögu í þessa átt við frumvarpið.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frumv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. d-liðinn skal orða svo:

Mjólkurafurðum, eggjum, kartöflum, káli og öðru hráðvöxnu grænmeti, rófum og fóðurkökum.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu frá innflutningsbanni á vörum þessum í einstökum tilfellum og fyrir lönd og landshluta.

Alþingi, 15. mars 1928.

Lárus Helgason, form.	Bernharð Stefánsson, frsm.	Jörundur Brynjólfsson, með fyrirvara.
	Einar Jónsson.	Jón Ólafsson, fundaskr.

Nd. 515. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1926.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið frv. saman við landsreikninginn og tillögur endurskoðenda, og er með frv. leitað aukafjárveitingar á öllu, sem endurskoðendur leggja til, að leitað sje aukafjárveitingar á.

Gjöldin hafa farið fram úr áætlun um		kr. 3379502.94
Þar af er leitað aukafjárveitingar á	kr. 1462072.94	
og samkv. sjerstökum lögum og fjáraukalögum fyrir 1925, 1926 og væntanlegum fjáraukal. .	kr. 1288336.92	kr. 2750409.86
þá hafa útgjöldin farið fram úr áætlun um		kr. 629093.08

á þeim liðum, sem taldir er lögbundin gjöld.

Til álita gæti komið um ýms fleiri útgjöld — hvort leita bæri aukafjárveitingar á þeim —, enda getur slíkt jafnan verið álitamál. Nefndin gerir þó ekki tillögur um, að leitað sje frekari aukafjárveitinga, en lætur nægja, að bent sje á þær helstu við umræður til athugunar framvegis.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 17. mars 1928.

Halldór Stefánsson, form. og frsm. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari. Ólafur Thors.
Hannes Jónsson. Sig. Eggerz.

Nd. 516. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1926.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið frv. saman við landsreikninginn og ekkert fundið við hann að athuga reikningslega. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt.

Tekjur og gjöld ársins hafa hvort um sig farið langt fram úr áætlun. Lausaskuldir hafa aukist um 507 þús. kr. — mest við landhelgissjóð — og gengið hefir á rekstrarsjóð um tæpar 39 þús. kr. Hinsvegar hefir aukist innstæða í bönkum um 238 þús. og verið veitt lán til Flóaáveitufjelagsins 164½ þús — Tekjuhalli á rekstrarreikningi er talinn kr. 203328.42.

Um athugasemdir endurskoðenda og tillögur til reikningsúrskurðar tekur nefndin það fram, að hún er þeim samþykk í höfuðatriðum. Þó leggja nefndar-

menn nokkuð mismunandi áherslu á hin einstöku atriði. Verður vikið að hinum einstöku atriðum nánar við framsögu og við umræður.

Alþingi, 17. mars 1928.

Halldór Stefánsson, form. og frsm. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari. Ólafur Thors.
Hannes Jónsson. Sig. Eggerz.

Ed. **517. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

I.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála í þessu máli. Hefir meiri hlutinn skrifað nefndarálit á þingskjali 477 og leggur til, að frumvarp þetta verði samþykt með litlum breytingum. Minni hlutinn telur hinsvegar ekki tímabært að breyta lögunum frá síðasta þingi, með því ekkert það hefir fram komið síðan, sem geri það nauðsynlegt eða æskilegt. Og engin umkvörtun hefir komið yfir þeirri niðurstöðu, sem mál þetta fjekk á síðasta þingi, hvorki frá þjóðinni nje yfirstjórn bankans. Og mun frumvarpið vera borið fram án vitundar yfirstjórnar bankans, bankaráðsins, sem heildar.

Eins og kunnugt er, var allmikið verk lagt í það á síðasta þingi að gera lög bankans, sem seðlabanka landsins, svo úr garði, að þau gætu uppfylt þarfir vorar inn á við, og einnig orðið Landsbankanum, Alþingi og landinu til sóma út á við, þannig, að þau gætu vakið fult traust erlendra þjóða á fjármálastarfsemi vorri. Eru nú þessi lög eflaust komin í hendur sambanda Landsbankans erlendis og víðar.

Minni hlutinn þorir að fullyrða, að hvergi í heiminum sje eins ótryggilega um nokkurn seðlabanka búið eins og verða mundi um seðlabanka Íslands, hvort sem frumvarpið yrði samþykt óbreytt eða með þeim breytingum, sem meiri hlutinn leggur til, að gerðar verði á því, sem síðar munu verða leidd rök að.

Og þar sem seðlabankalög vor frá síðasta þingi munu nú vera orðin kunn samböndum Landsbankans erlendis, og ef til vill víðar, þá sjá allir, sem við slík fjármál hafa fengist, hversu hættulegt það gæti orðið áliti voru og trausti, þegar umheimurinn sæi, að Alþingi einu ári síðar hefði kipt burtu úr lögunum svo að segja allri yfirstjórn bankans og öllu eftirliti, sem óbjákvæmilegt þykir að hafa við alla seðlabanka heimsins, og ekki síst við ríkisbanka, sem hætt er við, að geti meira og minna orðið háðir flokkapólitíkinni.

Þess vegna var mikið kapp á það lagt á síðasta þingi, að yfirstjórn bank-

ans og eftirlit yrði í sem bestu lagi og í samræmi við það, sem reynsla annara landa er búin að sýna, að ekki verður komist hjá. Og einnig vor eigin reynsla.

Þá var og einnig sjeð fyrir, að bankinn fengi nægilegt fje sem gullforða, og þó nokkurt fje til tryggingar hinum sívaxandi sparisjóði.

Meiri hluti fjárhagsnefndar í efri deild á síðasta þingi gekk þó út frá, að fyrir gæti komið, að ríkissjóðurinn yrði að leggja bankanum til nokkru meira en þær 5 miljónir (eða 3 milj. af 5), sem 5. grein laganna ákvað, ef matið á bankanum, sem fram átti að fara, gæfi tilefni til. Þetta mat er nú framkvæmt, en ríkisstjórnin (eða fjármálaráðherra) hefir færst undan að lofa nefndinni að fá vitneskju um niðurstöðuna af því mati, og meðundirskrifaður B. K., sem var í matsnefndinni, telur ekki eiga við að segja frá niðurstöðu nefndarinnar á móti vilja stjórnarinnar.

Það þing, sem fyrirskipaði matið, fær því ekki að sjá matið eða útkomu þess, en á samt að greiða atkvæði um það, hvort fella skuli burtu alt framlag ríkissjóðs til bankans, eða að aðhyllast breytingartillögu meiri hlutans á þingskj. 477 um að leggja honum til 3 miljónir króna, sem þó aðeins er *heimild*, en engin skylda. Það leiðir af sjálfu sjer, að báðar þessar tillögur eru á sandi bygðar, þar sem niðurstaða matsins er ekki tekin til greina að neinu leyti. Og ríkissjóðsábyrgðin bætir lítið úr fjárþörf seðlabankans eins og ástatt er.

Gera má ráð fyrir, að stjórnin hafi gripið til þessa óyndisúrræðis, að hætta við að leggja bankanum nauðsynlegt fje, en setja ríkissjóðsábyrgð í staðinn, vegna þess, að hún hafi talið ríkissjóði of örðugt að leggja fram það fje, sem með þurfti.

En slíka örðugleika verður að sjálfsögðu að yfirstíga. Stjórnin og þingið verður að þola að sjá framan í óvinina, örðugleikana og raunveruleikann.

Og þjóðin á beina heimtingu á því, að þingið sýni henni einlægni í svo afarþýðingarmiklu máli, svo hún einnig geti sjeð óvinina og hagað fjárkröfum og fjármálum sínum þar eftir.

Hinn 31. des. 1926 átti Landsbankinn engan varasjóð, og ekki mun þurfa að gera ráð fyrir, að hann eignist neinn varasjóð á árinu 1927, því að arður bankans á því ári mun ganga til þess að fella töpuð lán úr eftirstöðvum.

Af þessum sökum er það því auðsætt, hvað sem hag bankans líður að öðru leyti, að ekki er hægt að komast hjá að leggja bankanum til nægilegt fje sem gullforða, eða um 3 miljónir króna.

Að því er snertir framlag til bankans að öðru leyti, svo að hann eigi 5 miljónir króna hreinar þegar hann byrjar raunverulega að starfa sem seðlabanki, þá eru tveir vegir fyrir hendi. Annar vegurinn er sá, að ríkissjóður leggi honum fje til viðbótar, sem til kann að vanta. Hinn vegurinn er sá, að freista þess, að bankinn geti unnið sjer inn það fje, sem á kann að vanta, á nokkrum árum, og að ríkissjóðsábyrgð yrði sett fyrir því.

En vitanlega þarf ábyrgð ríkissjóðs ekki að ná lengra en svo, að bankanum sje trygð nefnd 5 miljóna króna upphæð á sínum tíma. Frekari ábyrgð er ónauðsynleg og óæskileg.

II.

Eigi getur minni blutinn sjeð, að það gæti leitt til neinnar fjárhagslegrar

viðreisnar fyrir bankann, þó farið væri að taka upp landsbankanefndarfyrirkomulagið, samkv. 4. og 5. gr. frv., sem samkomulag varð um á síðasta þingi að fella burt úr frumvarpinu þá.

Hætt er við, að þessi 15 manna landsbankanefnd yrði skipuð upp og ofan af mönnum, sem enga sjerstaka þekkingu hafa á bankamálum. Og þar sem starf þessara manna yrði aðeins að koma saman einu sinni á ári, án þess að koma inn í bankann til eftirlits eða til að kynna sjer rekstur hans, þá er auðsætt, að þeir gætu ekkert lært af veru sinni í nefndinni. Og þegar svo er ástatt, er þess naumast að vænta, að þeir fyndu nægilega til ábyrgðar sinnar í stöðunni, þegar þá líka þar við bætist, að þeir eiga að vinna kauplaust.

Það, sem þessi nefnd á að vinna samkv. 13. gr. frv., útheimtir þó allmikla mentun á bankarekstrarsviðinu. Hætt er líka við, að enn ver færi úr hendi fyrir henni að velja bankaráðið en Alþingi sjálfu, þar sem ábyrgðarlausir menn mundu líka ef til vill standa henni að baki og ráða öllum hennar gerðum.

Að vísu mun eitt dæmi vera til þess, að slík nefnd sje valin sem yfirstjórn við seðlabanka, við ríkisbankann sænska. En það fyrirkomulag stafar frá mjög gömlum tíma. Sá banki var stofnaður um 1674—80 upp úr öðrum einkabanka (Rigets Ständer Bank), og mun tilhögunin standa í sambandi við þann uppruna bankans.

En slíkt fyrirkomulag mun hvergi síðar hafa verið innleitt við neinn seðlabanka.

En alt öðruvísi stendur líka hjer á en í Svíþjóð, sem er 60 sinnum stærri þjóð en íslenska þjóðin og hefir því gnægð af kunnáttumönnum til að velja í slíka nefnd.

III.

Starfssvið bankaráðsins er ákveðið í 14. gr. frumv., og hljóðar 1. málsgr. þeirrar gr. svo:

»Formaður bankaráðsins hefir fyrir hönd ráðsins stöðugt, daglegt eftirlit með starfsemi bankans«.

Formaður bankaráðsins á því *einn* að hafa eftirlitið í bankanum *fyrir hönd* bankaráðsins. Nú á einn flokkspólitískur ráðherra að velja þennan formann bankaráðsins, sem getur lagt fyrir hann að gera hvað sem ráðherra sýnist. Ráðríkur flokksráðherra getur því gert þennan bankaráðsformann að allsráðandi yfirbankastjóra í bankanum. Og þar með er bankinn sjálfur gerður að flokkspólitískri stofnun, sem flokkarnir á víxl geta farið með eins og bolta á milli sín, án þess að minni hluti geti nokkuð um það vitað, hvernig farið er með fje bankans. Alt vald yfir fjármagni landsins er því lagt í hendur eins flokksráðherra, eftirlitslaust.

Og alt eftirlitið af þingsins hálfu er dregið úr höndum þess, bæði samkvæmt þessari grein og öðrum greinum.

Bankaráðsmennirnir fjórir, sem Alþingi velur *óbeint* fyrir milligöngu landsbankanefndarinnar, verða að sætta sig við þær upplýsingar um hag bankans og stjórnarstefnu, sem formaður bankaráðsins má eða vill segja þeim, því sjálfir mega þeir ekki athuga neitt í bankanum. Og eftir því eiga þeir að *úrskurða* um mál bankans.

Nærri má geta, hvort slíkir úrskurðir geta orðið á rökum bygðir.

Vald bankaráðs Íslandsbanka til eftirlits í þeim banka þótti of takmarkað á sínum tíma. Þó var það svo, að það gat sent hvern bankaráðsmanninn sem það vildi inn í bankann til að rannsaka hag hans. En heimildin sú hefði þó þurft að vera *skylda* til að rannsaka hag bankans oftar en gert var og af bankaráðsmönnunum á víxl. Og á þeirri reynslu og erlendri reynslu var fyrirkomulagið á starfsframkvæmd bankaráðs Landsbankans bygt á síðasta þingi.

Alþingi valdi þá líka 4 bankaráðsmenn, og áttu þeir daglega að athuga rekstur bankans, tveir og tveir á víxl ásamt formanni bankaráðsins. Þessir 4 bankaráðsmenn voru skilyrðislaust ráðnir til tveggja og fjögurra ára og formaðurinn einnig ráðinn skilyrðislaust til 3 ára samkvæmt lögum bankans. Þar sem eigi á að leggja þessar stöður niður, virðist það vera allmikið vafamál, hvort hægt er að svifta þessa menn stöðu þeirra fyr en kjörtími þeirra er útrunninn.

IV.

Flestar aðrar aðalbreytingar á landsbankalögunum ganga út á það að afnema alt lögboðið eftirlit með stjórn og rekstri bankans og að útiloka Alþingi frá því að fá nokkra vitneskju um það, sem þar gerist.

Þannig er 37. gr. bankalaganna að mestu strikuð út, en í henni felst aðallega þetta:

1. að bankaráðið hafi daglegt eftirlit með bankanum, á þann hátt, sem áður er sagt.
2. að bankaráðið haldi fundarbók og bóki ályktanir sínar.
3. að fundarbók bankaráðsins sje lögð fyrir fjárhagsnefndir Alþingis á hverju þingi til álita, og
4. að bankaráðið gefi Alþingi árlega skýrslu um það, hvernig bankanum var stjórnað á umliðnu ári o. s frv.

Alt þetta á nú að strika út úr lögunum. Þar með er alveg fyrir það girt, að Alþingi geti haft nokkurt eftirlit með bankanum, þar sem líka þessir 4 bankaráðsmenn, sem Alþingi á óbeint að kjósa, mega ekkert eftirlit hafa með rekstri bankans.

Þá er lagt til í frumvarpinu að strika út 39. gr. bankalaganna, en í þeirri grein felst þetta:

1. að aðalbankastjóri hafi viðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum.
2. að framkvæmdarstjórnin haldi fundarbók, eins og verið hefir, sem í sjeu ritaðar allar ályktanir, sem gerðar eru á fundum hennar.
3. að eigi minna en 2 bankastjórar geti gert ályktun.
4. að að jafnaði skuli engar *meiri háttar* ráðstafanir gerðar, ef einn bankastjóri mótmælir.
5. að bankastjóri megi rita rökstutt ágreiningsatkvæði sitt í gerðabókina, ef einhver ályktun er gerð á móti hans vilja.
6. að viðstaddir bankastjórar undirskrifi fundarbókina í hvert skifti, er fundur er haldinn.
7. að hver deild bankans haldi sína dagbók.

8. að fundarbók bankastjóranna og dagbækurnar sjeu daglega lagðar fyrir bankaráðið, og
9. að fjarverandi bankastjóri beri ábyrgð á því, sem framkvæmt hefir verið í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatkvæði um það, sem hann er ósamþykkur, í fundarbókina eða dagbækurnar.

Öllu þessu er slept, til þess að bankinn hafi *ekki* það eftirlit, sem hvarvetna annarsstaðar er álitið nauðsynlegt.

V.

Þá þykir rjett að minnast á sumar af hinum minni háttar breytingartillögum, svo sem breytinguna í 8. gr. frumvarpsins við 36. gr. bankalaganna.

Þar eru aðalbreytingarnar fólgnar í því:

a. að fella burtu aðalbankastjórann, sem ætlast var til, að hefði sjerstaklega góða þekkingu og reynslu á viðskiftamálum.
b. að fella burtu ákvæðið um það, að ef ráðherra víkur bankastjóra úr stöðunni, þá sje honum skylt að segja hinum frávikna »*skriflega*« frá ástæðum.

Um fyrra atriðið er naumast hægt að deila, því svo nauðsynlegt er að tryggja það, að að minsta kosti sje einn bankastjórinn sem best hæfur, sem kostur er á, til að gegna svo vandasamri stöðu.

Hitt ákvæðið var sett inn í bankalögin 1909, og var það gert til þess að fyrirbyggja, að ráðríkur flokksráðherra gæti vikið bankastjóra úr stöðunni alveg tilefnislaust og einungis af flokksástæðum.

Nú á að fella burtu þetta eina orð »skriflega« í niðurlagi 1. málsgr. 36. gr. bankalaganna, svo leiðin sje sem opnust til þess að víkja bankastjóra frá, sem t. d. ekki vill veita þau lán, sem flokksráðherrann, eða bankaráðsformaðurinn í hans stað vill láta veita.

Breyting þessi er ekki stór, en hún getur orðið ærið afleiðingarík.

Samkv. 14. gr. frumvarpsins er ákveðið, að framkvæmdarstjórn bankans skuli á hverjum reglulegum fundi meðal annars gefa skýrslu um, »hve mikið af fje bankans sje bundið í hverri atvinnugrein«.

Það var sýnt fram á það á síðasta þingi, að þetta ákvæði væri óframkvæmanlegt, þar sem atvinnuvegirnir hjer grípa hver inn í annan. Ákvæði þetta var því eðlilega felt burt úr frumvarpinu þá.

Þá er sú efnisbreyting gerð í 15. gr., að e-liðnum í 38. gr. bankalaganna sje breytt þannig, að eigi sje lögskipaður nema 1 gjaldkeri við bankann, þó vitanlegt sje, að bankinn getur alls ekki komist af með minna en 2 gjaldkera.

Eigi er minni hlutanum ljóst, hvað veldur þessari breytingu, því vitanlega má segja þessum gjaldkera upp stöðunni, þó hann sje stjórnskipaður, ef hann ekki rækir starf sitt með trúmensku og kostgæfni.

Þá er lagt til í 23. gr. frumvarpsins, að 57. gr. bankalaganna verði breytt.

Aðalbankastjórinn er feldur burtu í samræmi við fyrri breytingartillögu um það atriði.

VI.

Samkvæmt þeim bendingum, sem hjer hafa verið gefnar um efni þessa bankafrumvarps, telur minni hlutinn það ekki hættulaust fyrir bankann að fara

nú aðeins eftir eitt ár að umturna mikilvægustu ákvæðum bankalaganna frá síðasta þingi og að rýra traust hans með þeim breytingum.

Alþingi ætti og að muna, að Landsbankinn á sjálfur ekkert veltufje, en starfar *eingöngu* með fje einstakra manna, sem gætu þreytst á því að láta Landsbankann ávaxta fje sitt, ef augljóst yrði, að bankann ætti að nota til þess að styrkja aðstöðu sjerstakra stjórnmálaflokka í landinu, eða hag sjerstakra stjórnmálamanna.

Minni hlutinn leggur því til, að frumvarpið verði felt.

Um tillögur meiri hlutans verður rætt í framsögu.

Að lokum leyfir minni hlutinn sjer að láta prenta með áliti þessu 1) álit framkvæmdarstjórnar Landsbankans um málið og 2) álit bankaráðsins, sem eru í öllum aðalatriðum í samræmi við álit minni hlutans, svo langt sem þau ná.

Alþingi, 17. mars 1928.

Björn Kristjánsson, framsm. Jón Þorláksson.

Fylgiskjal I.

LANDSBANKI ÍSLANDS.

Reykjavík, 28. febr. 1928.

Með bréfi dags. 23. þ. m. hefir háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis sent oss til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927 (þingskjal nr. 198). Eftir að hafa athugað umrætt frumvarp leyfum vér oss að taka fram það, er hér fer á eftir um einstök atriði þess.

Ad. 1. 2. og 3. gr. Í þessum greinum er sú breyting gerð á Landsbankalögunum, að ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans innanlands, en felt niður, að ríkissjóður greiði bankanum nýtt stofnfé. Um þessar breytingar viljum vér taka það fram, að vér teljum alveg óhjákvæmilegt að ríkissjóður leggi bankanum nýtt stofnfje, jafnt fyrir það að ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum bankans. Innlent innlánsfé getur ekki komið í stað stofnfjár og jafnvel þótt ríkissjóður vildi taka ábyrgð á nýju lengra láni fyrir bankann þá fullnægir það bankanum eigi heldur í stað stofnfjárins. Bankanum er nauðsyn að fá nýtt *eigið* fé, en nýtt lánsfé kemur honum eigi að gagni. Fljótt álitið kann að virðast lítill munur á því hvort ríkissjóður tekur sjálfur lán og leggur bankanum það til sem stofnfé eða bankinn sjálfur taki jafn hátt lán. En á þessu er sá munur sem úr sker fyrir bankann. Í fyrra tilfellinu fær bankinn eigið fé til umráða og það eitt skapar bankanum örugga aðstöðu til að vinna að aðalhlutverki sínu, sem er að hafa til frambúðar tök á gjaldeyri landsins. Vér höfum áður í brjefi til fjármálaráðuneytisins, dags. 16. des. 1926, látið í ljós það álit vort, að 2½ milj. kr. væri það minsta, sem Landsbankanum nægði sem *nýtt* stofnfé. Vér erum enn þeirrar skoðunar, að minna megi það ekki vera, og er þó frekar ástæða til þess að telja það fullnægjandi, ef breyting sú er um ræðir í 3. gr. (um tekju-

afgang) nær fram að ganga. Til þess að gera nokkra grein fyrir aðstöðu bankans til þess að fullnægja ákvæðum laganna um seðlaútgáfuna skal hér sýnt hversu á stóð í þessu efni á síðastliðnu ári.

Gullforðinn nemur 2,25 milj. kr. og hefði þá bankinn getað haft í umferð samkvæmt 8. og 9. gr. 6 milj. kr. og 1 milj. samkvæmt 60. gr. (sbr. 59. gr.) samtal 7 milj. kr. í seðlum. Nú námu seðlarnir mest 9,72 milj. kr. (þann 3. okt.) og var því í umferð 2,72 milj. kr. meira af seðlum en lögin heimila. Til þess að seðlaútgáfan hefði verið samkvæmt ákvæðum laganna þurfti Landsbankinn að eiga inni erlendis þann dag 1,02 milj. kr., en þá skuldaði hann erlendis 2,4 milj. kr. Nú þegar sett hafa verið lög um seðlaútgáfuna, má eigi víkja frá þeirri krófu bankans, sem fer með seðlaútgáfuna, að hann fullnægi ákvæðum laganna. Þá er brostið það aðhald að stjórn bankans, sem er tilgangur laganna og þá eru horfin þau skýru merki, sem eiga að sýna þingi og þjóð hversu heilsufarið er í fjármálunum. Fái bankinn ekki nýtt stofnfje, þá er að vísu til önnur leið til þess að fullnægja ákvæðum laganna. Hún er sú að draga þegar svo mikið úr notkun lánstrausts erlendis, að ákvæðum laganna verði fullnægt. Þessa leið álítum vér ekki færa, eins og ástatt er; og reynslan hefir sýnt að ávalt má búast við miklum áramun í viðskiftunum við útlönd og þar af leiðandi verður seðlabankinn að vera viðbúinn að fullnægja óvenjulegri eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri; álítum vér því ókleift að minka lánsnotkunina skyndilega svo mikið, að með þeim hætti verði ákvæðunum um seðlaútgáfuna fullnægt til frambúðar.

Að. 4.—13. gr. Í þessum greinum eru ákvæði um Landsbankanefnd, sem á að hafa með höndum yfirstjórn bankans. Að óreyndu er erfitt að gera sér grein fyrir hversu slíkt skipulag muni reynast. Oss virðist þó líklegt, að slíkt fyrirkomulag muni verða allþunglamalegt og eigi séð, að með því sé öruggara um stjórn bankans búið en nú er.

Að. 14.—16. gr. Bankaráð og framkvæmdarstjórn. Við þessar greinar höfum vér ekkert sérstakt að athuga. Um 16. gr. skal þó tekið fram, að í áðurnefndu bréfi til fjármálaráðuneytisins (dags. 16. des. 1926) lögðum vér til að fyrirkomulag framkvæmdarstjórnar yrði svipað og hér er gert ráð fyrir.

Ennfremur viljum vér taka það fram, að oss virðist eðlilegt, að eigi sé lögákveðin nema ein gjaldkerastaða í bankanum, eins og gert er í 15. gr. (væntanlegri 43. gr. e.). Hversu framkvæmd á því gjaldkerastarfi verður, er þá í höndum bankaráðs. Sem stendur er önnur lögákveðin gjaldkerastaða og virðist oss réttast, að hún haldist meðan sá maður gegnir henni, sem nú er skipaður í þá stöðu og að hann haldi þeim réttindum, sem hann hefir samkvæmt núverandi lögum. Ætti þá að koma um þetta atriði bráðabirgðaákvæði.

Loks eru tvö atriði enn, sem vér viljum víkja að. Hið fyrra er ákvæði frumvarpsins um skipun bankaráðsins. Skipunartími bankaráðsmannanna fjögra er óbreyttur, en formaður bankaráðsins á að skipast til fimm ára í stað þriggja, og virðist oss það endurbót á lögunum, sem greiðir fyrir samhengi og festu í starfsemi bankaráðsins. Í samræmi við þessa stefnu væri það, að ákvæði þessi kæmu þá fyrst til framkvæmda, er út rennur tími þeirra, er nú eiga sæti í ráðinu. Hitt atriðið er, að sú breyting er gerð á frumvarpinu, að endurskoðendur

bankans skuli aðeins kosnir til eins árs í senn. Teljum vér að það muni affarasælla fyrir bankann, að haldið sé þeirri tímalengd óbreyttri, sem nú er í lögum.

Virðingarfyllst.

Landsbanki Íslands.

Magnús Sigurðsson. L. Kaaber. Georg Ólafsson.

Til hinnar háttvirtu fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

ÚTSKRIFT
úr
fundabók bankaráðs Landsbanka Íslands, 28. febr. 1928.

Fyrir bankaráðinu lá umsögn framkvæmdarstjórnarinnar um Landsbankalagafrumvarp það (þingskjal 198), sem nú er til meðferðar í efri deild Alþingis og fjárhagsnefnd þeirrar deildar hefir beiðst umsagnar um.

Ákveðið var að senda fjárhagsnefndinni umsögn framkvæmdarstjórnarinnar, sem meiri hluti bankaráðsins (Sig. Briem, Jóh. Jóhannesson og Magnús Jónsson) getur fallist á í öllum aðalatriðum, þó með þeirri viðbót, að þeir telja Landsbankanum geti orðið það skaðlegt, að nú þegar sje farið að breyta Landsbankalögunum frá síðasta þingi, að því er virðist að nauðsynjalausu, og að þeir álíta ríkissjóðs ábyrgð á öllum innlendum skuldbindingum bankans að minsta kosti »principielt« athugaverða.

Jónas Jónsson tók það fram, að hann væri fylgjandi hinu umrædda frumvarpi með smávægilegum breytingum.

Jón Árnason tók fram, að hann sje ekki í öllum greinum samþykkur umsögn framkvæmdarstjórnarinnar um frumvarpið. Telur hann breytingar frumvarpsins vera til bóta í aðalatriðunum, einkum ákvæðin um ríkisábyrgð og framkvæmdarstjórn og skipun bankaráðs.

Nd. 518 Breytingartillaga

við frv. til laga um bann gegn laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frv. til laga um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

Nd. **519. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Byggingar- og landnámssjóð.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson.

Fyrri málsgrein 4. gr. orðist svo:

Lán til að endurreisa íbúðarhús á sveitabýlum, svo og til að reisa bæjarhús á nýbýlum, sem hafa ræktað land að einhverju leyti, skulu, þar til annað verður ákveðið með lögum, sitja fyrir lánum til að reisa nýbýli á óræktuðu landi.

Nd. **520. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi og við breytingartillögu á þingskj. 481.

Frá Jóhanni Þ. Jósefssyni og Ólafi Thors.

1. Við brtt. 481,1. Á eftir orðinu »bannaðar« í fyrri málsgrein komi: á tímabilinu frá 1. janúar til 31. ágúst og frá 1.—31. desember ár hvert.
2. Á eftir 8. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

   Nú berst atvinnumálaráðuneytinu krafa um frekari takmörkun eða bann gegn notkun dragnóta en í 1. gr. segir, og skal því þá heimilt að setja ákvæði um það, en leita skal ráðuneytið þó áður en ákvörðun er tekin í málinu álits hlutaðeigandi hreppsnefndar og stjórnar Fiskifjelags Íslands.

   Ákvæði þau, er ráðuneytið setur í þessum efnum, hafa lagagildi, og skulu þau birt almenningi við bráðasta og jafnframt greind takmörk á svæði því, er þau ná til.

   Fyrir brot gegn ákvæðum ráðuneytisins skulu sektarákvæði og viðurlög öll hin sömu sem segir í lögum þessum.
3. Við 9. gr. frv. Í stað orðanna »og þau ákvæði . . . . . samkvæmt þeim« komi: Þó skulu ákvæði þau um bann gegn dragnótaveiði, sem sett hafa verið samkvæmt þeim lögum, vera í gildi áfram.

Ed. **521. Frumvarp**

til laga um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Nikulásarkeri í Norðurá er bönnuð laxveiði, önnur en stangaveiði.

2. gr.

Greiða skal Stafholtspresti fullar bætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 1. gr., eftir mati dómkvaddra manna, og skulu bæturnar vera árgjald, sem metið er í eitt skifti fyrir öll.

Laxveiðifjelag Norðurár greiðir bæturnar, en sýslumaður innheimtir á manntalsþingi.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum, frá 100—1000 kr., er renna að helmingi í sveitarsjóð Stafholtstungnahrepps og að helmingi til uppljóstrarmanns. Svo skal og upptækt alt ólöglegt veiðifang og ólögleg veiðiáhöld. Mál út af brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en koma þó ekki til framkvæmda fyr en laxveiðifjelagið er löglega stofnað, enda svo ákveðið í lögum þess, að fjelagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn að standa skil á bótunum.

Nd. **522. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 11, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 19. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður.	Magnús Guðmundsson, frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.

Bernharð Stefánsson.

Ed. **523. Nefndarálit**

um frv. til laga um niðurlagning Þingvallaprestakalls.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn hefir ekki getað fundið, að neinar rjettmætar ástæður mæltu með því að leggja niður prestakall þetta. Þykir okkur Þingvöllum og

kirkju staðarins sýnd ótæk lítilsvirðing með frv., en fjársparnaður verður enginn að niðurlagningu prestakallsins fyrst um sinn. Leggjum við til, að frv. verði felt.

Alþingi, 20. mars 1928.

Jón Þorláksson, frsm. Björn Kristjánsson.

Nd. **524. Lög**

um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

(Afgreidd frá Nd. 19. mars).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og starfrækja nýja loftskeytastöð í Reykjavík og taka nauðsynleg lán í því skyni, og má stöðin vera þannig gerð, að nota megi hana jöfnum höndum til að útvarpa tali og söng sem til vanalegra firðskeytasendinga.

Sendiorka stöðvarinnar í loftneti skal að meðaltali eigi vera minni en 5 kw. til talsendinga, en ritorka 10 kw. eða meira. Stöðin heitir *Útvarpsstöð Íslands í Reykjavík.*

2. gr.

Landssímanum skal falið að annast alt, er lýtur að umsjón og rekstri stöðvartækjanna, einnig innheimtu, greiðslur og reikningshald vegna stöðvarinnar og útvarpsins, eftir nánari fyrirmælum atvinnumálaráðuneytis. Landssímanum skal að fullu endurgreiddur allur sá kostnaður, er þetta kann að hafa í för með sjer.

3. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld útvarpsstöðvarinnar skal tekin sem sjerstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju. Halli, sem verða kann á rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna útvarpsráð til 1 árs í senn. Ræður stjórnin forseta þess, en einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands og hinn þriðji skal valinn meðal þriggja manna, er »Fjelag útvarpsnotenda« tilnefnir, enda sje þá fjórðungur útvarpsnotenda á landinu fjelagar í fjelagi þessu. Ef það skilyrði er eigi fyrir hendi, velur stjórnin einnig þriðja mann í útvarpsráðið. Ákveður atvinnumálaráðherra þóknun þessara manna.

5. gr.

Útvarpsráðið skal hafa yfirumsjón með starfsemi útvarpsstöðvarinnar að öllu því, er ekki heyrir undir landssímann samkvæmt 2. gr. Semur

atvinnumálaráðuneytið erindisbrjef handa útvarpsráðinu eða ákveður störf þess í reglugerð, er það gefur út um starfrækslu útvarpsins.

Útvarpsráðinu til aðstoðar skal ráðinn útvarpsstjóri (með fullum árslaunum), er hafi á hendi daglega framkvæmd útvarpsins og stjórni sendingum, samkvæmt fyrirmælum útvarpsráðs og landssímastjóra. Útvarpsstjóri skal skipaður af atvinnumálaráðherra samkvæmt tillögum útvarpsráðs og landssímastjóra.

6. gr.

Af hverju útvarpsviðtaki á landinu skal greitt árlegt afnotagjald, til þess að standa straum af rekstri stöðvarinnar. Ráðuneytið ákveður afnotagjaldið um 1 ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsráðs og landssímastjóra. Útvarpsráðið semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur útvarpsins, í samráði við landssímastjóra, og skal það sent ráðuneytinu til samþyktar.

7. gr.

Eftir að lög þessi öðlast gildi og stöðin er tekin til starfa, má enginn nota viðtak (viðtæki) fyrir útvarp án þess að tilkynna það landssímastjóra og greiða lögboðið gjald af því. Ef af þessu er brugðið, varðar það sektum, frá 50—500 krónum, ef afbrotið varðar ekki þyngri hegningu, og skulu tækin upptæk ger. Skal farið með þessi viðurlög sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal stöðin vera reist svo fljótt sem unt er.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórninni heimilast að taka að sjer ríkisrekstur á útvarpi nú þegar með minni stöð en hjer ræðir um til bráðabirgða, enda komi það ekki í bága við rjett þess fjelags, sem nú hefir einkarjett á rekstri útvarps.

Nd. **525. Lög**

um sundhöll í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 19. mars).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að leggja alt að 100 þús. kr., móti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, til að byggja sundhöll í Reykjavík, er sje fullbúin til afnota vorið 1930, með þeim skilyrðum, sem hjer segir:

a. Að Reykjavíkurbær leggi sundhöllinni til ókeypis heppilega lóð nærri hinum nýja barnaskóla bæjarins og heitt laugavatn, eftir að það hefir gengið gegnum hitaleiðslur þess skóla.

b. Að ráðuneytið samþykki uppdrátt og lýsingu af sundhöllinni og legu hennar, enda sje hún eign bæjarfjelagsins.
c. Að nemendur úr skólum, sem landið kostar að meira eða minna leyti, í Reykjavík, fái ókeypis aðgang til æfinga í sundhöllinni, eftir nánara samkomulagi milli bæjarstjórnar og stjórnar landsins.
d. Að Reykjavíkurbær kosti viðhald og rekstur sundhallarinnar, en selji þó ekki almenningi aðgang dýrari en þarf til að fyrirtækið beri sig. Aðgangseyrir skal ákveðinn í gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.

Nd. **526. Frumvarp**

til laga um Gagnfræðaskóla Reykjavíkur.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna skal skóla í Reykjavík, er nefnist Gagnfræðaskóli Reykjavíkur. Hann skal veita almenna fræðslu, bóklega og verklega, bæði konum og körlum.

2. gr.

Tvær ársdeildir skulu vera í skólanum. Með leyfi stjórnarráðsins má bæta við framhaldsnámi hinn þriðja vetur í tilteknum hagnýtum námsgreinum.

3. gr.

Námsgreinar í skólanum skulu vera þessar: Íslenska, norðurlandamál, enska, bókmentafræði, saga, landafræði, náttúrufræði, hagfræði, fjelagsfræði, reikningur, söngur, teikning, íþróttir, steinsmíði, trjesmíði, járnsmíði, netabæting, einfaldur fatasaumur og matreiðsla. Nemendur ákveða í samráði við skólastjóra, hverjar námsgreinar þeir fella niður.

4. gr.

Við skóla þennan skipar stjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri jafnan njóta sömu launakjara og forstöðumaður kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara sem fyrsti kennari sama skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Þriggja manna skólanefnd starfar við Gagnfræðaskóla Reykjavíkur. Bæjarstjórn Reykjavíkur kýs með hlutfallskosningu tvo til þriggja ára, og stjórnarráðið skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður, til 5 ára í senn. Skólanefndin starfar endurgjaldslaust.

6. gr.

Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans, ræður stundakennara og skiftir verkum með þeim. Skólanefnd semur reglugerð skólans, er stjórnarráðið staðfestir. Skólanefnd skal ennfremur undirbúa byggingu nauðsynlegra húsa fyrir skólann, ráða með skólastjóra bóka- og áhaldakaupum og annast fjárstjórn skólans.

7. gr.

Fyrir hverja 20 nemendur greiðist í skólasjóð úr ríkissjóði 1500 krónur og jafnmikið úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Sömu aðiljar leggja fram til helminga andvirði efnis við vinnukensluna. Hver nemandi greiðir í skólasjóð árlega $^2/_3$ af því skólagjaldi, sem það ár er tiltekið fyrir innanbæjarnemendur við landsskólana í Reykjavík.

8. gr.

Skólaárið er frá 1. okt. til 1. mai.

Nd. **527. Frumvarp**

til laga um Byggingar- og landnámssjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 278 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Lán til að endurreisa íbúðarhús á sveitabýlum, svo og til að reisa bæjarhús á nýbýlum, sem hafa ræktað land að einhverju leyti, skulu, þar til annað verður ákveðið með lögum, sitja fyrir lánum til að reisa nýbýli á óræktuðu landi.

Lán samkv. 2. gr. 1. a. skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

Nd. **528. Breytingartillögur**

við frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson, Pjetur Ottesen, Jón Sigurðsson, Hannes Jónsson, Gunnar Sigurðsson.

1. Við 2. gr. Við a-lið bætist: mjólkurafurðum, eggjum, káli og öðru hraðvöxnu grænmeti.

2. Við 2. gr. d-liðinn skal orða svo:
   Kartöflum, rófum og fóðurkökum.
   Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu frá innflutningsbanni á vörum þessum í einstökum tilfellum og fyrir lönd og landshluta.

Nd. 529. Breytingartillögur

við frv. til laga um fiskiræktarfjelög.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Aðra málsgr. skal orða svo:
   Fiskirækt samkvæmt lögum þessum er hverskonar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskiauð vatna, svo sem klak og innflutningur hrogna eða fiskseiða, en tekur þó ekki til friðunar á fiski nje eyðingar sels.
2. Við 13. gr. Orðin »og eiga þau . . . . til ríkisins« skulu falla burt.

Ed. 530. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Flutningsm.: Guðm. Ólafsson.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, sem verður 1. gr., svo hljóðandi:
   Fyrsta málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:
   Reikningsár hreppa er fardagaárið, en kaupstaða almanaksárið.
2. Á eftir 5. gr. frv. komi ný grein svo hljóðandi:
   12. gr. laganna skal orða svo:
   Ef skifta þarf útsvari milli sveita, skal við skiftinguna farið eftir tímalengd þeirri, er gjaldþegn hefir dvalið í hvorri eða hverri sveit á því ári, sem útsvar er miðað við. Þó skulu atvinnutekjur svo reiknaðar, að $^1/_3$ þeirra komi á mánuðina nóvember—mars, að báðum meðtöldum, en $^2/_3$ á aðra mánuði ársins.
3. Á eftir 6. gr. frv. komi ný grein svo hljóðandi:
   26. gr. laganna skal orða svo:
   Kærum, sem koma að liðnum kærufresti, verður ekki sint.
4. Síðan komi enn ný grein svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

Nd. **531. Frumvarp**

til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Ölfusá í Árnessýslu skulu vera ófriðuð selalátur og selalagnir.

2. gr.

Fyrir missi selveiðinytja í ánni vegna ákvæða 1. gr. skulu koma fullar bætur, eftir dómkvaddra manna mati, og vera árgjald. Þeir, er laxveiðirjett eiga í Ölfusá (Hvítá) og ám þeim, er í hana renna, skulu greiða bæturnar að tiltölu eftir veiðimagni samkvæmt hlunnindaskýrslum næsta árs á undan. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingum, og fylgir því lögtaksrjettur. Nú er laxveiðirjettur leigður, og greiðir leigutaki þá bætur í stað veiðieiganda.

3. gr.

Þegar næst verða prestaskifti í Arnarbæli, falla niður bætur til ábúanda þeirrar jarðar fyrir missi selveiðinytja.

4. gr.

Ef laxveiði jarðar, er bætur hefir hlotið fyrir nytjamissi af selveiði í ánni, eykst frá því, sem nú er, eftir að byrjað er á útrýmingu selsins, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir af dómkvöddum mönnum til frádráttar bótunum, enda geri 3 þeirra aðilja, er bætur eiga að greiða, kröfu um matið. Nú telja dómkvaddir menn, að laxveiði einhverrar eða allra þessara jarða hafi aukist svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn niður falla.

5. gr.

Kostnað við mat samkvæmt lögum þessum skal greiða úr sýslusjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **532. Tillaga**

til þingsályktunar um gildi íslenskra peninga.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson og Ingvar Pálmason.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara fyrir næsta þing rannsókn og undirbúning til endanlegrar skipunar á gildi íslenskra peninga, enda telur örugt, að þangað til verði gildi þeirra haldið óbreyttu.

Nd. **533. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Frá Jörundi Brynjólfssyni, Jóni Ólafssyni og Lárusi Helgasyni.

Við 2. gr.

a. Á eftir »árgjald« í niðurlagi 1. málsliðar komi: sem metið er í eitt skifti fyrir öll, sbr. þó 4. gr.
b. Á eftir 2. málslið komi nýr málsliður: Minni ársveiði en 50 laxar koma þó ekki til greina í þessu efni.

Nd. **534. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild hreppstjóra til þess að framkvæma lögtak.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

1. Á eftir frumvarpsgreininni, sem verður 1. gr., komi ný (2.) gr. svo látandi:
   Hámark skuldar, er hreppstjóri má gera fjárnám fyrir eða halda nauðungaruppboð til greiðslu á, samkvæmt 12. gr. laga nr. 32, 11. júlí 1911, skal vera 1000 kr.
2. Aftan við fyrirsögnina bætist: fjárnám o. fl.

Ed. **535. Nefndarálit**

um frumv. til áfengislaga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Í frumv. þetta hafa verið tekin flest ákvæði og fyrirmæli gildandi bannlaga; auk þess eru ýms ákvæði þeirra þrengd að nokkru, að því er snertir meðferð áfengis og útlát. Ennfremur eru sektarákvæði skerpt til muna. Nokkur nýmæli eru og tekin upp í frumv., og eru þau sniðin eftir samskonar ákvæðum í bannlögum Finnlands.

Frumvarpið hefir fengið mjög mikinn og ítarlegan undirbúning. Er það samið af nefnd manna, er templarar og bannmenn skipuðu á síðastliðnu ári, ásamt lögfræðingi, er landsstjórnin setti nefndinni til aðstoðar.

Í nefndinni hafa átt sæti menn, sem þrauthugsað hafa bannmálið og mikla reynslu og þekkingu hafa á því, hverjar veilur hafa verið í þeim lögum.

Hefir nefndin lagt afarmiklu vinnu í að gera frumv. sem best úr garði, innan þeirra takmarka, sem hljóta að leiða af undanþágu þeirri, er veitt var með lögum nr. 3, 4. apríl 1923, vegna Spánarsamninganna.

Nú hefir allsherjarnefnd efri deildar haft málið til meðferðar og athugunar. Var bætt við nefndina tveimur mönnum sjerstaklega vegna þessa frumv. Hefir nefndin rætt frumv. á mörgum fundum og auk þess falið undirnefnd sjerstaka athugun þess á milli funda.

Þeir, sem sömdu frumv., hafa talið rjett að sameina í einum lögum öll nauðsynleg fyrirmæli um verslun með áfengi og meðferð þess í landinu. Er ákveðinn kafli frv. (II. kaflinn) um áfengisverslun ríkisins.

Nú liggur fyrir allsherjarnefnd annað frumv., á þingskj. 194, um einkasölu á áfengi. Er það að efni til að mestu samhljóða ákvæðum þeim, er standa í II. kafla áfengislagafrumv.

Það má að sjálfsögðu deila um það, hvort rjettara sje að setja sjerstök lög um einkasölu áfengis eða hafa þau sem einn kafla í áfengislöggjöfinni, eins og höfundar frumv. þessa hafa ætlast til. Báðar leiðirnar sýnast vel færar, og á gagnsemi áfengislaganna virðist það ekki hafa nein áhrif, hvor leiðin valin er. Um hitt verður varla deilt, að óþarft sje að hafa fyrirmælin um áfengisverslun ríkisins í tvennum lögum, sem afgreidd eru samtímis frá þinginu.

Það hefir orðið að samkomulagi í nefndinni að hallast að því að setja sjerstök lög um einkasölu ríkisins á áfengi, meðal annars af þeim ástæðum, að áfengisversluninni er ætlað að hafa einnig með höndum verslun með lyf, sáraumbúðir o. fl. Að sjálfsögðu er þá óþarft, að 7.—14. gr. ásamt 16. gr. áfengislagafrumv. standi í því. Leggur því nefndin til, að þær verði feldar niður.

Um aðrar breytingar hefir nefndin ekki getað orðið sammála. Tveir nefndarmenn, þeir Jóh. Jóh. og J. Þ., vilja gera fleiri og víðtækari breytingar við frumv. en þær, er hinir nefndarmennirnir vilja ganga að. Skrifa þeir því ekki undir þetta nefndarálit og munu skila breytingartillögum á öðru þskj.

Auk niðurfellingar á 7—14. og 16. gr. leggur meiri hl. til, að gerðar verði smávægilegar breytingar á frumv. auk allmargra leiðrjettinga á greinatölu og tilvitnana í greinar, sem leiða af niðurfellingu nefndra greina (7.—14. og 16. gr.).

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frumv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Aftan við fyrstu málsgrein bætist: eða farið er með samkvæmt fyrirmælum þessara laga.
2. Við II. kafla. Fyrirsögn kaflans verður: Tilbúningur áfengis.
3. — 6. gr. Greinin verður 9. gr. (upphafsgr. III. kafla).
4. — 7.—14. gr. Greinarnar falli burt.
5. — 16. gr. Greinin falli burt.
6. — 17.—19. gr. Greinarnar verða 6.—8. gr.
7. — 17. gr. (sem verður 6. gr.). Á eftir orðunum »áfenga drykki« komi: eða áfengisvökva.
8. Við IV. kafla. Kaflinn verði III. kafli og breytist tala kaflanna eftir því.

9. Við 20.—24. gr. Greinarnar verða 10.—14. gr.
10. — 22. gr. (sem verður 12. gr.). Í stað »44« komi: 33.
11. — 23. gr. (sem verður 13. gr.). Á eftir orðunum »veitingu áfengis« komi: í hagnaðarskyni eða sakborningur hafi áður verið dæmdur fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni.
12. Við 15. gr. Greinin standi óbreytt og verði lokagrein III. kafla.
13. — 25.—29. gr. Greinarnar verða 16.—20. gr.
14. — 28. gr. (sem verður 19. gr.). Í stað »26. gr.« komi: 17. gr.
15. — 30.—38. gr. Greinarnar verða 21.—29. gr.
16. — 30. gr. (sem verður 21. gr.). Í stað »48« komi: 38.
17. — 31. gr. (sem verður 22. gr.). Í stað »49« komi: 39.
18. — 32. gr. (sem verður 23. gr.). Í stað »50« á tveim stöðum komi: 40.
19. — 33. gr. (sem verður 24. gr.). Í stað »51« komi: 41.
20. — 34. gr. (sem verður 25. gr.). Í stað orðanna »gegna embættisverkum« í síðustu málsgrein komi: starfi sínu.
21. Við 37. gr. (sem verður 28. gr.). Í stað »36« komi: 27.
22. — 38. — (sem verður 29. gr.). Í stað »36« komi: 27.
23. — 39. — Greinin verður 35. gr.
24. — 40. — Greinin falli burt.
25. — 41.—45. gr. Greinarnar verða 30.—34. gr.
26. — 41. gr. (sem verður 30. gr.). Í stað »17« komi: 6, og í stað »36« komi: 27.
27. — 42. — (sem verður 31. gr.). Í stað »20« komi: 10.
28. — 43. — (sem verður 32. gr.). Í stað »21« komi: 11.
29. — 44. — (sem verður 33. gr.). Í stað »22« komi: 12.
30. — 45. — (sem verður 34. gr.). Í stað »24« komi: 14.
31. — 46.—58. gr. Greinatalan verði 36.—48. gr.
32. — 46. gr. (sem verður 36. gr.). Greinin orðist svo:

    Brot gegn 16. gr. varða sektum, frá 50—500 kr. Auk þess skal skipstjóri láta flytja hinn brotlega á land á fyrstu höfn, ef brotið er framið á farþegaskipi.
33. Við 47. gr. (sem verður 37. gr.). Í stað »26.—28« komi: 17.—19.
34. — 48. — (sem verður 38. gr.). Í stað »30« á þremur stöðum í gr. komi: 21.
35. — 49. — (sem verður 39. gr.).
    a. Í stað »31« komi: 22.
    b. Síðari málsgrein orðist þannig:

        Sje um að ræða brot gegn 16. gr., skulu sektir vera tvöfalt hærri en segir í 36. gr.
36. Við 50. gr. (sem verður 40. gr.). Í stað »32« komi: 23, og í stað »43« komi: 32.
37. — 51. — (sem verður 41. gr.). Í stað »33« á tveim stöðum í gr. komi: 24.
38. — 55. — (sem verður 45. gr.).
    a. Á eftir orðinu »sölu« í fyrstu málsgrein bætist: heimilisnotkun.
    b. Í stað »47« í annari málsgrein komi: 37.
    c. Á eftir orðunum »með mat« í þriðju málsgrein bætist: í borðsal veitingahússins.

39. Við 58. gr. (sem verður 48. gr.). Orðin »Lög nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi« falli burt.
40. Aftan við frv. bætist ný grein, sem verður 49. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Alþingi, 19. mars 1928.

Jón Baldvinsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm. Páll Hermannsson.

Ed. **536. Breytingartillögur**

við frv. til laga um eignarnám á jörðinni Reykhólum.

Frá Jóni Þorlákssyni og Birni Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Hreppsnefndunum í Geiradals-, Reykhóla- og Gufudalshreppum skal heimilt að taka eignarnámi, til að koma upp læknisbýli, landsspildu úr Reykhólalandi, alt að 40 hektörum að flatarmáli, ásamt laug eða laugum, er nægi til að hita læknisbústað með sjúkraskýli. Fylgja skal rjettur til upprekstrar í afrjettarland Reykhóla og rjettur til að taka möl og sand til nauðsynlegra bygginga í Reykhólalandi.
2. Fyrirsögn frv. verði:
Frv. til laga um heimild til eignarnáms á spildu úr Reykhólalandi í Reykhólahreppi.

Nd. **537. Frumvarp**

til laga um hvalveiðar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Allir skíðishvalir nema hrefnur skulu friðaðir fyrir skotum hvarvetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni árið um kring, nema í ísvök sjeu eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt þvílíkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sje síldveiði eða veiðarfærum spilt.

Sýslunefndum skal þó heimilt að banna með samþyktum hrefnu-

veiðar í landhelgi, hverri á sínu sviði, enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþyktina.

2. gr.

Bannað er að hafa hvalveiðastöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema hann sje dauður fundinn, drepinn með þeim hætti, sem heimilt er samkv. 1. gr., eða til þess sje fengið sjerleyfi. Sjerleyfi veitir atvinnumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Fiskifjelags Íslands. Sjerleyfi skal bundið við ákveðinn fjölda veiðiskipa og veitist eigi lengur en til 10 ára í senn. Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið og þeir, sem sama rjettar njóta, enda hafi þeir verið búsettir í eitt ár hjer á landi.

3. gr.

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur með bræðslu og breytingu úrgangs, beina, kjöts og innýfla í markaðshæfa vöru.

Ennfremur skal greiða árgjald af hverju hvalveiðaskipi, eigi minna en 500 krónur.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Svo skulu og veiðarfæri og afli upptæk, þegar um ólöglega veiði eða hagnýting er að ræða, og rennur andvirðið einnig í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44, 13. nóv. 1903, og lög nr. 18, 4. júní 1924.

Ed. **538. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Frá Einari Árnasyni.

Við 3. gr. Fyrir »3000« komi: 20000.

Nd. **539. Nefndarálit**

um frumv. til laga um stofnun síldarbræðslustöðva á Norðurlandi.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Allir viðurkenna, að til þjóðþrifa miði að Íslendingar komi sjer upp

síldarbræðslustöðvum, en jafnframt er hitt kunnugt, að hagur þeirra, er síldveiðar stunda, er ekki með þeim blóma, að þeir muni einfærir um að stofnsetja og starfrækja slík fyrirtæki. Okkur þykir því eðlilegt, að ríkið hlaupi undir bagga, en teljum hinsvegar miklu heppilegra, að útgerðarmenn eigi sjálfir og starfræki fyrirtækið, en ríkið veiti aðstoð sína með því að lána fjelagsskap útgerðarmanna nægjanlegt fje til slíkra framkvæmda, gegn fullum tryggingum.

En með því að þörfin í þessum efnum er mjög aðkallandi, viljum við gjalda varhuga við að seinka framkvæmdum málsins, og getum því, með hliðsjón af heimildinni í 2. gr. frv., aðhylst, að bræðslustöðvarnar verði reistar og starfræktar á kostnað ríkissjóðs, ef fjelagsskapur útgerðarmanna sækir ekki um lán til þessa fyrir 1. júlí næstkomandi, eða getur ekki sett fullnægjandi tryggingu fyrir slíku láni.

Við leggjum því til, að frv. verði samþ. með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Ef stofnað verður fyrir 1. júlí næstkomandi samlag eða samvinnufjelag síldveiðimanna, er óskar að reisa og starfrækja síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi og annarsstaðar þar, sem hentast þykir, er ríkisstjórninni heimilt að veita slíkum fjelagsskap lán, alt að 1 miljón króna, í þessu skyni, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin tekur gildar, og með greiðsluskilmálum, er hún ákveður.

Verði slíkur fjelagsskapur ekki stofnaður eða geti hann ekki sett þær tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, er henni heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að reisa og starfrækja eða láta starfrækja slíkar síldarstöðvar.

2. Við 3. gr. Á eftir orðunum »taka lán« komi: fyrir hönd ríkissjóðs.
3. Fyrirsögn frv. verði þannig:

Frv. til laga um stofnun síldbræðslustöðva.

Alþingi, 20. mars 1928.

Ólafur Thors, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **540. Lög**

um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 20. mars).

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti

árin 1929 og 1930, enda greiði það ekki hluthöfum hærri arð en fjóra af hundraði á því tímabili.

2. gr.

Árin 1929 og 1930 skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettó ágóða, og greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

3. gr.

Meðan fjelagið er undanþegið tekju- og eignarskatti, skal því vera skylt að veita alt að 60 mönnum á ári ókeypis far til útlanda og heim aftur á skipum fjelagsins, 30 á hvoru farrými, fyrsta og öðru, samkvæmt úthlutun mentamálaráðs Íslands, alt að 10 með sömu skipsferð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

Nd. **541. Lög**

um heimild hreppstjóra til að framkvæma lögtak.

(Afgreidd frá Nd. 20. mars).

Hámark skuldar þeirrar, er hreppstjóri má gera lögtak fyrir samkvæmt 5. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885, skal vera 1000 kr.

Nd. **542. Frumvarp**

til laga um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hvarvetna í landhelgi við Ísland skulu veiðar með dragnótum bannaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 31. ágúst og frá 1.—31. desember ár hvert, með undantekningum þeim, sem 2. gr. nefnir.

Til dragnóta teljast nætur þær, er til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (Snurrevaad).

2. gr.

Eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja, skal þó heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land. Einnig skal heimilt að króa af

síld og ufsa við land, svo sem tíðkast hefir eftir fyrirmælum tilskipunar 12. febr. 1872, sem og að veiða síld í landhelgi með herpinót, þótt til botns taki.

Eftir sjerstöku leyfi atvinnumálaráðherra, sem hverju sinni skal tímabundið, geta þeir fengið að nota dragnætur í landhelgi, sem fást við vísindalegar rannsóknir.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 5000—10000 gullkróna; skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Leggja má lögbald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

4. gr.

Hver sá, er leiðbeinir skipi við dragnótaveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 500—5000 gullkróna. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem staddur er í dragnótaveiðiskipi, eða á bát við skipshliðina, þegar það er á veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á skipinu.

5. gr.

Skipstjóri, er gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, er getur um í 3. gr., sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 3. gr.

6. gr.

Sektarfje eftir lögum þessum, svo og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri, rennur í Fiskiveiðasjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seku upptæk veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sje fyrir hendi.

7. gr.

Mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Nú berst atvinnumálaráðuneytinu krafa um frekari takmörkun eða bann gegn notkun dragnóta en í 1. gr. segir, og skal því þá heimilt að setja ákvæði um það, en leita skal ráðuneytið þó, áður en ákvörðun er tekin í málinu, álits hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Fiskifjelags Íslands.

Ákvæði þau, er ráðuneytið setur í þessum efnum, hafa lagagildi, og skulu þau birt almenningi hið bráðasta og jafnframt greind takmörk á svæði því, er þau ná til.

Fyrir brot gegn ákvæðum ráðuneytisins skulu sektarákvæði og viðurlög öll hin sömu sem segir í lögum þessum.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27, 20. júní 1923, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi. Þó skulu ákvæði þau um bann gegn dragnótaveiði, sem sett hafa verið samkvæmt þeim lögum, vera í gildi áfram.

Nd. **543. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á tóbaki.

Frá 1. minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Leggur einn þingm. til, að frv. verði samþykt. 2 nefndarmenn vilja vísa því til stjórnarinnar. 2 þingm. leggja til, að frv. verði felt.

Einkasala á tóbaki komst hjer á 1. jan. 1922 og var lögð niður 1. jan. 1926. Á þinginu 1925, er lögin um afnám einkasölunnar voru samþykt, stóð mikil og hörð rimma um málið. Hjeldu meðhaldsmenn einkasölunnar því fram, að landið mundi bíða stórtjón af afnámi einkasölunnar.

Tekjur ríkissjóðs af einkasölu og tolli ná um

1922	kr.	439000.
1923	—	634000.
1924	—	876000.
1925	—	1108000.

Tvö árin síðan einkasalan var afnumin hafa tekjur ríkissjóðs af tóbakstolli numið:

1926	h. u. kr.	1130000.
1927	- - —	900000.

Rjett er í þessu sambandi að benda á, að tollurinn á tóbaki var hækkaður um leið og einkasalan var afnumin.

Einokunarmenn halda því fram, að þegar verslunin sje á einni hendi, þá sje augljóst, að kostnaðurinn við verslunina verði minni heldur en ef verslununni er dreift á fleiri hendur, og sparnaðarins verði þeir aðnjótandi, sem kaupi vöruna. En ef einkasala á tóbaki á að byggjast á þessum hugleiðingum, þá leiða þær lengra, nefnilega til allsherjar einkasölunnar, því ef öll verslun landsins væri á einni hendi, mætti með sama rjetti ætla, að kostnaðurinn yrði minni við hana. Þá halda einokunarmennirnir því fram, og þar er væntanlega höfuðástæða þeirra, að við það, að tóbaksverslunin sje á einni hendi, þá skapist skilyrði fyrir að geta náð betri innkaupum á vörunni. Sannleikurinn er sá, að aðalatriði málsins, sjeð frá hagsmunum þjóðarinnar, er einmitt það, hvort betri innkaup fáist á vörunni í einkasölu en í samkepnisverslun. Því auðvitað er það gróði fyrir

þjóðina að fá innkaupin sem best. Ef þess vegna ætti að gera upp, hvort hagstæðara hefði verið að hafa einkasölu á árunum 1922—1925 eða frjálsa verslun, þá hefði orðið að íhuga innkaup tóbaksverslunarinnar á þessum árum og bera þau saman við, hver líkindi hefðu verið fyrir að fá sömu vöru keypta fyrir í frjálsri verslun. En örðugt mundi að gera slíkan samanburð. En annað er víst, ef manninum, sem á að gera innkaupin fyrir alt landið, mishepnast, þá getur af því hlotist stórtjón fyrir þjóðina. Hjer er einn af höfuðgöllum einokunarinnar, að svo mikið er lagt í eina hönd. En að því er aftur þá frjálsu samkepni snertir, eru ótal menn, sem eiga að gæta eigin hagsmuna í sem bestum innkaupum. Sá, sem gerir bestu innkaupin, er viss með að ná mestu af versluninni. Í þessu felst tryggingin fyrir því, *að yfir höfuð eru innkaupin gerð best* í frjálsri samkepni, af því að betur sjá augu en auga, og svo hinsvegar, að framtíð kaupmannsins eða kaupfjelagsins er undir því komin, að þeir nái sem bestum innkaupum.

Því hefir verið haldið fram, að um tóbakseinokun gildi annað en um aðra einokun, en þetta er hin mesta fjarstæða. Allir höfuðgallar einokunar eiga einnig við þessa einokun. Ekki hefir enn þá tekist að sýna fram á eina einustu ástæðu, sem rjettlæti, að verslun með tóbak væri á öðrum grundvelli en grundvelli hinnar frjálsu verslunar. Í hlutarins eðli liggur það, að tekjurnar, sem ríkissjóður þarf að fá af þessari vöru, verða því ljettari á landsmönnum, þess hagstæðari sem verslunin er með þessa vöru. Hjer í þessu máli kemur því spursmálið algerlega hreint fram, hvort einokun sje betri en samkepnisverslun.

Sumir halda því fram, að þó að verslunarstjettin kunni að gera betri innkaup en einokunin, og flestir munu nú í sínu hjarta trúaðir á það, þá leggi verslunarstjettin svo mikið á vörurnar og það fari í hennar vasa.

En við því er þá það að segja, að þar sem kaupfjelögin eru í samkepni við kaupmennina, þá geta þau, ef kaupmenn leggja of mikið á, tekið verslunina frá þeim með því að leggja þá með meiri sanngirni á vöruna. Undir öllum kringumstæðum fer gróðinn af hinum betri innkaupum í vasa landsmanna.

Að lokum viljum við taka fram, að okkur virðist það óþolandi hringl í löggjöfinni, ef nú eftir 2 ár á aftur að innfæra einokun á tóbaki, og mundi slíkt hringl síst vekja traust á þjóðinni.

Alþingi, 21. mars 1928.

Sig. Eggerz, frsm. Ólafur Thors.

Sþ. **544. Tillaga**

til þingsályktunar út af brotum dómsmálaráðherra á varðskipalögunum.

Flutningsmenn: Jón Þorláksson, Magnús Guðmundsson, Jóhann Jósefsson, Magnús Jónsson og Pjetur Ottesen.

Sameinað Alþingi ályktar að víta brot núverandi dómsmálaráðherra á löggjöf þeirri, sem sett var á síðasta þingi um varðskip ríkisins.

Ed. **545. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá landbúnaðarnefnd.

Aðalbreytingarnar, sem þetta frumv. gerir á jarðræktarlögunum, eru þessar:

1. Styrkur til jarðabóta er ákveðin föst upphæð á hvert dagsverk, í stað þess að í lögunum er heimild til að veita vissan hluta af þeirri upphæð, sem dagsverkið er metið.
2. 5% af styrk hvers jarðabótamanns gengur til þess búnaðarfjelags, sem hann er meðlimur í.
3. Felt er niður það ákvæði laganna, að 10 dagsverk fyrir hvern verkfæran heimilismann sjeu undanskilin styrk.
4. Votheystóftir, sem ekki hefir verið veittur styrkur til, á að styrkja með 50 aurum á dagsverk.
5. Breytt er nokkuð ákvæðunum um jarðabætur landseta á þjóðjörðum og kirkjujörðum.
6. Stofnaður er nýr sjóður (verkfærakaupasjóður) með framlagi úr ríkissjóði, sem nemur 10 aurum á hvert dagsverk, og auk þess 20 þús. kr. á ári. Fellur þá niður, að formi til, sú upphæð í fjárlögum, sem ætluð er til búnaðarfjelaga.

Nefndin fellst á frumv. í öllum aðalatriðum, en vill þó gera á því nokkrar breytingar, og eru þær fólgnar í eftirfarandi atriðum:

1. Sett er hámark á styrkupphæð þá, sem veitt er samkvæmt 3. og 4. gr. frv., þannig að styrkur fyrir áburðarhús og safnþrær verði aldrei hærri en kr. 1200,00 og fyrir túngræðslu kr. 800,00.
2. Jarðabótadagsverk, sem leiguliði vinnur til greiðslu upp í eftirgjald, sje metið kr. 3,00, í stað kr. 3,50.
3. Breytt er að nokkru verksviði verkfærakaupasjóðs og framkvæmdaatriðum 12. gr., og jafnframt eru ákvæði greinarinnar gerð skýrari.

Fyrir breytingartillögunum verður gerð nánari grein í framsögu.

Samkvæmt framanrituðu leggur nefndin til, að frumv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: þó aldrei meira en 1200 kr. fyrir hvert um sig.
2. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist: Enginn getur þó fengið hærri styrk samkvæmt þessari grein en 800 kr. fyrir hvers árs jarðabætur.
3. Við 10. gr. Fyrir »3,50« komi: 3.00.
4. Við 12. gr. Greinin falli niður, en í stað hennar komi 5 nýjar greinar, er verði 12., 13., 14., 15. og 16. gr. og hljóði svo:

a. Styrkur úr ríkissjóði til hreppabúnaðarfjelaga skal nema 10 aurum fyrir hvert unnið dagsverk. Styrkurinn skiftist hlutfallslega milli búnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Styrk þennan skal leggja í sjóð, sem nefnist verkfærakaupasjóður.

Í sjóðinn skal auk þess árlega greiða úr ríkissjóði 20 þúsund krónur, er skiftist milli hreppabúnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Sú upphæð, er sjóði hvers hreppabúnaðarfjelags ber samkvæmt því, er að ofan getur, skal vera sjereign hvers fjelags.

b. Tilgangur sjóðsins er að ljetta undir með bændum, einstökum eða fleirum í fjelagi, að eignast hestaverkfæri til jarðræktar.

Búnaðarfjelag Íslands sjer um útvegun þeirra verkfæra, er sjóðurinn veitir styrk til að kaupa, og ákveður, af hvaða gerð þau skuli vera.

c. Eftir því sem fje sjóðsins hrekkur til árlega, skal því varið til að kaupa fyrir hestaverkfæri handa þeim bændum, sem leggja fram jafnmikið fje og nemur framlagi sjóðsins. Sá, er styrks beiðist, sendir umsókn sína, stílaða til Búnaðarfjelags Íslands, stjórn þess búnaðarfjelags, sem hann er meðlimur í, og sjer hún þá um útvegun verkfæranna hjá Búnaðarfjelagi Íslands og greiðslu andvirðis.

Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 300 krónur.

d. Nú er fje fyrir hendi í verkfærakaupasjóði eftir að fullnægt er styrkbeiðnum samkvæmt 14. gr., og njóta þá búnaðarfjelög sömu kjara og einstakir bændur, um helmings framlag úr sjóðnum til verkfærakaupa, og ákveða þá fjelögin sjálf, hvort þau nota verkfærin sem fjelagseign eða skifta þeim milli einstakra manna.

Heimilt er að styrkja með alt að $^1/_4$ verðs kaup á jarðræktarvjelum, og sjeu þær þá eign búnaðarfjelags, enda sje áður fullnægt þeim styrkbeiðnum, er í 14. gr. og fyrri málsgrein þessarar greinar getur.

e. Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn verkfærakaupasjóðs, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

Nánari ákvæði um starfsemi verkfærakaupasjóðs getur atvinnumálaráðuneytið sett með reglugerð, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

5. Við 13. gr. Greinina skal orða svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda um allar þær jarðabætur, sem mældar verða á árinu 1928.

6. Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 21. mars 1928.

Einar Árnason, form. og frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.	Jónas Kristjánsson.

Nd. **546. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að stjfrv. þetta nái fram að ganga. Nú eru aðeins eftir ólánaðar um 2 milj. kr. bankavaxtabrjefa af þeim 10 milj. kr., sem heimilað var að gefa út samkvæmt lögum nr. 26 frá 1926, og eru þegar lánbeiðnir fyrirliggjandi hjá veðdeildinni fyrir þessari upphæð, sem ekki hafa enn verið afgreiddar. Eigi því ekki veðdeildarlán að stöðvast með öllu, ber nauðsyn til að samþykkja heimildarlög um útgáfu nýrra flokka bankavaxtabrjefa.

Hinsvegar er viðhorf nefndarmanna gagnvart veðdeildinni og fasteignalánum yfirleitt nokkuð mismunandi, og mun það nánar skýrt, er málið kemur fyrir í deildinni. Meiri hluti nefndarinnar (S. E., Ó. Th., Hj. V.), telur þó nauðsynlegt, að ríkisstjórnin hlutist til um, að fje verði fyrir hendi til kaupa á bankavaxtabrjefum, meðan þessi skipun er á fasteignalánum, svo að gengi brjefanna falli ekki langt niður og kjör lántakenda versni að mun frá því sem nú er. Mundi verða nauðsynlegt, að slíkt fje væri fengið að láni á sumri komanda, og mun við 3. umr. verða flutt brtt. við frumvarpið, er veiti ríkisstjórninni svipaða lántökuheimild eins og var í lögum nr. 26 frá 1926. Telur meiri hlutinn mjög varhugavert að fresta slíkri lántöku, vegna áhrifa þeirra á fasteignalán öll í landinu, sem það hefði í för með sjer.

Minni hlutinn (H. Stef., H. J.) telur ekki ástæðu til slíkrar lántökuheimildar sem stendur, en vill samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 20. mars 1928.

Halldór Stefánsson, form.	Hjeðinn Valdimarsson, frsm., fundaskrifari.
Hannes Jónsson.	Sig. Eggerz. Ólafur Thors.

Ed. **547. Frumvarp**

til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Ölfusá í Árnessýslu skulu vera ófriðuð selalátur og selalagnir.

2. gr.

Fyrir missi selveiðinytja í ánni vegna ákvæða 1. gr. skulu koma fullar bætur, eftir dómkvaddra manna mati, og vera árgjald, sem metið er í eitt

skifti fyrir öll, sbr. þó 4. gr. Þeir, er laxveiðirjett eiga í Ölfusá (Hvítá) og ám þeim, er í hana renna, skulu greiða bæturnar að tiltölu eftir veiðimagni samkvæmt hlunnindaskýrslum næsta árs á undan. Minni ársveiði en 50 laxar kemur þó ekki til greina í þessu efni. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingum, og fylgir því lögtaksrjettur. Nú er laxveiðirjettur leigður, og greiðir leigutaki þá bætur í stað veiðieiganda.

3. gr.

Þegar næst verða prestaskifti í Arnarbæli, falla niður bætur til ábúanda þeirrar jarðar fyrir missi selveiðinytja.

4. gr.

Ef laxveiði jarðar, er bætur hefir hlotið fyrir nytjamissi af selveiði í ánni, eykst frá því, sem nú er, eftir að byrjað er á útrýmingu selsins, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir af dómkvöddum mönnum til frádráttar bótunum, enda geri 3 þeirra aðilja, er bætur eiga að greiða, kröfu um matið. Nú telja dómkvaddir menn, að laxveiði einhverrar eða allra þessara jarða hafi aukist svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn niður falla.

5. gr.

Kostnað við mat samkvæmt lögum þessum skal greiða úr sýslusjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **548. Frumvarp**

til laga um smíði og rekstur strandferðaskips.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta smíða gufuskip til strandferða, af svipaðri stærð og Esja. Kostnaður við kaup og rekstur skipsins greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Skipið skal útbúið 70—80 ten. metra kælirúmi og hafa að minsta kosti 40 sjómílna vökuhraða. Farþegarúm skal vera 1. og 2. farrými.

3. gr.

Heimilt er stjórninni að taka lán til skipakaupanna, eftir því sem þörf kann að verða á.

Ed. **549. Nefndarálit**

um frv. til áfengislaga.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við höfum viljað fallast á það, að löggjöf þessari væri komið að öllu leyti í það horf, sem bannmenn óska, til þess að enn verði reynt, hvort löggjöfin gefi þá betri raun en að undanförnu; þó gerum við þá kröfu, að í engu sje haggað ákvæðum laga nr. 3, 4. apríl 1923, um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, því að á þeim lögum byggist nú samningur vor við Spánverja um tollívilnun fyrir íslenskan saltfisk. Meiri hlutinn telur sig að vísu einnig þessu fylgjandi, en hefir ekki viljað fallast á að bera fram brtt., sem við teljum óhjákvæmilega til þess, að þetta frv. fari ekki í bága við nefnd lög frá 1923. Er það 10. breytingartillaga okkar, og verðum við að gera samþykt hennar, eða tilsvarandi ákvæðis, að skilyrði fyrir fylgi okkar við frv. Jafnframt berum við fram nokkrar aðrar brtt., sem við teljum, að í engu dragi úr framkvæmd aðflutningsbannsins, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin »sannað sje« í 2. málsgr. komi: allar líkur bendi til.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: eða til skemtiferðaskipa, enda flytji þau ekki farþega hingað aðra en þá, sem búa í skipinu meðan það stendur við hjer við land og fara með því aftur, og ekki aðra farþega hjeðan.
3. Við 21. gr. Fyrir »neyslu« í 2. málsgr. komi: nautna.
4. Við 23. gr. Á eftir orðunum »sölu eða veitingu áfengis« komi: í atvinnuskyni.
5. Við 30. gr. Fyrir »neyslu« í síðustu málsgr. komi: nautna.
6. Við 33. gr. Orðin í 2. málsgr. »nje heldur má áfengisnautn fara fram« falli burt.
7. Við 34. gr. Fyrsta og annan málslið 3. málsgr. skal orða þannig:

   Dómsmálaráðherra er heimilt að skipa sjerstaka löggæslumenn, lögreglustjórum til aðstoðar, eftir því sem fje er til veitt í fjárlögum. Hann fær þeim erindisbrjef, og má í því ákveða, að þeim skuli einnig skylt að vera lögreglustjóra til aðstoðar um önnur störf, auk gæslu þessara laga.
8. Við 36. gr. 2. Á eftir orðunum »fyrir borgun« komi: svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti.
9. Við 46. gr. Fyrir »skal« komi: má.
10. Við 55. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist: Svo skal og haldast óbreytt að því er þessi vín snertir það ákvæði, að skip má hafa til næstu hafnar hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum, sbr. 3. gr. nefndra laga og tilvísun hennar til ákvæða um þetta í þágildandi bannlögum.

Alþingi, 21. mars 1928.

Jóh. Jóhannesson. Jón Þorláksson, frsm.

Ed. **550. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

3. málsgrein 1. greinar laganna skal orða svo:

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, sbr. 15. gr., þarf sjerstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknum lánum þeim, er ræðir um í lögum nr. 10, 31. maí 1927, svo og lánum þeim, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

5. gr. hljóði svo:

Innskotsfje það, 2 miljónir króna, er ákveðið var með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum, skal teljast stofnfje seðlabankans. Auk þess skal ríkisstjórninni heimilt að leggja fram úr ríkissjóði viðbótarstofnfje handa seðlabankanum, alt að 3 miljónum króna. Seðlabankinn skal safna varasjóði samkvæmt 24. gr.

3. gr.

24. gr. hljóði svo:

Tekjuafgangur hvers árs rennur í varasjóð. Leggi ríkissjóður fram viðbótarstofnfje samkvæmt 5. grein, skal bankinn greiða ríkissjóði af því fje 6% í ársvexti, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins.

4. gr.

33. gr. hljóði svo:

Yfirstjórn bankans er í höndum landsbankanefndar, samkvæmt því sem ákveðið er í lögum þessum, og ráðherra þess, er fer með bankamál. Stjórn bankans að öðru leyti annast bankaráð, skipað fimm mönnum, og framkvæmdarstjórn, skipuð þrem mönnum.

5. gr.

34. gr. verði svo hljóðandi:

Landsbankanefndin er skipuð 15 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu til 6 ára. Eftir 2 ár ganga úr nefndinni 5 menn, þeir er eftir rjettri hlutfallstölu síðast voru kosnir á hverjum lista, eða hvorum lista, ef þeir voru aðeins tveir. Eftir næstu 2 ár ganga aðrir 5 menn úr nefndinni af hinum fyrst kjörnu, eftir sömu reglum og áður greinir, og loks að liðnum 6 árum þeir 5, er eftir eru af þeim fyrst kjörnu. Síðan fer fram kosning annaðhvert ár

á 5 mönnum í nefndina í stað þeirra, er endað hafa kjörtímabil sitt. Endurkjósa má menn í nefndina. Kosnir skulu og með hlutfallskosningu varamenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanns eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Varamenn ganga úr eftir sömu reglum og aðalmenn. Er kosning fer fram, skal afhenda lista með helmingi fleiri nöfnum en kjósa á menn í nefndina. Sá, sem næstur er að atkvæðamagni þeim, er kosningu hlýtur á hverjum lista, skal vera 1. varamaður þess lista um kjörtímabil það, er listinn á við, og svo hver af öðrum innan listans, þannig, að sá, sem næstur er að atkvæðamagni, kemur jafnan í stað þess, sem næstur er á undan að atkvæðamagni. Kjörtími varamanns, sem tekur sæti í nefndinni vegna fráfalls eða brottflutnings aðalmanns, endar þegar kjörtími þess, sem hann kemur í staðinn fyrir, hefði verið á enda, nema varamaður sá, sem kemur fyrir aðalmann á fyrstu 4 árunum eftir að lög þessi öðlast gildi, tekur sæti á eftir öllum aðalmönnum og telst því sem hinn síðast kjörni á lista. Nú kemur það fyrir, að allir aðalmenn og varamenn lista fyrir eitt kjörtímabil forfallast, og kýs þá nefndin menn í skarðið með einföldum meiri hluta. Ef vafaatriði um þessi efni koma fyrir, sker nefndin sjálf úr þeim með atkvæðagreiðslu og sendir Alþingi skýrslu um málið.

Landsbankanefndarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín.

6. gr.

Ný grein, sem verður 35. gr., hljóði svo:

Formann bankaráðsins skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, til þriggja ára í senn. Hina fjóra bankaráðsmennina kýs landsbankanefndin til 4 ára í senn, þannig, að tveir ganga úr á aðalfundi landsbankanefndarinnar annaðhvert ár, í fyrsta skifti ganga þeir úr, sem síðastir voru í röðinni við kjörið. Formann bankaráðs má endurskipa og hina 4 ráðsmennina má endurkjósa. Á sama hátt skal skipa varaformann og kjósa 4 varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum formanns eða bankaráðsmanns. Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ráðherra nýjan varamann. Ef nefndarkosinn bankaráðsmaður og varamaður forfallast á sama hátt áður en starfstími hans er á enda, kýs landsbankanefndin annan í hans stað. Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 krónur í ársþóknun, en hinir bankaráðsmennirnir 2000 krónur hver.

Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót af allri launahæðinni, og reiknast dýrtíðaruppbótin með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins. — Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

7. gr.

35. gr., sem verður 36. gr., hljóði svo:

Engan má kjósa í landsbankanefnd eða bankaráð nema hann sje lögráða, hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Ef nefndarmaður eða banka-

ráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í nefndinni eða ráðinu.

8. gr.

36. gr., sem verður 37. gr., hljóði svo:

Bankaráðið ræður alla þrjá bankastjóra, og eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geti þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega, sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Bankastjórar hafa að árslaunum 12000 krónur hver, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem bankaráðið ákveður.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum handa bankastjóranum, og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skifti.

Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara og aðalfjehirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fje bankans eftir sömu reglum.

9. gr.

37. gr. fellur niður.

10. gr.

38. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Landsbankanefndin heldur aðalfund sinu einu sinni á ári, eigi síðar en mánuði eftir setningu Alþingis. Boðar forseti nefndarinnar til fundarins með mánaðar fyrirvara. Auk þess má kveðja nefndina til funda þegar forseti telur þess þörf, svo og ef 4 bankaráðsmenn að minsta kosti eða 7 landsbankanefndarmenn að minsta kosti krefjast þess í brjefi til forseta. Skal forseti þá boða til fundar eigi síðar en viku eftir að krafan kom í hans hendur. Skal að jafnaði boðað til aukafunda með viku fyrirvara, nema brýn þörf kalli að. Þá má boða til fundar með styttri fyrirvara, þó aldrei styttri en 2 sólarhringa.

Til fundanna skal boðað með ábyrgðarbrjefi eða staðfestu símskeyti til hvers nefndarmanns.

11. gr.

39. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Á fyrsta aðalfundi nefndarinnar í hvert sinn, eftir að ný kosning hefir farið fram í nefndina samkv. 34. gr., kýs nefndin sjer forseta til næstu 2 ára. Boðar hann nefndina til funda samkv. 38. gr. og stjórnar fundum nefndarinnar. Ennfremur skal á sama hátt til sama tíma kjósa 1. og 2. varaforseta. Gegnir 1. varaforseti forsetastörfum í forföllum forseta, en 2. varaforseti, ef báðir, forseti

og 1. varaforseti, eru forfallaðir. Forseti sá, sem stjórnar fundi í hvert skifti, kveður sjer fundarritara, sem má vera utan nefndarinnar.

Rita skal í fundabók stutta skýrslu um það, sem gerist á nefndarfundum, svo og allar ályktanir nefndarinnar.

12. gr.

40. gr., sem er ný grein, hljóði svo:

Nefndarfundur er lögmætur, ef fundinn sækja eigi færri en 10 nefndarmenn.

Á nefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði forseta úr.

13. gr.

41. gr., sem er ný grein, hljóði svo:

Landsbankanefndinni ber:

a. Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu eftir tillögum bankaráðsins. Reglugerðin skal staðfest af ráðherra þeim, sem fer með bankamál, og síðan birt í Stjórnartíðindunum.
b. Að kjósa 4 menn í bankaráð og 4 varamenn, samkv. 35. gr. laga þessara.
c. Að kjósa endurskoðendur bankans til eins árs í senn og 2 til vara, gefa þeim erindisbrjef og ákveða þóknun þeirra. Ef þess er krafist af 4 nefndarmönnum að minsta kosti, skulu kosningar þær, er um ræðir í b- og c-lið, vera hlutfallskosningar.
d. Að úrskurða reikninga bankans.
e. Að taka ályktun um önnur mál, sem lögð verða fyrir nefndina samkvæmt lögum þessum, eða eftir ósk bankaráðs eða ráðherra.

14. gr.

42. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Formaður bankaráðsins hefir fyrir hönd ráðsins stöðugt, daglegt eftirlit með starfsemi bankans.

Bankaráðið heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, 1. og 15. dag mánaðarins, eða næsta virkan dag, ef 1. eða 15. ber upp á helgidag, en annars svo oft sem formaður þess telur nauðsynlegt eða meiri hluti ráðsins krefst þess, eða framkvæmdarstjórnin óskar þess. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þegar jöfn eru atkvæði, sker atkvæði formanns úr. Svo skal og vera, þegar jöfn eru atkvæði, er bankaráð og framkvæmdarstjórn gera sameiginlega ályktun, sbr. 43. gr. staflið h. og i.

Bankastjórarnir eiga rjett á að vera á fundum bankaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sje um mál, er snertir bankastjórana sjálfa.

Á hverjum reglulegum fundi skal framkvæmdarstjórnin leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, hve mikið af fje hans sje bundið í hverri atvinnugrein, um verðbrjefaeign hans, um innlánsfje í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kröfur erlendar, um seðla-

veltu, gullforða og innieignir erlendis, og um annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

15. gr.

38. gr. verður 43. gr., en stafliðirnir a., c. og e. orðist svo:

a. Að koma fram fyrir hönd bankans gagnvart dómstólunum, yfirvöldum og gagnvart þriðja manni. Ráðið getur úrskurðað um öll mál bankans, sem ekki er áskilið landsbankanefndinni eða ráðherra að úrskurða um.
c. Að setja bankastjórunum erindisbrjef.
e. Að skipa aðalbókara og aðalfjehirði bankans og ákveða laun þeirra, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, svo og að ákveða, hversu hátt veð aðalfjehirðir skuli setja.

Í stað orðanna »(39. gr.)« í l.-staflið komi: (44. gr.).
o.-stafliður falli niður.
p.-stafliður verði o.-stafliður.

16. gr.

39. gr. verði 44. gr., en hljóði þannig:

Framkvæmdarstjórnin hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórnin heldur fundi á hverjum starfsdegi, ef málefni liggja fyrir til úrlausnar.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt (sbr. 43. gr.) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

17. gr.

40. gr. verður 45. gr., en fyrir orðin: »samkvæmt 38. gr.« komi: samkvæmt 43. gr.

18. gr.

41. gr. verður 46. gr., en fyrir orðin »samkvæmt 38. gr. l.« komi: samkvæmt 43. gr. l.

19. gr.

42., 43., 44. og 45. gr. verða 47., 48., 49. og 50. gr., og á undan 50. gr. komi: VI. kafli. Sjerrjettindi bankans.

20. gr.

46., 47., 48., 49., 50., 51., 52., 53. og 54. gr. verða 51., 52., 53., 54., 55., 56., 57., 58. og 59. gr.

21. gr.

55. gr. verður 60. gr. og hljóði þannig:

Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1928. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, er fer með bankamál, formann bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd eigi síðar en 1. janúar 1930.

22. gr.

56. gr. verður 61. gr., en 3. málsgr. greinarinnar fellur niður.

23. gr.

57. gr. verður 62. gr. og hljóði þannig:

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Um uppsögn núverandi bankastjóra skulu sömu reglur gilda og í gildi voru, er þeir tóku sæti í bankastjórninni.

Jafnskjótt sem núverandi bókari og aðalfjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum þessara laga.

24. gr.

58. og 59. gr. verða 63. og 64. gr.

25. gr.

60. gr. verður 65. gr. og hljóði þannig:

Auk hinna gulltrygðu seðla er bankanum heimilt að gefa út alt að einni miljón króna. Seðlamagn þetta skal minka um 100000 kr. fyrir 1. nóvember 1929, og úr því árlega um sömu upphæð.

26. gr.

61. gr. verður 66. gr.

27. gr.

62. gr. verður 67. gr. og hljóði þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka nauðsynleg lán til greiðslu á viðbótarstofnfje bankans samkvæmt 2. málslið 5. gr. þessara laga.

28. gr.

63. og 64. gr. verða 68. og 69. gr., en í stað orðanna »42. gr.« í niðurlagi 63. gr. komi: 47. gr.

29. gr.

65. gr. verður 70. gr. og á undan greininni komi: VIII. kafli. Niðurlagsákvæði.

30. gr.

66. gr. verður 71. gr.

31. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi. Þá er þau hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 48, 31. maí 1927, og gefa þau út svo breytt.

Ed. **551 Frumvarp**

til laga um fiskiræktarfjelög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirjett hafa í sama fiskihverfi, að gera með sjer fjelagsskap um fiskirækt, á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

Fiskirækt samkvæmt lögum þessum er hverskonar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskiauð vatna, svo sem klak og innflutningur hrogna eða fiskseiða, en tekur þó ekki til friðunar á fiski nje eyðingar sels.

Fiskihverfi er vatn það eða vötn, straumvötn, stöðuvötn eða hvorttveggja, sem sami fiskistofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að fiskur byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

2. gr.

Nú vilja menn stofna fiskiræktarfjelög við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur (eða ábúendur, sbr. þó 6. gr.) allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða hefir stunduð verið í því fiskihverfi, nema veiðirjettur sje með öllu skilinn frá landareign, og skal þá boða eiganda (ábúanda, sbr. 6. gr.) eða eigendur (ábúendur, sbr. 6. gr.) veiðirjettar. Ekki er þó skylt að boða þá til fundar, sem veiðirjett eiga í almenningum stöðuvatna samkvæmt 126. gr. vatnalaga, nr. 15, frá 20. júní 1923, en skylt er að gera þeim kost á þátttöku, þegar fjelag hefir stofnað verið.

Þegar stofna á fiskiræktarfjelag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal kveðja til fundar alla þá, sem lönd eiga (eða leigja) að fiskihverfinu.

Nú á fjelag land að fiskihverfi eða veiðirjett í því, og skal þá boða formann fjelags.

Til fundar skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

3. gr.

Nú hefir verið boðað til fundar samkvæmt 2. gr., og skal á fundinum ræða stofnun fjelagsins og verkefni og bóka fundargerð.

Á fundinum hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem boða skal samkvæmt 2. gr. Fela má öðrum umboð til þess að fara með atkvæðisrjett sinn á fundinum, enda sje umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins, samþykkja fjelagsstofnunina, má stofna fjelagið þegar, án frekari undirbúnings.

Nú verður fjelagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, sem búi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþyktar fyrir fjelagið samkvæmt 7. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er, að starfsemi fjelagsins hafi í för með sjer, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eftir.

4. gr.

Nú hefir nefndin lokið störfum, og skal hún þá kveðja til fundar á ný samkvæmt 2. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, sem hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun fjelagsins og taka ákvörðun um hana. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem kvaddir eru til fundar, samþykkja fjelagsstofnunina, skal öllum hinum skylt að gerast fjelagar. Um atkvæðisrjett og atkvæðagreiðslu fer eftir 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Nú mæta ekki á fundi $^2/_3$ þeirra manna, sem boðaðir eru, nje umboðsmenn þeirra. Skal þá undirbúningsnefnd enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef $^2/_3$ þeirra manna, sem á þeim fundi mæta eða senda þangað umboðsmenn, samþykkja fjelagsstofnunina, skal öllum öðrum, sem boðaðir hafa verið, skylt að gerast fjelagar.

6. gr.

Nú er jörð, sem land á að fiskisvæði fjelagsins, í byggingu með þeim kjörum, að landsdrottinn telur sjer ekki skylt að taka þátt í fjelagsskapnum, og skal þá boða leiguliða á stofnfund. Stofnfundur getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast fjelagi í stað eiganda. Afl atkvæða ræður úrskurði, en ekki skal hlutaðeigandi leiguliði greiða atkvæði um þann úrskurð.

Skylt er landsdrotni, þegar leiguliði fer frá jörð, að greiða eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins.

7. gr.

Nú er stofnun fjelags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykt fyrir fjelagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi boðuðum á sama hátt. Um samþyktina ræður afl atkvæða.

Í samþykt fjelagsins skulu vera ákvæði um:

1. Nafn fjelags, heimilisfang og varnarþing.

2. Verkefni fjelags og fjelagssvæði.
3. Skipun fjelagsstjórnar og starfssvið.
4. Fundarhöld.
5. Reikninga fjelags og endurskoðun.
6. Hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess, sem starfsemi fjelagsins hefir í för með sjer.
7. Sektir fyrir brot á samþykt fjelags.
8. Hvernig samþykt fjelagsins verði breytt.
9. Hvernig fara skuli um fjelagsslit.

8. gr.

Kostnaði þeim, sem starfsemi fjelagsins hefir í för með sjer, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í fjelagsskapnum. Samkvæmt þeirri meginreglu skal semja skrá, er sýnir hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver fjelagsmaður á að greiða. Skrá þessa skal semja með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarandi ára, ef til eru, en annars eftir samkomulagi, og skal hún gilda um 5 ár, nema $^2/_3$ fjelagsmanna samþykki að gera hana að nýju, eða ráðherra skipi svo fyrir.

Gjaldskrá skal lögmætur fjelagsfundur samþykkja. Um hana ræður afl atkvæða.

9. gr.

Samþykt, ásamt kostnaðaráætlun og gjaldskrá, skal fjelagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykt eða gjaldskrá þykja þannig úr garði gerðar, að þær verði ekki staðfestar, sendir ráðherra þær aftur til fjelagsstjórnar með athugasemdum um það, sem ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykt og gjaldskrá, svo og er það hefir lagað verið, sem ábótavant þótti. Aldrei má samþykt brjóta í bág við gildandi lög nje almennar grundvallarreglur.

10. gr.

Nú verða eigendaskifti á jörð, sem er á fjelagssvæði, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast fjelagi. Sama gildir og um leigjendur, þegar ábúendaskifti verða, ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir.

Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar, sem liggur að fiskihverfi, er fiskiræktarfjelag starfar við, en utan fjelagssvæðis, og er þá eiganda hennar eða ábúanda skylt að gerast fjelagi.

11. gr.

Heimilt er að taka í fjelag aðra menn en þá, sem skyldir eru til þátttöku samkvæmt lögum þessum, ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, enda sje inntökubeiðni getið í fundarboði.

12. gr.

Nú þykir æskilegt, að fjelag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef $^2/_3$ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja fjelagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofn-

un fjelagsins eins og sagt er í lögum þessum. Nú þykir æskilegt, að tvö fjelög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef $^2/_3$ fjelagsmanna í hverju fjelagi samþykkja, enda mæli vatnalíffræðingur með því. Skal þá stofna eitt fjelag, er nái yfir svæði beggja fjelaganna, og fer um stofnun þess eins og segir í lögum þesssum.

13. gr.

Gjöld fjelagsmanna, sem ákveðin eru samkvæmt staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki.

14. gr.

Í samþykt fjelags má ákveða, að brot á samþykt varði alt að 200 króna sekt, er renni í fjelagssjóð.

Mál út af brotum á lögum þessum eða samþykt fjelags skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

Nd. **552. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um frv. þetta. Minni hlutinn (Ó. Th. og S. E.) vill fella það, en meiri hlutinn (H. Stef., Hj. V. og H. J.) felst á ástæður þær, sem færðar eru fyrir frv. á þskj. 212 og í nefndaráliti minni hluta fjárhagsnefndar Ed. á þskj. 382. Þó hefir einn nefndarmaðurinn (Hj. V.) nokkra sjerstöðu og skrifar undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara.

Nokkrar breytingar til lækkunar hafa orðið á frv. í hv. Ed., svo að áætlað er, að tekjuaukinn nemi nú ca. kr. 310000, en upphaflega var gert ráð fyrir, að tekjuaukinn mundi nema ca. kr. 426000.

Þótt tveir nefndarmenn meiri hlutans (H. Stef. og H. J.) sjeu ekki allskostar ánægðir með þær breytingar, sem hv. Ed. hefir gert á frv., vill meiri hlutinn samt leggja til, að frv. verði samþykt eins og það nú liggur fyrir, með því líka, að óvíst er, að samkomulag næðist, ef málið hrektist á milli deilda.

Alþingi, 21. mars 1928.

Halldór Stefánsson, form.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskr. með fyrirvara.	Hannes Jónsson, frsm.

Nd. **553. Nefndarálit**

um frumv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, enda þótt vitað sje og viðurkent af sjávarútvegsnefnd og öllum, sem um það mál hafa fjallað, þar á meðal milliþinganefnd og fiskiþingi, að Fiskiveiðasjóður er nú orðið fjarri því að geta leyst hlutverk sitt viðunandi af hendi. Hinn smærri útvegur, sem þessi sjóðstofnun á aðallega að styrkja, líður mjög við það að fara á mis við þann stuðning, sem sjóðurinn gæti veitt, ef hann væri mun öflugri en hann nú er, og virðist svo sem skemra megi ekki ganga í eflingu sjóðsins en gert er ráð fyrir í frumv.

Auk þess á bátaútvegur landsins fylstu rjettlætiskröfu á því, að þingið sjái honum fyrir þeim stuðningi, sem hjer er ráðgerður. Einkum er þetta ljóst, ef tekið er til samanburðar það, sem gert hefir verið fyrir landbúnaðinn með stofnsetningu Ræktunarsjóðsins, sem minni hl. telur alveg rjettmætt. Hann telur Fiskiveiðasjóð og Ræktunarsjóð nauðsynlegar lánsstofnanir, sem sjeu mjög hliðstæðar og eigi skilið svo jafnan stuðning ríkisvaldsins sem frekast er kostur á. Frumv. er sniðið þann veg, að sem mest samræmi sje milli þessara stofnana. Það gengur að vísu miklu skemra í þá átt að afla Fiskiveiðasjóði tekna en gert var í upphafi, þegar hann var stofnaður, og skemra en gert hefir verið að því er Ræktunarsjóðinn snertir.

Úr þessu vill minni hl. að nokkru bæta, með því að leggja til, að ríkisstjórnin kaupi vaxtabrjef Fiskiveiðasjóðs, ef stjórn sjóðsins álítur þess þörf. Gerði þingið 1927 svipaða ráðstöfun og þessa til að greiða fyrir sölu jarðræktarbrjefanna.

Í frv. er talað um atvinnubótalán, og er með því átt við lán til stofnsetningar iðnaðarfyrirtækjum í sambandi við sjávarútveginn. Þykir minni hl. rjett að fella burt orðið atvinnubótalán, þar eð af því kynni að mega draga þá ályktun, að átt væri við lánveitingar í öðru skyni en til greindra iðnaðarfyrirtækja.

Samkvæmt framansögðu leggur minni hl. til, að frumv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 10. gr. b. Í stað orðsins »atvinnubótaláns« komi: lán til stofnsetningar iðnaðarfyrirtækja.
2. Á eftir 24. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

   Ríkissjóður kaupir vaxtabrjef sjóðsins fyrir alt að hálfri miljón króna, þegar stjórn Fiskiveiðasjóðs óskar þess. Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán handa ríkissjóði í þessu skyni, ef hún telur þess þörf.

Alþingi, 21. mars 1928.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Ólafur Thors.

Nd. **554. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hvalveiðar.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 2. málsgr. 3. gr. bætist: eftir því er atvinnumálaráðherra ákveður.
2. Við síðari málsl. 4. gr. Í stað orðanna »veiðarfæri og afli« komi: afli og veiðarfæri.

Nd. **555. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun síldarbræðslustöðva á Norðurlandi.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir eigi orðið sammála um meðferð frv. og ber þar mikið á milli.

Vjer, sem undirritum álit þetta, teljum ráðstöfun þá, sem frv. stefnir að, sjálfsagða og óumflýjanlega jafnframt því, að einkasala síldar er lögtekin; jafnvel án hennar verður að álíta stofnun óháðra bræðslustöðva ómetanlega öryggisráðstöfun fyrir síldarútveg landsmanna, sem efalaust er öllum öðrum atvinnugreinum þeirra stopulli og áhættumeiri.

Að vorri skoðun er öryggisráðstöfun þessi þó ekki einhlít með byggingu einnar bræðslustöðvar á Norðurlandi, enda gerir frv. ráð fyrir því, að þær geti orðið fleiri. Virðist oss þá einsætt, ef 2 eða fleiri bræðslustöðvar yrðu reistar, að dreifa verði þeim um landið, en miða eigi alt við Norðurland. Þess vegna álítum vjer eigi rjett að binda stofnun fleiri en einnar verksmiðju við Norðurland, svo sem fyrirsögn frv. þó getur bent til, þar sem 1. gr. frv. bindur þó við borð byggingu fyrstu stöðvarinnar á Norðurlandi.

Ennfremur álítum vjer ákvæði 2. gr. frv. óþörf, um heimild ríkisstjórnarinnar til sölu á bræðslustöð, sem hún kynni að byggja. Slík heimild mundi auðfengin hjá Alþingi, ef æskileg þætti sala, og ber engin nauðsyn til að leita hennar fyrirfram.

Eftir framansögðu leggjum vjer til, að frv. verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
   Greinatalan breytist samkvæmt því.
2. Aftan við frv. bætist:

Ákvæði um stundarsakir.

Meðan byggingu síldarbræðslustöðva verður ekki við komið, heimilast stjórninni að taka síldarbræðslustöð á leigu og starfrækja á kostnað ríkissjóðs, ef kostur er á með viðunandi kjörum.

3. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögnin verði:
Frumvarp til laga um stofnun síldarbræðslustöðva.

Alþingi, 21. mars 1928.

Sveinn Ólafsson, form. Sigurjón Á. Ólafsson, frsm. Jörundur Brynjólfsson.

Ed. **556. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta frumvarp. Leggjum við undirritaðir til, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það kom frá Nd. En minni hl. nefndarinnar, H. Steinsson, telur sig mótfallinn því, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 22. mars 1928.

Erlingur Friðjónsson, form. og frsm. Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Ed. **557. Nefndarálit**

um frv til laga um eignarnám á jörðinni Reykhólum.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er flutt eftir tillögum landlæknis. Telur hann nauðsynlegt »að taka Reykhóla eignarnámi til handa ríkinu, til ýmsra afnota, er horfa til almennings heilla, og þá nú strax í fyrstu til þess, að geta látið Reykhólahjeraði í tje landspildu fyrir læknisbýli með aðgang að heitri laug«.

Nefndin er sammála um að sinna þessu máli. Aðeins vilja sumir nefndarmenn ganga skemra en frv. segir. Verður gerð grein fyrir þessu í deildinni.

Alþingi, 22. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form. Jón Baldvinsson, fundaskr. og frsm.

Einar Árnason. Jón Þorláksson. Björn Kristjánsson.

Ed. **558. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Af skjölum þeim, sem fyrir nefndinni hafa legið um þetta mál, virðist henni, að rannsókn sú, sem fram hefir farið á hafnarstæði á þessum stað, sje ekki svo fullnægjandi sem krefjast verður til þess, að rjett verði talið að byggja á henni lög um hafnargerð.

Nefndin leggur því til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari rannsóknar og undirbúnings.

Alþingi, 22. mars 1928.

Erlingur Friðjónsson, formaður. Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm. H. Steinsson.

Nd. **559. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1927.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir yfirfarið og athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 21. mars 1928.

Þorleifur Jónsson, formaður. Ing. Bjarnarson, fundaskr. og frsm. Jón Sigurðsson.

Magnús Torfason. Pjetur Ottesen. Bjarni Ásgeirsson. H. Guðmundsson.

Ed. **560. Frumvarp**

til laga um hvalveiðar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Allir skíðishvalir nema hrefnur skulu friðaðir fyrir skotum hvarvetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni árið um kring, nema í ísvök sjeu eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt þvílíkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sje síldveiði eða veiðarfærum spilt.

Sýslunefndum skal þó heimilt að banna með samþyktum hrefnuveiðar í landhelgi, hverri á sínu sviði, enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþyktina.

2. gr.

Bannað er að hafa hvalveiðastöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema hann sje dauður fundinn, drepinn með þeim hætti, sem heimilt er samkv. 1. gr., eða til þess sje fengið sjerleyfi. Sjerleyfi veitir atvinnumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Fiskifjelags Íslands. Sjerleyfi skal bundið við ákveðinn fjölda veiðiskipa og veitist eigi lengur en til 10 ára í senn. Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið og þeir, sem sama rjettar njóta, enda hafi þeir verið búsettir í eitt ár hjer á landi.

3. gr.

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur með bræðslu og breytingu úrgangs, beina, kjöts og innýfla í markaðshæfa vöru.

Ennfremur skal greiða árgjald af hverju hvalveiðaskipi, eigi minna en 500 krónur, eftir því er atvinnumálaráðherra ákveður.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Svo skulu og afli og veiðarfæri upptæk, þegar um ólöglega veiði eða hagnýting er að ræða, og rennur andvirðið einnig í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44, 13. nóv. 1903, og lög nr. 18, 4. júní 1924.

Ed. **561. Lög**

um Byggingar- og landnámssjóð.

(Afgreidd frá Ed. 22. mars).

1. gr.

Af tekjum ríkissjóðs skal árlega leggja 200 þús. kr. í sjóð, er nefnist Byggingar- og landnámssjóður.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda býlum í landinu og fjölga þeim með þessum hætti:

1. með því að veita lán:
   a. til að endurbyggja íbúðarhús á sveitabýlum.
   b. til að byggja upp nýbýli á landi, sem er í einkaeign eða í eign sveitar- eða bæjarfjelaga.
   c. bæjarfjelögum og kauptúnum, sem eru sjerstakur hreppur, til að koma upp nauðsynlegum byggingum fyrir kúabú á ræktuðu eignarlandi bæjar- eða hreppsfjelagsins.
2. með því að verja fje samkvæmt ákvörðun landsstjórnarinnar til að byggja upp nýbýli á landi, sem ríkið á eða kaupir í því skyni.

Nýbýli í lögum þessum telst hvert það býli, sem reist er af nýju, annaðhvort á gamalli eyðijörð eða landi, sem skift er úr jörð, sem er í ábúð, hvort sem því í upphafi fylgir nokkurt ræktað land eða ekki.

3. gr.

Skilyrði fyrir láni úr sjóðnum eru:

I. til endurbygginga samkv. 2. gr. 1. a.:
   a. að lántakandi sje íslenskur ríkisborgari og fullráða.
   b. að hann sanni með vottorði tveggja skilríkra manna, sem nákunnugir eru högum hans, að hann sje duglegur, reglusamur, sparsamur og fyrir uppeldis og þroska sakir vel fallinn til landbúskapar.
   c. að hann sanni, að hann eigi svo mikil efni, sem nauðsynleg eru til búskaparrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist þær byggingar, er nauðsynlegar eru fyrir ábúð á henni.
   d. að ekki sje fyrirsjáanleg hætta á, að dómi trúnaðarmanna sjóðsins eða þeirra manna, er stjórn sjóðsins kveður til, að jörðin eyðist af ágangi vatna, sandfoki, sjávarflóðum eða þess háttar.
   e. að húsin sjeu gerð úr varanlegu efni og gerð þeirra innan og utan sje samþykt af stjórn sjóðsins.
   f. að húsin sjeu vátrygð fyrir upphæð, er nemi fullu kostnaðarverði þeirra.
   g. að hlutaðeigandi sveitarstjórn, eða hreppstjóri, ef sveitarstjórn á í hlut,

mæli með umsókninni og telji jörðina svo vel í sveit setta, að ráðlegt sje að endurreisa íbúðarhús á henni.

h. að sannað sje með vottorði hreppstjóra, að húsakynni sjeu óhæf til íbúðar vegna hrörnunar, eða með vottorði hjeraðslæknis, að heimilisfólki sje þar búið heilsutjón.

II. til nýbýla samkv. 2. gr. 1. b.

a. skilyrði þau, er greind eru undir I. a.—g., og ennfremur,

b. að lántakandi eigi ekki annarsstaðar jörð eða býli, sem fjölskylda geti haft lífsframfæri af.

c. að hann standi ekki í skuld fyrir lán, er hann hefir áður fengið til húsagerðar á annari jörð eða nýbýli.

d. að landið, þar sem húsa á, sje lagt býlinu til æfinlegra nota með þegar ákveðnum landamerkjum.

e. að býlið geti, að dómi trúnaðarmanna sjóðsins, veitt fjölskyldu sæmileg skilyrði til framfærslu, þegar það er komið í fulla rækt.

III. Skilyrði fyrir láni samkv. 2. gr. 1. c. er, að kúabúið sje rekið af bænum eða hreppnum, íbúunum til nota, en ekki selt á leigu eða rekið sem gróðafyrirtæki.

4. gr.

Lán til að endurreisa íbúðarhús á sveitabýlum, svo og til að reisa bæjarhús á nýbýlum, sem hafa ræktað land að einhverju leyti, skulu, þar til annað verður ákveðið með lögum, sitja fyrir lánum til að reisa nýbýli á óræktuðu landi.

Lán samkv. 2. gr. 1. a. skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

5. gr.

Lán til að reisa nýbýli á ræktuðu landi, eða til að reisa býli, sem ræktað land fylgir, skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sje $3^1/_2$% í 50 ár.

Lán til nýbýla, sem reist eru á óræktuðu landi og ekkert ræktað land fylgir, eru bæði afborgunar- og vaxtalaus fyrstu 5 árin. Síðan skal endurborga höfuðstólinn með jöfnum afborgunum á 50 árum, en enga vexti greiða.

6. gr.

Lán samkv. 4. og 5. gr. má nema: 1) alt að verði aðfengins byggingarefnis, þar til telst þó ekki sandur, möl, steinn, torf, mór eða mosi, þótt afla verði utan landareignar, 2) og tveim þriðju hlutum af kaupi steinsmiða og trjesmiða, er nauðsynlega þurfa að húsagerðinni að vinna.

7. gr.

Lán samkv. 3. gr. III. mega nema alt að $^3/_5$ hlutum byggingarkostnaðar, þó ekki yfir 30 þús. kr., og skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sje 5% í 42 ár.

8. gr.

Sá, er byggir nýbýli eða við því tekur, skal innan 2 ára frá því er það var bygt, hafa girt það land, er hann tekur til túnræktar, og innan 5 ára skal hann hafa fullræktað að minsta kosti er nemi 10 vallardagsláttum.

9. gr.

Nú verða ábúenda- eða eigendaskifti, með sölu eða erfðum, að fasteign, sem stendur í skuld við Byggingar- og landnámssjóð, og er þá enginn ábúðar- eða kaupsamningur gildur um eignina nema með árituðu samþykki stjórnar sjóðsins. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið frá því er fasteignamat fór síðast fram. Sje um leiguábúð að ræða, má eftirgjald ekki vera hærra en sem svarar 4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs, miðað við síðasta fasteignamat og virðingarverð umbóta, er síðar hafa verið gerðar.

Ef fasteign er seld eða leigð með öðrum hætti en hjer segir, fellur lán það, er hvílir á eigninni, í gjalddaga fyrirvaralaust.

10. gr.

Lán til bygginga greiðir sjóðurinn út í þremur hlutum þannig:

Fyrsta hluta þegar efni til byggingarinnar er alt keypt og komið á staðinn. Annan hluta þegar byggingin er komin undir þak. Þriðja og síðasta hluta þegar byggingin er fullgerð.

Skal hin útborgaða fjárhæð í hvert sinn miðuð við þann útlagða hluta kostnaðar, sem lánshæðin fer eftir samkv. 6. gr.

Sje um lán til bygginga peningshúsa eða útihúsa að ræða, skal það útborgað í tveim hlutum, þannig að fyrri hlutinn skal greiddur þegar húsin eru komin undir þak og síðari hlutinn þegar þau eru fullgerð, og um upphæð útborgunar fer í hvert sinn eftir sömu reglum sem segir í 2. málsgr. þessarar greinar.

11. gr.

Stjórn sjóðsins getur sett byggingafróðan mann til eftirlits því, að bygging, sem lán er veitt til, sje vel af hendi leyst, og er lánþega skylt að hlíta fyrirmælum hans.

Kostnað þann, er af eftirlitinu leiðir, greiðir sjóðurinn, en gjalda skal lánþegi sjóðnum 1% af lánsupphæðinni, þá er síðasta útborgun lánsins fer fram.

12. gr.

Skylt er ábúanda að halda vel við mannvirkjum þeim, er lán hefir verið veitt til úr Byggingar- og landnámssjóði. Trúnaðarmenn sjóðsins, er stjórn hans skipar, 2 eða fleiri í hverjum hreppi, skulu hafa eftirlit með viðhaldi byggingarinnar og tilkynna stjórn sjóðsins, ef því er í einhverju ábótavant.

13. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn hverju því fasteignarverði, er stjórn sjóðsins tekur gilt.
b. Gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sje býlið ekki veðsett með fyrsta veðrjetti.
c. Gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfjelaga, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.

14. gr.

Vextir og afborganir lána og afgjaldskvaðir, svo og leiga eftir nýbýli, sem eru ríkiseign, og andvirði þeirra, ef seld eru, renna í Byggingar- og landnámssjóð.

15. gr.

Nýbýli, er reist verða á landi, sem er ríkiseign, skulu seld á leigu þannig, að afgjaldið sje aldrei hærra en 4% af verði lands, að viðbættum 2% af verði húsa, eftir síðasta fasteignamati.

16. gr.

Landsstjórninni er heimilt að taka lán, alt að 5 miljónum króna, hvort heldur er hjer á landi eða erlendis, handa Byggingar- og landnámssjóði til stuðnings þeirri starfsemi, er honum er ætlað að vinna samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

17. gr.

Handbært fje sjóðsins skal jafnan standa á vöxtum í Landsbanka Íslands eða í jarðræktarbrjefum.

18. gr.

Stjórn sjóðsins og reikningshald skal falið Ræktunarsjóði Íslands, og hefir stjórn hans sjer til aðstoðar við lánveitingar þriggja manna nefnd, sem skipuð sje búnaðarmálastjóra, leiðbeinanda um húsagerð til sveita og þriðja manni, er atvinnumálaráðherra nefnir til. Skal ekkert lán veitt úr sjóðnum nema nefndin mæli með því.

Stjórn sjóðsins má, ef þörf krefur, ráða sjer til aðstoðar sjerstakan húsameistara, er þá kemur að öllu leyti í stað leiðbeinanda um húsagerð til sveita.

19. gr.

Yfirskoðunarmenn landsreikninganna skulu árlega endurskoða alla reikninga sjóðsins, og skal þeim greidd þóknun fyrir starf sitt. Skýrsla um starfsemi sjóðsins með áritun yfirskoðunarmanna skal árlega birt í Stjórnartíðindunum.

20. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir umsjón með sjóðnum og setur hann nánari reglur um hann með reglugerð, þar á meðal hve háa upphæð samtals má árlega lána úr sjóðnum.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn lögum þessum og ákvæðum reglugerðarinnar.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Nd. **562. Tillaga**

til þingsályktunar um endurskoðun laga um vátryggingu sveitabæja.

Flutningsmaður: Bjarni Ásgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða fyrir næsta þing lög nr. 35, frá 27. júní 1921, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, og um lausafjártryggingu, og undirbúa breytingar á þeim, m. a. í þá átt, að brunabótasjóðir hreppanna sjeu sameinaðir endurtryggingarsjóðnum, sem nú er, og að hann sje svo að öllu leyti sameiginlegur brunabótasjóður fyrir öll sveitabýli á landinu, og ennfremur athuga, hvort ekki verði unt að hækka brunabæturnar frá því, sem nú er, svo að þær verði greiddar að fullu, í stað $^5/_6$.

Nd. **563. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá Ólafi Thors.

2. gr. falli niður.

Ed. **564. Breytingartillögur**

við frv. til áfengislaga.

Frá Jónasi Kristjánssyni.

1. 8. gr. orðist þannig:

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita áfengisversluninni forstöðu. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús. Sjúkrahúslæknar annast um útvegun á þessum vörum

handa sjúkrahúsunum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus.

2. 10. gr. orðist þannig:

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25%—75%, miðað við verð þess komið í hús hjer á landi að meðtöldum tolli.

Lyf, er verslunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar.

Áfengisverslunin og útibú hennar mega ekki láta áfengi af hendi nema gegn greiðslu út í hönd, en þó skal heimilt að lána áfengi í lyf, ef brýna nauðsyn ber til.

Ed. **565. Nefndarálit**

um. frv. til laga um einkasölu á áfengi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðunum »samkvæmt 1. gr.« í fyrsta málslið greinarinnar komi: og 2. gr. áfengislaganna, sbr. lög nr. 3, 4. apríl 1923.
   b. Í stað »áfengislög« komi: lög.
   c. Síðari málsgrein falli niður.
2. Við 3. gr. Orðin »og er ríkisstjórninni« . . . og til enda greinarinnar falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

   Ríkisstjórnin skipar mann til að veita áfengisversluninni forstöðu. Hann, eða aðstoðarmaður hans, sem stýrir lyfjaversluninni, skal hafa lyfsalapróf, og má fela honum eftirlit með lyfjabúðum landsins. Lyfjadeildinni er skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfjaskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús. Sjúkrahúslæknir annast um útvegun á þessum vörum handa sjúkrahúsum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus.
4. Við 5. gr. Orðin »Þó er slíkur brottrekstur« o. s. frv. til enda greinarinnar, falli niður.
5. Við 7. gr. Fyrir »50—100%« komi: 25—75%.
6. Við 10. gr. Orðin »veltufje og« í niðurlagi greinarinnar falli niður.

Alþingi, 23. mars 1928.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jóh. Jóhannesson.
Jón Þorláksson.	Páll Hermannsson.	

Nd. **566. Tillaga**

til þingsályktunar um endurskoðun berklavarnalaganna.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson og Jón Ólafsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til íhugunar, hvernig berklavörnum verði komið fyrir á tryggilegan hátt, en þó jafnframt dregið að mun úr hinum gífurlega kostnaði, er ríkissjóður hefir nú af ráðstöfunum í þeim efnum, og leggja lagafrumvarp um það efni fyrir næsta þing.

Ed. **567. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysatryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með þessari einu

BREYTINGU:

Fyrir »bifreiðakeyrsla« í 1. gr. komi: bifreiðastjórn.

Alþingi, 23. mars 1928.

Jón Baldvinsson,	Ingvar Pálmason,	Jón Þorláksson,
form.	fundaskr.	frsm.

Nd. **568. Nefndarálit**

um frv. til laga um atvinnuleysisskýrslur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir fallist á að samþykkja frv. með þeim breytingum, að skýrslusöfnunin nái aðeins til kaupstaða, sem eru sjerstök lögsagnarumdæmi. Einn nefndarmanna, M. G., var ekki á fundi, er frv. var til umræðu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Orðin »og sveitarstjórnum . . . . . íbúa« í fyrra málslið falli niður.
   b. Orðin »eða kauptúnum« falli niður.

2. Við 2. gr. Orðin »og sveitarstjórnir« falli niður.
3. Við 3. gr. Orðin »eða sveitarsjóði« falli niður.

Alþingi, 23. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Bernharð Stefánsson.	Hákon Kristófersson.

Ed. **569. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá Jóhannesi Jóhannessyni.

Aftan við 23. gr. bætist: Staða fjehirðis helst óbreytt meðan núverandi fjehirðir gegnir henni.

Nd. **570. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 419 [Tilbúinn áburður].

Frá Halldóri Stefánssyni.

Síðari málsgr. till. orðist svo:

Heimilt er stjórninni að greiða úr ríkissjóði kostnað við frekari dreifingu áburðarins hafna á milli og sömuleiðis flutningskostnað með bílum, eftir taxta, sem stjórnarráðið samþykkir:

a. Frá Reykjavík að Selfossi í Árnessýslu og að Þjórsártúni í Rangárvallasýslu.
b. Frá Reyðarfirði að Egilsstöðum í Suður-Múlasýslu.

Nd. **571. Lög**

um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

(Afgreidd frá Nd. 23. mars).

1. gr.

Í stað »til ársloka 1927« í 2. málsgr. 1. gr. laganna komi: til ársloka 1930.

2. gr.

Gengisviðaukinn á tolli af kaffi og sykri fellur niður frá 1. janúar 1929.

Nd. **572. Lög**

um veiting ríkisborgararjettar.

(Afgreidd frá Nd. 23. mars).

Ríkisborgararjettur skal veittur:

1. Frú Björgu Caritas Þorláksdóttur dr. phil., sem fædd er á Íslandi, en hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.
2. Jetvald Lorang Jacobsen, beyki í Reykjavík, sem fæddur er í Noregi.
3. Einari Andreas Olsen Færseth, verkamanni á Siglufirði, fæddum í Noregi.

Nd. **573. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á tóbaki.

Frá 2. minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála hinum öðrum nefndarmönnum um frv. þetta, hvorki þeim, sem vilja vísa því til stjórnarinnar, nje hinum, sem vilja fella það, heldur legg jeg til. að það verði samþykt óbreytt.

Það er sannanlegt, að tóbakseinkasala hefir betri aðstöðu um innkaup og gjaldfrest heldur en einstaklingar, og ennfremur að rekstrarkostnaður hennar verður minni en samanlagður rekstrarkostnaður verður hjá heildsölum þeim, sem annars annast innflutning á tóbaksvörum. Verður því verslunarhagnaður hennar meiri en einstaklinga þeirra, sem annars flytja inn tóbak, ef útsöluverðið er hið sama, svo að frá þjóðhagslegu sjónarmiði er einkasalan betra verslunarfyrirkomulag heldur en frjáls samkepni svo kölluð.

En einnig frá skattfræðilegu sjónarmiði er einkasala tóbaks hagkvæm tekjulind. Í stað þess að leggja toll á toll ofan, sem hækkar verðið og minkar söluna, er heppilegt að ætla ríkissjóði allan hagnað af heildsöluverslun tóbaks, með því að láta tóbakseinkasölu annast hana, án þess að útsöluverðið hækki og almenningi verði íþyngt með nýjum tollum. Þessari reglu hafa mörg ríki fylgt, og er kunnust tóbakseinkasala Frakklands, sem hefir staðið á aðra öld. Svipað fyrirkomulag er í Sviþjóð og víða í Suður- og Austur-Evrópu. Er sannanlegt, að einkasala tóbaks hjer á landi geti aukið tekjur ríkissjóðs um 200—300 þús. kr., án þess að tóbaksverð hækki til almennings.

Jeg tel þá reynslu, sem hjer á landi hefir verið af einkasölu tóbaks, alla hníga í þá átt, að hana eigi upp að taka að nýju. Að vísu gæti verið vafamál, hvort ekki væri heppilegra að breyta nokkrum aukaatriðum í frv. þessu, svo sem um tollgreiðslu, en ef frv. á að ná fram að ganga, er nægur tími að gera það við 3. umræðu. Hinsvegar virðist engin ástæða til að draga ákvörðun

um málið á langinn, með því að vísa því til stjórnarinnar. Svo stutt er síðan tóbakseinkasalan var afnumin, að enn er auðvelt að færa sjer í nyt reynslu hennar. Landsverslun, sem hætti vörusölu um síðustu áramót, mun starfa að innheimtu skulda alt þetta ár, og mundi því vera auðvelt um næstu áramót að setja tóbakseinkasöluna í samband við hana, án þess að rjúfa samhengið. En lengri dráttur yrði einungis til þess að gera örðugra um að taka einkasöluna upp að nýju. Engar þær breytingar þarf að gera á frv., sem ekki er hægt að gera nú á þingi.

Þegar athugað er, hversu knýjandi þörf ríkissjóðs er á tekjulindum, sem ekki auka skattabyrði almennings, til margvíslegra framkvæmda og umbóta á þjóðarhögum, er ekki verjandi að varpa frá sjer, jafnvel þótt aðeins væri í eitt ár, 200—300 þús. kr. tekjuauka til handa ríkissjóði.

Alþingi, 23. mars 1928.

Hjeðinn Valdimarsson.

Nd. **574. Breytingartillögur**

við frv. til laga um tilbúinn áburð (þskj. 260).

Flutningsm.: Jón Sigurðsson og Pjetur Ottesen.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórnin stuðli að því, að Búnaðarfjelag Íslands fái einkaumboð fyrir Ísland á tilbúnum köfnunarefnisáburði, sem hjer er mest notaður (Noregssaltpjetri og þýskum saltpjetri), og að bein viðskifti fáist við framleiðendur áburðarins.
2. Við 2. gr. Greinin verði svo hljóðandi:
   Árin 1929, 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði alt að 20 þús. kr. til útbreiðslu tilbúins áburðar. Styrkurinn greiðist hreppabúnaðar- eða jarðræktarfjelögum og miðast við:
   1. Áburðarmagn (þyngd) tilbúins áburðar, sem notaður hefir verið í fjelaginu á árinu.
   2. Flutningskostnað á áburðinum frá útflutningshöfn til viðkomandi búnaðarfjelags. Við útreikning á flutningskostnaðinum skal þó ekki reikna nákvæmar en svo, að öllum fjelögunum sje skipað í nokkra kostnaðarflokka.

   Búnaðarfjelag Íslands annast um úthlutun styrksins og sendingu.
3. 3. gr. orðist svo:
   Til þess að verða styrksins aðnjótandi, skal stjórn viðkomandi hreppabúnaðarfjelaga eða jarðræktarfjelaga senda Búnaðarfjelagi Íslands fyrir hver áramót skýrslu yfir, hve mikið hafi verið keypt og notað af tilbúnum áburði

í fjelaginu á því ári. Skýrslunni fylgi vottorð eða reikningur frá þeim, er seldi vöruna, er sýni nafn kaupanda, vörutegund og þunga.

4. 4. gr. orðist þannig:

Stjórnir fjelaganna skifta styrknum milli áburðarnotenda innan hreppa, hlutfallslega eftir flutningskostnaði þangað, er áburðurinn var notaður, og þyngd áburðarins.

5. Á eftir komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um úthlutun styrksins og annað, er þurfa þykir.

Nd. **575. Frumvarp**

til laga um stofnun síldarbræðslustöðva.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og starfrækja, eða láta starfrækja, síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi og annarsstaðar, þar sem hentast þykir.

2. gr.

Nú verður síldarbræðslustöð gerð á kostnað ríkissjóðs, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samlagi eða samvinnufjelagi síldveiðimanna, ef slíkur fjelagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar.

3. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. greinar, er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, alt að 1 miljón króna, er greiðist af tekjum stofnananna á næstu 25 árum.

4. gr.

Rekstri stofnananna skal hagað eftir reglugerð, er stjórnarráðið setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði um stundarsakir.

Meðan byggingu síldarbræðslustöðva verður ekki við komið, heimilast stjórninni að taka síldarbræðslustöð á leigu og starfrækja á kostnað ríkissjóðs, ef kostur er á með viðunandi kjörum.

Nd. **576. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á tóbaki.

Frá 3. minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir klofnað í þrjá hluta um afstöðu til málsins. Undirrituðum þykir vel geta komið til mála, að ríkið taki einkasölu á tóbaki í því skyni að afla aukinna tekna af tóbaki, án þess að íþyngja tóbaksneytendum, og jafnframt til þess að geta haft fyllri íhlutun um innflutning og sölu þessarar alónauðsynlegu og skaðlegu vöru. Hinsvegar verður við það að kannast, að óheppilegt er að skifta um fyrirkomulag á versluninni á svo fárra ára fresti, að ekki fáist full reynsla um hvort verslunarfyrirkomulagið fyrir sig til samanburðar.

Með skírskotun til þessa álits okkar þykir okkur rjett, að málið fái fyllri athugun áður en ráðin sje breyting á fyrirkomulaginu á ný, og leggjum því til, að málinu sje vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 23. mars 1928.

Halldór Stefánsson, form., frsm. Hannes Jónsson.

Ed. **577. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samstjórn tryggingastofnana landsins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar fellst á frumvarpið og leggur til, að það verði samþykt.

Alþingi, 24. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form. Jón Baldvinsson, fundaskr. Einar Árnason, frsm.

Nd. **578. Breytingartillögur**

við frv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað »Frá og með árinu« komi: Frá ársbyrjun.
   b. Í stað »umhverfi þeirra« komi: grendin þar.
   c. Orðin »sem tilgreint er í lögum þessum« falli niður.

2. Við 2. gr.
   a. Í stað »Takmörk« komi: Mörk.
   b. Á eftir orðunum »takmarka skal« komi: eftir því er Þingvallanefnd kveður á og fært kann að reynast.
   c. Í stað orðanna »Þó getur Þingvallanefnd gert« komi: Þó skal nefndin gera.
3. Við 3. gr. 1. málsgr. bætist: Svo skulu og metnar bætur til Þingvallahrepps fyrir rýrnun fjallskila og útsvara, enda náist ekki samningar.
4. Við 6. gr. Í stað 2. málsl. komi: en stjórnarráð staðfestir.

Nd. **579. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 550 með breytingunni á þskj. 569.

Nd. **580. Lög**

um breyting á lögum nr. 11, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 24. mars).

1. gr.

2. gr. laga nr. 11, 4. júní 1924, skal orða svo:

Umsjónarmaður kirkjugarðsins í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksrjettur. Fjármálaráðuneytið setur reglur um fjárskil og bókhald, metur tryggingu, er umsjónarmaður setur fyrir fjárgæslu, og ákveður þóknun til hans fyrir innheimtuna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Nd. **581. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um stofnun síldarbræðslustöðva.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson og Haraldur Guðmundsson.

Aftan við 2. gr. frumv. bætist: enda hafi báðar deildir Alþingis lagt samþykki sitt á söluna.

Nd. **582. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Ný grein á eftir 24. gr.:

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 3 miljónum króna í bankavaxtabrjefum, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum. Vaxtabrjef þau, er ríkisstjórnin kaupir samkvæmt þessu, skulu vera flokkur út af fyrir sig, og skal haga vöxtum brjefanna, verði þeirra og tímalengd útlána úr flokknum eftir lánskjörum þeim, er ríkissjóður fær, svo að hann verði skaðlaus af.

Verði ríkissjóður fyrir gengistapi af þessum viðskiftum, skal varasjóður flokksins, er skuldbindingum hans verður lokið að öðru leyti, ganga til þess að endurgreiða ríkissjóði slíkt tap.

Nd. **583. Nefndarálit**

um frv. til laga um samstjórn tryggingastofnana landsins.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndin hefir klofnað í þessu máli, ekki vegna ágreinings um aðalatriði frv., heldur af því, að meiri hlutinn vildi ekki fallast á að bera fram breytingar til umbóta á frv., sem við teljum nauðsynlegar, þar á meðal sjerstaklega, að forstjórinn skuli vera sjerfróður um tryggingamál, og að lögin komi til framkvæmda þegar losnar forstjórastaðan við aðrahvora af þeim aðaldeildum, sem fyrst um sinn verða í tryggingastofnuninni. Með tilliti til sjerþekkingar þeirrar, sem við viljum krefjast af forstjóranum, teljum við rjett, að laun hans verði ákveðin hliðstæð launum ýmsra aðalframkvæmdastjóra ríkisins, og stingum upp á, að launin verði ákveðin hin sömu og fyrir vegamálastjóra. Samkvæmt þessu getum við fallist á, að frv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir »forstjóra« komi: með fullkominni sjerþekkingu á tryggingamálum.
   b. Fyrir »4000« komi: 5000, og fyrir »5000« komi: 6000.
2. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:
   Lög þessi koma til framkvæmda, þegar næst losnar forstjórastaða annaðhvort við Brunabótafjelag Íslands eða við Slysatryggingunna.

Alþingi, 24. mars 1928.

Jón Þorláksson, frsm. Björn Kristjánsson.

Ed. **584. Frumvarp**

til áfengislaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Innflutningur áfengis.

1. gr.

Engan áfengan drykk eða áfengisvökva má flytja til Íslands til annara nota en þeirra, sem getið er um í 2. gr. En áfengur drykkur eftir lögum þessum telst hver sá vökvi, sem meira er í en $2^1/_4$% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

Brot gegn þessari grein er fullframið, þegar áfengi er flutt inn í landhelgi, nema sannað sje, að það sje ekki ætlað til sölu eða neyslu hjer í landi eða landhelgi. En landhelgi telst 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sje talið frá ystu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi alt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sje þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

2. gr.

Ríkisstjórninni einni skal heimilt að annast innflutning og sölu áfengis, sem nauðsynlegt er:

a. til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna eða annara verklegra nota.
b. til eldsneytis, og skal sá vínandi gerður óhæfur til drykkjar.
c. handa lyfsölum, eins og lyfjaskrá heimilar, einnig smáskamtalyf með vínanda í, og skal smáskamtalæknum heimilt að fá þau í innlendum lyfjabúðum, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests.
d. handa próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda messuvín, sem nauðsynlegt er við altarisgöngur (þótt í því sje meira af vínanda en $2^1/_4$% að rúmmáli).

Jafnskjótt og lög þessi öðlast gildi, skal stjórnarráðið löggilda nýja lyfjaskrá.

Handa sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa þeirra, þó ekki yfir 800 lítra á ári handa hverjum þeirra.

3. gr.

Ekkert skip má flytja nokkurt áfengi til landsins, nema það, er fara á til áfengisverslunar ríkisins eða farið er með samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Hvenær sem skip tekur íslenska höfn, er skipstjóra skylt að tilkynna löggæslumanni tafarlaust, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sje í skipinu og hve mikið. Hafi skipið meðferðis áfengi, sem ekki á að fara til áfengisverslunar ríkisins, skal löggæslumaður á fyrstu höfn, er skipið kemur til, innsigla áfengisbirgðirnar. Skipstjóri ábyrgist, að engu áfengi sje skotið undan innsiglun og að innsiglin sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið, fyr en skipið er alfarið frá landinu. Löggæslumaður skal rannsaka á hverjum viðkomustað skipsins, hvort innsigli eru heil og hvort nokkuð hefir tekið verið af áfenginu, og hefir hann vald til að brjóta innsiglin, til þess að framkvæma þá rannsókn. Skrá yfir það áfengi, sem innsiglað var, skal fylgja skipinu, og samrit af henni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Löggæslumaður hefir vald til að opna hirslur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði á skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sje þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða til skemtiferðaskipa, enda flytji þau ekki farþega hingað aðra en þá, sem búa í skipinu meðan það stendur við hjer við land og fara með því aftur, og ekki aðra farþega hjeðan.

4. gr.

Strandi skip hjer við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri, í forföllum lögreglustjóra, þá þegar taka áfengisílátin til varðveislu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað. Áfengi þetta má lögreglustjóri ekki selja eða láta af hendi til annara en rjettra eigenda. Skal hann með fyrstu ferð skýra þeim frá björgun áfengisins. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá auglýsingu, að það sje sent sjer á sinn kostnað eða flutt úr landi, skal það gert; ella sje það eign ríkissjóðs.

Sje ókunnugt um eiganda strandgóss eða vogreks, skal áfengið eign ríkissjóðs, ef eigandi hefir ekki sagt til sín áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn.

5. gr.

Enginn má taka við nokkurskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hjer við land, eða í íslenskri landhelgi, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

II. KAFLI.

Tilbúningur áfengis.

6. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og að gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar.

7. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu áfengis þess, sem ætlað er til verklegra afnota, sbr. 2. gr. a. og b., hvort sem það hefir verið gert óhæft til drykkjar eða ekki. Skulu reglur þessar tryggja það, að áfengið verði ekki haft til neyslu.

8. gr.

Upptæk skal gera öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í ríkissjóð.

III. KAFLI.

Meðferð áfengis í landinu.

9. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 2. gr., selur hún aðeins lyfsölum og læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, og öðrum þeim, er þessi lög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna. Skal það tekið fram í reglum þeim, hve mikið áfengi megi láta af hendi við hjeraðslækna, embættislausa lækna, dýralækna og lyfsala á hverju ári eða um ákveðið tímabil. Ennfremur skal það ákeðið í reglugerð, að suðuvökvi og áfengi til iðnaðar skuli í kaupstöðum og kauptúnum landsins selt undir yfirumsjón og eftirliti forstöðumanns áfengisverslunarinnar.

10. gr.

Engan áfengan drykk má flytja um landið, annan en þann, sem um ræðir í 2. gr. þessara laga og merktur er innsigli áfengisverslunarinnar, eða þann drykk, sem um getur í 4. gr. og farið er með eftir fyrirmælum þeirrar greinar, nema læknislyf sje úr lyfjabúð eða frá lækni, mengað áfengi og messuvín.

11. gr.

Öllum er óheimilt að veita, gefa, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna, nema það sje áður gert óhæft til drykkjar eða heimilað í lyfjaskrá, og ennfremur messuvín við altarisgöngu.

Um sölu lyfja þeirra, sem áfengi er í, setur dómsmálaráðherra, með ráði landlæknis, reglur til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til nautna, heldur aðeins til lækninga.

12. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 33. gr.

Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða flutningatæki eru með eigandans vitund og vilja notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

13. gr.

Sje maður sterklega grunaður um ólöglegan aðflutning eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis í hagnaðarskyni eða sakborningur hafi áður verið dæmdur fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni, má lögreglustjóri gera heimilisrannsókn hjá honum án dómsúrskurðar, ef hann telur það nauðsynlegt til þess að komast fyrir málið.

Komi það í ljós við heimilisrannsóknina, að áfengi sje í vörslum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur til að sanna, hvernig áfengið sje komið í vörslur hans. Geri hann það ekki, skal hann teljast sekur um brot gegn 1. gr.

14. gr.

Hvern þann, sem hitst hefir ölvaður, er heimilt að leiða fyrir dómara, og er honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Náist ekki til dómara, skal hlutaðeigandi hreppstjóri hafa vald til að rannsaka málið til bráðabirgða, og skal hann senda dómaranum staðfest afrit af prófunum til frekari meðferðar.

Færi yfirheyrður ekki sönnur á, hvernig hann hefir fengið áfengið, skal hann sæta sektum samkv. lögum þessum.

15. gr.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

IV. KAFLI.

Ölvun.

16. gr.

Sá, sem er ölvaður á almannafæri, opinberum samkomum eða skipum hjer við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar embættismissi eða frávikning úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sje um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sje ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fult og alt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

18. gr.

Sjeu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæti þeir sömu refsingu og læknar.

19. gr.

Sjeu skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vjelstjórar ölvaðir við störf sín á skipi, sem þeir eiga að stjórna, sæta þeir sömu refsingu og embættismenn samkv. 17. gr. Kemur þá missir rjettar til skipstjórnar, stýrimensku eða vjelgæslu, eftir því sem við á, í stað embættismissis eða sýslunarmissis.

20. gr.

Bifreiðastjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera með áhrifum þeirra við bifreiðaakstur.

Brot gegn þessu ákvæði varðar missi ökuskírteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fult og alt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

V. KAFLI.

Önnur brot lækna og löggæslumanna.

21. gr.

Láti læknir af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, hvort heldur er handa mönnum eða dýrum, án þess að hafa gengið úr skugga um það með rannsókn, að áfengið sje nauðsynlegt til lækningar, eða hann misbeitir á annan veg lækningaleyfi sínu til að útvega mönnum áfengi til neyslu, skal hann sæta refsingu samkv. 38. gr. þessara laga.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir nota aðstöðu sína til þess að útvega eða afhenda mönnum áfengi til neyslu.

Hver sá, er tekur á móti áfengi, sem um ræðir í þessari grein, og notar það til nautna, skal sæta sektum.

22. gr.

Hver sá, sem skyldur er að sjá um, að lögum þessum sje fylgt og að brotum gegn þeim sje haldið til laga, skal sæta refsingu samkv. 39. gr., hafi hann sjálfur gerst brotlegur við þessi lög.

VI. KAFLI.

Veitingasala og gistihúsrekstur.

23. gr.

Hverjum þeim, sem fengið hefir leyfi til veitingasölu eða gistihúshalds samkv. lögum nr. 21, frá 15. júní 1926, er bannað að selja, gefa eða láta af

hendi áfengi á þeim stöðum, sem um ræðir í greindum lögum, og varðar brot refsingu samkv. 40. gr. þessara laga.

Sektir liggja og við því, ef þjónustumenn gerast brotlegir gegn þessari grein. Neytendur skulu einnig sæta sektum samkv. 40. gr.

24. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap áfengisveitingar, nje heldur má áfengisnautn fara fram í fjelagsherbergjum, hvort sem er í húsi fjelagsins eða annara.

Brot gegn þessari grein varðar refsingu samkv. 41. gr. þessara laga.

VII. KAFLI.

Um löggæslumenn.

25. gr.

Löggæslumenn samkv. lögum þessum eru lögreglustjórar, hreppstjórar og sjerstakir löggæslumenn.

Lögreglustjórum er sjerstaklega skylt að sjá um, að lögum þessum sje hlýtt, hverjum í sínu umdæmi, en hreppstjórum hverjum í sínum hreppi.

Dómsmálaráðherra skipar sjerstaka löggæslumenn þar, sem þörf þykir. Hann fær þeim erindisbrjef, og má í því ákveða, að þeir hafi á hendi tollgæslu og fleiri eftirlitsstörf, auk gæslu þessara laga. Mótgerðir gegn þeim, þegar þeir eru að starfi sínu, varða refsingu samkv. ákvæðum almennra hegningarlaga um brot á móti valdstjórninni og allsherjarreglu.

26. gr.

Hreppstjórar og sjerstakir löggæslumenn hafa vald til að hefja lögregluranns6kn, hver í sínu umdæmi, gegn þeim mönnum, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Rannsaki þeir málin ítarlega samkv. leiðbeiningu, er dómsmálaráðuneytið setur, og sendi síðan viðkomandi dómara staðfest afrit af prófunum, en hann tekur málin til frekari meðferðar.

VIII. KAFLI.

Refsiákvæði.

27. gr.

Fyrir brot gegn 1. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni . . . . . 1000— 5000 kr.
Öðru sinni . . . . . 2000—10000 —
Þriðja sinni. . . . . 4000—20000 —

Auk sektar skal greiða 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt var.

Ennfremur skal sökunautur sæta fangelsi, eða ef brot er margítrekað eða miklar sakir eru að öðru leyti, hegningarvinnu alt að 2 árum.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal það gert upptækt með dómi handa ríkissjóði.

Skip skal ávalt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrsetja það og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar hvorutveggja.

2. Sannist, að áfengið sje ekki flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, varðar það sektum, frá 200—3000 kr.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

28. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sjerstökum löggæslumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkv. 3. gr., skal hann sekur um 500—5000 krónur, liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lögum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 27. gr. 1, síðustu málsgr.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsiglun eða vanrækt að skýra frá.

29. gr.

Brot gegn 5. gr. varða sektum eins og segir í 27. gr.

30. gr.

Brot gegn 6. gr. varða sektum samkv. 27. gr. 1, og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, eða, ef brot er margítrekað eða miklar sakir eru að öðru leyti, hegningarvinnu alt að 2 árum.

31. gr.

Brot gegn 10. gr. varða sektum, 200—2000 krónum, og skal áfengið ásamt ílátunum verða eign ríkissjóðs.

32. gr.

Brot gegn 11. gr. og þeim öðrum ákvæðum þessara laga, sem banna að veita, gefa, selja eða láta áfengi af hendi til annara manna, varða sektum, 500—5000 kr. Sje brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1000—10000 kr.

Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar, eða geri sjer að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það fangelsi, ekki skemur en 3 mánuði, auk sekta samkv. 1. málsgr., eða hegningarvinnu alt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

33. gr.

Brot gegn 12. gr. varða sektum, 100—2000 kr., og ítrekað brot 200—4000 kr. Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

34. gr.

Verði maður sekur um brot gegn 14. gr., skal hann sektir greiða, 100—1000 kr.

35. gr.

Brot gegn 15. gr. varða 100 kr. sektum fyrir hverja birtingu auglýsingar.

36. gr.

Brot gegn 16. gr. varða sektum, frá 50—500 kr. Auk þess skal skipstjóri láta flytja hinn brotlega á land á fyrstu höfn, ef brotið er framið á farþegaskipi.

37. gr.

Brot gegn 17.—19. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Þriðja sinni stöðu- eða starfsmissi samkv. ákvæðum áðurnefndra greina.

38. gr.

Brot gegn 1. málsgr. 21. gr. varða fyrsta sinni 500—5000 kr. sekt, og tvöfaldri sekt, ef brot er ítrekað, og skal þá auk þess svifta lækninn heimild til að gefa út áfengisseðla og láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur. Sje læknirinn ekki hjeraðslæknir, missi hann þessa heimild við fyrsta brot.

Verði lyfsali brotlegur við 2. málsgr. 21. greinar, greiði hann sektir samkv. 1. málsgr. þessarar greinar, og missi auk þess lyfsöluleyfi við annað brot. Afgreiðslumenn lyfsala eða lækna greiði sektir eins og segir í þessari grein og missi við þriðja brot rjett til að afhenda lyf eða selja.

Læknir eða lyfsali ábyrgist greiðslu sektar og málskostnaðar, er afgreiðslumaður hans er dæmdur til að greiða samkvæmt framanskráðu, og má gera aðför í eignum þeirra til lúkningar sektum.

Verði maður brotlegur gegn 3. málsgr. 21. greinar, varðar það sektum frá 50—500 krónum.

39. gr.

Brot gegn 22. gr. varðar í fyrsta sinni sektum, 500—5000 krónum, og tvöfaldast sekt, ef brot er ítrekað, og auk þess embættis- eða stöðumissi, ef miklar sakir eru.

Sje um að ræða brot gegn 16. gr., skulu sektir vera tvöfalt hærri en segir í 36. gr.

40. gr.

Verði veitingasali sekur um brot gegn 23. gr., varðar það sektum samkv. 32. gr. Auk fjesektarinnar missir hann veitingaleyfi, í fyrsta sinni ekki skem-

ur en 1 mánuð, í annað sinni ekki skemur en þrjá mánuði og í þriðja sinni að fullu og öllu.

Þjónustumenn og neytendur sæti sektum, 200—2000 kr.

41. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 24. greinar 1. málsgr., varðar það veitingasala 100—1000 kr. sekt og neytanda 200—2000 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 24. greinar varða neytendur, þjónustumenn og fjelagsstjórn 200—2000 kr. sektum.

42. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að lög þessi verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum, 400—4000 kr.

Sje brotið ítrekað, skal dæma sökunaut í fangelsi auk sekta, eða í hegningarvinnu, alt að einu ári.

43. gr.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkv. lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fje þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

44. gr.

Vinnuskylda skal vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

IX. KAFLI.

Undanþága.

45. gr.

Vín þau, sem um ræðir í lögum nr. 3, frá 4. apríl 1923, eru undanþegin ákvæðum þessara laga um innflutning, veitingu, sölu, heimilisnotkun og flutning um landið.

Áfengi má ekki afhenda neinum, sem yngri er en 21 árs, og varðar refsingu samkv. 37. gr., ef út af er brotið.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð til varnar misbrúkun við sölu og veitingu þessara vína. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni, að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum til kl. 9 á mánudagsmorgnum og að veitingahús, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, megi aðeins veita áfengi með mat í borðsal veitingahússins og einungis á vissum tímum, sem tilteknir eru í reglugerðinni.

Brot gegn ákvæðum þeim, er sett verða um meðferð vinanna, varða refsingu samkvæmt þessum lögum.

X. KAFLI.

Ýms ákvæði.

46. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

47. gr.

Lög þessi skal prenta á íslensku, dönsku, þýsku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

48. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 25, 3. nóv. 1915, um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl., lög nr. 15, 8. júní 1925, um aðflutningsbann á áfengi, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Ed. **585. Breytingartillögur**

við frv. til áfengislaga.

Frá Jóhannesi Jóhannessyni og Jóni Þorlákssyni.

1. Við 24. gr. Aftan við aðra málsgrein bætist: nema leyfi lögreglustjóra komi til.
2. Við 38. gr. Á eftir orðunum í þriðju málsgrein »afgreiðslumaður hans« komi: sem ekki hefir lyfsalapróf.
3. Við 44. gr. Fyrir »skal« komi: má.
4. Við 45 gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: Svo skal og haldast óbreytt að því er þessi vín snertir það ákvæði, að skip má hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum, sbr. 3. gr. nefndra laga og tilvísun hennar til ákvæða um þetta í þágildandi bannlögum.

Ed. **586. Frumvarp**

til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

6. gr. jarðræktarlaganna orðist svo:

Sjerhver sá, er á rjett til að fá styrk af opinberu fje samkvæmt lögum þessum, skal vera fjelagi í búnaðarfjelagi hrepps eða bæjar.

Búnaðarfjelag Íslands hefir eftirlit með öllum jarðræktarfyrirtækjum, sem unnin eru samkvæmt lögum þessum. Eftirlitið er falið trúnaðarmönnum, sem Búnaðarfjelag Íslands skipar í samráði við búnaðarsamböndin. Fjelagið fær mönnum þessum ítarleg erindisbrjef. Borgun fá þeir frá hlutaðeigandi sambandi og hreppsbúnaðarfjelagi, eftir reglum, sem Búnaðarfjelag Íslands setur í samráði við búnaðarsamböndin.

Stjórn hreppsbúnaðarfjelags skal árlega færa inn á skrá, samkvæmt því formi, er Búnaðarfjelag Íslands ákveður, allar jarðabætur á fjelagssvæðinu.

Bæjar- og hreppsfjelög hafa jafnan rjett og einstakir menn til styrks samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Skylt er að leggja 5% af styrk hvers jarðabótamanns í sjóð þess búnaðarfjelags, sem hann er meðlimur í, og skal Búnaðarfjelag Íslands við útreikning styrksins draga þann hluta frá og senda hlutaðeigandi búnaðarfjelagi, enda sje styrknum varið til sameiginlegrar starfsemi í fjelaginu.

3. gr.

Fyrir orðin »og má þá veita . . . . kostnaðar við verkið«, í niðurlagi 7. gr. komi: og skal þá veita þeim, er verkið ljet framkvæma, styrk úr ríkissjóði, er nemi kr. 1.50 fyrir hvert metið dagsverk, þó aldrei meira en 1200 kr. fyrir hvert um sig.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Nú sljettar maður tún sitt eða eykur eða ræsir fram til túngræðslu, eða girðir tún eða land, sem tekið er til ræktunar, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemur 1 kr. fyrir hvert metið dagsverk, ef sannað er fyrir Búnaðarfjelagi Íslands, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er um ræðir í 9. og 11. gr. Enginn getur þó fengið hærri styrk samkvæmt þessari grein en 800 kr. fyrir hvers árs jarðabætur.

5. gr.

10. gr. fellur niður.

6. gr.

Upphaf 12. gr. orðist svo:

Nú gerir maður nýjan matjurtagarð, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi 1 kr. á hvert metið dagsverk, þar með talinn girðingarkostnaður, en eigi áburður.

Fyrir »400« í niðurlagi greinarinnar komi: 200.

7. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Atvinnumálaráðuneytið gefur út reglur, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, um hversu votheystóftir skulu gerðar og hvar settar. Nú hefir sá, er gera lætur votheystóft eftir að reglur þessar eru gefnar út, fylgt þeim í öllu, og Búnaðarfjelag Íslands telur, að hann hafi brýna þörf fyrir tóftina, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi 50 aurum fyrir hvert metið dagsverk.

8. gr.

13. gr. laganna fellur niður.

9. gr.

Aftan við 14. gr. bætist:

Ágreining um kostnað við fyrirtæki þau, sem styrk fá úr ríkissjóði samkvæmt þessum kafla, úrskurðar ráðherra. Minni vinna hjá hverjum einstökum en 5 dagsverk nýtur ekki styrks samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

27. gr. orðist þannig:

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð er bygð, skal jafnan, þar sem við getur átt, ákveðið í byggingarbrjefinu, að leiguliði megi vinna af sjer landsskuld og leigur með jarðabótum á leigujörð sinni. Jarðabætur, sem leiguliði greiðir leigu og landsskuld með, skulu metnar til þeirrar greiðslu alt að 3 kr. hvert dagsverk.

Sama rjett hafa landsetar ríkissjóðs, sem nú eru, þar með taldir prestar og bændur á hjáleigum prestssetra, þó afgjald hjáleignanna sje metið upp í heimatekjur presta.

Með landsskuld af jörðum telst í þessu sambandi afgjald eftir allar jarðarnytjar, svo sem veiði, varp o. fl., þó að sjerstaklega sje metið.

11. gr.

29. gr. orðist svo:

Nú vill leiguliði á þjóðjörð eða kirkjujörð vinna af sjer landsskuld og leigur, eins og segir í 27. gr., að nokkru eða öllu leyti, og skal honum það heimilt með þeim jarðabótum, sem nefndar eru í II. kafla jarðræktarlaganna, 7.—13. gr. — Engin jarðabót er gild borgun upp í landsskuld og leigur, nema

fullgerð sje og vel af hendi leyst að áliti Búnaðarfjelags Íslands, í gjalddaga þeirrar landsskuldar eða leigna, er greiða á með henni.

12. gr.

Styrkur úr ríkissjóði til hreppabúnaðarfjelaga skal nema 10 aurum fyrir hvert unnið dagsverk. Styrkurinn skiftist hlutfallslega milli búnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Styrk þennan skal leggja í sjóð, sem nefnist verkfærakaupasjóður.

Í sjóðinn skal auk þess árlega greiða úr ríkissjóði 20 þúsund krónur, er skiftist milli hreppabúnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Sú upphæð, er sjóði hvers hreppabúnaðarfjelags ber samkvæmt því, er að ofan getur, skal vera sjereign hvers fjelags.

13. gr.

Tilgangur sjóðsins er að ljetta undir með bændum, einstökum eða fleirum í fjelagi, að eignast hestaverkfæri til jarðræktar.

Búnaðarfjelag Íslands sjer um útvegun þeirra verkfæra, er sjóðurinn veitir styrk til að kaupa, og ákveður, af hvaða gerð þau skuli vera.

14. gr.

Eftir því sem fje sjóðsins hrekkur til árlega, skal því varið til að kaupa fyrir hestaverkfæri handa þeim bændum, sem leggja fram jafnmikið fje og nemur framlagi sjóðsins. Sá, er styrks beiðist, sendir umsókn sína, stílaða til Búnaðarfjelags Íslands, stjórn þess búnaðarfjelags, sem hann er meðlimur í, og sjer hún þá um útvegun verkfæranna hjá Búnaðarfjelagi Íslands og greiðslu andvirðis.

Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 300 krónur.

15. gr.

Nú er fje fyrir hendi í verktærakaupasjóði eftir að fullnægt er styrkbeiðnum samkvæmt 14. gr., og njóta þá búnaðarfjelög sömu kjara og einstakir bændur, um helmings framlag úr sjóðnum til verkfærakaupa, og ákveða þá fjelögin sjálf, hvort þau nota verkfærin sem fjelagseign eða skifta þeim milli einstakra manna.

Heimilt er að styrkja með alt að 1/4 verðs kaup á jarðræktarvjelum, og sjeu þær þá eign búnaðarfjelags, enda sje áður fullnægt þeim styrkbeiðnum, er í 14. gr. og fyrri málsgrein þessarar greinar getur.

16. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn verkfærakaupasjóðs, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

Nánari ákvæði um starfsemi verkfærakaupasjóðs getur atvinnumálaráðuneytið sett með reglugerð, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

17. gr.

VII og VIII. kafli jarðræktarlaganna (41.—43. gr.) falla niður.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda um allar þær jarðabætur, sem mældar verða á árinu 1928.

Ed. **587. Lög**

um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

(Afgreidd frá Ed. 24. mars).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði, þegar fje er fyrir hendi, alt að 70 þús. krónum, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja, til viðgerðar og endurbóta á hafnargörðunum í Vestmannaeyjum. Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **588. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar í tolla- og skattalöggjöf landsins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Alþingi ályktar að skipa með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi þriggja manna milliþinganefnd til að athuga tolla- og skattalöggjöfina og gera tillögur um, hvernig henni megi best haga, svo að hún sje í einu sem einföldust, rjettlátust og hagnýtust, og gefi þó nægar tekjur, sem á eðlilegan og auðveldan hátt geti lagað sig eftir útgjaldaþörfinni.

Nánar til tekið skal verkefni nefndarinnar vera þetta:

a. Að athuga leiðir til að fækka tollvörum og tolla mestpart hinar ónauðsynlegri vörur, svo að tolla- og skattakerfið verði sem óbrotnast og umsvifaminst og tollheimtan sem ódýrust.
b. Að athuga, að hve miklu leyti er rjettmætt að fullnægja tekjuþörfinni með

tollum og að hve miklu leyti með sköttum, með tilliti til þess, að þeir komi þó sem rjettlátast niður eftir gjaldþoli,

c. Að athuga, hvernig tollum og sköttum megi svo best fyrir koma, að þeir verki sem minst lamandi á einstaklings- og þjóðarhaginn, en efli og styðji innlenda framleiðslu í samkepninni við erlenda.

d. Að athuga, hvort ekki megi afla ríkissjóði tekna án þess að íþyngja gjaldþegnum, svo sem með einkasölu á nokkrum hátolluðum vörum, eða öðrum þeim vörum, sem hentugar eru til einkasölu, eða á annan hátt.

e. Að rannsaka, hvort rjettlátlega er skift útgjöldum til opinberra þarfa á milli ríkisins og sveitarfjelaganna, með tilliti til tekjustofna og einnig með tilliti til þess, að gjaldþoli þegnanna sje ekki — vegna almennra opinberra útgjalda — um of misjafnlega íþyngt í hinum innri fjelagsheildum.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Síðan heildarlög voru sett um tolla- og skattamál vor, hafa orðið á þeim tíðar og skipulagslitlar breytingar. Er skipun þeirra mála nú komin svo á ringulreið, að lítt er viðunandi. Reynt var á síðasta þingi að hrinda til vegar undirbúningi þess, að rjetting væri á þessu gerð, með því að skipa milliþinganefnd til undirbúnings því. En sú tilraun náði ekki meirihlutafylgi þingsins. Að afstöðnum almennum kosningum og breyttri skipun þingfulltrúa má ætla, að afstaða til þessarar tillögu verði önnur nú. Að efni til er tillagan óbreytt, en breytt er til um tilhögun á því, hvernig nefndin verði skipuð.

Nd. **589. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Frumv. þetta var afgreitt frá fjárhagsnefnd Nd. þann 20. þ. m., og tóku nefndarmenn afstöðu til þess með hliðsjón af þeim horfum, er þá voru um afgreiðslu fjárlaganna. Síðan hafa þau tíðindi gerst, er engum var ætlandi fyrir að sjá, og munum við í neðanskráðu áliti aðeins gera grein fyrir afstöðu okkar til málsins eins og viðhorfið var, er atkvæði gengu um það í fjárhagsnefnd.

Neðri deild afgreiddi fjárlögin með 670 þús. kr. tekjuhalla, en svo varlega teljum við tekjuhlið frumv. áætlaða, að okkur þykir ekki áhorfsmál að hækka hana um 200 þús. kr. Munum við, er fjárlagafrumv. kemur til Nd. til einnar umr., bera fram breytingartill. um að hækka áætlaðar tekjur af tekju- og eignarskatti um 100 þús. kr. og tekjur af áfengisversluninni um sömu upphæð.

Undanfarin ár hafa tekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarskatti verið þessar:

1922	1224	þús. kr.
1923	781	— —
1924	841	— —
1925	2109	— —
1926	1071	— —
1927	795	— —
Alls á 6 árum	6821	þús. kr.

eða að meðaltali á ári tæpar 1137 þús. kr. Samkvæmt fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru tekjur af þessum gjaldstofni áætlaðar 950 þús. kr., og er þá mjög í hóf stilt, en hitt með öllu ástæðulaust, að áætla þær aðeins 850 þús. kr., svo sem gert er í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, eins og það var afgreitt frá neðri deild, því það er staðreynd, sem ofangreind skýrsla raunar einnig staðfestir, að tekjur ríkissjóðs eru jafnan mestar árið eftir að gott árferði hefir verið í landinu, en hitt jafnframt viðurkent, að síðasta ár var allhagstætt atvinnurekstri landsmanna og horfur á, að svo verði einnig um yfirstandandi ár. Það er því óhætt að fullyrða, að á þessu ári verði tekjur ríkissjóðs mjög miklar, og miklar líkur til, að svo verði einnig á næsta ári.

Síðustu 6 árin hefir gróði áfengisverslunarinnar numið samtals 2743355 kr., eða að meðaltali á ári um 450 þús. kr. En þrjú síðustu árin hefir hann verið að meðaltali 560 þús. kr. Hefir sama reglan ríkt um þennan tekjustofn og áður greinir, að árlegar tekjur af honum sýna árferðið undanfarið ár. Í fjárlagafrumv. fyrir 1929 eru tekjur af þessum gjaldstofni aðeins áætlaðar 300 þús. kr., og þykir það eigi, með hliðsjón af árferðishorfunum, óvarlegt að áætla þær 100 þús. kr. hærri, og munu þó flestir mæla, að mjög sje í hóf stilt.

Við höfum eigi viljað bera þessar hækkunartill. fram fyr en við eina umr. í Nd., því okkur er ljóst, að jafnan stafar nokkur hætta um aukin útgjöld af hækkun á tekjuhlið fjárlagafrv., en áhættulaust sýnist, að slíkt sje gert til jafnaðar á tekjuhalla, úr því full vissa þykir á, að tekjur þessar verði í reyndinni síst minni en við stingum upp á að þær verði áætlaðar.

Það er yfirleitt talið mjög líklegt, að Ed. muni fremur draga úr en auka tekjuhallann, og mun því þurfa að sjá ríkissjóði fyrir 470 þús. kr. tekjuauka til þess að jöfnuður náist á fjárlögin. Úr þessari þörf ríkissjóðs viljum við bæta, og höfum því lagt til, að samþykt verði hækkun á verðtolli samkv. þskj. 213.

Ef miðað er við síðasta ár, mundi þessi tekjuauki færa ríkissjóði 460 þús. kr., en með því það ár var með tekjuríkari árum fyrir ríkissjóð, þykir ekki óvarlegt að áætla tekjur hans af hækkun verðtollsins um 500 þús. kr., og mundu þá fjárlögin verða með um 30 þús. kr. tekjuafgang.

Sterkar líkur benda til, að í reyndinni verði tekjuafgangur talsvert meiri, en með því eigi verða færð fram óyggjandi rök þessu til sönnunar, skal eigi fjölyrt um þá hlið málsins, heldur aðeins á það bent, að tillögur okkar nægja til þess að tryggja tekjuhallalaus fjárlög, en skapa jafnframt miklar líkur til nægjanlegs tekjuafgangs til nokkurra framkvæmda samkv. heimildum utan fjarlaga.

Dýpra en þetta höfum við talið óverjandi að seilast í vasa skattþegnanna, því það er álit okkar, að enda þótt undir vissum kringumstæðum sje rjett og jafnvel óumflýjanlegt að tryggja ríkissjóði tekjur umfram árlegar þarfir, þá

sje slíkt eigi aðeins óþarft, heldur og ótækt eins og sakir standa, því að það er hvorttveggja, að hagur ríkissjóðs er nú svo miklu betri en fyrir nokkrum árum, að með öllu er ósambærilegt, og hitt, að landsmenn eru síst aflögufærir umfram brýnustu þarfir ríkissjóðs, enda ræður það af líkum, þegar þess er gætt, að atvinnurekstur landsmanna hefir hin síðustu árin orðið að gera hvorttveggja í senn, að rísa undir gengishækkuninni og að greiða margar miljónir af skuldum ríkissjóðs, en árferðið að venju jafnframt verið misjafnt. Við teljum því, að löggjafanum beri rík skylda til að gæta varkárni í skattaálögum, svo atvinnurekendur fái sem mest notið næsta góðæris til þess að ljetta skuldabaggann, sem nú er ærið þungur.

Fyrir Alþingi liggja nú ýms tekjuaukafrv., sem talið er líklegt, að lögfest verði. Fari svo, verða fjárlögin afgreidd með alveg einsdæma tekjuafgangi, eða sem næst þannig:

Tekjuhalli eftir 3. umr. í Nd.			670 þús. kr.
Hækkun á áætluðum tekjum áfengisverslunar... ...	200 þús. kr.		
Tekjuauki af verðtolli samkv. þingskj. 213	500 — —		
— — vörutolli — — 418	310 — —		
— — tekju- og eignarskatti samkv. þskj. 401	200 — —		
— — stimpilgjaldi — — 476	70 — —		
Tekjuafgangur			610 — —
	1280 þús. kr.		1280 þús. kr.

og mundi þessi óvenju mikli tekjuafgangur þó í reyndinni, eftir öllum líkum að dæma, verða talsvert meiri, svo sem að framan greinir.

Við höfum nú þegar fært rök fyrir því, að svo sem nú er háttað högum landsmanna, er slík fjársöfnun ríkissjóðs, með drápsklyfjum margvíslegra nýrra skatta, með öllu óverjandi, og ekki síst, þegar þess er gætt, að langsennilegast er, að þessum blóðpeningum verði varið til ýmsra framkvæmda, er ýmist eru með öllu óþarfar eða gætu að minsta kosti vel beðið betri tíma. Við tölum því áreiðanlega fyrir munn langflestra skattþegna, er við mótmælum eindregið djarffærni Alþingis ofan í vasa almennings, og krefjumst þess, að þingmenn standi við gefin loforð um að gjalda varhuga við nýjum álögum á alþjóð manna.

Alþingi, 23. mars 1928.

Ólafur Thors,	Sig. Eggerz,
frsm.	með fyrirvara.

Ed. **590. Nefndarálit**

um frv. til laga um atvinnurekstrarlán.

Frá 2. minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg er sammála flutningsmönnum frv. um nauðsyn þess að ljetta af, svo sem hægt er, láns- og vöruskiftaversluninni. Og jeg er einnig sammála þeim um

það, að slíkt verði ekki gert, nema landsmenn eigi, hver í sínu hjeraði, kost rekstrarlána með viðunandi kjörum. Að þessu miðar frv., og er forganga rekstrarlánastarfseminnar bundin við Landsbanka Íslands. En þar sem stjórn Landsbankans hefir í brjefi til fjárhagsnefndar lagt á móti því, að rekstrarlánastarfsemin fari fram í sambandi við bankann, þá tel jeg ekki gerlegt að samþykkja frv. með þessu ákvæði óbreyttu. Hinsvegar játa jeg, að þá vandast mjög um framkvæmd málsins, ef Landsbankinn tekur það ekki að sjer. Jeg get þó hugsað mjer, að þessi rekstrarlánastarfsemi starfi í sambandi við Veðlánasjóð fiskimanna, sem frv. hefir verið flutt um og nú er til athugunar hjá fjárhagsnefnd. Er ætlast til, að sá sjóður hafi sjerstaka yfirstjórn og starfi í deildum úti um alt land.

Þó jeg ekki nú sjái fyrir víst, hvernig komið verði fyrir forgöngu og yfirstjórn rekstrarlánastarfsemi frv., þá mun jeg fylgja frv. til 3. umr., í trausti þess, að þá verði sjeð fær leið til framkvæmda í málinu.

Alþingi, 24. mars 1928.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

Ed. **591. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þskj. 565 [Einkasala á áfengi].

Flutningsm.: Halldór Steinsson.

Við 3.

a. Í stað »lyfjaskránni« komi: lyfsöluskránni.
b. Síðasti málsliður till. falli niður.

Ed. **592. Breytingartillaga**

við frv. til áfengislaga.

Frá dómsmálaráðherra.

Við 45. gr. Fyrsti málsl. 3. málsgr. verður sem hjer segir:

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínum þessum, svo og um varnir gegn misbrúkun við sölu þeirra og veitingu.

Ed. **593. Breytingartillaga**

við frv. til laga um einkasölu á áfengi.

Flutningsmenn: Halldór Steinsson og Jónas Kristjánsson.

Við 7. gr. Á eftir orðinu »læknum« í fyrri málsgrein komi: og sjúkrahúsum.

Nd. **594. Tillaga**

til þingsályktunar um varnir gegn ránskap og yfirgangi erlendra fiskimanna hjer við land.

Flutningsm.: Magnús Torfason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að brýna fyrir foringjum varðskipanna að hafa sem nánastar gætur á hátterni erlendra fiskiskipshafna, Færeyinga og annara, í íslenskri landhelgi.

Á s t æ ð u r.

Það hefir löngum verið kvartað undan því, að erlendir fiskimenn hafi gert usla í varplöndum og sellátrum hjer við land og farið ránshöndum um eignir hjerlandsmanna.

Nú á síðustu árum hafa Færeyingar legið á því laginu að skjóta sel í friðlýstum látrum kirkjujarðarinnar Vogshúsa í Selvogi, og því er þingsályktun þessi borin fram.

Ed. **595. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. 2. a. laganna orðist svo:

Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar í sambandi við það og hverskonar bifreiðastjórn, hvort heldur sem er til vöruflutninga eða mannflutninga.

2. gr.

Í staðinn fyrir orðin »4000 kr.« í staflið b. í 4. gr. komi: 6000 kr.

3. gr.

a. Í staðinn fyrir »2000 kr.« í fyrstu málsgrein 5. gr. komi: 3000 kr.
b. Í staðinn fyrir »200 kr.« á tveim stöðum í 5. gr. 4, þriðju málsgr., komi: 300 kr., og í staðinn fyrir »400 kr.« komi: 600 kr.

4. gr.

4. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Útgerðarmenn róðrarbáta og vjelbáta, minni en 5 smálestir, greiða aðeins $^{7}/_{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Síðasti málsliður fyrri málsgreinar 12. gr. laganna orðist svo:

Skal lögreglustjóri þá, og hvenær sem slysatryggingin óskar þess, halda próf í málinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

7. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 44, 27. júní 1925, og gefa þau út svo breytt.

Nd. **596. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt. Ástæða til þess, að nefndin fellst á frumvarpið, er halli sá, sem orðinn er á fjárlagafrumvarpinu, sem litlar líkur eru til, að dregið verði úr að mun í meðferð þingsins á fjárlögunum. Þar sem skoðanir nefndarmanna á skattamálunum að öðru leyti eru mjög mismunandi, þó þessi sameiginlega niðurstaða hafi fengist í þessu máli, hefir þótt rjett að láta frekari rökstuðning fyrir niðurstöðunni koma fram í umræðum um málið.

Alþingi, 26. mars 1928.

Halldór Stefánsson, formaður. Sig. Eggerz, frsm. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Hannes Jónsson. Ólafur Thors.

Nd. **597. Tillaga**

til þingsályktunar út af ránum erlendra fiskimanna í varplöndum og selverum við strendur landsins.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina:

1. *að* láta hafa nákvæmar gætur á framferði útlendra fiskimanna hjer við land og koma í veg fyrir, að þeir spilli eggverum og öðrum hlunnindum landsmanna.
2. *að* gera gangskör að því, að bætt verði tjón það, er skipverjar á færeysku fiskiskipunum »Heimdal« og »Sunbeam« ollu á varpeyjunni Vigur í Austur-Skaftafellssýslu á síðastliðnu sumri.

Greinargerð.

Sjaldan líða mörg ár milli þess, að skipverjar á útlendum fiskiskipum ræni og rupli í sel- og eggverum við strendur Austur-Skaftafellssýslu. Munu Færeyingar einkum eiga þátt í þessu.

Árið 1924 komu 3 skip að Hrollaugseyjum, og skutu skipverjar þar allan sel, er þeir komust í færi við, og sigldu síðan brott með veiðina. Sama vor lagði skip að Fjarðarskeijum við Papós. Gengu skipsmenn upp á skerin og slógu alla þá kópa, er lágu uppi og þeir náðu til, og hófu síðan skothríð á þann sel, er þeir náðu eigi til að slá. Var vorkópaveiðin, sem þar er mikil, eydd fyrir bænd-um það árið. Hjeraðsbúar þóttust vita, að skip þessi hefðu verið frá Færeyjum, en þrátt fyrir eftirgrenslanir stjórnarvaldanna náðist ekki í sökudólgana.

Á eyjunni Vigur, sem liggur fram undan Bæ í Lóni, er mikið æðarvarp og selveiði. Á síðastliðnu vori var eyjan rænd að eggjum og selur og fugl skot-inn. Að þessu unnu skipverjar á 2 færeyskum skipum í hvort skifti. Náðist merki og númer skipanna, og nú er það upplýst fyrir lögreglurjetti í Færeyjum og játað, að skipsmenn á »Heimdal« hafi skotið sel og fugla í Vigur, og skipsmenn á »Sunbeam« viðurkenna, að þeir hafi farið um varplandið og tekið um 1000 æðaregg.

Enn sem komið er hafa ekki fengist neinar bætur fyrir spellvirkin.

Ed. **598. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn á Ísafirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 24. mars 1928.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jón Þorláksson.

Ed. **599. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um forstjórn póst- og símamála.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um frv. þetta. Minni hlutinn, J. Þ. og B. K., vill ekki láta það ganga fram. Aftur á móti leggjum við undirritaðir til, að það verði samþykt með þessari einu

BREYTINGU:

Við 2. gr. Á eftir orðunum »skal skipa« komi: símaverkfræðing.

Alþingi, 26. mars 1928.

Ingvar Pálmason,	Einar Árnason,	Jón Baldvinsson,
form.	frsm.	fundaskrifari.

Nd. **600. Frumvarp**

til laga um einkasölu á útfluttri síld.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Frá 1. maí 1928 skal vera einkasala á allri saltaðri og kryddaðri síld eða verkaðri á annan hátt til útflutnings á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, og nefnist þessi einkasala »Síldareinkasala Íslands«. Heimilt er þó innlendum verksmiðjum að selja til útlanda síld, lagða í olíu eða krydd, í dósum.

2. gr.

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd, og skulu þeir allir vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð, eða hafa aðsetur þar að minsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Þrír af nefndarmönnunum skulu kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þriggja ára, í fyrsta sinn á Alþingi 1928, en tveir tilnefndir til þriggja ára í senn, annar af verklýðssambandi Norðurlands, en hinn af Útgerðarmannafjelagi Akureyrar og Útgerðarmannafjelagi Siglufjarðar, eða viðtækari fjelagsskap útgerðarmanna norðanlands þegar hann er stofnaður. Jafnmargir varamenn sjeu kosnir. Útflutningsnefnd kýs í byrjun hvers

árs formann fyrir það ár. Fái enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.

3. gr.

Útflutningsnefnd ræður þrjá framkvæmdarstjóra, er sjeu jafnir að völdum. Skulu þeir hafa skrifstofu á Siglufirði. Framkvæmdarstjórarnir hafa á hendi í umboði útflutningsnefndar alla daglega stjórn og umsjón einkasölunnar og ferðir í hennar þarfir. Sje framkvæmdarstjóri ráðinn innan nefndarinnar, tekur varamaður við sæti hans í nefndinni. Kosning framkvæmdarstjóra er því aðeins gild, að hann fái minst 3 atkvæði. Fái einhver ekki þann atkvæðafjölda, skipar atvinnumálaráðherra í auð sæti.

4. gr.

Þessi eru störf framkvæmdarstjóranna:

1. Að ákveða, í samráði við útflutningsnefnd, hvenær söltun og kryddun síldar, eða verkun á annan hátt til útflutnings, byrjar ár hvert, og einnig hvenær hætta skuli söltun og kryddun árlega eða verkun á annan hátt til útflutnings.
2. Að setja umboðsmenn, er hafa eftirlit með allri vinnu í hverri verstöð, þar sem síld er verkuð til útflutnings. Ákveða þessir umboðsmenn, í samráði við útflutningsnefnd og framkvæmdarstjóra, um alla meðferð á síldinni, flokkun eftir gæðum, umbúðir um síldina o. fl. Enga síld má salta, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, nema með leyfi þessara umboðsmanna einkasölunnar. Þóknun til umboðsmanna þessara greiða síldarútflytjendur.
3. Að selja alla saltaða og kryddaða síld, eða verkaða á annan hátt til útflutnings, fyrir einkasöluna og skila til síldareigenda andvirði síldar, er einkasalan selur, jafnótt og það greiðist, að svo miklu leyti sem unt er, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er legst í sjóði. Skal miða greiðslur við meðalverð allrar síldar af sömu tegund og gæðum. Hafi einkasölunni verið afhent meira af síld til sölu en hún hefir getað selt í það sinn, skiftist andvirði þeirrar síldar, er seld hefir verið, hlutfallslega milli allra, sem búnir eru að afhenda síld til útflutnings. Heimilt skal einkasölunni að selja innanlands þá síld, sem hún telur ekki tilvinnandi að flytja út.
4. Að gera tilraunir með nýjar aðferðir við verkun síldar og opnun nýrra markaða og hafa aðrar framkvæmdir með höndum, er fram kunna að verða teknar í reglugerð hjer að lútandi og erindisbrjefum þeim, er framkvæmdarstjórunum verða sett.

5. gr.

Framkvæmdarstjórninni er heimilt:

a. Að taka fje að láni út á síldina, jafnótt og hún er fullverkuð til útflutnings, og skifta því í rjettum hlutföllum milli síldareigenda, eftir vöru-

magni, er þeir hafa afhent einkasölunni, enda hvíli engin önnur veðbönd á síldinni.

b. Að liðsinna viðskiftamönnum einkasölunnar um útvegun á tunnum og salti til verkunar síldinni, ef orðið getur án fjárhættu fyrir einkasöluna.

6. gr.

Nú er nauðsynlegt, vegna einkasölunnar eða verkunar á síld til útflutnings, að tryggja einkasölunni afnot af bryggjum eða landi, er einstakir menn eiga eða ráða yfir, og getur ríkisstjórnin látið taka það til afnota, eftir tillögum einkasölunnar, fyrir leigu, er dómkvaddir menn meta.

7. gr.

Þeir, sem ætla sjer að salta síld, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, skulu fyrir 15. apríl ár hvert tilkynna skriflega framkvæmdarstjórum einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sjer að verka af síld til útflutnings á því ári. Hverri tilkynningu fylgi þær upplýsingar og skilríki, sem föng eru á og gera það sennilegt, að framleiðandinn hafi tök á að verka svo mikla síld, sem hann óskar eftir að fá selda. Komi þá í ljós, að ástæða sje til að óttast of mikla framleiðslu, getur nefndin takmarkað framleiðsluna og ákveðið fyrirfram, hve mikla síld hver síldarframleiðandi megi verka til útflutnings, enda skal sú ákvörðun tilkynt honum, í síðasta lagi 1. júní ár hvert. Að jafnaði skal slík takmörkun koma niður á öllum tilkyntum framleiðendum hlutfallslega, svo sem unt er, nema ástæða þyki til að telja fyrirætlanir einhvers þeirra um síldarverkun úr hófi fram, eftir ástæðum hans og fyrirframgerðum ráðstöfunum til undirbúnings. Má í því efni hafa til hliðsjónar framleiðslumagn atvinnurekandans undanfarin ár.

Fyrirframákvörðun nefndarinnar um síldarmagn hvers framleiðanda skal ekki vera því til fyrirstöðu, að nefndin slíti allri síldarsöltun, kryddun eða verkun á annan hátt samkvæmt 1. lið 4. greinar, er henni þykir nauðsyn til bera, þó sumir hafi þá ekki verkað alla þá síld, er þeir höfðu leyfi til.

8. gr.

Myndaðir skulu tveir sjóðir, varasjóður og markaðsleitarsjóður, og skal renna í hvorn sjóð $^1/_4$% af andvirði seldrar síldar. Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd samkvæmt reglugerð, er samin verður um meðferð þeirra, staðfestri af atvinnumálaráðherra.

9. gr.

Reikningsár einkasölunnar skal vera frá 15. apríl til jafnlengdar ár hvert. Stjórn einkasölunnar skal fyrir lok maímánaðar árlega birta í Lögbirtingablaðinu endurskoðaðan reikning einkasölunnar og skýrslu um störf hennar á liðnu reikningsári.

10. gr.

Heimili einkasölunnar og varnarþing er á Akureyri.

11. gr.

Einkasalan er undanþegin tekjuskatti og aukaútsvari, enda greiði hún síldareigendum alt andvirði síldarinnar, að frádregnum kostnaði og sjóðfje eftir 8. gr.

12. gr.

Ríkisstjórnin skipar tvo endurskoðendur einkasölunnar og tvo til vara og ákveður þóknun fyrir störf þeirra. Hafa þeir altaf aðgang að reikningum einkasölunnar.

13. gr.

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en þóknun útflutningsnefndarinnar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjórar ráða sjer starfsmenn, svo sem þeir telja nauðsynlegt, en útflutningsnefnd ákveður laun þeirra.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur reglugerð um skoðun á síld og nánari framkvæmdir einkasölunnar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 1000—50000 krónum, og getur einkasalan, ef brot er ítrekað, neitað að taka til sölu útflutningssíld frá þeim, sem brotið hefir.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög frá 15. júní 1926, um sölu á síld, og lög frá 26. nóv. 1919, nr. 56, um skoðun á síld, svo og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þetta.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Þeir, sem á árinu 1928 ætla sjer að salta síld, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, skulu hafa frest til 15. maí með að tilkynna skriflega framkvæmdarstjórum einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sjer að verka af síld á árinu.

Nd. **601. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá Jóni Ólafssyni.

Við 1. gr. Fyrir »3 kr.« í staflið b. komi: 2 kr.

Ed. **602. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um varasáttanefndarmenn í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 27. mars 1928.

Jón Baldvinsson,	Jón Þorláksson,	Ingvar Pálmason,
form.	frsm.	fundaskrifari.

Ed. **603. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og mælir hún með því, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 27. mars 1928.

Jón Baldvinsson,	Ingvar Pálmason,	Jón Þorláksson.
form. og frsm.	fundaskrifari.	

Ed. **604. Breytingartillaga**

við frumvarp til áfengislaga.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 13. gr. Greinin falli burt og greinatalan breytist samkvæmt því.

Nd. **605. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Við 6. gr. Orðin »í kaupstöðum og verslunarstöðum« falli niður.

Ed. **606. Nefndarálit**

um frv. til laga um forstjórn póst- og símamála.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við leggjum til, að frv. þetta verði felt, af því að við teljum, að það muni fremur verða til að auka kostnað við yfirstjórnina, en teljum, að rjett sje að halda áfram sameiningu starfanna á hinum smærri póst- og símastöðvum, eins og þegar fyrir nokkru er byrjað á, þar sem það að áliti landssímastjóra og aðalpóstmeistara þykir hagkvæmt.

Alþingi, 27. mars 1928.

Jón Þorláksson, frsm. Björn Kristjánsson.

Nd. **607. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn leigumála húsnæðis í Reykjavík.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson og Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn leigumála alls húsnæðis, sem selt er á leigu í Reykjavík, og má verja til þess fje úr ríkissjóði.

Rannsókn þessi skal falin nefnd þriggja manna. Bæjarstjórn Reykjavíkur skal boðið að velja tvo nefndarmanna, enda greiðist þá kostnaður við nefndarstörfin að hálfu úr bæjarsjóði, en atvinnumálaráðherra skipar formann nefndarinnar. Ef bæjarstjórnin notar ekki þennan kjörrjett, skipar ráðherra alla nefndarmennina.

Greint skal á milli leigu húsnæðis til verslunar, skrifstofuhalds, iðnaðar

og íbúðar. Skýrsla um leigu skal m. a. innihalda þetta: Hvenær hús var bygt, fasteignamat, brunabótavirðing og legu þess í bænum; stærð hins leigða, rúmmál og herbergjatölu, legu leiguhúsnæðis í húsinu, hver þægindi utan húss og innan sjeu fólgin í leigunni, sem í skýrslunni skal miðuð við mánuð. Framleigu skal getið sjerstaklega og leiguupphæð hennar í hlutfalli við aðalleiguupphæð. Nefndin öll, eða a. m. k. 2 nefndarmanna skulu kynna sjer með eigin augum hið leigða. Úr skýrslunum skal unnið og þær dregnar saman og glöggleg mörkuð þau niðurstöðuatriði, sem máli geta skift. — Starfi nefndarinnar skal lokið fyrir 1. jan. 1929.

Ríkisstjórnin setur nefndinni ítarlegri reglur um störf hennar og lætur gera eyðublöð undir skýrslurnar.

Stjórnin notar síðan, ef henni þykir ástæða til, hinar fengnu niðurstöður sem grundvöll fyrir lagasetningu um húsaleigu í Reykjavík, og leggur fyrir næsta Alþingi.

Nd. **608. Frumvarp**

til áfengislaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Innflutningur áfengis.

1. gr.

Engan áfengan drykk eða áfengisvökva má flytja til Íslands til annara nota en þeirra, sem getið er um í 2. gr. En áfengur drykkur eftir lögum þessum telst hver sá vökvi, sem meira er í en $2^1/_4$% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

Brot gegn þessari grein er fullframið, þegar áfengi er flutt inn í landhelgi, nema sannað sje, að það sje ekki ætlað til sölu eða neyslu hjer í landi eða landhelgi. En landhelgi telst 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sje talið frá ystu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi alt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sje þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

2. gr.

Ríkisstjórninni einni skal heimilt að annast innflutning og sölu áfengis, sem nauðsynlegt er:

a. til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna eða annara verklegra nota.
b. til eldsneytis, og skal sá vínandi gerður óhæfur til drykkjar.
c. handa lyfsölum, eins og lyfjaskrá heimilar, einnig smáskamtalyf með vínanda í, og skal smáskamtalæknum heimilt að fá þau í innlendum lyfjabúðum, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests
d. handa próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda messuvín, sem nauðsynlegt er við altarisgöngur (þótt í því sje meira af vínanda en 2¼% að rúmmáli).

Jafnskjótt og lög þessi öðlast gildi, skal stjórnarráðið löggilda nýja lyfjaskrá.

Handa sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa þeirra, þó ekki yfir 800 lítra á ári handa hverjum þeirra.

3. gr.

Ekkert skip má flytja nokkurt áfengi til landsins, nema það, er fara á til áfengisverslunar ríkisins eða farið er með samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Hvenær sem skip tekur íslenska höfn, er skipstjóra skylt að tilkynna löggæslumanni tafarlaust, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sje í skipinu og hve mikið. Hafi skipið meðferðis áfengi, sem ekki á að fara til áfengisverslunar ríkisins, skal löggæslumaður á fyrstu höfn, er skipið kemur til, innsigla áfengisbirgðirnar. Skipstjóri ábyrgist, að engu áfengi sje skotið undan innsiglun og að innsiglin sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið, fyr en skipið er alfarið frá landinu. Löggæslumaður skal rannsaka á hverjum viðkomustað skipsins, hvort innsigli eru heil og hvort nokkuð hefir tekið verið af áfenginu, og hefir hann vald til að brjóta innsiglin, til þess að framkvæma þá rannsókn. Skrá yfir það áfengi, sem innsiglað var, skal fylgja skipinu, og samrit af henni liggja hjá þeim, er innsigladi.

Löggæslumaður hefir vald til að opna hirslur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði á skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sje þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða til skemtiferðaskipa, enda flytji þau ekki farþega hingað aðra en þá, sem búa í skipinu meðan það stendur við hjer við land og fara með því aftur, og ekki aðra farþega hjeðan.

4. gr.

Strandi skip hjer við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri, í forföllum lögreglustjóra, þá þegar taka áfengisílátin til varðveislu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað. Áfengi þetta má lögreglustjóri ekki selja eða láta af hendi til annara en rjettra eigenda. Skal hann með fyrstu ferð skýra þeim frá björgun áfengisins. Kjósi eig-

andi innan 12 mánaða frá auglýsingu, að það sje sent sjer á sinn kostnað eða flutt úr landi, skal það gert; ella sje það eign ríkissjóðs.

Sje ókunnugt um eiganda strandgóss eða vogreks, skal áfengið eign ríkissjóðs, ef eigandi hefir ekki sagt til sín áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn.

5. gr.

Enginn má taka við nokkurskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hjer við land, eða í íslenskri landhelgi, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

II. KAFLI.

Tilbúningur áfengis.

6. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og að gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar.

7. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu áfengis þess, sem ætlað er til verklegra afnota, sbr. 2. gr. a. og b., hvort sem það hefir verið gert óhæft til drykkjar eða ekki. Skulu reglur þessar tryggja það, að áfengið verði ekki haft til neyslu.

8. gr.

Upptæk skal gera öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í ríkissjóð.

III. KAFLI.

Meðferð áfengis í landinu.

9. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 2. gr., selur hún aðeins lyfsölum og læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, og öðrum þeim, er þessi lög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna. Skal það tekið fram í reglum þeim, hve mikið áfengi megi láta af hendi við hjeraðslækna, embættislausa lækna, dýralækna og lyfsala á hverju ári eða um ákveðið tímabil. Ennfremur skal það ákveðið í reglugerð, að suðuvökvi og áfengi til iðnaðar skuli í kaupstöðum og kauptúnum landsins selt undir yfirumsjón og eftirliti forstöðumanns áfengisverslunarinnar.

10. gr.

Engan áfengan drykk má flytja um landið, annan en þann, sem um ræðir í 2. gr. þessara laga og merktur er innsigli áfengisverslunarinnar, eða þann drykk, sem um getur í 4. gr. og farið er með eftir fyrirmælum þeirrar greinar, nema læknislyf sje úr lyfjabúð eða frá lækni, mengað áfengi og messuvín.

11. gr.

Öllum er óheimilt að veita, gefa, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna, nema það sje áður gert óhæft til drykkjar eða heimilað í lyfjaskrá, og ennfremur messuvín við altarisgöngu.

Um sölu lyfja þeirra, sem áfengi er í, setur dómsmálaráðherra, með ráði landlæknis, reglur til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til nautna, heldur aðeins til lækninga.

12. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 33. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða flutningatæki eru með eigandans vitund og vilja notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

13. gr.

Sje maður sterklega grunaður um ólöglegan aðflutning eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis í hagnaðarskyni, eða sakborningur hafi áður verið dæmdur fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni, má lögreglustjóri gera heimilisrannsókn hjá honum án dómsúrskurðar, ef hann telur það nauðsynlegt til þess að komast fyrir málið.

Komi það í ljós við heimilisrannsóknina, að áfengi sje í vörslum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur til að sanna, hvernig áfengið sje komið í vörslur hans. Geri hann það ekki, skal hann teljast sekur um brot gegn 1. gr.

14. gr.

Hvern þann, sem hitst hefir ölvaður, er heimilt að leiða fyrir dómara, og er honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Náist ekki til dómara, skal hlutaðeigandi hreppstjóri hafa vald til að rannsaka málið til bráðabirgða, og skal hann senda dómaranum staðfest afrit af prófunum til frekari meðferðar.

Færi yfirheyrður ekki sönnur á, hvernig hann hefir fengið áfengið, skal hann sæta sektum samkv. lögum þessum.

15. gr.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

IV. KAFLI.

Ölvun.

16. gr.

Sá, sem er ölvaður á almannafæri, opinberum samkomum eða skipum hjer við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar embættismissi eða frávikning úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sje um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sje ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fult og alt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

18. gr.

Sjeu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæti þeir sömu refsingu og læknar.

19. gr.

Sjeu skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vjelstjórar ölvaðir við störf sín á skipi, sem þeir eiga að stjórna, sæta þeir sömu refsingu og embættismenn samkv. 17. gr. Kemur þá missir rjettar til skipstjórnar, stýrimensku eða vjelgæslu, eftir því sem við á, í stað embættismissis eða sýslunarmissis.

20. gr.

Bifreiðastjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera með áhrifum þeirra við bifreiðaakstur.

Brot gegn þessu ákvæði varðar missi ökuskírteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fult og alt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

V. KAFLI.

Önnur brot lækna og löggæslumanna.

21. gr.

Láti læknir af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, hvort heldur er handa mönnum eða dýrum, án þess að hafa gengið úr skugga um það með rannsókn, að áfengið sje nauðsynlegt til lækningar, eða hann misbeitir á annan veg lækningaleyfi sínu til að útvega mönnum áfengi til neyslu, skal hann sæta refsingu samkv. 38. gr. þessara laga.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir nota aðstöðu sína til þess að útvega eða afhenda mönnum áfengi til neyslu.

Hver sá, er tekur á móti áfengi, sem um ræðir í þessari grein, og notar það til nautna, skal sæta sektum.

22. gr.

Hver sá, sem skyldur er að sjá um, að lögum þessum sje fylgt og að brotum gegn þeim sje haldið til laga, skal sæta refsingu samkv. 39. gr., hafi hann sjálfur gerst brotlegur við þessi lög.

VI. KAFLI.

Veitingasala og gistihúsrekstur.

23. gr.

Hverjum þeim, sem fengið hefir leyfi til veitingasölu eða gistihúshalds samkv. lögum nr. 21, frá 15. júní 1926, er bannað að selja, gefa eða láta af hendi áfengi á þeim stöðum, sem um ræðir í greindum lögum, og varðar brot refsingu samkv. 40. gr. þessara laga.

Sektir liggja og við því, ef þjónustumenn gerast brotlegir gegn þessari grein. Neytendur skulu einnig sæta sektum samkv. 40. gr.

24. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap áfengisveitingar, nje heldur má áfengisnautn fara fram í fjelagsherbergjum, hvort sem er í húsi fjelagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

Brot gegn þessari grein varðar refsingu samkv. 41. gr. þessara laga.

VII. KAFLI.

Um löggæslumenn.

25. gr.

Löggæslumenn samkv. lögum þessum eru lögreglustjórar, hreppstjórar og sjerstakir löggæslumenn.

Lögreglustjórum er sjerstaklega skylt að sjá um, að lögum þessum sje hlýtt, hverjum í sínu umdæmi, en hreppstjórum hverjum í sínum hreppi.

Dómsmálaráðherra skipar sjerstaka löggæslumenn þar, sem þörf þykir. Hann fær þeim erindisbrjef, og má í því ákveða, að þeir hafi á hendi tollgæslu og fleiri eftirlitsstörf, auk gæslu þessara laga. Mótgerðir gegn þeim, þegar þeir eru að starfi sínu, varða refsingu samkv. ákvæðum almennra hegningarlaga um brot á móti valdstjórninni og allsherjarreglu.

26. gr.

Hreppstjórar og sjerstakir löggæslumenn hafa vald til að hefja lögreglurannsókn, hver í sínu umdæmi, gegn þeim mönnum, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Rannsaki þeir málin ítarlega samkv. leiðbeiningu, er dómsmálaráðuneytið setur, og sendi síðan viðkomandi dómara staðfest afrit af prófunum, en hann tekur málin til frekari meðferðar.

VIII. KAFLI.

Refsiákvæði.

27. gr.

Fyrir brot gegn 1. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni . . . . . 1000— 5000 kr.
Öðru sinni . . . . . 2000—10000 —
Þriðja sinni. . . . . 4000—20000 —

Auk sektar skal greiða 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt var.

Ennfremur skal sökunautur sæta fangelsi, eða ef brot er margítrekað eða miklar sakir eru að öðru leyti, hegningarvinnu alt að 2 árum.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal það gert upptækt með dómi handa ríkissjóði.

Skip skal ávalt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrsetja það og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar hvorutveggja.

2. Sannist, að áfengið sje ekki flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, varðar það sektum, frá 200—3000 kr.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

28. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sjerstökum löggæslumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkv. 3. gr., skal hann sekur um 500—5000 krónur, liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lögum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 27. gr. 1, síðustu málsgr.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsiglun eða vanrækt að skýra frá.

29. gr.

Brot gegn 5. gr. varða sektum eins og segir í 27. gr.

30. gr.

Brot gegn 6. gr. varða sektum samkv. 27. gr. 1, og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, eða, ef brot er margítrekað eða miklar sakir eru að öðru leyti, hegningarvinnu alt að 2 árum.

31. gr.

Brot gegn 10. gr. varða sektum, 200—2000 krónum, og skal áfengið ásamt ílátunum verða eign ríkissjóðs.

32. gr.

Brot gegn 11. gr. og þeim öðrum ákvæðum þessara laga, sem banna að veita, gefa, selja eða láta áfengi af hendi til annara manna, varða sektum, 500—5000 kr. Sje brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1000—10000 kr.

Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar, eða geri sjer að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það fangelsi, ekki skemur en 3 mánuði, auk sekta samkv. 1. málsgr., eða hegningarvinnu alt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

33. gr.

Brot gegn 12. gr. varða sektum, 100—2000 kr., og ítrekað brot 200—4000 kr. Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

34. gr.

Verði maður sekur um brot gegn 14. gr., skal hann sektir greiða, 100—1000 kr.

35. gr.

Brot gegn 15. gr. varða 100 kr. sektum fyrir hverja birtingu auglýsingar.

36. gr.

Brot gegn 16. gr. varða sektum, frá 50—500 kr. Auk þess skal skipstjóri láta flytja hinn brotlega á land á fyrstu höfn, ef brotið er framið á farþegaskipi.

37. gr.

Brot gegn 17.—19. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Þriðja sinni stöðu- eða starfsmissi samkv. ákvæðum áðurnefndra greina.

38. gr.

Brot gegn 1. málsgr. 21. gr. varða fyrsta sinni 500—5000 kr. sekt, og tvöfaldri sekt, ef brot er ítrekað, og skal þá auk þess svifta lækninn heimild til að gefa út áfengisseðla og láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur. Sje læknirinn ekki hjeraðslæknir, missi hann þessa heimild við fyrsta brot.

Verði lyfsali brotlegur við 2. málsgr. 21. greinar, greiði hann sektir samkv. 1. málsgr. þessarar greinar, og missi auk þess lyfsöluleyfi við annað

brot. Afgreiðslumenn lyfsala eða lækna greiði sektir eins og segir í þessari grein og missi við þriðja brot rjett til að afhenda lyf eða selja.

Læknir eða lyfsali ábyrgist greiðslu sektar og málskostnaðar, er afgreiðslumaður hans, sem ekki hefir lyfsalapróf, er dæmdur til að greiða samkvæmt framanskráðu, og má gera aðför í eignum þeirra til lúkningar sektum.

Verði maður brotlegur gegn 3. málsgr. 21. greinar, varðar það sektum frá 50—500 krónum.

39. gr.

Brot gegn 22. gr. varðar í fyrsta sinni sektum, 500—5000 krónum, og tvöfaldast sekt, ef brot er ítrekað, og auk þess embættis- eða stöðumissi, ef miklar sakir eru.

Sje um að ræða brot gegn 16. gr., skulu sektir vera tvöfalt hærri en segir í 36. gr.

40. gr.

Verði veitingasali sekur um brot gegn 23. gr., varðar það sektum samkv. 32. gr. Auk fjesektarinnar missir hann veitingaleyfi, í fyrsta sinni ekki skemur en 1 mánuð, í annað sinni ekki skemur en þrjá mánuði og í þriðja sinni að fullu og öllu.

Þjónustumenn og neytendur sæti sektum, 200—2000 kr.

41. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 24. greinar 1. málsgr., varðar það veitingasala 100—1000 kr. sekt og neytanda 200—2000 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 24. greinar varða neytendur, þjónustumenn og fjelagsstjórn 200—2000 kr. sektum.

42. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að lög þessi verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum, 400—4000 kr.

Sje brotið ítrekað, skal dæma sökunaut í fangelsi auk sekta, eða í hegningarvinnu, alt að einu ári.

43. gr.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkv. lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fje þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

44. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

IX. KAFLI.

Undanþága.

45. gr.

Vín þau, sem um ræðir í lögum nr. 3, frá 4. apríl 1923, eru undanþegin ákvæðum þessara laga um innflutning, veitingu, sölu, heimilisnotkun og flutning um landið. Svo skal og haldast óbreytt að því er þessi vín snertir það ákvæði, að skip má hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum, sbr. 3. gr. nefndra laga og tilvísun hennar til ákvæða um þetta í þágildandi bannlögum.

Áfengi má ekki afhenda neinum, sem yngri er en 21 árs, og varðar refsingu samkv. 37. gr., ef út af er brotið.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínum þessum, svo og um varnir gegn misbrúkun við sölu þeirra og veitingu. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni, að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum til kl. 9 á mánudagsmorgnum og að veitingahús, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, megi aðeins veita áfengi með mat í borðsal veitingahússins og einungis á vissum tímum, sem tilteknir eru í reglugerðinni.

Brot gegn ákvæðum þeim, er sett verða um meðferð vínanna, varða refsingu samkvæmt þessum lögum.

X. KAFLI.

Ýms ákvæði.

46. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

47. gr.

Lög þessi skal prenta á íslensku, dönsku, þýsku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

48. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 25, 3. nóv. 1915, um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl., lög nr. 15, 8. júní 1925, um aðflutningsbann á áfengi, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Ed. **609. Frumvarp**

til laga um einkasölu á áfengi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem heimilt er að flytja til landsins og í er meira en $2^1/_4$% af vínanda að rúmmáli.

Lög þessi taka ekki til skipa, er koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef farið er með það samkvæmt áfengislögunum.

2. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr. og 2. gr. áfengislaganna, sbr. lög nr. 3, 4. apríl 1923, selur hún aðeins lyfsölum og læknum, er rjett hafa til lyfjasölu, og öðrum þeim, er lög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna. Skal tekið fram í reglum þeim, hve mikið áfengi megi láta af hendi við hjeraðslækna, embættislausa lækna, dýralækna og lyfsala á hverju ári eða um ákveðið tímabil.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er um ræðir í 1. og 2. gr. þessara laga, leggur ríkissjóður fram.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita áfengisversluninni forstöðu. Hann, eða aðstoðarmaður hans, sem stýrir lyfjaversluninni, skal hafa lyfsalapróf, og má fela honum eftirlit með lyfjabúðum landsins. Lyfjadeildinni er skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús. Sjúkrahúslæknir annast um útvegun á þessum vörum handa sjúkrahúsum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus.

5. gr.

Forstöðumaður tekur laun úr ríkissjóði og skal hafa að byrjunarlaunum kr. 5000,00 á ári, en launin hækka eftir 2, 4 og 6 ár í þessari röð um kr. 300,00, kr. 300,00 og kr. 400,00 upp í kr. 6000,00. Ríkisstjórninni er heimilt að ráða forstöðumann áfengisverslunarinnar og þá starfsmenn, er óhjákvæmilega þarf við daglegan rekstur hennar, til 5 ára í senn. Ríkisstjórnin getur þó vísað mönnum þessum úr þjónustu landsins, áður en samningstíminn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti.

6. gr.

Ráðherra skipar tvo menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og alls rekstrar og fær þeim erindisbrjef.

7. gr.

Leggja skal á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins, 25—75%, miðað við verð þess, að tolli meðtöldum, þegar það er komið í hús í Reykjavík. Lyf, er verslunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar.

Áfengisverslunin og útibú hennar mega ekki láta áfengi af hendi nema gegn borgun út í hönd. Þó skal heimilt að lána áfengi í lyf, ef brýna nauðsyn ber til.

8. gr.

Verslunin skal greiða lögákveðna tolla og aðflutningsgjöld af vörum þeim, er lög þessi ræða um. Skulu gjöldin greidd í Reykjavík, þar sem vöruna ber fyrst að flytja á land, og á þeim tíma og samkvæmt því, er tolllög og skattalög mæla fyrir.

9. gr.

Verslunin skal jafnan hafa forða af áfengi og vínanda í Reykjavík. Viðskiftamenn verslunarinnar greiði flutningskostnað varanna innanlands.

10. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Ma þar ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í varasjóð.

11. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámark smásöluverðs á vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 200—40000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Ed. **610. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabrjef, alt að 10 miljónum króna. Vaxtabrjefum má skifta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 8. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi tölurð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefir gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hvor flokkur þá vera stærri en 3 miljónir króna. Fyrstu 4 árin eftir að 8. flokkur er settur á stofn, veitist tillag til þessara veðdeildarflokka úr ríkissjóði, 8000 krónur á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabrjefum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fje veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr $^{2}/_{3}$ af virðingarverði fasteignarinnar.

Ennfremur er heimilt að veita lán bæjar-, sýslu- og sveitarfjelögum.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn sú, er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhjeraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Minsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 30 árum, sje veðið vandað timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherrann söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er $^1/_2$ % á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávalt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum hlutaðeigandi flokks eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sje veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er hlutaðeigandi

veðdeildarflokkur hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærra stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rjett hafa handhafar brjefanna, þótt eigi sjeu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. — Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og svo skal við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til

að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokað er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiftist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti rjettrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefir þaðan aflast.

25. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 3 miljónum króna í bankavaxtabrjefum, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum. Vaxtabrjef þau, er ríkisstjórnin kaupir samkvæmt þessu, skulu vera flokkur út af fyrir sig, og skal haga vöxtum brjefanna, verði þeirra og tímalengd útlána úr flokknum eftir lánskjörum þeim, er ríkissjóður fær, svo að hann verði skaðlaus af.

Verði ríkissjóður fyrir gengistapi af þessum viðskiftum, skal varasjóður flokksins, er skuldbindingum hans verður lokið að öðru leyti, ganga til þess að endurgreiða ríkissjóði slíkt tap.

26. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsyn'egs kostnaðar má greiða alt að 12000 krónum.

27. gr.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Nd. **611. Nefndarálit**

um frv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Um frv. þetta hafa verið mjög skiftar skoðanir í nefndinni, og vilja þó allir nefndarmenn með nokkrum hætti stuðla að eflingu Fiskiveiðasjóðs og haldkvæmari lánakjörum fyrir bátaútveginn, sem frá öndverðu átti að njóta stuðnings sjóðsins. Ágreiningurinn er hjer einkum um starfstilhögun sjóðsins og leiðir til fjáröflunar.

Vjer lítum svo á, að alveg sjerstök og brýn ástæða sje til að styðja og efla bátaútveginn, ekki aðeins vegna þess, hve mikilvægur þáttur hann er í sjálfbjargarstarfi þjóðarinnar, heldur einnig vegna þess, að hann, miklu fremur en útgerðarfyrirtækin stóru, skapar heilbrigða atvinnuhætti og gerir fjölda manna fært að reka atvinnu á eigin spýtur og öðrum óháða.

Bátaútvegurinn hefir á síðari árum verið mjög afskiftur stuðningi lánstrausts, þrátt fyrir bakjarl þann, sem honum var ætlaður með stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands 1905. Hefir þar um mestu valdið vanmætti sjóðsins, eftir að frá honum voru teknir tekjustofnar eins og sektarfje fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar í landhelgi og útflutningsgjald af síld, en auk þess hefir mest alt fjármagn sjóðsins verið fest í fjarskyldum fyrirtækjum, svo sem hafnarmannvirkjum, og loks hafa ákvæði 11. kafla farmannalaganna frá 1914, um sjóveð, gert vjelbáta og smáfleytur óveðhæfar og þannig lokað að mestu sjóðnum og öðrum lánsstofnunum fyrir þeim efnaminni útvegsmönnum bátanna.

Frv. á þskj. 214 er ætlað að ráða bót á þessum vandkvæðum, en vjer sjáum oss ekki fært að fylgja því í upphaflegum búningi, og ber þar einkum til þetta þrent:

1. Fjáröflun til handa sjóðnum með vaxtabrjefasölu, svo sem frv. ráðgerir, teljum vjer nær vonlausa, þar sem innlendur verðbrjefamarkaður er langsamlega ofhlaðinn, og verður enn frekar við væntanlega sölu nýrra veðdeildarbrjefa.
2. Frv. miðar starf sjóðsins einhliða við lán til skipakaupa, jafnvel með þeirri stærð, sem sjóðnum er ofvaxið að styðja alment, og til að koma upp iðjufyrirtækjum í sambandi við fiskiveiðar.
3. Vaxtakjör sjóðsins eftir frv. virðast hljóta að verða mjög erfið, sjerstaklega vegna affalla á torseldum vaxtabrjefum.

500000 kr. sjóðauka þann frá ríkissjóði, sem frv. ráðgerir að safnist á 5 árum, leggjum vjer til, að ríkissjóður leggi fram þegar er ný skipan kemst á sjóðinn. Ætlumst vjer til, að sjóðauki þessi verði eins og óuppsegjanlegt lán, sem ríkissjóði greiðist af lágir vextir, og mundi hann vísir að rekstrarlánadeild við Fiskiveiðasjóð, sem síðar mætti auka með lánum og á annan veg.

Árlegt framlag ríkissjóðs til eflingar sjóðnum viljum vjer fimmfalda, eða færa úr 6000 kr. í 30000 kr., og verja því fje ásamt vöxtum hins eldra sjóðs

líkt og gert hefir verið, til smáskipakaupa og verkstæða til hagnýtingar sjávarafurða.

Vaxtakjör sjóðsins viljum vjer ákveða lægri en almenna víxilbankavexti, líkt og gilt hefir um sjóðinn að þessu. Án þess mundi útgerðinni lítill fengur að sjóðnum.

Loks viljum vjer leggja stjórn sjóðsins undir Landsbankann, sem yfirleitt hefir í hendi mestalla lánastarfsemi vegna bátaútvegsins og sem gegnum útibú sín getur haft náin kynni af viðskiftamönnum sjóðsins víðsvegar um landið og metið þarfir og ástæður þeirra, sem fjarri búa.

Eftir framansögðu teljum vjer, að frv. þurfi að breyta að verulegum mun, þótt aðalstefna þess og mörg fyrirkomulagsatriði haldist.

Samkvæmt því leggjum vjer til, að það verði samþykt svo sem það fer hjer á eftir í 10 greinum.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. 1. gr. orðist svo:

   Tilgangur Fiskiveiðasjóðs Íslands er að styðja bátaútveg landsmanna með haldkvæmum lánum.

2. 2. gr. orðist svo:

   Höfuðstóll sjóðsins er:

   1. Eignir hins gamla fiskiveiðasjóðs, í peningum og skuldabrjefum, eins og þær verða er lög þessi öðlast gildi.
   2. 30000 kr. árlegt framlag til sjóðsins úr ríkissjóði.
   3. 500000 kr., sem ríkissjóður með lántöku eða á annan hátt leggur sjóðnum til jafnframt og lög þessi ganga í gildi og sem ríkissjóði greiðast af 4% vextir árlega.

3. 3. gr. orðist svo:

   Fiskiveiðasjóður skiftist í 2 deildir með aðgreindum fjárhag: *Skipakaupadeild* og *rekstrarlánadeild*. Undir skipakaupadeild fellur fje það, sem talið er í 1. og 2. lið 2. gr., en fje eftir 3. lið fellur undir rekstrarlánadeild.

   Óvissar tekjur sjóðsins skiftast jafnt milli beggja deilda hans.

4. 4. gr. orðist þannig:

   Fje skipakaupadeildar má eingöngu lána til:

   a. Skipakaupa, alt að 30 smálesta.
   b. Stofnsetningar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar, svo sem til hagnýtingar fiskiúrgangi.

   Lán úr rekstrarlánadeild veitast aðeins til útgerðar og rekstrar fiskibáta alt að 30 smálesta. Má þau veita gegn veði í fiskifeng, sem á land er kominn, eða öðrum tryggingum, er sjóðsstjórnin tekur gildar.

   Aldrei skulu slík lán veitt eða framlengd lengur en svo, að hverju láni sje lokið á ársfresti, og skulu vextir vera að minsta kosti 1% undir gildandi víxilbankavöxtum.

5. 5. gr. verði þannig:

Skipakaupalán má veita til 10 ára, og mega þau nema alt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 20000 kr. til hvers skips.

Lán til iðjufyrirtækja veitast til alt að 15 árum, og mega þau nema $^1/_3$ stofnkostnaðar fyrirtækjanna. Þó skal lán í einn stað ekki fara fram úr 35000 kr.

Vextir lána eftir þessari grein skulu að jafnaði eigi hærri en $5^1/_2$ %.

6. 6. gr. verði þannig:

Lán úr skipakaupadeild má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn fasteignaveði alt að $^3/_5$ af virðingarverði veðsins, og hvíli engar skuldbindingar á veðinu á undan veðrjetti sjóðsins.

b. Gegn fyrsta veðrjetti í skipum, sem ekki sigla til útlanda, alt að helmingi virðingarverðs þeirra, enda gangi veðrjettur sjóðsins þá fyrir öllum öðrum tryggingum í skipinu, þar á meðal hverskonar sjóveðrjetti.

7. 7. gr. orðist þannig:

Eignir þær, er Fiskiveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, sem ger verður ákveðið í reglugerð sjóðsins. Stjórn sjóðsins getur heimtað endurmat á slíkum eignum hvenær sem þær ganga úr sjer, gallast eða rýrna á einhvern veg.

8. 8. gr. orðist þannig:

Landsbankanum skal falin stjórn sjóðsins gegn þóknun, sem ráðherra ákveður, og lætur bankinn útibú sín annast útlánastarfsemina úr rekstrarlánadeild í þeim firnari landshlutum.

9. 9. gr. orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra ákveður með reglugerð alla nánari tilhögun á stjórn sjóðsins.

10. 10. gr. orðist svo:

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1929, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 52 1905, og lög nr. 29 1907, sem og önnur ákvæði í lögum, skipulagsskrá og reglugerðum, er fara í bága við lög þessi.

11. 11.—26. gr. frv. falli niður.

Alþingi, 27. mars 1928.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm. Jörundur Brynjólfsson.

Þar sem vonlaust er um, að frv. um Veðlánasjóð fiskimanna (þskj. 253) nái fram að ganga á þessu þingi, en jeg tel frv. með framanskráðum breytingum til nokkurra bóta frá því, sem nú er, get jeg fallist á ofanritað nefndarálit í aðalatriðum, nema ákvæðum 6. gr. um niðurfellingu sjóveða, sem ótvírætt er rjettarskerðing fyrir skipverja. Fylgi mitt við frv. er bundið því skilyrði, að þau ákvæði greinarinnar, sem að niðurfellingu sjóveða lúta, verði feld niður.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. **612. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að innheimta til ársloka 1930 allan tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt l. nr. 74, frá 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, l. nr. 2, frá 26. mars 1923, um breyting á l. nr. 74, frá 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 39, frá 4. júní 1924, um breyting á l. nr. 74, frá 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, með viðauka að upphæð 25%, þannig að skattur hvers gjaldanda hækkar um fjórðung.

2. gr.

Árstekjur einstaklinga, sem ekki nema 4000 kr., skulu undanþegnar þessum viðauka við tekjuskattinn.

3. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1929.

Nd. **613. Nefndarálit**

um frv. til laga um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar hefir gefið út nefndarálit sitt um frv. þetta á þskj. 355, og með því að minni hl. vill ekki una þeim ummælum, sem þar eru um hann höfð, þykir hlýða að skýra nokkru ger frá gangi máls þessa í sjávarútvegsnefnd.

Frv. hafði verið rætt að nokkru, ásamt öðrum óskyldum málum, á 3 nefndarfundum án þess ákvörðun væri um það tekin.

Á nefndarfundi, er haldinn var 28. febr., knúði form. nefndarinnar það fram, þrátt fyrir mótmæli nokkurs hluta nefndarinnar, að gengið væri til atkv. um frv., ásamt brtt., er hann hafði samið við það.

Á fundi þessum var 2. þingm. Gullbringu- og Kjósarsýslu fjarverandi, sökum veikinda, og þingm. Vestmannaeyja bað um frest til næsta fundar, til þess að athuga, hvort eða að hve miklu leyti hann gæti fylgt frv. eða brtt. form. Er um þetta bókað í fundarbók nefndarinnar þann dag, er hjer ræðir um, og afhenti form. þingm. Vestmannaeyja þá tillögur sínar til athugunar, en þá höfðu þeir hinir tveir nefndarmennirnir, 1. þingm. Árn. og 4. þingm. Reykv., fallist á þær með formanni.

Form. gekk samt brátt eftir því að fá breytingartillögur sínar aftur, þótt ekki væri liðinn áskilinn frestur, og næsta dag, eða hinn 29. febrúar, gefur meiri hl. svo út nefndarálit sitt, þar sem greinir frá því, að nefndin hafi klofnað um málið, og skýrir meiri hl. þá jafnframt ranglega og á óviðeigandi hátt frá afstöðu minni hl. til þess. Þegar athugað er, hvernig meiri hl. afgreiðir málið frá nefndinni, og þau ummæli, sem hann síðan hefir um minni hl. á þskj. 355, þau, að minni hl. álíti, að ákvæði frumv. nái ekki tilgangi, meðal annars vegna þess, að ekki megi treysta drengskaparheitum þeirra, sem loftskeytum skifta milli lands og skipa, um ófalsað efni skeytanna, er það bert, að meiri hl. gerir þetta vísvitandi í því skyni að varpa skugga á pólitíska andstæðinga sína. Þetta verður enn ljósara þegar þess er gætt, að flokksblöð meiri hl., »Tíminn« og »Alþýðublaðið«, hafa bæði gripið fullyrðingar meiri hl. á lofti, rjett eins og hjer lægi fyrir yfirlýsing minni hl. sjálfs um afstöðu hans til þessa atriðis.

Um frumv. er það að segja, að sum ákvæði þess eru þess eðlis, að af þeim stafar bein hætta fyrir skeyti, sem senda þarf milli skipa og lands, þegar aðstoðar veiðiskipa þarf að leita til hjálpar skipum eða bátum í sjávarháska, eins og nú skal nokkuð sýnt. Samkvæmt frumv. er gengið út frá því, að öllum skeytum til skipa sje skilað á loftskeytastöðvarnar sjálfar til sendingar, en þetta er ekki svo nú, að minsta kosti ekki í Reykjavík. Loftskeytum, eins og öðrum skeytum, á að skila á landssímastöðina á meðan hún heldur opnu. Sú venja tíðkast samt, að loftskeytastöðin tekur sjálf á móti skeytum til sendingar eftir lokunartíma landssímastöðvarinnar, og þá oftast nær í síma. Eftir frv. yrði öll slík afgreiðsla erfiðari og alveg óviðunandi. Það virðist vera ætlast til, að sendandi undirriti drengskaparheitið á hverju eyðublaði um leið og hann afhendir skeytið á stöðina. Með því er það útilokað, að flýtt verði fyrir skeytunum með því að símtala þau suður á loftskeytastöð. Afleiðing þessa yrði því annaðhvort sú, er um björgunarskeyti væri að ræða, að sendandi og viðtakandi stöð neyddust til að brjóta ákvæði laganna, eða ef fylgja ætti þeim, að tefja fyrir sendingu loftskeytis, sem vel gæti varðað líf margra manna. Ef sendandi slíks skeytis væri nú staddur t. d. suður í Hafnarfirði eða lengra í burtu, gæti sú töf, sem af þessu fyrirkomulagi hlytist, haft mjög alvarlegar afleiðingar.

Frv. gerir ennfremur ráð fyrir því, að hegna megi mönnum fyrir grun eða líkur, án þess það sjáist, að dómur eigi að ganga í því máli áður. Þetta er sú nýlunda í íslensku rjettarfari, sem minni hl. telur ekki heppilegt, að lögleidd yrði, heldur þvert á móti mjög varhugavert.

Þó hjer sjeu nefndir nokkrir gallar frv., eru þó fleiri, sem geta má við framsögu, en um brtt. meiri hl. er það að segja, að það fer svo fjarri því, að þær færi frv. í viðunandi horf, sem von er, því frv. er alt svo vanhugsað og illa í garðinn búið, að meiri hl. nefndarinnar er vorkunn, þó honum hafi mistekist, svo sem raun ber vitni um, með lagfæringar á því.

Minni hl. vill leiða athygli að því, sem höfundum frv. sýnist hafa verið óljóst, að ríkisstjórnin hefir nægа stoð í gildandi lögum til þess að hafa það eftirlit með sendingu loftskeyta, sem nægilegt er til að hindra misnotkun þeirra í þágu landhelgisveiða, sbr. meðal annars lög nr. 82, 14. nóv. 1917, og reglugerð nr. 32 frá 17. maí 1918, samkvæmt þeim lögum.

Ríkisstjórninni er því heimilt, þegar þær ástæður eru fyrir hendi, sem nefnd lög gera ráð fyrir, að fyrirskipa eftirlit með sendingu loftskeyta, skoðun á þeim og bann gegn notkun dulmáls. Ennfremur getur hún látið stöðva þau loftskeyti, sem grunsamleg kunna að virðast.

Að því er það snertir sjerstaklega að koma í veg fyrir, að loftskeyti sjeu notuð til hjálpar lögbrjótum við landhelgisveiðar, er það ólíkt skynsamlegra að reyna með skoðun á slíkum skeytum, jafnóðum og þeim er skilað til sendingar, og stöðvun þeirra, er grunsöm virðast í þessu efni, að koma í veg fyrir þetta athæfi, heldur en láta sjávarútvegsnefndir þingsins eyða tíma sínum í skoðun á margra mánaða gömlum símskeytum og bollaleggingum um tilgang þeirra, löngu eftir að lögbrotin, ef þau hafa átt sjer stað, hafa verið framin.

Minni hl. leyfir sjer því, samkvæmt því, sem hjer hefir sagt verið, að leggja til, að málið verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ríkisstjórnin hefir næga stoð í gildandi lögum til að hafa opinbert eftirlit með sendingu loftskeyta, telur deildin eigi þörf á nýrri lagasetningu í þessu efni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. mars 1928.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Ólafur Thors.

Sþ. **614. Þingsályktun**

um byggingu landsspítalans.

(Afgreidd frá Sþ. 27. mars).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, á þann hátt að taka nægilega stórt lán til framhaldsbyggingar landsspítalans, ef þörf gerist til þess að byggingunni verði lokið svo fljótt, að spítalinn verði tekinn til afnota árið 1930.

Ed. **615. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1929.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 12. gr. 3. 17 (Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa):
Fyrir »2600« kemur 1600

2. Við 12. gr. 14. Liðurinn orðist svo:
Heilsuhælið í Kristnesi:
a. Lokastyrkur til byggingar hælisins, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, alt að 10000
b. Rekstrarkostnaður 3000

3. — 12. — 15. g. (Varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma):
Við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd:
Af þessum lið má greiða Jóni Kristjánssyni veitingamanni á Akureyri 2000 kr. til bóta á skaða, er hann beið af völdum sóttvarnarráðstafana vegna skarlatssóttar árið 1924.

4. — 12. — 15. k. Nýr liður:
Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar 1000

5. — 12. — 15. r. (Unnur Ólafsdóttir):
Fyrir »2000« kemur 1500

6. — 13. — B. II. a. 1. (Kjalarnesvegur):
Fyrir »20000« kemur 10000

7. — 13. — B. II. 3. (Vesturlandsvegur):
Athugasemdin: »frá Dalsmynni að Fellsenda«, fellur niður.

8. — 13. — B. XII (Páll Stefánsson):
Liðurinn fellur niður.

9. — 14. — B. II. c. (Árni Friðriksson):
Fyrir »1500« kemur 1000

10. — 14. — B. II. d. (Bjarni Sigurðsson):
Fyrir »1200« kemur 1000

11. — 14. — B. II. g. (Markús Kristjánsson):
Fyrir »1200« kemur 1000

12. — 14. — B. III. b. 8. (Áhaldakaup mentaskólans):
Fyrir »1000« kemur 1500

13. — 14. — B. VIII. 2. Á eftir athugasemdunum kemur nýr liður:
Til steinsteypukenslu... 4000

14. — 14. — B. IX. b. (Iðnaðarmannafjel. á Akureyri):
Fyrir »500« kemur 1200

15. — 14. — B. XIV. 3. Nýr liður:
Til Sigurðar Greipssonar, Haukadal, byggingarstyrkur til íþróttaskóla hans 3000

16. — 14. — B. XV. 1. a. (Rekstrarstyrkur Staðarfellsskólans):
Fyrir »4000« kemur 3000

17. — 14. — B. XV. 2. (Kvenfjel. Ósk):
a. Fyrir »5000« kemur 4000
b. Athugasemdin fellur niður.

18. — 14. — B. XV. 5. (Húsmæðrafræðsla í Vík):
Fyrir »2500« kemur 1500

19. Við 14. gr. B. XV. 5. Nýr liður:
Til Guðrúnar Björnsdóttur, til garðyrkjukenslu og húsmæðrafræðslu á Knararbergi í Eyjafirði 1200
20. — 15. — 14. Nýr liður:
Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, alt að 5000
enda hafi verið safnað til útgáfunnar eigi minna en 25 þús. krónum.
21. — 15. — 20. (Páll Ísólfsson):
Fyrir »2500« kemur 1500
22. — 15. — 21. b. (Hljómsveit Reykjavíkur):
Fyrir »4000« kemur 3000
23. — 15. — 21. b. Nýr liður:
Til Lúðrasveitar Reykjavíkur 1500
24. — 15. — 21. c. (Til listaverkakaupa):
Liðurinn fellur niður.
25. — 15. — 21. d. (Guðm. Kamban):
Liðurinn fellur niður.
26. — 15. — 21. e. (Stefán frá Hvítadal):
Liðurinn fellur niður.
27. — 15. — 22. Liðurinn orðist svo:
Til sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, 3000 kr. með verðstuðulsuppbót 4200
28. — 15. — 30. (Guðm. Bárðarson):
Liðurinn fellur niður.
29. — 15. — 48. (Björn Björnsson):
Fyrir »2000« kemur 1500
30. — 15. — 48. Nýr liður:
Til Ólafs Hvanndals, utanfararstyrkur til þess að læra myndamótagerð fyrir litmyndaprentun 1500
31. — 15. — 49. (Jón Ófeigsson):
Liðurinn fellur niður.
32. — 16. — 3. (Sandgræðsla):
Fyrir »skal verja« í athugasemdinni kemur: má verja alt að.
33. — 16. — 4. (Til Búnaðarfjelaga):
Liðurinn fellur niður.
34. — 16. — 5. Liðurinn orðist svo:
Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum 275000
35. — 16. — 23. Nýr liður:
Til byggingar skjólgarðs í Krossavík á Hellissandi, $^1/_3$ kostnaðar, alt að 5000
36. — 16. — 27. (Sláturfjelag Suðurlands):
Liðurinn fellur niður.
37. — 16. — 29. Liðurinn orðist svo:

Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga, enda haldi það uppi námsskeiðum í trjeskurði 7000

38. Við 16. gr. 30. (Guðmundur Jónsson):
Liðurinn fellur niður.

39. — 16. — 39. a. (Laun leiðbeinanda um húsagerð):
Fyrir »4000« kemur 4500

40. — 16. — 39. c. (Steinsteypunkensla):
Liðurinn fellur niður.

41. — 16. — 40. (Álftveringar):
Á eftir »Skálm« kemur: 1/8 kostnaðar, alt að.

42. — 16. — 45. (Kristján Jónsson):
Liðurinn fellur niður.

43. — 16. — 46. (Sauðnaut):
Liðurinn fellur niður.

44. — 16. — 47. (Flugferðir):
Fyrir »5000« kemur 8000

45. — 16. — 47. Nýr liður:
Styrkur til gistihúss Hjálpræðishersins á Seyðisfirði ... 3000

46. — 17. — 17. Nýr liður:
Tillag til Alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union) 1000

47. — 18. — II. b. 20. Nýr liður:
Til Aðalbjargar Sigurðardóttur 1200

48. — 18. — II. c. 8. Tveir nýir liðir:
a. Til Jóns Þorsteinssonar... 390
b. Til Jóns Árnasonar 445

49. — 18. — II. d. 26. Nýr liður:
Til Guðríðar Ólafsdóttur 164,26

50. — 18. — II. e. 10. Nýr liður:
Til Jóhannesar Sigfússonar 1200

51. — 18. — II. f. 24. (Friðrik Jónsson):
Fyrir »450« kemur 300

52. — 18. — II. g. 7. (Helgi Pjeturss):
Fyrir »4000« kemur 6000

53. — 18. — II. i. 14. Nýr liður:
Til Jakobínu Jensdóttur 300

54. — 18. — II. i. 37. Tveir nýir liðir:
a. Til Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey 300
b. Til Jóhannesar Þorkelssonar fangavarðar, Akureyri 300

55. — 22. — 1. (Lán til frystihúsa):
Fyrir »100 þús.« kemur: 250 þús.

56. — 22. — 5. Liðurinn orðist svo:
Alt að 25 þús. kr. til Flateyrarhrepps, til rafstöðvar á Flateyri, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur

gilda. Lánið veitist gegn 6% vöxtum og greiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

57. Við 22. gr. 6. Liðurinn orðist svo:

Alt að 10 þús. kr. til Páls Stefánssonar, Ásólfsstöðum, til byggingar gistihúss, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið veitist gegn 6% vöxtum og greiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

58. — 22. — 7. Liðurinn orðist svo:

Alt að 30 þús. kr. til Mjólkurfjelagsins Mjallar, gegn ábyrgð hlutaðeigandi sýslufjelags eða annari tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið veitist gegn 6% vöxtum og greiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Nd. 616. Breytingartillögur

við frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 4. gr. Annar töluliður orðist svo:
Að setja umboðsmenn í verstöðvum, eftir því sem þurfa þykir.

Við 14. gr. Orðin »skoðun á síld og« falla niður.

Við 16. gr. Orðin »og lög frá 26. nóv. 1919, nr. 56, um skoðun á síld« falla niður.

Nd. 617. Breytingartillaga

við breytingartillögur á þskj. 611 [Fiskiveiðasjóður Íslands].

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 6. b. Orðin »enda gangi . . . . . hverskonar sjóveðrjetti« falli niður.

Nd. 618. Lög

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

(Afgreidd frá Nd. 28. mars).

1. gr.

6. gr. jarðræktarlaganna orðist svo:

Sjerhver sá, er á rjett til að fá styrk af opinberu fje samkvæmt lögum þessum, skal vera fjelagi í búnaðarfjelagi hrepps eða bæjar.

Búnaðarfjelag Íslands hefir eftirlit með öllum jarðræktarfyrirtækjum, sem unnin eru samkvæmt lögum þessum. Eftirlitið er falið trúnaðarmönnum, sem Búnaðarfjelag Íslands skipar í samráði við búnaðarsamböndin. Fjelagið fær mönnum þessum ítarleg erindisbrjef. Borgun fá þeir frá hlutaðeigandi sambandi og hreppsbúnaðarfjelagi, eftir reglum, sem Búnaðarfjelag Íslands setur í samráði við búnaðarsamböndin.

Stjórn hreppsbúnaðarfjelags skal árlega færa inn á skrá, samkvæmt því formi, er Búnaðarfjelag Íslands ákveður, allar jarðabætur á fjelagssvæðinu.

Bæjar- og hreppsfjelög hafa jafnan rjett og einstakir menn til styrks samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Skylt er að leggja 5% af styrk hvers jarðabótamanns í sjóð þess búnaðarfjelags, sem hann er meðlimur í, og skal Búnaðarfjelag Íslands við útreikning styrksins draga þann hluta frá og senda hlutaðeigandi búnaðarfjelagi, enda sje styrknum varið til sameiginlegrar starfsemi í fjelaginu.

3. gr.

Fyrir orðin »og má þá veita . . . . kostnaðar við verkið« í niðurlagi 7. gr. komi: og skal þá veita þeim, er verkið ljet framkvæma, styrk úr ríkissjóði, er nemi kr. 1.50 fyrir hvert metið dagsverk, þó aldrei meira en 1200 kr. fyrir hvert um sig.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Nú sljettar maður tún sitt eða eykur eða ræsir fram til túngræðslu, eða girðir tún eða land, sem tekið er til ræktunar, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemur 1 kr. fyrir hvert metið dagsverk, ef sannað er fyrir Búnaðarfjelagi Íslands, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er um ræðir í 9. og 11. gr. Enginn getur þó fengið hærri styrk samkvæmt þessari grein en 800 kr. fyrir hvers árs jarðabætur.

5. gr.

10. gr. fellur niður.

6. gr.

Upphaf 12. gr. orðist svo:

Nú gerir maður nýjan matjurtagarð, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi 1 kr. á hvert metið dagsverk, þar með talinn girðingarkostnaður, en eigi áburður.

Fyrir »400« í niðurlagi greinarinnar komi: 200.

7. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Atvinnumálaráðuneytið gefur út reglur, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, um hversu votheystóftir skuli gerðar og hvar settar. Nú hefir sá, er gera lætur votheystóft eftir að reglur þessar eru gefnar út, fylgt þeim í öllu, og Búnaðarfjelag Íslands telur, að hann hafi brýna þörf fyrir tóftina, og skal

þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi 50 aurum fyrir hvert metið dagsverk.

8. gr.

13. gr. laganna fellur niður.

9. gr.

Aftan við 14. gr. bætist:

Ágreining um kostnað við fyrirtæki þau, sem styrk fá úr ríkissjóði samkvæmt þessum kafla, úrskurðar ráðherra. Minni vinna hjá hverjum einstökum en 5 dagsverk nýtur ekki styrks samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

27. gr. orðist þannig:

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð er bygð, skal jafnan, þar sem við getur átt, ákveðið í byggingarbrjefinu, að leiguliði megi vinna af sjer landsskuld og leigur með jarðabótum á leigujörð sinni. Jarðabætur, sem leiguliði greiðir leigu og landsskuld með, skulu metnar til þeirrar greiðslu alt að 3 kr. hvert dagsverk.

Sama rjett hafa landsetar ríkissjóðs, sem nú eru, þar með taldir prestar og bændur á hjáleigum prestssetra, þó afgjald hjáleignanna sje metið upp í heimatekjur presta.

Með landsskuld af jörðum telst í þessu sambandi afgjald eftir allar jarðarnytjar, svo sem veiði, varp o. fl., þó að sjerstaklega sje metið.

11. gr.

29. gr. orðist svo:

Nú vill leiguliði á þjóðjörð eða kirkjujörð vinna af sjer landsskuld og leigur, eins og segir í 27. gr., að nokkru eða öllu leyti, og skal honum það heimilt með þeim jarðabótum, sem nefndar eru í II. kafla jarðræktarlaganna, 7.—13. gr. — Engin jarðabót er gild borgun upp í landsskuld og leigur, nema fullgerð sje og vel af hendi leyst að áliti Búnaðarfjelags Íslands, í gjalddaga þeirrar landsskuldar eða leigna, er greiða á með henni.

12. gr.

Styrkur úr ríkissjóði til hreppabúnaðarfjelaga skal nema 10 aurum fyrir hvert unnið dagsverk. Styrkurinn skiftist hlutfallslega milli búnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Styrk þennan skal leggja í sjóð, sem nefnist verkfærakaupasjóður.

Í sjóðinn skal auk þess árlega greiða úr ríkissjóði 20 þúsund krónur, er skiftist milli hreppabúnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Sú upphæð, er sjóði hvers hreppabúnaðarfjelags ber samkvæmt því, er að ofan getur, skal vera sjereign hvers fjelags.

13. gr.

Tilgangur sjóðsins er að ljetta undir með bændum, einstökum eða fleirum í fjelagi, að eignast hestaverkfæri til jarðræktar.

Búnaðarfjelag Íslands sjer um útvegun þeirra verkfæra, er sjóðurinn veitir styrk til að kaupa, og ákveður, af hvaða gerð þau skuli vera.

14. gr.

Eftir því sem fje sjóðsins hrekkur til árlega, skal því varið til að kaupa fyrir hestaverkfæri handa þeim bændum, sem leggja fram jafnmikið fje og nemur framlagi sjóðsins. Sá, er styrks beiðist, sendir umsókn sína, stílaða til Búnaðarfjelags Íslands, stjórn þess búnaðarfjelags, sem hann er meðlimur í, og sjer hún þá um útvegun verkfæranna hjá Búnaðarfjelagi Íslands og greiðslu andvirðis.

Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 300 krónur.

15. gr.

Nú er fje fyrir hendi í verkfærakaupasjóði eftir að fullnægt er styrkbeiðnum samkvæmt 14. gr., og njóta þá búnaðarfjelög sömu kjara og einstakir bændur, um helmings framlag úr sjóðnum til verkfærakaupa, og ákveða þá fjelögin sjálf, hvort þau nota verkfærin sem fjelagseign eða skifta þeim milli einstakra manna.

Heimilt er að styrkja með alt að 1/4 verðs kaup á jarðræktarvjelum, og sjeu þær þá eign búnaðarfjelags, enda sje áður fullnægt þeim styrkbeiðnum, er í 14. gr. og fyrri málsgrein þessarar greinar getur.

16. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn verkfærakaupasjóðs, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

Nánari ákvæði um starfsemi verkfærakaupasjóðs getur atvinnumálaráðuneytið sett með reglugerð, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

17. gr.

VII og VIII. kafli jarðræktarlaganna (41.—43. gr.) falla niður.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda um allar þær jarðabætur, sem mældar verða á árinu 1928.

Ed. **619. Frumvarp**

til laga um atvinnurekstrarlán.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita Landsbanka Íslands ábyrgð ríkissjóðs fyrir reikningsláni erlendis frá ári til árs, að upphæð alt að 5 milj. kr.,

er notað verði til þess að veita bændum til sveita og sjávar rekstrarlán fyrir milligöngu sparisjóða og annara tryggra peningastofnana samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Af fje því, sem ræðir um í 1. gr., veitir Landsbankinn lán til sparisjóða, banka og bankaútibúa utan Reykjavíkur með þessum skilyrðum:

a. Peningastofnanir þessar mega eingöngu nota fjeð til þess að lána það út til rekstrarlánafjelaga samkvæmt þessum lögum.
b. Þær endurgreiði Landsbankanum lánin að fullu ásamt vöxtum fyrir hver áramót.
c. Vextir miðist á hverjum tíma við lánskjörin á reikningsláni því, er um ræðir í 1. gr., að viðbættri framfærslu, sem fjármálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum bankaráðs.

3. gr.

Peningastofnanir þær, er fá lán hjá Landsbankanum samkvæmt 2. gr., veita lán til rekstrarlánafjelaga með þessum skilmálum:

a. Skipulag rekstrarlánafjelagsins sje í samræmi við ákvæði þessara laga og fjelagsmenn ábyrgist lánið einn fyrir alla og allir fyrir einn. Ennfremur getur stjórn peningastofnunarinnar krafist frekari trygginga, þar á meðal framsals á tryggingum þeim, er fjelagsmenn setja rekstrarlánafjelaginu samkvæmt 4. gr. c.
b. Höfuðstóll lánsins endurgreiðist að fullu fyrir 15. des. ár hvert og vextir fyrir áramót. Heimilt er í einstökum tilfellum að semja um aðra gjalddaga.
c. Ef ekki er staðið að fullu í skilum með greiðslu höfuðstóls og vaxta á rjettum tíma, verður fjelagið svift rekstrarláni næsta ár, eða lengur, ef miklar sakir eru.

4. gr.

Skipulag rekstrarlánafjelaga skal vera sem hjer segir:

a. Fjelagsmenn skulu allir vera búsettir í sama bygðarlagi og mega ekki vera færri en 10 og ekki fleiri en 30. Þó mega fjelagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
b. Stjórn fjelagsins skal skipuð 3 mönnum, formanni og tveim meðstjórnendum, er kosnir sjeu til eins árs á aðalfundi í janúarmánuði ár hvert. Á sama fundi skal kjósa einn endurskoðanda fyrir reikninga fjelagsins, en stjórn peningastofnunar þeirrar, er fjelagið skiftir við, skipar annan endurskoðanda.
c. Stjórn fjelagsins ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern fjelagsmann, í samráði við endurskoðendur, fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við búrekstur fjelagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks fjelagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr.
d. Fjelagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar fjelagsins gagnvart lánveitanda.
e. Hver fjelagsmaður setur fjelaginu fult veð eða aðra tryggingu fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma. Hreppsábyrgð má

taka gilda sem tryggingu fyrir lánum einstakra manna, enda ákveði hreppsnefndin upphæð þá, sem ábyrgðin tekur til. Ábyrgð fjelagsmanna verður ekki tekin gild sem trygging.

f. Hver fjelagsmaður greiði inngöngugjald í fjelagið, 10 krónur, sem leggja skal í varasjóð fjelagsins. Í varasjóð skal hver fjelagsmaður ennfremur greiða árlega $^1/_2$% af hámarki rekstrarláns síns. Varasjóðurinn skal ávaxtaður í peningastofnun þeirri, er fjelagið skiftir við, og skulu vextir jafnan leggjast við höfuðstól. Heimilt er að nota varasjóðinn til rekstrarlána handa fjelaginu, til viðbótar því fje, sem fengið er að láni í því skyni samkvæmt 2. gr. Varasjóður er óskiftileg eign fjelagsins, og má ekki skerða hann nema eftir tillögu fjelagsstjórnarinnar í samráði við endurskoðendur, og sje tillagan samþykt á aðalfundi af $^2/_3$ fjelagsmanna.

g. Þegar eftir hvern aðalfund skal fjelagsstjórnin senda stjórn peningastofnunar þeirrar, er fjelagið skiftir við, afrit af endurskoðuðum reikningum fjelagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðendanna, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar.

5. gr.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstrarlánafjelög og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþyktum slíkra fjelaga.

6. gr.

Peningastofnun sú, er veitir rekstrarlánafjelagi lán, skal án sjerstaks endurgjalds halda reikning yfir viðskiftin við hvern einstakan fjelagsmann og reikna út fyrir hver áramót vexti þá, er hverjum fjelagsmanni ber að standa skil á, en fjelagsstjórnin annast greiðslu vaxtanna í einu lagi.

7. gr.

Nú þykir fjelagsstjórninni þörf á hærri upphæð til rekstrarlána handa fjelagsmönnum en fáanleg er að láni samkvæmt 3. gr., að viðbættum varasjóði fjelagsins, og er fjelaginu þá heimilt að veita viðtöku innlögum frá fjelagsmönnum til viðbótar. Fje þetta skal fjelagsstjórnin geyma og ávaxta í peningastofnun þeirri, sem fjelagið skiftir við, þá tíma ársins, sem það er ekki notað til rekstrarlána, en peningastofnunin annast um útborganir, tekur við endurgreiðslum og reiknar út vexti á sama hátt og um rekstrarlán það, er hún sjálf veitir fjelaginu.

8. gr.

Fjármálaráðherra getur sett reglur um hámark vaxtaframfærslu og viðskiftagjalds fyrir fje það, sem peningastofnanir taka við frá Landsbankanum og lána út samkvæmt þessum lögum, á þeim grundvelli, að peningastofnunin fái starfrækslukostnað sinn vegna þessara viðskifta endurgoldinn og hæfilegan afgang fyrir áhættu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **620. Nefndarálit**

um frv. til laga um Menningarsjóð.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Í staðinn fyrir »Mentamálanefnd landsins« komi: Mentamálaráð.
   b. Næstsíðasti málsliður orðist svo: Einum þriðjunginum skal varið til að kaupa listaverk fyrir landið, til verðlauna fyrir og útgáfu á uppdráttum af byggingum, húsbúnaði og fyrirmyndum fyrir heimilisiðnað í þjóðlegum stíl. Einnig má verja fje til útgáfu veggmynda eftir íslenskum listaverkum til heimilisprýði.
2. Við 3. gr.
   a. Á undan síðasta málslið komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
      Ef einhver þessara manna skorast undan störfum fyrir Menningarsjóðinn, skipar Mentamálaráðið mann í hans stað.
   b. Fyrir »mentamálanefndar landsins« í síðasta málslið komi: Mentamálaráðs.
3. Við 5. gr. Fyrir »mentamálanefnd landsins« í síðasta málslið komi: Mentamálaráðið.
4. Við 6. gr.
   a. Orðið »óháðan« í fyrsta málslið fellur niður.
   b. Orðin »og formenn mentamálanefnda beggja deilda« í síðasta málslið falli niður.

Alþingi, 27. mars 1928.

Ásgeir Ásgeirsson, form. og frsm. | Magnús Jónsson, með fyrirvara. | Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirvara.

Sveinn Ólafsson. Lárus Helgason.

Nd. **621. Nefndarálit**

um frv. til laga um samskóla Reykjavíkur.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 27. mars 1928.

Ásgeir Ásgeirsson, Magnús Jónsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **622. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 1. gr. 2. Orðin »nema síldartunnum og kjöttunnum og tilsniðnu efni í þær« falli niður.

Við 1. gr. 4. Í stað stafliðanna a., b. og c. komi:

a. Af salti 1 kr. af hverri smálest.
b. Af kolum 2 kr. af hverri smálest.
c. Af steinolíu 15 aurar af hverjum 50 kg.

Orðin í næstsíðustu málsgr. 1. gr.: »síldartunnur, kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðaefni« falli niður.

2. gr.

Lög nr. 50, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Nd. **623. Breytingartillaga**

við frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá Bernharði Stefánssyni.

Við 1. gr. Síðari málsliður orðist svo: Heimilt er þó innlendum verksmiðjum að selja til útlanda beinlausa síld og síld lagða í olíu eða krydd í dósum.

Ed. **624. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1926.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og borið saman við LR. fyrir árið 1926 og engan mismun fundið. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 28. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form., frsm. Jón Baldvinsson, fundaskrifari.
Björn Kristjánsson. Jón Þorláksson. Einar Árnason.

Ed. **625. Nefndarálit**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1926.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og borið það saman við athugasemdir endurskoðenda landsreikninganna 1926; leggur hún til, að frv. sje samþykt.

Alþingi, 28. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form., frsm. Jón Baldvinsson, fundaskrifari.
Björn Kristjánsson. Jón Þorláksson. Einar Árnason.

Ed. **626. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun síldarbræðslustöðva.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson og Ingvar Pálmason.

Við 2. gr. Aftan við gr. bætist: enda hafi báðar deildir Alþingis lagt samþykki sitt á söluna.

Ed. **627. Nefndarálit**

um frv. til laga um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta er komið frá háttv. neðri deild. Hefir landbúnaðarnefndin athugað það, og vill meiri hl. hennar mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Nefndinni þykir rjett að taka það fram, að hún ætlast til, að framlag til sandgræðslu í Strandarlandi verði tekið af sandgræðslufje.

Alþingi, 29. mars 1928.

Einar Árnason, form. Jón Baldvinsson, fundaskrifari og frsm.

Nd. **628. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þskj. 355 [Loftskeytanotkun].

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. (brtt. við 3. gr.).
   a. Fyrir »loftskeytastöð« í upphafi fyrstu málsgreinar komi: landssímastöð.
   b. 2. málsgrein orðist svo:
   Á íslenskum loftskeytastöðvum og hverju íslensku veiðiskipi með loftskeytatækjum skal rita í sjerstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum með nákvæmri stund- og dagsetningu og í töluröð, svo sem ger verður ákveðið í reglugerð. Ennfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem frekast er fært, öll innlend loftskeyti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskifti þeirra við land. Skulu stöðvarnar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda landssímastjórninni frumrit allra þeirra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, er náðst hafa, en hún sendir þau dómsmálaráðuneytinu að lokinni skoðun. Í lok hvers árs skulu sömu aðiljar senda landssímastjórninni bækur þær, sem skeytin eru rituð í fyrir það ár, en hún afhendir þær dómsmálaráðuneytinu. Sjávarútvegsnefndum Alþingis skal heimilt að rannsaka bækur þessar.
2. Við 3. (brtt. við 5. gr.). Fyrir »rjetti til að senda loftskeyti« í 2. málslið komi: rjetti til loftskeytaskifta milli lands og veiðiskipa.

Ed. **629. Nefndarálit**

um frv. til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. neðri deild og felast í því allmiklar breytingar á lögunum um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða.

Allar miða breytingarnar að því að tryggja það betur en nú er, að lögin verði ekki misnotuð. Telur nefndin flest þessi ákvæði til bóta, og sjerstaklega það eftirlit með kjörgögnum, sem frv. gerir ráð fyrir. Þó telur nefndin óþarfa að breyta um lit á kjörblöðum, nema við hverjar almennar kosningar, bæði kjördæmakosningar og landskjör. Vegna aukakosninga, sem oft geta komið fyrir, þurfa sýslumenn og bæjarfógetar ávalt að hafa nokkrar birgðir af kjörgögnum; því við slíkar kosningar eru allir frestir venjulega styttir, og verður þá eigi unt að koma kjörgögnum frá stjórnarráðinu út um alt land. En sýslumenn og bæjarfógetar geta á stuttum tíma komið þeim til kjörstjóra í hjeraði sínu. Því þótt eigi sje kosið nema í einu kjördæmi, eiga kjósendur, eftir þessum lögum, fullan rjett á því að kjósa hjá kjörstjóra hvar sem er á landinu. Og verða kjörgögn þá að vera til hjá hverjum kjörstjóra.

Upprunalega voru þessi lög sett sjerstaklega vegna sjómanna, sem fjarstaddir eru á kjördegi. Enda byrjar 1. gr. laganna svo: »Sjómenn og aðrir, sem staddir eru utan þess hrepps« o. s. frv. Vill nefndin færa þetta í sama horf í frv. Þetta er ekki síður nauðsynlegt vegna þess, að sumstaðar hefir orðið ágreiningur um það, hvort sjómenn, er róa á sjó frá heimili sínu innan hrepps eða kaupstaðar, er þeir standa á kjörskrá, megi kjósa utan kjörstaðar, ef þeir ætla í sjóferð. Nefndin vill með breytingunni láta í ljós, að sjómenn eigi rýmri rjett í þessu efni.

Meiri hluti nefndarinnar vill láta athuga og meta hin skriflegu atkvæði þegar í byrjun kjörfundar, svo sem nú er gert, og miða breytingarnar við 6. gr. að því. Einn nefndarmanna (J. Bald.) er á móti þessum breytingum, og skrifar hann undir nál. með fyrirvara. Nokkrar smáar breytingartillögur eru aðeins til skýringar. Með þessum formála leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Upphaf 1. greinar skal orða svo:
   Sjómenn og aðrir, sem staddir eru o. s. frv.
2. Við 2. gr. Fyrir orðin »hverjar kosningar« í 4. málslið 1. málsgr. komi: hverjar almennar kosningar.
3. Við kjörblaðið. Undir vottorði kjörstjóra standi:
   Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili.
4. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna í 1. málslið »brjóta hann síðan . . . . . vandlega aftur« komi: loka honum síðan, þannig, að það verði innan á, er hann hefir skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.
   b. Fyrir orðin í 3. málsgr. 1. málslið »loka því vandlega og« komi: og loka því vandlega. Síðan skal.
   c. Fyrir »ónýst« síðast í 4. málsgrein komi: ónýtst.
5. Við 6. gr.
   a. 1. málsgr. skal orða svo:
      Þegar á kjörfund kemur, athugar kjörstjórnin, hvort innsigli atkvæðakassans sjeu heil og ósködduð, opnar síðan kassann og tekur úr honum umslögin. Síðan opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá. Ef svo reynist, að sá, sem brjefið er frá, standi á kjörskrá, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritið af kjörskránni. Komi fram umslag með ónýtum seðli, skal kjörstjórnin athuga fylgibrjefið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ógilda seðla, sem hún sendir til yfirkjörstjórnar.
   b. Upphaf 2. málsgr. skal orða svo:
      Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða sje staddur á kjörstaðnum eða sje búinn að greiða atkvæði o. s. frv.
6. Við 9. gr. 3. málslið til enda greinarinnar skal orða svo:
   Sýslumenn og bæjarfógetar senda síðan stjórnarráðinu afrit bókanna,

skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar varðveita hin ónotuðu kjörgögn til notkunar við aukakosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefir verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna og semur skýrslu um notkun kjörgagna og sendir Alþingi.

Alþingi, 29. mars 1928.

Jón Baldvinsson, form., með fyrirvara.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jón Þorláksson.

Nd. **630. Frumvarp**

til laga um stofnun síldarbræðslustöðva.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og starfrækja, eða láta starfrækja, síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi og annarsstaðar, þar sem hentast þykir.

2. gr.

Nú verður síldarbræðslustöð gerð á kostnað ríkissjóðs, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samlagi eða samvinnufjelagi síldveiðimanna, ef slíkur fjelagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi báðar deildir Alþingis lagt samþykki sitt á söluna.

3. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. greinar, er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, alt að 1 miljón króna, er greiðist af tekjum stofnananna á næstu 25 árum.

4. gr.

Rekstri stofnananna skal hagað eftir reglugerð, er stjórnarráðið setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði um stundarsakir.

Meðan byggingu síldarbræðslustöðva verður ekki við komið, heimilast stjórninni að taka síldarbræðslustöð á leigu og starfrækja á kostnað ríkissjóðs, ef kostur er á með viðunandi kjörum.

Ed. **631. Nefndarálit**

um frv. til laga um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykt með nokkrum breytingum. Aðalbreytingin er sú, að þar sem 7. gr. frv. á að koma beinlínis í stað 231. gr. hegningarlaganna, og þannig að falla úr lögum með öllu upptalning þeirrar greinar á því, hverjar tegundir þjófnaðar nefnist »stórþjófnaður«, þá vill nefndin láta 231. gr. halda áfram að gilda hvað þetta snertir, en breyta refsiákvæðunum í samræmi við uppástungur frv. Að öðru leyti verður gerð grein fyrir brtt. í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 5. gr. Orðið »ævarandi« í 3. málsgr. falli burt.
2. Við 7. gr. Fyrir orðin »vegna þess . . . . . geymslustað þess« komi: greinir í 231. gr. hegningarlaganna, 1.—5. lið.
3. Við 17. gr. Fyrir »230.—234. gr.« komi: 230. gr., 232.—234. gr.

Alþingi, 29. mars 1928.

Jón Baldvinsson, form.	Jón Þorláksson, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.

Nd. **632. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Menningarsjóð.

Frá Magnúsi Jónssyni og Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 2. gr. Fyrir »yfirstjórn« í fyrsta málslið kemur: stjórn.
2. Við 3. gr. Greinin fellur niður.
3. Við 5. gr. Greinin orðast svo:

Mentamálaráð getur kvatt sjer til ráðuneytis sjerfróða menn um einstakar starfsgreinir sjóðsins. Það getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verslun þá með bækur, er leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálft ræður það og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar, og frágangi þeirra. Þegar mentamálaráð verður að dæma um efni, er snertir persónulega einhvern eða einhverja meðlimi ráðsins, skulu þeir víkja sæti, en mentamálaráð getur kvatt annan eða aðra til aðstoðar, meðan úr þeim málum er skorið.

4. Við 6. gr. Í stað »öll sjóðstjórnin« í síðasta málslið kemur: alt mentamálaráð.

Ed. **633. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjármálaráðherra lagði frumvarp þetta fram í neðri deild fyrir skömmu, og eru tildrögin þau, að veðdeildarflokkur sá, er nú starfar, mun þrjóta á sumri komanda. Ber því mikla nauðsyn til að gefa út nýja flokka bankavaxtabrjefa, svo að eigi stöðvist lánveitingar úr veðdeild Landsbankans. Leggur nefndin áherslu á þetta, og eins á hitt, að sjeð verði fyrir fje til kaupa á veðdeildarbrjefum, svo gangverð þeirra verði eigi lægra en nú er. Það er tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 29. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form.
Jón Þorláksson.
Björn Kristjánsson.
Jón Baldvinsson, fundaskrif. og framsm.
Einar Árnason.

Nd. **634. Frumvarp**

til laga um atvinnuleysisskýrslur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórnum skal skylt að safna skýrslum 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert um atvinnu og atvinnuleysi allra sjómanna,

verkamanna, verkakvenna og iðnaðarmanna og kvenna í kaupstaðnum. Ágrip af skýrslunum skal þegar í stað sent Hagstofu Íslands, er birtir yfirlit yfir þær.

2. gr.

Þar sem verkalýðsfjelög eru á staðnum, skulu bæjarstjórnir leita samninga við þau um að taka að sjer söfnun skýrslnanna.

3. gr.

Kostnaður við skýrslusöfnun greiðist að þriðjungi úr ríkissjóði og tveimur þriðjungum úr hlutaðeigandi bæjarsjóði.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Nd. **635. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 152, með breytingunum (1.—6.) á þskj. 409.

Nd. **636. Tillaga**

til þingsályktunar um háskólanám annara en stúdenta og um meistara- og doktorspróf.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Hjeðinn Valdimarsson, Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing tillögur til breytinga á lögum nr. 35, 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, er heimili mönnum:

a. að stunda nám við háskólann og taka þar embættispróf, ef þeir hafa til þess nægan þroska og þekkingu, þótt ekki hafi þeir tekið stúdentspróf.
b. að taka meistara- og doktorspróf við háskólann, ef þeir hafa samið og afhent háskólaráðinu vísindalegar ritgerðir, er fullnægja þeim skilyrðum, sem gera verður til slíkra ritgerða, þótt þeir engin próf hafi tekið áður.

Á s t æ ð u r.

Það er alkunnugt, að allmargir menn ná þeim þroska, sem mentaskóla-

námi er ætlað að veita, og afla sjer nægilegrar undirstöðuþekkingar til háskólanáms án þess að hafa sótt mentaskólann eða tekið burtfararpróf við hann eða annan lærðan skóla honum jafngildan. En það er auðvitað fyrst og fremst þroski og eðlishæfileikar, sem gera menn hæfa til háskólanáms. Liggur í augum uppi, að það er óviturlegt mjög að bægja þroskuðum hæfileikamönnum frá háskólanámi, þótt þeir einhverra orsaka vegna ekki hafi lokið prófi við mentaskólann eða annan honum jafngildan, eða sjeu of gamlir orðnir til að setjast á bekk í slíkum skóla.

Doktorsprófi er ætlað að sýna hæfileika manna til fræðimensku og vísindastarfa, en veitir eigi rjett til embætta. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að þroskaðir menn geta aflað þekkingar og vísindalegs starfhæfis án þess að hafa stundað háskólanám í þeirri grein, er þeir fást við, enda viðurkennir háskólinn það með því að lofa mönnum, sem lokið hafa prófi í einni fræðigrein, t. d. lögfræði, að ljúka doktorsprófi í annari, t. d. sögu, þó að doktorsefnið hafi ekkert háskólanám stundað í henni, en sje þar algerlega sjálfmentaður.

Ýms helstu menningarlönd álfunnar hafa svipuð ákvæði og hjer er gert ráð fyrir í háskólalöggjöf sinni.

Nd. **637. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Flm.: Hannes Jónsson og Halldór Stefánsson.

3. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **638. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum.

Flm.: Hannes Jónsson og Halldór Stefánsson.

Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
3. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1930.

Nd.

639. Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1929.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin sjer enga ástæðu til að fjölyrða alment um frumvarpið eins og það nú liggur fyrir. Það er öllum hv. deildarmönnum kunnugt, að tekjuhallinn er nú kr. 665068,95. Hitt er líka öllum kunnugt, að tekjuhallinn er gerður í Nd. af ráðnum huga, í trausti þess, að tekjuaukafrumvörp þau, er nú liggja fyrir þinginu, verði samþykt og geti mætt þeim halla, sem á frumvarpinu er nú.

Þar sem hv. neðri deild virtist vera einhuga um það, að sjálfsagt væri að auka gjöldin að miklum mun, og þar sem telja verður, að hún beri alla ábyrgð á þeim tekjuhalla, sem nú er orðinn, þá mætti vænta þess, að sú verði afgreiðsla hennar á tekjufrumvörpunum, að ekki verði til vandræða stýrt um fjárhag ríkissjóðs.

Fjárveitinganefndin hefir hagað meðferð sinni á frv. á þá lund, að treysta mætti þeim tekjuauka, sem hv. Ed. hefir afgreitt. Hún hefir því ekki gert neinar stórfeldar niðurskurðartillögur, en þó frekar stefnt í þá átt að minka tekjuhallann.

Um tekjukaflann gerir nefndin engar tillögur að þessu sinni, en mun athuga hann til 3. umræðu.

Hjer skal þá í aðalatriðunum gerð grein fyrir helstu breytingartillögum nefndarinnar.

12. gr.

Nokkur undanfarin ár hefir verið ætlaður 2600 kr. styrkur til Ólafsfjarðarbúa, til þess að þeir gætu haldið sjerstakan lækni, en styrkurinn var því skilyrði bundinn, að þeir legðu sjálfir fram jafnmikla upphæð. Þetta hefir ekki komið til framkvæmda, aðallega vegna þess, að hreppsbúar hafa ekki treyst sjer til þess að leggja fram svo mikla upphæð. Nú eru miklar líkur til, að þeir geti fengið til sín lækni, með því að þeir leggi fram sem svarar 1600 kr. á móti ríkissjóðsstyrknum, og vill nefndin mæla með því, að framlag Ólafsfjarðarbúa verði lækkað um 1000 kr., en ríkissjóðsstyrkurinn haldist óbreyttur.

Nefndinni hefir borist erindi frá stjórn Heilsuhælisfjelags Norðurlands, þar sem óskað er 10 þús. króna framlags úr ríkissjóði til að fullgera Kristneshæli, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Fylgir erindinu lokareikningur yfir byggingu hælisins, er sýnir, að allur stofnkostnaður þess er kr. 531057,85. Upp í þetta hefir ríkissjóður greitt 256 þús. krónur, og vantar þá kr. 9528,92, til þess að hann hafi greitt helming kostnaðar. Nefndin sjer ekki, að komist verði hjá því að greiða þessa upphæð, og ætlar til þess alt að 10 þús. krónum.

Jón Kristjánsson, veitingamaður á Akureyri, hefir sent erindi, þar sem hann fer fram á 4000 kr. bætur úr ríkissjóði fyrir skaða, er hann hafi beðið af völdum sóttvarnarráðstafana. Nefndin hefir sannfærst um, að þessi maður hafi orðið fyrir allmiklu tjóni, og vill veita honum nokkra úrlausn með því að heim-

ila stjórninni að greiða honum 2000 kr. af því fje, sem í fjárlögum er ætlað til varna gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Rauðakrossdeild Akureyrar sækir um 3000 kr. styrk til þess að starfrækja »Hjálparstöð fyrir berklaveika á Akureyri«. Nefndin vill viðurkenna nauðsyn þessarar starfsemi með því að veita 1000 kr. styrk í þessu skyni.

13. gr.

Í frumvarpi stjórnarinnar eru ætlaðar 10 þús. kr. til Kjalarnesvegar. Þessi upphæð var hækkuð um helming í Nd. Nefndin sjer ekki brýna ástæðu til þess, að hækkað sje tillagið til þessa vegar, frekar en annara þeirra vega, er í stjórnarfrumvarpinu stóðu, og leggur því til, að fjárhæðin sje sett eins og áður var.

Nefndin leggur til, að feldur sje niður styrkurinn til gistihúsbyggingar á Ásólfsstöðum. Liggja til þess meðal annars þær ástæður, að á fjölmörgum stöðum á landinu myndi vera þörf fyrir slíkar byggingar. En hinsvegar væri það allmiklum vandkvæðum bundið, ef ríkissjóður ætti að veita styrk til allra þeirra bygginga, er sótt yrði um styrk til vegna umferðar. Yrði vandsjeð, hvar ætti að styrkja og hvar ekki. En hitt væri víst, að margir myndu sækja. Hinsvegar vill nefndin láta standa lánsheimild þá, sem veitt er í 22. gr., og telur það góða úrlausn fyrir hlutaðeigandi mann.

14. gr.

Liðinn til vísindalegra áhalda við mentaskólann vill nefndin hækka lítið eitt, vegna þess að umsókn hefir komið um styrk til þess að kaupa nauðsynleg viðbótaráhöld við skuggamyndavjel, sem skólinn hefir nýlega eignast. Er svo frá skýrt, að vjelin komi eigi að fullum notum, nema þessi viðbótarstyrkur fáist.

Iðnaðarmannafjelagið á Akureyri hefir komið upp allmyndarlegum skóla. Hefir fjelagið bygt nýtt hús fyrir hann og unnið kappsamlega að því að gera hann sem best úr garði. Nú sækir það um 2500 kr. styrk, og vill nefndin hækka þann styrk, sem því er ætlaður í frumvarpinu, upp í 1200 kr. í tilefni af því, að hlutaðeigendur hafa sjálfir lagt á sig töluverð útgjöld til þess að búa vel að skólanum.

Í Haukadal hefir Sigurður Greipsson reist hús með heimavistum fyrir íþróttaskóla. Er sá skóli þegar tekinn til starfa og aðsókn svo mikil, að húsrúm hrekkur ekki. Fyrir því sækir hann nú um styrk nokkurn, til að auka húsrúmið og endurbæta. Nefndin væntir, að þessi skóli geti orðið að miklu gagni, og vill jafnframt viðurkenna áhuga þessa manns með því að veita honum í eitt skifti 3000 kr. styrk.

Styrkinn til Staðarfellsskólans vill nefndin færa í sömu upphæð eins og í frumvarpi stjórnarinnar, og sömuleiðis styrkinn til Óskar á Ísafirði. Jafnframt vill hún setja styrkinn til húsmæðrafræðslu í Vík í samræmi við húsmæðrafræðslustyrkinn í Mjóanesi.

Guðrún Björnsdóttir sækir um styrk til garðyrkjukenslu og húsmæðrafræðslu á heimili sínu, Knararbergi í Eyjafirði. Bygging er þar ný, og getur hún rúmað 8 nemendur. Kona þessi er mjög vel fær um garðyrkju alla og hússtjórn og hefir starfað að því mörg undanfarin ár, bæði utanlands og í gróðrarstöðinni

á Akureyri. Hún hafði og á hendi um eitt skeið forstöðu kvennaskólans á Blönduósi. Skóli þessi á Knararbergi hefir nú verið starfandi í vetur, og því sækir nefnd forstöðukona hans um 2000 kr. styrk. Vill nefndin mæla með því, að henni verði veittar 1200 kr.

15. gr.

Við þessa grein hefir nefndin gert nokkrar breytingartillögur.

Í fyrsta lagi leggur nefndin til, að veittur verði alt að 5000 kr. styrkur til fjelagsmanna hjer í Reykjavík, sem bundist hafa um það samtökum að gefa út í nýrri og vandaðri útgáfu íslensk fornrit. Er ætlast til, að mikið fje safnist til þessa fyrirtækis með almennum samskotum, sem þegar eru hafin. Verður ekki byrjað á útgáfunni fyr en fengist hefir á þennan hátt 25 þús. króna fjárupphæð. Útgáfu ritsins verður skift milli ýmsra fræðimanna, en svo er til ætlast, að prófessor Sigurður Nordal hafi aðalumsjón með útgáfunni. Nefndin er sammála um, að þörf sje á slíkri útgáfu.

Þá þótti nefndinni rjett að verða að nokkru við tilmælum Lúðrasveitar Reykjavíkur, ekki síst vegna væntanlegrar þátttöku hennar í mannfagnaði á Alþingishátíðinni 1930. Undirbúningsnefnd Alþingishátíðarinnar mælir með umsókninni og telur styrk nauðsynlegan.

Nefndin vill fella niður liðinn til listaverkakaupa og sömuleiðis fjárveitingu til Guðm. Bárðarsonar til jarðfræðirannsókna, með því að hún lítur svo á, að þessir liðir báðir heyri undir Menningarsjóð.

Nefndin leggur til, að niður falli 2400 kr. styrkur til Guðmundar Kambans og 2000 kr. styrkur til Stefáns frá Hvítadal. Telur hún, að þessir menn gætu komið til greina við úthlutun á þeim lið, sem ætlaður er skáldum og listamönnum.

Þá leggur meiri hluti nefndarinnar það til, að fjárveitingin til sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar lækki um 2100 krónur frá því, sem samþykt var í Nd., og jafnframt að engar krófur verði gerðar til vinnu frá hans hendi framvegis. Þessi liður verður að vísu allmiklu hærri en lagt var til í stjórnarfrumvarpinu, en nefndin vill taka til greina fjárskort, elli og aðrar kringumstæður þessa manns, og telur því rjett, eftir atvikum, að ríkissjóður greiði honum svona háan styrk.

Styrkurinn til Ólafs Hvanndals er tekinn upp vegna þess, að hann einn hjerlendra manna kann að myndamótagerð, og er það honum að þakka, að hjer er hægt að prenta myndir án þess að senda þær út úr landinu til mótunar. En hann kann ekki að gera litmyndamót, og á styrkurinn að gera honum kleift að bæta við sig þeirri kunnáttu.

Þá vill meiri hluti nefndarinnar fella niður 2000 króna greiðslu (hina 1. af fjórum) til Jóns kennara Ófeigssonar, vegna vinnu hans við orðabók Sigfúsar Blöndals. Enda þótt nefndin viðurkenni, að Jón hafi unnið mikið og gott verk við orðabókina, þá lítur hún svo á, að hann hafi fengið allverulega borgun fyrir það verk, þar sem hann á 5 árum hefir fengið greiddar um 20 þús. krónur fyrir starf, sem hann hefir getað stundað auk embættis síns.

16. gr.

33. og 34. brtt. Aðeins fært til samræmis við jarðræktarlögin, svo sem þau hafa nú verið samþykt í þinginu.

Vitamálastjóri hefir látið gera uppdrátt af skjólgarðinum í Krossavík á Hellissandi og áætlun um verkið. Árin 1922 og 1923 var bygður þarna skjólgarður, sem hefir orðið mótorbátaútveg á Sandi að miklu liði. En það hefir komið í ljós, að botnleðja og þari vill skolast inn í höfnina og þannig smáfylla hana upp. Viðbótin er hugsuð með sjerstakri hliðsjón af þessari hættu.

Nefndin leggur til, að niður falli 10 þús. króna styrkur til Sláturfjelags Suðurlands til þess að reisa niðursuðuverksmiðju. Virðist henni ástæða til að ætla, að þetta stóra og tiltölulega mjög vel setta fjelag geti komið fyrirtækinu í verk með þeirri lánsheimild, sem þingið hefir samþykt, án þess ríkið veiti beinan styrk fyrirfram.

Þá hefir nefndin fært saman í eitt og hækkað um 200 kr. 29. og 30. lið — til Sambands ísl. heimilisiðnaðarfjelaga og til Guðm. Jónssonar frá Mosdal til að halda uppi kenslu í trjeskurði og heimilisiðnaði. — Geir G. Þormar á Akureyri sótti um styrk til þingsins til þess að kenna trjeskurð og halda uppi námsskeiðum á Norður- og Austurlandi. Nefndin ætlast til, að Samband ísl. heimilisiðnaðarfjelaga hlutist til um, að Guðm. Jónsson frá Mosdal og Geir G. Þormar á Akureyri haldi uppi kenslu á námsskeiðum í þessari grein, Guðmundur á Vesturlandi, en Geir á Norður- og Austurlandi, og greiði þeim af þessari upphæð hæfilega borgun, eftir því sem um semst.

Nefndin vill láta falla niður þá 20 þús. króna fjárupphæð, sem Nd. samþykti til innflutnings á sauðnautum. Álítur hún, að innflutningur þeirra, ef nokkru nemur, hljóti að kosta mikið fje, en hinsvegar tvísýnt um árangur.

Þess skal getið um styrk til undirbúnings flugferða, að fyrir nefndinni vakir það, að alt að 6500 krónum af þeirri upphæð verði varið til flugnáms. — Telur nefndin líklegt, að eitthvað verði fengist við flugferðir hjer á landi í náinni framtíð, og að því muni það reynast hentugt, eða jafnvel nauðsynlegt, að til sje í landinu innlendur maður, sem hafi þekkingu og verklega kunnáttu í þessari grein.

Þá leggur nefndin til, að Hjálpræðishernum verði veittur 3000 króna styrkur til kaupa á gistihúsi á Seyðisfirði. Þetta er í fullu samræmi við það, sem þingið hefir gert áður, þar sem það hefir styrkt samskonar gistihús í Reykjavík, Hafnarfirði og Ísafirði. Gistihús þetta er hið eina, sem nú er á Seyðisfirði, og er þess hin mesta þörf.

17. gr.

Við þessa grein hefir nefndin gert þá einu brtt., að greiddar skuli 1000 kr. til Alþjóðahjálpar-sambandsins (International Relief Union). Ætlast nefndin til, að ríkið gerist meðlimur í sambandinu, að fengnum nánari upplýsingum, með árstillagi sem næst þessari upphæð.

Fjelag þetta er alþjóðafjelag, og er sá tilgangur þess að veita þjóðum skjóta og verulega hjálp, þegar stórfeld slys eða hörmungar af völdum náttúr-

unnar ber að höndum. Telur nefndin auðsætt, að Íslendingum mundi geta orðið mikið gagn að þátttöku í slíkum fjelagsskap.

18. gr.

Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja próf. Haralds Níelssonar, og Guðríður Ólafsdóttir, ekkja sjera Jóns Arasonar á Húsavík, hafa báðar mist menn sína nú alveg nýverið. Ekkja hins fyrnefnda mun vera mjög fátæk, en á tvö börn í ómegð. Leggur nefndin til, að henni verði á þessum lið veittar 1200 kr. Um hina síðarnefndu var farið eftir tillögum biskups, og miðast upphæðin við 300 króna eftirlaun alls. Einnig fór nefndin að mestu eftir tillögum biskups um upphæð til prestanna sjera Jóns Þorsteinssonar á Möðruvöllum og sjera Jóns Árnasonar á Bíldudal, sem báðir láta af embætti í vor vegna elli og heilsubilunar. Báðir þessir prestar eru efnalausir. Er ætlast til, að eftirlaun hins fyrnefnda verði alls 1200 kr., en hins síðarnefnda 1000 kr.

Þá leggur nefndin til, að Jóhannesi yfirkennara Sigfússyni verði veittar 1200 kr. til viðbótar við lögákveðin eftirlaun. Hann er nú 75 ára að aldri og hefir starfað í þjónustu ríkisins sem kennari í 45 ár.

Einnig vill nefndin hækka liðinn til dr. Helga Pjeturss. Var sú leið farin að miða þar við hámarkslaun prófessora háskólans.

22. gr.

Eftir ósk fjármálaráðherra var liðurinn til frystihúsalána hækkaður um 150 þús. krónur. Að öðru leyti eru breytingarnar aðeins til samræmis við aðra liði sömu greinar.

Hjer hefir þá stuttlega verið minst á helstu breytingar, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á frv. Verður þeirra nánar getið í framsögu, og þá jafnframt gerð grein fyrir hinum, sem hjer hafa ekki verið nefndar.

Alþingi, 29. mars 1928.

Einar Árnason, form. Páll Hermannsson, fundaskrifari og frsm.
Erlingur Friðjónsson. Jóh. Jóhannesson. Ingibjörg H. Bjarnason.

Ed. **640. Frumvarp**

til laga um tilbúinn áburð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að taka í sínar hendur einkasölu á hverskonar tilbúnum áburði frá 1. okt.

1928. Þá er þetta hefir verið ákveðið, er engum öðrum heimilt að flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Árin 1929, 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

3. gr.

Áburðurinn er ekki útvegaður og seldur öðrum en hrepps- og bæjarfjelögum, búnaðarfjelögum, samvinnufjelögum bænda og kaupmönnum. Heimilt er að leggja á áburðinn alt að 2%. Það skal vera undantekningarlaus regla, að áburðurinn sje greiddur við móttöku. Að öðru leyti setur ríkisstjórnin, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, reglur um rekstur verslunarinnar.

4. gr.

Rekstrarfje til verslunar þessarar, svo og allan annan kostnað við framkvæmd laga þessara, greiðir ríkissjóður.

Nd. **641. Þingsályktun**

um aukið lán til frystihúsa og um bygging nýs kæliskips.

(Afgreidd frá Nd. 29. mars).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að veita á yfirstandandi ári, með þeim skilmálum, sem til eru teknir í gildandi fjárlögum, 200000 kr. að láni til frystihúsa, svo framarlega sem fram á það verður farið, og greiðist úr ríkissjóði það af þessu fje, sem ekki kynni að vera fyrir hendi í viðlagasjóði, enda færist lánið yfir á hinn síðarnefnda sjóð, þegar hann er þess megnugur að greiða það ríkissjóði.
2. Að leita samninga við Eimskipafjelag Íslands um byggingu nýs kæliskips á borð við Brúarfoss, á svipuðum grundvelli og lagður var, er samið var um það skip, og leggja fyrir næsta Alþingi niðurstöðu þeirra samningaumleitana í frumvarpsformi, ef samningar nást.

Ed. **642. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1929.

I. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 2. gr. 9. (Skólagjöld).

Liðurinn fellur niður.

II. Frá *dómsmálaráðherra.*

1. Við 10. gr. III. 2. (Meðferð utanríkismála).
Athugasemd á eftir: Fjárhæð þessa skal greiða í dönskum krónum.

2. Við 11. gr. A. 6. (Skrifstofukostn. sýslum. og bæjarfóg.).
Fyrir »95000« kemur 100000

III. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 12. gr. 15. l. Nýr liður:
Til kvenfjelagsins á Hellissandi, til hjúkrunarstarfsemi 400

IV. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 12. gr. 15. n. Nýr liður:
Til Axels Guðmundssonar frá Grímshúsum, til söngkenslunáms erlendis 2500

V. Frá *Jóhannesi Jóhannessyni.*
Við 12. gr. 15. s. Nýr liður:
Til Evu Hjálmarsdóttur, til framhaldsdvalar í heilsuhæli í Danmörku, lokastyrkur 1000

VI. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 13. gr. B. II. a. 1. Nýr liður:
Stykkishólmsvegur 20000
Til vara 15000

VII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 13. gr. B. II. a. 2. Nýr liður:
Til akvegar yfir Fjarðarheiði, 1. framlag 100000

VIII. Frá *Guðmundi Ólafssyni.*
Við 13. gr. B. II. a. 4. Nýr liður:
Til Langadalsvegar 12000

IX. Frá *Jóhannesi Jóhannessyni.*
Við 13. gr. B. II. a. 11. Nýr liður:
Fjarðarheiðarvegur 50000

X. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 13. gr. B. X. Nýr liður:
Til Ólafs Sveinssonar vitavarðar, til þess að fullgera akveg að Reykjanesvita 800
Til vara.
Við 13. gr. E. VI. d. Athugasemd á eftir:
Af þessum lið er heimilt að veita Ólafi Sveinssyni

vitaverði 800 krónur, til þess að fullgera akveg að Reykjanesvita.

XI. Frá *dómsmálaráðherra.*

1. Við 14. gr. B. I. m. Nýr liður:
   Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, fyrsta greiðsla af fjórum 2500
2. Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
   Til Björns Gunnlaugssonar læknis, til sjerfræðinams í Þýskalandi 1000
3. Við 14. gr. B. II. h. Nýr liður:
   Til Axels Guðmundssonar, til þess að fullnuma sig í söngkenslu 1000

XII. Frá *Guðmundi Ólafssyni.*

Við 14. gr. B. II. h. Nýr liður:
Til Árna Björnssonar, til háskólanáms, lokastyrkur ... 1000

XIII. Frá *Jónasi Kristjánssyni.*

Við 14. gr. B. II. h. Nýir liðir:
a. Til Jóns J. Blöndals frá Stafholtsey, til hagfræðináms 1000
b. Til Agnars Norðfjörðs, til hagfræðináms 1000

XIV. Frá *Páli Hermannssyni.*

Við 14. gr. B. II. h. Nýr liður:
Til Skúla Þórðarsonar, til háskólanáms 1000

XV. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við 14. gr. B. II. h. Nýr liður:
Til Þórarins Jónssonar tónlistarnema í Berlín 1000

XVI. Frá *dómsmálaráðherra.*

1. Við 14. gr. B. II. (Námsstyrkur erlendis).
   Athugasemd á eftir: Námsstyrkir þessir skulu greiddir í íslenskum peningum.
2. Við 14. gr. B. III. 9. (Kenslubækur handa mentaskólanum).
   Liðurinn fellur niður.

XVII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

1. Við 14. gr. B. VII.
   Athugasemdin (um skólagjöld) fellur niður.
2. Við 14. gr. B. XIII. 8. Nýr liður:
   Til Hallgríms Jónssonar kennara, utanfararstyrkur ... 1200

XVIII. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*

1. Við 14. gr. B. XIII. 8. Nýr liður:
   Til Steinþórs Guðmundssonar skólastjóra á Akureyri, utanfararstyrkur, til þess að kynna sjer reynslu annara þjóða um notkun kvikmynda og skuggamynda í þarfir fræðslu og menningar 2500
2. Við 14. gr. B. XIV. 2. Liðinn skal orða svo:
   Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur 50000

XIX. Frá *dómsmálaráðherra.*

Við 14. gr. B. XIV. 3. Nýr liður:
Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^{3}/_{5}$ kostnaðar, alt að 10000
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.

XX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 14. gr. B. XIV. 4. (Flensborgarskólinn).
Athugasemdin (um skólagjöld) fellur niður.

XXI. Frá *dómsmálaráðherra.*

Við 14. gr. B. XIV. 6. Nýr liður:
Til þess að gefa út kenslubækur handa skólum 2500

XXII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

1. Við 14. gr. B. XIV. 8. Nýr liður:
   Til Andrjesar J. Straumlands, til að stunda nám við alþýðuskóla í Englandi 1200
2. Við 15. gr. 2. b. Í stað »og aðstoðarmanns« komi: og til aðstoðar eftir reikningi.
3. Við 15. gr. 10.
   Í stað »3400« kemur 3800
   Aftan við athugasemdina bætist: og gefi út niðurlagið af ritgerðinni um dómkirkjuna á Hólum.

XXIII. Frá *Erlingi Friðjónssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*

Við 15. gr. 14. Nýr liður:
Til útgáfufjelags Flateyjarbókar á Akureyri 3000

XXIV. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason* og *Jóhannesi Jóhannessyni.*

Við 15. gr. 21. c. Nýr liður:
Til frú Ingibjargar Stein-Bjarnason, til framhalds listmálaranámi 1500

XXV. Frá *Jóni Baldvinssyni, Birni Kristjánssyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. 21. e. Nýr liður:
Til Brynjólfs Þórðarsonar listmálara, til framhaldsvistar erlendis, til heilsubótar og til þess að fullkomna sig í málaralist (lokastyrkur) 1500

XXVI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
1. Við 15. gr. 21. e. Nýr liður:
Til Jóns Jónssonar frá Hvoli 200
2. Við 15. gr. 35. Liðinn skal orða svo:
Til dr. Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót 2800
Til vara: Í stað »1200« kemur 2000
3. Við 16. gr. 12. c. Nýr liður:
Til Ásgeirs Ó. Einarssonar, til dýralækningaaáms ... 1200
Til vara 1000

XXVII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 16. gr. 21. Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs á Neseyri í Norðfirði, 1/3 kostnaðar, alt að... 2500

XXVIII. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 16. gr. 21. Nýr liður:
Til hafnarmannvirkja í Oddeyrarbót á Akureyri ... 75000

XXIX. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 16. gr. 23. Nýr liður:
Til hafnarbóta í Ólafsvík 15000

XXX. Frá *Jónasi Kristjánssyni.*
Við 18. gr. II. b. 9. (Rannveig Tómasdóttir).
Fyrir »300« kemur 800
Til vara 600

XXXI. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 18. gr. II. i. 14. Nýr liður:
Til Hildar Jónsdóttur ljósmóður 300

XXXII. Frá *Jónasi Kristjánssyni.*
Við 18. gr. II. i. 37. Nýr liður:
Til Valgerðar Arnljótsdóttur 600
Til vara 400

XXXIII. Frá *atvinnumálaráðherra* og *Einari Árnasyni.*

Við 22. gr. 1. Nýr liður:

Til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum alt að helmingi stofnkostnaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Búin sjeu rekin á samvinnugrundvelli og reist á þeim stað, sem af Búnaðarfjelagi Íslands telst hentugastur fyrir hlutaðeigandi hjerað. Vextir sjeu 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist svo með jöfnum afborgunum á 25 árum.

XXXIV. Frá *dómsmálaráðherra.*

Við 22. gr. 9. Nýr liður:

Alt að 5 þús. kr. til Bjarna Runólfssonar í Hólmi, til þess að koma upp verkstæði vegna raflýsingar sveitabæja, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið skal vera vaxtalaust, en greiðast með jöfnum afborgunum á 20 árum.

XXXV. Frá *atvinnumálaráðherra* og *Einari Árnasyni.*

Við 23. gr. II. Nýr liður:

Að veita styrk í eitt skifti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum (sbr. 22. gr. 2), sem nemi alt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sje því aðeins greiddur, að fyrirtækið sje fullbúið til starfrækslu.

XXXVI. Frá *Halldóri Steinssyni.*

Við 23. gr. IV. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 15 þús. kr. lán til hafnarbóta í Ólafsvík, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar.

XXXVII. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*

Við 23. gr. IV. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 120000 króna lán til barnaskólabyggingar Akureyrarkaupstaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar.

Ed. **643. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 1. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar

eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra, eða umboðsmanni hans, reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll, svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, skal lögreglustjóri, eða umboðsmaður hans, stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 15% af innkaupsverði þeirra vara, nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

Í stað »20%« í staflið A. komi: 30%.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1930.

Ed. **644. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 1. gr. 2. Orðin »nema síldartunnum og kjöttunnum og tilsniðnu efni í þær« falli niður.

Við 1. gr. 4. Í stað stafliðanna a., b. og c. komi:

a. Af salti 1 kr. af hverri smálest.
b. Af kolum 2 kr. af hverri smálest.
c. Af steinolíu 15 aurar af hverjum 50 kg.

Orðin í næstsíðustu málsgr. 1. gr.: »síldartunnur, kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðaefni« falli niður.

2. gr.

Lög nr. 50, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **645. Lög**

um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

(Afgreidd frá Ed. 30. mars).

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Bæjarstjórn stýrir málefnum kaupstaðarins. Í henni eru kjörnir fulltrúar og bæjarfógeti; hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum.

Samþykki meiri hluti kjósenda með leynilegri atkvæðagreiðslu, skal í stað bæjarfógeta kosinn bæjarstjóri til alt að 6 ára í senn, á sama hátt og bæjarfulltrúar. Hann skal launaður af bæjarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Ed. **646. Lög**

um varasáttanefndarmenn í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 30. mars).

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera 3 varasáttanefndarmenn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **647. Lög**

um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

(Afgreidd frá Ed. 30. mars).

1. gr.

Í Nikulásarkeri í Norðurá er bönnuð laxveiði, önnur en stangaveiði.

2. gr.

Greiða skal Stafholtspresti fullar bætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 1. gr., eftir mati dómkvaddra manna, og skulu bæturnar vera árgjald, sem metið er í eitt skifti fyrir öll.

Laxveiðifjelag Norðurár greiðir bæturnar, en sýslumaður innheimtir á manntalsþingi.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum, frá 100—1000 kr., er renna að helmingi í sveitarsjóð Stafholtstungnahrepps og að helmingi til uppljóstrarmanns. Svo skal og upptækt alt ólöglegt veiðifang og ólögleg veiðiáhöld. Mál út af brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en koma þó ekki til framkvæmda fyr en laxveiðifjelagið er löglega stofnað, enda svo ákveðið í lögum þess, að fjelagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn að standa skil á bótunum.

Nd. **648. Lög**

um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysatryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 30. mars).

1. gr.

1. gr. 2. a. laganna orðist svo:

Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar í sambandi við það og hverskonar bifreiðastjórn, hvort heldur sem er til vöruflutninga eða mannflutninga.

2. gr.

Í staðinn fyrir orðin »4000 kr.« í staflið b. í 4. gr. komi: 6000 kr.

3. gr.

a. Í staðinn fyrir »2000 kr.« í fyrstu málsgrein 5. gr. komi: 3000 kr.

b. Í staðinn fyrir »200 kr.« á tveim stöðum í 5. gr. 4, þriðju málsgr., komi: 300 kr., og í staðinn fyrir »400 kr.« komi: 600 kr.

4. gr.

4. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Útgerðarmenn róðrarbáta og vjelbáta, minni en 5 smálestir, greiða aðeins $^{7}/_{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Síðasti málsliður fyrri málsgreinar 12. gr. laganna orðist svo:

Skal lögreglustjóri þá, og hvenær sem slysatryggingin óskar þess, halda próf í málinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

7. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 44, 27. júní 1925, og gefa þau út svo breytt.

Nd. **649. Nefndarálit**

um frv. til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Fyrir orðið «atvinnubóta« í síðustu málsgr. komi: atvinnubóka.
2. Við 4. gr. Fyrir orðið »aðalinnheimtu« komi: innheimtu.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Verslunarstaðirnir Skildinganes við Skerjafjörð og Viðey heyra að öllu leyti undir umdæmi Reykjavíkur um tollgæslu og lögreglustjórn.

Alþingi, 29. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Bernh. Stefánsson.

Nd. **650. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun síldarbræðslustöðva.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Við 2. gr. Orðin »enda hafi . . . . . á sölunaa« falli burt.

Ed. **651. Frumvarp**

til laga um að undanþiggja Íslandsbanka inndráttarskyldu seðla árið 1928.

Frá fjárhagsnefnd.

Íslandsbanka skal ekki skylt að draga neitt af seðlum sínum úr umferð á árinu 1928.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum forsætisráðherra, f. h. bankaráðs Íslandsbanka, og felur í sjer eins árs framlengingu á samskonar ákvæði í lögum frá 1927.

Ed. **652. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 30. mars 1928.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Einar Árnason.

Ed. **653. Nefndarálit**

um frv. til laga um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað fylgst að í þessu máli og jeg ekki getað fallist á, að samþykkja beri frv. þetta. Skal jeg að vísu játa, að þörf beri til þess, að

tilraun sje gerð til þess að hefta sandfokið í Strandarlandi, eins og víðar í Selvogi, ef unt er. En jeg fæ ekki sjeð, að Strandarkirkju sem slíkri beri nein skylda til þess að leggja fram fje til slíkra framkvæmda, þar sem hún á ekkert land sjálf, nema það, sem hún stendur á. Þó að kirkjunni væri gefin uppblásin auðn, verður sú gjöf aðeins til kostnaðar og byrði fyrir kirkjuna. Ennfremur tel jeg efasamt, að leyfilegt sje að verja fje kirkjunnar til þeirra umbóta í Strandarlandi, sem frv. fer fram á. Fjeð hefir verið gefið kirkjunni í guðsþakkaskyni og hefir hingað til verið varið samkvæmt tilgangi sínum. Þær umbætur, sem gerðar yrðu í Strandarlandi, kæmu sveitinni til góða, en ekki kirkjunni.

Jeg legg til, að frv. verði felt.

Alþingi, 31. mars 1928.

Jónas Kristjánsson.

Nd. **654. Breytingartillögur**

við frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd. Skulu þeir hafa aðsetur við Eyjafjörð eða Siglufjörð frá 1. júlí til septemberloka. Þrír af nefndarmönnum skulu tilnefndir af atvinnumálaráðherra til eins árs í senn, en tveir tilnefndir til sama tíma af síldarútvegsmönnum um land alt, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Jafnmarga varamenn skal útnefna af sömu aðiljum. Útflutningsnefnd kýs sjer formann þegar eftir að útnefning nefndarmanna hefir farið fram. Fái enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.
2. Við 3. gr. Orðin »Kosning framkvæmdarstjóra . . . . í auð sæti« falli burt. Í stað þeirra komi:
   Útflutningsnefnd velur framkvæmdarstjórana með hlutfallskosningu. Framkvæmdarstjórum má segja upp starfinu með sex mánaða fyrirvara.
3. Við 4. gr. 1. Orðin »og einnig hvenær hætta skuli . . . . til útflutnings« falli burt.
4. Við 4. gr. 3. Eftir orðunum »Skal miða greiðslur við« komi: árlegt.
5. Við 5. gr. a. Orðið »vörumagn« falli burt, en í stað þess komi: magni og gæðum þeirrar síldar.
6. Við 6. gr. Greinin falli burt.
7. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðunum »óskar eftir að fá selda« komi: enda tilgreini hann nöfn

og tölu þeirra báta, er hann hygst að nota til veiðanna, og hve mikið hann ætli hverjum þeirra að veiða í salt.

b. Orðin »enda skal sú ákvörðun . . . 1. júní ár hvert« falli burt. Í stað þeirra komi: má nefndin þá veita hverju skipi veiðileyfi til verkunar fyrir ákveðinn tunnufjölda, sem miðist við stærð skipsins. Þó skulu reknetabátar fá að salta hlutfallslega meira, miðað við stærð, en herpinótaskip. Ákvarðanir nefndarinnar um þetta skulu tilkyntar síldarframleiðendum í síðasta lagi 1. júní ár hvert.

c. Orðin »Má í því efni . . . undanfarin ár« falli burt. Í stað þeirra komi: Má í því efni hafa til hliðsjónar aðstöðu hans til framleiðslunnar, svo sem skipakost og bryggju, framleiðslumagn hans undanfarin ár, vöruvöndun og skilsemi.

d. Síðasta málsgrein falli burt.

8. Við 8. gr. Fyrir »$^1/_4$%« komi: $^1/_2$%.

9. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Nd. 655. Breytingartillaga

við breytingartillögur á þingskj. 654 [Einkasala á útfluttri síld].

Frá Gunnari Sigurðssyni.

Við 1. brtt. Í stað orðanna í 3. málslið »Þrír af nefndarmönnum . . . . til eins árs í senn« komi: Þrír af nefndarmönnum skulu kosnir hlutfallskosningu til eins árs í senn af sameinuðu Alþingi.

Nd. 656. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um að fella niður útflutningsgjald af síld, er seld var til Rússlands 1927.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er að vísu eigi fyllilega sammála um meðferð þessa máls og telur eftirgjafir á lögmæltum tekjum ríkissjóðs hættulegar vegna fordæmisins, jafnvel eins og hjer stendur á.

Hinsvegar telur hún rjett að veita í þetta sinn útflytjendum nokkra viðurkenningu þess, að þeir með sendingu síldarinnar hófu tilraunasölu, sem fyrir-

fram var sýnilegt, að eigi gæti skaðlaus orðið, en laut að útfærslu markaðar fyrir íslenska síld.

Nefndin leggur því til, að till. verði samþykt.

Alþingi, 31. mars 1928.

Sv. Ólafsson, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, frsm.	Ólafur Thors, með fyrirvara.
	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Nd. **657. Breytingartillögur**

við frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá Pjetri Ottesen.

1. Við 2. gr. Í stað »en hinn af útgerðarmannafjelagi . . . . . er stofnaður« kemur: en hinn af þeim mönnum, er gerðu út skip á síldveiðar við Norðurland næsta ár á undan kosningu, og kemur eitt atkvæði fyrir hvert skip, þar með taldir mótorbátar.
2. Við 4. gr. 2. Aftan við 2. málslið bætist: alt samkvæmt þar að lútandi reglugerð, sbr. 14. gr.
3. Við 4. gr. 4. Á eftir orðunum »nýrra markaða« kemur: sbr. 8. gr.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

   Nú er nauðsynlegt vegna einkasölunnar að taka á leigu bryggju eða bryggjur, og er framkvæmdarstjórninni þá heimilt að gera það til eins árs í senn.
5. Við 8. gr. Í stað orðanna »í hvorn sjóð $^1/_4\%$« kemur: í varasjóð $^1/_4\%$, en í markaðsleitarsjóð $^3/_4\%$.
6. Við 11. gr. Fyrir orðin »eftir 8. gr.« kemur: sbr. 4. gr. 3.

Nd. **658. Nefndarálit**

um frv. til áfengislaga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir haft frv. til meðferðar á 2 fundum, og hafa 4 af 5 nefndarmönnum orðið ásáttir um að leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt. Að vísu eru ákvæði í frv., sem sumir nefndarmanna hefðu kosið nokkuð á annan veg, en hafa þó ekki viljað eiga það á hættu, að frv. dagi uppi vegna brtt., sem

samþyktar kynnu að verða í deildinni. Að því leyti, sem einstakir nefndarmenn hafa sjerstöðu, munu þeir gera grein fyrir því í umræðum, eftir því sem þurfa þykir.

Alþingi, 31. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson, form., með fyrirvara.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Magnús Guðmundsson, frsm.
	Bernharð Stefánsson.	

Nd. **659. Breytingartillögur**

við frv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá dómsmálaráðherra.

Við 2. gr.

b.-liður orðast svo: Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli.

c.-liður orðast svo: Að norðan: frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hliðargjá.

Ed. **660. Lög**

um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

(Afgreidd frá Ed. 31. mars).

1. gr.

Fyrri málsgrein 2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skifta sólarhringnum í 3 vökur. Skulu $^2/_3$ hlutar háseta skyldir að vinna í einu, en $^1/_3$ hluti þeirra eiga hvíld, og skal svo skifta vökum, að hver háseti hafi að minsta kosti 8 klst. óslitna hvíld í sólarhring hverjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Nd. **661. Nefndarálit**

um frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

1. minni hluti nefndarinnar leggur til, að frv. nái fram að ganga með þeirri breytingu, að starfssamningar yfirmanna varðskipanna gildi ekki að því er þá snertir nema eitt ár. Telur þetta samræmara meginreglum laga um starfssamninga.

Minni hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 3. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:

Dómsmálaráðherra skal gera starfssamning við skipstjóra, stýrimenn og vjelstjóra, er bindandi sje af hálfu ráðuneytisins til 6 ára í senn, en til eins árs af hálfu þessara yfirmanna. Hvor samningsaðilja getur þó að öðru leyti sagt upp samningnum með 3 mánaða fyrirvara, og dómsmálaráðherra getur vikið mönnum þessum o. s. frv.

Alþingi, 31. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm. Bernharð Stefánsson.

Nd. **662. Frumvarp**

til laga um Menningarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Menningarsjóður. Tilgangur hans er að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn íslenskrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar. Til sjóðsins falla árlega allar tekjur af seldu áfengi, hverju nafni sem nefnist, sem ólöglega er flutt til landsins og upptækt gert af rjettvísinni, allar tekjur af seldum skipum, sem af samskonar ástæðu hafa verið gerð upptæk, svo og allar sektir fyrir brot á áfengislöggjöfinni, bæði samkvæmt landslögum og lögreglusamþyktum. Í fyrsta skifti skal falla til sjóðsins hluti ríkissjóðs fyrir upptækt vín og áfengissektir árið 1927.

2. gr.

Mentamálaráð hefir á hendi yfirstjórn Menningarsjóðs. Í apríl ár hvert skiftir sjóðsstjórnin innkomnum tekjum frá síðastliðnu ári í

þrjá jafna hluta. Skal einum þriðjunginum varið til þess að gefa út góðar alþýðlegar fræðibækur og úrvals skáldrit, frumsamin eða þýdd. Annar þriðjungurinn gengur til að kosta vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins og til útgáfu vísindalegra ritgerða um íslenska náttúrufræði. Einum þriðjunginum skal varið til að kaupa listaverk fyrir landið, til verðlauna fyrir og útgáfu á uppdráttum af byggingum, húsbúnaði og fyrirmyndum fyrir heimilisiðnað í þjóðlegum stíl. Einnig má verja fje til útgáfu veggmynda eftir íslenskum listaverkum til heimilisprýði. Þegar sjerstaklega stendur á, má verja tilteknum hluta af tekjum Menningarsjóðs til bygginga fyrir náttúrugripasafn landsins og listasafn.

3. gr.

Bókaútgáfu Menningarsjóðs stýra þrír menn sjálfkjörnir: Prófessorarnir í íslenskum bókmentum og sögu við háskólann í Reykjavík og kennarinn í íslensku við kennaraskóla landsins. Sá hluti sjóðsins, sem verja skal til náttúrufræðilegra rannsókna, stendur undir stjórn annara þriggja sjálfkjörinna manna: Forstöðumanns náttúrugripasafnsins í Reykjavík og kennaranna í náttúrufræði við mentaskólann í Reykjavík og gagnfræðaskólann á Akureyri. Ef einhver þessara manna skorast undan störfum fyrir Menningarsjóðinn, skipar Mentamálaráðið mann í hans stað. Sá hluti sjóðsins, sem á að styðja listir, stendur undir beinni stjórn mentamálaráðs.

4. gr.

Þegar tekjur Menningarsjóðs verða eitthvert ár meiri en að áliti yfirstjórnar sjóðsins getur talist meðallag, skal taka frá í húsbyggingarsjóð tveggja af hinum þrem deildum (sbr. 2. gr.) það, sem umfram verður meðaltekjur. Skulu þessir tveir byggingarsjóðir ávaxtast í Landsbankanum, og má ekki skerða þá fyr en yfirstjórn sjóðsins með samþykki Alþingis lætur byrja á að reisa hinar umræddu byggingar. Þeim þriðjungi af óvenjulegum tekjum sjóðsins, sem ekki gengur til að byggja söfn yfir listaverk landsins og náttúrugripi, skal verja til að kosta útgáfu merkilegra ritverka, sem eru stærri en það, að venjulegar árstekjur útgáfudeildarinnar nægi til að standast kostnaðinn.

5. gr.

Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verslun þá með bækur, er óbjákvæmilega leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálft ræður mentamálaráðið og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar, og frágangi þeirra. Þegar svo vill til, að hinir sjálfkjörnu stjórnarmenn í útgáfu- eða náttúrufræðideild sjóðsins verða að dæma um efni, er snerta þá persónulega, skal mentamálaráðið skipa hæfa menn í þeirra stað, meðan úr þeim málum er skorið.

6. gr.

Sú deild Menningarsjóðs, er styður íslenska listaþróun, skal kaupa jöfnum höndum listaverk eftir málara og myndhöggvara og bæði taka tillit til hins varanlega gildis listaverkanna og að skapa markað fyrir listaverk eftir íslenska menn, án tillits til búsetu. Heimilt er að verja 1/5 hluta

af árstekjum þessarar deildar til að verðlauna teikningar af húsum og húsmunum í þjóðlegum stíl, þar sem leitað er samræmis við höfuðdrætti í náttúru landsins. Aldrei má þó verja meiru en 2000 kr. á ári til slíkra verðlauna, nema öll sjóðsstjórnin samþykki.

7. gr.

Fjármálaráðuneytið annast alla innheimtu á tekjum Menningarsjóðs samkv. 1. gr. Handbært fje sjóðsins skal jafnan geymt í Landsbankanum. Endurskoðendur landsreikninga skulu árlega endurskoða reikninga allra deilda sjóðsins, enda sje hann síðan prentaður í Stjórnartíðindunum.

8. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **663. Frumvarp**

til laga um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. kafli.

Um refsingar.

1. gr.

Líflátshegning er úr lögum numin. Hvarvetna þar í lögum, er glæpur varðar lífláti, komi í þess stað tyftunarhúsvinna æfilangt.

2. gr.

Vinnuskylda skal vera samfara hegningu í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

3. gr.

Hvarvetna þess, er fangelsi við vatn og brauð liggur við afbroti, má í þess stað dæma brotamann til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi í eigi skemri tíma en 12 daga og eigi lengur en 6 mánuði.

4. gr.

Ákvæðin um skilorðsbundna hegningardóma í 1.—4. gr. laga nr. 39, 16. nóvember 1907, taka einnig til manns, sem dæmdur er samkvæmt hinum almennu hegningarlögum eða 6. gr. laga þessara í alt að eins árs betrunarhússvinnu.

II. kafli.

Um landráð og ýms afbrot.

5. gr.

72. grein hinna almennu hegningarlaga skal hljóða þannig:

Veki maður uppreisn eða geri samsæri í þeim tilgangi að koma hinu íslenska ríki eða nokkrum hluta þess undir yfirráð annara, þá varðar það tyftunarhúsvinnu ævilangt.

Hver, sem annars vísvitandi stofnar frelsi ríkisins eða hlutleysi í hættu, eða tekur þátt í þvílíkri uppreisn, sem greinir í 1. málsgrein, skal sæta hegningarvinnu, ekki skemur en 2 ár. Sje um gálauslegt athæfi að ræða, varðar það fangelsi eða hegningarvinnu alt að 3 árum.

6. gr.

Hver, sem sekur verður um þjófnað, skal í fyrsta sinn sæta fangelsi eða betrunarhússvinnu alt að 2 árum.

Ef hið stolna er eigi 30 króna virði og engin atvik eru samfara afbrotinu, er þyngi saknæmi þess, og hinn seki hefir eigi áður orðið uppvís að auðgunarglæp, má færa refsinguna niður í sektir, og skal málssókn því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við.

7. gr.

Ef þjófnaðarafbrotið er mjög stórfelt, svo sem greinir í 231. gr. hegningarlaganna, 1.—5. lið, má þyngja refsinguna fyrir afbrotið alt að 6 ára betrunarhússvinnu.

8. gr.

Nú hefir maður, er til refsingar skal dæma samkvæmt 6. eða 7. gr., áður verið dæmdur fyrir þjófnað eða fyrir brot þau, er ræðir um í 23. — 27. kap. hinna alm. hegningarlaga, og má þá hækka refsinguna um alt að helmingi af þeirri refsingu, er hann hefði hlotið annars. Ef hann oftar en einu sinni er áður dæmdur fyrir þessi afbrot, má refsingin verða tvöfalt þyngri.

9. gr.

Nú verður vinnufær maður sveit sinni til þyngsla sökum óreglu eða slæpingsskapar, eða hann af sömu ástæðum vanrækir framfærsluskyldu sína gagnvart öðrum, sem við það verða bjargþrota, eða hann fyrir þessar sakir greiðir ekki úrskurðað meðlag með maka sínum eða barni, og skal þá refsa honum með fangelsi, ef hann vill ekki sinna forsvaranlegri vinnu, sem fátækrastjórn eða lögreglustjóri vísar honum á. Ef brotið er endurtekið, má refsa honum með alt að 1 árs betrunarhúsvinnu.

10. gr.

Nú þykir lögreglustjóra ástæða til að ætla, að maður hafi ekki ofan af fyrir sjer á löglegan hátt, og er hann þá skyldur til að skýra frá, af hverju

hann hafi framfærslu sína og færa rök að. Ef hann gerir það ekki, eða atvinnan er ólögleg, skal refsa honum með fangelsi, enda liggi ekki þyngri refsing við eftir öðrum lögum.

11. gr.

Nú hefir maður verið dæmdur samkvæmt 9. eða 10. gr. eða oftar en einu sinni fyrir auðgunarglæp, og getur þá lögreglan lagt fyrir hann að gefa sig fram á ákveðnum tímum og gefa skýrslu um, hvar hann býr eða dvelur og hvaða atvinnu hann stundar.

12. gr.

Sá, sem gerir sjer atvinnu af fjárhættuspilum eða að koma öðrum til þátttöku í þeim, skal sæta fangelsi, eða alt að 1 árs betrunarhúsvinnu, ef miklar sakir eru.

Nú fremur maður brotið í aðalatvinnu sinni, og má þá með dómi svifta hann rjetti til þeirrar atvinnu um lengri eða skemri tíma eða að fullu og öllu.

13. gr.

Sá, sem af ásettu ráði lætur fjárhættuspil fara fram í húsum, er hann hefir umráð yfir, skal sæta sektum eða fangelsi. Sá, sem tekur þátt í slíku spili, sæti sektum.

14. gr.

Fjárhættuspil skulu öll spil um peninga eða peningavirði talin, nema lögleyfð sjeu, enda sje spilið þess eðlis og það, sem undir er lagt, svo mikils virði, að telja megi ávinningslöngunina aðalatriðið.

Veðmál, teningskast og annað slíkt skal undir sama skilorði talið til fjárhættuspila.

Með dómi skal ákveðið, að vinningur af fjárhættuspili skuli gerður upptækur.

III. kafli.

Um nokkrar breytingar á orðalagi almennra hegningarlaga.

15. gr.

Í stað orðanna »danska«, »dansks«, »danskur«, »danskra« í 5., 62., 73., 74., 76., 266. og 268. gr. almennra hegningarlaga komi: íslenska, íslensks, íslenskur, íslenskra.

IV. kafli.

Hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928. Þó verður ákvæðum 2. og 3. greinar

aganna ekki beitt fyr en dómsmálaráðuneytið hefir gefið út reglugerð um, hvar og hvernig vinnan komi til framkvæmda.

17. gr.

Ákvæði 1. og 4.—8. gr. taka til allra mála, sem ekki eru dæmd úrslitadómi áður en lögin öðlast gildi, en 9.—14. gr. taka aðeins til brota, sem framin eru eftir þann tíma.

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 230. gr., 232.—234. gr. og 237. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ed. **664. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn hefir ekki getað fallist á frumvarp þetta. Telur minni hlutinn hvorttveggja, að eigi sje þörf á frekari tekjum en ýms önnur tekjufrumvörp veita, sem fyrir þinginu hafa legið, og svo virðist engin trygging fyrir, að tekjur mundu aukast að nokkrum mun, þó frumvarp þetta yrði samþykt.

Það mun vera reynsla annarsstaðar, að þegar beinir skattar eru orðnir óeðlilega háir, þá byrji menn á því að beita að minsta kosti öllum löglegum ráðum til að komast hjá að borga skattinn, og sennilega mundi eins verða hjer. Auk þess draga háir beinir skattar úr öllum framkvæmdum, sparnaðarlöngunin hverfur við það, að hið uppsparaða fje er að miklu leyti jafnharðan tekið af þeim, sem hafa vilja til að starfa og spara saman fje, sem bæði þeir sjálfir og engu síður aðrir njóta góðs af.

Alþingi, 31. mars 1928.

Björn Kristjánsson, frsm. Jón Þorláksson.

Nd. **665. Nefndarálit**

um frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála hinum hlutum nefndarinnar. Að vísu virðist frumvarpið að sumu leyti skárra en lög þau, sem nú gilda, nr. 41 og 51

1927, en hinsvegar koma hásetar og kyndarar til að búa við mun lakari kjör og hafa minni rjett en stjettarbræður þeirra, er svipuð störf vinna á öðrum íslenskum skipum. Álít jeg að rjettindi, skyldur og öll kjör þeirra ættu að vera hin sömu sem á millilandaskipum Eimskipafjelags Íslands, og ættu þeir að lúta siglingalögum, en ekki teljast sýslunarmenn ríkisins, frekar en t. d. hásetar og kyndarar á »Esju«.

Vil jeg því leggja til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. orðist svo:

Varðskip landsins skulu eiga heima í Reykjavík. Yfirmenn skipanna eru sýslunarmenn ríkisins. Skipverjar allir skulu vera slysatrygðir á kostnað ríkissjóðs, eftir sömu reglum og gilda um slysatryggingu hjá Eimskipafjelagi Íslands.

2. 4. gr. orðist svo:

Vjelameistari ræður kyndara, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins, þá sem ekki eru tilnefndir í 3. gr., nema sjerstaklega verði mælt öðruvísi fyrir í lögum. Skulu þessir starfsmenn skráðir á skipin samkvæmt siglingalögum, og fer um rjettindi þeirra og skyldur eftir þeim, en launakjör þeirra skulu vera hin sömu sem hjá Eimskipafjelagi Íslands.

3. 5. og 6. gr. falli niður.

Alþingi, 31. mars 1928.

Hjeðinn Valdimarsson.

Nd. 666. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 2. gr. Fyrir »takmarka« í næstu málsgrein á eftir d-lið komi: marka.

Nd. 667. **Breytingartillaga**

við breytingartill. á þskj. 578 [Friðun Þingvalla].

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Við 3. brtt. Fyrir orðið »rýrnun fjallskila og útsvara« komi: aukning fjallskila og rýrnun útsvara.

Nd. **668. Frumvarp**

til laga um friðun Þingvalla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir við Öxará og grendin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

2. gr.

Mörk friðhelga svæðisins skulu vera sem hjer segir:

a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.
b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli.
c. Að norðan: frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hliðargjá.
d. Að austan: Eystri bakki Hliðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

Landið innan ofannefndra marka skal, eftir því er Þingvallanefnd kveður á og fært kann að reynast, varið fyrir ágangi af sauðfje og geitum. En skógurinn og villidýralíf, sem þar kynni að geta þrifist, skal vera algerlega friðað. Þó skal nefndin gera ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði eða vinna búfjenaði hjeraðsmanna tjón.

Þingvallanefnd ræður veiði í Þingvallavatni norðan línu þeirrar, er um getur í a-lið.

Ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði, eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar.

3. gr.

Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta svæði, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarjett jarðanna eða jarðahlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og ábúendum greitt fyrir afnotarjettinn, samkvæmt óvilhallra, dómkvaddra manna mati. Svo skulu og metnar bætur til Þingvallahrepps fyrir aukning fjallskila og rýrnun útsvara, enda náist ekki samningar.

Heimilt skal Þingvallanefnd að kaupa jörðina Gjábakka, eða ef ekki næst viðunandi samningar um verð, að taka jörðina eignarnámi samkvæmt lögum.

4. gr.

Friðlýsta landið skal vera undir vernd Alþingis og æfinlega eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.

5. gr.

Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefir fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annara jarða í ríkiseign, sem til eru greindar í 2. gr. Þingvallanefnd skal kosin með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi í lok hvers þings eftir nýafstaðnar kosningar, í fyrsta skifti á þingi 1928.

6. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um friðlýsta svæðið og meðferð þess, en stjórnarráð staðfestir. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld á Þingvöllum og verja því fje upp í kostnað við friðunina. Þingvallanefnd má ráða umsjónarmann á Þingvöllum til 5 ára í senn.

7. gr.

Öll óhjákvæmileg útgjöld við verndun Þingvalla samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara skulu varða sektum, alt að 1000 kr., þriggja mánaða fangelsi eða hvorutveggja eftir málavöxtum.

Nd. **669. Þingsályktun**

um rannsókn á hafnarbótum að Sæbóli í Aðalvík og lendingarbætur í Arnardal við Skutulsfjörð.

(Afgreidd frá Nd. 31. mars).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka þegar á komandi sumri, á hvern hátt heppilegast sje að bæta höfnina að Sæbóli í Aðalvík og lendingarbætur í Arnardal við Skutulsfjörð, svo trygg verði vjelbátum lega þar.

Ed. **670. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1929.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1929 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	240000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	850000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1130000
4.	Aukatekjur	400000	
5.	Erfðafjárskattur	35000	
6.	Vitagjald	320000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	30000	
			1110000
	Flyt ...	... ...	2240000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	2240000
11.	Útflutningsgjald		950000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)...	325000	
13.	Tóbakstollur	850000	
14.	Kaffi- og sykurtollur...	1050000	
15.	Annað aðflutningsgjald	160000	
16.	Vörutollur	1050000	
17.	Verðtollur	825000	
			4260000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		25000
19.	Pósttekjur	450000	
20.	Símatekjur	1500000	
			1950000
21.	Víneinkasala		300000
	Samtals ...	... ...	9725000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
	Samtals ...		34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	27000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
		51000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		60000
6. Aðrir vextir...		100000
Samtals ...	... ...	269000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
Samtals ...	... ...	80000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1929 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	156589	
2. Dönsk lán, danskar kr. 197680,39	237216	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8370:15:3	184156	
		577961
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	164608	
2. Dönsk lán, danskar kr. 354453,56	425344	
3. Enska lánið 1921, £ 2240:6:0	49286	
		639238
III. Framlag til Landsbankans, 16. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1317199

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins..		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	200000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		204350
Samtals ...	... ...	204350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 36000		
	b. Til risnu 4000		
		40000	
2.	Til utanferða ráðherra	6000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	69000	
4.	Annar kostnaður	25000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	26200	
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl. 900		
	b. Til pappírs og prentunar 9000		
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum 1000		
		10900	
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	4000	
			181100
II.	Hagstofan:		
1.	Laun	12500	
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	10000	
3.	Prentun eyðublaða	1800	
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	4000	
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	16800	
6.	Til að gefa út manntalið 1703...	1000	
			46100
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra 20000		
	b. Húsaleiga... 5000		
	c. Kostnaður við embættið 20000		
	d. Til skrifstofuhalds... 17000		
		62000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
	Fjárhæð þessa skal greiða í dönskum krónum.		
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	6000	
			84000
	Samtals ...	... ...	311200

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun	30500	
	b. Annar kostnaður, alt að	5000	
			35500
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		132500
3.	Laun hreppstjóra		27600
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun	24600	
	b. Húsaleiga	3240	
	c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
	d. Ýms gjöld, alt að	2400	
			32340
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa og 4 skrifara	18700	
	b. Laun 6 tollvarða	25500	
	c. Húsaleiga	4500	
	d. Hiti og ljós	1800	
	e. Innheimtukostnaður	7500	
	f. Ýms gjöld, alt að	11000	
	Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
			69000
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		100000
7.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		500
8.	Til landhelgisgæslu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		200000
9.	Framlag til landhelgissjóðs		20000
10.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
12.	Borgun til sjódómsmanna		2000
13.	Borgun til setu- og varadómara		5000
	Samtals A ...		651440

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		18000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		40000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B ...	... ...	144000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		253000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. —		
Flyt ...	... ...	262450

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	262450
15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirferðar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknisins á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni eða tveim höfnum í hverri sýslu.		
		3200
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8. Til geislalækningastofu ríkisins..		11000
9. Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
Flyt ...	... ...	284650

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	284650
11.	Holdsveikraspítalinn		72600
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7650	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna	13000	
	2. Viðurværi 48 manna (ca. 140 a. á dag)	25000	
	3. Klæðnaður	1700	
	4. Lyf og sáraumbúðir	1500	
	5. Eldsneyti	8000	
	6. Ljósmeti	2500	
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000	
	8. Viðhald á húsum	2500	
	9. Þvottur og ræsting	1800	
	10. Greftrunarkostnaður	500	
	11. Skemtanir	600	
	12. Skattar o. fl.	4350	
	13. Ýmisleg gjöld	1500	
		64950	
		72600	
12.	Geðveikrahælið á Kleppi		109525
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	6700	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna	13500	
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag)	48000	
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500	
	4. Lyf og sáraumbúðir	500	
	5. Ljós og hiti	10000	
	6. Viðhald og áhöld	10000	
	7. Þvottur og ræsting	3000	
	8. Skemtanir	750	
	9. Skattar m. m.	2500	
	10. Óviss gjöld	1400	
		93150	
	C. Aukinn rekstrarkostnaður, sakir viðbótar við hælið, að frádreginni meðgjöf með sjúklingum	50000	
	Flyt ...	149850	466775

		kr.	kr.
	Flutt ...	149850	466775
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
	Mismunur ...	109525	
13. Heilsuhælið á Vífilsstöðum		... ...	1700
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis...		6700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi..	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting..	5500		
6. Viðhald húsa...	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		234840	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
	Mismunur ...	1700	
14. Heilsuhælið í Kristnesi:			
a. Lokastyrkur til byggingar hælisins, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, alt að		10000	
b. Rekstrarkostnaður		3000	
			13000
15. Önnur gjöld:			
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands		100000	
	Flyt ...	100000	481475

	kr.	kr.
Flutt ...	100000	481475
b. Til að ljúka við byggingu Kleppsspítala	50000	
c. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ...	18000	
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að utanhjeraðssjúklingar, sem borgað er fyrir af almannafje, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.		
d. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði ..	18000	
e. Styrkur til þriggja læknisfræðikandidata til ársdvalar á sjúkrahúsi, 1200 kr. til hvers	3600	
f. Bólusetningarkostnaður	2500	
g. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
Af þessum lið má greiða Jóni Kristjánssyni veitingamanni á Akureyri 2000 kr. til bóta á skaða, er hann beið af völdum sóttvarnarráðstafana vegna skarlatssóttar árið 1924.		
h. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
i. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
j. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
k. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
l. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	1000	
m. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
n. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	1000	
o. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
p. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
q. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
r. Til Elínar Sigurðardóttur, 90 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1080	
Flyt ...	230380	481475

	kr.	kr.
Flutt ...	230380	481475
s. Til Unnar Ólafsdóttur, til að leita sjer bóta erlendis á skemdum í andliti	1500	
t. Til Unnar Vilhjálmsdóttur frá Heiði, til lækninga erlendis	1000	
u. Til Evu Hjálmarsdóttur, til framhaldsdvalar í heilsuhæli í Danmörku, lokastyrkur	1000	
		233880
16. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna	... ...	36000
Samtals ...	... ...	751355

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Póstmál.		
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	95000	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
c. Brjefhirðingamenn	22000	
		197000
2. Póstflutningur		170000
3. Annar kostnaður:		
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	10000	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
d. Önnur gjöld	63500	
		114000
Samtals A. ...	... ...	481000

		kr.	kr.
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	16000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			42400
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 10000		
	2. Stykkishólmsvegur 15000		
	3. Norðurárdalsvegur 60000		
	4. Vesturlandsvegur 10000		
	5. Húnavatnssýsluvegur 35000		
	6. Langadalsvegur 12000		
	7. Vallhólmsvegur 15000		
	8. Þelamerkurvegur... 10000		
	9. Vaðlaheiðarvegur 50000		
	10. Vopnafjarðarvegur 15000		
	11. Hróarstunguvegur 12000		
	12. Um Skaftáreldhraun í V.-Skaftafellss. 10000		
	13. Biskupstungnabraut 25000		
	14. Til vegar á Hólmahálsi, gegn 1/4 annarsstaðar að 8000		
	15. Til vegar yfir Hvolsvöll 10000		
		297000	
	b. Viðhald og umbætur	225000	
			522000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		200000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		30000
V.	Fjallvegir		25000
VI.	1. Til áhalda, alt að	20000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
			20300
	Flyt ...	... ...	839700

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ..	839700
VII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	40000	
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	35000	
			75000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti	300	
	2. - Skjálfandafljóti	300	
	3. - Blöndu	300	
			900
IX.	Til ferju á Hrossbyl í Þjórsá		250
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
XI.	Til Ólafs Sveinssonar vitavarðar, til þess að fullgera akveg að Reykjanesvita		800
XII.	Styrkur til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.		4000
XIII.	Byggingarstyrkur til Páls Stefánssonar, Ásólfsstöðum, til að reisa gistihús.		4000
	Samtals B. ...	... ...	929650
	C. Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	180000	
	b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
			240000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		106750
	Samtals C. ...	... ...	346750

		kr.	kr.
	D.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl.		40000
II.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð		300000
III.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	320000	
	2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...	15000	
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	36000	
	4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	200000	
	6. Áhaldahúsið	3000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	13000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	15000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	8000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	6000	
	11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	8000	
	13. Símastöðin á Siglufirði	7500	
	14. Til aukaritsímaþjónustu	5000	
	15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	98000	
	16. Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að 14100		
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 9500		
	c. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		27200	
	17. Til Steindórs Björnssonar	1200	
	18. Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			782000
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
V.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VI.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
	Flyt ...	... ...	1222000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1222000
VII. Viðhald landssímanna		160000
VIII. Áframhaldsgjald		25000
IX. Til kenslu fyrir símamenn		3000
X. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XI. Ýms gjöld		7000
Samtals D. ...	... ...	1418500
E.		
Vitamál.		
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1. Laun vitamálastjóra	7800	
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	5650	
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að... ...	3500	
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1750	
		18700
II. Laun vitavarða..		25000
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III. Rekstrarkostnaður vitanna		105000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V. Til að reisa nýja vita		60000
VI. Ýmislegt:		
a. Til uppsetningar leiðarljósa	15000	
b. — breytinga ljóstækja Reykjanesvitans	20000	
c. — að stofna bókasöfn fyrir vitaverðina	2000	
d. — annara útgjalda	10000	
		47000
Samtals E. ...	... ..	265700

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8600	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		10600
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	406	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
		304156
Samtals A. ...	... ...	314756
B.		
Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	93000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Til kenslu í söng	1200	
e. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að	2000	
f. Námsstyrkur	15000	
Fjárveiting þessari skal skift í 25 skamta 400 kr. og 20 skamta 250 kr., og má að jafnaði		
Flyt ...	113200	... ...

		kr.	kr.
	Fluttar ...	113200	... ...
	ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt; þó má leggja saman alt að 8 skamta 250 kr. og gera úr helmingi færri 500 kr. skamta, og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið í háskólanum.		
g.	Húsaleigustyrkur	9000	
h.	Til kensluáhalda læknadeildar	1000	
i.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	2800	
j.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4000	
k.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	——— 1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	——— 2400		
	3. Ýms gjöld 5000		
	———	8900	
l.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta	750	
m.	Byggingarstyrkur til stúdentagarðsins ... ... enda sje ekki byrjað á byggingunni fyr en lög eða skipulagsskrá, er stjórnin samþykkir, hafa verið sett um hana.	25000	
n.	Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, fyrsta greiðsla af fjórum	2500	
			167150
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b.	Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að	2500	
c.	Til Björns Gunnlaugssonar læknis, til sjerfræðináms í Þýskalandi	1000	
	Flyt ...	27500	167150

		kr.	kr.
	Flutt ...	27500	167150
d.	Til Árna Friðrikssonar, til að fullnuma sig í dýrafræði í Kaupmannahöfn	1000	
e.	Til Bjarna Sigurðssonar, til náms í húsgerðarlist	1000	
f.	Til Leifs Ásgeirssonar, til stærðfræði- og landmælinganáms í Göttingen, viðbótarstyrkur ...	600	
g.	Til Magnúsar Jónssonar, til háskólanáms ...	1000	
h.	Til Markúsar Kristjánssonar, til háskólanáms...	1000	
i.	Til Valgarðs Thoroddsens, til háskólanáms ...	1000	
j.	Til Axels Guðmundssonar, til þess að fullnuma sig í söngkenslu	1000	
k.	Til Árna Björnssonar, til háskólanáms, lokastyrkur	1000	
l.	Til Jóns J. Blöndals frá Stafholtsey, til hagfræðináms	1000	
m.	Til Agnars Norðfjörðs, til hagfræðináms	1000	
n.	Til Skúla Þórðarsonar, til háskólanáms	1000	
o.	Til Þórarins Jónssonar tónlistarnema í Berlín	1000	
			39100
III.	Mentaskólinn almenni:		
a.	Laun	74200	
b.	Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns skólans 400		
	2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 6000		
	3. Til skólahússins utan og innan ... 3000		
	4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að 25000		
	5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ... 2700		
	6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót 2900		
	7. Læknisþóknun 500		
	8. Til vísindalegra áhalda 1500		
	9. Ýmisleg gjöld 3500		
	10. Til verðlaunabóka 100		
	11. Húsaleiga 1250		
		46850	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utan-		121050
	Flyt ...	... ...	327300

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	327300
bæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		24200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakenslu .	9500		
2. Til framhaldsnáms fyrir nemendur, sem lokið hafa gagnfræðaprófi ...	10000		
3. Vegna kostnaðar við heimavistina	2000		
4. Til bóka og kensluáhalda	1000		
5. Til eldiviðar og ljósa	6500		
6. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.	700		
7. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
8. Til skólahússins utan og innan ...	1500		
9. Til ýmislegra gjalda	3000		
		35100	
V. Kennaraskólinn:			59300
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.	2500		
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	2000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		14500	
			33500
	Flyt ...	... ...	420100

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	420100
VI.	Stýrimannaskólinn:		
	a. Laun	13500	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til stundakenslu. 1500		
	2. Til eldiviðar og ljósa 1700		
	3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra 300		
	4. Ýmisleg gjöld 2500		
		6000	
			19500
VII.	Vjelstjóraskólinn:		
	a. Laun	8800	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til stundakenslu 840		
	2. Húsnæði 4200		
	3. Ljós og hiti 1300		
	4. Ræsting 700		
	5. Til prófhalda 800		
	6. Ýms gjöld 500		
		8340	
	Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.		17140
VIII.	Bændakensla:		
	1. Til bændaskólans á Hólum:		
	a. Laun 9650		
	b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu... 1450		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms, alt að 1450		
	2. Til kensluáhalda.. ... 800		
	3 Til eldiviðar og ljósa... 3500		
	4. Ýmisleg gjöld 2500		
	8250		
		19350	
	Flyt ...	19350	456740

		kr.	kr.
	Flutt ...	19350	456740
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	8550		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 2000			
2. Til kensluáhalda... ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 2500			
4. Ýmisleg gjöld 12000			
	17300		
		27150	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
3. Til steinsteypukenslu		4000	
			50500
IX. Iðnfræðsla:			
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		6000	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		1200	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til skólahalds		500	
Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.			
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.			
d. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis		4000	
			11700
	Flyt ...	... ...	518940

		kr.	kr.
	Fluttar ...	... ...	518940
X.	Verslunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	6000	
	b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	6000	
			12000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 1000		
		1900	
	3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11100
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 21000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		31000	
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 14000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
	c. Til raflýsingar 4000		
		20000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		51000
	Flyt ...	... ...	593040

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	593040
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður hans	1200		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000		
		7800	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		266000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		25650	
4. Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		7000	
5. Til prófdómara við barnapróf		10000	
6. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að		25000	
7. Til fræðslumálarits...		800	
8. Utanfararstyrkur handa barnakennurum		3000	
			345250
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	10500		
b. Til aðstoðarkenslu	600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms ... 600			
Alt að helmingi fjárins má verja til verðlauna handa nemendum.			
2. Til kensluáhalda.. ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 2500			
	7900		
		19000	
2. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar		47000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins.			
	Flyt ...	66000	938290

	kr.	kr.
Flutt ...	66000	938290
Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
3. Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, alt að helmingi kostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.		
4. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^2/_5$ kostnaðar, alt að	10000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.		
5. Til Sigurðar Greipssonar, Haukadal, byggingarstyrkur til íþróttaskóla hans	3000	
6. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	16000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
7. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
8. Til bókasafna við unglingaskóla	2000	
9. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólum	2500	
		120500
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðraskóla á Staðarfelli:		
a. Rekstrarstyrkur 4000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, alt að 1000		
	5000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerð skólans.		
2. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	5000	
Flyt ...	10000	1058790

	kr.	kr.
Flutt ...	10000	1058790
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
3. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
4. Til húsmæðrafræðslu við alþýðuskóla Þingeyinga, alt að helmingi byggingarkostnaðar ...	13000	
5. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal	1500	
6. Til Guðrúnar Björnsdóttur, til garðyrkjukenslu og húsmæðrafræðslu á Knararbergi í Eyjafirði	1200	
		27200
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		24000
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Til Sigurbjargar Sveinsdóttur, til verklegs náms á heimili fyrir blindar stúlkur erlendis		1000
XIX. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.	300	
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	3000	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda sjeu þær til afnota fyrir al-		
Flyt ...	6300	1111990

	kr.	kr.
Flutt ...	6300	1111990
menning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, alt að	10000	
5. Aukastyrkur til Reykjalaugar á Reykjabraut og Steinstaðalaugar, er skiftist í hlutfalli við framlagt fje til þeirra	2500	
		18800
XX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
Samtals B. ...	... ...	1132590

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. og 2. bókavarðar, 500 kr. til hvors	1000	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	12000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	600	
		42060
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6200	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		12700
Flyt ...	... ...	54760

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	54760
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	7150	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1500	
d. Til umbóta á Hólakirkju	1000	
e. Til áhalda og aðgerða	800	
f. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		14000
4. Náttúrufræðifjelagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7, Aukastyrkur til tveggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
		6000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
Flyt ...	... ...	93260

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	93260
11.	Til Þjóðvinafjelagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að fjelagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar og hefji útgáfuna á þessu ári		6800
12.	Til Fornleifafjelagsins		800
13.	Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Hegranesþings)		2000
15.	Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar frá		1200
16.	Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, alt að ... ... enda hafi verið safnað til útgáfunnar eigi minna en 25 þús. krónum.		5000
17.	Til Færeyjafjelagsins Grims Kambans		300
18.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
19.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1000
20.	Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
21.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		2500
22.	a. Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers	8000	
	b. Til Hljómsveitar Reykjavíkur	3000	
	c. Til Lúðrasveitar Reykjavíkur	1500	
	d. Til frú Ingibjargar Stein-Bjarnason, til framhalds listmálaranámi	1500	
	e. Til Jóns Jónssonar frá Hvoli	200	
			14200
23.	Til sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, til þess að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		6300
	Flyt ...	... ...	142660

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	142660
24.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		1200
25.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		6800
26.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
27.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
28.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
			8000
29.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
30.	Til dr. Bjargar Þorláksdóttur, til þess að vinna að framhaldi sálfræðirannsókna sinna		2000
31.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
32.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		800
33.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
34.	Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
35.	Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1200
36.	Til dr. Jóns Stefánssonar, vegna mynda í hina ensku Íslandssögu hans		2000
37.	Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
38.	Til Íþróttasambands Íslands		5000
39.	Til Björns Jakobssonar, til íþróttakenslu		4000
40.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
41.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
	Flyt ...	6800	187660

	kr.	kr.
Flyt ...	6800	187660
b. Til sama, til aðstoðar	1200	
		8000
42. Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, síðasti fjórðungur andvirðis		2500
43. Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		3500
44. Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík ...		1500
Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.		
45. Ferðastyrkur til útlanda		6000
46. Til orðabókarsjóðs hinnar íslensk-dönsku orðabókar, að því tilskildu, að ríkissjóður Dana leggi fram 8000 kr.		4000
47. Til Barða Guðmundssonar, til lokanáms í sögu ...		1200
48. Til Björns Björnssonar gullsmiðs, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer myndlist, teiknilist og listiðnað nágrannaþjóða		1500
49. Til Ólafs Hvanndals, utanfararstyrkur til þess að læra myndamótagerð fyrir litmyndaprentun		1500
50. Til Jóns Ófeigssonar kennara, uppbót á greiðslu fyrir vinnu við orðabók Sigfúsar Blöndals, fyrsta greiðsla af fjórum		2000
Samtals ...	... ...	219360

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		220000
2. Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að		10000
Flyt ...	... ...	230000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	230000
	Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		
3.	Til sandgræðslu		40000
	Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram lögmæltan kostnað eða meira. Af upphæðinni má verja alt að 10000 kr. til byggingar í þarfir sandgræðslunnar í Gunnarsholti á Rangárvöllum		
4.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		275000
5.	Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
6.	Til byggingar- og landnámssjóðs		200000
7.	Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		10000
8.	Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 4. greiðsla		6000
9.	Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
	Laun garðyrkjustjóra		4000
10.	Til skógræktar:		
	a. Laun	11910	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	20000	
	c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
			33110
11.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
	c. Til að rannsaka búfjársjúkdóma, enda sjeu skýrslur birtar um árangurinn	4000	
	d. Til Ásgeirs Ó. Einarssonar, til dýralækninganáms	1200	
			22900
12.	Til fjárkláðalækninga		6000
13.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
14.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	4800	
	b. Til aðstoðar	5600	
	c. Húsaleiga	3000	
	Flyt ...	13400	843010

		kr.	kr.
	Flutt ...	13400	843010
d.	Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
e.	Til áhaldakaupa	500	
			15100
15.	Til veðurstofu Íslands:		
a.	Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
b.	Til aðstoðar	12350	
c.	Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
d.	Til veðurskeyta o. fl.	11150	
e.	Til loftskeytatækja	800	
f.	Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
g.	Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
			51600
16.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
17.	Til Fiskifjelagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		70000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
18.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a.	5 fiskiyfirmatsmanna	16600	
b.	Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
c.	Laun 4 síldarmatsmanna	8800	
d.	— 4 ullarmatsmanna	2200	
e.	— 5 kjötmatsmanna	4100	
f.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			47900
19.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
20.	Til bryggjugerða og lendingabóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun		12000
21.	Til sjóvarnargarðs á Neseyri í Norðfirði, 1/3 kostnaðar, alt að...		2500
22.	Til lendingabóta í Gerðum í Garði, helmingur kostnaðar, fyrri fjárveiting, alt að		7000
	Flyt ...	... ...	1063110

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ..	1063110
23.	Til brimbrjóts í Bolungavík, gegn að minsta kosti jafnmiklu framlagi annarstaðar að (lokastyrkur) alt að...		17500
24.	Til byggingar skjólgarðs í Krossavík á Hellissandi, 1/3 kostnaðar, alt að..		5000
25.	Til markaðsleitar erlendis		20000
26.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
27.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 1,50 kr. fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún býr til, alt að		6000
28.	Til gerlarannsókna		2000
29.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		6000
30.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		800
31.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
32.	Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
33.	Til sambands norðlenskra kvenna...		450
34.	Til Bandalags kvenna		450
35.	Til kvenrjettindafjelags Íslands		500
36.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
37.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		7500
38.	Laun húsagerðarmeistara...		7250
39.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda, 4500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.	6300	
	b. Ferðakostnaður og skrifstofufje...	2000	
			8300
40.	Til Álftveringa, til þess að verja engjar í sveitinni fyrir spjöllum af jökulánni Skálm, 1/3 kostnaðar, alt að		1500
	Flyt ...	... ...	1160760

	kr.	kr.
Flutt ..	... ...	1160760
41. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
42. Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		8000
43. Til vatnsrenslismælinga		2000
44. Til ræktunarsjóðs:		
a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
c. Hluti af útflutningsgjaldi	65000	
		105000
45. Til undirbúnings flugferða, alt að		8000
46. Styrkur til gistihúss Hjálpræðishersins á Seyðisfirði...		3000
Samtals ...	... ...	1288560

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		500000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		7000
4. Til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög		1500
5. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík...		3500
6. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
7. Til slysatryggingar		10000
8. Til slysavarna alt að		10000
9. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
Flyt ...	... ...	593500

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	593500
10. Til bjargráðasjóðs		24000
11. Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
12. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		12000
13. Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
14. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
15. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
16. Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja ..		600
17. Til gamalmennahælis Ísfirðinga		1000
18. Tillag til Alþjóðabjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
Samtals ...		679800

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:		
a. Embættismenn	25192,55	
b. Embættismannaekkjur og börn	17128,19	
c. Uppgjafaprestar	635,28	
d. Prestsekkjur	5595,94	
e. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923	2500,00	
		51051,96
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
a. Embættismenn:		
1. Til Þorvalds Pálssonar læknis ... 300,00		
2. — Sigurðar Magnússonar læknis ... 600,00		
3. — Halldórs Briems bókavarðar ... 960,00		
	1860	
b. Embættismannaekkjur og börn:		
1. Til Magneu Ásgeirsson 200		
2. — Ólivu Guðmundsson 175		
Flyt ... 375	1860	51051,96

			kr.	kr.
	Flutt ...	375	1860	51051,96
3.	Til Theodóru Thoroddsen	800		
4.	— Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5.	— Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6.	— Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7.	— Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8.	— Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9.	— Rannveigar Tómasdóttur	600		
10.	— Önnu Gunnlaugsson	900		
11.	— Kristbjargar Marteinsdóttur	600		
12.	— Kristínar Jacobson	600		
13.	— Guðnýjar Jónsdóttur	400		
14.	— Kirstínar Þ. Blöndal	300		
15.	— Guðlaugar Magnúsdóttur...	2000		
16.	— 3 barna hennar	300		
17.	— Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
18.	— Jenny Forberg	600		
19.	— Ástu Hallgrímsson	600		
20.	— Ástu Einarson	600		
21.	— Aðalbjargar Sigurðardóttur	1200		
			12825	
c.	Uppgjafaprestar:			
1.	Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2.	— Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3.	— Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4.	— Sig. prófasts Gunnarssonar	662,25		
5.	— Guttorms Vigfússonar...	600,00		
6.	— Jóns Ó. Magnússonar...	600,00		
7.	— Björns Þorlákssonar	208,00		
8.	— Stefáns Jónssonar	370,00		
9.	— Jóns Þorsteinssonar	390,00		
10.	— Jóns Árnasonar	445,00		
			4880,25	
d.	Prestsekkjur:			
1.	Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2.	— Auðar Gísladóttur	300,00		
3.	— Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4.	— Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6.	— Guðrúnar Ólafsdóttur...	100,00		
	Flyt ...	1630,00	19565,25	51051,96

		kr.	kr.
Flutt ...	1630,00	19565,25	51051,96
7. Til Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10. — Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
12. — Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
13. — Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
18. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
20. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
21. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
22. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
23. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
24. — Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
25. — Önnu Stefánsdóttur	200,00		
26. — Helgu Skúladóttur	230,00		
27. — Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
		7242,73	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
5. — Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6. — Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7. — Guðmundar Björnssonar	150,00		
8. — Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
9. — Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
10. — Páls J. Árdals	600,00		
11. — Jóhannesar Sigfússonar	1200,00		
		4960,00	
Flyt ...		31767,98	51051,96

		kr.	kr.
	Flutt ...	31767,98	51051,96
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:		
1.	Til Guðm. Kristjánssonar 300		
2.	— Böðvars Jónssonar 200		
3.	— Hallgríms Krákssonar 200		
4.	— Jóhanns Jónssonar 200		
5.	— Þóru Matthíasdóttur 300		
6.	— Vigdísar Steingrímsdóttur 300		
7.	— Daníels Jónssonar 200		
8.	— Jens Þórðarsonar 300		
9.	— Friðriks Möllers 1200		
10.	— Anínu Arinbjarnardóttur 200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar 200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum 300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar 300		
14.	— Guðm. Kristjánssonar 200		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ... 600		
16.	— Friðriks Klemenssonar 2000		
17.	— Kristjáns Blöndals 1000		
18.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ... 300		
19.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ... 200		
20.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ... 200		
21.	— Ólafs Ólafssonar pósts 200		
22.	— Halldórs Benediktssonar pósts ... 200		
23.	— Þorleifs Jónssonar póstmeistara ... 1200		
24.	— Friðriks Jónssonar pósts 450		
		10750,00	
g.	Ritböfundar:		
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar 3500		
2.	— Valdimars Briems 1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum 500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ... 3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar 2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar 1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss 4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu... 1000		
9.	— Einars Benediktssonar 4000		
		20400,00	
	Flyt ...	62917,98	51051,96

		kr.	kr.
	Flutt ...	62917,98	51051,96
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2. — Guðrúnar Jónsdóttur	300,00		
3. — Arnbjargar Einarsdóttur	300,00		
4. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6. — 2 barna hennar	200,00		
7. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300,00		
8. — Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
		3100,00	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítala-forstöðukonu	400		
2. — Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
3. — Kristínar Sigurðardóttur júbil-ljósmóður	500		
4. — Matthildar Þorkelsdóttur júbil-ljósmóður	500		
5. — Þórdísar Símonardóttur júbilljós-móður	500		
6. — Jakobínu Sveinsdóttur jubilljós-móður	500		
7. — Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
8. — Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300		
9. — Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300		
10. — Jórunnar Guðmundsdóttur ljós-móður	300		
11. — Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
12. — Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
13. — Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
14. — Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður	300		
15. — Jakobínu Jensdóttur	300		
16. — Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
17. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300		
18. — Páls Erlingssonar	1200		
19. — Erlends Zakaríassonar	300		
	Flyt ... 7700	66017,98	51051,96

			kr.	kr.
	Flutt ...	7700	66017,98	51051,96
20.	Til Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
21.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
22.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400		
23.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
24.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
25.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
26.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	500		
27.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
28.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
29.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
30.	— Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar.	600		
31.	— Halldóru Pjetursdóttur Briem ...	600		
32.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
33.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
34.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
35.	— Henriette Kjær	600		
36.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
37.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2500		
38.	— Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
39.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
40.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey...	300		
41.	— Jóhannesar Þorkelssonar fangavarðar, Akureyri	300		
			19300,00	
	Flyt ...		85317,98	51051,96

	kr.	kr.
Flutt ...	85317,98	51051,96
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara	1200,00	
k. — ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar	1000,00	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000,00	
		90517,98
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		54547,97
Samtals ...	... ...	196117,91

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1929 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.			1317199,00
—	8. —			60000,00
—	9. —			204350,00
—	10. —			311200,00
—	11. — A.	651440,00		
—	11. — B.	144000,00		
			795440,00	
—	12. —			751355,00
—	13. — A.	481000,00		
—	13. — B.	929650,00		
—	13. — C.	346750,00		
—	13. — D.	1418500,00		
—	13. — E.	265700,00		
			3441600,00	
		Flyt		6881144,00

			Flutt	6881144,00	
Samkvæmt	14. gr.	A.	314756,00		
—	14. —	B.	1132590,00		
				1447346,00	
—	15. —	... ...		219360,00	
—	16. —	... ...		1288560,00	
—	17. —	... ...		679800,00	
—	18. —	... ...		196117,91	
—	19. —	... ...		100000,00	
—	20. —	... ...		10000,00	
					kr. 10822327,91
	En tekjur eru áætlaðar:				
Samkvæmt	2. gr.	... ...		9725000.00	
—	3. —	... ...		34600,00	
—	4. —	... ...		269000,00	
—	5. —	... ...		80000,00	
					kr. 10108600,00
				Tekjuhalli	kr. 713727,91

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 250 þús. kr. til þess að reisa frystihús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánið er veitt sýslufjelögum eða samvinnufjelögum bænda, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.
2. Til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum alt að helmingi stofnkostnaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Búin sjeu rekin á samvinnugrundvelli og reist á þeim stað, sem af Búnaðarfjelagi Íslands telst hentugastur fyrir hlutaðeigandi hjerað. Vextir sjeu 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist svo með jöfnum afborgunum á 25 árum.
3. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16

ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.

4. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
6. Alt að 25 þús. kr. til Flateyrarhrepps, til rafstöðvar á Flateyri, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið veitist gegn 6% vöxtum og greiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
7. Alt að 10 þús. kr. til Páls Stefánssonar, Ásólfsstöðum, til byggingar gistihúss, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið veitist gegn 6% vöxtum og greiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
8. Alt að 30 þús. kr. til Mjólkurfjelagsins Mjallar, gegn ábyrgð hlutaðeigandi sýslufjelags eða annari tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið veitist gegn 6% vöxtum og greiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
9. Alt að 70 þús. kr. til Sláturfjelags Suðurlands, til þess að koma upp niðursuðuverksmiðju, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sje afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum.
10. Alt að 50 þús. kr. til Vestmannaeyjakaupstaðar, gegn ábyrgð kaupstaðarins, til að koma upp sjóveitu til fiskverkunar. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum, og endurgreiðist með jöfnum afborgunum.
11. Alt að 5 þús. kr. til Bjarna Runólfssonar í Hólmi, til þess að koma upp verkstæði vegna raflýsingar sveitabæja, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið skal vera vaxtalaust, en greiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Stjórninni er heimilt að veita Árnessýslu uppgjöf á Flóavegaláninu, sem veitt var sýslunni úr viðlagasjóði samkvæmt skuldabrjefi dags. 25. apríl 1924, að upphæð kr. 40868,98. Eftirgjöfin er bundin því skilyrði, að samkomulag verði milli ríkisstjórnarinnar og sýslunefndar Árnessýslu um lagningu og viðhald fyrirhugaðra vega um Flóaáveitusvæðið.

Af viðlagasjóðsláni Suðurfjarðahrepps til rafmagnsveitu á Bíldudal skal veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana árin 1925—1929.

Stjórninni er heimilt, að undangenginni rannsókn af hálfu Búnaðarfjelags Íslands um það, hvort Miklavatnsmýraráveitan hafi orðið að notum fyrir allar þær jarðir, sem skyldaðar eru til að greiða áveitukostnaðinn, að færa niður viðlagasjóðslán til áveitunnar að rjettri tiltölu á þeim jörðum, sem ekki geta haft hennar not.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1928, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að veita styrk í eitt skifti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum (sbr. 22. gr. 2), sem nemi alt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sje því aðeins greiddur, að fyrirtækið sje fullbúið til starfrækslu.

IV. Að gefa eftir og endurgreiða Rangárvallasýslu kr. 36811,61, sem er nokkur hluti af 1/3 kostnaðar við endurbyggingu þá á Holtaveginum, sem gerð var á árunum 1922—24.

V. Að ábyrgjast alt að 250000 kr. lán til hafnarbryggju á Siglufirði, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin tekur gildar.

VI. Að ábyrgjast alt að 15 þús. kr. lán til hafnarbóta í Ólafsvík, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar.

VII. Að ábyrgjast 80000 kr. rafveitulán fyrir Búðahrepp, gegn þeim tryggingum, um stjórnin metur gildar.

VIII. Að ganga í ábyrgð fyrir lánum til fjelagsmanna í Samvinnufjelagi Ísfirðinga til kaupa á fiskiskipum, samtals alt að 320 þús. kr., enda nemi lánin eigi meiru en 4/5 af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskiveiða og sjeu trygð með fyrsta veðrjetti í skipunum, sjálfskuldarábyrgð eigenda og ábyrgð Ísafjarðarkaupstaðar. Forstöðumaður fjelagsins og annar endurskoðandi sjeu samþyktir af ríkisstjórninni.

IX. Að kaupa jörðina Bakkasel með Gili í Öxnadal, ef viðunandi samningar nást við núverandi eigendur.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1929, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1928 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **671. Breytingartillaga**

við frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Aftan við 7. gr. síðari málsgrein komi nýr málsliður:

Að jafnaði skal þá tekið tillit til þess, að veiðitími reknetabáta nær lengra fram eftir haustinu en herpinótaskipa, og söltun hjá þeim því eigi stöðvuð jafnsnemma og hjá herpinótaskipum.

Nd. **672. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tilbúinn áburð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 3. gr.

Í stað »samvinnufjelögum bænda« komi: samvinnufjelögum.

Nd. **673. Breytingartillögur**

við breytingartillögu á þskj. 657 [Einkasala á útfluttri síld].

Frá Pjetri Ottesen.

Við 1. breytingartillögu:

a. Orðin »við Norðurland« falli burt.
b. Aftan við tillögugreinina bætist: Fer kosningin fram eftir reglum, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Nd. **674. Nefndarálit**

um frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá 3. minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hlutinn sjer alls enga ástæðu til að breyta löggjöf þeirri um varðskipin, sem sett var á síðasta þingi, þar sem alls ekkert hefir komið fram síðan, er sýni eða bendi til, að sú löggjöf sje óhentug. Um fjárhagshlið málsins má

benda á þær upplýsingar, sem komu fram í meðferð málsins í Ed., sjerstaklega á þskj. 380, og þykir ekki ástæða til að endurtaka þær hjer. Aðeins má benda á, að enginn sparnaður verður að framgangi málsins.

Meðferð stjórnarinnar á lögum þeim, sem tilætluðu er að nema úr gildi með hinni nýju löggjöf, er í svo fersku minni og um hana hefir verið rætt og ritað svo mikið, að óþarfi er að taka hana til meðferðar í þessu áliti, enda er líklegt, að umræðurnar um málið gefi tilefni til umtals um það atriði.

Minni hlutinn verður að telja bæði óhentugt og óviðeigandi að breyta eins árs gamalli löggjöf, án brýnna orsaka, og telur það hættulegt fordæmi, ef nýr meiri hluti á þingi gerir sjer far um að breyta að nauðsynjalausu nýsettri löggjöf, eins og talsvert bryddir á á þessu þingi. Vill minni hlutinn engan þátt í slíku eiga og telur, að þingið hafi annað betra við sinn tíma að gera en að eyða honum til slíks. Mun það ekki verða til að auka virðingu þingsins, ef sú venja á upp að takast, að allmikill tími fari til þess að rífa niður gerðir síðasta þings, og viljum við ekki stuðla að, að sá háttur verði upp tekinn, nema í þeim tilfellum, er brýn nauðsyn kynni til að bera.

Við leggjum því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 31. mars 1928.

Hákon Kristófersson, frsm. Magnús Guðmundsson.

Nd. 675. Nefndarálit

um frv. til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg get ekki lagt það til, að frv. þetta verði samþykt, og hefi því ekki getað orðið samferða hinum nefndarmönnunum. Frv. er borið fram sem sparnaðarfrv. og segir um það í athugasemdum stjórnarinnar við frv., að það muni spara ríkissjóði um 80 þús. kr. á ári. Jeg varð þegar í stað undrandi, er jeg sá þetta, og eftir að hafa athugað málið, komst jeg að því, að þetta gæti engri átt náð. Við 1. umr. málsins fór jeg því fram á, að dómsmálaráðherra, sem hefir látið flytja málið, gæfi allsherjarnefnd skýrslu um, hvernig þessi sparnaðarupphæð væri reiknuð út. Hann kom svo að máli við nefndina, en kvaðst ekki skyldugur til að gefa neinar upplýsingar um þetta efni, og gerði það ekki heldur. Jeg hefi nú rannsakað málið eins ítarlega og föng hafa verið til á hinum skamma tíma, sem málið hefir verið til meðferðar í nefndinni, og komist að þeirri niðurstöðu, að af frv. sje alls enginn sparnaður, heldur muni þvert á móti verða skaði að þessu fyrir ríkissjóðinn, enda er það ekki ólíklegt, þar sem 3 embættismenn koma í stað tveggja og 3 skrifstofur í stað tveggja.

Bæði bæjarfógeta- og lögreglustjóraembættið á að leggja niður, og leiðir þar af, að báðir þeir menn, sem nú gegna þeim embættum, eiga heimtingu á, ef þeir vilja, að taka biðlaun í 5 ár. Virðast mestar líkur á, að þeir muni gera það, því að föst laun þeirra munu samt sem áður haldast óbreytt. Er þetta því mjög verulegur galli á frv., sem engar líkur eru á, að bót verði á ráðin.

Jeg legg því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 31. mars 1928.

Magnús Guðmundsson.

Nd. **676. Breytingartillögur**

við frv. til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

1. Við 1. gr. Orðið »núverandi« falli burt.
2. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar seinna embættið núverandi bæjarfógeta eða lögreglustjóra Reykjavíkur losnar.

Nd. **677. Breytingartillaga**

við frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá Gunnari Sigurðssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd. Skulu þeir hafa aðsetur við Eyjafjörð eða Siglufjörð frá 1. júlí til septemberloka. Þrír af nefndarmönnum skulu kosnir hlutfallskosningu til eins árs í senn, í fyrsta sinn á Alþingi 1928, af sameinuðu Alþingi, en tveir tilnefndir til sama tíma, annar af verklýðssambandi Norðurlands, en hinn af þeim mönnum, er gerðu út skip á síldveiðar næsta ár á undan kosningu, og kemur eitt atkvæði fyrir hvert skip, þar með taldir mótorbátar, sem síldveiði stunduðu og öfluðu meira en 300 tunnur á vertíðinni. Jafnmargir varamenn sjeu kosnir af sömu aðiljum. Útflutningsnefnd kýs sjer formann þegar eftir að kosning nefndarmanna hefir farið fram. Fái enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn. Fer kosningin fram eftir reglum, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Nd. **678. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþyktir um sjúkraskýli og læknisbústaði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin viðurkennir þörfina á löggjöf um þetta efni, en telur frv. ófullnægjandi. Í því felst ekkert annað en heimildin til þess að gera samþyktir um þessi efni og reglur um aðferðina við setningu þeirra, og þó ekki fullkomnar, því að þar, sem læknishjerað tekur yfir hluta af tveim lögsagnarumdæmum, gefst frv. alveg upp við að setja nokkrar reglur.

Nefndin álítur, að löggjöf um þetta þurfi að vera talsvert fyllri, og sjerstaklega að innihalda bein fyrirmæli um skylduna til viðhalds og rekstrar.

Styrkur úr ríkissjóði til að koma upp sjúkraskýlum og læknisbústöðum var fram til 1921 jafnan bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelag tæki stofnunina að sjer til eignar og rekstrar. Telur nefndin, að lögin þurfi fyrst og fremst að hafa ákvæði um, að þessi skylda haldist, þannig að sýslufjelag geti ekki afhent eða lagt niður slíka stofnun, nema með samþykki heilbrigðisstjórnarinnar. Sama ætti að gilda þar, sem svo stendur á, að einstakt hreppsfjelag eða bæjarfjelag samkvæmt skilyrði fyrir ríkissjóðstillagi hefir tekið slíka stofnun að sjer. En þar sem svo stendur á, að hvorki sýsla, bæjarfjelag eða hreppur heldur stofnuninni uppi, er þörf á samþykt eins og frv. gerir ráð fyrir, en einnig þá virðist nefndinni, að frv. ætti að hafa bein ákvæði um, að viðhalds- og rekstrarskyldan falli á sveitarsjóði læknishjeraðsins sameiginlega, og um skiftingu kostnaðarins milli þeirra, með viðeigandi sjerákvæðum, ef hreppur skiftist milli tveggja læknishjeraða. Yfir höfuð álítur nefndin, að meginákvæði þau, sem samþyktir eiga að styðjast við, þurfi að vera í sjálfum lögunum. En þar sem svo er áliðið þingtímans, telur nefndin ekki fært að bera fram nýtt frv. um sjúkraskýli og læknisbústaði, en leggur til, að málinu sje vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 2. apríl 1928.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Jón Þorláksson, frsm.

Ed. **679. Nefndarálit**

um flóaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir tekið til athugunar flóaferðir á árinu 1929 og þá styrkveitingu, sem háttv. Nd. hefir samþykt til þeirra ferða. Þótt nefndinni virðist kenna nokkurs ósamræmis í styrkveitingu til einstakra flóabáta, þá getur hún

þó, eftir atvikum, fallist á tillögur Nd. í þessu máli. Styrkupphæðin er talin í fjárlagafrumvarpinu kr. 106750, en á að vera kr. 106950, og mun nefndin flytja sjerstaka brtt. við fjárlagafrv. til leiðrjettingar á þeim lið.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 2. apríl 1928.

Páll Hermannsson, form.	Einar Árnason, fundaskr.	H. Steinsson, frsm.

Nd. **680. Þingsályktun**

um að fella niður útflutningsgjald af síld, er seld var til Rússlands 1927.

(Afgreidd frá Nd. 2. apríl).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta niður falla innheimtu á útflutningsgjaldi af síld þeirri, sem seld var til Rússlands haustið 1927.

Nd. **681. Þingsályktun**

um hagskýrslur.

(Afgreidd frá Nd. 2. apríl).

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að skýrslur hagstofunnar komi venjulega ekki seinna út en á næsta ári eftir lok þess tímabils, sem skýrslan tekur yfir.

Nd. **682. Breytingartillaga**

við frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá Bernharði Stefánssyni.

Við 3. gr. Við greinina bætist:
Framkvæmdarstjórar mega ekki reka síldarútveg eða síldarsöltun.

Nd. **683. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun síldarbræðslustöðva.

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 2. gr.

Á eftir orðunum »samvinnufjelagi síldveiðimanna« kemur: er starfi samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög.

Nd. **684. Nefndarálit**

um frumv. til laga um hlunnindi fyrir lánsfjelag.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumv. nái fram að ganga og fellst á rökstuðning flutningsm. fyrir því í meginatriðum.

Það hefir lengi verið almenn kvörtun um starfsfjárskort í landinu, bæði til rekstrar atvinnuveganna og til hinnar margháttuðu umbótastarfsemi, sem landsmenn hafa hug á og þeim er nauðsynlegt að leysa af höndum.

Leitað hefir þess verið á síðari árum að afla slíks fjár með því að heita nýjum bönkum, ef stofnaðir yrðu, líkum rjettindum og hjer er farið fram á, en það hefir reynst árangurslaust.

Síðustu úrræðin hafa verið þau, að ríkið tæki lán erlendis til að kaupa verðbrjef Veðdeildar og Ræktunarsjóðs, en það fje hefir fengist jafnört í útlánum og sífelt þörf á meiru.

Það úrræði, sem hjer er farið fram á, virðist síst annmarkameira en hvortveggja hinna fyrnefndu leiða og virðist engu síður geta komið til mála.

Þó þykir nefndinni ekki ástæða til, að slíku lánsfjelagi sje veitt heimild til að ávaxta fje ómyndugra og opinberra sjóða. Drægist það fje þá frá öðrum peningastofnunum, en starfsfje landsins ykist ekkert.

Þá vill nefndin einnig, að skýrt sje táknað í frumv., að orðið lánsfjelag eigi við það, sem Danir nefna Kreditforening.

Loks vill nefndin, að leyfistíminn sje takmarkaður.

Með tilvísun til þessara athugasemda leggur nefndin til, að frumv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðinu »fasteignalánsfjelög« komi: (Kreditforeninger).
   b. Fyrir »2.—4.« í niðurlagi greinarinnar komi: 2.—3.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.

3. Við 4. gr. Greinin verði 3. gr.
4. Ný grein, er verði 4. gr.:

Lög þessi falla úr gildi, ef heimildin hefir ekki verið notuð fyrir 1. jan. 1930.

Nefndinni þykir ekki rjett, að leyfið sje veitt nema nokkurnveginn vissa sje fyrir, að fje fáist til kaupa á verðbrjefum fjelagsins.

Alþingi, 31. mars 1928.

Halldór Stefánsson, form., frsm. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskr. Ólafur Thors.
Hannes Jónsson. Sigurður Eggerz.

Nd. **685. Nefndarálit**

um frv. til áfengislaga.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið meðnefndarmönnum mínum sammála um afgreiðslu þessa máls. Tilgangur frv. þessa mun óefað vera sá, að tryggja það, að ólöglegur innflutningur á áfengi geti ekki átt sjer stað. Svo í annan stað að takmarka sem mest neytslu á löglega fengnum vínum. Til þess að þetta megi verða, hefir verið fallið að því ráði að setja í frv. þetta óvenjulega há sektar- og refsiákvæði. Að slíkar öryggisráðstafanir sem þessar verði bann- og bindindismálinu til verulegra nota, efast jeg um, að nokkur maður með fullri alvöru hafi trú á. Undanfarinna ára reynsla hvað brot á gildandi lögum um þetta efni snertir ætti að vera besta sönnunin fyrir því, að það sje mjög ólíklegt. Jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að þó þetta frv. verði að lögum með öllum sínum refsi- og sektarákvæðum, þá muni það sýna sig, að það bætir ekki — nema þá ef vera skyldi að einhverju örlitlu leyti — úr því ástandi, sem nú er. Því leyfi jeg mjer að leggja það til, að frv. verði felt.

Alþingi, 2. apríl 1928.

Hákon Kristófersson.

Nd. **686. Breytingartillögur**

við frv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. Við 8. gr. Á eftir orðunum »alt að 1000 kr.« komi: eða alt að.
2. Á eftir 8. gr. frv. komi svo hljóðandi

Ákvæði um stundarsakir:

5.—8. gr. þessara laga koma til framkvæmda þegar í stað.

Ed. **687. Lög**

um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl).

1. gr.

Við 1. gr. 2. Orðin »nema síldartunnum og kjöttunnum og tilsniðnu efni í þær« falli niður.

Við 1. gr. 4. Í stað stafliðanna a., b. og c. komi:

a. Af salti 1 kr. af hverri smálest.
b. Af kolum 2 kr. af hverri smálest.
c. Af steinolíu 15 aurar af hverjum 50 kg.

Orðin í næstsíðustu málsgr. 1. gr.: »síldartunnur, kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðaefni« falli niður.

2. gr.

Lög nr. 50, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **688. Lög**

um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl).

1. gr.

Við 1. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra, eða umboðsmanni hans, reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll, svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, skal lögreglustjóri, eða umboðsmaður hans, stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 15% af innkaupsverði þeirra vara, nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

Í stað »20%« í staflið A. komi: 30%.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1930.

Ed. **689. Fjáraukalög**

fyrir árið 1926.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögum 1926, eru veittar kr. 1462072,94 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—10. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

		Kr.	Kr.	Kr.
	I. Ráðuneytið o. fl.			
4.	Annar kostnaður	28297,61		
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum...	1790,36		
6.	Til pappírs og prentunar	9536,92		
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum ...	4521,51		
			44146,40	
	II. Hagstofan.	Kr.		
3.	Pappír, prentun og hefting hagtíðinda	981,34		
4.	Húsaleiga, ljós, hiti	490,35		
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður ...	4786,00		
7.	Til að gefa út manntalið 1703	140,25		
			6397,94	
	III. Utanríkismál o. fl.			
1.	Til sendiráðsskrifstofu í Kaupm.höfn	2050,93		
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd ...	782,70		
			2833,63	
				53377,97
			Flyt	53377,97

		Kr.	Kr.	Kr.
			Flutt	53377,97

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

		Kr.	Kr.	
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn:			
1.	b. Hæstirjettur: Annar kostnaður ...	1949,95		
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík	351,14		
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:			
	a. Laun fulltrúa o. fl.	19091,67		
	b. Laun 3 tollvarða	17672,45		
	d. Hiti og ljós	1646,02		
	e. Ýms útgjöld	7332,36		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og annara bæjarfógeta	8300,00		
8.	Til landhelgisgæslu	49196,04		
10.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa	5220,00		
11.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	39252,33		
12.	Borgun til sjódómsmanna	1995,00		
13.	Borgun til setu- og varadómara ...	3170,09		
			155177,05	
	B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:			
1.	Burðareyrir og embættisskeyti:			
	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	14627,69		
2.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar o. fl. ...	5885,25		
3.	Til embættiseftirlitsferða	1607,25		
			22120,19	
				177297,24

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

		Kr.	Kr.	
	Til læknaskipunar og heilbrigðismála:			
5.	b. Til lækningaferða kringum landið	300,00		
8.	Til geislalækningastofu ríkisins	2952,91		
	Flyt	3252,91		230675,21

		Kr.	Kr.	Kr.
	Flutt	3252,91		230675,21
16. a.	Til byggingar landsspítala í Rvík	55000,00		
l.	Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum	174,32		
				58427,23

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

Samgöngumál.

A. Póstmál.

3. a.	Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara eftir reikningi	6474,78	
d.	Önnur gjöld	26635,22	
			33110,00

B. Vegabætur.

I. 3.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	5106,33	
4.	Til aðstoðarmanna og mælinga ...	14543,74	
5.	Skrifstofukostnaður	2978,78	
II. b.	Viðhald og umbætur	140992,26	
III.	Til brúargerða	86949,94	
IV.	Til slitlags á akvegum	2000,00	
V.	Fjallvegir	6075,08	
VI.	Til áhalda	10573,51	
VII. 1.	Til akfærra sýsluvega	4093,46	
			273313,10

C. Samgöngur á sjó:

1.	Til strandferða	48123,49	
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum	14700,00	
			62823,49

D. Hraðskeyta- og talsímasamband:

II.	Til viðauka símakerfa	2092,41	
III.	Til nýrra símalagninga	81173,23	
IV. 2.	Aðalskrifstofa landssímans ...	3420,48	
3.	Ritsímastöðin í Reykjavík... ...	14215,70	
5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	72782,23	
7.	Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu...	9513,40	
	Flyt	183197,45	369246,59 289102,44

	Kr.	Kr.	Kr.
Flutt	183197,45	369246,59	289102,44
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	12613,55		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	4868,33		
11. Símastöðin í Hafnarfirði	4267,59		
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum ...	3950,89		
13. Símastöðin á Siglufirði	7767,66		
14. Til aukaritsímaþjónustu	601,25		
16. Loftskeytastöðin á Hesteyri ...	588,80		
18. Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva	5555,93		
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	17418,55		
VI. Viðhald og viðbót stöðvanna	12974,76		
VII. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar	806,78		
VIII. Viðhald landssímanna	50968,81		
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	984,59		
Minningarkostnaður landssímans ...	9250,83		
		315815,77	
E. Vitamál.			
I. 3. Til skrifstofuhalds	813,37		
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar...	32,85		
II. Laun vitavarða	1226,17		
III. Rekstrarkostnaður vitanna	37532,02		
IV. Sjómerki, viðhald sæluhúsa..	12990,20		
V. Til þess að reisa nýja vita	34572,88		
VI. Ýmislegt	65596,73		
		152764,22	
			837826,58

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

Til kirkju- og kenslumála.

A. Andlega stjettin.

b. 6. Til húsabóta á prestssetrum ...	»	10060,75	
B. Kenslumál.			
I. Háskólinn:			
f. Til kensluáhalda læknadeildar ...	6647,50		
Flyt	6647,50	10060,75	1126929,02

	Kr.	Kr.	Kr.
Flutt	6647,50	10060,75	1126929,02
h. Hiti ljós, ræsting og vjelgæsla ...	282,31		
3. Ýms gjöld	2466,33		
II. a. og b. Námsstyrkur ísl. stúdenta í erlendum háskólum	300,00		
c. Til læknaefna til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis	1153,24		
III. Mentaskólinn:			
b. 4. Til tímakenslu og prófdómenda	5194,88		
b. 6. Námsstyrkur.	146,67		
b. 10. Ýmisleg gjöld	4147,11		
b. 11. Til verðlaunabóka	7,20		
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
b. 1. Til aukakennara og tímakenslu	2526,00		
b. 3. Til eldiviðar og ljósa	1956,94		
b. 5. Til dyravörslu	100,00		
b. 7. Til skólahússins utan og innan	696,59		
V. Kennaraskólinn:			
b. 1. Tímakensla...	2726,33		
b. 6. Til viðhalds	473,95		
b. 7. Ýmisleg gjöld	638,71		
VI. Stýrimannaskólinn:			
b. 4. Ýmisleg gjöld	159,76		
VII. Vjelstjóraskólinn:			
b. 4. Ýms kostnaður	2302,12		
VIII. Bændakensla:			
1. Bændaskólinn á Hólum:			
c. 2. Til kensluáhalda	341,91		
3. Til eldiviðar og ljósa	212,96		
4. Ýmisleg gjöld	715,75		
2. Bændaskólinn á Hvanneyri:			
c. 2. Til kensluáhalda	42,60		
XI. Yfirsetukvennaskólinn:			
2. b. Annar kostnaður.	428,75		
XIII. Almenn barnafræðsla:			
3. Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu	33054,03		
4. Til prófdómara við barnapróf ...	3796,65		
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
2. Til viðbótarbyggingar við Eiðaskóla	19500,00		
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja	9564,71		
		99583,00	
			109643,75
		Flyt	1236572,77

		Kr.	Kr.
	Flutt		1236572,77
	7. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:		
	Til vísinda, bókmenta og lista.		
2.	Þjóðskjalasafnið:		
	2. Til að binda inn og búa um skjöl	900,00	
3.	Þjóðmenjasafnið:		
	e. Til eftirlits á Þingvöllum	705,00	
5.	Landsbókasafnshúsið:		
	a. Til eldiviðar og ljósa	775,45	
	b. Til viðhalds og áhalda	1196,28	
32.	Til landskjálftarannsókna	82,00	
33.	Til veðurathugana og veðurskeyta	12240,06	
			15898,79
	8. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:		
	Til verklegra fyrirtækja:		
14.	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	9911,91	
15.	Til eftirlits með skipum og bátum	2173,90	
16.	Til bryggjugerðar og lendingarbóta	2427,81	
21.	Til að leitast fyrir um markað íslenskra afurða ...	5186,66	
23.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum	1502,48	
			21202,76
	9. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:		
	Til almennrar styrktarstarfsemi:		
3.	Styrkur til sjúkrasamlaga		290,38
	10. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:		
	Óviss útgjöld		188108,24
	Samtals		1462072,94

Ed. **690. Lög**

um samþykt á landsreikningnum 1926.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl).

	Áætlun	Reikningur
I. Tekjur:	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	215000,00	238950,53
2. Tekju- og eignarskattur	800000,00	1071032,03
3. Lestagjald af skipum	30000,00	42458,00
4. Aukatekjur	325000,00	455953,70
5. Erfðafjárskattur	35000,00	72286,16
6. Vitagjald	250000,00	330121,59
7. Leyfisbrjefagjöld	10000,00	16164,27
8. Stimpilgjald	300000,00	374198,27
9. Skólagjöld	20000.00	23600,00
10. Bifreiðaskattur	22000,00	37325,71
11. Útflutningsgjald	800000,00	877609,94
12. Áfengistollur	530000,00	786920,63
13. Tóbakstollur	450000,00	1134450,95
14. Kaffi- og sykurtollur	975000,00	1159463,16
15. Annað aðflutningsgjald	115000,00	242814,16
16. Vörutollur	1400000,00	1414817,46
17. Verðtollur	800000,00	1304696,38
18. Gjald af sætinda- og brjóstsykurgerð	15000,00	20000,74
19. Pósttekjur	350000,00	581538,05
20. Símatekjur	1150000,00	1409652,88
21. Víneinkasala	375000,00	200000,00
22. Tóbakseinkasala	275000,00	... ...
23. Steinolíueinkasala	60000,00	... ...
24. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	48100,00	40515,14
25. Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o.fl.	230000,00	199884,78
26. Óvissar tekjur, ýmisl. greiðslur og endurgjöld	264666,66	831784,74
27. Tekjur samkv. sjerstökum lögum	... ...	284786,50
28. Auknar lausar skuldir	... ...	507210,26
29. Mismunur á tilfærslum á greiðslum gjaldheimtum.	... ...	433,32
30. Eytt af sjóði	... ...	38565,88
Samtals	9844766,66	13697235,23

	Áætlun	Reikningur
II. Gjöld:	kr.	kr.
1. Greiðslur af lánum til ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	2638488,00	1764613,58
2. Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000,00	60000,00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	199800,00	245142,97
4. Til ríkisstjórnarinnar:		
I. Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.	182380,00	222839,28
II. Hagstofan	49600,00	56202,15
III. Utanríkismál o. fl.	36500,00	39333,63
5. A. Dómgæsla og lögreglustjórn	607678,00	766338,63
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	125000,00	163352,38
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	914855,00	1006658,04
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	427366,00	485175,37
B. Vegabætur	499320,00	791746,77
C. Samgöngur á sjó	297000,00	359823,49
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	951000,00	1315562,10
E. Vitamál	176420,00	330150,22
8. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Andlega stjettin	324556,00	379102,78
B. Kenslumál	1115726,66	1244995,63
9. Til vísinda, bókmenta og lista	251910,00	270161,46
10. Til verklegra fyrirtækja	715440,00	730346,18
11. Til almennrar styrktarstarfsemi	460200,00	648245,41
12. Eftirlaun og styrktarfje	180492,63	174925,60
13. Óviss útgjöld	100000,00	288108,24
14. Lögboðnar fyrirframgreiðslur...	4000,00	25226,25
15. Eimskipafjelag Íslands o. fl.	»	148992,82
16. Fjárgreiðslur samkv. lögum og fjáraukal.	»	1288336,92
17. Til jafnaðar móti fiskveiðasektum	»	624995,19
18. Aukin innstæða	»	237860,14
19. Afhent smámynt til geymslu	»	29000,00
Samtals ...	10317732,29	13697235,23

Nd. **691. Þingsályktun**

um rannsókn á veginum frá Markarfljóti til Víkur í Mýrdal.

(Afgreidd frá Nd. 2. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka næsta sumar akbrautarstæði frá Markarfljóti til Víkur í Mýrdal og gera áætlun um kostnað. Þar með sjeu teknar nauðsynlegar brýr á árnar, sem eru á þessari leið.

Nd. **692. Nefndarálit**

um frumv. til laga um gagnfræðaskóla Reykjavíkur.

Frá mentamálanefnd.

Mentamálanefnd fellst á, að rjett sje að gera ráðstafanir um bráðabirgða ungmennafræðslu í Reykjavík, þar til fullkomnum ungmennaskóla verður komið á fót, því búast má við, að bið verði á að slíkur skóli komist upp, jafnvel þó bráðlega yrðu afgreidd allsherjarlög um unglingafræðslu í landinu.

Leggur nefndin til, að frumv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Stofna skal ungmennaskóla í Reykjavík, er veiti almenna fræðslu, bóklega og verklega, bæði piltum og stúlkum.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir »íþróttir« í fyrri málslið kemur: og eftir því sem við verður komið.
   b. Síðari málsliður orðist svo:
   Undanþágur má skólastjóri veita nemendum í einstökum námsgreinum, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna »sem fyrsti kennari« í síðari málslið kemur: og fastir kennarar.
4. Við 5. gr.
   a. Fyrri málsliður orðist svo:
   Þriggja manna skólanefnd hefir yfirstjórn skólans.
   b. Í stað »stjórnarráðið« í síðari málslið kemur: fræðslumálastjórnin.
   c. Í stað orðanna »til 5 ára í senn« í síðari málslið kemur: nefndarinnar til jafnlangs tíma.
5. Við 6. gr. Annar málsliður orðist svo:

Skólanefnd semur reglugerð fyrir skólann um kenslu, próf o. fl., er fræðslumálastjórnin staðfestir.

6. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna »Fyrir hverja 20 nemendur« í upphafi fyrsta málsliðs kemur: Fyrir 24 kenslustundir hverra 20 nemenda.
   b. Síðasti málsliður orðist svo:
   Fræðslumálastjórnin ákveður, að fengnum tillögum skólanefndar, skólagjald nemenda, er renna í skólasjóð.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
Frumvarp til laga um bráðabirgða ungmennafræðslu í Reykjavík.

Alþingi, 2. apríl 1928.

Ásgeir Ásgeirsson, form. og frsm. Magnús Jónsson. Sveinn Ólafsson.
Lárus Helgason. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **693. Breytingartillögur**

við frv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Þingvellir við Öxará og grendin þar skal vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.
2. Við 2. gr. Í stað »friðhelga svæðisins« í upphafi greinarinnar kemur: hins friðhelga lands.
3. Við 3. gr. Í stað »aukning fjallskila« í niðurlagi fyrri málsgreinar kemur: íþynging fjallskila.
4. Við 4. gr. Í stað »Friðlýsta landið« kemur: Hið friðlýsta land.
5. Við 6. gr. Í stað »friðlýsta svæðið« kemur: hið friðlýsta land.
6. Við 8. gr. Greinina skal orða svo:
   Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, alt að 1000 kr., eða einföldu fangelsi, alt að 3 mánuðum, ef miklar sakir eru, nema brot sje svo vaxið, að þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.
   Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.
7. Á eftir 8. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **694. Frumvarp**

til laga um einkasölu á útfluttri síld.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Frá 1. maí 1928 skal vera einkasala á allri saltaðri og kryddaðri síld eða verkaðri á annan hátt til útflutnings á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, og nefnist þessi einkasala »Síldareinkasala Íslands«. Heimilt er þó innlendum verksmiðjum að selja til útlanda beinlausa síld og síld lagða í olíu eða krydd í dósum.

2. gr.

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd, og skulu þeir allir vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð, eða hafa aðsetur þar að minsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Þrír af nefndarmönnunum skulu kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þriggja ára, í fyrsta sinn á Alþingi 1928, en tveir tilnefndir til þriggja ára í senn, annar af verklýðssambandi Norðurlands, en hinn af þeim mönnum, er gerðu út skip á síldveiðar næsta ár á undan kosningu, og kemur eitt atkvæði fyrir hvert skip, þar með taldir mótorbátar. Fer kosningin fram eftir reglum, er atvinnumálaráðuneytið setur. Jafnmargir varamenn sjeu kosnir. Útflutningsnefnd kýs í byrjun hvers árs formann fyrir það ár. Fái enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.

3. gr.

Útflutningsnefnd ræður þrjá framkvæmdarstjóra, er sjeu jafnir að völdum. Skulu þeir hafa skrifstofu á Siglufirði. Framkvæmdarstjórarnir hafa á hendi í umboði útflutningsnefndar alla daglega stjórn og umsjón einkasölunnar og ferðir í hennar þarfir. Sje framkvæmdarstjóri ráðinn innan nefndarinnar, tekur varamaður við sæti hans í nefndinni. Kosning framkvæmdarstjóra er því aðeins gild, að hann fái minst 3 atkvæði. Fái einhver ekki þann atkvæðafjölda, skipar atvinnumálaráðherra í auð sæti. Framkvæmdarstjórar mega ekki reka síldarútveg eða síldarsöltun.

4. gr.

Þessi eru störf framkvæmdarstjóranna:

1. Að ákveða, í samráði við útflutningsnefnd, hvenær söltun og kryddun síldar, eða verkun á annan hátt til útflutnings, byrjar ár hvert, og einnig hvenær hætta skuli söltun og kryddun árlega eða verkun á annan hátt til útflutnings.
2. Að setja umboðsmenn, er hafa eftirlit með allri vinnu í hverri verstöð, þar sem síld er verkuð til útflutnings. Ákveða þessir umboðsmenn, í samráði við útflutningsnefnd og framkvæmdarstjóra, um alla meðferð á síld-

inni, flokkun eftir gæðum, umbúðir um síldina o. fl., alt samkvæmt þar að lútandi reglugerð, sbr. 14. gr. Enga síld má salta, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, nema með leyfi þessara umboðsmanna einkasölunnar. Þóknun til umboðsmanna þessara greiða síldarútflytjendur.

3. Að selja alla saltaða og kryddaða síld, eða verkaða á annan hátt til útflutnings, fyrir einkasöluna og skila til síldareigenda andvirði síldar, er einkasalan selur, jafnótt og það greiðist, að svo miklu leyti sem unt er, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er legst í sjóði. Skal miða greiðslur við árlegt meðalverð allrar síldar af sömu tegund og gæðum. Hafi einkasölunni verið afhent meira af síld til sölu en hún hefir getað selt í það sinn, skiftist andvirði þeirrar síldar, er seld hefir verið, hlutfallslega milli allra, sem búnir eru að afhenda síld til útflutnings. Heimilt skal einkasölunni að selja innanlands þá síld, sem hún telur ekki tilvinnandi að flytja út.
4. Að gera tilraunir með nýjar aðferðir við verkun síldar og opnun nýrra markaða, sbr. 8. gr., og hafa aðrar framkvæmdir með höndum, er fram kunna að verða teknar í reglugerð hjer að lútandi og erindisbrjefum þeim, er framkvæmdarstjórunum verða sett.

5. gr.

Framkvæmdarstjórninni er heimilt:

a. Að taka fje að láni út á síldina, jafnótt og hún er fullverkuð til útflutnings, og skifta því í rjettum hlutföllum milli síldareigenda, eftir magni og gæðum þeirrar síldar, er þeir hafa afhent einkasölunni, enda hvíli engin önnur veðbönd á síldinni.
b. Að liðsinna viðskiftamönnum einkasölunnar um útvegun á tunnum og salti til verkunar síldinni, ef orðið getur án fjárhættu fyrir einkasöluna.

6. gr.

Nú er nauðsynlegt, vegna einkasölunnar eða verkunar á síld til útflutnings, að tryggja einkasölunni afnot af bryggjum eða landi, er einstakir menn eiga eða ráða yfir, og getur ríkisstjórnin látið taka það til afnota, eftir tillögum einkasölunnar, fyrir leigu, er dómkvaddir menn meta.

7. gr.

Þeir, sem ætla sjer að salta síld, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, skulu fyrir 15. apríl ár hvert tilkynna skriflega framkvæmdarstjórum einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sjer að verka af síld til útflutnings á því ári. Hverri tilkynningu fylgi þær upplýsingar og skilríki, sem föng eru á og gera það sennilegt, að framleiðandinn hafi tök á að verka svo mikla síld, sem hann óskar eftir að fá selda, enda tilgreini hann nöfn og tölu þeirra báta, er hann hygst að nota til veiðanna, og hve mikið hann ætli hverjum þeirra að veiða í salt. Komi þá í ljós, að ástæða sje til að óttast of mikla framleiðslu, getur nefndin takmarkað framleiðsluna og ákveðið fyrirfram, hve mikla síld hver síldarframleiðandi megi verka til útflutnings, enda

skal sú ákvörðun tilkynt honum, í síðasta lagi 1. júní ár hvert. Að jafnaði skal slík takmörkun koma niður á öllum tilkyntum framleiðendum hlutfallslega, svo sem unt er, nema ástæða þyki til að telja fyrirætlanir einhvers þeirra um síldarverkun úr hófi fram, eftir ástæðum hans og fyrirframgerðum ráðstöfunum til undirbúnings. Má í því efni hafa til hliðsjónar aðstöðu hans til framleiðslunnar, svo sem skipakost og bryggju, framleiðslumagn hans undanfarin ár, vöruvöndun og skilsemi.

Fyrirframákvörðun nefndarinnar um síldarmagn hvers framleiðanda skal ekki vera því til fyrirstöðu, að nefndin sliti allri síldarsöltun, kryddun eða verkun á annan hátt samkvæmt 1. lið 4. greinar, er henni þykir nauðsyn til bera, þó sumir hafi þá ekki verkað alla þá síld, er þeir höfðu leyfi til. Að jafnaði skal þá tekið tillit til þess, að veiðitími reknetabáta nær lengra fram eftir haustinu en herpinótaskipa, og söltun hjá þeim því eigi stöðvuð jafnsnemma og hjá herpinótaskipum.

8. gr.

Myndaðir skulu tveir sjóðir, varasjóður og markaðsleitarsjóður, og skal renna í varasjóð $^1/_4$%, en í markaðsleitarsjóð $^3/_4$% af andvirði seldrar síldar. Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd samkvæmt reglugerð, er samin verður um meðferð þeirra, staðfestri af atvinnumálaráðherra.

9. gr.

Reikningsár einkasölunnar skal vera frá 15. apríl til jafnlengdar ár hvert. Stjórn einkasölunnar skal fyrir lok maímánaðar árlega birta í Lögbirtingablaðinu endurskoðaðan reikning einkasölunnar og skýrslu um störf hennar á liðnu reikningsári.

10. gr.

Heimili einkasölunnar og varnarþing er á Akureyri.

11. gr.

Einkasalan er undanþegin tekjuskatti og aukaútsvari, enda greiði hún síldareigendum alt andvirði síldarinnar, að frádregnum kostnaði og sjóðfje, sbr. 4. gr. 3.

12. gr.

Ríkisstjórnin skipar tvo endurskoðendur einkasölunnar og tvo til vara og ákveður þóknun fyrir störf þeirra. Hafa þeir altaf aðgang að reikningum einkasölunnar.

13. gr.

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en þóknun útflutningsnefndarinnar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjórar ráða sjer starfsmenn, svo sem þeir telja nauðsynlegt, en útflutningsnefnd ákveður laun þeirra.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur reglugerð um skoðun á síld og nánari framkvæmdir einkasölunnar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 1000—50000 krónum, og getur einkasalan, ef brot er ítrekað, neitað að taka til sölu útflutningssíld frá þeim, sem brotið hefir.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög frá 15. júní 1926, um sölu á síld, og lög frá 26. nóv. 1919, nr. 56, um skoðun á síld, svo og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þetta.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Þeir, sem á árinu 1928 ætla sjer að salta síld, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, skulu hafa frest til 15. maí með að tilkynna skriflega framkvæmdarstjórum einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sjer að verka af síld á árinu.

Ed. **695. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1929.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 2. gr. 2. (Tekju- og eignarskattur):
   Fyrir »850000« kemur 1050000
2. Við 2. gr. 14. (Kaffi- og sykurtollur):
   Fyrir »1050000« kemur 850000
3. Við 2. gr. 16. (Vörutollur):
   Fyrir »1050000« kemur 1250000
4. Við 2. gr. 17. (Verðtollur):
   Fyrir »825000« kemur 1325000
5. Við 2. gr. 21. (Víneinkasala):
   Fyrir »300000« kemur 375000
6. Við 10. gr. I. 1. b. (Risna ráðherra):
   Fyrir »4000« kemur... 8000
7. Við 10. gr. I. 7. Liðurinn orðist svo:
   Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans 6000

II. Frá *Jóhannesi Jóhannessyni.*
Við 13. gr. B. II. 15. Nýr liður:
Til Fjarðarheiðarvegar 25000

III. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. C. 2. (Flóabátaferðir).
Fyrir »106750« kemur 106950

IV. Frá *Páli Hermannssyni* og *Einari Árnasyni.*
Við 14. gr. A. b. 4. (Framlag til prestlaunasjóðs):
Við liðinn komi svo hljóðandi athugasemd:
Ef fje sparast á þessum lið vegna þess að prestaköll eru laus, er kirkjustjórninni heimilt, samkvæmt tillögu prestastefnu, að verja alt að einum prestlaunum til þess að greiða ferðakostnað handa prestvígðum manni, einum eða fleirum, til eflingar andlegri samvinnu meðal presta og kristilegra áhrifa á söfnuði úti um land.

V. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. II. d. Nýr liður:
Til Hólmfreðs Franzsonar, til háskólanáms 1000

VI. Frá *Einari Árnasyni.*
Við 14. gr. B. II. o. Nýr liður:
Til Jóhanns Sveinssonar, til háskólanáms í uppeldisfræðum 1200
Til vara 1000

VII. Frá *Einari Árnasyni* og *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 14. gr. B. XX. Nýr liður:
Til Benedikts Elfars, til þess að halda uppi kenslu í organleik og söng á Akureyri 3000

VIII. Frá *Erlingi Friðjónssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við 15. gr. 14. Nýr liður:
Til útgáfufjelags Flateyjarbókar á Akureyri 3000
Til vara 1500

IX. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason.*
1. Við 15. gr. 15. Nýr liður:
Til Bandalags kvenna, styrkur til að rita sögu eða drög til sögu ísl. kvenna, sem ætlast er til, að komi út árið 1930 2500
Til vara 2000
2. Við 15. gr. 16. Nýr liður:
Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá yfir

skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn 2000
Til vara 1500

X. Frá *Einari Árnasyni.*
Við 15. gr. 22. d. Nýr liður:
Til Freymóðs Jóhannssonar, til framhalds listmálaranámi, lokastyrkur 1000

XI. Frá *Jóhannesi Jóhannessyni.*
Við 15. gr. 22. e. Nýr liður:
Til Kristjáns Kristjánssonar, til ársdvalar á Ítalíu, til að ljúka söngnámi 3000

XII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 35. (Guðbrandur Jónsson):
Fyrir »1200« kemur 1800

XIII. Frá *Birni Kristjánssyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 36. Nýr liður:
Til dr. Helga Pjeturss, til utanfarar 4500
Til vara 4000

XIV. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við 15. gr. 38. Liðurinn orðist svo:
Til Íþróttasambands Íslands 6000
Þar af skal greiða leikfimiflokki kvenna úr Reykjavík 3000 kr. í kostnað við ferð á Olympíuleika.

XV. Frá *Jóni Baldvinssyni* og *Birni Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 41. b. Nýr liður:
Til girðingar um listasafnshúsið 13500

XVI. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
1. Við 15. gr. 46. Athugasemd á eftir:
Af fje þessu er heimilt að greiða prentsmiðjunni Gutenberg uppbót á greiðslu fyrir prentun orðabókarinnar, 2500 kr.
2. Við 15. gr. 50. (Jón Ófeigsson).
Aftan af liðnum falli orðin »fyrsta greiðsla af fjórum«.

XVII. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 16. gr. 23. Nýr liður:
Til hafnarbóta í Ólafsvík, $^2/_3$ kostnaðar, alt að 10000

XVIII. Frá *Jónasi Kristjánssyni.*

Við 16. gr. 24. Nýr liður:

Til að lengja öldubrjótinn á Sauðárkróki, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, alt að 2000

XIX. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 16. gr. 29. (Samb. ísl. heimilisiðnaðarfjel.).

Við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd:

Þar af 800 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði á Norður- og Austurlandi.

XX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 16. gr. 39. Nýr liður:

Til Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnuhlutafjelags 6500

XXI. Frá *forsætisráðherra.*

Við 18. gr. II. e. 11. Nýr liður:

Til Jóns Strandfelds 150

XXII. Frá *Halldóri Steinssyni.*

Við 18. gr. II. f. 6. Nýr liður:

Til Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts 300

Til vara 200

XXIII. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 18. gr. II. f. 7 (Daníel Jónsson):

Liðurinn fellur niður.

XXIV. Frá *Jónasi Kristjánssyni.*

Við 18. gr. II. h. 7 (Valgerður Arnljótsdóttir).

Fyrir »300« kemur 600

XXV. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 22. gr. 2 (Osta- og smjörbú):
   Fyrir »5 %« kemur: 6 %.
2. Við 23. gr. IV (Endurgreiðsla til Rangárvallasýslu):
   Við liðinn bætist:
   Endurgreiðsla er bundin því skilyrði, að fjenu verði varið til umbóta helstu sýsluvegum í sýslunni, sjerstaklega Landveginum og Fljótshlíðarveginum, eftir tillögum vegamálastjóra.

XXVI. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*

Við 23. gr. VII. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 100000 króna lán til barnaskólabyggingar Akureyrarkaupstaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar.

XXVII. Frá *dómsmálaráðherra.*

Við 23. gr. VIII. Nýr liður:

Að greiða Geir T. Zoëga rektor full laun, ef hann lætur af embætti.

XXVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 23. gr. IX. Nýir liðir:

a. Að flýta svo fyrirhugaðri Þingvallabraut upp Mosfellsdalinn, að sá vegur geti verið kominn í notkun fyrir hátíðahöldin 1930 með núverandi Þingvallabraut, og taka til þess lán fyrir hönd ríkissjóðs, ef á þarf að halda.

b. Að taka fyrir ríkissjóðs hönd ábyrgð á alt að 300 þús. danskra kr. láni Jóhannesar Jósefssonar, til þess að reisa fyrsta flokks gistihús (hótel) í Reykjavík fyrir sumarið 1930, enda leggi hann að auki fram til fyrirtækisins 250 þús. kr. og veðsetji gistihúsið með fyrsta veðrjetti og fái ábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur til tryggingar láninu.

Ed. **696. Nefndarálit**

um frv. til laga um atvinnuleysisskýrslur.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 1928.

Jón Baldvinsson,	Ingvar Pálmason,
form. og frsm.	fundaskrifari.

Ed. **697. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1929.

I. Frá *Birni Kristjánssyni.*

Við 13. gr. B. II. a. 1. (Kjalarnesvegur).

Fyrir »10000« kemur 16000

II. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 15. gr. 1. j. (Ýmisleg gjöld Landsbókasafns):

Fyrir »600« komi 1100 og athugasemd aftan við:

Af þeim lið má endurgreiða 500 kr. bráðabirgðalán dyravarðar vegna lækningakostnaðar.

Nd. **698. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Með frv. er lagt til að færa Landsbankalögin til þess horfs, sem minni hluti Alþingis 1927 og milliþinganefndin í bankamálinu 1925 vildu vera láta. Eru aðalbreytingarnar þessar:

1. Skýrt fram tekið, að ríkið beri fulla ábyrgð á bankanum, í stað þess að hafa aðeins takmarkaða ábyrgð.
2. Breytt stjórnarfyrirkomulagi bankans til þess horfs, sem meiri hluti Landsbankanefndarinnar 1925 lagði til.

Lúta breytingartillögur frv. að þessum atriðum:

1. Þar sem Landsbankinn er eign ríkisins, þá er enginn vafi á því, að ríkið hefir þá einnig siðferðilega ábyrgð á fjárhag hans. Það eitt er því rjett, að kannast við það opinbert og hreinlega í lögunum sjálfum. Hitt, að segja að ríkið eigi bankann, en neita því jafnframt, að það beri ábyrgð á honum, er bæði hugsunarlega og siðferðilega rangt.
2. Breytingar þær, er frv. gerir á stjórnarfyrirkomulagi bankans, eru í höfuðatriðum samkvæmt því, er milliþinganefndin í bankamálinu 1925 lagði til. Miða þær að því, að bankinn sje sem óháðastur snöggum breytingum í skoðunum hjá stjórn og þingi.

Nefndin hefir ekki getað orðið ásátt í tillögum sínum um afgreiðslu málsins. — Meiri hlutinn (H. J., H. Stef. og Hj. V.) mælir með, að frv. nái fram að ganga, en vill þó gera á því nokkrar minni háttar breytingar. Mun verða gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar við umræður.

Minni hlutinn mun gera grein fyrir sinni afstöðu til málsins.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykt, og ber fram við það eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Ný grein á milli 2. og 3. gr. frv., er verður 3. gr. (Greinatalan breytist samkvæmt því):
   4. málslíður 21. gr. hljóði svo:
   Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem landsbankanefndin kýs til 1 árs í senn.
2. Við 6. gr. Fyrir orðin »til þriggja ára í senn« komi: til 5 ára í senn.
3. Við 14. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist: Auk þess skulu hinir bankaráðsmennirnir skiftast á um hið daglega eftirlit ásamt formanninum.
4. Við 15. gr. — Viðaukatillaga. Stafliður n. orðist svo:
   n. Að gera tillögur til landsbankanefndarinnar til reglugerðar um stjórn bankans og starfrækslu.

5. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   a. 42. gr. verði 47. gr.
   b. 43. gr. verði 48. gr. og upphaf greinarinnar orðist svo: Landsbankanefnd, bankaráð o. s. frv.
   c. 44. og 45. gr. verði 49. og 50. gr. og á undan 50. gr. komi: VI. kafli. Sjerrjettindi bankans.
6. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
   a. 46., 47., 48., 49., 50., 51. og 52. gr. verði 51., 52., 53., 54., 55., 56. og 57. gr.
   b. 53. gr. verði 58. gr. og síðari málsgr. orðist svo:
      Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af skuldabrjefum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.
   c. 54. gr. verði 59. gr.
7. Við 23. gr. Síðasti málsliður (sbr. þskj. 569) falli niður.

Alþingi, 3. apríl 1928.

Halldór Stefánsson, form. og frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskr.	Hannes Jónsson.

Ed. **699. Lög**

um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl).

1. gr.

Nesverslunarstaður í Norðfirði skal tekinn í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Neshrepp og heitir Neskaupstaður.

Umdæmi þetta skal hjer eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Suður-Múlasýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við alt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Landsstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Neshreppi, sem ekki eru útkljáð þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skift milli sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og bæjarfógetans í Neskaupstað.

3. gr.

Verslunarlóð kaupstaðarins er strandlengjan norðan fjarðarins, frá Bakkalæk að Naustalæk, 330 stikur á breidd frá flóðmáli til fjalls.

4. gr.

Í Neskaupstað skal skipaður bæjarfógeti með 1500 króna byrjunarlaunum, sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 2500 kr., er greiðist úr ríkissjóði. Hann hefir á hendi öll hin sömu störf sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, alt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.

Hann hefir og á hendi stjórn málefna kaupstaðarins og innheimtur og greiðslur bæjarsjóðs. Fær hann að launum fyrir þau störf 3000 krónur úr bæjarsjóði. Heimilt er þó bæjarstjórn að skipa sjerstakan gjaldkera, ef þörf krefur.

5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum.

6. gr.

Bæjarfulltrúar eru átta. Tölu þeirra má stjórnarráðið breyta eftir tillögum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúana kjósa kaupstaðarbúar, sem kosningarrjett hafa eftir gildandi lögum.

7. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til sex ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinn, fara fjórir frá eftir þrjú ár, eftir hlutkesti. Fari fulltrúi frá á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum en þeim, að kjörtímabil hans sje útrunnið, skal þá kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

8. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður, auk oddvita, minst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningu, ef þess er krafist.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða þegar minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Oddviti skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið staðfestir þau.

9. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórnin tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi oddvita.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfjelagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, sem á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins. Með samþykt, er stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

10. gr.

Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrjett því aðeins, að hann sje bæjarfulltrúi.

11. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar.

Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

12. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rjett, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþyktar hafa í för með sjer; svo má og þar ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir

byggingarleyfi og störf einstakra manna skulu hafa lögtaksrjett og renna í bæjarsjóð.

13. gr.

Bæjarstjórn, og oddviti bæjarstjórnar sjerstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; ennfremur gæta þess, að geymt sje og eftir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórn hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum bæjarins.

14. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt.

Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykt af tveimur bæjarfulltrúum, er þau eiga undir.

15. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu, útvegun á verknaði, varningi o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

16. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

17. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje bæjarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af þess árs tekjum, sem í hönd fer, nje heldur að endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

18. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marsmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis 15 daga á hentugum, auglýstum stað.

Yfirskoðunarmenn kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í 3 ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefir umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðunarmanna —

en það skal hann hafa gert innan 15 daga — skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda sje honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því sjeu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

19. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn krefur, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

20. gr.

Hið fyrsta eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið í Neskaupstað. Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Bæjarstjórnin hefir yfirumsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sjerstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

22. gr.

Með samþykt þeirri, er um getur í 9. gr., má setja nánari reglur um sjerhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúarmánaðar 1929. Gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þau komist þá þegar til framkvæmda.

Ákvæði um stundarsakir.

Sýslunefnd Suður-Múlasýslu annarsvegar og bæjarstjórn Neskaupstaðar hinsvegar gera með sjer samning um skifti á eignum og skuldum sýslusjóðs. Rísi nokkur ágreiningur um þau skifti, sker stjórnarráðið úr.

Ed. **700. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1929 og við brtt. á þskj. 695.

I. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 15. gr. 22. c. Nýr liður:

Til Guðmundar Kambans 2000

II. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við brtt. XXVIII. a.

Fyrir orðin »fyrirhugaðri Þingvallabraut« til loka málsgreinarinnar kemur: fyrirhuguðum sambandsvegi milli Þingvalla og Grímsnesbrautar, að vel verði fær bifreiðum fyrir hátíðahöldin 1930.

III. Frá *dómsmálaráðherra.*

Við 23. gr. IX. Nýr liður:

Að láta byggja íbúðarhús handa hinum nýja lækni á Kleppi fyrir alt að 30 þús. kr., ef óhjákvæmileg þörf spítalans krefur.

Ed. **701. Frumvarp**

til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sjómenn og aðrir, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta eigi sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörstaðar eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Dómsmálaráðuneytið annast um útvegun kjörseðla ásamt fylgibrjefum og umslögum, er þar til heyra, á kostnað ríkissjóðs. Kjörgögn þessi skulu vera þannig gerð: Kjörseðill, fylgibrjef og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skriftin verði ekki greind í gegnum hann. Stofn og fylgibrjef sama kjörblaðs skulu auðkend sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land alt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbrjefi; jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflínum, svo að auðvelt sje að rifa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibrjefinu skulu vera vottorð kjósenda og kjörstjóra.

Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr. .....

.....
(Nafn og föðurnafn kjósanda).

.....
(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

kaus .....
(Staður, dagsetning og ár).

hjá .....
(Staða).

.....

Nr. .....

Jeg .....
(Nafn, föðurnafn og staða kjósanda).

.....
(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

sem vegna fjarveru get ekki sótt kjörþing á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að jeg þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi sjeð hefi útfylt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi jeg því yfir, að jeg hefi engan annan kjörseðil frá mjer sent og hefi ekki kosið eða mun kjósa annarsstaðar.

.....
(Staður, dagsetning og ár).

.....
(Undirskrift kjósanda).


Að .....
(Fullt nafn kjósanda).

.....
(Heimili kjósanda).

hafi undirskrifað fylgibrjef, sem er rjett dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sje útfyltur aðstoðarlaust og þvingunarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.

Vitundarvottar: .....
(Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili).

.....
(Nafn).



Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír af þeirri stærð, að hæfileg sjeu utan um fylgibrjefið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefir verið lokað og fylgibrjefið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin og hverju 25 blaða hefti fylgja 25 umslög með sömu tölum.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörstaðar áður en framboðsfrestur er úti. Kjörstjórar utan kjörstaða samkvæmt lögum þessum eru: sýslumenn, bæjarfógetar, fulltrúar þeirra, hreppstjórar, svo og skipstjórar á íslenskum skipum, enda gefi þeir drengskaparyfirlýsingu, um leið og þeir taka við kjörgögnum, um, að kosning í skipi þeirra fari fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar. Dómsmálaráðuneytið sendir nægilegar birgðir kjörgagna til allra sýslumanna og bæjarfógeta og heldur bók yfir, hve mörg kjörblöð með umslögum hver þeirra fær og tölusetningu þeirra. Á sama hátt senda sýslumenn og bæjarfógetar nægilegar birgðir kjörgagna til annara kjörstjóra, hver í sínu umdæmi. Skulu þeir halda bók yfir kjörgögn þau, er þeir senda frá sjer, á sama hátt og dómsmálaráðuneytið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því aðeins gild, að notuð sjeu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta eða á heimili hreppstjóra eða um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt framanrituðu, enda sje kjósandinn þá skrásettur á skipinu.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar eigin hendi með bleki á atkvæðaseðilinn fult nafn þess þingmannsefnis eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Sje um hlutbundnar kosningar að ræða, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, eiga rjett á að greiða atkvæði strax og framboðsfrestur er liðinn, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörstaðar fá afhent tölusett fylgibrjef með áföstum kjörseðli og síðan þvingunar- og aðstoðarlaust í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis, eða þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa, eða listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosn-

ing er, ef hann vill — á kjörseðilinn, loka honum síðan, þannig, að það verði innan á, er hann hefir skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur. Kjörstjóri eða kjósandi útfyllir því næst vottorðið á fylgibrjefinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða auðkenna á nokkurn hátt, nje losa hann frá fylgibrjefinu. Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibrjefinu um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfyltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördeildar hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sje alt auðkent sömu tölu. Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibrjefið.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til annars kjörstjóra utan kjörstaðar, þá skal atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, sem í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum skal kjósandi því næst láta í umslagið og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðisseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi. Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýta seðilinn ásamt fylgibrjefinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýtur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórna ásamt hinum gildu atkvæðum. Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýtst.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma brjefinu á póst.

5. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert brjef, frá hvaða kjósanda það sje, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu brjef þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjóra ásamt einum manni úr kjörstjórn, og er frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra heimilt að setja á hann innsigli sitt.

Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir brjef með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta brjefin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim, er varðveitir brjef

með atkvæði hans, sje það ekki varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa, að hann afhendi sjer það, alt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

6. gr.

Þegar á kjörfund kemur, athugar kjörstjórnin, hvort innsigli atkvæðakassans sjeu heil og ósködduð, opnar síðan kassann og tekur úr honum umslögin og varðveitir þau á meðan atkvæðagreiðsla fer fram. Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörstað. Ef svo reynist, að sá, sem brjefið er frá, standi á kjörskrá og hafi eigi greitt atkvæði á kjörstað, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritið af kjörskránni. Komi fram umslag með ónýtum seðli, skal kjörstjórnin athuga fylgibrjefið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslög undir ógilda seðla, sem hún sendir til yfirkjörstjórnar.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða sje staddur á kjörstaðnum, eða sje búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórn hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórn fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibrjef með áföstum kjörseðli, eða umslög og fylgibrjef eigi eru tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að eigi hafa verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða eigi hefir verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru með lögum þessum.

Þá kjörseðla, sem teknir eru gildir, rífur kjörstjórn frá fylgibrjefunum, gætir þess vandlega, að þeir opnist eigi nje skaddist og leggur þá í atkvæðakassann.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt lögum þessum, eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.
2. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðslu atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir gera látið, eða eitthvað liggur innan í honum, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr., eða á seðilinn eru sett strik eða merki, er ætla má, að sjeu sett til þess að gera hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi, auk listabókstafsins, orðið »listi«, ef ekki verður álitið, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi skal gæta þess, að til sjeu í skipinu fyrir hverjar kosningar nægar birgðir kjörseðla með tilheyrandi umslögum,

og í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslur þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur dómsmálaráðuneytið útdráttinn. Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um að kjósa í skipi, eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því aðeins, að óhjákvæmileg störf á skipinu, sem enga bið þola, hindri. Brot gegn þessu varða alt að 1000 króna sektum, er renna í landssjóð.

9. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni, er þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatast, skal þess getið sjerstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal viðkomandi sýslumaður eða bæjarfógeti ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörstaða sjeu svo greinileg, að sjeð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hafi verið notað. Sýslumenn og bæjarfógetar senda síðan stjórnarráðinu afrit bókanna, skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar varðveita hin ónotuðu kjörgögn til notkunar við aukakosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefir verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna og semur skýrslu um notkun kjörgagna og sendir Alþingi.

10. gr.

Fyrir afhendingu kjörseðla og vottorð þau, er um ræðir í lögum þessum, greiðast engin gjöld.

11. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði kosningalaganna um kosningar, er í lögum þessum getur, að því leyti, sem þær geta við átt, þar á meðal hegningarákvæði.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 50, frá 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Nd. **702. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á áfengi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar hefir athugað frv., og enda þótt hann hafi sjeð nokkra smágalla á frv., sjerstaklega að því er formið snertir, þá hefir hann ekki viljað breyta frv., til þess að tefja ekki fyrir því, að það gangi fram á þessu þingi, og leggur því til, að það verði samþykt.

Alþingi, 3. apríl 1928.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskr.	Bernharð Stefánsson.
	Magnús Guðmundsson.	

Ed. **703. Nefndarálit**

um frumv. til laga um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 2. apríl 1928.

Erlingur Friðjónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Halldór Steinsson.

Ed. **704. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1927.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir rannsakað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Þó vill nefndin vekja athygli á þeirri villu í 3. lið 5. gr. frumv., að þar

stendur »Tröllatungu«, en á að vera Kollafjarðarnesi, eins og skýlaust kemur fram í athugasemdunum.

Er þess vænst, að þetta megi leiðrjetta í prentun.

Alþingi, 3. apríl 1928.

Einar Árnason, form. Páll Hermannsson, fundaskr. og frsm. Jóh. Jóhannesson.
Ingibjörg H. Bjarnason. Erlingur Friðjónsson.

Nd. **705. Lög**

um stofnun síldarbræðslustöðva.

(Afgreidd frá Nd. 3. apríl).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og starfrækja, eða láta starfrækja, síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi og annarsstaðar, þar sem hentast þykir.

2. gr.

Nú verður síldarbræðslustöð gerð á kostnað ríkissjóðs, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samlagi eða samvinnufjelagi síldveiðimanna, ef slíkur fjelagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi báðar deildir Alþingis lagt samþykki sitt á söluna.

3. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. greinar, er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, alt að 1 miljón króna, er greiðist af tekjum stofnananna á næstu 25 árum.

4. gr.

Rekstri stofnananna skal hagað eftir reglugerð, er stjórnarráðið setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði um stundarsakir.

Meðan byggingu síldarbræðslustöðva verður ekki við komið, heimilast stjórninni að taka síldarbræðslustöð á leigu og starfrækja á kostnað ríkissjóðs, ef kostur er á með viðunandi kjörum.

Ed. **706. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1929.

I. Frá *Ingvari Pálmasyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 10. gr. I. 5. (Ríkisfjehirðisstörf):
a. Fyrir »26200« kemur 27200
b. Athugasemd við liðinn:
Þar af persónuleg launauppbót til Einars Markússonar aðalbókara 1000 kr.

II. Frá *Birni Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 22 e. Nýr stafliður:
Til Sveinbjörns Björnssonar skálds... 1000

III. Frá *Jóni Baldvinssyni* og *Jónasi Kristjánssyni.*
Við 23. gr. VIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast húsbyggingarlán, alt að 200000 kr., handa byggingarfjelagi starfsmanna ríkisins í Reykjavík, þó ekki yfir 20000 kr. fyrir hverja íbúð, enda hafi ríkissjóður 1. veðrjett í húseignunum, auk frekari trygginga, ef stjórnin telur nauðsynlegar.

Ed. **707. Lög**

um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi.

(Afgreidd frá Ed. 4. apríl).

1. gr.

Af fje Strandarkirkju má á árunum 1928 til 1929 verja alt að 10000 kr. til sandgræðslu, girðinga og sjógarða í Strandarlandi, en síðan má verja alt að 1000 kr. á ári hverju til viðhalds og græðslu.

2. gr.

Um framkvæmd sandgræðslunnar og tillögur til hennar fer að öðru eftir lögum um sandgræðslu.

3. gr.

Strandarland skal vera eign Strandarkirkju.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefir umsjón með stjórn kirkjufjánna og setur reglur um framkvæmd hennar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 12. maí 1928.

Nd. **708. Frumvarp**

til laga um hlunnindi fyrir lánsfjelag.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ef myndað verður hjer á landi fjelag í þeim tilgangi að veita lán gegn veði í fasteignum, á svipuðum grundvelli og fasteignalánsfjelög (Kreditforeninger) erlendis, er fjármálaráðherra heimilt að veita fjelagi þessu þau hlunnindi, sem í 2.—3. gr. getur.

2. gr.

Fjelagið er undanþegið öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum og vaxtabrjef þess skulu ávalt njóta sama skattfrelsis og skuldabrjef ríkisins. Svo á það og rjett til að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálft sig.

3. gr.

Um sölu á fasteignum hefir fjelagið sömu rjettindi og veðdeild Landsbankans.

4. gr.

Lög þessi falla úr gildi, ef heimildin hefir ekki verið notuð fyrir 1. jan. 1930.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **709. Frumvarp**

til laga um friðun Þingvalla.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir við Öxará og grendin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

2. gr.

Mörk hins friðhelga lands skulu vera sem hjer segir:

a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.
b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli.
c. Að norðan: frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hliðargjá.

d. Að austan: Eystri bakki Hliðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

Landið innan ofannefndra marka skal, eftir því er Þingvallanefnd kveður á og fært kann að reynast, varið fyrir ágangi af sauðfje og geitum. En skógurinn og villidýralíf, sem þar kynni að geta þrifist, skal vera algerlega friðað. Þó skal nefndin gera ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði eða vinna búfjenaði hjeraðsmanna tjón.

Þingvallanefnd ræður veiði í Þingvallavatni norðan línu þeirrar, er um getur í a-lið.

Ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði, eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar.

3. gr.

Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta land, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarjett jarðanna eða jarðahlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og ábúendum greitt fyrir afnotarjettinn, samkvæmt óvilhallra, dómkvaddra manna mati. Svo skulu og metnar bætur til Þingvallahrepps fyrir íþyngingu fjallskila og rýrnun útsvara, enda náist ekki samningar.

Heimilt skal Þingvallanefnd að kaupa jörðina Gjábakka, eða ef ekki næst viðunandi samningar um verð, að taka jörðina eignarnámi samkvæmt lögum.

4. gr.

Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og æfinlega eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.

5. gr.

Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefir fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annara jarða í ríkiseign, sem til eru greindar í 2. gr. Þingvallanefnd skal kosin með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi í lok hvers þings eftir nýafstaðnar kosningar, í fyrsta skifti á þingi 1928.

6. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um hið friðlýsta land og meðferð þess, en stjórnarráð staðfestir. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld á Þingvöllum og verja því fje upp í kostnað við friðunina. Þingvallanefnd má ráða umsjónarmann á Þingvöllum til 5 ára í senn.

7. gr.

Öll óhjákvæmileg útgjöld við verndun Þingvalla samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, alt að 1000 kr., eða einföldu fangelsi, alt að 3

mánuðum, ef miklar sakir eru, nema brot sje svo vaxið, að þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **710. Frumvarp**

til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Varðskip landsins skulu eiga heima í Reykjavík. Skipverjar allir eru sýslunarmenn landsins. Þeir skulu vera slysatrygðir á kostnað landssjóðs, eftir sömu reglum og gilda um slysatryggingu hjá Eimskipafjelagi Íslands.

2. gr.

Skipstjórar varðskipanna og stýrimenn eru löggæslumenn Íslands á landhelgissvæðinu og þeim hafhlutum, er með lögum kunna að verða sjerstaklega friðaðir móti togaraveiðum.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skal gera starfssamning við skipstjóra, stýrimenn og vjelstjóra, er bindandi sje af hálfu ráðuneytisins til 6 ára í senn, en til eins árs af hálfu þessara yfirmanna. Hvor samningsaðilja getur þó að öðru leyti sagt upp samningnum með 3 mánaða fyrirvara, og dómsmálaráðherra getur vikið mönnum þessum úr starfi áður en samningstíminn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti. Þó er slíkur brottrekstur ekki lögmætur, nema meiri hluti sjávarútvegsnefnda í báðum deildum Alþingis samþykki á sameiginlegum fundi brottvísun á næsta þingi eftir að afsetningin fór fram.

4. gr.

Vjelameistari ræður kyndara, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins, þá, sem ekki eru tilnefndir í 3. gr., nema sjerstaklega verði mælt öðruvísi fyrir í lögum. Um þá starfssamninga, er vjelameistari og skipstjóri gera, gildir þriggja mánaða uppsagnarfrestur fyrir báða málsaðilja.

5. gr.

Skipstjóri getur vikið þeim skipverjum, er um ræðir í 4. gr., fyrirvaralaust frá starfi, ef honum þykir ástæða til, en greiða skal þeim umsamið kaup, eins og um uppsögn væri að ræða.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð um skyldur og störf skipverja á varðskipunum. Þátttaka í verkfalli varðar skipverja ábyrgð eftir lögum nr. 33 1915.

7. gr.

Skipstjórum og stýrimönnum á varðskipunum skal skylt að kenna stýrimannaefnum, er vinna á varðskipunum, sjómensku bæði fræðilega og verklega, eftir því sem nánar kann að verða tiltekið í reglugerð.

8. gr.

Skipstjóri á varðskipi skal hafa að byrjunarlaunum 5800 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 400 krónur, upp í 7000 kr. á ári.

Yfirstýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3600 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 300 kr., upp í 4500 kr. á ári.

Annar stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár, upp í 3600 kr. á ári.

Þriðji stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2800 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár, upp í 3200 krónur á ári.

Á varðskipi með 700 hestafla vjel eða stærri skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:

Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 5600 kr. á ári.

Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 4400 kr. á ári.

Þriðji vjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 3600 kr. á ári.

Á varðskipi, sem hefir minni vjel en 700 hestöfl, skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:

Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, er hækka árlega um 100 kr., upp í 5000 kr. á ári.

Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, er hækka árlega um 100 kr., upp í 3800 kr. á ári.

Starfsmenn þessir njóta allir dýrtíðaruppbótar á launin eftir sömu reglum sem gilda fyrir starfsmenn ríkisins.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41 1927 og lög nr. 51 1927, svo og önnur eldri lög og fyrirmæli, er kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **711. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 695 [Fjárlög].

Frá Erlingi Friðjónssyni.

Við XI. (Kristján Kristjánsson).
Fyrir »3000« kemur 2000

Nd. **712. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1929.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1929 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	240000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1050000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1330000
4.	Aukatekjur	400000	
5.	Erfðafjárskattur	35000	
6.	Vitagjald.	320000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	30000	
			1110000
	Flyt ...	... ...	2440000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	2440000
11.	Útflutningsgjald		950000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)...	325000	
13.	Tóbakstollur	850000	
14.	Kaffi- og sykurtollur...	850000	
15.	Annað aðflutningsgjald	160000	
16.	Vörutollur	1250000	
17.	Verðtollur	1325000	
			4760000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		25000
19.	Pósttekjur	450000	
20.	Símatekjur	1500000	
			1950000
21.	Víneinkasala		375000
	Samtals ...	... ...	10500000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
	Samtals ...		34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	27000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
		51000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		60000
6. Aðrir vextir...		100000
Samtals ...	... ...	269000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
Samtals ...	... ...	80000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1929 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	156589	
2. Dönsk lán, danskar kr. 197680,39	237216	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8370:15:3	184156	
		577961
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	164608	
2. Dönsk lán, danskar kr. 354453,56	425344	
3. Enska lánið 1921, £ 2240:6:0	49286	
		639238
III. Framlag til Landsbankans, 16. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1317199

8. gr.

	kr.	kr.
Borðrje Hans Hátignar konungsins..		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	200000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		204350
Samtals ...	... ...	204350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	36000	
	b. Til risnu	8000	
			44000
2.	Til utanferða ráðherra		6000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		69000
4.	Annar kostnaður		25000
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		26200
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900	
	b. Til pappírs og prentunar	9000	
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000	
			10900
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		6000
			187100
II.	Hagstofan:		
1.	Laun		12500
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		10000
3.	Prentun eyðublaða		1800
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		16800
6.	Til að gefa út manntalið 1703...		1000
			46100
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra	20000	
	b. Húsaleiga...	5000	
	c. Kostnaður við embættið	20000	
	d. Til skrifstofuhalds...	17000	
			62000
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000
	Fjárhæð þessa skal greiða í dönskum krónum.		
3.	Ríkisráðskostnaður		4000
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		6000
			84000
	Samtals ...	... ...	317200

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	30500	
b. Annar kostnaður, alt að	5000	
		35500
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		132500
3. Laun hreppstjóra		27600
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	24600	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		32340
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 4 skrifara	18700	
b. Laun 6 tollvarða	25500	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1800	
e. Innheimtukostnaður	7500	
f. Ýms gjöld, alt að	11000	
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
		69000
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		100000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		500
8. Til landhelgigæslu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		200000
9. Framlag til landhelgisjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
12. Borgun til sjódómsmanna		2000
13. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A ...		651440

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		18000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		40000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B ...	... ...	144000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		253000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. —		
Flyt ...	... ...	262450

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	262450
15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirferðar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknisins á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni eða tveim höfnum í hverri sýslu.		
		3200
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8. Til geislalækningastofu ríkisins..		11000
9. Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
Flyt ...	... ...	284650

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	284650
11.	Holdsveikraspítalinn		72600
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7650	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna	13000	
	2. Viðurværi 48 manna (ca. 140 a. á dag)	25000	
	3. Klæðnaður	1700	
	4. Lyf og sáraumbúðir	1500	
	5. Eldsneyti	8000	
	6. Ljósmeti	2500	
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000	
	8. Viðhald á húsum	2500	
	9. Þvottur og ræsting	1800	
	10. Greftrunarkostnaður	500	
	11. Skemtanir	600	
	12. Skattar o. fl.	4350	
	13. Ýmisleg gjöld	1500	
		64950	
		72600	
12.	Geðveikrahælið á Kleppi		109525
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	6700	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna	13500	
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag)	48000	
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500	
	4. Lyf og sáraumbúðir	500	
	5. Ljós og hiti	10000	
	6. Viðhald og áhöld	10000	
	7. Þvottur og ræsting	3000	
	8. Skemtanir	750	
	9. Skattar m. m.	2500	
	10. Óviss gjöld	1400	
		93150	
	C. Aukinn rekstrarkostnaður, sakir viðbótar við hælið, að frádreginni meðgjöf með sjúklingum	50000	
	Flyt ...	149850	466775

		kr.	kr.
	Flutt ...	149850	466775
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
	Mismunur ...	109525	
13. Heilsuhælið á Vífilsstöðum		... ...	1700
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis...		6700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi..	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting..	5500		
6. Viðhald húsa...	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		234840	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
	Mismunur ...	1700	
14. Heilsuhælið í Kristnesi:			
a. Lokastyrkur til byggingar hælisins, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, alt að		10000	
b. Rekstrarkostnaður		3000	
			13000
15. Önnur gjöld:			
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands		100000	
	Flyt ...	100000	481475

	kr.	kr.
Flutt ...	100000	481475
b. Til að ljúka við byggingu Kleppsspítala	50000	
c. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ...	18000	
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að utanhjeraðssjúklingar, sem borgað er fyrir af almannafje, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.		
d. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði ..	18000	
e. Styrkur til þriggja læknisfræðikandidata til ársdvalar á sjúkrahúsi, 1200 kr. til hvers	3600	
f. Bólusetningarkostnaður	2500	
g. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
Af þessum lið má greiða Jóni Kristjánssyni veitingamanni á Akureyri 2000 kr. til bóta á skaða, er hann beið af völdum sóttvarnarráðstafana vegna skarlatssóttar árið 1924.		
h. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
i. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
j. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
k. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
l. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	1000	
m. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
n. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	1000	
o. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
p. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
q. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
r. Til Elínar Sigurðardóttur, 90 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1080	
Flyt ...	230380	481475

	kr.	kr.
Flutt ...	230380	481475
s. Til Unnar Ólafsdóttur, til að leita sjer bóta erlendis á skemdum í andliti	1500	
t. Til Unnar Vilhjálmsdóttur frá Heiði, til lækninga erlendis	1000	
u. Til Evu Hjálmarsdóttur, til framhaldsdvalar í heilsuhæli í Danmörku, lokastyrkur	1000	
		233880
16. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna	... ...	36000
Samtals ...	... ...	751355

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Póstmál.		
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	95000	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
c. Brjefhirðingamenn	22000	
		197000
2. Póstflutningur		170000
3. Annar kostnaður:		
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	10000	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
d. Önnur gjöld	63500	
		114000
Samtals A, ...	... ...	481000

		kr.	kr.
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	16000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			42400
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 10000		
	2. Stykkishólmsvegur 15000		
	3. Norðurárdalsvegur 60000		
	4. Vesturlandsvegur 10000		
	5. Húnavatnssýsluvegur 35000		
	6. Langadalsvegur 12000		
	7. Vallhólmsvegur 15000		
	8. Þelamerkurvegur... 10000		
	9. Vaðlaheiðarvegur 50000		
	10. Vopnafjarðarvegur 15000		
	11. Hróarstunguvegur 12000		
	12. Um Skaftáreldhraun í V.-Skaftafellss. 10000		
	13. Biskupstungnabraut 25000		
	14. Til vegar á Hólmahálsi, gegn 1/4 annarsstaðar að 8000		
	15. Til vegar yfir Hvolsvöll 10000		
		297000	
	b. Viðhald og umbætur	225000	
			522000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		200000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		30000
V.	Fjallvegir		25000
VI.	1. Til áhalda, alt að	20000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
			20300
	Flyt ...	... ...	839700

	kr.	kr.
Flutt ...	... ..	839700
VII. Til sýsluvega:		
1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	40000	
2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	35000	
		75000
VIII. Til dragferjuhalds:		
1. Á Lagarfljóti	300	
2. - Skjálfandafljóti	300	
3. - Blöndu	300	
		900
IX. Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		250
X. Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
XI. Til Ólafs Sveinssonar vitavarðar, til þess að fullgera akveg að Reykjanesvita		800
XII. Styrkur til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.		4000
XIII. Byggingarstyrkur til Páls Stefánssonar, Ásólfsstöðum, til að reisa gistihús.		4000
Samtals B. ...	... ...	929650
C. Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs	180000	
b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
		240000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		106750
Samtals C. ...	... ...	346750

		kr.	kr.
	D.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl.		40000
II.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð...		300000
III.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	320000	
	2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...	15000	
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	36000	
	4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	200000	
	6. Áhaldahúsið	3000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	13000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	15000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	8000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	6000	
	11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	8000	
	13. Símastöðin á Siglufirði	7500	
	14. Til aukaritsímaþjónustu	5000	
	15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	98000	
	16. Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að 14100		
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 9500		
	c. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		27200	
	17. Til Steindórs Björnssonar	1200	
	18. Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			782000
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
V.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VI.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
	Flyt ...	... ...	1222000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1222000
VII. Viðhald landssímanna		160000
VIII. Áframhaldsgjald		25000
IX. Til kenslu fyrir símamenn		3000
X. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XI. Ýms gjöld		7000
Samtals D. ...	... ...	1418500
E.		
Vitamál.		
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1. Laun vitamálastjóra	7800	
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	5650	
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að... ...	3500	
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1750	
		18700
II. Laun vitavarða..		25000
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III. Rekstrarkostnaður vitanna		105000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V. Til að reisa nýja vita		60000
VI. Ýmislegt:		
a. Til uppsetningar leiðarljósa	15000	
b. — breytinga ljóstækja Reykjanesvitans	20000	
c. — að stofna bókasöfn fyrir vitaverðina	2000	
d. — annara útgjalda	10000	
		47000
Samtals E. ...	... ..	265700

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8600	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		10600
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	406	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
		304156
Samtals A. ...	... ...	314756
B.		
Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	93000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Til kenslu í söng	1200	
e. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að	2000	
f. Námsstyrkur	15000	
Fjárveiting þessari skal skift í 25 skamta 400 kr. og 20 skamta 250 kr., og má að jafnaði		
Flyt ...	113200	... ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	113200	... ...
	ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt; þó má leggja saman alt að 8 skamta 250 kr. og gera úr helmingi færri 500 kr. skamta, og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið í háskólanum.		
g.	Húsaleigustyrkur	9000	
h.	Til kensluáhalda læknadeildar	1000	
i.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	2800	
j.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4000	
k.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	2400		
	3. Ýms gjöld 5000		
		8900	
l.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta	750	
m.	Byggingarstyrkur til stúdentagarðsins ... ... enda sje ekki byrjað á byggingunni fyr en lög eða skipulagsskrá, er stjórnin samþykkir, hafa verið sett um hana.	25000	
n.	Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, fyrsta greiðsla af fjórum	2500	
			167150
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b.	Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að	2500	
c.	Til Björns Gunnlaugssonar læknis, til sjerfræðináms í Þýskalandi	1000	
	Flyt ...	27500	167150

		kr.	kr.
	Flutt ...	27500	167150
d.	Til Árna Friðrikssonar, til að fullnuma sig í dýrafræði í Kaupmannahöfn	1000	
e.	Til Hólmfreðs Franzsonar, til háskólanáms ...	1000	
f.	Til Bjarna Sigurðssonar, til náms í húsgerðarlist	1000	
g.	Til Leifs Ásgeirssonar, til stærðfræði- og landmælinganáms í Göttingen, viðbótarstyrkur ...	600	
h.	Til Magnúsar Jónssonar, til háskólanáms ...	1000	
i.	Til Markúsar Kristjánssonar, til háskólanáms...	1000	
j.	Til Valgarðs Thoroddsens, til háskólanáms ...	1000	
k.	Til Axels Guðmundssonar, til þess að fullnuma sig í söngkenslu	1000	
l.	Til Árna Björnssonar, til háskólanáms, lokastyrkur	1000	
m.	Til Jóns J. Blöndals frá Stafholtsey, til hagfræðináms	1000	
n.	Til Agnars Norðfjörðs, til hagfræðináms	1000	
o.	Til Skúla Þórðarsonar, til háskólanáms	1000	
p.	Til Þórarins Jónssonar tónlistarnema í Berlín	1000	
q.	Til Jóhanns Sveinssonar, til háskólanáms í uppeldisfræðum	1000	
			41100
III.	Mentaskólinn almenni:		
a.	Laun	74200	
b.	Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns skólans 400		
	2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 6000		
	3. Til skólahússins utan og innan ... 3000		
	4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að 25000		
	5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ... 2700		
	6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót 2900		
	7. Læknisþóknun 500		
	8. Til vísindalegra áhalda 1500		
	9. Ýmisleg gjöld 3500		
	10. Til verðlaunabóka 100		
	11. Húsaleiga 1250		
		46850	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utan-		121050
	Flyt ...	... ...	329300

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	329300
bæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		24200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakenslu .	9500		
2. Til framhaldsnáms fyrir nemendur, sem lokið hafa gagnfræðaprófi ...	10000		
3. Vegna kostnaðar við heimavistina	2000		
4. Til bóka og kensluáhalda	1000		
5. Til eldiviðar og ljósa	6500		
6. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.	700		
7. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
8. Til skólahússins utan og innan ...	1500		
9. Til ýmislegra gjalda	3000		
		35100	
V. Kennaraskólinn:			59300
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.	2500		
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	2000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		14500	
			33500
	Flyt ...	... ...	422100

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	422100
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu.	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1700		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		6000	
			19500
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		8800	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu	840		
2. Húsnæði	4200		
3. Ljós og hiti	1300		
4. Ræsting	700		
5. Til prófhalda	800		
6. Ýms gjöld	500		
		8340	
			17140
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	9650		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu...	1450		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1450			
2. Til kensluáhalda.. ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa... 3500			
4. Ýmisleg gjöld 2500			
	8250		
		19350	
	Flyt ...	19350	458740

		kr.	kr.
	Flutt ...	19350	458740
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	8550		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 2000			
2. Til kensluáhalda... ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 2500			
4. Ýmisleg gjöld 12000			
	17300		
		27150	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
3. Til steinsteypukenslu		4000	
			50500
IX. Iðnfræðsla:			
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		6000	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		1200	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til skólahalds		500	
Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.			
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.			
d. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis		4000	
			11700
	Flyt ...	... ...	520940

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	520940
X.	Verslunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	6000	
	b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	6000	
			12000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 1000		
		1900	
	3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11100
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 21000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		31000	
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 14000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
	c. Til raflýsingar 4000		
		20000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		51000
	Flyt ...	... ...	595040

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	595040
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður hans	1200		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000		
		7800	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		266000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		25650	
4. Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		7000	
5. Til prófdómara við barnapróf		10000	
6. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að		25000	
7. Til fræðslumálarits...		800	
8. Utanfararstyrkur handa barnakennurum		3000	
			345250
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	10500		
b. Til aðstoðarkenslu	600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms ... 600			
Alt að helmingi fjárins má verja til verðlauna handa nemendum.			
2. Til kensluáhalda.. ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 2500			
	7900		
		19000	
2. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar		47000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins.			
	Flyt ...	66000	940290

	kr.	kr.
Flutt ...	66000	940290
Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
3. Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, alt að helmingi kostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.		
4. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^2/_5$ kostnaðar, alt að	10000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.		
5. Til Sigurðar Greipssonar, Haukadal, byggingarstyrkur til íþróttaskóla hans	3000	
6. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	16000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
7. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
8. Til bókasafna við unglingaskóla	2000	
9. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólum	2500	
		120500
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðraskóla á Staðarfelli:		
a. Rekstrarstyrkur 4000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, alt að 1000		
	5000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerð skólans.		
2. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	5000	
Flyt ...	10000	1060790

		kr.	kr.
	Flutt ...	10000	1060790
	Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
3.	Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
4.	Til húsmæðrafræðslu við alþýðuskóla Þingeyinga, alt að helmingi byggingarkostnaðar ...	13000	
5.	Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal	1500	
6.	Til Guðrúnar Björnsdóttur, til garðyrkjukenslu og húsmæðrafræðslu á Knararbergi í Eyjafirði	1200	
			27200
XVI.	Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		24000
XVII.	Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að		1000
XVIII.	Til Sigurbjargar Sveinsdóttur, til verklegs náms á heimili fyrir blindar stúlkur erlendis		1000
XIX.	Sundkensla o. fl.:		
1.	Til sundkenslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.	300	
2.	Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	3000	
3.	Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4.	Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda sjeu þær til afnota fyrir al-		
	Flyt ...	6300	1113990

	kr.	kr.
Flutt ...	6300	1113990
menning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, alt að	10000	
5. Aukastyrkur til Reykjalaugar á Reykjabraut og Steinstaðalaugar, er skiftist í hlutfalli við framlagt fje til þeirra	2500	
		18800
XX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
Samtals B. ...	... ...	1134590

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. og 2. bókavarðar, 500 kr. til hvors.	1000	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	12000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	1100	
Af þessum lið má endurgreiða 500 kr. bráðabirgðalán dyravarðar vegna lækningakostnaðar.		
		42560
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6200	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld.	1000	
		12700
Flyt ...	... ...	55260

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	55260
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	7150	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1500	
d. Til umbóta á Hólakirkju	1000	
e. Til áhalda og aðgerða	800	
f. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		14000
4. Náttúrufræðifjelagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7, Aukastyrkur til tveggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
		6000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
Flyt ...	... ...	93760

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	93760
11.	Til Þjóðvinafjelagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að fjelagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar og hefji útgáfuna á þessu ári		6800
12.	Til Fornleifafjelagsins		800
13.	Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Hegranesþings)		2000
15.	Til útgáfufjelags Flateyjarbókar á Akureyri...		1500
16.	Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar að		1200
17.	Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, alt að ... ... enda hafi verið safnað til útgáfunnar eigi minna en 25 þús. krónum.		5000
18.	Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn		1500
19.	Til Færeyjafjelagsins Gríms Kambans		300
20.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
21.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1000
22.	Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
23.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		2500
24.	a. Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers	8000	
	b. Til Hljómsveitar Reykjavíkur	3000	
	c. Til Lúðrasveitar Reykjavíkur	1500	
	d. Til frú Ingibjargar Stein-Bjarnason, til framhalds listmálaranámi	1500	
	e. Til Jóns Jónssonar frá Hvoli	200	
	f. Til Kristjáns Kristjánssonar, til ársdvalar á Italíu, til að ljúka söngnámi	3000	
			17200
25.	Til sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, til þess að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		6300
	Flyt ...	... ...	149160

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	149160
26.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		1200
27.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		6800
28.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
29.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
30.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
			8000
31.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
32.	Til dr. Bjargar Þorláksdóttur, til þess að vinna að framhaldi sálfræðirannsókna sinna		2000
33.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
34.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		800
35.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
36.	Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
37.	Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1200
38.	Til dr. Jóns Stefánssonar, vegna mynda í hina ensku Íslandssögu hans		2000
39.	Til dr. Helga Pjeturss, til utanfarar		4000
40.	Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
41.	Til Íþróttasambands Íslands ... ... Þar af skal greiða leikfimiflokki kvenna úr Reykjavík 3000 kr. í kostnað við ferð á Olympíuleika.		6000
42.	Til Björns Jakobssonar, til íþróttakenslu		4000
43.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
44.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
	Flyt ...	6800	199160

	kr.	kr.
Flyt ...	6800	199160
b. Til sama, til aðstoðar	1200	
		8000
45. Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, síðasti fjórðungur andvirðis		2500
46. Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		3500
47. Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.		1500
48. Ferðastyrkur til útlanda		6000
49. Til orðabókarsjóðs hinnar íslensk-dönsku orðabókar, að því tilskildu, að ríkissjóður Dana leggi fram 8000 kr.		4000
50. Til Barða Guðmundssonar, til lokanáms í sögu ...		1200
51. Til Björns Björnssonar gullsmiðs, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer myndlist, teiknilist og listiðnað nágrannaþjóða		1500
52. Til Ólafs Hvanndals, utanfararstyrkur til þess að læra myndamótagerð fyrir litmyndaprentun		1500
53. Til Jóns Ófeigssonar kennara, uppbót á greiðslu fyrir vinnu við orðabók Sigfúsar Blöndals		2000
Samtals ...	... ...	230860

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		220000
2. Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að		10000
Flyt ...	... ...	230000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	230000
	Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		
3.	Til sandgræðslu		40000
	Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram lögmæltan kostnað eða meira. Af upphæðinni má verja alt að 10000 kr. til byggingar í þarfir sandgræðslunnar í Gunnarsholti á Rangárvöllum		
4.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		275000
5.	Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
6.	Til byggingar- og landnámssjóðs		200000
7.	Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		10000
8.	Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 4. greiðsla		6000
9.	Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
	Laun garðyrkjustjóra		4000
10.	Til skógræktar:		
	a. Laun	11910	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	20000	
	c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
			33110
11.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
	c. Til að rannsaka búfjársjúkdóma, enda sjeu skýrslur birtar um árangurinn	4000	
	d. Til Ásgeirs Ó. Einarssonar, til dýralækninganáms	1200	
			22900
12.	Til fjárkláðalækninga		6000
13.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
14.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	4800	
	b. Til aðstoðar	5600	
	c. Húsaleiga	3000	
	Flyt ...	13400	843010

		kr.	kr.
	Flutt ...	13400	843010
d.	Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
e.	Til áhaldakaupa	500	
			15100
15.	Til veðurstofu Íslands:		
a.	Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
b.	Til aðstoðar	12350	
c.	Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
d.	Til veðurskeyta o. fl.	11150	
e.	Til loftskeytatækja	800	
f.	Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
g.	Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
			51600
16.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
17.	Til Fiskifjelagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		70000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
18.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a.	5 fiskyfirmatsmanna	16600	
b.	Launauppbót fiskyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
c.	Laun 4 síldarmatsmanna	8800	
d.	— 4 ullarmatsmanna	2200	
e.	— 5 kjötmatsmanna	4100	
f.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			47900
19.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
20.	Til bryggjugerða og lendingabóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun		12000
21.	Til sjóvarnargarðs á Neseyri í Norðfirði, 1/3 kostnaðar, alt að...		2500
22.	Til lendingabóta í Gerðum í Garði, helmingur kostnaðar, fyrri fjárveiting, alt að		7000
	Flyt ...	... ...	1063110

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1063110
23. Til brimbrjóts í Bolungavík, gegn að minsta kosti jafnmiklu framlagi annarsstaðar að (lokastyrkur) alt að...		17500
24. Til byggingar skjólgarðs í Krossavík á Hellissandi, 1/3 kostnaðar, alt að..		5000
25. Til að lengja öldubrjótinn á Sauðárkróki, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, alt að		2000
26. Til markaðsleitar erlendis		20000
27. Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
28. Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 1,50 kr. fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún býr til, alt að		6000
29. Til gerlarannsókna		2000
30. Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga ... ... Þar af 800 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði á Norður- og Austurlandi.		6000
31. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		800
32. Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
33. Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
34. Til sambands norðlenskra kvenna...		450
35. Til Bandalags kvenna		450
36. Til kvenrjettindafjelags Íslands		500
37. Til vörumerkjaskrásetjara		2000
38. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		7500
39. Laun húsagerðarmeistara...		7250
40. Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
a. Laun leiðbeinanda, 4500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.	6300	
b. Ferðakostnaður og skrifstofufje...	2000	
		8300
Flyt ...	... ...	1161260

		kr.	kr.
	Flutt ..	... ...	1161260
41.	Til Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnuhlutafjelags		6500
42.	Til Álftveringa, til þess að verja engjar í sveitinni fyrir spjöllum af jökulánni Skálm, 1/8 kostnaðar, alt að		1500
43.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
44.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		8000
45.	Til vatnsrenslismælinga		2000
46.	Til ræktunarsjóðs:		
	a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
	b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
	c. Hluti af útflutningsgjaldi	65000	
			105000
47.	Til undirbúnings flugferða, alt að		8000
48.	Styrkur til gistihúss Hjálpræðishersins á Seyðisfirði...		3000
	Samtals ...	... ...	1297060

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga		500000
2.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3.	Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		7000
4.	Til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög		1500
5.	Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík		3500
6.	Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
7.	Til slysatryggingar		10000
8.	Til slysavarna alt að		10000
9.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
	Flyt ...	... ...	593500

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	593500
10. Til bjargráðasjóðs		24000
11. Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
12. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		12000
13. Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
14. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
15. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
16. Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja ..		600
17. Til gamalmennahælis Ísfirðinga		1000
18. Tillag til Alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
Samtals ...		679800

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn		25192,55	
b. Embættismannaekkjur og börn		17128,19	
c. Uppgjafaprestar		635,28	
d. Prestsekkjur		5595,94	
e. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923		2500,00	
			51051,96
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Þorvalds Pálssonar læknis ...	300,00		
2. — Sigurðar Magnússonar læknis ...	600,00		
3. — Halldórs Briems bókavarðar ...	960,00		
		1860	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
Flyt ...	375	1860	51051,96

			kr.	kr.
	Flutt ...	375	1860	51051,96
3.	Til Theodóru Thoroddsen	800		
4.	— Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5.	— Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6.	— Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7.	— Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8.	— Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9.	— Rannveigar Tómasdóttur	600		
10.	— Önnu Gunnlaugsson	900		
11.	— Kristbjargar Marteinsdóttur	600		
12.	— Kristínar Jacobson	600		
13.	— Guðnýjar Jónsdóttur	400		
14.	— Kirstínar Þ. Blöndal	300		
15.	— Guðlaugar Magnúsdóttur...	2000		
16.	— 3 barna hennar	300		
17.	— Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
18.	— Jenny Forberg	600		
19.	— Ástu Hallgrímsson	600		
20.	— Ástu Einarson	600		
21.	— Aðalbjargar Sigurðardóttur	1200		
			12825	
c.	Uppgjafaprestar:			
1.	Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2.	— Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3.	— Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4.	— Sigurðar prófasts Gunnarssonar	662,25		
5.	— Guttorms Vigfússonar...	600,00		
6.	— Jóns Ó. Magnússonar...	600,00		
7.	— Björns Þorlákssonar	208,00		
8.	— Stefáns Jónssonar	370,00		
9.	— Jóns Þorsteinssonar	390,00		
10.	— Jóns Árnasonar	445,00		
			4880,25	
d.	Prestsekkjur:			
1.	Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2.	— Auðar Gísladóttur	300,00		
3.	— Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4.	— Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6.	— Guðrúnar Ólafsdóttur...	100,00		
	Flyt ...	1630,00	19565,25	51051,96

		kr.	kr.
Flutt ...	1630,00	19565,25	51051,96
7. Til Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10. — Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
12. — Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
13. — Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
18. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
20. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
21. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
22. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
23. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
24. — Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
25. — Önnu Stefánsdóttur	200,00		
26. — Helgu Skúladóttur	230,00		
27. — Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:		7242,73	
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
5. — Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6. — Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7. — Guðmundar Björnssonar	150,00		
8. — Jóns Strandfelds...	150,00		
9. — Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
10. — Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
11. — Páls J. Árdals	600,00		
12. — Jóhannesar Sigfússonar	1200,00		
		5110,00	
Flyt ...		31917,98	51051,96

		kr.	kr.
	Flutt ...	31917,98	51051,96
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:		
1.	Til Guðm. Kristjánssonar 300		
2.	— Böðvars Jónssonar 200		
3.	— Hallgríms Krákssonar 200		
4.	— Jóhanns Jónssonar 200		
5.	— Þóru Matthíasdóttur 300		
6.	— Vigdísar Steingrímsdóttur 300		
7.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts 200		
8.	— Jens Þórðarsonar 300		
9.	— Friðriks Möllers 1200		
10.	— Anínu Arinbjarnardóttur 200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar 200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum 300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar 300		
14.	— Guðm. Kristjánssonar 200		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ... 600		
16.	— Friðriks Klemenssonar 2000		
17.	— Kristjáns Blöndals 1000		
18.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ... 300		
19.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ... 200		
20.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ... 200		
21.	— Ólafs Ólafssonar pósts 200		
22.	— Halldórs Benediktssonar pósts ... 200		
23.	— Þorleifs Jónssonar póstmeistara ... 1200		
24.	— Friðriks Jónssonar pósts 450		
		10750,00	
g.	Ríthöfundar:		
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar 3500		
2.	— Valdimars Briems 1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum 500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ... 3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar 2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar 1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss 4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu... 1000		
9.	— Einars Benediktssonar 4000		
		20400,00	
	Flyt ...	63067,98	51051,96

		kr.	kr.
	Flutt ...	63067,98	51051,96
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2. — Guðrúnar Jónsdóttur	300,00		
3. — Arnbjargar Einarsdóttur	300,00		
4. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6. — 2 barna hennar	200,00		
7. — Valgerðar Arnljótsdóttur	600,00		
8. — Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
		3400,00	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2. — Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
3. — Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500		
4. — Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500		
5. — Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500		
6. — Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður	500		
7. — Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
8. — Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300		
9. — Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300		
10. — Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
11. — Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
12. — Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
13. — Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
14. — Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður	300		
15. — Jakobínu Jensdóttur	300		
16. — Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
17. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300		
18. — Páls Erlingssonar	1200		
19. — Erlends Zakaríassonar	300		
	Flyt ... 7700	66467,98	51051,96

			kr.	kr.
	Flutt ...	7700	66467,98	51051,96
20.	Til Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
21.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
22.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400		
23.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
24.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
25.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
26.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	500		
27.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
28.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
29.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
30.	— Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar.	600		
31.	— Halldóru Pjetursdóttur Briem ...	600		
32.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
33.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
34.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
35.	— Henriette Kjær	600		
36.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
37.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2500		
38.	— Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
39.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
40.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey...	300		
41.	— Jóhannesar Þorkelssonar fangavarðar, Akureyri	300		
			19300,00	
	Flyt ...		85767,98	51051,96

	kr.	kr.
Flutt ...	85767,98	51051,96
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara	1200,00	
k. — ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar	1000,00	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000,00	
		90967,98
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		54727,98
Samtals ...	... ...	196747,92

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Árið 1929 eru tekjur áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	10500000.00		
—	3. —	34600,00		
—	4. —	269000,00		
—	5. —	80000,00		
			kr.	10883600,00

En til gjalda er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	1317199,00		
—	8. —	60000,00		
—	9. —	204350,00		
—	10. —	317200,00		
—	11. — A.	651440,00		
—	11. — B.	144000,00		
		795440,00		
—	12. —	751355,00		
	Flyt	3445544,00	kr.	10883600,00

								Flutt	3445544,00	kr.	10883600,00
Samkvæmt	13.	gr.	A.	...	...	...		481000,00			
—	13.	—	B.	...	...	...		929650,00			
—	13.	—	C.	...	...	...		346750,00			
—	13.	—	D.	...	...	...		1418500,00			
—	13.	—	E.	...	...	...		265700,00			
									3441600,00		
—	14.	—	A.	...	...	...		314756,00			
—	14.	—	B.	...	...	...		1134590,00			
									1449346,00		
—	15.	—	...	...	...	...	...	...	230860,00		
—	16.	—	...	...	...	...	...	...	1297060,00		
—	17.	—	...	...	...	...	...	...	679800,00		
—	18.	—	...	...	...	...	...	...	196747,92		
—	19.	—	...	...	...	...	...	...	100000,00		
—	20.	—	...	...	...	...	...	...	10000,00		
										kr.	10850957,92
								Tekjuafgangur		kr.	32642,08

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 250 þús. kr. til þess að reisa frystihús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum eða samvinnufjelögum bænda, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.
2. Til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum alt að helmingi stofnkostnaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Búin sjeu rekin á samvinnugrundvelli og reist á þeim stað, sem af Búnaðarfjelagi Íslands telst hentugastur fyrir hlutaðeigandi hjerað. Vextir sjeu 6%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist svo með jöfnum afborgunum á 25 árum.
3. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16

ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.

4. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánin veitast aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánin veitast gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
6. Alt að 25 þús. kr. til Flateyrarhrepps, til rafstöðvar á Flateyri, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið veitist gegn 6% vöxtum og greiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
7. Alt að 10 þús. kr. til Páls Stefánssonar, Ásólfsstöðum, til byggingar gistihúss, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið veitist gegn 6% vöxtum og greiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
8. Alt að 30 þús. kr. til Mjólkurfjelagsins Mjallar, gegn ábyrgð hlutaðeigandi sýslufjelags eða annari tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið veitist gegn 6% vöxtum og greiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
9. Alt að 70 þús. kr. til Sláturfjelags Suðurlands, til þess að koma upp niðursuðuverksmiðju, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sje afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum.
10. Alt að 50 þús. kr. til Vestmannaeyjakaupstaðar, gegn ábyrgð kaupstaðarins, til að koma upp sjóveitu til fiskverkunar. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum, og endurgreiðist með jöfnum afborgunum.
11. Alt að 5 þús. kr. til Bjarna Runólfssonar í Hólmi, til þess að koma upp verkstæði vegna raflýsingar sveitabæja, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið skal vera vaxtalaust, en greiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Stjórninni er heimilt að veita Árnessýslu uppgjöf á Flóavegaláninu, sem veitt var sýslunni úr viðlagasjóði samkvæmt skuldabrjefi dags. 25. apríl 1924, að upphæð kr. 40868,98. Eftirgjöfin er bundin því skilyrði, að samkomulag verði milli ríkisstjórnarinnar og sýslunefndar Árnessýslu um lagningu og viðhald fyrirhugaðra vega um Flóaáveitusvæðið.

Af viðlagasjóðsláni Suðurfjarðahrepps til rafmagnsveitu á Bíldudal skal veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana árin 1925—1929.

Stjórninni er heimilt, að undangenginni rannsókn af hálfu Búnaðarfjelags Íslands um það, hvort Miklavatnsmýraráveitan hafi orðið að notum fyrir allar þær jarðir, sem skyldaðar eru til að greiða áveitukostnaðinn, að færa niður viðlagasjóðslán til áveitunnar að rjettri tiltölu á þeim jörðum, sem ekki geta haft hennar not.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1928, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að veita styrk í eitt skifti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum (sbr. 22. gr. 2), sem nemi alt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sje því aðeins greiddur, að fyrirtækið sje fullbúið til starfrækslu.

IV. Að gefa eftir og endurgreiða Rangárvallasýslu kr. 36811,61, sem er nokkur hluti af 1/3 kostnaðar við endurbyggingu þá á Holtaveginum, sem gerð var á árunum 1922—24. Endurgreiðsla er bundin því skilyrði, að fjenu verði varið til umbóta helstu sýsluvegum í sýslunni, sjerstaklega Landveginum og Fljótshlíðarveginum, eftir tillögum vegamálastjóra.

V. Að ábyrgjast alt að 250000 kr. lán til hafnarbryggju á Siglufirði, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin tekur gildar.

VI. Að ábyrgjast alt að 15 þús. kr. lán til hafnarbóta í Ólafsvík, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar.

VII. Að ábyrgjast 80000 kr. rafveitulán fyrir Búðahrepp, gegn þeim tryggingum, um stjórnin metur gildar.

VIII. Að ábyrgjast alt að 100000 króna lán til barnaskólabyggingar Akureyrarkaupstaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar.

IX. Að ganga í ábyrgð fyrir lánum til fjelagsmanna í Samvinnufjelagi Ísfirðinga til kaupa á fiskiskipum, samtals alt að 320 þús. kr., enda nemi lánin eigi meiru en 4/5 af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskiveiða og sjeu trygð með fyrsta veðrjetti í skipunum, sjálfskuldarábyrgð eigenda og ábyrgð Ísafjarðarkaupstaðar. Forstöðumaður fjelagsins og annar endurskoðandi sjeu samþyktir af ríkisstjórninni.

X. Að greiða Geir T. Zoëga rektor full laun, ef hann lætur af embætti.

XI. Að kaupa jörðina Bakkasel með Gili í Öxnadal, ef viðunandi samningar nást við núverandi eigendur.

XII. Að láta byggja íbúðarhús handa hinum nýja lækni á Kleppi fyrir alt að 30 þús. kr., ef óhjákvæmileg þörf spítalans krefur.

XIII. Að flýta svo fyrirhugaðri Þingvallabraut upp Mosfellsdalinn, að sá vegur geti verið kominn í notkun fyrir hátíðahöldin 1930 með núverandi Þingvallabraut, og taka til þess lán fyrir hönd ríkissjóðs, ef á þarf að halda.

XIV. Að taka fyrir ríkissjóðs hönd ábyrgð á alt að 300 þús. danskra kr. láni Jóhannesar Jósefssonar, til þess að reisa fyrsta flokks gistihús (hótel) í Reykjavík fyrir sumarið 1930, enda leggi hann að auki fram til fyrirtækisins 250 þús. kr. og veðsetji gistihúsið með fyrsta veðrjetti og fái ábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur til tryggingar láninu.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1929, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1928 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **713. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá öðrum minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir eigi orðið á eitt sátt um þetta mál. Meiri hl. (H. Stef., Hj. V., H. J.) vill samþ. frv. með nokkrum breytingum, en tveir nefndarmenn (S. E. og Ó. Th.) eru sammála um að vilja fella það, en munu hvor um sig gera grein fyrir sínu áliti.

Skulu hjer tilfærð nokkur rök, er að því liggja, að jeg tel rjett að fella frv.

1.

Lögin um Landsbanka Íslands, er sett voru á Alþingi í fyrra, voru mjög vandlega undirbúin. Fyrir þingið 1924 var lagt frv. um þetta mál, er bankastjórn Landsbankans hafði samið. Síðan hefir málið verið borið fram á hverju þingi, og jafnan vel og vandlega rætt. Leitað hefir verið álits erlendra sjerfræðinga, þar á meðal bankastjóra allra þjóðbanka Norðurlanda, tvennar ríkisstjórnir hafa búið málið undir þing, en milliþinganefnd verið skipuð í það, og loks hefir það verið rætt í blöðum og á mannfundum meir en títt er um stórmál þjóðarinnar.

Það verður yfirleitt að teljast mjög varhugavert að breyta löggjöf, er þannig hefir verið vandlega undirbúin, svo skömmu eftir að hún hefir verið sett og áður en hægt er að vitna til reynslunnar. Og að því er sjerstaklega snertir lögin um Landsbanka Íslands, verða menn ennfremur að hafa það hugfast, að með lögunum frá 1927 var bundinn endir á ýms deilumál, sem bankanum er óhagstætt að ófriður standi um, en deila sú mun jafnan kvikna að nýju, er breyta á þessari löggjöf. En jafnframt er hins að gæta, að örar og veigamiklar breytingar

á slíkri löggjöf draga mjög úr öryggi bankans og þar með úr trausti viðskiftavinanna, sem þó að allra dómi er frumskilyrði fyrir velgengni hans.

Greindar ástæður sýna, að að nauðsynjalausu á yfirleitt ekki að breyta Landsbankalögunum. En auk þess eru þær breytingar, er í frv. felast, stórskaðlegar, svo eigi sje þyngra að kveðið.

2.

Fyrsta breytingin, sem farið er fram á að gera, er sú, *að ríkið taki fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans*, í stað þess að nú tekur ríkið ábyrgð á seðlabankanum með stofnfje því, sem það leggur honum, en frekar ekki, en á skuldbindingum sparisjóðs ber seðlabankinn ábyrgð með upphæð, sem nemur innskotsfje ríkissjóðs samkvæmt lögunum frá 1913, þar til varasjóður sparisjóðsdeildar nær 10% af innstæðum í sparisjóði.

Auk þeirrar áhættu fyrir ríkissjóð, sem slík breyting á Landsbankalögunum hefir í för með sjer, er mjög sennilegt og jafnvel alveg víst, að af þessu mundi það óhjákvæmilega leiða, að að Landsbankanum mundi streyma allverulegur hluti þess sparifjár landsmanna, er nú er ávaxtað í sparisjóðum um land alt. Mundi það að sjálfsögðu lama starfsemi sparisjóðanna, en vera Landsbankanum sem seðlabanka til lítils gagns, og jafnvel ógagns.

3.

Samkvæmt frv., eins og það var borið fram að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, átti að *svifta bankann stofnsjóði* þeim, sem lögin frá 1927 mæla fyrir um. Þessu hefir nú verið breytt þannig, að ríkisstjórninni er *heimilt* að leggja bankanum »viðbótarstofnfje«, alt að 3 miljónum króna, sem að vísu er til bóta. En þó er augljóst, að tvent er ólíkt fyrir bankann, að eiga skýlausa kröfu til stofnfjár samkvæmt lögunum frá 1927, eða að eiga slíkt undir geðþótta ríkisstjórnarinnar.

Nýlega er lokið mati á Landsbankanum, og fer niðurstaðan með leynd. *Ef* skoðunin hefir sýnt, að innskotsfje ríkissjóðs er óskert, og *ef* ríkisstjórnin notar að fullu heimildina til að greiða bankanum »viðbótarstofnfje«, verður stofnsjóður bankans sá, er lögin frá 1927 töldu hæfilegan. En öllum hlýtur að vera ljóst, að ótækt er, að alt sje í óvissu um þetta, því á þessu veltur, hvort bankinn er fær um að inna af hendi ætlunarverk sitt eða eigi — hvort löggjafanum hefir tekist að leysa þetta mikla vandamál þjóðarinnar, eða hvort bankalöggjöfin er aðeins til málamynda.

Í þessum efnum er ein og aðeins ein leið rjett, — sú, að leggja bankanum það fje, sem samkv. mati á bankanum nægir til, að stofnsjóður bankans verði sá, er lögin frá 1927 gerðu ráð fyrir. Þegar bankinn þannig hefir verið efldur, er frekari ábyrgð ríkissjóðs hvorki eðlileg nje nauðsynleg.

4.

Þá er farið fram á breytingar á stjórn bankans. Er þetta bersýnilega gert í þeim einum tilgangi að tryggja ráðandi þingmeirihluta meiri hlutann í bankaráðinu. Með þessu er lagt inn á braut, sem mjög er varhugaverð, og verði þessu

fordæmi fylgt, er ekki annað sýnna en verið sje að reyna að gera seðlabanka ríkisins að leiksoppi í höndum stjórnmálamannanna, en allir viðurkenna, að sjálfum bankanum og peningamálum landsins yfirleitt stafar hinn mesti voði af slíku.

Að öðru leyti má fullyrða, að breytingar þær, er frv. gerir ráð fyrir á stjórn bankans, eru ýmist þýðingarlitlar eða til hins verra.

Reynt hefir verið að ná samkomulagi við meiri hluta fjárhagsnefndar og jafnframt leitað hófanna við ráðandi menn í stjórnarflokknum um þessar þrjár breytingar á frv.:

1. *að* ábyrgðarákvæðin gildi aðeins seðlabankann,
2. *að* breytingar á bankaráðinu komi ekki til framkvæmda fyr en að loknu kjörtímabili núverandi bankaráðs, og
3. *að* ríkisstjórninni sje eigi aðeins heimilt, heldur og skylt að leggja bankanum »viðbótarfje« samkv. 2. gr.

Umleitunum þessum hefir verið tekið mjög fjarri, og þykir því þýðingarlaust að bera fram brtt. um þetta, með því vonlaust er, að þær nái samþykki.

Margir ágallar eru á frv., er leiðrjetta þarf vegna samræmis, en um það sjer væntanlega meiri hluti nefndarinnar, sem vill láta samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 4. apríl 1928.

Ólafur Thors.

Nd. **714. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá öðrum minni hl. fjárhagsnefndar.

Hin gildandi lög um Landsbanka Íslands, nr. 48, 31. maí 1927, eru orðin til í náinni samvinnu milli núverandi stjórnarflokks og íhaldsflokksins. Lög þessi voru mörg ár á ferðinni, og hafa því fengið mikinn undirbúning. Milliþinganefnd var sett til að undirbúa þau, og leitað var álits erlendra sjerfræðinga um þau. Þó mikið þingfylgi væri að lokum bak við lögin, þá var þó hörð andstaða gegn þeim innan þingsins, og utan þingsins var nálega öll verslunarstjettin andvíg lögunum og ýmsir þeir menn, sem mest fást við fjármál. Milliþinganefndin, sem fjallaði um lögin, klofnaði. Í minni hlutanum var núverandi forseti háttv. Nd., Benedikt Sveinsson, og ritaði hann mjög hvast nefndarálit gegn lögunum og sýndi fram á, að framþróunin alstaðar í heiminum færi í þá átt, að seðlabankinn væri altaf meira og meira að verða einungis bankanna banki, og að seðlabankinn mætti ekki taka á móti sparisjóðsfje til ávöxtunar og ekki vera byggður yfir þau viðskitti, sem sjerstaklega fælu í sjer áhættu. Þessi ótvíræði sannleikur, að seðlabankinn væri altaf meira og meira að verða bankanna banki, var staðfestur af

öllum þeim sjerfræðingum, sem spurðir voru um málið. En þrátt fyrir öll hin föstu rök, sem færð voru til stuðnings sjerstökum seðlabanka, þó vísað væri í erlenda og innlenda reynslu, þá tókst þó svo illa til, að málinu var skipað á skökkum grundvelli og Landsbankinn gerður að seðlabanka. Eins og þingið er nú skipað, er enginn vegur til þess að fá málinu breytt í rjetta átt, en því verður að una, sem orðið er, að landsbanki verði seðlabanki, og verður því að ræða málið á þeim grundvelli.

Minni hlutinn vill fyrst láta í ljós undrun sína yfir því, að í röksemdum fyrir stjórnarfrumvarpinu skuli ekki vera gerð tilraun til þess að færa rök fyrir nauðsyninni á aðalbreytingum þeim, sem gerðar eru á frumvarpinu. Enginn vafi er á því, að óheppilegt er að hringla með löggjöf seðlabankans, og fyrir hverri breytingu, sem gerð er, verða að vera sterk rök.

Veigamesta breytingin er þá í fyrstu grein frumvarpsins, þar sem ákveðið er, að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Takmarkanir á þessari ábyrgð er, að til þess að taka lán erlendis án tryggingar í eignum bankans sjálfs, þurfi sjerstaka lagaheimild, með þeirri undantekningu, sem gildir í lögum frá 31. maí 1927 um ameríkska lánið og lán þau, er koma í stað þess láns.

Rjett er nú að athuga þessar takmarkanir. Ef hjer væri sett á stofn víxlarafjelag, sem hefði næg peningasambönd erlendis, þá er enginn vafi á því, að Landsbankinn þyrfti ekki lagaheimild til þess að taka lán hjá slíkum innlendum fjelagsskap. Taki nú Landsbankinn lán erlendis og setji eignir sínar, víxla eða annað, til tryggingar slíku láni, þá er svo ákveðið, sbr. hjer að ofan, að ekki þarf lagaheimild til slíkrar lántöku. En hinsvegar hefir slík veðsetning þá þýðingu, að eignir þær, sem ríkissjóður getur haldið sjer að fyrir ábyrgð sinni, fara út úr höndum hans, þannig, að áhætta ríkissjóðsins vex við þessa veðsetningu. Í raun og veru má því segja, að tekin sje svo að segja skilyrðislaus ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Jeg hefi beðið hagfræðing Gunnar Viðar að rannsaka fyrir mig, hvernig því mundi varið annarsstaðar með ábyrgðir fyrir seðlabönkum, og læt jeg útdrátt fylgja af rannsókn hans:

»Bank of England er einkabanki, sem hefir sjálfstjórn. Ríkinu óviðkomandi.

Banque de France er hlutafjelagsbanki. Ríkið hefir þó hlutdeild um stjórn hans.

Þýski ríkisbankinn er einnig hlutafjelagsbanki, en ríkið stjórnar honum að nær öllu leyti.

Danski og norski ríkisbankinn eru báðir hlutafjelagsbankar. Danska bankanum er að miklu og norska bankanum að öllu leyti stjórnað af hálfu ríkisins.

Líkt er fyrirkomulagið í Ítalíu og víðar. Hlutabankar með meiri eða minni íhlutunarrjetti af hálfu ríkisins. Í engu af þessum tilfellum var ríkisábyrgð fyrir seðlabankann. Ekki heldur þar, sem jeg þekki til í þeim nýju ríkjum, sem myndast hafa eftir ófriðinn (t. d. Jugoslavíu).

Rússlands banki var fyrir byltinguna hreinn ríkisbanki og ríkið bar ábyrgð á skuldbindingum hans. Ríkisbankinn í Svíþjóð var líka ríkisins eign og

»under rikets ständers garanti« frá fyrstu byrjun. Mjer er þó ekki vel ljóst, hvað þetta þýðir; það hefir tvisvar komið fyrir í sögu hans, að hann hefir leyst inn útistandandi seðla með broti af ákvæðisverði = fallerað.

Af einkabönkum veit jeg aðeins með vissu, að Landmandsbanken er undir ríkisábyrgð. Jeg veit ekki, hvort bankar þeir í Noregi og Svíþjóð, sem ríkið hefir tekið við stjórn á vegna fjárhagsvandræða, njóta slíkrar ábyrgðar«.

Með ábyrgðinni á seðlabankanum er stigið öfugt spor í peningamálunum. Með því er meðal annars verið að tryggja það, að sem mest sparisjóðsfje sæki að seðlabankanum, en eins og kunnugt er taka seðlabankar ekki sparisjóðsfje til ávöxtunar. Hjer er lögð áhersla á það, að fá sem mest sparisjóðsfje til ávöxtunar, og með því skapa sem mesta áhættu í kringum bankann, því auðvitað lánar bankinn fjeð aftur út, og eins og seðlabankanum hjer er nú fyrir komið, þá verður hann að lána fjeð út í áhættufyrirtæki.

En þetta er ekki eina ólánið, þó allir megi sjá, hve ægilegt það er að byggja seðlabanka vorn yfir þau viðskifti, sem annarsstaðar eru talin hættuleg fyrir seðlabanka.

En sú hlið, sem snýr að ríkissjóðnum, er og mjög alvarleg.

Í stjórnarskrá vorri er svo ákveðið, að ekkert gjald megi greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Með þessu er verið að reyna að tryggja ríkissjóðinn. Og virðist svo, sem ekki veiti af þessu. Ef Landsbankinn fær ábyrgð þá, sem hjer er í ráði að veita, þá er það ljóst, að stjórn Landsbankans getur með ráðstöfunum sínum bundið ríkissjóðnum þunga bagga. Ef ábyrgðin verður tekin, þá er ekki hægt að gera ríkissjóðinn upp nema gera Landsbankann upp. Í raun og veru verða þá til 2 ríkissjóðir. Sá ríkissjóður, sem Alþingi og stjórnin gætir, og sá ríkissjóður, sem landsbankastjórnin gætir.

Ástæða er til þess að ætla, að þessar ráðstafanir yrðu hættulegar fyrir traust ríkissjóðsins. Ef ríkissjóður þyrfti að fá lán erlendis, þá yrði lánveitandinn að rannsaka ekki aðeins hag ríkissjóðsins, heldur einnig hag Landsbankans. Þá er enn ástæða til að spyrja: Er það samrýmanlegt við hin ströngu ákvæði stjórnarskrárinnar að veita landsbankastjórninni *einu sinni fyrir alt* heimild til þess að gera ráðstafanir, sem geta falið í sjer tjón fyrir ríkissjóðinn, sem ekki verður metið?

Þó minni hlutinn væri í alla staði reiðubúinn og teldi sjálfsagt, að ríkissjóður, nú um leið og bankinn er að verða seðlabanki, tæki að sjer að greiða halla, ef einhver væri, á bankanum, þá er það alt annað heldur en að fallast á, að Landsbankinn sje í allri framtíð rekinn á ábyrgð ríkissjóðs.

Í stað ríkissjóðsábyrgðarinnar vill minni hlutinn fara aðra leið. Hann vill, að Landsbankinn, þar sem ákveðið er nú, að hann skuli verða seðlabanki landsins, fái það fje, sem hæfilegt verður talið til að undirbyggja það traust, sem slíkur banki verður að hafa. Verður hann að fá að minsta kosti stofnfje, sem nemi 5 miljónum, er bankinn eigi skuldlaust. En til þess að fjárhagsnefndin geti gert tillögu um það fje, sem ríkissjóður í þessu skyni veitir bankanum, þá þarf ríkisstjórnin að láta nefndina fá að vita, hvað mikið fje bankinn þarf að fá, og eiga þær tillögur að geta bygst á mati nefndarinnar og tillögum bankaumsjónarmannsins, sem manna best þekkir allan hag bankans. Lítur minni hlutinn svo

á, að Landsbankinn geti ekki gegnt seðlabankaskyldum sínum, ef ekki er sjeð fyrir, að hann ráði yfir nauðsynlegu fjárafli. Og minni hlutanum er ljóst, að það er hrein og bein vanræksla, ef draga á að veita bankanum það afl, sem er fyrsta boðorðið til þess að hann geti haft nauðsynleg tök á fjármálalífi þjóðarinnar. Öll sýtingssemi í þessu efni hefnir sín harðlega. Og alt, sem gera þarf í þessu efni, á að gera bæði fljótt og vel, og ætti þingið að geta orðið sammála um það.

Svo að minni hlutinn víki enn að málinu, þá er auðvitað erfitt að meta stofnanir eins og Landsbankann, því að matið er svo mjög komið undir allri framþróun atvinnuveganna. En þá er á hitt að líta, að ef bankinn fær afl til þess að verða lifandi liður í viðskiftalífi þjóðarinnar, þá má fullyrða, að niðurstaðan á öllum hag bankans verði margfalt betri við það.

Þá er í frumvarpinu gerð sú höfuðbreyting á stjórn bankans, að kjósa á 15 manna bankanefnd, sem hafi yfirstjórn bankans með hlutaðeigandi ráðherra.

Í 13. gr. er skýrt nánar frá verksviði nefndarinnar. Hún á:

1. Að setja reglugerð um stjórn bankans.
2. Að kjósa 4 menn í bankaráð.
3. Að kjósa endurskoðendur bankans.
4. Að úrskurða reikninga bankans.
5. Að taka ákvarðanir um önnur mál, sem bankaráð eða landsstjórn leggja fyrir hana.

Þessi nefndartillaga er vottur um óskiljanlega tilhneigingu til þess að hlaða embættistildri í kringum bankann, sem líkur eru til, að mundi hafa óheppileg áhrif á hann. Þessi 15 manna nefnd, sem aðallega á að koma saman einu sinni á ári, mundi varla fá nána þekkingu á bankanum, en hinsvegar mundu þessir nefndarmenn, sem yrðu sinn af hverju landshorni, gera ótal kröfur til bankans. Öðru máli er að gegna um bankaráðið, eins og því er nú komið fyrir. Að vísu verður því ekki neitað, að það er í eðli sínu »pólitískt«. En það má ganga að því vísu, að hin nána þekking, sem bankaráðið hlýtur að fá á bankanum, eftir þeim störfum, sem því eru ætluð, muni auka skilning á eðli og raunverulegum þörfum bankans, er tryggi það, að bankaráðið láti ágreininginn víkja fyrir hag bankans. Það leiðir af dýpri skilningi á bankanum, að reynt er að skapa frið um hann, en skilningurinn á þessu meginatriði hefir oft verið mjög lítill hjá þjóð vorri, svo jafnvel, að viðkvæmustu bankamál hafa verið dregin inn í hörðustu dagdeilurnar, til þess að vinna á þeim pólitíska sigra.

Hið mikla höfuð, sem stjórnarfrumvarpið vill setja á Landsbankann, verður honum ofvaxið. Og þó í byrjun sje gert ráð fyrir, að stöður þessar verði ólaunaðar, þá má búast við, að svo verði ekki lengi. Það er í raun og veru einkennilegt, að á tímum, þar sem óskirnar annars fara í þá átt að gera alt sem einfaldast og óbrotnast, þá skuli vera gerður leikur að því að hlaða í kringum Landsbankann þessu óskiljanlega embættistildri, sem ekki er hægt að sýna fram á, að sje til neins nema ills eins. Enn ein hætta kemur nú fram í öllu þessu mikla, hóflausa embættistildri. Samkvæmt gildandi lögum hefir verið kosið bankaráð til hins lögákveðna tíma og skipaður formaður bankaráðsins. Nú á að láta þessi lög koma strax til framkvæmda, þannig að hinir þingkosnu menn frá fyrra ári skulu víkja og sömuleiðis hinn stjórnskipaði formaður bankaráðsins.

Enginn vafi leikur á, að ýmsir líta á þessa ráðstöfun sem hún sje gerð til þess að stjórnin geti náð tökum á bankanum. Við næstu stjórnarskifti mætti þá búast við, að enn yrði gerð breyting á lögunum, til þess að sá flokkur, sem þá færi með völdin, gæti náð yfirráðum yfir bankanum. Þá er Landsbankinn kominn inn í eldinn, pólitíska eldinn, þar sem hann er heitastur, og hætt er við, að eitthvað brynni í þeim eldi. Minni hl. telur því, að ef þessi breyting yrði samþykt, þá væri hollast fyrir bankann, að hún kæmi ekki til framkvæmda fyr en tími núverandi bankaráðs væri útrunninn.

Það eru ýms óskrifuð lög í þjóðfjelaginu, sem allir hafa beygt sig fyrir. Ein af þeim lögum er þó einmitt að láta stjórnarskiftin ekki hafa áhrif á ýmsar embættaskipanir, sem fyrri stjórnir hafa gert, ef ekkert er að athuga við þá menn, sem í stöðurnar hafa verið skipaðir.

Minni hl. getur fallist á þá breytingu á frumv., að bankastjórarnir verði látnir vera allir jafnrjettháir. Sömuleiðis getur minni hl. fallist á, að bankaráðsformaðurinn einn hafi daglegt eftirlit í bankanum, en að sjálfsögðu eigi allir bankaráðsmennirnir að eiga aðgang að því að skoða bankann, er þeir vilja.

Minni hl. mun flytja nauðsynlegar breytingartillögur við þriðju umræðu.

Að öðru leyti er minni hl. andvígur þeim höfuðbreytingum á lögunum frá 1927, sem hann hefir minst á hjer að framan, og leggur til, að þær verði feldar. Loks tekur minni hl. fram, að vegna tímaleysis hefir hann ekki getað ritað ítarlegt nefndarálit um málið, og hefði þess þó verið mikil þörf, þar sem um svo alvarlegt mál er að ræða.

Alþingi, 5. apríl 1928.

Sig. Eggerz.

Nd. **715. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 698 [Landsbanki Íslands].

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Við brtt. 1. — Tillagan orðist svo:

Tvær nýjar greinar á mill 2. og 3. gr. frv., er verði 3. og 4. gr. (Greinatala breytist samkv. því):

a. 4. málsliður 21. gr. hljóði svo:

Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem landsbankanefndin kýs til 1 árs í senn.

b. Síðari málsgrein 22. greinar falli niður.

Nd. **716. Tillaga**

til þingsályktunar um Háskóla Íslands.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka til næsta þings, hvort ekki muni tiltækilegt að koma á kenslu í Háskóla Íslands í nokkrum fleiri fræðigreinum en þeim, sem þar eru nú kendar, til þess að ljetta á þeim deildum háskólans, sem fyrir eru, og beina stúdentum inn á fleiri brautir en embættabrautirnar.

Greinargerð.

Fyrir þinginu liggur nú frumvarp til breytinga á háskólalögunum (þskj. 439), er gengur í þá átt, að heimila einstökum deildum háskólans að takmarka þá tölu stúdenta, sem þær veita viðtöku. Orsökin til þess, að mönnum hefir hugkvæmst að grípa til þessara örþrifaráða er sú, að sumar af deildum háskólans eiga nú orðið fult í fangi með að veita öllum þeim stúdentum fullnægjandi fræðslu, sem til þeirra sækja, auk þess sem telja má varhugavert, hve afarmargir þeirra manna, sem embættisprófi ljúka, hljóta að fara á mis við það, að geta fengið stöðu, er námi þeirra hæfir.

Til þess að bæta úr þessum vandkvæðum, má benda á tvær færar leiðir. Er önnur þeirra sú, sem farin er í frumv. því, sem áður er nefnt (þskj. 439). En hin er sú, sem hjer er farið fram á að rannsaka. Mætti benda á ýmsar námsgreinir, sem til mála gætu komið, svo sem hagfræði, lyfjafræði, kennarafræði, búvísindi og verslunarfræði. Er enginn vafi á því, að ef hagkvæm og góð kensla væri veitt í háskólanum í þessum og ef til vill einhverjum fleiri fræðigreinum, mundu fjölmargir af stúdentum þeim, sem nú standa í raun og veru uppi í vandræðum, velja þessar fræðigreinir til náms. Þeir gætu þá lokið heimspekiprófi og gerst háskólaborgarar, eins og stúdentsmentun þeirra gefur þeim rjett til, en á hinn bóginn sveigst af nýju inn á þær brautir, er bera þá út í hið praktiska líf, í stað þess að grafast um mörg ár í erfiðu háskólanámi og standa uppi að því loknu með litlum vonum um stöðu við þeirra hæfi.

Hve langt nám þarf að vera í hverri þessari fræðigreina, og hvernig því verði fyrir komið án verulega tilfinnanlegs kostnaðar, er auðvitað rannsóknarefnið, sem fyrir liggur.

Auk þess sem þetta myndi ljetta af hinum kensludeildum háskólans, myndi það og geta gert stórmikið gagn að öðru leyti. Það beindi vel mentuðum mönnum inn í ýmsar stjettir í þjóðfjelaginu, sem þar gætu orðið að miklu gagni. Og þetta ætti einnig að tengja hina merku stofnun, háskólann, fastar við alt þjóðlífið en nú, þegar hann er að mestu aðeins mentastofnun fyrir embættismenn.

Nd. **717. Tillaga**

til þingsályktunar um ellitryggingar.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Bjarna Ásgeirssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn og undirbúning undir að koma á almennum ellitryggingum í landinu og leggja fyrir næsta þing tillögur í því efni.

Astæður.

Telja má tímabært, að komið verði á almennum ellitryggingum, auk þess sem búast má við, að fátækramál þjóðarinnar verði ekki leyst með öðrum hætti en að auka skyldutryggingar almennings. Nánar í framsögu.

Nd. **718. Fyrirspurn**

til atvinnumálaráðherra um vinnukaup.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Hverju sætir, að vegamálastjóri ljet á sumri búum og býlamönnum austan fjalls goldna 65 aura fyrir stundar vinnu, en lausalýð sunnan yfir fjall 110 aura, samverka, samtíða og samstaðar?

Skal slíkt rjettlæti enn viðgangast?

Ed. **719. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

Frá Ingvari Pálmasyni og Jóni Þorlákssyni.

Við 6. gr. Á eftir orðunum »húseignum með lóð« komi: eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Ed. **720. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um atvinnuleysisskýrslur.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (J. Þ.).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er bæjarstjórn að ákveða, að skýrslur um atvinnu og atvinnuleysi skuli haldnar í kaupstaðnum. Þegar slík ákvörðun hefir verið gerð, skal Hagstofa Íslands láta skýrslusöfnun fara fram 4 sinnum á ári og birta útdrátt úr skýrslunum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Þegar skýrslusöfnun hefir verið ákveðin samkvæmt 1. gr., er atvinnurekendum og verkamönnum skylt að láta hagstofunni í tje allar þær upplýsingar viðvíkjandi atvinnu og atvinnuleysi, er hún beiðist. Ákvæði 7. og 8. gr. laga nr. 29, 8. nóv. 1895, skulu þá og gilda að því er þessar skýrslur og upplýsingar snertir.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Sjerstakur kostnaður, sem skýrslusöfnun þessi hefir í för með sjer, greiðist úr hlutaðeigandi bæjarsjóði.

Ed. **721. Nefndarálit**

um frumv. til laga um smíði og rekstur strandferðaskips.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu. Meiri hlutinn telur rjett að samþykkja frumvarpið. Málið hefir verið rætt á mörgum undanförnum þingum, og mörg hjeruð á landinu, þau er nú hafa verstar samgöngur á sjó, líta á þessa umbót strandferðanna sem hið mesta framfaramál. Nú reka útlend gróðafjelög strandferðir hjer við land og raka saman fje á þann hátt ár eftir ár. Er þetta í senn fjárhagslegt tjón og minkun.

Þegar strandferðaskipin eru orðin tvö, ætti að vera hægt að ná úr höndum útlendinga miklu af fólksflutningnum, er þeir hafa nú.

Þau hjeruð, er nú búa við ljelegastar samgöngur, dragast meir og meir aftur úr í atvinnurekstri, mest vegna þess, hvað erfitt er að koma íslenskum afurðum á markað.

Nýja strandferðaskipið á að bæta úr þessu með kælirúminu, enda er þess fullkomin þörf.

Telja má líklegt, að hægt verði, án þess að spilla fyrir málinu, að komast af með eitthvað minna og ódýrara skip en talað var um í neðri deild.

Þá virðist og geta komið til mála að spara á farþegarúmi, með því að Esja mun nokkuð hafa undan mesta farþegastraumnum, ef annað skip annast að miklum mun vöruflutninga til hinna erfiðari hafna.

Alþingi, 10. apríl 1928.

Páll Hermannsson, form. og frsm. Einar Árnason, fundaskr.

Nd. **722. Breytingartillögur**

við frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Önnur málsgr. orðist svo:
   Skipstjórar, stýrimenn og vjelstjórar skipanna eru sýslunarmenn landsins.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Yfirvjelstjóri ræður kyndara, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins, þá sem ekki eru tilnefndir í 3. gr., nema sjerstaklega verði mælt öðruvísi fyrir í lögum.
   Launasamningar, er yfirvjelstjóri og skipstjóri gera, skulu vera samhljóða samningum þeim, er gilda á íslenskum verslunarskipum á hverjum tíma.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Skipstjóri getur vikið þeim skipverjum, er ræðir um í 4. gr., tafarlaust frá starfi, ef ástæða er til samkvæmt gildandi sjólögum. Skal slík brottvísun ávalt tilkynt dómsmálaráðuneytinu.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð um skyldur og störf skipstjóra, stýrimanna, vjelstjóra og loftskeytamanna varðskipanna. Um skyldur og störf háseta og kyndara gilda ákvæði siglingalaganna ásamt samningsbundnum reglum, er gilda á íslenskum verslunarskipum.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Skipstjórum og stýrimönnum á varðskipunum skal skylt að kenna hásetum, er á varðskipunum vinna, verklega sjómensku, eftir því sem nánar kann að verða ákveðið í reglugerð.
6. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist: Skulu þeir njóta sama rjettar og aðrir embættismenn um eftirlaun, enda greiði þeir árlegt gjald í lífeyrissjóð.

Nd. **723. Breytingartillaga**

við frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá Jóni A. Jónssyni og Jóhanni Jósefssyni.

Á eftir 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Launaákvæði 8. gr. skulu eigi vera því til fyrirstöðu, að núverandi skipherrar haldi þeim launum, er um var samið, þá er þeir ríeðust í þjónustu ríkisins.

Nd. **724. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson, Jón A. Jónsson og Hákon Kristófersson.

1. Við 1. gr. Á eftir 1. málslið greinarinnar komi 2 nýir málsliðir, svo hljóðandi:
   Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera.
2. Við 5. gr. Orðin í niðurlagi greinarinnar »en greiða skal . . . um uppsögn væri að ræða« falli burt.
3. Við 8. gr. 1. málsgr.
   a. Í stað »5800« komi: 6500.
   b. Í stað »400« komi: 500.
   c. Í stað »7000« komi: 8000.
4. Við 8. gr. 2. málsgr.
   a. Í stað »3600« komi: 3800.
   b. Í stað »300« komi: 400.
   c. Í stað »4500« komi: 5000.
5. Við 8. gr. 3. málsgr.
   a. Í stað »3200« komi: 3400.
   b. Í stað »3600« komi: 3800.
6. Við 8. gr. 4. málsgr.
   a. Í stað »2800« komi: 3000.
   b. Í stað »3200« komi: 3400.
7. Við 8. gr. Á eftir næstsíðustu málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Kaupgreiðslur til fullgildra háseta og kyndara sjeu hafðar í samræmi við slíkar greiðslur á strandferðaskipi ríkisins.
8. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Starfstími þeirra af skipverjum, sem áður voru að staðaldri í þjónustu Björgunarfjelags Vestmannaeyja, telst frá þeim tíma, er þeir lögskráðust í fyrsta skifti á björgunar- og eftirlitsskipið »Þór«, og reiknast kauphækkun þeirra eftir því.

Nd. **725. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 610 með breytingunni á þskj. 719.

Nd. **726. Nefndarálit**

um útflutningsgjald af síldarlýsi.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin klofnaði um aðstöðu til frv. Meiri hl. vill samþykkja það óbreytt, en minni hl. vill fella það.

Útflutningsgjald af síldarlýsi er að miklum mun lægra en af öðrum síldarafurðum. Það er miðað við verð, en af öðrum útflutningsvörum úr síld er það miðað við þunga.

Það hefir þótt rjettmætt, að greitt væri hærra útflutningsgjald af síldarafurðum heldur en af öðrum útflutningsvörum, vegna þeirra annmarka, sem eru á síldarútveginum — tælandi, en fjárhagslega ótryggur og raskar þeim atvinnugreinum, sem traustari eru og eðlilegri. Hækkun sú, er hjer er lagt til, byggist á sömu ástæðum og jafnframt á því, að rjett sje að minka það ósamræmi, sem hefir verið og er á milli hinna annara vörutegunda síldarinnar.

Erfitt er að gera trausta áætlun um, hvað hækkunin gæfi ríkissjóði miklar tekjur, vegna þess hvað veiðimagn og bræðslumagn síldarinnar er misjafnt í hinum einstöku árum, og verðlag breytilegt á lýsinu. En lauslega mætti áætla það, miðað við veiðimagn, bræðslumagn og verðlag síðustu tveggja ára, 30—40 þús. krónur.

Alþingi, 7. apríl 1928.

Halldór Stefánsson, form., frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Hannes Jónsson.

Nd. **727. Tillaga**

til þingsályktunar um vísindarannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson og Ásgeir Ásgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka fyrir næsta þing, á hvern hátt verði best fyrir komið vísindarannsóknum fyrir at-

vinnulíf landsmanna, svo sem efnafræðirannsóknum, rannsóknum í lífeðlisfræði og fjörvirannsóknum (vitamina), og m. a. athuga, hvort ekki muni hyggilegt að stofna við háskólann sjerstakt embætti í þessum tilgangi.

Ástæður.

Því háðara sem atvinnulíf landsmanna verður erlendri samkeppni í framleiðslu og verslun, sökum aukinna samgangna o. fl., því meiri nauður rekur þá til að beita fyrir sig í þeirri baráttu sömu hjálpargögnum sem aðrar þjóðir hafa tekið í sína þjónustu, og má þar fyrst nefna náttúruvísindin, sem nú mega heita undirstaðan undir öllum atvinnurekstri menningarþjóðanna.

Hjer sem annarsstaðar stöndum vjer Íslendingar þeim mjög að baki, og eru þó rannsóknarefni ærin og knýjandi. Virðist okkur flutningsmönnum og mörgum fleirum, að sjálfsagt sje að fela okkar unga og fáskrúðuga háskóla þá rannsóknarstarfsemi.

Nánar í framsögu.

Nd. **728. Lög**

um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl)

I. kafli.

Um refsingar.

1. gr.

Líflátshegning er úr lögum numin. Hvarvetna þar í lögum, er glæpur varðar lífláti, komi í þess stað tyftunarhúsvinna æfilangt.

2. gr.

Vinnuskylda skal vera samfara hegningu í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

3. gr.

Hvarvetna þess, er fangelsi við vatn og brauð liggur við afbroti, má í þess stað dæma brotamann til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi í eigi skemri tíma en 12 daga og eigi lengur en 6 mánuði.

4. gr.

Ákvæðin um skilorðsbundna hegningardóma í 1.—4. gr. laga nr. 39, 16. nóvember 1907, taka einnig til manns, sem dæmdur er samkvæmt hinum

almennu hegningarlögum eða 6. gr. laga þessara í alt að eins árs betrunarhúsvinnu.

II. kafli.

Um landráð og ýms afbrot.

5. gr.

72. grein hinna almennu hegningarlaga skal hljóða þannig:

Veki maður uppreisn eða geri samsæri í þeim tilgangi að koma hinu íslenska ríki eða nokkrum hluta þess undir yfirráð annara, þá varðar það tyftunarhúsvinnu ævilangt.

Hver, sem annars vísvitandi stofnar frelsi ríkisins eða hlutleysi í hættu, eða tekur þátt í þvílíkri uppreisn, sem greinir í 1. málsgrein, skal sæta hegningarvinnu, ekki skemur en 2 ár. Sje um gálauslegt athæfi að ræða, varðar það fangelsi eða hegningarvinnu alt að 3 árum.

6. gr.

Hver, sem sekur verður um þjófnað, skal í fyrsta sinn sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum.

Ef hið stolna er eigi 30 króna virði og engin atvik eru samfara afbrotinu, er þyngi saknæmi þess, og hinn seki hefir eigi áður orðið uppvís að auðgunarglæp, má færa refsinguna niður í sektir, og skal málssókn því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við.

7. gr.

Ef þjófnaðarafbrotið er mjög stórfelt, svo sem greinir í 231. gr. hegningarlaganna, 1.—5. lið, má þyngja refsinguna fyrir afbrotið alt að 6 ára betrunarhúsvinnu.

8. gr.

Nú hefir maður, er til refsingar skal dæma samkvæmt 6. eða 7. gr., áður verið dæmdur fyrir þjófnað eða fyrir brot þau, er ræðir um í 23. — 27. kap. hinna alm. hegningarlaga, og má þá hækka refsinguna um alt að helmingi af þeirri refsingu, er hann hefði hlotið annars. Ef hann oftar en einu sinni er áður dæmdur fyrir þessi afbrot, má refsingin verða tvöfalt þyngri.

9. gr.

Nú verður vinnufær maður sveit sinni til þyngsla sökum óreglu eða slæpingsskapar, eða hann af sömu ástæðum vanrækir framfærsluskyldu sína gagnvart öðrum, sem við það verða bjargþrota, eða hann fyrir þessar sakir greiðir ekki úrskurðað meðlag með maka sínum eða barni, og skal þá refsa honum með fangelsi, ef hann vill ekki sinna forsvaranlegri vinnu, sem fátækrastjórn eða lögreglustjóri vísar honum á. Ef brotið er endurtekið, má refsa honum með alt að 1 árs betrunarhúsvinnu.

10. gr.

Nú þykir lögreglustjóra ástæða til að ætla, að maður hafi ekki ofan af fyrir sjer á löglegan hátt, og er hann þá skyldur til að skýra frá, af hverju hann hafi framfærslu sína og færa rök að. Ef hann gerir það ekki, eða atvinnan er ólögleg, skal refsa honum með fangelsi, enda liggi ekki þyngri refsing við eftir öðrum lögum.

11. gr.

Nú hefir maður verið dæmdur samkvæmt 9. eða 10. gr. eða oftar en einu sinni fyrir auðgunarglæp, og getur þá lögreglan lagt fyrir hann að gefa sig fram á ákveðnum tímum og gefa skýrslu um, hvar hann býr eða dvelur og hvaða atvinnu hann stundar.

12. gr.

Sá, sem gerir sjer atvinnu af fjárhættuspilum eða að koma öðrum til þátttöku í þeim, skal sæta fangelsi, eða alt að 1 árs betrunarhúsvinnu, ef miklar sakir eru.

Nú fremur maður brotið í aðalatvinnu sinni, og má þá með dómi svifta hann rjetti til þeirrar atvinnu um lengri eða skemri tíma eða að fullu og öllu.

13. gr.

Sá, sem af ásettu ráði lætur fjárhættuspil fara fram í húsum, er hann hefir umráð yfir, skal sæta sektum eða fangelsi. Sá, sem tekur þátt í slíku spili, sæti sektum.

14. gr.

Fjárhættuspil skulu öll spil um peninga eða peningavirði talin, nema lögleyfð sjeu, enda sje spilið þess eðlis og það, sem undir er lagt, svo mikils virði, að telja megi ávinningslöngunina aðalatriðið.

Veðmál, teningskast og annað slíkt skal undir sama skilorði talið til fjárhættuspila.

Með dómi skal ákveðið, að vinningur af fjárhættuspili skuli gerður upptækur.

III. kafli.

Um nokkrar breytingar á orðalagi almennra hegningarlaga.

15. gr.

Í stað orðanna »danska«, »dansks«, »danskur«, »danskra« í 5., 62., 73., 74., 76., 266. og 268. gr. almennra hegningarlaga komi: íslenska, íslensks, íslenskur, íslenskra.

IV. kafli.

Hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928. Þó verður ákvæðum 2. og 3. greinar laganna ekki beitt fyr en dómsmálaráðuneytið hefir gefið út reglugerð um, hvar og hvernig vinnan komi til framkvæmda.

17. gr.

Ákvæði 1. og 4.—8. gr. taka til allra mála, sem ekki eru dæmd úrslitadómi áður en lögin öðlast gildi, en 9.—14. gr. taka aðeins til brota, sem framin eru eftir þann tíma.

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 230. gr., 232.—234. gr. og 237. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ed. **729. Lög**

um tilbúinn áburð.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að taka í sínar hendur einkasölu á hverskonar tilbúnum áburði frá 1. okt. 1928. Þá er þetta hefir verið ákveðið, er engum öðrum heimilt að flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Árin 1929, 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

3. gr.

Áburðurinn er ekki útvegaður og seldur öðrum en hrepps- og bæjarfjelögum, búnaðarfjelögum, samvinnufjelögum bænda og kaupmönnum. Heimilt er að leggja á áburðinn alt að 2%. Það skal vera undantekningarlaus regla, að áburðurinn sje greiddur við móttöku. Að öðru leyti setur ríkisstjórnin, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, reglur um rekstur verslunarinnar.

4. gr.

Rekstrarfje til verslunar þessarar, svo og allan annan kostnað við framkvæmd laga þessara, greiðir ríkissjóður.

Ed. **730. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að innheimta til ársloka 1930 allan tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt l. nr. 74, frá 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, l. nr. 2, frá 26. mars 1923, um breyting á l. nr. 74, frá 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 39, frá 4. júní 1924, um breyting á l. nr. 74, frá 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, með viðauka að upphæð 25%, þannig að skattur hvers gjaldanda hækkar um fjórðung.

2. gr.

Árstekjur einstaklinga, sem ekki nema 4000 kr., skulu undanþegnar þessum viðauka við tekjuskattinn.

3. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1929.

Sþ. **731. Breytingartillaga**

við till. til þingsályktunar um undirbúning ríkisforlags.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Fyrir »mentamálanefnd« í tillögugreininni komi: mentamálaráði.

Nd. **732. Nefndarálit**

um frv. til laga um samstjórn tryggingastofnana landsins.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 10. apríl 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður, með fyrirvara.	Bernh. Stefánsson, frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari, með fyrirvara.

Nd. **733. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

3. málsgrein 1. greinar laganna skal orða svo:

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, sbr. 15. gr., þarf sjerstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknum lánum þeim, er ræðir um í lögum nr. 10, 31. maí 1927, svo og lánum þeim, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

5. gr. hljóði svo:

Innskotsfje það, 2 miljónir króna, er ákveðið var með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum, skal teljast stofnfje seðlabankans. Auk þess skal ríkisstjórninni heimilt að leggja fram úr ríkissjóði viðbótarstofnfje handa seðlabankanum, alt að 3 miljónum króna. Seðlabankinn skal safna varasjóði samkvæmt 24. gr.

3. gr.

4. málsliður 21. gr. hljóði svo:

Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem landsbankanefndin kýs til 1 árs í senn.

4. gr.

Síðasta málsgr. 22. gr. falli niður.

5. gr.

24. gr. hljóði svo:

Tekjuafgangur hvers árs rennur í varasjóð. Leggi ríkissjóður fram viðbótarstofnfje samkvæmt 5. grein, skal bankinn greiða ríkissjóði af því fje 6% í ársvexti, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins.

6. gr.

33. gr. hljóði svo:

Yfirstjórn bankans er í höndum landsbankanefndar, samkvæmt því sem ákveðið er í lögum þessum, og ráðherra þess, er fer með bankamál. Stjórn bankans að öðru leyti annast bankaráð, skipað fimm mönnum, og framkvæmdarstjórn, skipuð þrem mönnum.

7. gr.

34. gr. verði svo hljóðandi:

Landsbankanefndin er skipuð 15 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu til 6 ára. Eftir 2 ár ganga úr nefndinni 5 menn, þeir er

eftir rjettri hlutfallstölu síðast voru kosnir á hverjum lista, eða hvorum lista, ef þeir voru aðeins tveir. Eftir næstu 2 ár ganga aðrir 5 menn úr nefndinni af hinum fyrst kjörnu, eftir sömu reglum og áður greinir, og loks að liðnum 6 árum þeir 5, er eftir eru af þeim fyrst kjörnu. Síðan fer fram kosning annaðhvert ár á 5 mönnum í nefndina í stað þeirra, er endað hafa kjörtímabil sitt. Endurkjósa má menn í nefndina. Kosnir skulu og með hlutfallskosningu varamenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Varamenn ganga úr eftir sömu reglum og aðalmenn. Er kosning fer fram, skal afhenda lista með helmingi fleiri nöfnum en kjósa á menn í nefndina. Sá, sem næstur er að atkvæðamagni þeim, er kosningu hlýtur á hverjum lista, skal vera 1. varamaður þess lista um kjörtímabil það, er listinn á við, og svo hver af öðrum innan listans, þannig, að sá, sem næstur er að atkvæðamagni, kemur jafnan í stað þess, sem næstur er á undan að atkvæðamagni. Kjörtími varamanns, sem tekur sæti í nefndinni vegna fráfalls eða brottflutnings aðalmanns, endar þegar kjörtími þess, sem hann kemur í staðinn fyrir, hefði verið á enda, nema varamaður sá, sem kemur fyrir aðalmann á fyrstu 4 árunum eftir að lög þessi öðlast gildi, tekur sæti á eftir öllum aðalmönnum og telst því sem hinn síðast kjörni á lista. Nú kemur það fyrir, að allir aðalmenn og varamenn lista fyrir eitt kjörtímabil forfallast, og kýs þá nefndin menn í skarðið með einföldum meiri hluta. Ef vafaatriði um þessi efni koma fyrir, sker nefndin sjálf úr þeim með atkvæðagreiðslu og sendir Alþingi skýrslu um málið.

Landsbankanefndarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín.

8. gr.

Ný grein, sem verður 35. gr., hljóði svo:

Formann bankaráðsins skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, til 5 ára í senn. Hina fjóra bankaráðsmennina kýs landsbankanefndin til 4 ára í senn, þannig, að tveir ganga úr á aðalfundi landsbankanefndarinnar annaðhvert ár, í fyrsta skifti ganga þeir úr, sem síðastir voru í röðinni við kjörið. Formann bankaráðs má endurskipa og hina 4 ráðsmennina má endurkjósa. Á sama hátt skal skipa varaformann og kjósa 4 varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum formanns eða bankaráðsmanns. Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ráðherra nýjan varamann. Ef nefndarkosinn bankaráðsmaður og varamaður forfallast á sama hátt áður en starfstími hans er á enda, kýs landsbankanefndin annan í hans stað. Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 krónur í ársþóknun, en hinir bankaráðsmennirnir 2000 krónur hver.

Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót af allri launahæðinni, og reiknast dýrtíðaruppbótin með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins. — Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

9. gr.

35. gr., sem verður 36. gr., hljóði svo:

Engan má kjósa í landsbankanefnd eða bankaráð nema hann sje lögráða, hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Ef nefndarmaður eða bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í nefndinni eða ráðinu.

10. gr.

36. gr., sem verður 37. gr., hljóði svo:

Bankaráðið ræður alla þrjá bankastjóra, og eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geti þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega, sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Bankastjórar hafa að árslaunum 12000 krónur hver, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem bankaráðið ákveður.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum handa bankastjóranum, og 25% af launununum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skifti.

Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara og aðalfjehirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fje bankans eftir sömu reglum.

11. gr.

37. gr. fellur niður.

12. gr.

38. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Landsbankanefndin heldur aðalfund sinn einu sinni á ári, eigi síðar en mánuði eftir setningu Alþingis. Boðar forseti nefndarinnar til fundarins með mánaðar fyrirvara. Auk þess má kveðja nefndina til funda þegar forseti telur þess þörf, svo og ef 4 bankaráðsmenn að minsta kosti eða 7 landsbankanefndarmenn að minsta kosti krefjast þess í brjefi til forseta. Skal forseti þá boða til fundar eigi síðar en viku eftir að krafan kom í hans hendur. Skal að jafnaði boðað til aukafunda með viku fyrirvara, nema brýn þörf kalli að. Þá má boða til fundar með styttri fyrirvara, þó aldrei styttri en 2 sólarhringa.

Til fundanna skal boðað með ábyrgðarbrjefi eða staðfestu símskeyti til hvers nefndarmanns.

13. gr.

39. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Á fyrsta aðalfundi nefndarinnar í hvert sinn, eftir að ný kosning hefir

farið fram í nefndina samkv. 34. gr., kýs nefndin sjer forseta til næstu 2 ára. Boðar hann nefndina til funda samkv. 38. gr. og stjórnar fundum nefndarinnar. Ennfremur skal á sama hátt til sama tíma kjósa 1. og 2. varaforseta. Gegnir 1. varaforseti forsetastörfum í forföllum forseta, en 2. varaforseti, ef báðir, forseti og 1. varaforseti, eru forfallaðir. Forseti sá, sem stjórnar fundi í hvert skifti, kveður sjer fundarritara, sem má vera utan nefndarinnar.

Rita skal í fundabók stutta skýrslu um það, sem gerist á nefndarfundum, svo og allar ályktanir nefndarinnar.

14. gr.

40. gr., sem er ný grein, hljóði svo:

Nefndarfundur er lögmætur, ef fundinn sækja eigi færri en 10 nefndarmenn.

Á nefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði forseta úr.

15. gr.

41. gr., sem er ný grein, hljóði svo:

Landsbankanefndinni ber:

a. Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu eftir tillögum bankaráðsins. Reglugerðin skal staðfest af ráðherra þeim, sem fer með bankamál, og síðan birt í Stjórnartíðindunum.
b. Að kjósa 4 menn í bankaráð og 4 varamenn, samkv. 35. gr. laga þessara.
c. Að kjósa endurskoðendur bankans til eins árs í senn og 2 til vara, gefa þeim erindisbrjef og ákveða þóknun þeirra. Ef þess er krafist af 4 nefndarmönnum að minsta kosti, skulu kostningar þær, er um ræðir í b- og c-lið, vera hlutfallskosningar.
d. Að úrskurða reikninga bankans.
e. Að taka ályktun um önnur mál, sem lögð verða fyrir nefndina samkvæmt lögum þessum, eða eftir ósk bankaráðs eða ráðherra.

16. gr.

42. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Formaður bankaráðsins hefir fyrir hönd ráðsins stöðugt, daglegt eftirlit með starfsemi bankans. Auk þess skulu hinir bankaráðsmennirnir skiftast á um hið daglega eftirlit ásamt formanninum.

Bankaráðið heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, 1. og 15. dag mánaðarins, eða næsta virkan dag, ef 1. eða 15. ber upp á helgidag, en annars svo oft sem formaður þess telur nauðsynlegt eða meiri hluti ráðsins krefst þess, eða framkvæmdarstjórnin óskar þess. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þegar jöfn eru atkvæði, sker atkvæði formanns úr. Svo skal og vera, þegar jöfn eru atkvæði, er bankaráð og framkvæmdarstjórn gera sameiginlega ályktun, sbr. 43. gr. staflið h. og i.

Bankastjórarnir eiga rjett á að vera á fundum bankaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sje um mál, er snertir bankastjórana sjálfa.

Á hverjum reglulegum fundi skal framkvæmdarstjórnin leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, hve mikið af fje hans sje bundið í hverri atvinnugrein, um verðbrjefaeign hans, um innlánsfje í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kröfur erlendar, um seðlaveltu, gullforða og innieignir erlendis, og um annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

17. gr.

38. gr. verður 43. gr., en stafliðirnir a., c. og e. orðist svo:

a. Að koma fram fyrir hönd bankans gagnvart dómstólunum, yfirvöldum og gagnvart þriðja manni. Ráðið getur úrskurðað um öll mál bankans, sem ekki er áskilið landsbankanefndinni eða ráðherra að úrskurða um.

c. Að setja bankastjórunum erindisbrjef.

e. Að skipa aðalbókara og aðalfjehirði bankans og ákveða laun þeirra, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, svo og að ákveða, hversu hátt veð aðalfjehirðir skuli setja.

Í stað orðanna »(39. gr.)« í l.-staflið komi: (44. gr.).

Stafliður n. orðist svo:

n. Að gera tillögur til landsbankanefndarinnar til reglugerðar um stjórn bankans og starfrækslu.

o.-stafliður falli niður.

p.-stafliður verði o.-stafliður.

18. gr.

39. gr. verði 44. gr., en hljóði þannig:

Framkvæmdarstjórnin hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórnin heldur fundi á hverjum starfsdegi, ef málefni liggja fyrir til úrlausnar.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt (sbr. 43. gr.) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

19. gr.

40. gr. verður 45. gr., en fyrir orðin »samkvæmt 38. gr.« komi: samkvæmt 43. gr.

20. gr.

41. gr. verður 46. gr., en fyrir orðin »samkvæmt 38. gr. l.« komi: samkvæmt 43. gr. l.

21. gr.

a. 42. gr. verði 47. gr.
b. 43. gr. verði 48. gr. og upphaf greinarinnar orðist svo: Landsbankanefnd, bankaráð o. s. frv.
c. 44. og 45. gr. verði 49. og 50. gr. og á undan 50. gr. komi: VI. kafli. Sjerrjettindi bankans.

22. gr.

a. 46., 47., 48., 49., 50., 51. og 52. gr. verði 51., 52., 53., 54., 55., 56. og 57. gr.
b. 53. gr. verði 58. gr. og síðari málsgr. orðist svo:

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af skuldabrjefum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

c. 54. gr. verði 59. gr.

23. gr.

55. gr. verður 60. gr. og hljóði þannig:

Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1928. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, er fer með bankamál, formann bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd eigi síðar en 1. janúar 1930.

24. gr.

56. gr. verður 61. gr., en 3. málsgr. greinarinnar fellur niður.

25. gr.

57. gr. verður 62. gr. og hljóði þannig:

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Um uppsögn núverandi bankastjóra skulu sömu reglur gilda og í gildi voru, er þeir tóku sæti í bankastjórninni.

Jafnskjótt sem núverandi bókari og aðalfjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum þessara laga.

26. gr.

58. og 59. gr. verða 63. og 64. gr.

27. gr.

60. gr. verður 65. gr. og hljóði þannig:

Auk hinna gulltrygðu seðla er bankanum heimilt að gefa út alt að einni miljón króna. Seðlamagn þetta skal minka um 100000 kr. fyrir 1. nóvember 1929, og úr því árlega um sömu upphæð.

28. gr.

61. gr. verður 66. gr.

29. gr.

62. gr. verður 67. gr. og hljóði þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka nauðsynleg lán til greiðslu á viðbótarstofnfje bankans samkvæmt 2. málslið 5. gr. þessara laga.

30. gr.

63. og 64. gr. verða 68. og 69. gr., en í stað orðanna »42. gr.« í niðurlagi 63. gr. komi: 47. gr.

31. gr.

65. gr. verður 70. gr. og á undan greininni komi: VIII. kafli. Niðurlagsákvæði.

32. gr.

66. gr. verður 71. gr.

33. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi. Þá er þau hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 48, 31. maí 1927, og gefa þau út svo breytt.

Ed. **734. Nefndarálit**

um frv. til laga um hvalveiðar.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumv. þetta er komið frá háttv. neðri deild.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill meiri hl. fella frv., en minni hl. getur fallist á, að það nái fram að ganga með nokkrum breytingum, sem hann telur, að ekki megi hjá líða að gera á frv., ef það eigi að verða að lögum, og vill minni hl. því ekki láta undir höfuð leggjast að flytja nokkrar breytingar við það, þar sem vel gæti svo farið, að ella yrði frumvarpið samþykt óbreytt.

Leggur því minni hl. til, að frv. verði samþykt með þessari

BREYTINGU:

Við 3. grein. Greinin orðist þannig:

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hver hvalveiðastöð greiði 3000 króna árgjald í ríkissjóð, og auk þess 1000 krónur fyrir hvert hvalveiðaskip.

Ennfremur skal sjerleyfishati greiða öll opinber gjöld og tolla samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

Það skal og sett að skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur með bræðslu og breytingu úrgangs, beina, kjöts og innyfla í markaðshæfa vöru.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

Alþingi, 10. apríl 1928.

Erlingur Friðjónsson.

Nd. **735. Breytingartillaga**

við brtt. á þingskjali 692 [Gagnfræðaskóli Reykjavíkur].

Frá mentamálanefnd.

Við 6 a. Í stað orðanna »Fyrir 24 kenslustundir hverra 20 nemenda« kemur: Fyrir hverja 20 nemendur, er njóta ekki minni kenslu en 24 stundir á viku hverri.

Ed. **736. Lög**

um Menningarsjóð.

(Afgreidd frá Ed. 11. apríl).

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Menningarsjóður. Tilgangur hans er að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn íslenskrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar. Til sjóðsins falla árlega allar tekjur af seldu áfengi, hverju nafni sem nefnist, sem ólöglega er flutt til landsins og upptækt gert af rjettvísinni, allar tekjur af seldum skipum, sem af samskonar ástæðu hafa verið gerð upptæk, svo og allar sektir fyrir brot á áfengislöggjöfinni, bæði samkvæmt landslögum og lögreglusamþyktum. Í fyrsta skifti skal falla til sjóðsins hluti ríkissjóðs fyrir upptækt vín og áfengissektir árið 1927.

2. gr.

Mentamálaráð hefir á hendi yfirstjórn Menningarsjóðs. Í apríl ár hvert skiftir sjóðsstjórnin innkomnum tekjum frá síðastliðnu ári í þrjá jafna hluta. Skal einum þriðjunginum varið til þess að gefa út góðar alþýðlegar fræðibækur og úrvals skáldrit, frumsamin eða þýdd. Annar þriðjungurinn gengur til að kosta vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins og til útgáfu vísindalegra ritgerða um íslenska náttúrufræði. Einum þriðjunginum skal varið til að kaupa listaverk fyrir landið, til verðlauna fyrir og útgáfu á uppdráttum af byggingum, húsbúnaði og fyrirmyndum fyrir heimilisiðnað í þjóðlegum stíl. Einnig má verja fje til útgáfu veggmynda eftir íslenskum listaverkum til heimilisprýði. Þegar sjerstaklega stendur á, má verja tilteknum hluta af tekjum Menningarsjóðs til bygginga fyrir náttúrugripasafn landsins og listasafn.

3. gr.

Bókaútgáfu Menningarsjóðs stýra þrír menn sjálfkjörnir: Prófessorarnir í íslenskum bókmentum og sögu við háskólann í Reykjavík og kennarinn í íslensku við kennaraskóla landsins. Sá hluti sjóðsins, sem verja skal til náttúrufræðilegra rannsókna, stendur undir stjórn annara þriggja sjálfkjörinna manna: Forstöðumanns náttúrugripasafnsins í Reykjavík og kennaranna í náttúrufræði við mentaskólann í Reykjavík og gagnfræðaskólann á Akureyri. Ef einhver þessara manna skorast undan störfum fyrir Menningarsjóðinn, skipar Mentamálaráðið mann í hans stað. Sá hluti sjóðsins, sem á að styðja listir, stendur undir beinni stjórn mentamálaráðs.

4. gr.

Þegar tekjur Menningarsjóðs verða eitthvert ár meiri en að áliti yfirstjórnar sjóðsins getur talist meðallag, skal taka frá í húsbyggingarsjóð tveggja af hinum þrem deildum (sbr. 2. gr.) það, sem umfram verður meðaltekjur. Skulu þessir tveir byggingarsjóðir ávaxtast í Landsbankanum, og má ekki skerða þá fyr en yfirstjórn sjóðsins með samþykki Alþingis lætur byrja á að reisa hinar umræddu byggingar. Þeim þriðjungi af óvenjulegum tekjum sjóðsins, sem ekki gengur til að byggja söfn yfir listaverk landsins og náttúrugripi, skal verja til að kosta útgáfu merkilegra ritverka, sem eru stærri en það, að venjulegar árstekjur útgáfudeildarinnar nægi til að standast kostnaðinn.

5. gr.

Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verslun þá með bækur, er óhjákvæmilega leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálft ræður mentamálaráðið og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar, og frágangi þeirra. Þegar svo vill til, að hinir sjálfkjörnu stjórnarmenn í útgáfu- eða náttúrufræðideild sjóðsins verða að dæma um efni, er snerta þá persónulega, skal mentamálaráðið skipa hæfa menn í þeirra stað, meðan úr þeim málum er skorið.

6. gr.

Sú deild Menningarsjóðs, er styður íslenska listaþróun, skal kaupa jöfnum höndum listaverk eftir málara og myndhöggvara og bæði taka tillit til hins varanlega gildis listaverkanna og að skapa markað fyrir listaverk eftir íslenska menn, án tillits til búsetu. Heimilt er að verja 1/5 hluta af árstekjum þessarar deildar til að verðlauna teikningar af húsum og húsmunum í þjóðlegum stíl, þar sem leitað er samræmis við höfuðdrætti í náttúru landsins. Aldrei má þó verja meiru en 2000 kr. á ári til slíkra verðlauna, nema öll sjóðsstjórnin samþykki.

7. gr.

Fjármálaráðuneytið annast alla innheimtu á tekjum Menningarsjóðs samkv. 1. gr. Handbært fje sjóðsins skal jafnan geymt í Landsbankanum. Endurskoðendur landsreikninga skulu árlega endurskoða reikninga allra deilda sjóðsins, enda sjeu þeir síðan prentaðir í Stjórnartíðindunum.

8. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **737. Lög**

um einkasölu á útfluttri síld.

(Afgreidd frá Ed. 11. apríl).

1. gr.

Frá 1. maí 1928 skal vera einkasala á allri saltaðri og kryddaðri síld eða verkaðri á annan hátt til útflutnings á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, og nefnist þessi einkasala »Síldareinkasala Íslands«. Heimilt er þó innlendum verksmiðjum að selja til útlanda beinlausa síld og síld lagða í olíu eða krydd í dósum.

2. gr.

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd, og skulu þeir allir vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð, eða hafa aðsetur þar að minsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Þrír af nefndarmönnunum skulu kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þriggja ára, í fyrsta sinn á Alþingi 1928, en tveir tilnefndir til þriggja ára í senn, annar af verklýðssambandi Norðurlands, en hinn af þeim mönnum, er gerðu út skip á síldveiðar næsta ár á undan kosningu, og kemur eitt atkvæði fyrir hvert skip, þar með taldir mótorbátar. Fer kosningin fram eftir reglum, er atvinnumálaráðuneytið setur. Jafnmargir

varamenn sjeu kosnir. Útflutningsnefnd kýs í byrjun hvers árs formann fyrir það ár. Fái enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.

3. gr.

Útflutningsnefnd ræður þrjá framkvæmdarstjóra, er sjeu jafnir að völdum. Skulu þeir hafa skrifstofu á Siglufirði. Framkvæmdarstjórarnir hafa á hendi í umboði útflutningsnefndar alla daglega stjórn og umsjón einkasölunnar og ferðir í hennar þarfir. Sje framkvæmdarstjóri ráðinn innan nefndarinnar, tekur varamaður við sæti hans í nefndinni. Kosning framkvæmdarstjóra er því aðeins gild, að hann fái minst 3 atkvæði. Fái einhver ekki þann atkvæðafjölda, skipar atvinnumálaráðherra í auð sæti. Framkvæmdarstjórar mega ekki reka síldarútveg eða síldarsöltun.

4. gr.

Þessi eru störf framkvæmdarstjóranna:

1. Að ákveða, í samráði við útflutningsnefnd, hvenær söltun og kryddun síldar, eða verkun á annan hátt til útflutnings, byrjar ár hvert, og einnig hvenær hætta skuli söltun og kryddun árlega eða verkun á annan hátt til útflutnings.
2. Að setja umboðsmenn, er hafa eftirlit með allri vinnu í hverri verstöð, þar sem síld er verkuð til útflutnings. Ákveða þessir umboðsmenn, í samráði við útflutningsnefnd og framkvæmdarstjóra, um alla meðferð á síldinni, flokkun eftir gæðum, umbúðir um síldina o. fl., alt samkvæmt þar að lútandi reglugerð, sbr. 14. gr. Enga síld má salta, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, nema með leyfi þessara umboðsmanna einkasölunnar. Þóknun til umboðsmanna þessara greiða síldarútflytjendur.
3. Að selja alla saltaða og kryddaða síld, eða verkaða á annan hátt til útflutnings, fyrir einkasöluna og skila til síldareigenda andvirði síldar, er einkasalan selur, jafnótt og það greiðist, að svo miklu leyti sem unt er, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er legst í sjóði. Skal miða greiðslur við árlegt meðalverð allrar síldar af sömu tegund og gæðum. Hafi einkasölunni verið afhent meira af síld til sölu en hún hefir getað selt í það sinn, skiftist andvirði þeirrar síldar, er seld hefir verið, hlutfallslega milli allra, sem búnir eru að afhenda síld til útflutnings. Heimilt skal einkasölunni að selja innanlands þá síld, sem hún telur ekki tilvinnandi að flytja út.
4. Að gera tilraunir með nýjar aðferðir við verkun síldar og opnun nýrra markaða, sbr. 8. gr., og hafa aðrar framkvæmdir með höndum, er fram kunna að verða teknar í reglugerð hjer að lútandi og erindisbrjefum þeim, er framkvæmdarstjórunum verða sett.

5. gr.

Framkvæmdarstjórninni er heimilt:

a. Að taka fje að láni út á síldina, jafnótt og hún er fullverkuð til útflutn-

ings, og skifta því í rjettum hlutföllum milli síldareigenda, eftir magni og gæðum þeirrar síldar, er þeir hafa afhent einkasölunni, enda hvíli engin önnur veðbönd á síldinni.

b. Að liðsinna viðskiftamönnum einkasölunnar um útvegun á tunnum og salti til verkunar síldinni, ef orðið getur án fjárhættu fyrir einkasöluna.

6. gr.

Nú er nauðsynlegt, vegna einkasölunnar eða verkunar á síld til útflutnings, að tryggja einkasölunni afnot af bryggjum eða landi, er einstakir menn eiga eða ráða yfir, og getur ríkisstjórnin látið taka það til afnota, eftir tillögum einkasölunnar, fyrir leigu, er dómkvaddir menn meta.

7. gr.

Þeir, sem ætla sjer að salta síld, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, skulu fyrir 15. apríl ár hvert tilkynna skriflega framkvæmdarstjórum einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sjer að verka af síld til útflutnings á því ári. Hverri tilkynningu fylgi þær upplýsingar og skilríki, sem föng eru á og gera það sennilegt, að framleiðandinn hafi tök á að verka svo mikla síld, sem hann óskar eftir að fá selda, enda tilgreini hann nöfn og tölu þeirra báta, er hann hygst að nota til veiðanna, og hve mikið hann ætli hverjum þeirra að veiða í salt. Komi þá í ljós, að ástæða sje til að óttast of mikla framleiðslu, getur nefndin takmarkað framleiðsluna og ákveðið fyrirfram, hve mikla síld hver síldarframleiðandi megi verka til útflutnings, enda skal sú ákvörðun tilkynt honum, í síðasta lagi 1. júní ár hvert. Að jafnaði skal slík takmörkun koma niður á öllum tilkyntum framleiðendum hlutfallslega, svo sem unt er, nema ástæða þyki til að telja fyrirætlanir einhvers þeirra um síldarverkun úr hófi fram, eftir ástæðum hans og fyrirframgerðum ráðstöfunum til undirbúnings. Má í því efni hafa til hliðsjónar aðstöðu hans til framleiðslunnar, svo sem skipakost og bryggju, framleiðslumagn hans undanfarin ár, vöruvöndun og skilsemi.

Fyrirframákvörðun nefndarinnar um síldarmagn hvers framleiðanda skal ekki vera því til fyrirstöðu, að nefndin sliti allri síldarsöltun, kryddun eða verkun á annan hátt samkvæmt 1. lið 4. greinar, er henni þykir nauðsyn til bera, þó sumir hafi þá ekki verkað alla þá síld, er þeir höfðu leyfi til. Að jafnaði skal þá tekið tillit til þess, að veiðitími reknetabáta nær lengra fram eftir haustinu en herpinótaskipa, og söltun hjá þeim því eigi stöðvuð jafnsnemma og hjá herpinótaskipum.

8. gr.

Myndaðir skulu tveir sjóðir, varasjóður og markaðsleitarsjóður, og skal renna í varasjóð $^1/_4$%, en í markaðsleitarsjóð $^3/_4$% af andvirði seldrar síldar. Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd samkvæmt reglugerð, er samin verður um meðferð þeirra, staðfestri af atvinnumálaráðherra.

9. gr.

Reikningsár einkasölunnar skal vera frá 15. apríl til jafnlengdar ár hvert. Stjórn einkasölunnar skal fyrir lok maímánaðar árlega birta í Lögbirtingablaðinu endurskoðaðan reikning einkasölunnar og skýrslu um störf hennar á liðnu reikningsári.

10. gr.

Heimili einkasölunnar og varnarþing er á Akureyri.

11. gr.

Einkasalan er undanþegin tekjuskatti og aukaútsvari, enda greiði hún síldareigendum alt andvirði síldarinnar, að frádregnum kostnaði og sjóðfje, sbr. 4. gr. 3.

12. gr.

Ríkisstjórnin skipar tvo endurskoðendur einkasölunnar og tvo til vara og ákveður þóknun fyrir störf þeirra. Hafa þeir altaf aðgang að reikningum einkasölunnar.

13. gr.

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en þóknun útflutningsnefndarinnar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjórar ráða sjer starfsmenn, svo sem þeir telja nauðsynlegt, en útflutningsnefnd ákveður laun þeirra.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur reglugerð um skoðun á síld og nánari framkvæmdir einkasölunnar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 1000—50000 krónum, og getur einkasalan, ef brot er ítrekað, neitað að taka til sölu útflutningssíld frá þeim, sem brotið hefir.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög frá 15. júní 1926, um sölu á síld, og lög frá 26. nóv. 1919, nr. 56, um skoðun á síld, svo og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þetta.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Þeir, sem á árinu 1928 ætla sjer að salta síld, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, skulu hafa frest til 15. maí með að tilkynna skriflega framkvæmdarstjórum einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sjer að verka af síld á árinu.

Ed. **738. Nefndarálit**

um frv. til laga um hlunnindi fyrir lánsfjelag.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1928.

Ingvar Pálmason, form. Einar Árnason, frsm. Jón Baldvinsson, fundaskrifari.
Björn Kristjánsson. Jón Þorláksson.

Nd. **739. Nefndarálit**

um frv. til laga um veðlánasjóð fiskimanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Fyrir þinginu liggja ýmsar tillögur um lánsstofnanir fyrir sjávarútveginn; mun engin þeirra ganga fram að þessu sinni. Vill nefndin leggja það til, að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, og sættir flutningsmaður sig eftir atvikum við þá meðferð málsins.

Alþingi, 11. apríl 1928.

Ingvar Pálmason, form. Jón Baldvinsson, fundaskrifari, frsm. Einar Árnason.
Björn Kristjánsson. Jón Þorláksson.

Nd. **740. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta og frv. til laga um útflutningsgjald af síldarlýsi eru bæði flutt af þm. Akureyrarkaupstaðar, og í sambandi hvort við annað. Segir flutningsmaður, að það vaki fyrir sjer *»að samræma útflutningsgjald af síld og síldarlýsi á þann hátt, að jafnhátt útflutningsgjald hvíli á síldinni nýrri, hvort sem hún*

er söltuð til útflutnings eða breytt í lýsi eða mjöl og flutt út í því ástandi«, en jafnframt gefur hann í skyn, að hagur ríkissjóðs af þessari lagasetning nemi *»um eða yfir 100 þús. kr. árlega«*.

Skoðun flutningsm. er þessi:

»Jeg tel það eðlilegt, að útflutningsgjaldið sje miðað við 100 kg. af nýrri síld, og ætti þá útflutningsgjaldið af því lýsi og síldarmjöli, sem fæst úr 100 kg. af útfluttri síld, að vera það hátt, að það gefi sömu tekjur í ríkissjóð eins og 100 kg. af útfluttri síld«.

Og þótt flutningsm. hafi ekki tekist að orða hugsun sína með nákvæmni, mun hún vera þessi: *rjettlátt er, að tekjur ríkissjóðs af ákveðnu magni síldar verði hinar sömu, hvort sem síldin er flutt út sem krydd- eða saltsíld eða henni er breytt í síldarlýsi og síldarmjöl.*

Til þess svo að ná þessum jöfnuði leggur hann til að lækka um helming útflutningsgjaldið af hverri síldartunnu, en hækka um 150%—200% útflutningsgjaldið af síldarlýsi og síldarmjöli og jafnframt hækka að mun gjaldið á öðrum svipuðum vörum, sem lítið eitt er útflutt af.

Ed. breytti þessu að vísu nokkuð, aðallega þannig, að lækkunin á útflutningsgjaldinu á söltuðu og krydduðu síldinni nemur 33⅓%, en hækkunin á bræðsluafurðunum nemur 100%, en þó virðist sem Ed. hafi að nokkru leyti aðhylst framanskráða skoðun flutningsm., og skal hún því athuguð lítið eitt og sýnt, að frá hvaða sjónarmiði, sem á málið er litið, gjaldþegns, ríkissjóðs eða þjóðarheillar, er stefna flutningsm. vanhugsuð.

I.

Það er rjett, að samkvæmt gildandi lögum eru tekjur ríkissjóðs meiri af sama magni síldar, ef síldin er flutt út söltuð eða krydduð en ef úr henni er unnið lýsi og mjöl til útflutnings. En þetta er í fullu samræmi við íslenska tollalöggjöf. Þannig mun aldrei hafa komið fram nein krafa um, að tekjur ríkissjóðs af ákveðnu magni af fiski eða kjöti væru hinar sömu, hvort sem varan er flutt út ný eða söltuð. En auk þess er tollmunurinn rjettlátur. Meðal annars af því, að meðan eigi er saltað eða kryddað meira af síld en jafngildir neyslunni, *er verðgildi síldar til krydduðnar og söltunar altaf meira, oft margfalt, en sjaldnast minna en tvöfalt verðgildi síldar til bræðslu.* Samt sem áður er nauðsynlegt að beina síldinni til bræðslustöðvanna, því þegar saltað er eða kryddað umfram þarfir neytenda, verður verðgildi slíkrar síldar oft minna en ekki neitt, þ. e. a. s., að full tunna síldar selst ekki fyrir því, er andvirði tómrar tunnu, salts, krydds, vinnulauna og annars kostnaðar nemur, eins og margendurtekin reynsla Íslendinga sannar.

Besta eða jafnvel eina ráðið til þess að girða fyrir verðhrun saltaðrar og kryddaðrar síldar — eina leiðin til þess að tryggja afkomu þessa atvinnurekstrar landsmanna, og þá um leið ríkissjóði þær tekjur, er af honum drjúpa, er að beina síldinni í bræðslustöðvarnar, enda þótt þar verði eigi unnin úr henni jafnverðmæt vara og saltaða eða kryddaða síldin, *ef miðað er við, að söltun og kryddun sje í hófi.*

Tollalöggjöfin verður því að líta á bræðslustöðvarnar sem öryggisráð-

stöfun síldarútvegsins. Hlutverk þeirra er það tvent, að vinna úr síldinni vöru nægjanlega verðmæta til þess, að vel svari kostnaði fyrir landsmenn að veiða síld til þess augnamiðs, en jafnframt eru þær nauðsynlegur grundvöllur undir annari og arðvænlegri hagnýting síldarinnar, söltuninni og krydduninni. Með hag ríkissjóðs og alþjóðar fyrir augum má því vel segja, að vinsla síldar í bræðslustöðvum gæti verið arðvænleg, enda þótt afurðirnar væru svo verðlitlar, að nauðsynlegt væri að hafa þær tollfrjálsar, vegna þess, að í skjóli þeirrar vinslu þrífst söltun og kryddun síldar, ríkissjóði og alþjóð til hagsmuna, en eins og reynslan bendir til er hætt við, að sá atvinnurekstur blessist ekki til lengdar án bræðslustöðva.

Á það skal bent, að venjulegt er, að afli þess skips, er síldveiði stundar eingöngu með það fyrir augum að selja síldina til bræðslu, sje tvöfaldur afli þess skips, er veiðir til söltunar eða kryddunar, en það veldur, að síldin verður að saltast og kryddast ný, eða mest 10—15 tíma gömul, en má geymast 10 daga eða jafnvel lengur í skipi, ef til bræðslu er ætluð. Annað skipið verður því að halda til hafnar þegar er það hefir fengið einhvern afla, en hitt getur beðið full-fermis. En meðal annars af þessu er það augljóst, að ástæðulaust er að krefjast sömu tekna ríkissjóði til handa af sama magni síldar, hvort sem brætt er eða saltað.

Þeirrar skoðunar verður vart, að tollhækkun á bræðsluafurðum lendi á bræðslustöðvunum, en þar eð þær sjeu flestar eign erlendra manna, sje þessi tollhækkun Íslendingum ljettbær. Margir telja hinsvegar, að tollur þessi lendi eingöngu á framleiðendum. Hvort sem heldur er, má telja fullvíst, að lækkun á tolli á saltaðri og kryddaðri síld, en hækkun á tolli á bræðsluafurðum hljóti að beina straumnum frá bræðslustöðvunum, en auka söltun og kryddun. Stefna sú, er felst í frumvörpunum, skýtur því mjög skökku við aðrar athafnir þingsins á þessu sviði, er þingið með því að heimila 1 milj. kr. framlag úr ríkissjóði til stofnunar síldarbræðslustöðva hefir kveðið upp þann dóm, að hin mesta þjóðarnauðsyn sje að beina síldinni í bræðslu. Á og sú skoðun, að rjett sje að beina síldinni í bræðslustöðvar, við rök að styðjast, meðal annars af því, að af of mikilli söltun og kryddun leiðir altaf verðfall síldarinnar, og oft mjög stórvægilegt, en þótt saltað sje eða kryddað minna en neyslan krefst, en samtímis meiri síld en nauðsynlegt er beint til verðminni hagnýtingar í bræðslustöðvunum, er slíkt allajafna skaðlaust vegna verðhækkunar á söltuðu og krydduðu síldinni, er af þessu leiðir.

Krafa flm., sú, að sjálfsagt sje að tryggja ríkissjóði sömu tekjur af sama síldarmagni, hvort sem saltað er og kryddað eða brætt, hefir nú verið lauslega gagnrýnd og sýnt fram á, að hún er órjettlát, meðal annars vegna þess:

að síldin er verðminni, oft margfalt verðminni til bræðslu en til söltunar og kryddunar meðan söltun og kryddun er í hófi,

að ársafli þess skips, er eingöngu veiðir síld til bræðslu, er venjulega tvöfaldur afli þess skipsins, er aðeins veiðir síld til söltunar eða kryddunar. Tekjur ríkissjóðs af afla hvors skipsins eru því jafnar með því að krefjast *helmingi hærra gjalds* af þeirri síld, er söltuð er og krydduð, en af hinni, sem til bræðslu fer, og

að nauðsynlegt er að hafa hemil á söltun og kryddun síldar, með því að beina síldinni til bræðslustöðvanna. Lækkun á síldartolli, en hækkun á bræðsluafurðum vinna gegn þessari nauðsyn.

II.

Skal nú fjárhagshlið málsins stuttlega athuguð.

Árið 1927 var saltað og kryddað 240 þús. tn. En í bræðslu fóru um 600 þús. hl. Flutningsm. vill nú lækka útflutningsgj. af síldartunnu um 75 aura. Nemur sú tekjurýrnun fyrir *ríkissjóð 180 þús. kr.* Síðan vill flm. hækka útflutningsgjald af bræðsluafurðum, svo að jafn tollur hvíli á mjöli og lýsi úr 100 kg. af nýrri síld og á hverri síldartunnu. Samrýmist þetta að vísu ekki meginkenningu flm. um, að sami tollur hvíli á sama magni nýrrar síldar, því að í útfluttri tunnu kryddaðrar eða saltaðrar síldar eru sjaldnast 100 kg. nýrrar síldar. Flm. reiknar nú út, hve hár tollurinn af lýsi og mjöli þurfi að vera til þess að nái 75 aurum af 100 kg. nýrrar síldar, og kemst að þeirri niðurstöðu, að hæfilegt sje $4^1/_2$% af andvirði lýsisins, en $2^1/_2$ eyrir af hverju kílói mjöls. Er að vísu sumt hæpið, en annað rangt í þessum útreikningum flm., en eigi þykir taka að leiðrjetta það, en aðeins skal bent á, að flm. ætlast til, að tollhækkunin nemi frá 47,9 til 50,4 eyri á mjöl og lýsi úr 100 kg. síldar. Á þessum grundvelli reiknar svo flm. út tekjur ríkissjóðs af slíkri tollhækkun á mjöli og lýsi, og miðað við árið 1927 kemst hann að þeirri niðurstöðu, að þær mundu nema 280 þús. kr., sem að vísu ekki er rjett, en skeikar þó litlu. Mundi þá hagur ríkissjóðs af tolltilfærslu þeirri, er flm. stingur upp á, hafa numið um 100 þús. kr. á því ári.

Þetta ár vill nú flm. leggja til grundvallar fyrir framtíðarhag ríkissjóðs af þessari löggjöf, og fullyrðir hann, að nái frumv. lögfestu, muni »*af þeim verða allriflegur tekjuauki í ríkissjóð*«. En hjer er um mjög villandi og óvenju óvarfærinn útreikning að ræða, vegna þess að árið 1927 var brædd svo miklu meiri síld en venja er til, að varla mun áður á einu ári hafa verið bræddur hjer meira en þriðjungur þess, er þá var brætt, en söltun og kryddun lítið úr hófi, og ekki meiri en áður hefir komið fyrir. Tekjurýrnunin, sem af löggjöf þessari leiðir, getur því vel orðið svipuð og gert er ráð fyrir í greinargerð frumv., en tekjuaukinn sennilega aðeins $^1/_3$ þess, sem áætlað er, og mundi þá ríkissjóður bíða af þessu tjón, er næmi um 90 þús. kr. á ári, en ekki hafa 100 þús. kr. gróða, svo sem flutningsm. talar um.

Við slíka útreikninga verður að styðjast við meðaltal undanfarinna ára og jafnframt hafa hliðsjón af fyrirsjáanlegum eða líklegum breytingum.

Á árunum 1912—1925, að báðum meðtöldum, nam síldveiði Íslendinga um 160 þús. hl. að meðaltali á ári. Vitneskja er að vísu ekki fyrir hendi um skifting aflans til söltunar og kryddunar og í bræðslu. En sje áætlað, að 120 þús. hl. hafi verið saltaðir og kryddaðir, en 40 þús. farið í bræðslu, sem ekki þykir ósennilegt, verður afkoma ríkissjóðs sú, sje reiknað með aðferð flm., að ríkissjóður mundi hafa mist 90 þús. kr., en fengið 20 þús. kr., eða *tapað 70 þús. kr. árlega* við slíka löggjöf.

Hagstofan hefir látið í tje upplýsingar um skifting aflans árin 1925 og 1926, sem eru einu árin, að undanskildu 1927, sem slíkar skýrslur eru um í

hennar vörslu. Á þeim árum var af veiði landsmanna saltað og kryddað 386 þús. tn., en brætt 231 þús. hl. Tekjumissir ríkissjóðs af tjeðri löggjöf mundi því þessi tvö árin hafa numið 290 þús., en tekjuaukinn verið 116 þús. Tapið þannig verið 174 þús. kr., eða *87 þús. kr. árlega.*

Hugsanlegt er, að flutningsm. geri ráð fyrir, að aukast muni veiði síldar til bræðslu, og er þess að vænta. En hitt er þá jafnframt ekki ólíklegt, að smátt og smátt fari neysla saltaðrar og kryddaðrar síldar vaxandi, og er rjett að leggja þetta að jöfnu, þar til reynslan kveður upp sinn dóm. Verður því eigi annað sjeð en að áætlanir flm. um gróða ríkissjóðs af þessari löggjöf sjeu mjög vanhugsaðar, svo að sanni sje nær, að *fallvist er, að ríkissjóður mundi bíða allverulegt tjón af henni.*

Ed. hefir breytt frumv. þannig, að tolllækkun á síldartunnum nemur 50 aurum, en hækkun á mjöli og lýsi úr 100 kg. síldar verður um 29 aurar eftir reikningum flm. Með sama hætti og fyr er reiknað mundi þá ríkissjóður hafa tapað á þessu á árunum 1912—1925 *um 48 þús. kr. árlega,* en á árunum 1925 og 1926 um *62 þús. kr. árlega.*

Við höfum nú sýnt fram á, að forsendur flm. fyrir frv. eru skakkar, að tillögur hans eru alt í senn, ranglátar, skaðlegar eðlilegri og nauðsynlegri þróun síldveiðanna og munu valda ríkissjóði tekjumissi, og enda þótt Ed. hafi lítið eitt lagfært frumvörpin, eru þau þó enn mjög til hins verra, og leggjum við því til, að frv. þetta verði felt, svo sem við einnig höfum gert um frv. til laga um útflutningsgjald af síldarlýsi.

Alþingi, 10. apríl 1928.

Ólafur Thors. frsm. Sig. Eggerz.

Nd. **741. Nefndarálit**

um frv. til laga um útflutningsgjald af síldarlýsi.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Við leggjum til, að frv. þetta verði felt, og gerum grein fyrir skoðun okkar á málinu í nefndaráliti okkar um frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Alþingi, 10. apríl 1928.

Ólafur Thors, frsm. Sig. Eggerz.

Ed. **742. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hvalveiðar.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta hefir tvisvar áður verið flutt á Alþingi og í bæði skiftin felt í efri deild.

Meiri hluti sjávarútvegsnefndar telur þær ástæður, sem á undanförnum þingum hafa verið færðar gegn því, að hvalveiðar verði aftur leyfðar hjer við land, enn í fullu gildi, og leggur því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 11. apríl 1928.

Ingvar Pálmason, frsm. meiri hl. H. Steinsson.

Ed. **743. Frumvarp**

til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Varðskip landsins skulu eiga heima í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Skipverjar allir eru sýslunarmenn landsins. Þeir skulu vera slysatrygðir á kostnað landssjóðs, eftir sömu reglum og gilda um slysatryggingu hjá Eimskipafjelagi Íslands.

2. gr.

Skipstjórar varðskipanna og stýrimenn eru löggæslumenn Íslands á landhelgissvæðinu og þeim hafhlutum, er með lögum kunna að verða sjerstaklega friðaðir móti togaraveiðum.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skal gera starfssamning við skipstjóra, stýrimenn og vjelstjóra, er bindandi sje af hálfu ráðuneytisins til 6 ára í senn, en til eins árs af hálfu þessara yfirmanna. Hvor samningsaðilja getur þó að öðru leyti sagt upp samningnum með 3 mánaða fyrirvara, og dómsmálaráðherra getur vikið mönnum þessum úr starfi áður en samningstíminn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti. Þó er slíkur brottrekstur ekki lögmætur, nema meiri hluti sjávarútvegsnefnda í báðum

deildum Alþingis samþykki á sameiginlegum fundi brottvísun á næsta þingi eftir að afsetningin fór fram.

4. gr.

Vjelameistari ræður kyndara, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins, þá, sem ekki eru tilnefndir í 3. gr., nema sjerstaklega verði mælt öðruvísi fyrir í lögum. Um þá starfssamninga, er vjelameistari og skipstjóri gera, gildir þriggja mánaða uppsagnarfrestur fyrir báða málsaðilja.

5. gr.

Skipstjóri getur vikið þeim skipverjum, er um ræðir í 4. gr., fyrirvaralaust frá starfi, ef honum þykir ástæða til.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð um skyldur og störf skipverja á varðskipunum. Þátttaka í verkfalli varðar skipverja ábyrgð eftir lögum nr. 33 1915.

7. gr.

Skipstjórum og stýrimönnum á varðskipunum skal skylt að kenna hásetum, er á varðskipunum vinna, verklega sjómensku, eftir því sem nánar kann að verða ákveðið í reglugerð.

8. gr.

Skipstjóri á varðskipi skal hafa að byrjunarlaunum 6500 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 500 krónur, upp í 8000 kr. á ári.

Yfirstýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 400 kr., upp í 5000 kr. á ári.

Annar stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár, upp í 3600 kr. á ári.

Þriðji stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2800 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár, upp í 3200 krónur á ári.

Á varðskipi með 700 hestafla vjel eða stærri skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:

Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 5600 kr. á ári.

Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 4400 kr. á ári.

Þriðji vjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 3600 kr. á ári.

Á varðskipi, sem hefir minni vjel en 700 hestöfl, skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:

Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, er hækka árlega um 100 kr., upp í 5000 kr. á ári.

Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, er hækka árlega um 100 kr., upp í 3800 kr. á ári.

Kaupgreiðslur til fullgildra háseta og kyndara sjeu hafðar í samræmi við slíkar greiðslur á strandferðaskipi ríkisins.

Starfsmenn þessir njóta allir dýrtíðaruppbótar á launin eftir sömu reglum sem gilda fyrir starfsmenn ríkisins. Skulu þeir njóta sama rjettar og aðrir embættismenn um eftirlaun, enda greiði þeir árlegt gjald í lífeyrissjóð.

9. gr.

Starfstími þeirra af skipverjum, sem áður voru að staðaldri í þjónustu Björgunarfjelags Vestmannaeyja, telst frá þeim tíma, er þeir lögskráðust í fyrsta skifti á björgunar- og eftirlitsskipið »Þór«, og reiknast kauphækkun þeirra eftir því.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41 1927 og lög nr. 51 1927, svo og önnur eldri lög og fyrirmæli, er kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **744. Nefndarálit**

um frv. til laga um smíði og rekstur strandferðaskips.

Frá minni hluta samgöngumálanefndar.

Þótt minni hl. að vísu viðurkenni, að strandferðum hjer við land sje enn allábótavant og æskilegt væri, að þeim væri komið í fullkomnara horf, þá getur hann þó ekki fallist á, að svo knýjandi þörf sje fyrir auknar strandferðir í bili, að ráðist sje í að leggja fram um eða yfir hálfa miljón króna í nýtt strandferðaskip. Reynsla undanfarinna ára hefir sýnt það, að strandferðir hjer við land eru mjög dýrar og bera sig ekki fjárhagslega, svo að auk hins mikla stofnkostnaðar við byggingu nýs strandferðaskips má ganga út frá því sem vísu, að mikill árlegur rekstrarhalli verði á skipinu.

Þegar á þetta er litið og hinsvegar þess gætt, hve aðkallandi og brýn þörf er fyrir auknar vegabætur á landi, vega- og brúagerðir, þá virðist ekki vera tímabært að leggja út í þennan kostnað fyrir ríkissjóð.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 11. apríl 1928.

H. Steinsson.

Nd. **745. Frumvarp**

til laga um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal ungmennaskóla í Reykjavík, er veiti almenna fræðslu, bóklega og verklega, bæði piltum og stúlkum.

2. gr.

Tvær ársdeildir skulu vera í skólanum. Með leyfi stjórnarráðsins má bæta við framhaldsnámi hinn þriðja vetur í tilteknum hagnýtum námsgreinum.

3. gr.

Námsgreinar í skólanum skulu vera þessar: Íslenska, norðurlandamál, enska, bókmentafræði, saga, landafræði, náttúrufræði, hagfræði, fjelagsfræði, reikningur, söngur, teikning, íþróttir og, eftir því sem við verður komið, steinsmíði, trjesmíði, járnsmíði, netabæting, einfaldur fatasaumur og matreiðsla. Undanþágur má skólastjóri veita nemendum í einstökum námsgreinum, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

4. gr.

Við skóla þennan skipar stjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri jafnan njóta sömu launakjara og forstöðumaður kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara og fastir kennarar sama skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Þriggja manna skólanefnd hefir yfirstjórn skólans. Bæjarstjórn Reykjavíkur kýs með hlutfallskosningu tvo til þriggja ára, og fræðslumálastjórnin skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, til jafnlangs tíma. Skólanefndin starfar endurgjaldslaust.

6. gr.

Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans, ræður stundakennara og skiftir verkum með þeim. Skólanefnd semur reglugerð fyrir skólann um kenslu, próf og fl., er fræðslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd skal ennfremur undirbúa byggingu nauðsynlegra húsa fyrir skólann, ráða með skólastjóra bóka- og áhaldakaupum og annast fjárstjórn skólans.

7. gr.

Fyrir hverja 20 nemendur, er njóta ekki minni kenslu en 24 stundir á viku hverri, greiðist í skólasjóð úr ríkissjóði 1500 krónur og jafnmikið úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Sömu aðiljar leggja fram til helminga andvirði efnis

við vinnukensluna. Fræðslumálastjórnin ákveður, að fengnum tillögum skólanefndar, skólagjöld nemenda, er renna í skólasjóð.

8. gr.

Skólaárið er frá 1. okt. til 1. maí.

Sþ. **746. Breytingartillaga**

við till. til þingsál. um undirbúning ríkisforlags.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Fyrir »nefndin« í síðari málslið tillögugreinarinnar komi: mentamálaráðið.

Sþ. **747. Þingsályktun**

um gildi íslenskra peninga.

(Afgreidd frá Sþ. 11. apríl).

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara fyrir næsta þing rannsókn og undirbúning til endanlegrar skipunar á gildi íslenskra peninga, enda telur örugt, að þangað til verði gildi þeirra haldið óbreyttu.

Sþ. **748. Þingsályktun**

um undirbúning ríkisforlags.

(Afgreidd frá Sþ. 11. apríl).

Sameinað Alþingi ályktar að fela mentamálaráði Íslands að íhuga, hvort tiltækilegt sje, að ríkið setji á stofn bókaforlag, í því skyni að bæta kjör íslenskra rithöfunda og sjá þjóðinni fyrir nægum kosti góðra og ódýrra bóka. Ætlast þingið til þess, að mentamálaráðið hafi skilað áliti sínu fyrir næsta þing.

Nd. **749. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd er sammála um, að rjett sje að gera nokkra breytingu og tilfærslu á útflutningsgjaldi á vörum þeim, er frv. þetta nær til. Hinsvegar eru

nefndarmenn ósamþykkir um breytingarnar sjálfar, og gera því grein fyrir tillögum sínum hver um sig.

Frv. gerir ráð fyrir þriðjungs lækkun á saltaðri síld, tvöföldun útflutningsgjalds af fóðurmjöli, 6-faldri hækkun á þurkuðum og hertum fiskúrgangi, en tollur á öðrum tegundum síldarafurða látinn að mestu óbreyttur.

Tveim nefndarmönnum (H. Stef., H. J.) þykir lækkunin á söltuðu síldinni of mikil. Þar sem þörf er á, vegna tekjuþarfa ríkissjóðs, að hækka ýmsa tolla allverulega, þá þykir ekki rjett samtímis að lækka svo mjög útflutningsgjaldið af síldinni, því síður sem það hefir verið lækkað um helming áður. Hinsvegar hefir verið lagður innflutningstollur á síldartunnur, og þykir meiri hl. því rjett að lækka útflutningsgjaldið nokkuð, þó svo, að síldin beri fyllilega jafnháa tolla og áður, til samræmis við aðrar hækkanir á tollum. Einn nefndarmaður (Hj. V.) álítur hinsvegar fulla ástæðu til að lækka útflutningsgjaldið af söltuðu síldinni eins og gert hefir verið í efri deild.

Hækkunina á fiskmjöli fellst meiri hl. á, og sömuleiðis hækkun á hertum fiskúrgangi, en telur þó rjett að hækka hið síðarnefnda enn þá meira. Verður gerð grein fyrir ástæðum fyrir þessu áliti meiri hl. við umræður.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hl. til, að frv. nái fram að ganga með þessum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Fyrir »100 aura« í fyrsta málslið komi: 125 aura.
b. Fyrir »150 aura« í öðrum málslið komi: 175 aura.
c. Fyrir »150 aura« í síðasta málslið komi: 200 aura.

Alþingi, 10. apríl 1928.

Halldór Stefánsson, form., frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari, með fyrirvara.	Hannes Jónsson.

Nd. **750. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 56, 31. maí 1927, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hl. leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 13. apríl 1928.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Magnús Jónsson.

Nd. **751. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 56, 31. maí 1927, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar er fyllilega sammála flutningsmönnum frv. um nauðsyn þess að hrinda ríkisútvarpinu í framkvæmd svo fljótt sem unt er, en telur þó aðrar leiðir heppilegri en að taka þjóðleikhússjóðinn að láni í því augnamiði. Það er svo best að gleðja einn, að hryggja ekki annan. Stjórn þjóðleikhússjóðsins er því mjög mótfallin, að sjóðstjórnin verði af henni tekin um lengri eða skemri tíma, en hinsvegar telur meiri hl. nefndarinnar kleift að útvega fje til ríkisútvarps með öðrum hætti. Örugt má telja, að lán megi fá til að stofna og reka ríkisútvarpið erlendis eða innanlands, sem máske væri tiltækilegra, hjá öðrum sjóðum en þjóðleikhússjóðnum, t. d. landhelgissjóði, bjargráðasjóði eða brunabótafjelaginu. Þarf að vísu lagaheimild um suma sjóðina, en nægur tími er að afla hennar á næsta þingi, því stofnun ríkisútvarps tekur eigi skemmri tíma en á annað ár, og mun því ekki þörf stórrar handbærrar fúlgu fyr en um næsta þing, þó þegar sje hafinn nauðsynlegur undirbúningur. Útvarpið á að bera sig sjálft, stofnkostnað og rekstur, þegar til lengdar lætur, og mun því hvorki örðugt að fá lán nje áhætta fyrir ríkissjóð. Framkvæmdin þarf ekkert að tefjast, þó umrætt frv. dagi uppi eða verði felt, ef ríkisstjórnin hefir vilja til að hraða henni, en því treystir meiri hl. nefndarinnar til fulls. Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði afgreitt með svofeldri

DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin geri ráðstafanir um nauðsynlegt lán til stofnunar og rekstrar ríkisútvarps og hrindi ríkisútvarpinu í framkvæmd svo fljótt sem auðið er, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. apríl 1928.

Ásg. Ásgeirsson, form. og frsm.	Sveinn Ólafsson, fundaskrifari.	Lárus Helgason.

Nd. **752. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Við 25. gr. Í stað »og aðalfjehirðir« í síðari málsgr. komi: aðalfjehirðir eða fjehirðir.

Nd. **753. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá Ólafi Thors.

Við 8. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skipun formanns bankaráðsins, svo og kosning bankaráðsmanna, fer fram jafnóðum og sæti losna í bankaráðinu.

Nd. **754. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Við 1. gr.

a. Fyrir »60« aura komi: 100 aura.
b. Fyrir »25« aura komi: 100 aura.
c. Fyrir »150« aura í síðasta málslið komi: 500 aura.

Ed. **755. Lög**

um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl).

1. gr.

Hvarvetna í landhelgi við Ísland skulu veiðar með dragnótum bannaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 31. ágúst og frá 1.—31. desember ár hvert, með undantekningum þeim, sem 2. gr. nefnir.

Til dragnóta teljast nætur þær, er til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (Snurrevaad).

2. gr.

Eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja, skal þó heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land. Einnig skal heimilt að króa af síld og ufsa við land, svo sem tíðkast hefir eftir fyrirmælum tilskipunar 12. febr. 1872, sem og að veiða síld í landhelgi með herpinót, þótt til botns taki.

Eftir sjerstöku leyfi atvinnumálaráðherra, sem hverju sinni skal tímabundið, geta þeir fengið að nota dragnætur í landhelgi, sem fást við vísindalegar rannsóknir.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 5000—10000 gullkróna; skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Leggja má lögbald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

4. gr.

Hver sá, er leiðbeinir skipi við dragnótaveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 500—5000 gullkróna. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem staddur er í dragnótaveiðiskipi, eða á bát við skipshliðina, þegar það er á veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á skipinu.

5. gr.

Skipstjóri, er gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, er getur um í 3. gr., sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 3. gr.

6. gr.

Sektarfje eftir lögum þessum, svo og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri, rennur í Fiskiveiðasjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seku upptæk veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sje fyrir hendi.

7. gr.

Mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Nú berst atvinnumálaráðuneytinu krafa um frekari takmörkun eða bann gegn notkun dragnóta en í 1. gr. segir, og skal því þá heimilt að setja ákvæði um það, en leita skal ráðuneytið þó, áður en ákvörðun er tekin í málinu, álits hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Fiskifjelags Íslands.

Ákvæði þau, er ráðuneytið setur í þessum efnum, hafa lagagildi, og skulu þau birt almenningi hið bráðasta og jafnframt greind takmörk á svæði því, er þau ná til.

Fyrir brot gegn ákvæðum ráðuneytisins skulu sektarákvæði og viðurlög öll hin sömu sem segir í lögum þessum.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27, 20. júní 1923, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi. Þó skulu ákvæði þau um bann gegn dragnótaveiði, sem sett hafa verið samkvæmt þeim lögum, vera í gildi áfram.

Ed. **756. Fjáraukalög**

fyrir árið 1927.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, er veitt eru í fjárlögum fyrir 1927, eru veittar samkvæmt 2.—9. gr. hjer á eftir kr. 156457,98.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

		Kr.	Kr.
1.	Kostnaður við útgáfu á efnisyfirliti stjórnartíðindanna 1916 til 1925	5730,88	
2.	Til viðbótar við talningarfje ríkisfjehirðis	1000,00	
			6730,88

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

1.	Til fangahúsbyggingar á Ísafirði...	» »	17404,95

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Til kostnaðar við mænusóttarsjúklinga	» »	1000,00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1.	Til byggingar á prestssetrinu Höskuldsstöðum	7317,05	
2.	Til byggingar á prestssetrinu Saurbæ í Eyjafjarðars. ...	2000,00	
3.	Til byggingar íbúðarhúss í Kollafjarðarnesi	4665,76	
4.	Til íbúðarhúsbyggingar á Bergþórshvoli	2600,00	
5.	Álag til safnaðar Þingmúlasóknar	1078,81	
6.	Til byggingar daufdumbraskólans	30500,00	
7.	Til aðgerðar gagnfræðaskólans á Akureyri	4786,19	
8.	Til aðgerðar rannsóknarstofu háskólans, Kirkjustræti 12	568,17	
9.	Til viðbótarbyggingar á Eiðum	6500,00	
	Flyt	60015,98	25135,83

		Kr.	Kr.
	Flutt	60015,98	25135,83
10.	Til loftræstingar í mentaskólanum	5000,00	
11.	Til girðingar um lóð kennaraskólans	2000,00	
12.	Til aðgerðar skólahússins á Eiðum	2000,00	
13.	Til skóla- og íbúðarhúsbyggingar á Hólum	15000,00	
14.	Smásjá handa rannsóknarstofu háskólans	2427,66	
			86443,64

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Til aðstoðar við Þjóðskjalasafnið	1800,00	
2.	Til aukavinnu við Þjóðmenjasafnið	132,00	
3.	Til fornmenjarannsókna á Bergþórshvoli	4000,00	
			5932,00

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Til fyrirhleðslu í Hjeraðsvötnin hjá Vindheimum	1496,09	
2.	Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki	1028,31	
3.	Til sjóvarnargarðsins á Siglufirði, tillag frá 30. apríl 1925 til 20. febr. 1927	2221,30	
4.	Húsaleigueftirstöðvar efnarannsóknarstofunnar 1926 ...	2400,00	
5.	Til kostnaðar við stíflu á aðfærsluskurði við Miklavatnsmýraráveituna	3133,05	
			10278,75

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1.	Til sjera Björns Þorlákssonar, eftirlaunaviðbót frá 1. júní 1926 til 30. des. 1927	502,55	
2.	Til sjera Stefáns Jónssonar, eftirlaunaviðbót frá 1. okt. 1927	133,20	
3.	Til frú Vigdísar Steingrímsdóttur Arason, ekkju Þorvaldar Arasonar póstafgreiðslumanns	432,00	
4.	Til Einars Benediktssonar skálds	5760,00	
5.	Til frú Eleanor Sveinbjörnsson, ekkju Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar tónskálds, frá 1. mars 1927	1440,00	
6.	Til frú Rögnu Gunnarsdóttur, ekkju Ólafs Gunnarssonar hjeraðslæknis	864,00	
7.	Til frú Guðlaugar Magnúsdóttur, ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi	1728,00	
8.	Til frú Helgu Skúladóttur, ekkju sjera Pjeturs Jónssonar frá Kálfafellsstað	326,97	
			11186,72
		Flyt	138976,94

	Flutt	138976,94

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:	Kr.	
1. Heiðurslaun til O. Forberg landssímastjóra	10000,00	
2. Til aðgerðar konungshúsinu á Þingvöllum	157,01	
3. Til ríkisgjaldanefndarinnar	5000,00	
4. Til húsameistara, húsaleigu- og ferðakostnaður m. m. síðastliðið ár	678,28	
5. Til ferðakostnaðar út af ágreiningi við dýpkun Akureyrarhafnar o. fl.	1645,75	
		17481.04
	kr.	156457,98

Ed. **757. Lög**

um atvinnuleysisskýrslur.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl).

1. gr.

Bæjarstjórnum skal skylt að safna skýrslum 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert um atvinnu og atvinnuleysi allra sjómanna, verkamanna, verkakvenna og iðnaðarmanna og kvenna í kaupstaðnum. Ágrip af skýrslunum skal þegar í stað sent Hagstofu Íslands, er birtir yfirlit yfir þær.

2. gr.

Þar sem verkalýðsfjelög eru á staðnum, skulu bæjarstjórnir leita samninga við þau um að taka að sjer söfnun skýrslnanna.

3. gr.

Kostnaður við skýrslusöfnun greiðist að þriðjungi úr ríkissjóði og tveimur þriðjungum úr hlutaðeigandi bæjarsjóði.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Nd. 758. Lög

um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl).

1. gr.

Sjómenn og aðrir, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta eigi sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörstaðar eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Dómsmálaráðuneytið annast um útvegun kjörseðla ásamt fylgibrjefum og umslögum, er þar til heyra, á kostnað ríkissjóðs. Kjörgögn þessi skulu vera þannig gerð: Kjörseðill, fylgibrjef og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skriftin verði ekki greind í gegnum hann. Stofn og fylgibrjef sama kjörblaðs skulu auðkend sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land alt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbrjefi; jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflínum, svo að auðvelt sje að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibrjefinu skulu vera vottorð kjósanda og kjörstjóra.

Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr. .....

.....
(Nafn og föðurnafn kjósanda).

.....
(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

kaus .....
(Staður, dagsetning og ár).

hjá .....
(Staða).

.....

Nr. .....

Jeg .....
(Nafn, föðurnafn og staða kjósanda).

.....
(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

sem vegna fjarveru get ekki sótt kjörþing á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að jeg þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi sjeð hefi útfylt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi jeg því yfir, að jeg hefi engan annan kjörseðil frá mjer sent og hefi ekki kosið eða mun kjósa annarsstaðar.

.....
(Staður, dagsetning og ár).

.....
(Undirskrift kjósanda).

Að .....
(Fult nafn kjósanda).


.....
(Heimili kjósanda).

hafi undirskrifað fylgibrjef, sem er rjett dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sje útfyltur aðstoðarlaust og þvingunarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.

Vitundarvottar: .....
(Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili).

.....
(Nafn).

.....



Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír af þeirri stærð, að hæfileg sjeu utan um fylgibrjefið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefir verið lokað og fylgibrjefið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin og hverju 25 blaða hefti fylgja 25 umslög með sömu tölum.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörstaðar áður en framboðsfrestur er úti. Kjörstjórar utan kjörstaða samkvæmt lögum þessum eru: sýslumenn, bæjarfógetar, fulltrúar þeirra, hreppstjórar, svo og skipstjórar á íslenskum skipum, enda gefi þeir drengskaparyfirlýsingu, um leið og þeir taka við kjörgögnum, um, að kosning í skipi þeirra fari fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar. Dómsmálaráðuneytið sendir nægilegar birgðir kjörgagna til allra sýslumanna og bæjarfógeta og heldur bók yfir, hve mörg kjörblöð með umslögum hver þeirra fær og tölusetningu þeirra. Á sama hátt senda sýslumenn og bæjarfógetar nægilegar birgðir kjörgagna til annara kjörstjóra, hver í sínu umdæmi. Skulu þeir halda bók yfir kjörgögn þau, er þeir senda frá sjer, á sama hátt og dómsmálaráðuneytið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því aðeins gild, að notuð sjeu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta eða á heimili hreppstjóra eða um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt framanrituðu, enda sje kjósandinn þá skrásettur á skipinu.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar eigin hendi með bleki á atkvæðaseðilinn fult nafn þess þingmannsefnis eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Sje um hlutbundnar kosningar að ræða, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, eiga rjett á að greiða atkvæði strax og framboðsfrestur er liðinn, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörstaðar fá afhent tölusett fylgibrjef með áföstum kjörseðli og síðan þvingunar- og aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis, eða þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa, eða listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosn-

ing er, ef hann vill — á kjörseðilinn, loka honum síðan, þannig, að það verði innan á, er hann hefir skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur. Kjörstjóri eða kjósandi útfyllir því næst vottorðið á fylgibrjefinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða auðkenna á nokkurn hátt, nje losa hann frá fylgibrjefinu. Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibrjefinu um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfyltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördeildar hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sje alt auðkent sömu tölu. Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibrjefið.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til annars kjörstjóra utan kjörstaðar, þá skal atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, sem í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum skal kjósandi því næst láta í umslagið og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi. Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýta seðilinn ásamt fylgibrjefinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýtur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórna ásamt hinum gildu atkvæðum. Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýtst.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma brjefinu á póst.

5. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi tölurð. Skal þess getið við hvert brjef, frá hvaða kjósanda það sje, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu brjef þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjóra ásamt einum manni úr kjörstjórn, og er frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra heimilt að setja á hann innsigli sitt.

Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir brjef með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta brjefin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi tölurð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim, er varðveitir brjef

með atkvæði hans, sje það ekki varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa, að hann afhendi sjer það, alt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

6. gr.

Þegar á kjörfund kemur, athugar kjörstjórnin, hvort innsigli atkvæðakassans sjeu heil og ósköddud, opnar síðan kassann og tekur úr honum umslögin og varðveitir þau á meðan atkvæðagreiðsla fer fram. Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörstað. Ef svo reynist, að sá, sem brjefið er frá, standi á kjörskrá og hafi eigi greitt atkvæði á kjörstað, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritið af kjörskránni. Komi fram umslag með ónýtum seðli, skal kjörstjórnin athuga fylgibrjefið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslög undir ógilda seðla, sem hún sendir til yfirkjörstjórnar.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða sje staddur á kjörstaðnum, eða sje búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórn hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórn fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibrjef með áföstum kjörseðli, eða umslög og fylgibrjef eigi eru tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að eigi hafa verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða eigi hefir verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru með lögum þessum.

Þá kjörseðla, sem teknir eru gildir, rífur kjörstjórn frá fylgibrjefunum, gætir þess vandlega, að þeir opnist eigi nje skaddist og leggur þá í atkvæðakassann.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt lögum þessum, eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.
2. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðslu atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir gera látið, eða eitthvað liggur innan í honum, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr., eða á seðilinn eru sett strik eða merki, er ætla má, að sjeu sett til þess að gera hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi, auk listabókstafsins, orðið »listi«, ef ekki verður álitið, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi skal gæta þess, að til sjeu í skipinu fyrir hverjar kosningar nægar birgðir kjörseðla með tilheyrandi umslögum,

og í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslur þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur dómsmálaráðuneytið útdráttinn. Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um að kjósa í skipi, eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því aðeins, að óhjákvæmileg störf á skipinu, sem enga bið þola, hindri. Brot gegn þessu varða alt að 1000 króna sektum, er renna í landssjóð.

9. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni, er þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatast, skal þess getið sjerstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal viðkomandi sýslumaður eða bæjarfógeti ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörstaða sjeu svo greinileg, að sjeð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hafi verið notað. Sýslumenn og bæjarfógetar senda síðan stjórnarráðinu afrit bókanna, skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar varðveita hin ónotuðu kjörgögn til notkunar við aukakosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefir verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna og semur skýrslu um notkun kjörgagna og sendir Alþingi.

10. gr.

Fyrir afhendingu kjörseðla og vottorð þau, er um ræðir í lögum þessum, greiðast engin gjöld.

11. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði kosningalaganna um kosningar, er í lögum þessum getur, að því leyti, sem þær geta við átt, þar á meðal hegningarákvæði.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 50, frá 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Ed. **759. Lög**

um friðun Þingvalla.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl).

1. gr.

Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir við Öxará og grendin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

2. gr.

Mörk hins friðhelga lands skulu vera sem hjer segir:

a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.
b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli.
c. Að norðan: frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hliðargjá.
d. Að austan: Eystri bakki Hliðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

Landið innan ofannefndra marka skal, eftir því er Þingvallanefnd kveður á og fært kann að reynast, varið fyrir ágangi af sauðfje og geitum. En skógurinn og villidýralíf, sem þar kynni að geta þrifist, skal vera algerlega friðað. Þó skal nefndin gera ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði eða vinna búfjenaði hjeraðsmanna tjón.

Þingvallanefnd ræður veiði í Þingvallavatni norðan línu þeirrar, er um getur í a-lið.

Ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði, eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar.

3. gr.

Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta land, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarjett jarðanna eða jarðahlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og ábúendum greitt fyrir afnotarjettinn, samkvæmt óvilhallra, dómkvaddra manna mati. Svo skulu og metnar bætur til Þingvallahrepps fyrir iþynging fjallskila og rýrnun útsvara, enda náist ekki samningar.

Heimilt skal Þingvallanefnd að kaupa jörðina Gjábakka, eða ef ekki næst viðunandi samningar um verð, að taka jörðina eignarnámi samkvæmt lögum.

4. gr.

Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og æfinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.

5. gr.

Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefir fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annara jarða í ríkiseign, sem til eru

greindar í 2. gr. Þingvallanefnd skal kosin með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi í lok hvers þings eftir nýafstaðnar kosningar, í fyrsta skifti á þingi 1928.

6. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um hið friðlýsta land og meðferð þess, en stjórnarráð staðfestir. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld á Þingvöllum og verja því fje upp í kostnað við friðunina. Þingvallanefnd má ráða umsjónarmann á Þingvöllum til 5 ára í senn.

7. gr.

Öll óhjákvæmileg útgjöld við verndun Þingvalla samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, alt að 1000 kr., eða einföldu fangelsi, alt að 3 mánuðum, ef miklar sakir eru, nema brot sje svo vaxið, að þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **760. Tillaga**

til þingsályktunar um útvarp.

Flutningsmenn: Gunnar Sigurðsson og Magnús Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að sjá um, að tekinn verði upp aftur útvarpsrekstur sem allra fyrst.

Greinargerð.

Hjer á landi munu nú vera um 800—1000 manns, er útvarpstæki hafa, og er því mikil eftirsjá, að engin útvarpsstöð starfi hjer á landi.

Ýmsar verstöðvar og mörg skip fá veðurfrjettir sínar eingöngu gegnum útvarpsstöðina, og er því mikils varðandi fyrir þau, að rekstri hennar sje haldið áfram.

Loks er hætta á, að stöðvun útvarpsstarfseminnar um lengri tíma hljóti að hafa í för með sjer tap fyrir þann, er heldur rekstri áfram, og lenti það á ríkinu, ef stjórnin ákveður að notfæra sjer heimildarlög þau, er samþykt voru.

Nd. **761. Frumvarp**

til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað embætta bæjarfógeta og núverandi lögreglustjóra í Reykjavík komi þessi embætti: Lögmannsembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Undir lögmann komi þessi störf: Dómsmál, önnur en sakamál og almenn lögreglumál. Skiftamál, fógetagerðir, uppboð, þinglýsingar, nótarialgerðir, yfirfjárráð ólögráðra, borgaraleg hjónavígsla, hjónaskilnaðarmál, dómkvaðning manna og skipun þeirra opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af bæjarfógeta. Afgreiðsla leyfisbrjefa til að sitja í óskiftu búi. Kosningar til Alþingis.

3. gr.

Lögreglustjóri hefir á hendi: Lögreglustjórn, meðferð sakamála og almennra lögreglumála og að leggja dóm á þau. Strandmál, lögskráning skipshafna, mæling og skrásetning skipa. Heilbrigðismál, firmaskrásetning, vegabrjef, úrskurðun fátækramála, umsjón hegningarhússins í Reykjavík. Útnefning matsmanna og skoðunarmanna utan rjettar, afgreiðslu leyfisbrjefa til atvinnurekstrar, löggilding atvinnubóka, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, hlunninda og aflaskýrslur og manntal í Reykjavík.

4. gr.

Tollstjóri hefir forstjórn tollgæslu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til Slysatryggingarinnar, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, svo og innheimtu annara gjalda, sem lögreglustjóri hefir innheimt hingað til og ekki eru falin lögreglustjóra samkvæmt þessum lögum.

5. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar annars, hvernig skift skuli milli lögreglustjóra og tollstjóra störfum þeim, er fylgt hafa núverandi lögreglustjóraembætti og ekki eru sjerstaklega talin í 3. og 4. gr., og hver störf skuli falla undir embætti lögreglustjóra af þeim, sem hnigið hafa undir núverandi bæjarfógetaembætti, en eigi eru nefnd í 2. og 3. gr.

6. gr.

Verslunarstaðirnir Skildinganes við Skerjafjörð og Viðey heyra að öllu leyti undir umdæmi Reykjavíkur um tollgæslu og lögreglustjórn.

7. gr.

Um framkvæmd tollgæslu, hve margir skuli tollverðir og um skil á innheimtum gjöldum skipar fjármálaráðherra fyrir með reglugerð, svo og um innheimtulaun af uppboðsandvirði.

8. gr.

Lögmaður, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 kr., en launin hækka eftir 2, 4 og 6 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr., upp í 9000 kr.

Kostnaðurinn við rekstur þessara embætta greiðist úr landssjóði. Allar aukatekjur, er embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Alt það fje, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxtast til hagnaðar fyrir eigendur þess.

9. gr.

Rjett eiga umræddir embættismenn til að fá sjer skipaða fulltrúa til að framkvæma sjerstök störf, eftir því sem nauðsyn krefur.

10. gr.

Lög nr. 26, 26. okt. 1917, um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og um sjerstaka tollgæslu í Reykjavíkurkaupstað, eru úr gildi feld.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929. Frá sama tíma eru bæjarfógetaembættið og núverandi lögreglustjóraembætti í Reykjavík lögð niður.

Nd. **762. Breytingartillaga**

við frv. til laga um einkasölu á áfengi.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Bjarna Ásgeirssyni.

Við 5. gr.

Fyrsta málslið skal orða svo:

Forstöðumaður tekur laun úr ríkissjóði, og skulu þau vera 7500 kr. á ári ásamt verðstuðulsuppbót.

Nd. **763. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Á eftir 8. gr. komi ný (9.) gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **764. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá Jóh. Jóhannessyni.

Við 25. gr. Í stað »og aðalfjehirðir« í síðari málsgr. komi: aðalfjehirðir eða fjehirðir.

Ed. **765. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 23. gr. Fyrir orðin »Jafnframt skipar . . . . formann bankaráðsins« komi: og taka þeir sæti í bankaráðinu jafnóðum og þau losna.

Ed. **766. Frumvarp**

til laga um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal ungmennaskóla í Reykjavík, er veiti almenna fræðslu, bóklega og verklega, bæði piltum og stúlkum.

2. gr.

Tvær ársdeildir skulu vera í skólanum. Með leyfi stjórnarráðsins má bæta við framhaldsnámi hinn þriðja vetur í tilteknum hagnýtum námsgreinum.

3. gr.

Námsgreinar í skólanum skulu vera þessar: Íslenska, norðurlandamál, enska, bókmentafræði, saga, landafræði, náttúrufræði, hagfræði, fjelagsfræði, reikningur, söngur, teikning, íþróttir og, eftir því sem við verður komið, steinsmíði, trjesmíði, járnsmíði, netabæting, einfaldur fatasaumur og matreiðsla. Undanþágur má skólastjóri veita nemendum í einstökum námsgreinum, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

4. gr.

Við skóla þennan skipar stjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri jafnan njóta sömu launakjara og forstöðumaður kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara og fastir kennarar sama skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Þriggja manna skólanefnd hefir yfirstjórn skólans. Bæjarstjórn Reykjavíkur kýs með hlutfallskosningu tvo til þriggja ára, og fræðslumálastjórnin skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, til jafnlangs tíma. Skólanefndin starfar endurgjaldslaust.

6. gr.

Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans, ræður stundakennara og skiftir verkum með þeim. Skólanefnd semur reglugerð fyrir skólann um kenslu, próf og fl., er fræðslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd skal ennfremur undirbúa byggingu nauðsynlegra húsa fyrir skólann, ráða með skólastjóra bóka- og áhaldakaupum og annast fjárstjórn skólans.

7. gr.

Fyrir hverja 20 nemendur, er njóta ekki minni kenslu en 24 stundir á viku hverri, greiðist í skólasjóð úr ríkissjóði 1500 krónur og jafnmikið úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Sömu aðiljar leggja fram til helminga andvirði efnis við vinnukensluna. Fræðslumálastjórnin ákveður, að fengnum tillögum skólanefndar, skólagjöld nemenda, er renna í skólasjóð.

8. gr.

Skólaárið er frá 1. okt. til 1. maí.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **767. Frumvarp**

til laga um hvalveiðar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Allir skíðishvalir nema hrefnur skulu friðaðir fyrir skotum hvarvetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni, árið um kring, nema í ísvök sjeu eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt þvílíkan.

Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sje síldveiði eða veiðarfærum spilt.

Sýslunefndum skal þó heimilt að banna með samþyktum hrefnuveiðar í landhelgi, hverri á sínu sviði, enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþyktina.

2. gr.

Bannað er að hafa hvalveiðastöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema hann sje dauður fundinn, drepinn með þeim hætti, sem heimilt er samkv. 1. gr., eða til þess sje fengið sjerleyfi. Sjerleyfi veitir atvinnumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Fiskifjelags Íslands. Sjerleyfi skal bundið við ákveðinn fjölda veiðiskipa og veitist eigi lengur en til 10 ára í senn. Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið og þeir, sem sama rjettar njóta, enda hafi þeir verið búsettir í eitt ár hjer á landi.

3. gr.

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hver hvalveiðastöð greiði 3000 króna árgjald í ríkissjóð, og auk þess 1000 krónur fyrir hvert hvalveiðaskip.

Ennfremur skal sjerleyfishafi greiða öll opinber gjöld og tolla samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

Það skal og sett að skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur með bræðslu og breytingu úrgangs, beina, kjöts og innýfla í markaðshæfa vöru.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Svo skulu og afli og veiðarfæri upptæk, þegar um ólöglega veiði eða hagnýting er að ræða, og rennur andvirðið einnig í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44, 13. nóv. 1903, og lög nr. 18, 4. júní 1924.

Ed. **768. Breytingartillaga**

við frv. til laga um hvalveiðar.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: og noti íslensk skip eingöngu til veiðanna.

Nd. **769. Lög**

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabrjef, alt að 10 miljónum króna. Vaxtabrjefum má skifta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 8. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi tölurð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefir gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hvor flokkur þá vera stærri en 3 miljónir króna. Fyrstu 4 árin eftir að 8. flokkur er settur á stofn, veitist tillag til þessara veðdeildarflokka úr ríkissjóði, 8000 krónur á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabrjefum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fje veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr $^{3}/_{5}$ af virðingarverði fasteignarinnar.

Ennfremur er heimilt að veita lán bæjar-, sýslu- og sveitarfjelögum.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn sú, er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhjeraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Minsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 30 árum, sje veðið vandað timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherrann söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávalt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum hlutaðeigandi flokks eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sje veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er hlutaðeigandi

veðdeildarflokkur hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærra stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rjett hafa handhafar brjefanna, þótt eigi sjeu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. — Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og svo skal við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til

að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokað er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiftist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti rjettrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefir þaðan aflast.

25. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 3 miljónum króna í bankavaxtabrjefum, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum. Vaxtabrjef þau, er ríkisstjórnin kaupir samkvæmt þessu, skulu vera flokkur út af fyrir sig, og skal haga vöxtum brjefanna, verði þeirra og tímalengd útlána úr flokknum eftir lánskjörum þeim, er ríkissjóður fær, svo að hann verði skaðlaus af.

Verði ríkissjóður fyrir gengistapi af þessum viðskiftum, skal varasjóður flokksins, er skuldbindingum hans verður lokið að öðru leyti, ganga til þess að endurgreiða ríkissjóði slíkt tap.

26. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 12000 krónum.

27. gr.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Sþ **770. Tillaga**

til þingsályktunar um húsmæðraskóla á Norðurlandi.

Frá Ingibjörgu H. Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota nú þegar heimild laga nr. 74 1919 til þess að láta reisa húsmæðraskóla á Norðurlandi samkvæmt lögum nr. 37 1917.

Nd. **771. Fjárlög**

fyrir árið 1929.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl).

Samhljóða þskj. 712.

Nd. **772. Þingsályktun**

um ríkisprentsmiðju.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera fyrir næsta þing áætlun um stofnkostnað og starfrækslu ríkisprentsmiðju, er geti annast prentun ríkissjóðs og opinberra stofnana.

Nd. **773. Þingsályktun**

út af ránum erlendra fiskimanna í varplöndum og selverum við strendur landsins.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina:

1. *að* láta hafa nákvæmar gætur á framferði útlendra fiskimanna hjer við land og koma í veg fyrir, að þeir spilli eggverum og öðrum hlunnindum landsmanna.
2. *að* gera gangskör að því, að bætt verði tjón það, er skipverjar á færeysku fiskiskipunum »Heimdal« og »Sunbeam« ollu á varpeyjunni Vigur í Austur-Skaftafellssýslu á síðastliðnu sumri.

Nd. **774. Þingsályktun**

um varnir gegn ránskap og yfirgangi erlendra fiskimanna hjer við land.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að brýna fyrir foringjum varðskipanna að hafa sem nánastar gætur á hátterni erlendra fiskiskipshafna, Færeyinga og annara, í íslenskri landhelgi.

Ed. **775. Frumvarp**

til laga um einkasölu á áfengi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem heimilt er að flytja til landsins og í er meira en $2^1/_4$% af vínanda að rúmmáli.

Lög þessi taka ekki til skipa, er koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef farið er með það samkvæmt áfengislögunum.

2. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr. og 2. gr. áfengislaganna, sbr. lög nr. 3, 4. apríl 1923, selur hún aðeins lyfsölum og læknum, er rjett hafa til lyfjasölu, og öðrum þeim, er lög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna. Skal tekið fram í reglum þeim, hve mikið áfengi megi láta af hendi við hjeraðslækna, embættislausa lækna, dýralækna og lyfsala á hverju ári eða um ákveðið tímabil.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er um ræðir í 1. og 2. gr. þessara laga, leggur ríkissjóður fram.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita áfengisversluninni forstöðu. Hann, eða aðstoðarmaður hans, sem stýrir lyfjaversluninni, skal hafa lyfsalapróf, og má fela honum eftirlit með lyfjabúðum landsins. Lyfjadeildinni er skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús. Sjúkrahúslæknir annast um útvegun á þessum vörum handa sjúkrahúsum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus.

5. gr.

Forstöðumaður tekur laun úr ríkissjóði, og skulu þau vera 7500 kr. á ári ásamt verðstuðulsuppbót. Ríkisstjórninni er heimilt að ráða forstöðumann áfengisverslunarinnar og þá starfsmenn, er óhjákvæmilega þarf við daglegan rekstur hennar, til 5 ára í senn. Ríkisstjórnin getur þó vísað mönnum þessum úr þjónustu landsins, áður en samningstíminn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti.

6. gr.

Ráðherra skipar tvo menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og alls rekstrar og fær þeim erindisbrjef.

7. gr.

Leggja skal á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins, 25—75%, miðað við verð þess, að tolli meðtöldum, þegar það er komið í hús í Reykjavík. Lyf, er verslunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar.

Áfengisverslunin og útibú hennar mega ekki láta áfengi af hendi nema gegn borgun út í hönd. Þó skal heimilt að lána áfengi í lyf, ef brýna nauðsyn ber til.

8. gr.

Verslunin skal greiða lögákveðna tolla og aðflutningsgjöld af vörum þeim, er lög þessi ræða um. Skulu gjöldin greidd í Reykjavík, þar sem vöruna ber fyrst að flytja á land, og á þeim tíma og samkvæmt því, er tolllög og skattalög mæla fyrir.

9. gr.

Verslunin skal jafnan hafa forða af áfengi og vínanda í Reykjavík. Viðskiftamenn verslunarinnar greiði flutningskostnað varanna innanlands.

10. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Má þar ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í varasjóð.

11. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámark smásöluverðs á vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 200—40000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Ed. **776. Lög**

um hlunnindi fyrir lánsfjelag.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

1. gr.

Ef myndað verður hjer á landi fjelag í þeim tilgangi að veita lán gegn veði í fasteignum, á svipuðum grundvelli og fasteignalánsfjelög (Kreditforeninger) erlendis, er fjármálaráðherra heimilt að veita fjelagi þessu þau hlunnindi, sem í 2.—3. gr. getur.

2. gr.

Fjelagið er undanþegið öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum og vaxtabrjef þess skulu ávalt njóta sama skattfrelsis og skuldabrjef ríkisins. Svo á það og rjett til að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálft sig.

3. gr.

Um sölu á fasteignum hefir fjelagið sömu rjettindi og veðdeild Landsbankans.

4. gr.

Lög þessi falla úr gildi, ef heimildin hefir ekki verið notuð fyrir 1. jan. 1930.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **777. Lög**

um varðskip landsins og skipverja á þeim.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

1. gr.

Varðskip landsins skulu eiga heima í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Skipverjar allir eru

sýslunarmenn landsins. Þeir skulu vera slysatrygðir á kostnað landssjóðs, eftir sömu reglum og gilda um slysatryggingu hjá Eimskipafjelagi Íslands.

2. gr.

Skipstjórar varðskipanna og stýrimenn eru löggæslumenn Íslands á landhelgissvæðinu og þeim hafhlutum, er með lögum kunna að verða sjerstakléga friðaðir móti togaraveiðum.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skal gera starfssamning við skipstjóra, stýrimenn og vjelstjóra, er bindandi sje af hálfu ráðuneytisins til 6 ára í senn, en til eins árs af hálfu þessara yfirmanna. Hvor samningsaðilja getur þó að öðru leyti sagt upp samningnum með 3 mánaða fyrirvara, og dómsmálaráðherra getur vikið mönnum þessum úr starfi áður en samningstíminn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti. Þó er slíkur brottrekstur ekki lögmætur, nema meiri hluti sjávarútvegsnefnda í báðum deildum Alþingis samþykki á sameiginlegum fundi brottvísun á næsta þingi eftir að afsetningin fór fram.

4. gr.

Vjelameistari ræður kyndara, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins, þá, sem ekki eru tilnefndir í 3. gr., nema sjerstaklega verði mælt öðruvísi fyrir í lögum. Um þá starfssamninga, er vjelameistari og skipstjóri gera, gildir þriggja mánaða uppsagnarfrestur fyrir báða málsaðilja.

5. gr.

Skipstjóri getur vikið þeim skipverjum, er um ræðir í 4. gr., fyrirvaralaust frá starfi, ef honum þykir ástæða til.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð um skyldur og störf skipverja á varðskipunum. Þátttaka í verkfalli varðar skipverja ábyrgð eftir lögum nr. 33 1915.

7. gr.

Skipstjórum og stýrimönnum á varðskipunum skal skylt að kenna hásetum, er á varðskipunum vinna, verklega sjómensku, eftir því sem nánar kann að verða ákveðið í reglugerð.

8. gr.

Skipstjóri á varðskipi skal hafa að byrjunarlaunum 6500 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 500 krónur, upp í 8000 kr. á ári.

Yfirstýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 400 kr., upp í 5000 kr. á ári.

Annar stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár, upp í 3600 kr. á ári.

Þriðji stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2800 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár, upp í 3200 krónur á ári.

Á varðskipi með 700 hestafla vjel eða stærri skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:

Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 5600 kr. á ári.

Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 4400 kr. á ári.

Þriðji vjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 3600 kr. á ári.

Á varðskipi, sem hefir minni vjel en 700 hestöfl, skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:

Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, er hækka árlega um 100 kr., upp í 5000 kr. á ári.

Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, er hækka árlega um 100 kr., upp í 3800 kr. á ári.

Kaupgreiðslur til fullgildra háseta og kyndara sjeu hafðar í samræmi við slíkar greiðslur á strandferðaskipi ríkisins.

Starfsmenn þessir njóta allir dýrtíðaruppbótar á launin eftir sömu reglum sem gilda fyrir starfsmenn ríkisins. Skulu þeir njóta sama rjettar og aðrir embættismenn um eftirlaun, enda greiði þeir árlegt gjald í lífeyrissjóð.

9. gr.

Starfstími þeirra af skipverjum, sem áður voru að staðaldri í þjónustu Björgunarfjelags Vestmannaeyja, telst frá þeim tíma, er þeir lögskráðust í fyrsta skifti á björgunar- og eftirlitsskipið »Þór«, og reiknast kauphækkun þeirra eftir því.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41 1927 og lög nr. 51 1927, svo og önnur eldri lög og fyrirmæli, er kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **778. Áfengislög**

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl).

I. KAFLI.

Innflutningur áfengis.

1. gr.

Engan áfengan drykk eða áfengisvökva má flytja til Íslands til annara nota en þeirra, sem getið er um í 2. gr. En áfengur drykkur eftir lögum

þessum telst hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

Brot gegn þessari grein er fullframið, þegar áfengi er flutt inn í landhelgi, nema sannað sje, að það sje ekki ætlað til sölu eða neyslu hjer í landi eða landhelgi. En landhelgi telst 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sje talið frá ystu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi alt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sje þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

2. gr.

Ríkisstjórninni einni skal heimilt að annast innflutning og sölu áfengis, sem nauðsynlegt er:

a. til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna eða annara verklegra nota.
b. til eldsneytis, og skal sá vínandi gerður óhæfur til drykkjar.
c. handa lyfsölum, eins og lyfjaskrá heimilar, einnig smáskamtalyf með vínanda í, og skal smáskamtalæknum heimilt að fá þau í innlendum lyfjabúðum, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests.
d. handa próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda messuvín, sem nauðsynlegt er við altarisgöngur (þótt í því sje meira af vínanda en 2¼% að rúmmáli).

Jafnskjótt og lög þessi öðlast gildi, skal stjórnarráðið löggilda nýja lyfjaskrá.

Handa sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa þeirra, þó ekki yfir 800 lítra á ári handa hverjum þeirra.

3. gr.

Ekkert skip má flytja nokkurt áfengi til landsins, nema það, er fara á til áfengisverslunar ríkisins eða farið er með samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Hvenær sem skip tekur íslenska höfn, er skipstjóra skylt að tilkynna löggæslumanni tafarlaust, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sje í skipinu og hve mikið. Hafi skipið meðferðis áfengi, sem ekki á að fara til áfengisverslunar ríkisins, skal löggæslumaður á fyrstu höfn, er skipið kemur til, innsigla áfengisbirgðirnar. Skipstjóri ábyrgist, að engu áfengi sje skotið undan innsiglun og að innsiglin sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið, fyr en skipið er alfarið frá landinu. Löggæslumaður skal rannsaka á hverjum viðkomustað skipsins, hvort innsigli eru heil og hvort nokkuð hefir tekið verið af áfenginu, og hefir hann vald til að brjóta innsiglin, til þess að framkvæma þá rannsókn. Skrá yfir það áfengi, sem innsiglað var, skal fylgja skipinu, og samrit af henni liggja hjá þeim, er innsigladi.

Löggæslumaður hefir vald til að opna hirslur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði á skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sje þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða til skemtiferðaskipa, enda flytji þau ekki farþega hingað aðra en þá, sem búa í skipinu meðan það stendur við hjer við land og fara með því aftur, og ekki aðra farþega hjeðan.

4. gr.

Strandi skip hjer við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílikt vogrek á land, skal hreppstjóri, í forföllum lögreglustjóra, þá þegar taka áfengisílátin til varðveislu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað. Áfengi þetta má lögreglustjóri ekki selja eða láta af hendi til annara en rjettra eigenda. Skal hann með fyrstu ferð skýra þeim frá björgun áfengisins. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá auglýsingu, að það sje sent sjer á sinn kostnað eða flutt úr landi, skal það gert; ella sje það eign ríkissjóðs.

Sje ókunnugt um eiganda strandgóss eða vogreks, skal áfengið eign ríkissjóðs, ef eigandi hefir ekki sagt til sín áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn.

5. gr.

Enginn má taka við nokkurskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hjer við land, eða í íslenskri landhelgi, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

II. KAFLI.

Tilbúningur áfengis.

6. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og að gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar.

7. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu áfengis þess, sem ætlað er til verklegra afnota, sbr. 2. gr. a. og b., hvort sem það hefir verið gert óhæft til drykkjar eða ekki. Skulu reglur þessar tryggja það, að áfengið verði ekki haft til neyslu.

8. gr.

Upptæk skal gera öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í ríkissjóð.

III. KAFLI.

Meðferð áfengis í landinu.

9. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 2. gr., selur hún aðeins lyfsölum og læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, og öðrum þeim, er þessi lög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna. Skal það tekið fram í reglum þeim, hve mikið áfengi megi láta af hendi við hjeraðslækna, embættislausa lækna, dýralækna og lyfsala á hverju ári eða um ákveðið tímabil. Ennfremur skal það ákveðið í reglugerð, að suðuvökvi og áfengi til iðnaðar skuli í kaupstöðum og kauptúnum landsins selt undir yfirumsjón og eftirliti forstöðumanns áfengisverslunarinnar.

10. gr.

Engan áfengan drykk má flytja um landið, annan en þann, sem um ræðir í 2. gr. þessara laga og merktur er innsigli áfengisverslunarinnar, eða þann drykk, sem um getur í 4. gr. og farið er með eftir fyrirmælum þeirrar greinar, nema læknislyf sje úr lyfjabúð eða frá lækni, mengað áfengi og messuvín.

11. gr.

Öllum er óheimilt að veita, gefa, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna, nema það sje áður gert óhæft til drykkjar eða heimilað í lyfjaskrá, og ennfremur messuvín við altarisgöngu.

Um sölu lyfja þeirra, sem áfengi er í, setur dómsmálaráðherra, með ráði landlæknis, reglur til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til nautna, heldur aðeins til lækninga.

12. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 33. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða flutningatæki eru með eigandans vitund og vilja notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

13. gr.

Sje maður sterklega grunaður um ólöglegan aðflutning eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis í hagnaðarskyni, eða sakborningur hafi áður verið dæmdur fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni, má lögreglustjóri gera heimilisrannsókn hjá honum án dómsúrskurðar, ef hann telur það nauðsynlegt til þess að komast fyrir málið.

Komi það í ljós við heimilisrannsóknina, að áfengi sje í vörslum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur til að sanna, hvernig áfengið sje komið í vörslur hans. Geri hann það ekki, skal hann teljast sekur um brot gegn 1. gr.

14. gr.

Hvern þann, sem hitst hefir ölvaður, er heimilt að leiða fyrir dómara, og er honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Náist ekki til dómara, skal hlutaðeigandi hreppstjóri hafa vald til að rannsaka málið til bráðabirgða, og skal hann senda dómaranum staðfest afrit af prófunum til frekari meðferðar.

Færi yfirheyrður ekki sönnur á, hvernig hann hefir fengið áfengið, skal hann sæta sektum samkv. lögum þessum.

15. gr.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

IV. KAFLI.

Ölvun.

16. gr.

Sá, sem er ölvaður á almannafæri, opinberum samkomum eða skipum hjer við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar embættismissi eða frávikning úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sje um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sje ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fult og alt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

18. gr.

Sjeu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæti þeir sömu refsingu og læknar.

19. gr.

Sjeu skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vjelstjórar ölvaðir við störf sín á skipi, sem þeir eiga að stjórna, sæta þeir sömu refsingu og embættismenn samkv. 17. gr. Kemur þá missir rjettar til skipstjórnar, stýrimensku eða vjelgæslu, eftir því sem við á, í stað embættismissis eða sýslunarmissis.

20. gr.

Bifreiðastjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera með áhrifum þeirra við bifreiðaakstur.

Brot gegn þessu ákvæði varðar missi ökuskírteinis um stundarsakir,

þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fult og alt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

V. KAFLI.

Önnur brot lækna og löggæslumanna.

21. gr.

Láti læknir af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, hvort heldur er handa mönnum eða dýrum, án þess að hafa gengið úr skugga um það með rannsókn, að áfengið sje nauðsynlegt til lækningar, eða hann misbeitir á annan veg lækningaleyfi sínu til að útvega mönnum áfengi til neyslu, skal hann sæta refsingu samkv. 38. gr. þessara laga.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir nota aðstöðu sína til þess að útvega eða afhenda mönnum áfengi til neyslu.

Hver sá, er tekur á móti áfengi, sem um ræðir í þessari grein, og notar það til nautna, skal sæta sektum.

22. gr.

Hver sá, sem skyldur er að sjá um, að lögum þessum sje fylgt og að brotum gegn þeim sje haldið til laga, skal sæta refsingu samkv. 39. gr., hafi hann sjálfur gerst brotlegur við þessi lög.

VI. KAFLI.

Veitingasala og gistihúsrekstur.

23. gr.

Hverjum þeim, sem fengið hefir leyfi til veitingasölu eða gistihúshalds samkv. lögum nr. 21, frá 15. júní 1926, er bannað að selja, gefa eða láta af hendi áfengi á þeim stöðum, sem um ræðir í greindum lögum, og varðar brot refsingu samkv. 40. gr. þessara laga.

Sektir liggja og við því, ef þjónustumenn gerast brotlegir gegn þessari grein. Neytendur skulu einnig sæta sektum samkv. 40. gr.

24. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap áfengisveitingar, nje heldur má áfengisnautn fara fram í fjelagsherbergjum, hvort sem er í húsi fjelagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

Brot gegn þessari grein varðar refsingu samkv. 41. gr. þessara laga.

VII. KAFLI.

Um löggæslumenn.

25. gr.

Löggæslumenn samkv. lögum þessum eru lögreglustjórar, hreppstjórar og sjerstakir löggæslumenn.

Lögreglustjórum er sjerstaklega skylt að sjá um, að lögum þessum sje hlýtt, hverjum í sínu umdæmi, en hreppstjórum hverjum í sínum hreppi.

Dómsmálaráðherra skipar sjerstaka löggæslumenn þar, sem þörf þykir. Hann fær þeim erindisbrjef, og má í því ákveða, að þeir hafi á hendi tollgæslu og fleiri eftirlitsstörf, auk gæslu þessara laga. Mótgerðir gegn þeim, þegar þeir eru að starfi sínu, varða refsingu samkv. ákvæðum almennra hegningarlaga um brot á móti valdstjórninni og allsherjarreglu.

26. gr.

Hreppstjórar og sjerstakir löggæslumenn hafa vald til að hefja lögregluranns6kn, hver í sínu umdæmi, gegn þeim mönnum, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Rannsaki þeir málin ítarlega samkv. leiðbeiningu, er dómsmálaráðuneytið setur, og sendi síðan viðkomandi dómara staðfest afrit af prófunum, en hann tekur málin til frekari meðferðar.

VIII. KAFLI.

Refsiákvæði.

27. gr.

Fyrir brot gegn 1. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni	1000— 5000 kr.
Öðru sinni	2000—10000 —
Þriðja sinni	4000—20000 —

Auk sektar skal greiða 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt var.

Ennfremur skal sökunautur sæta fangelsi, eða ef brot er margítrekað eða miklar sakir eru að öðru leyti, hegningarvinnu alt að 2 árum.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal það gert upptækt með dómi handa ríkissjóði.

Skip skal ávalt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrsetja það og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar hvorutveggja.

2. Sannist, að áfengið sje ekki flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun,

svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, varðar það sektum, frá 200—3000 kr.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

28. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sjerstökum löggæslumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkv. 3. gr., skal hann sekur um 500—5000 krónur, liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lögum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 27. gr. 1, síðustu málsgr.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsiglun eða vanrækt að skýra frá.

29. gr.

Brot gegn 5. gr. varða sektum eins og segir í 27. gr.

30. gr.

Brot gegn 6. gr. varða sektum samkv. 27. gr. 1, og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, eða, ef brot er margítrekað eða miklar sakir eru að öðru leyti, hegningarvinnu alt að 2 árum.

31. gr.

Brot gegn 10. gr. varða sektum, 200—2000 krónum, og skal áfengið ásamt ílátunum verða eign ríkissjóðs.

32. gr.

Brot gegn 11. gr. og þeim öðrum ákvæðum þessara laga, sem banna að veita, gefa, selja eða láta áfengi af hendi til annara manna, varða sektum, 500—5000 kr. Sje brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1000—10000 kr.

Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar, eða geri sjer að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það fangelsi, ekki skemur en 3 mánuði, auk sekta samkv. 1. málsgr., eða hegningarvinnu alt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

33. gr.

Brot gegn 12. gr. varða sektum, 100—2000 kr., og ítrekað brot 200—4000 kr. Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

34. gr.

Verði maður sekur um brot gegn 14. gr., skal hann sektir greiða, 100—1000 kr.

35. gr.

Brot gegn 15. gr. varða 100 kr. sektum fyrir hverja birtingu auglýsingar.

36. gr.

Brot gegn 16. gr. varða sektum, frá 50—500 kr. Auk þess skal skip-

stjóri láta flytja hinn brotlega á land á fyrstu höfn, ef brotið er framið á farþegaskipi.

37. gr.

Brot gegn 17.—19. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Þriðja sinni stöðu- eða starfsmissi samkv. ákvæðum áðurnefndra greina.

38. gr.

Brot gegn 1. málsgr. 21. gr. varða fyrsta sinni 500—5000 kr. sekt, og tvöfaldri sekt, ef brot er ítrekað, og skal þá auk þess svifta lækninn heimild til að gefa út áfengisseðla og láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur. Sje læknirinn ekki hjeraðslæknir, missir hann þessa heimild við fyrsta brot.

Verði lyfsali brotlegur við 2. málsgr. 21. greinar, greiði hann sektir samkv. 1. málsgr. þessarar greinar, og missi auk þess lyfsöluleyfi við annað brot. Afgreiðslumenn lyfsala eða lækna greiði sektir eins og segir í þessari grein og missi við þriðja brot rjett til að afhenda lyf eða selja.

Læknir eða lyfsali ábyrgist greiðslu sektar og málskostnaðar, er afgreiðslumaður hans, sem ekki hefir lyfsalapróf, er dæmdur til að greiða samkvæmt framanskráðu, og má gera aðför í eignum þeirra til lúkningar sektum.

Verði maður brotlegur gegn 3. málsgr. 21. greinar, varðar það sektum frá 50—500 krónum.

39. gr.

Brot gegn 22. gr. varðar í fyrsta sinni sektum, 500—5000 krónum, og tvöfaldast sekt, ef brot er ítrekað, og auk þess embættis- eða stöðumissi, ef miklar sakir eru.

Sje um að ræða brot gegn 16. gr., skulu sektir vera tvöfalt hærri en segir í 36. gr.

40. gr.

Verði veitingasali sekur um brot gegn 23. gr., varðar það sektum samkv. 32. gr. Auk fjesektarinnar missir hann veitingaleyfi, í fyrsta sinni ekki skemur en 1 mánuð, í annað sinni ekki skemur en þrjá mánuði og í þriðja sinni að fullu og öllu.

Þjónustumenn og neytendur sæti sektum, 200—2000 kr.

41. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 24. greinar 1. málsgr., varðar það veitingasala 100—1000 kr. sekt og neytanda 200—2000 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 24. greinar varða neytendur, þjónustumenn og fjelagsstjórn 200—2000 kr. sektum.

42. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að lög þessi verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að

halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum, 400—4000 kr.

Sje brotið ítrekað, skal dæma sökunaut í fangelsi auk sekta, eða í hegningarvinnu, alt að einu ári.

43. gr.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkv. lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fje þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

44. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

IX. KAFLI.

Undanþága.

45. gr.

Vín þau, sem um ræðir í lögum nr. 3, frá 4. apríl 1923, eru undanþegin ákvæðum þessara laga um innflutning, veitingu, sölu, heimilisnotkun og flutning um landið. Svo skal og haldast óbreytt að því er þessi vín snertir það ákvæði, að skip má hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum, sbr. 3. gr. nefndra laga og tilvísun hennar til ákvæða um þetta í þágildandi bannlögum.

Áfengi má ekki afhenda neinum, sem yngri er en 21 árs, og varðar refsingu samkv. 37. gr., ef út af er brotið.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínum þessum, svo og um varnir gegn misbrúkun við sölu þeirra og veitingu. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni, að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum til kl. 9 á mánudagsmorgnum og að veitingahús, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, megi aðeins veita áfengi með mat í borðsal veitingahússins og einungis á vissum tímum, sem tilteknir eru í reglugerðinni.

Brot gegn ákvæðum þeim, er sett verða um meðferð vínanna, varða refsingu samkvæmt þessum lögum.

X. KAFLI.

Ýms ákvæði.

46. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

47. gr.

Lög þessi skal prenta á íslensku, dönsku, þýsku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

48. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 25, 3. nóv. 1915, um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl., lög nr. 15, 8. júní 1925, um aðflutningsbann á áfengi, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Nd. **779. Lög**

um samstjórn tryggingastofnana landsins.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl).

1. gr.

Almennar tryggingastofnanir, sem ríkið rekur, stendur í ábyrgð fyrir eða hefir yfirstjórn á, skulu mynda eina heild, er kallast Tryggingastofnun ríkisins. Skal hún hafa sameiginlega framkvæmdastjórn, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Samábyrgðin, sbr. lög nr. 22 1921, Brunabótafjelag Íslands, sbr. lög nr. 54 1915 og lög nr. 53 1919, og Slysatryggingin, sbr. lög nr. 44 1925, skulu vera sjálfstæðar deildir í Tryggingastofnun ríkisins og hafa þar aðskilinn fjárhag.

Almennar opinberar tryggingastofnanir, sem hjer eftir verða stofnaðar, skulu sem sjálfstæðar deildir vera undir Tryggingastofnun ríkisins, nema öðruvísi verði fyrir mælt í stofnlögum þeirra.

3. gr.

Fyrir Tryggingastofnun ríkisins skipar atvinnumálaráðherra forstjóra, sem jafnframt er framkvæmdarstjóri hverrar sjálfstæðrar deildar innan stofnunarinnar. Forstjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. eftir 3, 6 og 9 ár upp í 5000 kr. Launin skulu greidd af deildum stofnunarinnar með þeirri upphæð hver, sem atvinnumálaráðherra ákveður. Á launin skal greiða verðstuðulsuppbót samkvæmt reglum launalaganna.

Forstjórinn er skyldur að setja veð fyrir fjárvörslu sinni, svo sem ráðuneytið kveður á um.

4. gr.

Um skipun gæslustjóra við Samábyrgðina fer eins og segir í 12. gr. laga nr. 23 1921, svo skulu og 2 meðstjórnendur skipaðir við Slysatrygginguna til 3 ára í senn.

5. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. okt. 1928 um Slysatrygginguna og Brunabótafjelag Íslands, og frá sama tíma fellur niður hin sjerstaka framkvæmdarstjórastaða, sem um getur í 23. gr. laga nr. 54 1915, en lögin taka ekki til Samábyrgðarinnar fyr en núverandi framkvæmdarstjóri lætur af stöðu sinni.

6. gr.

2. málsliður 2. gr. laga nr. 44, 27. júní 1925, um slysatryggingar, er úr gildi feldur.

Ed. **780. Lög**

um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

1. gr.

3. málsgrein 1. greinar laganna skal orða svo:

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, sbr. 15. gr., þarf sjerstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknum lánum þeim, er ræðir um í lögum nr. 10, 31. maí 1927, svo og lánum þeim, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

5. gr. hljóði svo:

Innskotsfje það, 2 miljónir króna, er ákveðið var með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum, skal teljast stofnfje seðlabankans. Auk þess skal ríkisstjórninni heimilt að leggja fram úr ríkissjóði viðbótarstofnfje handa seðlabankanum, alt að 3 miljónum króna. Seðlabankinn skal safna varasjóði samkvæmt 24. gr.

3. gr.

4. málsliður 21. gr. hljóði svo:

Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem landsbankanefndin kýs til 1 árs í senn.

4. gr.

Síðasta málsgr. 22. gr. falli niður.

5. gr.

24. gr. hljóði svo:

Tekjuafgangur hvers árs rennur í varasjóð. Leggi ríkissjóður fram viðbótarstofnfje samkvæmt 5. grein, skal bankinn greiða ríkissjóði af því fje 6% í ársvexti, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins.

6. gr.

33. gr. hljóði svo:

Yfirstjórn bankans er í höndum landsbankanefndar, samkvæmt því sem ákveðið er í lögum þessum, og ráðherra þess, er fer með bankamál. Stjórn bankans að öðru leyti annast bankaráð, skipað fimm mönnum, og framkvæmdarstjórn, skipuð þrem mönnum.

7. gr.

34. gr. verði svo hljóðandi:

Landsbankanefndin er skipuð 15 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu til 6 ára. Eftir 2 ár ganga úr nefndinni 5 menn, þeir er eftir rjettri hlutfallstölu síðast voru kosnir á hverjum lista, eða hvorum lista, ef þeir voru aðeins tveir. Eftir næstu 2 ár ganga aðrir 5 menn úr nefndinni af hinum fyrst kjörnu, eftir sömu reglum og áður greinir, og loks að liðnum 6 árum þeir 5, er eftir eru af þeim fyrst kjörnu. Síðan fer fram kosning annaðhvert ár á 5 mönnum í nefndina í stað þeirra, er endað hafa kjörtímabil sitt. Endurkjósa má menn í nefndina. Kosnir skulu og með hlutfallskosningu varamenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Varamenn ganga úr eftir sömu reglum og aðalmenn. Er kosning fer fram, skal afhenda lista með helmingi fleiri nöfnum en kjósa á menn í nefndina. Sá, sem næstur er að atkvæðamagni þeim, er kosningu hlýtur á hverjum lista, skal vera 1. varamaður þess lista um kjörtímabil það, er listinn á við, og svo hver af öðrum innan listans, þannig, að sá, sem næstur er að atkvæðamagni, kemur jafnan í stað þess, sem næstur er á undan að atkvæðamagni. Kjörtími varamanns, sem tekur sæti í nefndinni vegna fráfalls eða brottflutnings aðalmanns, endar þegar kjörtími þess, sem hann kemur í staðinn fyrir, hefði verið á enda, nema varamaður sá, sem kemur fyrir aðalmann á fyrstu 4 árunum eftir að lög þessi öðlast gildi, tekur sæti á eftir öllum aðalmönnum og telst því sem hinn síðast kjörni á lista. Nú kemur það fyrir, að allir aðalmenn og varamenn lista fyrir eitt kjörtímabil forfallast, og kýs þá nefndin menn í skarðið með einföldum meiri hluta. Ef vafaatriði um þessi efni koma fyrir, sker nefndin sjálf úr þeim með atkvæðagreiðslu og sendir Alþingi skýrslu um málið.

Landsbankanefndarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín.

8. gr.

Ný grein, sem verður 35. gr., hljóði svo:

Formann bankaráðsins skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, til 5 ára í senn. Hina fjóra bankaráðsmennina kýs landsbankanefndin til 4 ára senn, þannig, að tveir ganga úr á aðalfundi landsbankanefndarinnar annaðhvert

ár, í fyrsta skifti ganga þeir úr, sem síðastir voru í röðinni við kjörið. Formann bankaráðs má endurskipa og hina 4 ráðsmennina má endurkjósa. Á sama hátt skal skipa varaformann og kjósa 4 varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum formanns eða bankaráðsmanns. Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ráðherra nýjan varamann. Ef nefndarkosinn bankaráðsmaður og varamaður forfallast á sama hátt áður en starfstími hans er á enda, kýs landsbankanefndin annan í hans stað. Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 krónur í ársþóknun, en hinir bankaráðsmennirnir 2000 krónur hver.

Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót af allri launahæðinni, og reiknast dýrtíðaruppbótin með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins. — Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

9. gr.

35. gr., sem verður 36. gr., hljóði svo:

Engan má kjósa í landsbankanefnd eða bankaráð nema hann sje lögráða, hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Ef nefndarmaður eða bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í nefndinni eða ráðinu.

10. gr.

36. gr., sem verður 37. gr., hljóði svo:

Bankaráðið ræður alla þrjá bankastjóra, og eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geti þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega, sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Bankastjórar hafa að árslaunum 12000 krónur hver, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem bankaráðið ákveður.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum handa bankastjóranum, og 25% af launanum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skifti.

Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara og aðalfjehirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fje bankans eftir sömu reglum.

11. gr.

37. gr. fellur niður.

12. gr.

38. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Landsbankanefndin heldur aðalfund sinn einu sinni á ári, eigi síðar en mánuði eftir setningu Alþingis. Boðar forseti nefndarinnar til fundarins með mánaðar fyrirvara. Auk þess má kveðja nefndina til funda þegar forseti telur þess þörf, svo og ef 4 bankaráðsmenn að minsta kosti eða 7 landsbankanefndarmenn að minsta kosti krefjast þess í brjefi til forseta. Skal forseti þá boða til fundar eigi síðar en viku eftir að krafan kom í hans hendur. Skal að jafnaði boðað til aukafunda með viku fyrirvara, nema brýn þörf kalli að. Þá má boða til fundar með styttri fyrirvara, þó aldrei styttri en 2 sólarhringa.

Til fundanna skal boðað með ábyrgðarbrjefi eða staðfestu símskeyti til hvers nefndarmanns.

13. gr.

39. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Á fyrsta aðalfundi nefndarinnar í hvert sinn, eftir að ný kosning hefir farið fram í nefndina samkv. 34. gr., kýs nefndin sjer forseta til næstu 2 ára. Boðar hann nefndina til funda samkv. 38. gr. og stjórnar fundum nefndarinnar. Ennfremur skal á sama hátt til sama tíma kjósa 1. og 2. varaforseta. Gegnir 1. varaforseti forsetastörfum í forföllum forseta, en 2. varaforseti, ef báðir, forseti og 1. varaforseti, eru forfallaðir. Forseti sá, sem stjórnar fundi í hvert skifti, kveður sjer fundarritara, sem má vera utan nefndarinnar.

Rita skal í fundabók stutta skýrslu um það, sem gerist á nefndarfundum, svo og allar ályktanir nefndarinnar.

14. gr.

40. gr., sem er ný grein, hljóði svo:

Nefndarfundur er lögmætur, ef fundinn sækja eigi færri en 10 nefndarmenn.

Á nefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði forseta úr.

15. gr.

41. gr., sem er ný grein, hljóði svo:

Landsbankanefndinni ber:

a. Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu eftir tillögum bankaráðsins. Reglugerðin skal staðfest af ráðherra þeim, sem fer með bankamál, og síðan birt í Stjórnartíðindunum.
b. Að kjósa 4 menn í bankaráð og 4 varamenn, samkv. 35. gr. laga þessara.
c. Að kjósa endurskoðendur bankans til eins árs í senn og 2 til vara, gefa þeim erindisbrjef og ákveða þóknun þeirra. Ef þess er krafist af 4 nefndarmönnum að minsta kosti, skulu kosningar þær, er um ræðir í b- og c-lið, vera hlutfallskosningar.
d. Að úrskurða reikninga bankans.
e. Að taka ályktun um önnur mál, sem lögð verða fyrir nefndina samkvæmt lögum þessum, eða eftir ósk bankaráðs eða ráðherra.

16. gr.

42. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Formaður bankaráðsins hefir fyrir hönd ráðsins stöðugt, daglegt eftirlit með starfsemi bankans. Auk þess skulu hinir bankaráðsmennirnir skiftast á um hið daglega eftirlit ásamt formanninum.

Bankaráðið heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, 1. og 15. dag mánaðarins, eða næsta virkan dag, ef 1. eða 15. ber upp á helgidag, en annars svo oft sem formaður þess telur nauðsynlegt eða meiri hluti ráðsins krefst þess, eða framkvæmdarstjórnin óskar þess. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þegar jöfn eru atkvæði, sker atkvæði formanns úr. Svo skal og vera, þegar jöfn eru atkvæði, er bankaráð og framkvæmdarstjórn gera sameiginlega ályktun, sbr. 43. gr. staflið h. og i.

Bankastjórarnir eiga rjett á að vera á fundum bankaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sje um mál, er snertir bankastjórana sjálfa.

Á hverjum reglulegum fundi skal framkvæmdarstjórnin leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, hve mikið af fje hans sje bundið í hverri atvinnugrein, um verðbrjefaeign hans, um innlánsfje í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kröfur erlendar, um seðlaveltu, gullforða og innieignir erlendis, og um annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

17. gr.

38. gr. verður 43. gr., en stafliðirnir a., c. og e. orðist svo:

a. Að koma fram fyrir hönd bankans gagnvart dómstólunum, yfirvöldum og gagnvart þriðja manni. Ráðið getur úrskurðað um öll mál bankans, sem ekki er áskilið landsbankanefndinni eða ráðherra að úrskurða um.

c. Að setja bankastjórunum erindisbrjef.

e. Að skipa aðalbókara og aðalfjehirði bankans og ákveða laun þeirra, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, svo og að ákveða, hversu hátt veð aðalfjehirðir skuli setja.

Í stað orðanna »(39. gr.)« í l.-staflið komi: (44. gr.).

Stafliður n. orðist svo:

n. Að gera tillögur til landsbankanefndarinnar til reglugerðar um stjórn bankans og starfrækslu.

o.-stafliður falli niður.

p.-stafliður verði o.-stafliður.

18. gr.

39. gr. verði 44. gr., en hljóði þannig:

Framkvæmdarstjórnin hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans.

Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórnin heldur fundi á hverjum starfsdegi, ef málefni liggja fyrir til úrlausnar.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt (sbr. 43. gr.) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

19. gr.

40. gr. verður 45. gr., en fyrir orðin »samkvæmt 38. gr.« komi: samkvæmt 43. gr.

20. gr.

41. gr. verður 46. gr., en fyrir orðin »samkvæmt 38. gr. l.« komi: samkvæmt 43. gr. l.

21. gr.

a. 42. gr. verði 47. gr.
b. 43. gr. verði 48. gr. og upphaf greinarinnar orðist svo: Landsbankanefnd, bankaráð o. s. frv.
c. 44. og 45. gr. verði 49. og 50. gr. og á undan 50. gr. komi: VI. kafli. Sjerrjettindi bankans.

22. gr.

a. 46., 47., 48., 49., 50., 51. og 52. gr. verði 51., 52., 53., 54., 55., 56. og 57. gr.
b. 53. gr. verði 58. gr. og síðari málsgr. orðist svo:
Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af skuldabrjefum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.
c. 54. gr. verði 59. gr.

23. gr.

55. gr. verður 60. gr. og hljóði þannig:

Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1928. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, er fer með bankamál, formann bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd eigi síðar en 1. janúar 1930.

24. gr.

56. gr. verður 61. gr., en 3. málsgr. greinarinnar fellur niður.

25. gr.

57. gr. verður 62. gr. og hljóði þannig:

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Um uppsögn núverandi bankastjóra skulu sömu reglur gilda og í gildi voru, er þeir tóku sæti í bankastjórninni.

Jafnskjótt sem núverandi bókari og aðalfjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum þessara laga.

26. gr.

58. og 59. gr. verða 63. og 64. gr.

27. gr.

60. gr. verður 65. gr. og hljóði þannig:

Auk hinna gulltryggðu seðla er bankanum heimilt að gefa út alt að einni miljón króna. Seðlamagn þetta skal minka um 100000 kr. fyrir 1. nóvember 1929, og úr því árlega um sömu upphæð.

28. gr.

61. gr. verður 66. gr.

29. gr.

62. gr. verður 67. gr. og hljóði þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka nauðsynleg lán til greiðslu á viðbótarstofnfje bankans samkvæmt 2. málslið 5. gr. þessara laga.

30. gr.

63. og 64. gr. verða 68. og 69. gr., en í stað orðanna »42. gr.« í niðurlagi 63. gr. komi: 47. gr.

31. gr.

65. gr. verður 70. gr. og á undan greininni komi: VIII. kafli. Niðurlagsákvæði.

32. gr.

66. gr. verður 71. gr.

33. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi. Þá er þau hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 48, 31. maí 1927, og gefa þau út svo breytt.

Nd. **781. Þingsályktun**

um skipun milliþinganefndar í tolla- og skattalöggjöf landsins.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl).

Alþingi ályktar að skipa með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi þriggja manna milliþinganefnd til að athuga tolla- og skattalöggjöfina og gera tillögur um, hvernig henni megi best haga, svo að hún sje í einu sem einföldust, rjettlátust og hagnýtust, og gefi þó nægar tekjur, sem á eðlilegan og auðveldan hátt geti lagað sig eftir útgjaldaþörfinni.

Nánar til tekið skal verkefni nefndarinnar vera þetta:

a. Að athuga leiðir til að fækka tollvörum og tolla mestpart hinar ónauðsynlegri vörur, svo að tolla- og skattakerfið verði sem óbrotnast og umsvifaminst og tollheimtan sem ódýrust.

b. Að athuga, að hve miklu leyti er rjettmætt að fullnægja tekjuþörfinni með tollum og að hve miklu leyti með sköttum, með tilliti til þess, að þeir komi þó sem rjettlátast niður eftir gjaldþoli.

c. Að athuga, hvernig tollum og sköttum megi svo best fyrir koma, að þeir verki sem minst lamandi á einstaklings- og þjóðarhaginn, en efli og styðji innlenda framleiðslu í samkepninni við erlenda.

d. Að athuga, hvort ekki megi afla ríkissjóði tekna án þess að íþyngja gjaldþegnum, svo sem með einkasölu á nokkrum hátolluðum vörum, eða öðrum þeim vörum, sem hentugar eru til einkasölu, eða á annan hátt.

e. Að rannsaka, hvort rjettlátlega er skift útgjöldum til opinberra þarfa á milli ríkisins og sveitarfjelaganna, með tilliti til tekjustofna og einnig með tilliti til þess, að gjaldþoli þegnanna sje ekki — vegna almennra opinberra útgjalda — um of misjafnlega íþyngt í hinum innri fjelagsheildum.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Ed. **782. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík.

Frá Ingibjörgu H. Bjarnason.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna »í tilteknum hagnýtum námsgreinum« komi: og geti nemendur að því námi loknu tekið gagnfræðapróf.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um ungmennaskóla í Reykjavík.

Nd. **783. Lög**

um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl).

1. gr.

Bannað er öllum að flytja til landsins lifandi spendýr og fugla. Þó getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá banni þessu, enda setji þá reglur í hvert sinn, í samráði við ráðunaut sinn í þessum efnum, er öruggar sjeu til varnar því, að alidýrasjúkdómar flytjist hingað með dýrum þeim, er innflutningur verður leyfður á.

2. gr.

Bannaður er innflutningur á þessum vörutegundum:

a. Heyi, hálmi, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk, gömlum og notuðum pokum og tuskum allskonar.

b. Ull.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu fyrir ull til verksmiðjuiðju, enda sje hún sótthreinsuð utanlands eða innan, undir öruggu eftirliti.

c. Notuðum fatnaði, fiðri, fjöðrum, dún, stráteppum, körfum úr strái, dýrahári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem: burstavörum, penslum, kústum og hrosshársborðum.

Á vörum, sem taldar eru í þessum lið, kemur þó innflutningsbann ekki til framkvæmda, ef vörurnar sótthreinsast við tilbúning eða hreinsun, eða ef þær eru sótthreinsaðar áður en þær voru fluttar á skip, enda fylgi farmskránni vottorð um uppruna og vinslu varanna eða sótthreinsun.

Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að fyrirskipa sótthreinsun á tjeðum vörum, er þær koma hingað til lands, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

d. Fóðurkökum og rófum.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu frá innflutningsbanni á vörum þessum í einstökum tilfellum og fyrir lönd og landshluta.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á öðrum þeim vörum, sem hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.

4. gr.

Hver sá maður, sem kemur hingað til lands frá útlöndum, skal á fyrstu höfn, sem skipið kemur á, áður en hann stígur af skipsfjöl, gefa lögreglustjóra eða sóttvarnalækni yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi á síðustu þrem mánuðum áður en hann lagði af stað frá útlöndum dvalið eða verið á ferð í sveit, þar sem gin- og klaufaveiki eða aðrir hættulegir og næmir alidýrasjúkdómar hafa gengið síðastliðið ár.

Hafi farþeginn dvalið eða verið á ferð í slíku hjeraði á síðustu þrem mánuðum, skal hann tafarlaust einangraður, þar til hann og farangur hans hafa verið tryggilega sótthreinsaðir.

Ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, getur atvinnumálaráðherra fyrirskipað sótthreinsun á farþeganum og farangri hans, ef vegabrjef hans sannar ekki, að hann hafi dvalið síðustu þrjá mánuði þar, sem engin smitunarhætta var.

5. gr.

Öll þau dýr, sem um getur í 1. gr. og eru með skipum þeim, sem koma til landsins, t. d. eign skipverja eða farþega, skulu tryggilega einangruð, eftir fyrirmælum hlutaðeigandi lögreglustjóra eða sóttvarnalæknis, meðan skipið er hjer við land. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra bannað með auglýsingu skipum þeim, er sigla hingað til lands, að hafa meðferðis nokkur þau dýr, er ræðir um í 1. gr.

6. gr.

Brot gegn 1., 2. og 5. gr., svo og auglýsingum, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út samkv. 3. og 5. gr., varða sektum, frá 100—10000 krónum, fyrir skipstjóra þann, sem dýrin eða bannvörurnar flutti inn, og jafnháum sektum fyrir eigandann, og skulu dýrin eða bannvaran gerð upptæk, dýrunum lógað en bannvaran ónýtt að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft í skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borga allan kostnað, er af því leiðir. Ennfremur bæti eigandinn allan skaða, er af þeim dýrum eða þeirri vöru hlýtst, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins.

Brot gegn 4. gr. varða 100—10000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sá, sem brotlegur verður, skal auk þess bæta alt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Berist gin- og klaufaveiki til landsins, eða annar hættulegur og næmur alidýrasjúkdómur, hefir atvinnumálaráðuneytið heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, er það telur nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu veikinnar.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 15. júní 1926, um innflutningsbann á dýrum o. fl.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **784. Frumvarp**

til laga um hvalveiðar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Allir skíðishvalir nema hrefnur skulu friðaðir fyrir skotum hvarvetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni, árið um kring, nema í ísvök sjeu eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt þvílíkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sje síldveiði eða veiðarfærum spilt.

Sýslunefndum skal þó heimilt að banna með samþyktum hrefnuveiðar í landhelgi, hverri á sínu sviði, enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþyktina.

2. gr.

Bannað er að hafa hvalveiðastöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema hann sje dauður fundinn, drepinn með þeim hætti, sem heimilt er samkv. 1. gr., eða til þess sje fengið sjerleyfi. Sjerleyfi veitir atvinnumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Fiskifjelags Íslands. Sjerleyfi skal bundið við ákveðinn fjölda veiðiskipa og veitist eigi lengur en til 10 ára í senn. Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið og þeir, sem sama rjettar njóta, enda hafi þeir verið búsettir í eitt ár hjer á landi og noti íslensk skip eingöngu til veiðanna.

3. gr.

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hver hvalveiðastöð greiði 3000 króna árgjald í ríkissjóð, og auk þess 1000 krónur fyrir hvert hvalveiðaskip.

Ennfremur skal sjerleyfishafi greiða öll opinber gjöld og tolla samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

Það skal og sett að skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur með bræðslu og breytingu úrgangs, beina, kjöts og innýfla í markaðshæfa vöru.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Svo skulu og afli og veiðarfæri upptæk, þegar um ólöglega veiði eða hagnýting er að ræða, og rennur andvirðið einnig í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44, 13. nóv. 1903, og lög nr. 18, 4. júní 1924.

Nd. **785. Tillaga**

til þingsályktunar um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson og Pjetur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að láta haldast áfram bann það gegn innflutningi á mjólkurafurðum og eggjum, er felst í auglýsingum atvinnumálaráðuneytisins 21. nóv. og 2. des. f. á. og 9. febr. þ. á., svo og að banna innflutning á káli og öðru hráðvöxnu grænmeti.

Ed. **786. Lög**

um smiði og rekstur strandferðaskips.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta smiða gufuskip til strandferða, af svipaðri stærð og Esja. Kostnaður við kaup og rekstur skipsins greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Skipið skal útbúið 70—80 ten. metra kælirúmi og hafa að minsta kosti 40 sjómílna vökuhraða. Farþegarúm skal vera 1. og 2. farrými.

3. gr.

Heimilt er stjórninni að taka lán til skipakaupanna, eftir því sem þörf kann að verða á.

Ed. **787. Lög**

um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

1. gr.

Í stað embætta bæjarfógeta og núverandi lögreglustjóra í Reykjavík komi þessi embætti: Lögmannsembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Undir lögmann komi þessi störf: Dómsmál, önnur en sakamál og almenn lögreglumál. Skiftamál, fógetagerðir, uppboð, þinglýsingar, nótarialgerðir, yfirfjárráð ólögráðra, borgaraleg hjónavígsla, hjónaskilnaðarmál, dómkvaðning manna og skipun þeirra opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af bæjarfógeta. Afgreiðsla leyfisbrjefa til að sitja í óskiftu búi. Kosningar til Alþingis.

3. gr.

Lögreglustjóri hefir á hendi: Lögreglustjórn, meðferð sakamála og almennra lögreglumála og að leggja dóm á þau. Strandmál, lögskráning skipshafna, mæling og skrásetning skipa. Heilbrigðismál, firmaskrásetning, vegabrjef, úrskurðun fátækramála, umsjón hegningarhússins í Reykjavík. Útnefning matsmanna og skoðunarmanna utan rjettar, afgreiðslu leyfisbrjefa til atvinnurekstrar, löggilding atvinnubóka, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, hlunninda og aflaskýrslur og manntal í Reykjavík.

4. gr.

Tollstjóri hefir forstjórn tollgæslu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til Slysatryggingarinnar, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, svo og innheimtu annara gjalda, sem lögreglustjóri hefir innheimt hingað til og ekki eru falin lögreglustjóra samkvæmt þessum lögum.

5. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar annars, hvernig skift skuli milli lögreglustjóra og tollstjóra störfum þeim, er fylgt hafa núverandi lögreglustjóraembætti og ekki eru sjerstaklega talin í 3. og 4. gr., og hver störf skuli falla undir embætti lögreglustjóra af þeim, sem hnigið hafa undir núverandi bæjarfógetaembætti, en eigi eru nefnd í 2. og 3. gr.

6. gr.

Verslunarstaðirnir Skildinganes við Skerjafjörð og Viðey heyra að öllu leyti undir umdæmi Reykjavíkur um tollgæslu og lögreglustjórn.

7. gr.

Um framkvæmd tollgæslu, hve margir skuli tollverðir og um skil á innheimtum gjöldum skipar fjármálaráðherra fyrir með reglugerð, svo og um innheimtulaun af uppboðsandvirði.

8. gr.

Lögmaður, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 kr., en launin hækka eftir 2, 4 og 6 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr., upp í 9000 kr.

Kostnaðurinn við rekstur þessara embætta greiðist úr landssjóði. Allar aukatekjur, er embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Alt það fje, sem

embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxtast til hagnaðar fyrir eigendur þess.

9. gr.

Rjett eiga umræddir embættismenn til að fá sjer skipaða fulltrúa til að framkvæma sjerstök störf, eftir því sem nauðsyn krefur.

10. gr.

Lög nr. 26, 26. okt. 1917, um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og um sjerstaka tollgæslu í Reykjavíkurkaupstað, eru úr gildi feld.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929. Frá sama tíma eru bæjarfógetaembættið og núverandi lögreglustjóraembætti í Reykjavík lögð niður.

Ed. **788. Lög**

um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

1. gr.

Stofna skal ungmennaskóla í Reykjavík, er veiti almenna fræðslu, bóklega og verklega, bæði piltum og stúlkum.

2. gr.

Tvær ársdeildir skulu vera í skólanum. Með leyfi stjórnarráðsins má bæta við framhaldsnámi hinn þriðja vetur í tilteknum hagnýtum námsgreinum.

3. gr.

Námsgreinar í skólanum skulu vera þessar: Íslenska, norðurlandamál, enska, bókmentafræði, saga, landafræði, náttúrufræði, hagfræði, fjelagsfræði, reikningur, söngur, teikning, íþróttir og, eftir því sem við verður komið, steinsmíði, trjesmíði, járnsmíði, netabæting, einfaldur fatasaumur og matreiðsla. Undanþágur má skólastjóri veita nemendum í einstökum námsgreinum, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

4. gr.

Við skóla þennan skipar stjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri jafnan njóta sömu launakjara og forstöðumaður kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara og fastir kennarar sama skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Þriggja manna skólanefnd hefir yfirstjórn skólans. Bæjarstjórn Reykjavíkur kýs með hlutfallskosningu tvo til þriggja ára, og fræðslumálastjórnin skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, til jafnlangs tíma. Skólanefndin starfar endurgjaldslaust.

6. gr.

Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans, ræður stundakennara og skiftir verkum með þeim. Skólanefnd semur reglugerð fyrir skólann um kenslu, próf og fl., er fræðslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd skal ennfremur undirbúa byggingu nauðsynlegra húsa fyrir skólann, ráða með skólastjóra bóka- og áhaldakaupum og annast fjárstjórn skólans.

7. gr.

Fyrir hverja 20 nemendur, er njóta ekki minni kenslu en 24 stundir á viku hverri, greiðist í skólasjóð úr ríkissjóði 1500 krónur og jafnmikið úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Sömu aðiljar leggja fram til helminga andvirði efnis við vinnukensluna. Fræðslumálastjórnin ákveður, að fengnum tillögum skólanefndar, skólagjöld nemenda, er renna í skólasjóð.

8. gr.

Skólaárið er frá 1. okt. til 1. maí.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **789. Lög**

um einkasölu á áfengi.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

1. gr.

Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem heimilt er að flytja til landsins og í er meira en $2^1/_4$% af vínanda að rúmmáli.

Lög þessi taka ekki til skipa, er koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef farið er með það samkvæmt áfengislögunum.

2. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr. og 2. gr. áfengislaganna, sbr. lög nr. 3, 4. apríl 1923, selur hún aðeins lyfsölum og læknum,

er rjett hafa til lyfjasölu, og öðrum þeim, er lög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna. Skal tekið fram í reglum þeim, hve mikið áfengi megi láta af hendi við hjeraðslækna, embættislausa lækna, dýralækna og lyfsala á hverju ári eða um ákveðið tímabil.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er um ræðir í 1. og 2. gr. þessara laga, leggur ríkissjóður fram.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita áfengisversluninni forstöðu. Hann, eða aðstoðarmaður hans, sem stýrir lyfjaversluninni, skal hafa lyfsalapróf, og má fela honum eftirlit með lyfjabúðum landsins. Lyfjadeildinni er skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús. Sjúkrahúslæknir annast um útvegun á þessum vörum handa sjúkrahúsum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus.

5. gr.

Forstöðumaður tekur laun úr ríkissjóði, og skulu þau vera 7500 kr. á ári ásamt verðstuðulsuppbót. Ríkisstjórninni er heimilt að ráða forstöðumann áfengisverslunarinnar og þá starfsmenn, er óhjákvæmilega þarf við daglegan rekstur hennar, til 5 ára í senn. Ríkisstjórnin getur þó vísað mönnum þessum úr þjónustu landsins, áður en samningstíminn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti.

6. gr.

Ráðherra skipar tvo menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og alls rekstrar og fær þeim erindisbrjef.

7. gr.

Leggja skal á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins, 25—75%, miðað við verð þess, að tolli meðtöldum, þegar það er komið í hús í Reykjavík. Lyf, er verslunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar.

Áfengisverslunin og útibú hennar mega ekki láta áfengi af hendi nema gegn borgun út í hönd. Þó skal heimilt að lána áfengi í lyf, ef brýna nauðsyn ber til.

8. gr.

Verslunin skal greiða lögákveðna tolla og aðflutningsgjöld af vörum þeim, er lög þessi ræða um. Skulu gjöldin greidd í Reykjavík, þar sem vöruna ber fyrst að flytja á land, og á þeim tíma og samkvæmt því, er tolllög og skattalög mæla fyrir.

9. gr.

Verslunin skal jafnan hafa forða af áfengi og vínanda í Reykjavík. Viðskiftamenn verslunarinnar greiði flutningskostnað varanna innanlands.

10. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Má þar ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í varasjóð.

11. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámark smásöluverðs á vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 200—40000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Nd. 790. Lög

um að undanþiggja Íslandsbanka inndráttarskyldu seðla árið 1928.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl).

Íslandsbanka skal ekki skylt að draga neitt af seðlum sínum úr umferð á árinu 1928.

Nd. 791. Lög

um vernd atvinnufyrirtækja gegn órjettmætum prentuðum ummælum.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl).

1. gr.

Hlutafjelög, samlagsfjelög, samvinnufjelög og önnur atvinnufyrirtæki, þar með talin þau, er rekin eru af hálfu hins opinbera, skulu njóta sömu

lagaverndar sem einstakir menn gegn órjettmætum prentuðum ummælum, sem fallin eru til að hnekkja atvinnurekstri þeirra.

2. gr.

Nú telur einhver þeirra aðilja, sem getur í 1. gr., sjer fjárhagslegt tjón gert með slíkum ummælum, og skulu þá bætur þær, er honum kunna að verða gerðar, miðast við tjón það, er hann færir sönnur á, að ummælin hafi bakað honum áður en hann hóf málssóknina.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **792. Þingsályktun**

um ellitryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn og undirbúning undir að koma á almennum ellitryggingum í landinu og leggja fyrir næsta þing tillögur í því efni.

Nd. **793. Þingsályktun**

um veðurspár.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að rannsaka, hvað valda muni, að veðurspár veðurstofunnar hafa gengið ver eftir nú en í fyrra og ráða bót á því, sem aflaga fer í því efni, eftir því sem unt er.

Nd. **794. Þingsályktun**

um endurskoðun laga um vátrygging sveitabæja.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða fyrir næsta þing lög nr. 35, frá 27. júní 1921, um vátrygging sveitabæja

og annara húsa í sveitum utan kauptúna, og um lausafjártryggingu, og undirbúa breytingar á þeim, m. a. í þá átt, að brunabótasjóðir hreppanna sjeu sameinaðir endurtryggingarsjóðnum, sem nú er, og að hann sje svo að öllu leyti sameiginlegur brunabótasjóður fyrir öll sveitabýli á landinu, og ennfremur athuga, hvort ekki verði unt að hækka brunabæturnar frá því, sem nú er, svo að þær verði greiddar að fullu, í stað $^5/_6$.

Nd. 795. Þingsályktun

um raforkuveitu til almenningsnota.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa raforkuveitu til almenningsnota á því svæði, sem staðhættir þykja bestir, með vatnsafli úr Árbæjarfossi eða Tungufossi í Rangám ytri og eystri, og hlutist til um að koma á raforkuveitufjelagi á svæðinu.

Nd. 796. Þingsályktun

um endurskoðun berklavarnalaganna.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til íhugunar, hvernig berklavörnum verði komið fyrir á tryggilegan hátt, en þó jafnframt dregið að mun úr hinum gífurlega kostnaði, er ríkissjóður hefir nú af ráðstöfunum í þeim efnum, og leggja lagafrumvarp um það efni fyrir næsta þing.

Nd. 797. Lög

um hvalveiðar.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl).

1. gr.

Allir skíðishvalir nema hrefnur skulu friðaðir fyrir skotum hvarvetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni, árið um kring, nema í ísvök sjeu eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt þvílíkan.

Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sje síldveiði eða veiðarfærum spilt.

Sýslunefndum skal þó heimilt að banna með samþyktum hrefnuveiðar í landhelgi, hverri á sínu sviði, enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþyktina.

2. gr.

Bannað er að hafa hvalveiðastöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema hann sje dauður fundinn, drepinn með þeim hætti, sem heimilt er samkv. 1. gr., eða til þess sje fengið sjerleyfi. Sjerleyfi veitir atvinnumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Fiskifjelags Íslands. Sjerleyfi skal bundið við ákveðinn fjölda veiðiskipa og veitist eigi lengur en til 10 ára í senn. Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið og þeir, sem sama rjettar njóta, enda hafi þeir verið búsettir í eitt ár hjer á landi og noti íslensk skip eingöngu til veiðanna.

3. gr.

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hver hvalveiðastöð greiði 3000 króna árgjald í ríkissjóð, og auk þess 1000 krónur fyrir hvert hvalveiðaskip.

Ennfremur skal sjerleyfishafi greiða öll opinber gjöld og tolla samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

Það skal og sett að skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur með bræðslu og breytingu úrgangs, beina, kjöts og innýfla í markaðshæfa vöru.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Svo skulu og afli og veiðarfæri upptæk, þegar um ólöglega veiði eða hagnýting er að ræða, og rennur andvirðið einnig í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44, 13. nóv. 1903, og lög nr. 18, 4. júní 1924.

Nd. **798. Þingsályktun**

um útvarp.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að sjá um, að tekinn verði upp aftur útvarpsrekstur sem allra fyrst.

Nd. 799. Þingsályktun

um vísindarannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka fyrir næsta þing, á hvern hátt verði best fyrir komið vísindarannsóknum fyrir atvinnulíf landsmanna, svo sem efnafræðirannsóknum, rannsóknum í líffræðisfræði og fjörvirannsóknum (vitamina), og m. a. athuga, hvort ekki muni hyggilegt að stofna við háskólann sjerstakt embætti í þessum tilgangi.

Nd. 800. Þingsályktun

um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að láta haldast áfram bann það gegn innflutningi á mjólkurafurðum og eggjum, er felst í auglýsingum atvinnumálaráðuneytisins 21. nóv. og 2. des. f. á. og 9. febr. þ. á., svo og að banna innflutning á káli og öðru hraðvöxnu grænmeti.

---

sþ. sol. Nefndaskipun 1928.

1.

Fastanefndir í deildum.

A.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Ingvar Pálmason, formaður,
Björn Kristjánsson,
Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Nefndin bætti við sig tveimur mönnum, þeim
Einari Árnasyni og
Jóni Þorlákssyni,
og tóku þeir sæti í nefndinni 20. febr.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfjelags Íslands (73*, n. 188).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912 (118, n. 189).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
3. Frv. til laga um atvinnurekstrarlán (128, n. 512 (1. minni hl.) og 590 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Jón Þorláksson.
   Frsm. 2. minni hl.: Jón Baldvinsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (185, n. 254).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.

---

*) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er um þau mál, er nefndirnar flytja.

Fastanefndir Ed.: Fjárhagsnefnd.

5. Till. til þál. um að fella niður útflutningsgjald af síld, er seld var til Rússlands 1927 (172, n. 330).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
6. Frv. til laga um, að aðstoðarlæknissýslanirnar í Ísafjarðarhjeraði og Akureyrarhjeraði skuli lagðar niður (186).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands (198, n. 477 (meiri hl.) og 517 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. minni hl.: Björn Kristjánsson.
8. Frv. til laga um atvinnuleysistryggingar (201).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl. (206, n. 359 (minni hl.) og 362 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Björn Kristjánsson.
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
10. Frv. til laga um útflutningsgjald af síldarlýsi (205, n. 360 (minni hl.) og 361 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Björn Kristjánsson.
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
11. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll (212, n. 372 (1. minni hl.) og 382 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Jón Þorláksson.
   Frsm. 2. minni hl.: Ingvar Pálmason.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
12. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum (213, n. 371 (1. minni hl.) og 381 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Jón Þorláksson.
   Frsm. 2. minni hl.: Ingvar Pálmason.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
13. Till. til þál. um hagskýrslur (215, n. 375).
   Frsm.: Jón Þorláksson.
14. Frv. til laga um eignarnám á jörðinni Reykhólum (240, n. 557).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
15. Frv. til laga um veðlánasjóð fiskimanna (253, n. 739).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
16. Frv. til laga um samstjórn tryggingastofnana landsins (296, n. 577 (meiri hl.) og 583 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Einar Árnason.
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
17. Frv. til laga um niðurlagning Þingvallaprestakalls (299, n. 499 (meiri hl.) og 523 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags- og fjárveitinganefndir.

18. Frv. til laga um forstjórn póst- og símamála (350, n. 599 (meiri hl.) og 606 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Einar Árnason.
Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
19. Frv. til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands (363, n. 420).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
20. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka (5, n. 455).
Frsm.: Einar Árnason.
21. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1926 (2, n. 625).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
22. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1926 (3, n. 624).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
23. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa (610, n. 633).
Frsm.: Jón Baldvinsson.
24. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka (612, n. 652 (meiri hl.) og 664 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Frsm. minni hl.: Björn Kristjánsson.
25. Frv. til laga um hlunnindi fyrir lánsfjelag (708, n. 738).
Frsm.: Einar Árnason.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um að undanþiggja Íslandsbanka inndráttarskyldu seðla árið 1928 (651).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands (198).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
2. Till. til þál. um skipun milliþinganefndar í tolla- og skattalöggjöf landsins (588).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

2. *Fjárveitinganefnd:*

Einar Árnason, formaður.
Jóhannes Jóhannesson,
Páll Hermannsson, fundaskrifari,
Ingibjörg H. Bjarnason,
Erlingur Friðjónsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárveitinga-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1929 (493, n. 639).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1927 (399, n. 704).
   Frsm.: Páll Hermannsson.

3. Samgöngumálanefnd:

Páll Hermannsson, formaður,
Halldór Steinsson,
Einar Árnason, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

Frv. til laga um smíði og rekstur strandferðaskips (548, n. 721 (meiri hl.) og 744 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Páll Hermannsson.
Frsm. minni hl.: Halldór Steinsson.

Frá nefndinni kom ennfremur:

Nál. um flóaferðir (679), og var það tekið til meðferðar við 3. umr. fjárlagafrv.
Frsm.: Halldór Steinsson.

4. Landbúnaðarnefnd:

Einar Árnason, formaður,
Jónas Kristjánsson,
Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl. (7, n. 54).
   Frsm.: Einar Árnason.
2. Frv. til laga um búfjártryggingar (16, n. 88 (meiri hl.) og 109 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Einar Árnason.
   Frsm. minni hl.: Jónas Kristjánsson.
3. Frv. til laga um kynbætur nautgripa (25, n. 122).
   Frsm.: Einar Árnason.
4. Frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins (17, n. 313 (meiri hl.) og 358 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Einar Árnason.
   Frsm. minni hl.: Jónas Kristjánsson.
5. Frv. til laga um Byggingar- og landnámssjóð (26, n. 243).
   Frsm.: Einar Árnason.
6. Frv. til laga um tilbúinn áburð (30, n. 155 (meiri hl.) og 228 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. minni hl.: Jónas Kristjánsson.
7. Frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886 (56, n. 364).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.

8. Frv. til laga um að stofna nýbýli (200, n. 426 (minni hl.) og 427 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. meiri hl.: Einar Árnason.
9. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla (304, n. 354).
   Frsm.: Jónas Kristjánsson.
10. Frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923 (402, n. 545).
   Frsm.: Einar Árnason.
11. Frv. til laga um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi (440, n. 627 (meiri hl.) og 653 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. minni hl.: Jónas Kristjánsson.
12. Frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá (547).
   Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til laga um fiskiræktarfjelög (551).
   Nefndarálit kom ekki.

5. *Sjávarútvegsnefnd:*
   Erlingur Friðjónsson, formaður,
   Halldór Steinsson,
   Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld og síldarafurðum (46).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til laga um síldarmat (41).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til laga um aukna landhelgisgæslu (53, n. 134).
   Frsm.: Halldór Steinsson.
4. Frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd (90, n. 558).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
5. Frv. til laga um verkakaupsveð (105, n. 271).
   Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
6. Frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld (113, n. 154 (meiri hl.) og 190 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Halldór Steinsson.
7. Frv. til laga um stofnun síldarbræðslustöðva á Norðurlandi (170, n. 376).
   Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
8. Frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913 (321, n. 462).
   Frsm.: Erlingur Friðjónsson.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs-, mentamála- og allsherjarnefndir.

9. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum (44, n. 556 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Erlingur Friðjónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
10. Frv. til laga um hvalveiðar (560, n. 734 (minni hl.) og 742 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Erlingur Friðjónsson.
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
11. Frv. til laga um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi (542, n. 703).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.

6. *Mentamálanefnd:*

Páll Hermannsson, formaður,
Jón Þorláksson,
Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um mentamálanefnd Íslands (9, n. 85 (minni hl.) og 101 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
   Frsm. meiri hl.: Erlingur Friðjónsson.
2. Frv. til laga um fræðslumálanefndir (11, n. 171).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
3. Frv. til laga um menningarsjóð (22, n. 256).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
4. Frv. til laga um gagnfræðaskóla Reykjavíkur (32, n. 475).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
5. Frv. til laga um sundhöll í Reykjavík (132, n. 451).
   Frsm.: Jón Þorláksson.
6. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 43, 30. júlí 1909 [Prentsmiðjur] (277, n. 452).
   Frsm.: Páll Hermannsson.

7. *Allsherjarnefnd:*

Jón Baldvinsson, formaður,
Jón Þorláksson,
Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Nefndin bætti við sig tveim mönnum 7. mars, þeim
Páli Hermannssyni og
Jóhannesi Jóhannessyni,
til þess að eiga hlut í meðferð frv. til áfengislaga og frv. til laga um gjaldþrotaskifti, en að öðru leyti tóku þeir ekki þátt í störfum nefndarinnar.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um friðun Þingvalla (23, n. 89 (meiri hl.) og 143 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.

2. Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð (12, n. 82 (meiri hl.) og 86 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
3. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (35, n. 63 (meiri hl.) og 69 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
4. Frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði (40, n. 107 (meiri hl.) og 108 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
5. Frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (45, n. 115 (meiri hl.) og 131 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
6. Frv. til laga um vernd atvinnufyrirtækja gegn órjettmætum prentuðum ummælum (33, n. 336 (minni hl.) og 341 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða (49, n. 116 (meiri hl.) og 130 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör (51, n. 484 (minni hl.) og 490 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
9. Frv. til laga um löggilding verslunarstaðar í Bervík í Snæfellsnessýslu (55, n. 136).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
10. Frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim (34, n. 326 (meiri hl.) og 380 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
11. Frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915 (64, n. 175).
   Frsm.: Jón Þorláksson.
12. Frv. til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum (20, n. 297).
   Frsm.: Jón Þorláksson.
13. Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar (66, n. 137).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.

Fastanefndir Ed: Allsherjarnefnd.

14. Frv. til laga um nauðungaruppboð á fasteignum og skipum (37, n. 273).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
15. Till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að skýra frá rannsókn á embættisfærslu í Barðastrandarsýslu (81).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík (99, n. 337 (meiri hl.) og 413 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
    Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
17. Frv. til laga um sölu á landi Garðakirkju í Hafnarfirði (41, n. 197).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
18. Frv. til áfengislaga (133, n. 535 (meiri hl.) og 549 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
    Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
19. Frv. til hjúalaga (153, n. 329).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
20. Frv. til laga um þinglýsing skjala og aflýsing (187, n. 446).
    Frsm.: Jón Þorláksson.
21. Frv. til laga um gjaldþrotaskifti (181).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 11, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík (183, n. 442).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
23. Frv. til laga um einkasölu á áfengi (194, n. 565).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
24. Frv. til laga um skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi (36, n. 286 (meiri hl.) og 302 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
    Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
25. Frv. til laga um heimild hreppstjóra til að framkvæma lögtak og fjárnám (235, n. 461).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
26. Frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi (334, n. 449).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
27. Frv. til laga um tannlækningar (367).
    Nefndarálit kom ekki.
28. Frv. til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar (369, n. 629).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
29. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar (430, n. 598).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd. — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

30. Frv. til laga um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana (443, n. 631).
Frsm.: Jón Þorláksson.
31. Frv. til laga um varasáttanefndarmenn í Reykjavík (392, n. 602).
Frsm.: Jón Þorláksson.
32. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysatryggingar (509, n. 567).
Frsm.: Jón Þorláksson.
33. Frv. til laga um samþyktir um sjúkraskýli og læknisbústaði (501, n. 678).
Frsm.: Jón Þorláksson.
34. Frv. til laga um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá (521, n. 603).
Frsm.: Jón Baldvinsson.
35. Frv. til laga um atvinnuleysisskýrslur (634, n. 696 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Garða á Akranesi (169).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

B.

Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Hannes Jónsson,
Ólafur Thors,
Halldór Stefánsson, formaður,
Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari,
Sigurður Eggerz.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að byggja hús fyrir opinberar skrifstofur (13).
Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til laga um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfjelags Íslands (21, n. 58).
Frsm.: Halldór Stefánsson.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (6, n. 125).
Frsm.: Hannes Jónsson.
4. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1926 (2, n. 515).
Frsm: Halldór Stefánsson.
5. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1926 (3, n. 516).
Frsm.: Halldór Stefánsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhagsnefnd.

6. Frv. til laga um framlenging á gildi laga um verðtoll af nokkrum vörum (4).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka (5, n. 241 (1. minni hl.), 264 (2. minni hl.) og 275 (3. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Sigurður Eggerz.
   Frsm. 2. minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
   Frsm. 3. minni hl: Ólafur Thors.
8. Frv. til laga um einkasölu á tóbaki (203, n. 543 (1. minni hl.), 573 (2. minni hl.) og 576 (3. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl: Sigurður Eggerz.
   Frsm. 2. minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
   Frsm. 3. minni hl: Halldór Stefánsson.
9. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka (219, n. 401 (meiri hl.) og 423 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
   Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.
10. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 75, 27. júní 1921, um stimpilgjald (239, n. 421 (meiri hl.) og 476 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Sigurður Eggerz.
    Frsm. minni hl.: Hannes Jónsson.
11. Frv. til laga um hlunnindi fyrir lánsfjelag (317, n. 684).
    Frsm.: Halldór Stefánsson.
12. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa (400, n. 546).
    Frsm.: Hjeðinn Valdimarsson.
13. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl. (406, n. 740 (minni hl.) og 749 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl: Ólafur Thors.
    Frsm. meiri hl.: Halldór Stefánsson.
14. Frv. til laga um útflutningsgjald af síldarlýsi (407, n. 726 (meiri hl.) og 741 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Halldór Stefánsson.
    Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.
15. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll (418, n. 552 (meiri hl.) og 589 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Hannes Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.
16. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum (213, n. 596).
    Frsm.: Sigurður Eggerz.
17. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka

Íslands (579, n. 698 (meiri hl.), 713 (annar minni hl.) og 714 (hinn minni hl.)).
Frsm.: meiri hl.: Halldór Stefánsson.
Frsm. annars minni hl.: Ólafur Thors.
Frsm. hins minni hl.: Sigurður Eggerz.

18. Frv. til laga um niðurlagning Þingvallaprestakalls (299).
Nefndarálit kom ekki.

19. Frv. til laga um atvinnurekstrarlán (619).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands (281).
Frsm.: Sigurður Eggerz.

2. *Fjárveitinganefnd:*

Ingólfur Bjarnarson, fundaskrifari,
Pjetur Ottesen,
Þorleifur Jónsson, formaður,
Magnús Torfason,
Jón Sigurðsson,
Haraldur Guðmundsson,
Bjarni Ásgeirsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1929 (1, n. 293).
Frsm. fyrri hl. (1.—13. gr.): Ingólfur Bjarnarson.
Frsm. síðari hl. (14.—25. gr.): Bjarni Ásgeirsson.

2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1927 (399, n. 559).
Frsm.: Ingólfur Bjarnarson.

3. *Samgöngumálanefnd:*

Hannes Jónsson, fundaskrifari,
Hákon Kristófersson,
Gunnar Sigurðsson, formaður,
Sigurjón Á. Ólafsson,
Magnús Guðmundsson.

Hinn 4. febr. urðu þau mannaskifti í nefndinni, að Magnús Guðmundsson vjek þaðan, en í hans stað tók þar sæti
Jón Auðunn Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um smíði og rekstur strandferðaskips (15, n. 248 (minni hl.) og 335 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Hannes Jónsson.
Frsm. meiri hl.: Jón Auðunn Jónsson.

2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög] (79).
Nefndarálit kom ekki.

Frá nefndinni kom ennfremur:

Nefndarálit um flóaferðir (437), og var það tekið til meðferðar við 3. umr. fjárlagafrv.

Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.

4. Landbúnaðarnefnd:

Jörundur Brynjólfsson,
Jón Ólafsson, fundaskrifari,
Bernharð Stefánsson,
Lárus Helgason, formaður,
Einar Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um dýralækna (18, n. 210 (minni hl.) og 226 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jörundur Brynjólfsson.
   Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
2. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla (27, n. 217).
   Frsm.: Jón Ólafsson.
3. Frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923 (29, n. 282).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
4. Frv. til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl. (67, n. 119).
   Frsm.: Lárus Helgason.
5. Frv. til laga um dýralækna (65, n. 225).
   Frsm.: Einar Jónsson.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla (114).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til laga um búfjártryggingar (139, n. 388).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
8. Frv. til laga um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi (149, n. 405).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
9. Frv. til laga um kynbætur nautgripa (138, n. 287).
   Frsm.: Lárus Helgason.
10. Frv. til laga um sauðfjárbaðanir (177).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til laga um Byggingar- og landnámssjóð (278, n. 425).
    Frsm.: Jón Ólafsson.
12. Frv. til laga um fiskiræktarfjelög (295, n. 473).
    Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
13. Frv. til laga um tilbúinn áburð (260, n. 447).
    Frsm.: Lárus Helgason.
14. Frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá (346, n. 432).
    Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.

15. Frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins (397, n. 514).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
16. Frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886 (415).
Nefndarálit kom ekki.

5. Sjávarútvegsnefnd:

Sveinn Ólafsson, formaður,
Jóhann Jósefsson, fundaskrifari,
Sigurjón Á. Ólafsson,
Jörundur Brynjólfsson,
Ólafur Thors.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum (44, n. 180 (meiri hl.) og 263 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.
2. Frv. til laga um skyldu útgerðarmanns til að tryggja fatnað og muni lögskráðs skipverja (59).
Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til laga um hvalveiðar (80, n. 231 (minni hl.) og 279 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
4. Frv. til laga um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa (91, n. 355 (meiri hl.) og 613 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
Frsm. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
5. Frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913 (140, n. 288).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
6. Frv. til laga um aukna landhelgigæslu (162, n. 266).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
7. Frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld (234, n. 456 (meiri hl.) og 494 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.
8. Frv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands (214, n. 553 (minni hl.) og 611 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
9. Frv. til laga um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi (312, n. 481).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.

10. Frv. til laga um verkakaupsveð (320).
Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til laga um stofnun síldarbræðslustöðva á Norðurlandi (414, n. 539 (minni hl.) og 555 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.
Frsm. meiri hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
12. Till. til þál. um að fella niður útflutningsgjald af síld, er seld var til Rússlands 1927 (416, n. 656).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

6. *Mentamálanefnd:*

Ásgeir Ásgeirsson, formaður,
Magnús Jónsson,
Bernharð Stefánsson, fundaskrifari*),
Lárus Helgason,
Jóhann Jósefsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um sundhöll í Reykjavík (10, n. 106).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
2. Frv. til laga um gagnfræðaskóla á Ísafirði (60).
Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til laga um samskóla Reykjavíkur (70, n. 621 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
4. Frv. til laga um heimavistir við hinn almenna mentaskóla (75, n. 276 (meiri hl.) og 284 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
Frsm. minni hl.: Sveinn Ólafsson.
5. Frv. til laga um mentamálanefnd Íslands (9, n. 308).
Frsm.: Sveinn Ólafsson.
6. Frv. til laga um fræðslumálanefndir (220, n. 300).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
7. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 43, 30. júlí 1909 [Prentsmiðjur] (277, n. 306).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
8. Frv. til laga um menningarsjóð (291, n. 620).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
9. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 56, 31. maí 1927, um skemtanaskatt og þjóðleikhús (348, n. 750 (minni hl.) og 751 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.

*) Hinn 31. jan. urðu þau mannaskifti í mentamála- og allsherjarnefndum, að Sveinn Ólafsson tók sæti í mentamálanefnd, en Bernharð Stefánsson aftur í allsherjarnefnd, og var þá Sveinn Ólafsson kosinn fundaskrifari í mentamálanefnd.

10. Frv. til laga um gagnfræðaskóla Reykjavíkur (526, n. 692).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 30. júlí 1909, um stofnun háskóla (439).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

7. *Allsherjarnefnd:*
Sveinn Ólafsson*),
Magnús Guðmundsson,
Gunnar Sigurðsson, formaður,
Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari,
Hákon Kristófersson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana (24, n. 270 (minni hl.) og 274 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
Frsm. meiri hl.: Gunnar Sigurðsson.
2. Frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á viðvarpi (8, n. 262).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.
3. Frv. til hjúalaga (14, n. 127).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
4. Frv. til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum (20, n. 71).
Frsm.: Hjeðinn Valdimarsson.
5. Frv. til laga um skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi (36, n. 77 (meiri hl.) og 103 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
Frsm. minni hl.: Hákon Kristófersson.
6. Frv. til laga um nauðungaruppboð á fasteignum og skipum (37, n. 76).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.
7. Frv. til laga um þinglýsing skjala og aflýsing (38, n. 104).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.
8. Frv. til laga um breyting á lögum um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29, 16. des. 1885 (39, n. 167).
Frsm.: Hákon Kristófersson.
9. Frv. til laga um sölu á landi Garðakirkju í Hafnarfirði (41, n. 93).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
10. Frv. til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku (28).
Nefndarálit kom ekki.

---

*) Hinn 31. jan. fór Sveinn Ólafsson úr nefndinni, en í hans stað kom Bernharð Stefánsson (sjá aths. við mentmn.).

11. Frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915 (47).
Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar (61, n. 250 (meiri hl.) og 290 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
Frsm. minni hl.: Magnús Guðmundsson.
13. Frv. til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar (78, n. 193).
Frsm.: Hjeðinn Valdimarsson.
14. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysatryggingar (84, n. 410).
Frsm.: Hjeðinn Valdimarsson.
15. Frv. til laga um löggilding verslunarstaðar á Vattarnesi í Suður-Múlasýslu (102).
Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfurjettinda (111, n. 236).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.
17. Till. til þál. um endurskoðun fátækralaganna (87, n. 211 (meiri hl.) og 257 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
Frsm. minni hl.: Magnús Guðmundsson.
18. Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð (129, n. 259 (minni hl.) og 322 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Magnús Guðmundsson.
Frsm. meiri hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
19. Frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði (152, n. 319 (meiri hl.) og 373 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Gunnar Sigurðsson.
Frsm. minni hl.: Magnús Guðmundsson.
20. Frv. til laga um að banna næturvinnu við ferming og afferming skipa og báta í Reykjavík og Hafnarfirði (163).
Nefndarálit kom ekki.
21. Frv. til laga um löggilding verslunarstaða (160, n. 258).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.
22. Frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (45, n. 492 (meiri hl.) og 503 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Gunnar Sigurðsson.
Frsm. minni hl.: Magnús Guðmundsson.
23. Frv. til laga um friðun Þingvalla (168, n. 482 (meiri hl.) og 508 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
Frsm. minni hl.: Magnús Guðmundsson.

24. Frv. til laga um samþyktir um sjúkraskýli og læknisbústaði (178, n. 470).
Frsm.: Hákon Kristófersson.
25. Frv. til laga um atvinnuleysisskýrslur (164, n. 568).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.
26. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febr. 1902, um greiðslu verkkaups (199).
Nefndarálit kom ekki.
27. Frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915 (221, n. 269 (meiri hl.) og 292 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
Frsm. minni hl.: Magnús Guðmundsson.
28. Frv. til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Garða á Akranesi (169, n. 285).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.
29. Frv. til laga um opinber reikningsskil hlutafjelaga (202).
Nefndarálit kom ekki.
30. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, nm laun embættismanna (195, n. 328).
Frsm.: Hjeðinn Valdimarsson.
31. Frv. til laga um eignarnám á Nikulásarkeri í Norðurá (255, n. 325).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
32. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn (268, n. 431).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.
33. Frv. til laga um sölu á spildu úr prestssetursjörðinni Kálfholti (403).
Nefndarálit kom ekki.
34. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 11, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík (464, n. 522).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.
35. Frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim (433, n. 661 (1. minni hl.), 665 (2. minni hl.) og 674 (3. minni hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Gunnar Sigurðsson.
Frsm. 2. minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
Frsm. 3. minni hl.: Hákon Kristófersson.
36. Frv. til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík (466, n. 649 (meiri hl.) og 675 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Gunnar Sigurðsson.
Frsm. minni hl.: Magnús Guðmundsson.
37. Frv. til áfengislaga (608, n. 658 (meiri hl.) og 685 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Magnús Guðmundsson.
Frsm. minni hl.: Hákon Kristófersson.
38. Frv. til laga um einkasölu á áfengi (609, n. 702 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Gunnar Sigurðsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

39. Frv. til laga um samstjórn tryggingastofnana landsins (296, n. 732 meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar (66).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.
2. Till. til þál. um þýðing og gildi þinglýsinga (147).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.
3. Frv. til laga um varasáttanefndarmenn í Reykjavík (392).
Frsm.: Hákon Kristófersson.

C.

Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.*

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er fjölrituð var og útbýtt meðal þingmanna.

2.

Lausanefnd í efri deild.

Stjórnarskrárnefnd:

Ingvar Pálmason, formaður,
Jóhannes Jóhannesson,
Páll Hermannsson,
Halldór Steinsson,
Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.

Nefndin kosin til að íhuga:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands (19, n. 62 (meiri hl.) og 68 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Frsm. minni hl.: Halldór Steinsson.

3.

Nefndir kosnar af sameinuðu þingi.

1. *Kjörbrjefanefnd:*
Gunnar Sigurðsson, fundaskrifari,
Magnús Guðmundsson,
Sveinn Ólafsson, formaður,
Hjeðinn Valdimarsson,
Sigurður Eggerz.

Nefndin tók til rannsóknar:
kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu (kjörbrjef Jóns Auðuns Jónssonar) (n. 48 [Hj. V.] og 50 [Sv. Ó., Gunn. S., M. G., S. E.]).

2. *Þingfararkaupsnefnd:*
Þorleifur Jónsson,
Halldór Steinsson,
Guðmundur Ólafsson, formaður,
Pjetur Ottesen, fundaskrifari,
Bernharð Stefánsson.

3. *Utanríkismálanefnd:*
Benedikt Sveinsson, formaður,
Jón Þorláksson,
Ásgeir Ásgeirsson, fundaskrifari,
Sigurður Eggerz,
Bjarni Ásgeirsson,
Ólafur Thors,
Hjeðinn Valdimarsson.

sþ.

802. Skrá

um erindi þau, er bárust Alþingi 1928.

— Raðað eftir stafrófsröð. —

Aðflutningsgjald, sjá Saltfiskur.
Afurðasala, sjá Markaður.
Agnar J. Norðfjörð, sjá Námsstyrkur 1.
Alidýrasjúkdómar, sjá Gin- og klaufaveiki.
Alþingishátíð, undirbúningsnefnd, sjá Hljómsveit Reykjavíkur, Lúðrasveit Reykjavíkur, Vegamál 18.
Alþjóðafundur í Budapest. Erindi frá utanríkisstjórninni í Khöfn, dags. 24. ág. 1927, ásamt 7 fskj., viðvíkjandi alþjóðafundi í Budapest sumarið 1929 um ferðamannamál og sýningu þar á ferðaútbúnaði og öllu, sem við kemur ferðalögum. Með brjefi atvmrn. 21. jan. ásamt umsögn ferðamannafjelagsins Heklu. (Nd. 46).
Alþjóðahjálparstarfsemi. Nokkur brjef og skjöl frá utanríkisráðuneytinu danska, er snerta alþjóðafjelagsskap til hjálparstarfsemi meðal þjóða, sem verða fyrir stórfeldum slysum eða tjóni af völdum náttúrunnar. Umsögn um málið frá formanni Rauðakross Íslands. Með brjefi forsrh. 10. mars. (Nd. 311).
Alþjóðaskrifstofan í Lausanne, sjá Stórstúka Íslands 2.
Alþýðufræðsla stúdentafjelagsins, sjá Stúdentafjelag Reykjavíkur.
Alþýðuskólar.

1. H/f Hvítárbakki sækir um 1000 kr. styrk til þess að halda uppi námsskeiðum og námi við Hvítárbakkaskóla í trjeskurði, vefnaði o. fl., er lýtur að heimilisiðnaði. Brjef 4. febr. (Nd. 150).
2. Sama fjelag sækir um 8000 kr. styrk til miðstöðvarhitunar í Hvítárbakkaskóla. Brjef 4. febr. (Nd. 148).
3. Ludvig Guðmundsson á Hvítárbakka sendir fundarsamþyktir frá Hvanneyri viðvíkjandi byggingu alþýðuskóla fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Brjef 9. febr. (Nd. 212).
4. Skólaráð alþýðuskóla Þingeyinga á Laugum fer þess á leit, að breytt verði hlutfalli því, sem er um framlag ríkisins til stofnkostnaðar skólans, úr $^{2}/_{5}$ í $^{1}/_{2}$, svo hægt sje að ljúka við byggingu skólahússins. Brjef 4. jan. 4 fskj. (Nd. 90).

Andrjes J. Straumland, sjá Námsstyrkur 2.
Arnar, sjá Ottó.
Arnarhólstún, sjá Byggingarlóð.
Atvinnuleysistryggingar. Verkamannafjelagið Dagsbrún skorar á Alþingi að

afgreiða sem lög frv. um atvinnuleysistryggingar, er liggur fyrir þinginu. Brjef 25. febr. (Nd. 274). Sjá ennfr. Sjómannafjelag Vestmannaeyja.

Atvinnurekstrarlán.

1. Aðalfundur kaupfjelags Hvammsfjarðar í Ásgarði skorar á Alþingi að hrinda nú þegar í framkvæmd lagasetningu um atvinnurekstrarlán í svipaðri mynd og nú liggur fyrir Alþingi. Símsk. 31. mars. (Nd. 334).
2. Eftirlitsmaðurinn með bönkum og sparisjóðum sendir fjárhagsnefnd álit sitt um frv. til laga um atvinnurekstrarlán. Brjef 5. mars. (Ed. 25).
3. Stjórn Landsbankans lætur fjárhagsnefnd í tje álit sitt um frv. til laga um atvinnurekstrarlán. Brjef 28. febr. (Ed. 23).

Austur-Landeyjahreppur, sjá Vegamál 8 og 22.

Axel Guðmundsson, sjá Námsstyrkur 3.

Áfengissektir. Fjármálaráðuneytið sendir mentmn. skýrslu um tekjur ríkissjóðs af upptæku áfengi og áfengissektum. Brjef 17. febr. (Ed. 19).

Álafoss, klæðaverksmiðja, sjá Iðjufjelag.

Álftavershreppur í Vestur-Skaftafellssýslu sækir um 1800 kr. lán úr viðlagasjóði til fyrirhleðslu árinnar Skálmar. Brjef 17. des. 1927. 1 fskj. (Nd. 106).

Árni Friðriksson, sjá Námsstyrkur 4 og 5.

Árni S. Björnsson, sjá Námsstyrkur 6.

Ásgarður, sjá Gin- og klaufaveiki 8.

Ásgeir Einarsson, sjá Námsstyrkur 7.

Ásgeir Sigurðsson, sjá Námsstyrkur 8.

Áslaug Bjarnadóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfje 13.

Ásólfsstaðir, sjá Gististaðir 3.

Áveitufjelag Þingbúa, sjá Búnaðarfjelag Íslands 3.

B*andalag kvenna* sækir um 5000 kr. styrk til þess að láta rita sögu eða drög til sögu íslenskra kvenna, sem ætlast er til að komi út árið 1930. Brjef 3. febr. (Nd. 175).

Bankamál.

1. Milliþinganefndin í landbúnaðarmálum beinir þeirri málaleitun til stjórnarinnar, að hún hlutist til um að Landsbankinn láti öll lán, sem trygð eru með jarðarveði, sitja fyrir öðrum lánum úr þeim veðdeildarflokki, sem nú er verið að lána út. Brjef 29. nóv. 1927. (Nd. 18, liv).
2. Brjef Landsbanka Íslands til fjhn., dags. 10. febr., viðvíkjandi starfsemi þriggja síðustu flokka veðdeildarinnar. (Nd. 208).
3. Bankaráð Landsbankans sendir fjárhagsnefnd útskrift úr fundabók ráðsins, dags. 28. febr., ásamt umsögn bankastjórnarinnar, dags. s. d., um frv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands. Brjef 28. febr. (Ed. 24).

Sjá ennfr. Atvinnurekstrarlán.

Barnafræðsla. Tillögur fræðslumálastjóra um fjárveitingar til barnafræðslu 1929. Brjef 17. nóv. 1927. (Nd. 18, xxiii).

Barnaskólar.

1. Bæjarstjórn Akureyrar sækir um ríkisábyrgð á alt að 120 þús. kr. láni til barnaskólabyggingar, gegn framlagi þriðjungs byggingarkostnaðar úr bæjarsjóði án lántöku. Brjef 11. jan. (Nd. 26).
2. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði beinir til Alþingis áskorun bæjarstjórnarinnar þar um fjárveitingu úr ríkissjóði til greiðslu á kostnaði þeim, er leiddi af teikningum, útboði og eftirliti með byggingu hins nýja barnaskóla, alt að 10 þús. kr. Brjef 9. febr. 1 fskj. (Nd. 215).

Bátaferðir, sjá Strandferðir.

Bátaútvegur, sjá Lánsstofnun.

Benedikt Elfar sækir um 3000 kr. árlegan styrk til þess að halda áfram söngkenslu á Akureyri og efla sönglíf og hljómlist norðanlands. Brjef 4. mars. 4 fskj. (Nd. 326).

Bergþóra Brynjólfsdóttir, sjá Námsstyrkur 10.

Berklavarnir. Brjef atv.- og samgmrn. til allshn. Nd., dags. 27. mars, viðvíkjandi greiðslu sýslufjelaga upp í berklavarnakostnað. (Nd. 332). Sjá ennfr. Hjálparstöð, Líkn.

Bernarsambandið. Álit nefndar, er fyrv. forsrh. skipaði til þess að íhuga, hvort tiltækilegt þætti, að Ísland gengi í Bernarsambandið, ásamt nokkrum fskj. Með brjefi forsrh. 17. febr. (Nd. 262).

Bervík, sjá Dritvík.

Bjargráðasjóður, sjá Eftirgjöf á lánum 4 og 5.

Bjarni Jósefsson, sjá Launamál 1.

Bjarni Sæmundsson sækir um 1200 kr. til ferðalaga og aðstoðar við fiskirannsóknir. Brjef 18. nóv. 1927. (Nd. 18, xxxvii). Sjá ennfr. Jarðfræðirannsóknir, Náttúrufræðifjelagið.

Bjóluósar, sjá Ólafur Ólafsson.

Björg Þorláksdóttir.

1. Dr. Björg Þorláksdóttir sækir um 2000 kr. ritstyrk næstu tvö ár. Brjef 21. jan. (Nd. 121).
2. Sama fer þess á leit, að greiddar verði úr ríkissjóði eftirstöðvar af útgáfukostnaði hinnar íslensk-dönsku orðabókar Sigfúsar Blöndals, alls 34 þús. kr. Brjef 24. jan. 2 fskj. (Nd. 68).

Sjá ennfr. Ríkisborgararjettur 1.

Björn Björnsson, sjá Listiðnaður 1.

Björn Gunnlaugsson, sjá Námsstyrkur 9.

Björn K. Þórólfsson sækir um 2500 kr. til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða, sem geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn. Brjef 2. og 30. ág. 1927. 2 fskj. (Nd. 18, xlvii).

Björn P. Kalman sækir fyrir hönd Páls Bjarnasonar um styrk til að semja íslenska orðtengdafræði. — Umsókninni fylgja rit þau, er í henni getur. Brjef 23. mars. (Ed. 44).

Blaðamannafjelagið.
Stjórn Blaðamannafjelagsins sækir um 4000 kr. styrk, til þess að fjelagið geti styrkt blaðamenn þá, er sækja vildu alheimssýningu blaðamanna í Köln næstkomandi sumar. Brjef 21. mars. (Ed. 43).
Blindrastyrkur. Umsókn um styrk handa Sigurbjörgu Sveinsdóttur til verklegs náms á heimili fyrir blindar stúlkur. Brjef 28. jan. 2 fskj. (Nd. 120).
Bolungavík, sjá Hafnir og lendingabætur 6, Sundlaugar 2.
Borgarfjarðarbraut, sjá Vegamál 17.
Borgarhafnarhreppur, sjá Strandferðir 1.
Bókaútgáfufjelag, sjá Lýðmentun.
Bókmentafjelagið. Forseti Bókmentafjelagsins æskir þess, að styrkur sá, er fjel. nýtur í fjárl. 1928, haldist óbreyttur 1929. Brjef 2. nóv. 1927. (Nd. 18, xxxiii).
Bólusetning gegn bráðapest. Níels P. Dungal sækir um 3000 kr. til þess að reyna nýja aðferð við bólusetningu gegn bráðapest. Brjef 13. okt. 1927. 1 fskj. (Nd. 18, lii).
Briem, sjá Eggert, Gunnlaugur, Halldór.
Brimbrjótur í Bolungavík, sjá Hafnir og lendingabætur 6.
Brjóstsykurgerð, sjá Iðjufjelag Íslands.
Brúargerðir, sjá Vegamál.
Bryggjur, sjá Hafnir og lendingabætur.
Brynjólfur Bjarnason, sjá Eftirgjöf á lánum 1.
Brynjólfur Björnsson sækir um kaup á lóðarbletti, sem liggur á bak við hús hans milli Laugavegar og Hverfisgötu. Brjef 29. des. 1927, með brjefi atvmrn. 23. jan. 1 fskj. (Nd. 48). Sjá ennfr. Námsstyrkur 10.
Brynleifur Tobíasson, sjá Stórstúka Íslands 2.
Búnaðarfjelag Íslands.
1. Áætlun um gjöld og tekjur Búnaðarfjelags Íslands, ásamt greinargerð og brjefi Metúsalems Stefánssonar, dags. 21. nóv. 1927. (Nd. 18, xlvi).
2. Atv.- og samgmrn. beiðist þess, að landbúnaðarnefndir Alþingis geri sem fyrst tillögur um, hverja beri að skipa í stjórnarnefnd Búnaðarfjelags Íslands samkv. 2. gr. jarðræktarlaganna. Brjef 20. mars. (Nd. 324).
3. Stjórn Búnaðarfjelags Íslands mælir með því, að Áveitufjelagi Þingbúa verði veittur 756,25 kr. styrkur úr ríkissjóði fyrir umbætur á áveitunni. Brjef 12. mars. (Ed. 31).
4. Brjef Búnaðarfjelags Íslands, dags. 4. febr., viðvíkjandi þingsályktunartillögu um notkun sandgræðslugirðinga á Gunnarsholti og Brekkum. 1 fskj. (Nd. 204).

Búðahreppur, Búðaþorp, sjá Dýralæknar 2, Vegamál 12 og 13, Raforkustöðvar 1.
Búi Þorvaldsson, sjá Námsstyrkur 11.
Búnaðarsamband Austurlands, sjá Húsmæðraskólar 1.
Búnaðarsamband Suðurlands, sjá Dýralæknar 7.
Byggingarlán, sjá Samband starfsmanna ríkisins.

Byggingarlóð á Arnarhólstúni. Umsögn vegamálastjóra um kaupbeiðni Valdimars Jónssonar á byggingarlóð úr Arnarhólstúni. Brjef 28. okt. 1927. 3 fskj. (Nd. 18, ix).

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði sendir Alþingi:

1. Frv. til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði,
2. Frv. til laga um fasteignaskatt til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar,

með ósk um, að frv. þessi verði samþykt sem lög á yfirstandandi þingi. Með brjefi 10. febr. (Nd. 214).

Bæjarstjórn Akureyrar, sjá Barnaskólar 1.

Bæjarstjórn í Hafnarfirði, sjá Bæjarstjórinn.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar sendir Alþingi áskoranir viðvíkjandi nokkrum bæjarmálefnum þar. Símsk. 27. jan. (Nd. 77).

Bændaskólar.

1. Áætlun skólastjóra Hvanneyrarskóla um útgjöld skólans fjárhagsárið 1929. Brjef 19. okt. 1927. (Nd. 18, xv).
2. Áætlun skólastjóra Hólaskóla um útgjöld skólans árið 1929. Brjef 20. okt. 1927. (Nd. 18, xvi).

Dagsbrún, verkamannafjelag, sjá Atvinnuleysistryggingar, Síld 3.

Dansk Kunstflidsforening, sjá Heimilisiðnaður 5.

Daufdumbraskólinn. Tillögur forstöðukonu daufdumbraskólans um fjárveitingar til skólans 1929. Brjef 22. nóv. 1927. (Nd. 18, xxvi).

Dritvík. Benedikt Sveinsson alþm. mælist til þess, að allshn. taki upp í frv. um löggilding verslunarstaðar í Bervík undir Jökli löggilding á fiskiverinu Dritvík í Breiðavíkurhreppi. Brjef 2. febr. (Ed. 13).

Dungal, sjá Halldór, Níels.

Dvergur, h/f, sjá Iðjufjelag Íslands.

Dýralæknamót, sjá Sigurður Hlíðar.

Dýralæknar.

1. Dýraverndunarfjelag Íslands skorar á Alþingi að fækka eigi dýralæknum, heldur fjölga, ef unt er. Brjef 17. febr. (Nd. 256).
2. Búfjáreigendur í Búðahreppi mótmæla eindregið fækkun dýralækna. Símsk. 15. febr. (Nd. 236).
3. Mótmæli frá bændum í Skriðdalshreppi gegn því, að dýralæknisembættið eystra falli niður. Símsk. 17. febr. (Nd. 243).
4. 60 kjósendur úr Helgustaðahreppi í Suður-Múlasýslu skora á Alþingi að láta dýralæknisembættið á Austurlandi standa óhaggað framvegis. Brjef 12. jan. (Nd. 257).
5. 24 bændur úr Reyðarfjarðarhreppi mótmæla þeirri ráðagerð að leggja niður dýralæknisembættið á Austurlandi. Ódags. (Nd. 258).
6. 30 kjósendur úr Hlíðarhreppi krefjast þess, að dýralæknir verði framvegis á Reyðarfirði. Símsk. 8. febr. (Nd. 267).
7. Útdráttur úr gerðabók stjórnar Búnaðarsambands Suðurlands, dags. 12. des. 1927, þar sem mótmælt er fækkun dýralækna. (Nd. 31).

Dýraverndunarfjelag Íslands, sjá Dýralæknar 1.
Dýrtíðaruppbót, sjá Launamál 5 og 6.

Edvarð Frederiksen, sjá Markaður 3.
Efnarannsóknarstofan, sjá Launamál 1.
Eftirgjöf á lánum.
1. Brynjólfur Bjarnason sækir um eftirgjöf á 1200 kr. láni, er hann fjekk árið 1923 til framhaldsnáms í náttúrufræði. Brjef 2. febr. (Nd. 115).
2. Finnur Jónsson sækir um eftirgjöf á 1200 kr. láni, er hann fjekk samkv. 21. gr. fjárl. 1924. Brjef. 2. febr. (Nd. 159).
3. Helgi Árnason dyravörður sækir um eftirgjöf á 500 kr. láni, er hann fjekk úr ríkissjóði síðastl. sumar vegna heilsubilunar. Brjef 27. jan. (Nd. 116).
4. Loðmundarfjarðarhreppur sækir um eftirgjöf á 1500 kr. Bjargráðasjóðsláni, er hann fjekk haustið 1926. Brjef 21. des. 1927. (Nd. 66).
5. Erindi hreppsnefndar Loðmundarfjarðarhrepps til viðbótar áður sendu erindi (Nd. 66) um eftirgjöf á láni, er hreppurinn fjekk úr Bjargráðasjóði Íslands haustið 1926. Brjef 1. mars. (Nd. 330).
6. Hreppsnefnd Patrekshrepps skorar á Alþingi að veita hreppnum eftirgjöf á alt að helmingi þeirra lána, er hann fjekk úr viðlagasjóði á árunum 1918 og 1920 til byggingar rafveitu í hreppnum. Brjef 25. febr. (Nd. 294).

Sjá ennfr. Vegamál 15 og 16.
Eftirlaun og styrktarfje.
1. Biskupinn yfir Íslandi sendir fjvn. og mælir með beiðni sr. Jóns Árnasonar á Bíldudal, dags. 28. febr., um viðbót við lögmælt eftirlaun hans. Jafnframt leitar biskup liðsinnis nefndarinnar um hækkun á eftirlaunum sr. Jóns Þorsteinssonar á Möðruvöllum og prestsekkjunnar Guðríðar Ólafsdóttur. Brjef 16. mars. (Ed. 37).
2. Guðrún Gísladóttir, ekkja Kristjáns Þorvaldssonar pósts, sækir um 500 kr. ellistyrk. Brjef 14. febr. (Nd. 225).
3. Hallgrímur Kráksson póstur fer þess á leit, að eftirlaun sín verði hækkuð upp í 400 kr. á ári. Brjef 11. jan. 1 fskj. (Nd. 14).
4. Hólmgeir Þorsteinsson, fyrv. stöðvarstjóri á Breiðumýri, sækir um eftirlaunastyrk. Brjef í des. 1927. 2 fskj. Umsögn landssímastjóra, dags. 3. febr. (Nd. 73).
5. Jóhannes Sigfússon kennari fer þess á leit, að Alþingi ákveði sjer í eftirlaun, þegar hann lætur af embætti, $^3/_4$ hluta af núverandi launum hans. Brjef 9. febr. (Nd. 223).
6. Jósef Jónsson, prestur á Setbergi, sækir um 300—500 kr. árl. styrk handa Sigurði Hannessyni smáskamtalækni. Brjef 13. des. 1927. 3 fskj. (Nd. 179).
7. Páll Þorkelsson fer þess á leit, að sjer verði veittur í fjárlögum 3500 kr. árlegur lífeyrir. Brjef 12. okt. 1927. 1 fskj. (Nd. 18, xxx).

8. Jóhannes Jörundsson, hafnsögumaður í Hrísey, sækir um 600 kr. árl. ellistyrk. Brjef 7. febr. (Nd. 337).
9. Rannveig Tómasdóttir læknisekkja fer þess á leit, að styrkur sá, sem hún hefir fengið með börnum sínum, verði hækkaður um 100 kr. á mánuði næstu 5 ár. Brjef 10. mars. (Ed. 32).
10. Sigríður Blöndal læknisekkja sækir um 500 kr. viðbótareftirlaun. Brjef 30. jan., með brjefi fjmrn. 6. febr. (Nd. 191).
11. Sigurður Magnússon læknir fer þess á leit, að eftirlaun sín verði hækkuð upp í 2000 kr. á ári, eða sjer fengið eitthvert starf við sitt hæfi. Brjef 20. febr. (Nd. 265).
12. Vegamálastjóri leggur til, að Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar, verði veitt árleg eftirlaun, 400 kr. Brjef 22. nóv. 1927. (Nd. 18, xii).
13. Þorleifur Jónsson alþm. sækir um 400 kr. ellistyrk handa Áslaugu Bjarnadóttur ljósmóður. Brjef 24. jan. (Nd. 183).
14. Þorleifur Jónsson póstmeistari fer þess á leit, að sjer verði veitt 3000 kr. árleg eftirlaun frá 1. jan. 1929. Brjef 28. jan. Umsögn aðalpóstmeistara 4. febr. (Nd. 105).
15. Sami fer þess á leit, að eftirlaun þau, 1200 kr., sem honum eru ætluð í fjárlfrv. fyrir 1929, verði hækkuð upp í 2000 kr. Brjef 17. mars. (Ed. 38).
16. Guðm. G. Bárðarson mælist til þess, að Ingibjörgu Finnsdóttur, símamey á Borðeyri, verði veitt uppbót á eftirlaun. Brjef 27. mars. (Ed. 52).
17. Fjármálaráðuneytið endursendir brjef Guðlaugar Magnúsdóttur, dags. 3. apríl, þar sem hún fer fram á, að sjer verði endurgreitt það, sem maður hennar, Bjarni Jónsson frá Vogi, hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna. Brjef 16. apríl. (Ed. 53).

Eggert Briem, sjá Námsstyrkur 12.
Eggert Guðmundsson, sjá Námsstyrkur 13.
Eggert Stefánsson, sjá Halldór Hansen.
Egill Skallagrímsson, ölgerð, sjá Iðjufjelag Íslands.
Eiðar, sjá Vegamál 19.
Eiðaskóli. Tillögur skólastjóra Eiðaskóla um fjárveitingar til skólans árið 1929. Brjef 28. okt. 1927. (Nd. 18, xviii).
Eignarnám, sjá Þórey Pálsdóttir.
Eimskipafjelag Íslands.

1. Áætlun yfir tekjur og gjöld skipa ríkissjóðs árið 1929, ásamt brjefi framkvæmdarstjóra Eimskipafjelags Íslands, dags. 8. okt. 1927. (Nd. 18, vii).
2. Brjef Eimskipafjel. Íslands til samgmn., um stærð og burðarmagn »Esju«, dags. 6. febr., ásamt uppdrætti. (Nd. 180).
3. Skýrsla frá forstjóra Eimskipafjelagsins um afborganir af skipaveðlánum o. fl., og um vaxtagreiðslur fyrir árið 1928. (Nd. 250).
4. Brjef forstjóra Eimskipafjelagsins, dags. 21. mars, til fjhn., viðvíkjandi farmskrám. (Nd. 322).

Einar Jónsson myndhöggvari, sjá Listasafn.
Einar Markússon, sjá Launamál 2, Námsstyrkur 14.
Einar M. Jónasson.
1. Einar M. Jónasson, fyrv. sýslum. í Barðastrandarsýslu, krefst þess, að Alþingi láti rannsaka afsetningarmál sitt, og ef svo reynist, að á hann hafi verið ráðist alsaklausan, þá verði hann tafarlaust settur inn í embættið og honum afhent alt því tilheyrandi, ríkissjóði og sjer að kostnaðarlausu. Brjef 7. jan. 6 fskj. (Nd. 200).
2. Sami gerir kröfu fyrir vangoldnum skrifstofukostnaði sýslumannsembættis Barðastrandarsýslu, 24 þús. kr., er hann hafi tekið út úr sjóðbók við brottför sína. Brjef 9. jan. 1 fskj. (Nd. 184).
3. Sami býður ríkissjóði kaup á húseign sinni á Patreksfirði. Brjef 13. febr. (Nd. 224).
4. Sami endurtekur kröfu sína um, að sýslumannsembættið í Barðastrandarsýslu verði veitt sjer að nýju »með gögnum og gæðum, er því fylgdu« þegar hann ljet af því. Ódagsett brjef. 2 fskj. (Nd. 288).

Einar Sveinsson, sjá Námsstyrkur 42.
Einkasala, sjá Verslunarráð Íslands.
Endurgreiðsla, sjá Vegamál 3 og 17.
Ensk-íslensk orðabók, sjá Geir T. Zoëga.
Esja, sjá Eimskipafjelag Íslands 2, Grænlandsför.
Esperantó, sjá Ól. Þ. Kristjánsson.
Eva Hjálmarsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 1.
Eyjafjallasveitir, sjá Vegamál 8 og 22.
Eyrarhreppur, sjá Sameining.

Fangahús.
1. Tillögur bæjarfógetans í Reykjavík um fjárveitingar til hegningarhússins þar árið 1929. Brjef 5. nóv. 1927. (Nd. 18, iii).
2. Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu fer fram á endurbætur á fangahúsinu á Eskifirði. Brjef 27. okt. 1927, með brjefi dómsmrn. 20. jan. 2 fskj. (Nd. 21).

Farmskrár, sjá Eimskipafjelag Íslands 4.
Fasteignaskattur, sjá Bæjarstjórinn í Hafnarfirði.
Fáni, sjá Ríkismerki.
Ferðafjelag Íslands, sjá Gististaðir 3.
Ferðamannafjelag, sjá Alþjóðafundur.
Ferðamannamál, sjá Alþjóðafundur.
Finnur Jónsson, sjá Eftirgjöf á lánum 2.
Fiskifjelagið, sjá Vitamál 2 og 4, Varðskip 6.
Fiskifjelag Íslands. Tillögur frá forseta Fiskifjelags Íslands um fjárveitingar til fjelagsins 1929. Brjef 12. okt. 1927. 1 fskj. (Nd. 18, xliv).
Fiskifjelagsdeild Dýrafjarðar, sjá Slysatrygging.
Fiskifjelagsdeildin á Ísafirði, sjá Vitamál 5.
Fiskifulltrúi á Spáni, sjá Markaður 6.

Fiskiklak, sjá Þórður Flóventsson.
Fiskirannsóknir, sjá Bjarni Sæmundsson.
Fiskiveiðasjóður Íslands, sjá Lánsstofnun.
Fiskiþingið, sjá Slysatrygging, Varðskip 6, Vitamál.
Fjarðarheiði, sjá Vegamál 4—7 og 22.
Fjelag ísl. hjúkrunarkvenna, sjá Námsstyrkur 24.
Flateyjarbók. Útgáfufjelag Flateyjarbókar á Akureyri sækir um 3000 kr. styrk í eitt skifti fyrir öll, eða alt að 4000 kr. á næstu þremur árum, til alþýðlegrar útgáfu Flateyjarbókar. Brjef 3. febr. (Nd. 169).
Flóabátar, sjá Strandferðir.
Flóavegarlánið, sjá Vegamál 15 og 16.
Flugnám, sjá Námsstyrkur 12.
Fornritaútgáfan sækir um styrk til vandaðrar útgáfu ísl. fornrita, 150 kr. á hverja örk, alt að 5000 kr., í fjárl. næsta árs. Brjef 20. mars. 2 fskj. (Nd. 336).
Fossvellir, sjá Gististaðir 1.
Fram, verkamannafjelag, sjá Vegamál 4 og 5.
Freymóður Jóhannsson, sjá Leiklist 4.
Friðrik Jónsson póstur ítrekar umsókn sína frá fyrra ári um bætur fyrir heilsutjón, er hann hafi beðið á vetrarferðum sínum í þjónustu ríkisins. Brjef í des. 1927. 1 fskj. Umsögn aðalpóstmeistara, dags. 2. febr., með 3 fskj. (Nd. 72).
Friðun Þingvalla, sjá Þingvallaprestakall 1.
Frón, kexverksmiðja, sjá Iðjufjelag Íslands.
Fræðafjelagið mælist til þess, að síðari hluti styrks til útgáfu 9. bindis af Jarðabók Árna Magnússonar verði veittur í fjárlögum 1929. Brjef 13. okt. 1927. (Nd. 18, xxxi).
Færeyjafjelag, sjá Grímur Kamban.
Færeyskir fiskimenn, sjá Sigurður Jónsson, Vilhjálmur Ásmundsson.
Færseth, Einar Andreas Olsen, sjá Ríkisborgararjettur 4.

Gagnfræðaskóli á Ísafirði. Skólanefnd Ísafjarðar skorar á Alþingi að setja lög um gagnfræðaskóla á Ísafirði, hliðstæðan gagnfræðaskólanum á Akureyri. Símsk. 4. febr. (Nd. 164).
Garðakirkja, sjá Kirkjujarðir.
Geðveikrahæli, sjá Kleppur.
Geir G. Þormar, sjá Heimilisiðnaður 2, Námsstyrkur 15.
Geir T. Zoëga sækir um 5000 kr. styrk til 3. útgáfu ensk-íslenskrar orðabókar. Brjef 2. febr. (Nd. 128).
Gerðahreppur, Gerðavör, sjá Hafnir og lendingabætur 4.
Gestaheimili, sjá Hjálpræðisherinn.
Gilstreymi, sjá Gististaðir 2.
Gin- og klaufaveiki.
1. Brjef sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, dags. 17. jan., ásamt erindi til sendiherrans frá aðalkonsúlati Svisslendinga í Kaup-

mannahöfn, dags. 10. jan., hvorttveggja viðvíkjandi banni gegn innflutningi á svissneskum osti. Með brjefi atvmrn. 26. jan. (Ed. 11).
2. Erindi sendiherra Dana, dags. 18. jan., og verbalnóta sama, dags. 21. jan., hvorttveggja viðvíkjandi frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins. Með brjefi atvmrn. 23. jan. (Ed. 5).
3. Brjef sama, dags. 30. jan., ásamt 4 fskj., alt varðandi innflutningsbann á smjöri, osti og eggjum frá Danmörku. Með brjefi atvmrn. 31. jan. (Ed. 12).
4. Erindi sama, dags. 9. febr., með 5 fskj., viðvíkjandi frv. til laga um varnir gegn gin- og klaufaveiki. Með brjefi atvmrn. 11. febr. (Ed. 17).
5. Brjef sama, dags. 5. mars, ásamt skýrslu um munn- og klaufasýkina í Danmörku. Með brjefi atvmrn. 7. mars. (Nd. 308).
6. Brjef sama, dags. 10. mars, viðvíkjandi gin- og klaufaveiki í Danmörku. Með brjefi atvmrn. 16. mars. 2 fskj. (Nd. 318).
7. Brjef sama, dags. 16. mars, ásamt 1 fskj., viðvíkjandi gin- og klaufaveikinni í Danmörku. Með brjefi atvmrn. 21. mars. (Nd. 323).
8. Smjörlíkisgerðin Ásgarður vekur athygli landbúnaðarnefnda á því, að sama sýkingarhætta stafi af smjörlíki eins og frá smjöri og ostum. Brjef 17. febr. (Ed. 20).

Gistihús.

1. Hjálpræðisherinn sækir um 5—10 þús. króna styrk til gestaheimilis á Seyðisfirði. Brjef 27. jan. 4 fskj. (Nd. 138).
2. Jóhannes Jósefsson fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast 300 þús. danskra króna lán til byggingar gistihúss. Brjef 2. apríl. 1 fskj. (Ed. 48).

Gististaðir.

1. Gunnar Jónsson á Fossvöllum sækir um 5000 kr. húsbyggingarstyrk til þess að geta hýst ferðamenn. Brjef 18. jan (Nd. 249).
2. Torfi Jónsson, Gilstreymi, sækir um 3000 kr. byggingarstyrk vegna ferðamanna. Brjef 24. jan. 2 fskj. (Nd. 118).
3. Ferðafjelag Íslands sendir og mælir með umsókn Páls Stefánssonar um styrk til þess að auka húsakynni á Ásólfsstöðum vegna ferðamanna. Brjef 2. febr. 4 fskj. (Nd. 127).
4. Jóhann Kr. Ólafsson á Kjóastöðum sækir um alt að 2000 kr. styrk til húsagerðar á bæ sínum vegna ferðafólks. Brjef 2. febr. (Nd. 303).

G. Óskar Scheving, sjá Námsstyrkur 16.

Grímur Kamban. Færeyjafjelagið Grímur Kamban sækir um 600 kr. styrk til þess að efla menningarsamband Færeyinga og Íslendinga. Brjef 1. febr. (Nd. 107).

Grænlandsför.

1. Erindi Helga Valtýssonar o. fl. um leigu á »Esju« til Grænlandsfarar. Brjef 18. jan., með brjefi atvmrn. 24. jan. (Nd. 42).
2. Brjef Helga Valtýssonar o. fl., dags. 30. jan., viðvíkjandi Grænlandsför. (Nd. 103).

Guðbrandur Jónsson leitar fulltingis fjvn. til þess að sjer verði veitt aðstoðarmannsstaðan við Þjóðskjalasafnið. Brjef 3. febr., ásamt nánari greinargerð. Umsögn þjóðskjalavarðar dags. 9. febr. (Nd. 131). Samhljóða erindi Ed. 14.

Guðfræðinemar, sjá Háskólinn 2.

Guðjón Jónsson, sjá Ólafur Ólafsson.

Guðlaug Magnúsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfje 16.

Guðlaugur Rósinkransson, sjá Námsstyrkur 17.

Guðmundur Benjamínsson sækir um 10 þús. kr. lán til bygginga og nýræktar í landi jarðarinnar Ystu-Garða í Kolbeinsstaðahreppi í Hnappadalssýslu. Brjef 28. des. 1927. 2 fskj. (Nd. 71).

Guðmundur Björnsson, sjá Vegamál 17, Námsstyrkur 18.

Guðmundur Davíðsson, sjá Þingvellir.

Guðmundur Finnbogason fer þess á leit, að hann fái að halda styrk sínum til að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga óbreyttum í fjárlögum 1929. Brjef 3. nóv. 1927. (Nd. 18, xxxv).

Guðmundur G. Bárðarson, sjá Eftirlaun 16, Jarðfræðirannsóknir 1 og 2, Mentaskólinn 2, Náttúrufræðifjelagið.

Guðmundur Guðmundsson á Eyrarbakka sækir um 4000 kr. styrk í eitt skifti fyrir öll, vegna mjaðmarbrots, er hann varð fyrir 31. des. 1925. Brjef 5. febr. (Nd. 248).

Guðmundur Kamban rithöfundur sækir um 2400 kr. skáldstyrk til þess að vinna að stóru, íslensku, sögulegu skáldriti frá 17. öld, sem hann hefir starfað að síðustu ár. Brjef 31. jan. (Nd. 255).

Guðmundur Kristjánsson, sjá Námsstyrkur 19.

Guðríður Ólafsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfje 1.

Guðrún Björnsdóttir, sjá Húsmæðraskólar 2.

Guðrún Gísladóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfje 2.

Gullbringu- og Kjósarsýsla, sjá Kjördæmaskifting.

Gunnar Hallgrímsson, sjá Námsstyrkur 20.

Gunnar Jónsson, sjá Gististaðir 1.

Gunnarsholt, sjá Búnaðarfjelag Íslands 4.

Gunnlaugur Briem, sjá Símamál 4, Slysavarnafjelag 2.

Gunnlaugur Einarsson, sjá Raforkustöðvar, Reykholt.

Gunnsteinsstaðakirkja. Þjóðmenjavörður sækir um fjárveitingu til þess að kaupa og endurbæta hina fornu kirkju á Gunnsteinsstöðum í Langadal. Brjef 31. jan., með brjefi dómsmrn. 14. febr. 2 fskj. (Nd. 228).

Gæðamerki fyrir útflutningsafurðir. Brjef sendiherra Íslands í Khöfn, dags. 28. nóv. 1927, viðvikjandi gæðamerki fyrir ísl. útflutningsafurðir, ásamt ýmsum skjölum, er málið varða. Með brjefi forsrh. 14. febr. (Nd. 231, i).

Hafnarmannvirki í Oddeyrarbót, sjá Hafnir og lendingabætur 2.

Hafnir og lendingabætur.

1. Benedikt Sveinsson alþm. fer fram á endurveitingu 10 þús. króna

styrks til lendingabóta að Skálum á Langanesi, sem veitt var í fjárl. 1926, en eigi notað. Brjef 4. febr. (Nd. 161).

2. Bæjarstjórn Akureyrar sækir um 75 þús. króna styrk úr ríkissjóði vegna byggingar hafnarmannvirkja í Oddeyrarbót. Brjef 11. jan., 2 fskj. (Nd. 25).
3. Fjármálaráðherra fer þess á leit, að fjvn. taki upp í fjárlögin heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast 250 þús. kr. lán fyrir Siglufjarðarkaupstað til byggingar hafnarbryggju. Brjef 8. febr. 2 fskj. (Nd. 193).
4. Gerðahreppur sækir um $^3/_4$ hluta kostnaðar við byggingu sjóvarnargarðs við Gerðavör. Brjef 16. jan. 3 fskj. (Nd. 152).
5. Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps sækir um 40 þús. kr. styrk til bygginga bryggju eða bólverks á Vatnsnesi við Keflavík. Brjef 18. jan. 3 fskj. (Nd. 177).
6. Hólshreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu sækir um 17500 kr. til þess að fullgera framlengingu þá við öldubrjótinn í Bolungavík, sem framkvæmd var síðastl. sumar, og ennfr. um 5000 kr. styrk til aðgerðar á eldri hluta hans. Brjef 9. febr. 1 fskj. (Nd. 217).
7. Sjö skjöl, er varða hafnargerð á Skagaströnd. (Nd. 187).
8. Þingm. Snæfellinga fer fram á 15000 kr. framlag úr ríkissjóði til hafnarbóta í Ólafsvík, og ennfr. ábyrgð ríkissjóðs fyrir 15000 kr. í sama skyni. Brjef 3. mars. (Ed. 28).
9. Sami sækir um 5000 kr. styrk til skjólgarðs í Krossavík á Hellusandi. Brjef 3. mars. 2 fskj. (Ed. 29).
10. Erindi Þórólfs Becks, dags. 21. okt. 1927, með 1 fskj., viðvíkjandi rannsókn á hafnarstæði á Skagaströnd, svo og umsögn vitamálastjóra, dags. 29. febr. Með brjefi atvmrn. 7. mars. (Ed. 30).

Hafnsaga á Breiðafirði, sjá Oddur Valentínusson.

Hagnýting jarðhita. Erindi borgarstjórans í Reykjavík, dags. 2. jan., viðvíkjandi rannsókn á hagnýtingu jarðhita í umhverfi Reykjavíkur. Með brjefi atvmrn. 23. jan. 1 fskj. (Nd. 52).

Hagsaga, sjá Þorkell Jóhannesson.

Hallbjörn Halldórsson prentari sækir um 2000 kr. styrk til þess að sækja alþjóðlega blaðasýningu í Köln. Brjef 14. mars. 1 fskj. (Nd. 316).

Halldór Briem, sjá Sjúkrastyrkur 2.

Halldór Hansen sækir um 5000 kr. styrk fyrir hönd Eggerts Stefánssonar söngvara, til þess að gera honum kleift að búa sig nægilega undir fasta stöðu við söngleikhús í Frakklandi og í viðurkenningarskyni fyrir margra ára starf hans við að kynna ísl. tónlist erlendis. Brjef 1. febr. (Nd. 130).

Halldór P. Dungal, sjá Námsstyrkur 21.

Halldór Runólfsson, sjá Námsstyrkur 22.

Halldóra Bjarnadóttir, sjá Heimilisiðnaður 1.

Hallgrímur Jónsson kennari sækir um 1200 kr. utanfararstyrk, til þess að kynna sjer uppeldi barna og unglinga í Englandi. Brjef 8. febr. (Ed. 16).

Hallgrímur Kráksson, sjá Eftirlaun og styrktarfje 3.
Hallormsstaður, sjá Húsmæðraskólar 1, Skógrækt 2.
Hannibal Valdimarsson, sjá Námsstyrkur 23.
Hannyrðakensla, sjá Dansk Kunstflidsforening.
Háskólinn.
1. Tillögur frá rektor háskólans um fjárveitingar til skólans 1929. Brjef 18. nóv. 1927. (Nd. 18, xxiv).
2. Rektor háskólans beinir til Alþingis og mælir með erindi frá 28 nemendum guðfræðideildar, þar sem farið er þess á leit, að guðfræðinemendum verði gefinn kostur á ókeypis kenslu í söng og tóni. Brjef 17. febr. 2 fskj. (Nd. 260).
3. Háskólaráðið fer þess á leit, að stjórninni verði heimilað í fjárlögum að veita háskólanum alt að 6000 kr. til þess að koma þar á kenslu í verslunar og viðskiftafræðum. Brjef 20. mars. (Nd. 321).

Hegningarhús, sjá Fangahús.
Heilsuhælisfjelag Norðurlands, sjá Sjúkrahús og læknissetur 2 og 5.
Heimilisiðnaður.
1. Halldóra Bjarnadóttir fer þess á leit, að leiðbeinandastarf hennar í heimilisiðnaðarmálum verði gert að fastri stöðu og launað sæmilega, svo að hún geti unnið því óskift. Brjef 2. febr. 3 fskj. (Nd. 158). Samhlj. erindi sent Ed.
2. Geir G. Þormar myndskeri sækir um 1200 kr. árlegan styrk til þess að halda uppi kenslu í íslenskri trjeskurðarlist á Norðurlandi. Brjef 5. mars. 1 fskj. (Nd. 309).
3. Landsfundarnefndin í heimilisiðnaðarmálum sækir um 30 þús. kr. lán til þess að reka heimilisiðnaðarútsölu í Reykjavík með undirdeildum úti um land. Ódags. brjef. 1 fskj. (Nd. 157).
4. Samband ísl. heimilisiðnaðarfjelaga fer þess á leit, að styrkur til sambandsins verði hækkaður upp í 8000 kr. Brjef 3. febr. (Nd. 134).
5. Dansk Kunstflidsforening í Khöfn sækir um 500 kr. styrk til þess að veita ungum ísl. konum kenslu í vefnaði og ýmsum hannyrðum. Brjef 7. des. 1927 með brjefi forsrh. 14. febr. 1 fskj. (Nd. 234, ii).

Hekla, ferðamannafjelag, sjá Alþjóðafundur.
Helga Ófeigsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfje 12.
Helgi Árnason, sjá Eftirgjöf á lánum 3.
Helgi Pjeturss fer þess á leit, að upphæð sú, sem honum er ætluð í fjárlagafrv. stjórnarinnar, verði hækkuð a. m. k. um helming. Brjef 1. febr. (Nd. 151).
Helgi Valtýsson, sjá Grænlandsför.
Helgustaðahreppur, sjá Dýralækningar 4.
Hellusandur, sjá Hafnir og lendingabætur 9.
Hendingar, vísnabók, sjá Jón Jónsson.
Hermann Þorsteinsson, sjá Markaður 1.
Hjálparstöð fyrir berklaveika á Akureyri, sjá Rauðakrossdeild Akureyrar.
Hjálparstöð Líknar, sjá Líkn.
Hjálpræðisherinn, sjá Gistihús 1.

Hjemgaard, A., sjá Ríkisborgararjettur 2 og 3.
Hjúkrunarnemar, sjá Námsstyrkur 24.
Hjörleifur Björnsson frá Hofsstöðum fer þess á leit, að Alþingi veiti sjer í eitt skifti fyrir öll 1000 kr. fyrir að hafa haft á hendi brjefhirðingu í full 30 ár endurgjaldslaust. Brjef 13. febr. (Nd. 229).
Hliðarhreppur, sjá Dýralækningar 6.
Hljómsveit Reykjavíkur.
1. Hljómsveit Reykjavíkur fer þess á leit, að henni verði veittar 2000 kr. í aukafjárlögum fyrir 1927, og ekki minna en 4000 kr. í fjárl. 1929. Brjef 29. nóv. 1927. (Nd. 18, liii).
2. Undirbúningsnefnd alþingishátíðarinnar 1930 mælir með auknum styrk til Hljómsveitar Reykjavíkur, með tilliti til hátíðahaldanna 1930. Brjef 29. nóv. 1927. 1 fskj. (Nd. 18, xxxix).

Holtavegur, sjá Vegamál 3.
Hólaskóli, sjá Bændaskólar.
Hólmfreður Franzson, sjá Námsstyrkur 25 og 26.
Hólmgeir Þorsteinsson, sjá Eftirlaun og styrktarfje 4.
Hólshreppur, sjá Hafnir og lendingabætur 6, Vegamál 21.
Hrímnir, matarbúð, sjá Markaður 4.
Huginn, íþróttafjelag, sjá Sundlaugar 3.
Húsgagnalist, sjá Listiðnaður 2.
Húsmæðraskólar.
1. Búnaðarsamband Austurlands fer þess á leit, að stjórnin hlutist til um, að hentugt hússtæði fyrir húsmæðraskóla, með nægilegu landi til ræktunar, verði ákveðið á Hallormsstað. Brjef 29. okt. 1927. 2 fskj. (Nd. 18, xlix).
2. Guðrún Björnsdóttir sækir um 2000 kr. styrk til garðyrkju- og hússtjórnarskóla á nýbýli sínu, Knararbergi í Eyjafirði. Brjef 3. febr. (Nd. 244).
3. Kvenfjelag Suður-Þingeyinga fer þess á leit, að ríkið leggi fram helming kostnaðar við byggingu væntanlegs húsmæðraskóla á Laugum. Brjef 4. jan. (Nd. 74).
4. Kvenfjelagið Ósk á Ísafirði sækir um 12 þús. kr. til húsmæðraskólahalds á Ísafirði. Brjef 29. des. 1927. (Nd. 30).
5. Sigurborg Kristjánsdóttir á Staðarfelli sækir um styrk til húsabóta þar. Brjef 6. jan., með brjefi atvmrn. 27. jan. 22 fskj. (Nd. 85).
6. Sama sækir um 65 kr. styrk til Staðarfellsskólans fyrir hvern nemanda hans. Brjef 23. febr., með brjefi atvmrn. 29. febr. (Nd. 289).
7. Erindi Magnúsar Kristjánssonar bústjóra á Staðarfelli, dags. 6. jan., viðvíkjandi girðingu um land Staðarfells vegna flæðihættu. Með brjefi atvmrn. 27. jan. (Nd. 84).

Húsnæði landssímans og póststofunnar, sjá Símamál 3 og 8.
Hvalfjarðarbátur, sjá Strandferðir. 3.
Hvanndal, sjá Ólafur.
Hvanneyrarskóli, sjá Bændaskólar.

Hveramælingar, sjá Veðurstofan 1.
Hvíldartími á botnvörpuskipum, sjá Sjómannafjelag Vestmannaeyja.
Hvítárbakkaskóli, sjá Alþýðuskólar 1—3.

Iðnaðarmannafjelag *Akureyrar* sækir um 2500 kr. til kvöldskólahalds á Akureyri. Brjef 10. jan. (Nd. 9).
Iðnaðarmannafjelag Reykjavíkur, sjá Iðjufjelag Íslands.
Iðjufjelag Íslands. Erindi frá stjórn Iðjufjelags Íslands viðvíkjandi innflutningstolli á vörum til iðnaðar og iðnaðarvörum, sem tök eru á að framleiða í landinu. Erindinu fylgja brjef frá brjóstsykurgerðinni Nóa, Sláturfjelagi Suðurlands, klæðaverksmiðjunni Álafossi, Sanitas, kexverksmiðjunni Frón, Kaffibrenslu Reykjavíkur, h/f Dverg, Körfuiðnaðarvinnustofunni, Prjónastofunni Malin, Mjólkurfjelaginu Mjöll, Iðnaðarmannafjelagi Reykjavíkur, Jóh. Reykdal, Körfugerðinni á Hverfisgötu 18 og ölgerðinni Agli Skallagrímssyni. (Nd. 341).
Ingibjörg Finnsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfje 16.
Ingibjörg Stein-Bjarnason, sjá Námsstyrkur 27.
Ingimundur Eyjólfsson fer þess á leit, að Alþingi veiti alt að 5000 kr. árlega í 4 ár, eða alla upphæðina í einu, til styrktar húsbyggingu handa íslensku námsfólki í Oslo. Brjef 3. jan. 1 fskj. (Nd. 4).
Innflutningsbann, sjá Gin- og klaufaveiki 1 og 3.
Innflutningstollur, sjá Iðjufjelag Íslands.
Innsiglingarmerki, sjá Vitamál 4.
International Relief Union, sjá Alþjóðahjálparstarfsemi.

Ísak Jónsson, sjá Námsstyrkur 28.
Íslandssaga.
1. 17 sagnfræðingar og mentamenn í Reykjavík sækja um styrk til útgáfu stórrar og vandaðrar Íslandssögu. Brjef 3. febr. (Nd. 129).
2. Brjef Guðbrands Jónssonar til fjvn. Nd., dags. 13. febr., viðvíkjandi útstrikun á nafni hans undir umsókn um styrk til útgáfu Íslandssögu (sjá Nd. 129) (Nd. 219).
3. Dr. Jón Stefánsson sækir um 2500 kr. styrk til hinnar ensku Íslandssögu sinnar, þar af 1500 kr. til mynda. Brjef 14. febr. (Nd. 304).

Íslendingahús í Osló, sjá Ingimundur Eyjólfsson.
Íslensk fornrit, sjá Fornritaútgáfan.
Íslensk orðtengdafræði, sjá Björn P. Kalman.
Íslenskt fiskútflutningsfjelag, sjá Markaður 9.
Íslenskur söfnuður í Kaupmannahöfn. Brjef Sveins Björnssonar sendiherra, dags. 18. okt. 1927, viðvíkjandi fjárstyrk til íslensku safnaðarstarfseminnar í Kaupmannahöfn. 1 fskj. (Nd. 18, xlviii).
Íþróttaskóli, sjá Íþróttir 4.
Íþróttir.
1. Íþróttasamband Norður-Þingeyinga fer þess á leit, að Alþingi veiti 5000 kr. til byggingar sund- og leikfimiskála við Litlá í Keldu-

hverfi, sem áætlað er að kosti alls 10 þús. kr. Brjef 18. des. 1927. 3 fskj. (Nd. 95).

2. Íþróttasamband Íslands fer þess á leit, að styrkurinn til sambandsins verði hækkaður upp í 10 þús. kr. Brjef 2. febr. (Nd. 144).
3. Sama sækir um alt að 25 þús. kr. fjárveiting til þess að senda íþróttamenn á olympisku leikana 1928 og víðar. Brjef 4. febr. 3 fskj. (Nd. 162).
4. Sigurður Greipsson sækir um 4000 kr. styrk til íþróttaskólahúss, er hann hefir reist í Haukadal. Brjef 15. febr. (Nd. 235).
5. Brjef Íþróttasambands Íslands til fjvn. Nd. viðvíkjandi lækkun Ed. á styrk til sambandsins. Brjef 5. apríl. (Nd. 338).

Jacobsen, Jetvald Lorang, sjá Ríkisborgararjettur 4.
Jarðabók Árna Magnússonar, sjá Fræðafjelagið.
Jarðfræðirannsóknir.

1. Guðm. G. Bárðarson sækir um styrk til jarðfræðirannsókna. Brjef 1. apríl. 1 fskj. (Ed. 47).
2. Bjarni Sæmundsson og Þorkell Þorkelsson óska þess, að Guðmundi G. Bárðarsyni verði trygður viðunanlegur styrkur til jarðfræðirannsókna. Brjef 2. apríl. (Ed. 51).

Jarðhiti, sjá Hagnýting.
Jóhann Fr. Kristjánsson, sjá Launamál 3.
Jóhann Jóhannsson á Árnanesi í Kelduhverfi sækir um 500 kr. styrk vegna skemda á ábýlisjörð sinni af jökulhlaupi. Brjef 16. febr. 1 fskj. (Nd. 313).
Jóhann Kr. Ólafsson, sjá Gististaðir 4.
Jóhann Sveinsson, sjá Námsstyrkur 29.
Jóhannes Jósefsson, sjá Gistihús 2.
Jóhannes Erlendsson sækir um skaðabætur vegna rangsleitni, er hann hafi verið beittur. Brjef 28. jan. (Nd. 155).
Jóhannes Jörundsson, sjá Eftirlaun og styrktarfje 8.
Jóhannes J. Reykdal sækir um 15 þús. króna lán úr viðlagasjóði, gegn 1. veðrjetti í trjesmíðaverksmiðju sinni á Setbergi við Hafnarfjörð. Brjef 7. febr. (Nd. 185). Sjá ennfr. Iðjufjelag Íslands.
Jóhannes Sigfússon, sjá Eftirlaun og styrktarfje 5.
Jón Árnason, sjá Eftirlaun og styrktarfje 1.
Jón Blöndal, sjá Námsstyrkur 30.
Jón Gauti Jónatansson, sjá Námsstyrkur 31.
Jón Jónsson frá Hvoli fer þess á leit, að Alþingi veiti sjer einhverja viðurkenningu fyrir vísnabókina Hendingar. Brjef 31. jan. 1 fskj. (Nd. 100).
Jón Kristjánsson læknir.

1. Jón Kristjánsson læknir fer þess á leit, að tekinn verði upp í fjárlög 1929 sami styrkur og veittur er lækningastofu hans 1928, og ennfr. eftirgjöf vaxta fyrir árið 1928 af viðlagasjóðsláni hans frá 1923. Brjef 3. febr. (Nd. 136).
2. Sami sækir um 4000 kr. styrk handa lækningastofu sinni, gegn því,

að hann veiti fátækum sjúklingum, sem ekki þiggja sveitarstyrk og hafa vottorð skattstjóra um efnahag sinn, ókeypis læknishjálp. Brjef 19. mars. (Ed. 39).
Jón Kristjánsson veitingamaður, sjá Skaðabætur vegna sóttvarna.
Jón Magnússon, sjá Námsstyrkur 32.
Jón Sívertsen sækir um 3000 króna utanfararstyrk, til þess að kynna sjer fyrirkomulag erlendra kauphalla. Brjef 3. febr. 3 fskj. (Nd. 137).
Jón Þorsteinsson, sjá Eftirlaun og styrktarfje 1.
Jósef Jónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfje 6.
Júlíus Guðmundsson, sjá Námsstyrkur 18.

Kaffibrensla Reykjavíkur, sjá Iðjufjelag Íslands.
Karl Jónsson, sjá Námsstyrkur 33.
Kartöflurækt, sjá Sigurbjörn Árnason.
Kaupfjelag Hvammsfjarðar, sjá Atvinnurekstrarlán 1.
Kauphallir, sjá Jón Sívertsen.
Kálfholt, sjá Ólafur Ísleifsson.
Keflavíkurhreppur, sjá Hafnir og lendingabætur 5.
Kennaraskólinn. Tillögur skólastjóra kennaraskólans um fjárveitingar til skólans árið 1929. Brjef 23. okt. 1927. (Nd. 18, xvii).
Kexgerð, sjá Námsstyrkur 28.
Kexverksmiðja, sjá Iðjufjelag Íslands.
Kirkjujarðir. Umsögn biskups um frv. til laga um sölu á landi Garðakirkju í Hafnarfirði. Brjef 1. febr. (Nd. 104).
Kirkjumál. Tillögur biskups um fjárveitingar til kirkjumála árið 1929. Brjef 22. nóv. 1927. 1 fskj. (Nd. 18, xxv).
Kirkjur.
1. Söknarnefnd Spákonufellssóknar sækir um 3000 kr. styrk til þess að fullgera kirkjubyggingu safnaðarins. Brjef 10. jan. 1 fskj. (Nd. 305).
2. Eigendur og ábúendur Reykjahlíðar við Mývatn sækja um 6075 kr. styrk til aðgerða og endurbóta á Reykjahlíðarkirkju. Brjef 15. febr. 1 fskj. Umsögn biskups 16. mars. (Nd. 233).

Kjóastaðir, sjá Gististaðir 4.
Kjördæmaskipting.
1. 650 kjósendur í Hafnarfjarðarkaupstað skora á Alþingi að samþykkja frv. það, er fyrir þinginu liggur um skipting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi (Nd. 199).
2. Viðbótarerindi sama efnis frá 17 kjósendum í Hafnarfjarðarkaupstað. (Nd. 237).
3. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á Alþingi að samþykkja frv. það, er fyrir þinginu liggur um skipting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi. Brjef 8. febr. (Nd. 198).

Kleppur.
1. Áætlun geðveikralæknisins á Kleppi um tekjur og gjöld hælisins árið 1929, ásamt brjefi dags. 1. nóv. 1927. (Nd. 18, i).

2. Geðveikralæknirinn á Kleppi sækir um fjárveitingu til þess að koma upp fjósi með hlöðu, súrheystóft og áburðargryfju á Kleppi. Brjef 2. febr. með brjefi dómsmrn. 14. febr. (Nd. 226).
3. Húsameistari ríkisins sendir fjvn. blýantsuppdrátt að fyrirhuguðu íbúðarhúsi fyrir yfirlækninn á Kleppi. Brjef 2. apríl. (Ed. 49).

Klæðaverksmiðja, sjá Iðjufjelag Íslands.
Kolviðarhóll, sjá Sigurður Daníelsson.
Krabbe, Th., sjá Slysavarnafjelag.
Kristinn Pjetursson, sjá Námsstyrkur 34.
Kristján Einarsson, sjá Saltfiskur.
Kristján Kristjánsson, sjá Námsstyrkur 35.
Kristneshæli, sjá Sjúkrahús og læknisbústaðir 2 og 5.
Krossavík, sjá Hafnir og lendingabætur 9.
Kveldúlfur, sjá Saltfiskur.
Kvenfjelag Suður-Þingeyinga, sjá Húsmæðraskólar 3.

Kvennaskólar. Forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík beiðist þess, að eigi verði veitt minna fje til skólans árið 1929 en í síðustu fjárlögum. Brjef 29. okt. 1927. (Nd. 18, xix).

Kvikmynd. Loftur Guðmundsson býður Alþingi kaup á kvikmyndinni »Ísland í lifandi myndum« fyrir 10 þús. kr. Brjef 3. febr. 1 fskj. (Nd. 153).

Körfugerð, sjá Iðjufjelag Íslands.
Körfuiðnaðarvinnustofa, sjá Iðjufjelag Íslands.

Landhelgigæsla, sjá Varðskip.

Landnám. Fjelagið Landnám sækir um 3000 kr. styrk. Brjef 17. febr. 1 fskj. (Nd. 254).

Landsbanki Íslands, sjá Atvinnurekstrarlán, Bankamál.

Landsbókasafnið. Tillögur landsbókavarðar um fjárveitingar til Landsbókasafnsins 1929. Brjef 2. nóv. 1927. (Nd. 18, xxxiv).

Landsfundarnefnd, sjá Heimilisiðnaður 3.
Landssíminn, sjá Símamál.
Laufey Valdimarsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 3.

Laugarnesspítali. Tillögur forstöðumanns Laugarnesspítala um fjárveitingar til spítalans árið 1929. Brjef 19. nóv. 1927. (Nd. 18, iv).

Laugaskóli, sjá Alþýðuskólar 4, Húsmæðraskólar 3.

Launamál.

1. Erindi Bjarna Jósefssonar, aðstoðarmanns í efnarannsóknastofunni, dags. 8. des. 1927, viðvíkjandi starfi hans og launakjörum þar. Með brjefi atvmrn. 23. jan. 1 fskj. (Nd. 51).
2. Einar Markússon, aðalbókari ríkisins, sækir um launahækkun. Brjef 3. febr. (Nd. 125).
3. Jóhann Fr. Kristjánsson fer fram á bætur á launakjörum sínum. Brjef 4. jan. (Nd. 167).
4. Erindi biskups, dags. 6. febr., með 2 fskj., snertandi launakjör presta. Með brjefi fjmrn. 13. febr. (Nd. 246).

5. Stefán Kristinsson, prestur á Völlum í Svarfaðardal, fer þess á leit, að sjer verði greidd dýrtíðaruppbót á laun sín árin 1920—1923 fyrir prestsþjónustu í Tjarnarprestakalli. Brjef 24. jan. (Nd. 62).
6. Erindi frá Sambandi starfsmanna ríkisins viðvíkjandi útreikningi á dýrtíðaruppbót. Brjef 15. nóv. 1927. (Nd. 18, li).

Sjá ennfr. Varðskip.

Laxveiði.

1. 13 bændur úr Borgarfjarðarsýslu beina til Alþingis þeim tilmælum, að það taki núgildandi laxveiðalöggjöf til yfirvegunar og lagfæringar. Brjef 21. jan. (Nd. 213).
2. Sveinbjörn Sveinsson sækir um 2000 kr. styrk til þess að kaupa laxanætur og 5000 kr. til að kenna laxveiði í sjó kringum Ísland. Brjef 4. febr. 2 fskj. (Nd. 141).
3. Fjórir laxveiðieigendur í Borgarfirði mótmæla frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886. Brjef 6. febr. (Ed. 18).
4. Þrjátíu búendur og alþingiskjósendur í Borgarfirði skora á Alþingi að samþ. frv. það til breytingar á laxafriðunarlögunum, sem þm. A.-Húnv. hefir flutt á þessu þingi. Ódags. brjef. (Ed. 26).
5. Frumvarp til laxafriðunarlaga eftir Þórð Flóventsson. (Ed. 54).
6. Búendur í Aðaldæla-, Reykdæla- og Tjörneshreppum í Suður-Þingeyjarsýslu, 61 að tölu, skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á laxafriðunarlögunum. Brjef dags. í jan. (Ed. 55).

Lánsstofnun handa bátaútveg landsins. Fjármálaráðuneytið sendir sjútvn. skýrslu nefndar þeirrar, er falið var samkv. þál. $^{18}/_{5}$ '27 að íhuga og gera tillögur um lánsstofnun handa bátaútveg landsins, ásamt frv. til laga um breyting á lögum um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, með tilmælum um, að hún beri frv. fram í þinginu. Með brjefi 6. febr. (Nd. 197).

Leiðsögubók við siglingar, sjá Vitamál 3.

Leifur Ásgeirsson, sjá Námsstyrkur 36.

Leikfjelag Akureyrar, sjá Leiklist 1.

Leikfjelag Ísafjarðar, sjá Leiklist 2.

Leikfimihús. Þingm. Vestm. sækir fyrir hönd bæjarstjórnarinnar þar um 25 þús. kr. lán úr viðlagasjóði, til þess að fullgera leikfimihús bæjarins. Brjef 4. febr. (Nd. 173).

Leiklist.

1. Leikfjelag Akureyrar fer fram á, að styrkur til fjelagsins verði hækkaður upp í 3000 kr. á ári. Brjef 11. jan. (Nd. 15).
2. Leikfjelag Ísafjarðar sækir um 1500 kr. styrk. Brjef 31. jan. (Nd. 109).
3. Soffía Guðlaugsdóttir Kvaran sækir um 2500 kr. styrk til leiklistarnáms. Brjef 9. mars. (Nd. 325).
4. Freymóður Jóhannsson málari sækir um 1000 kr. viðbótarstyrk til þess að fullnuma sig í leiktjaldamálun. Brjef 1. mars. (Nd. 319).

Leiktjaldamálun, sjá Leiklist 4.

Listasafn Einars Jónssonar. Nefnd sú, er kosin var 1924 til þess að aðstoða Einar Jónsson myndhöggvara og listasafn hans, sækir um 13500 kr. til girðingar í kringum safnhúsið og um endurgreiðslu á kr. 2657,30, er Einar Jónsson hefir lagt út fram yfir það, sem veitt hefir verið. Brjef 24. jan. 3 fskj. (Nd. 64).

Listiðnaður.

1. Björn Björnsson gullsmiður sækir um 2500 kr. utanfararstyrk, til þess að kynna sjer myndlist og listiðnað nágrannaþjóða, auk nýjustu aðferða, er koma mættu að haldi við kenslu í fríhendis- og listiðnaðarteikningu. Brjef 2. febr. 5 fskj. (Nd. 166).
2. Ríkarður Jónsson sækir um 2000 kr. styrk til að kynna sjer þróun þjóðlegrar húsgagnalistar í Svíþjóð og Noregi. Brjef 21. mars. (Ed. 41).

Lífeyrissjóður embættismanna, sjá Eftirlaun og styrktarfje 16.

Líkn.

1. Hjúkrunarfjelagið Líkn sækir um 4000 kr. handa hjálparstöð Líknar fyrir berklaveika. Brjef 26. nóv. 1927. (Nd. 18, v).
2. Útdráttur úr skýrslu um starfsemi hjúkrunarfjelagsins Líknar síðastl. ár, ásamt áætlun um tekjur og gjöld 1928. (Nd. 264).

Ljósmæðrafjelag Íslands skorar á Alþingi að koma í kring breytingum á lögum um yfirsetukonur. Brjef 25. jan. (Nd. 99).

Loðmundarfjarðarhreppur, sjá Eftirgjöf á lánum 4 og 5.

Loftur Guðmundsson, sjá Kvikmynd.

Lón, sjá Strandferðir 1.

Ludvig Guðmundsson, sjá Alþýðuskólar 3.

Lúðrasveit Reykjavíkur.

1. Lúðrasveit Reykjavíkur sækir um 4000 kr. styrk. Brjef 2. febr. (Nd. 178).
2. Undirbúningsnefnd alþingishátíðar 1930 mælir með styrk til Lúðrasveitar Reykjavíkur. Brjef 21. febr. 2 fskj. (Nd. 268).

Lýðmentun. Bókaútgáfufjelagið Lýðmentun sækir um 1500 kr. styrk. Brjef 8. febr. (Nd. 194).

Lýtingsstaðahreppur, sjá Símamál 9.

Læknishjerað í Ólafsfirði. Erindi hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps um lögskipað læknishjerað í Ólafsfirði. Brjef 10. jan. (Nd. 135).

Magnús Helgason, sjá Námsstyrkur 17.

Magnús Jónsson, sjá Námsstyrkur 32.

Magnús Kristjánsson bústjóri, sjá Húsmæðraskólar 7.

Magnús Pjetursson, leikfimi- og handavinnukennari við barnaskólann á Akureyri, sækir um 1500 króna utanfararstyrk. Brjef 11. jan. 2 fskj. (Nd. 8).

Malin, prjónastofa, sjá Iðjufjelag Íslands.

María Markan, sjá Námsstyrkur 14.

Markaður.

1. Hermann Þorsteinsson erindreki sækir um 2500 kr. ferðastyrk til þess að kynna sjer verkunaraðferðir og umbúðafrágang á síld á Norðurlöndum og Skotlandi. Brjef 12. jan. 1 fskj. (Nd. 86).
2. Runólfur Stefánsson sækir um 12—15 þús. kr. styrk til útbreiðslu á markaði fyrir ísl. síld, bæði innanlands og utan. Brjef 10. febr. (Nd. 207).
3. Atv.- og samgmrn. beiðist umsagnar sjútvn. um erindi Edvards Frederiksen um 3000 kr. styrk til markaðsleitar fyrir ísl. síld. Brjef 21. mars. (Nd. 329).
4. Matarbúðin Hrímnir í Reykjavík leitar meðmæla sjútvn. með 6000 kr. styrk af fje því, sem ætlað er í fjárlögum yfirstandandi árs til markaðsleitar erlendis, til þess að gera tilraunir um að senda frystar og kældar fisk-»fillettur« á markað í Englandi. Brjef 31. jan. (Nd. 96).
5. Sveinn Árnason, yfirfiskimatsmaður á Seyðisfirði, sækir um fje til farareyris um Suðurlönd til þess að rannsaka þar markaðshorfur og kröfur þær, er kaupendur gera til fiskjar hjeðan. Brjef 8. febr. (Nd. 241).
6. Brjef utanríkisráðuneytisins danska, dags. 14. des. 1927, ásamt fskj., snertandi íslenskan fiskifulltrúa á Spáni. Með brjefi forsrh. 14. febr. (Nd. 231, ii).
7. Erindi yfirfiskimatsmannsins á Seyðisfirði, dags. 3. nóv. 1927, um styrk til Suður-Evrópuferðar í fiskimatserindum. Með brjefi atvmrn. 23. jan. 1 fskj. (Nd. 43).
8. Tómas Hallgrímsson sækir um styrk til fisksölutilrauna í Suður-Ameríku. Brjef 24. des. 1927, með brjefi atvmrn. 23. jan. 1 fskj. (Nd. 44).
9. Erindi h/f »Íslenskt fiskútflutningsfjelag«, dags. 28. des., um styrk til fisksölutilrauna í Suður-Ameríku. Með brjefi atvmrn. 23. jan. (Nd. 45).

Meistara- og doktorspróf, sjá Stúdentafjelag Reykjavíkur.

Mentaskólinn.

1. Tillögur frá rektor mentaskólans í Reykjavík um fjárveitingar til skólans árið 1929. Brjef 5. nóv. 1927. (Nd. 18, xxi).
2. Guðm. G. Bárðarson sækir um 1200 kr. styrk til áhaldakaupa handa mentaskólanum. Brjef 4. mars. (Ed. 27).

Miðunarstöð. Skipstjóra- og stýrimannafjelagið Ægir fer þess á leit, að sjútvn. hlutist til um, að fje verði veitt til miðunarstöðvar í Vestmannaeyjum. Brjef 1. febr. (Nd. 98). Sjá ennfr. Slysavarnafjelag.

Miklavatnsmýraráveitan. Magnús Torfason alþm. beinir til Alþingis og mælir með tilmælum frá stjórn Miklavatnsmýraráveitufjelagsins um að skuld fjelagsins verði færð niður um þriðjung. Brjef 6. mars. 1 fskj. (Nd. 299).

Minningarsjóður Sigurðar Eirikssonar, sjá Stórstúka Íslands.

Mjólkurfjelag, sjá Mjöll.

Mjólkursamlag Eyfirðinga. Þingmenn Eyfirðinga fara þess á leit, að Mjólkursamlagi Eyfirðinga verði veittur a. m. k. 15 þús. kr. styrkur, og ennfr. 45 þús. kr. lán úr viðlagasjóði. Brjef 14. mars. (Ed. 34).

Mjöll.

1. Mjólkurfjelagið Mjöll í Borgarnesi fer þess á leit, að verksmiðjunni verði veittur styrkur úr ríkissjóði eins og að undanförnu. Brjef 27. ág. 1927. (Nd. 18, xli).
2. Sama fjelag sækir um 30 þús. kr. lán úr viðlagasjóði. Brjef 28. ág. 1927. (Nd. 18, xlii).

Sjá ennfr. Iðjufjelag Íslands.

Moskusnaut, sjá Sauðnaut.

Námsstyrkur.

1. Agnar J. Norðfjörð sækir um 2000 kr. til framhalds hagfræðinámi við Hafnarháskóla. Brjef 5. jan. (Nd. 101).
2. Andrjes J. Straumland sækir um 2000 kr. styrk til þess að stunda nám við alþýðuskóla í Englandi. Brjef 20. jan. (Nd. 189).
3. Axel Guðmundsson frá Grímshúsum í Þingeyjarsýslu sækir um 3000 kr. til söngkenslunáms í Danmörku. Brjef 1. febr. 3 fskj. (Nd. 97).
4. Árni G. Friðriksson sækir um 1200 kr. til þess að ljúka námi við Hafnarháskóla. Brjef 3. jan. 6 fskj. (Nd. 2).
5. Forseti Fiskifjelagsins mælir með námsstyrk til Árna Friðrikssonar. Brjef 28. febr. (Nd. 281).
6. Árni S. Björnsson sækir um 1200 kr. til þess að ljúka námi í tryggingavísindum og hagfræði við Hafnarháskóla. Brjef 5. jan. 6 fskj. (Nd. 17).
7. Ásgeir Einarsson sækir um 1200 kr. í 4 ár til þess að nema dýralæknisfræði í Þýskalandi. Brjef 3. febr. 3 fskj. (Nd. 160).
8. Ásgeir Sigurðsson sækir um 2000 kr. til þess að ljúka vjelfræðinámi í Kaupmannahöfn. (Nd. 122).
9. Björn Gunnlaugsson læknir sækir um 4000 kr. styrk til frekara náms í læknisfræði erlendis. Brjef 25. jan. 1 fskj. (Nd. 201).
10. Brynjólfur Björnsson sækir um styrk handa Bergþóru dóttur sinni til þess að halda áfram námi við tannlæknaskólann í Kaupmannahöfn. Brjef 4. febr. (Nd. 174).
11. Búi Þorvaldsson sækir um 3000 kr. til þess að nema mjólkurfræði erlendis. Brjef 31. jan. 4 fskj. (Nd. 102).
12. Eggert Briem flugmaður sækir um alt að 10 þús. kr. styrk til framhaldsnáms við flugskóla í Þýskalandi. Brjef 5. mars. 3 fskj. (Nd. 297).
13. Eggert Guðmundsson sækir um 1000 kr. styrk til utanfarar og framhaldsnáms í myndlist erlendis. Ódags. brjef. 5 fskj. (Nd. 154).
14. Einar Markússon sækir um 2000 kr. styrk handa dóttur sinni, Maríu Markan, til söngnáms. Brjef 3. febr. 1 fskj. (Nd. 126).

15. Geir G. Þormar myndskeri sækir um 3000 kr. til Ítalíufarar. Brjef 11. jan. (Nd. 111).
16. G. Óskar Scheving sækir um 2000 kr. til framhaldsnáms í Listaháskólanum í Kaupmannahöfn. Brjef 5. jan. 1 fskj. (Nd. 3).
17. Magnús Helgason sækir um 2000 kr. styrk handa Guðlaugi Rósinkranssyni til háskólanáms í Stokkhólmi. Brjef 19. jan. 1 fskj. (Nd. 119).
18. Guðm. Björnsson sýslum. sækir um 5000 kr. styrk handa Júlíusi syni sínum til verkfræðináms í Kaupmannahöfn. Brjef 22. nóv. 1927, með brjefi atvmrn. 24. jan. (Nd. 55).
19. Guðmundur Kristjánsson sækir um 3500 kr. til þess að ljúka söngnámi á Ítalíu. Ódags. brjef. 5 fskj. (Nd. 5).
20. Gunnar Hallgrímsson, Ísafirði, sækir um 2000 kr. utanfararstyrk til þess að fullkomna sig í fiðluleik. Brjef 31. jan. 3 fskj. (Nd. 110).
21. Halldór P. Dungal sækir um styrk til framhaldsnáms í tannlækningum. Brjef, dags. í jan., ásamt greinargerð frá föður hans. (Nd. 87).
22. Halldór Runólfsson sækir um 400 kr. styrk til framhaldsnáms í dráttlist. Ódags. brjef. 1 fskj. (Ed. 21).
23. Hannibal Valdimarsson sækir um 2500 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sjer kenslu og starfshögun í »hinum bestu, frjálsu skólum Englands«. Brjef 3. febr. (Nd. 149).
24. Fjelag íslenskra hjúkrunarkvenna sækir um 1500 kr. til þess að styrkja hjúkrunarnema sína til náms. Brjef 12. nóv. 1927. (Nd. 1).
25. Hólmfreður Franzson sækir um 1200 kr. til háskólanáms í Þýskalandi. Ódags. brjef. 3 fskj. (Nd. 112).
26. 34 háskólastúdentar fara þess á leit, að Ed. taki upp í fjárlög styrkveitingu til Hólmfreðs stúdents Franzsonar. Brjef 17. mars. (Ed. 46).
27. Ingibjörg Stein-Bjarnason sækir um 1500 kr. styrk í 2 ár, til þess að ljúka listmálaranámi. Brjef 11. febr. (Nd. 210).
28. Ísak Jónsson bakari sækir um 4000 króna utanfararstyrk til þess að fullkomna sig í kexgerð. Brjef 2. mars. (Nd. 293).
29. Jóhann Sveinsson frá Flögu sækir um 1200 kr. styrk til þess að stunda nám í uppeldisfræði. Brjef 1. mars. 1 fskj. (Nd. 292).
30. Jón Blöndal stúdent sækir um 1200 kr. til hagfræðináms við Hafnarháskóla. Brjef 6. jan. 5 fskj. (Nd. 33).
31. Jón Gauti Jónatansson sækir um styrk til þriggja ára náms í rafmagnsfræði við verkfræðingaskóla í Þýskalandi. Brjef 16. jan. 2 fskj. (Nd. 11).
32. Jón Magnússon sækir um 1200 kr. í 4 ár handa Magnúsi syni sínum til háskólanáms í París. Brjef 3. febr. 3 fskj. (Nd. 139).
33. Karl Jónsson læknir sækir um 4000 kr. styrk til frekara náms í fysiskum lækningum. Brjef 16. jan. 4 fskj. (Nd. 76).
34. Kristinn Pjetursson myndhöggvari sækir um 2000 kr. til Parísar- og Rómafarar. Brjef 16. jan. 3 fskj. (Nd. 59).

35. Kristján Kristjánsson frá Seyðisfirði sækir um 4000 kr. til ársdvalar á Ítalíu, til þess að ljúka söngnámi. Brjef 7. jan. 3 fskj. (Nd. 22).
36. Leifur Ásgeirsson stud. math. sækir um 600 kr. til viðbótar þeim námsstyrk, er hann hefir. Brjef 4. jan. (Nd. 220).
37. Oddur Guðjónsson sækir um 1200 kr. styrk til hagfræðináms við háskólann í Kiel. Brjef 17. jan. (Nd. 93).
38. Ólafur G. Guðmundsson sækir um 1500 kr. til þess að nema rafmagnsfræði í Þýskalandi. Ódags. brjef. (Nd. 124).
39. Sigurður Jónsson verkfræðingur sækir um alt að 4000 kr. styrk til framhaldsnáms í landmælingum. Brjef 15. febr. 1 fskj. (Nd. 296).
40. Sigurður Thoroddsen fer þess á leit, að námsstyrkur sá, sem veittur er Valgarði syni hans í núgildandi fjárlögum, verði einnig tekinn upp í fjárlög 1929. Brjef 3. febr. (Nd. 147).
41. Skúli Þórðarson sækir um 1200 kr. námsstyrk í tvö ár til sagnfræði- og latínunáms við Hafnarháskóla. Brjef 28. jan. 2 fskj. (Nd. 188).
42. Sveinn Jónsson sækir um námsstyrk handa Einari syni sínum til húsagerðarnáms í Þýskalandi. Brjef 4. febr. 1 fskj. (Nd. 163).

Náttúrufræðifjelagið. Tillögur Bjarna Sæmundssonar og Guðmundar G. Bárðarsonar, fyrir hönd Náttúrufræðifjelagsins, um fjárveitingar til náttúrugripasafnsins árið 1929. Brjef 19. nóv. 1927. 4 fskj. (Nd. 18, xxxviii).

Nes í Selvogi, sjá Sandgræðsla.

Niðursuðuverksmiðja, sjá Sláturfjelag Suðurlands.

Níels P. Dungal, sjá Bólusetning.

Nói, brjóstsykurgerð, sjá Iðjufjelag Íslands.

Nýbýli. Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri lætur uppi álit sitt um frv. til laga um að stofna nýbýli. Brjef 25. febr. (Ed. 45).

Oddeyrarbót, sjá Hafnir og lendingabætur 2.

Oddur Guðjónsson, sjá Námsstyrkur 37.

Oddur Valentínusson hafnsögumaður sækir um 1000 kr. styrk til mótorbátskaupa til notkunar við hafnsögu á innanverðum Breiðafirði. Brjef 8. jan. 1 fskj. (Nd. 91).

Olympisku leikarnir, sjá Íþróttir 3.

Orðabók Sigfúsar Blöndals, sjá Björg Þorláksdóttir.

Ottó B. Arnar, sjá Slysavarnafjelag.

Otto Tuliníus, sjá Síld 1.

Óðinn, sjá Varðskip.

Ólafsfjörður, sjá Læknishjerað.

Ólafur G. Guðmundsson, sjá Námsstyrkur 38.

Ólafur Hvanndal sækir um 2000 kr. utanfararstyrk til þess að læra að búa til myndamót fyrir litmyndaprentun. Brjef 3. febr. (Nd. 176).

Ólafur Ísleifsson í Þjórsártúni fer þess á leit, að Alþingi veiti samþykki sitt til þess, að hann megi fá keypta landspildu úr Kálfholtslandi, er hann hefir á erfðafestu. Brjef 7. febr. 3 fskj. (Nd. 247).

Ólafur Ólafsson og Guðjón Jónsson sækja um styrk til fyrirhleðslu Bjóluósa við Rangá. Brjef 10. apríl 1926. Með brjefi atvmrn. 24. jan. 2 fskj. (Nd. 56).

Ólafur Pálsson sundkennari fer þess á leit, að styrkur sá, er hann hefir til sundkenslu í Reykjavík, verði hækkaður upp í 3000 kr. Brjef 3. febr. (Nd. 168).

Ólafur Sveinsson vitavörður, sjá Vegamál 20.

Ól. P. Kristjánsson sækir um 1000 kr. styrk til þess að vinna að útbreiðslu esperanto. Brjef 1. febr. (Nd. 123).

Ólafur Þorvaldsson sækir um styrk úr ríkissjóði til þess að bæta skemdir af sjávargangi á ábýlisjörð sinni Herdísarvík. Brjef 25. okt. 1927, með brjefi atvmrn. 24. jan. (Nd. 54).

Ólafsvík, sjá Hafnir og lendingabætur 8.

Ósk, kvenfjelag á Ísafirði, sjá Húsmæðraskólar 4.

Patrekshreppur, sjá Eftirgjöf á lánum 6.

Páll Bjarnason, sjá Björn P. Kalman.

Páll Ísólfsson sækir um 2500 kr. styrk til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum. Brjef 3. febr. (Nd. 140).

Páll Stefánsson, sjá Gististaðir 3.

Páll Þorkelsson fer þess á leit, að sjer verði ætluð í fjárl. 1929 sama upphæð og síðasta Alþingi veitti honum, 800 kr. Brjef 6. okt. 1927. (Nd. 18, xxix). Sjá ennfr. Eftirlaun og styrktarfje 7.

Pjetur Jóhannsson vjelstjóri sækir um 500 kr. til framkvæmda á uppgötvunum, er hann fæst við. Brjef 8. mars. 2 fskj. (Nd. 310).

Póstmál. Áætlun póststjórnarinnar um útgjöld við póststjórnina 1929. Brjef 7. okt. 1927. (Nd. 251).

Prjónastofan Malin, sjá Iðjufjelag Íslands.

Radiomiðunartæki, sjá Stýrimannaskólinn.

Radiomiðunarstöð, sjá Slysavarnafjelag.

Raforkustöðvar.

1. Búðahreppur sækir um ríkissjóðsábyrgð fyrir alt að 100 þús. kr. láni til fyrirhugaðrar raflýsingar í Búðaþorpi. Brjef 14. jan. (Nd. 37).
2. Gunnl. Br. Einarsson sækir fyrir hönd sr. Einars Pálssonar í Reykholti um 2000 kr. styrk til þess að gera tilraun um að koma upp rafstöð til ljósa við hverinn Skriflu í Reykholti. Brjef 15. febr. 1 fskj. (Nd. 238).

Rannveig Tómasdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfje 9.

Rauðakrossdeild Akureyrar sækir um 3000 kr. árlegan styrk handa hjálparstöð fyrir berklaveika á Akureyri, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Brjef 30. jan. (Nd. 113).

Rauðikross Íslands, sjá Alþjóðahjálparstarfsemi.

Reyðarfjarðarhreppur, sjá Dýralæknar 5.

Reykdal, sjá Jóhannes.

Reykholt. Gunnlaugur Einarsson frá Reykholti sækir f. h. sr. Einars Pálssonar um fjárveitingu til þess að byggja upp bæinn í Reykholti. Brjef 14. mars. 1 fskj. (Ed. 35).

Reykhólar, sjá Sundlaugar 1, Þórey Pálsdóttir.

Reykjahlíðarkirkja, sjá Kirkjur.

Ríkarður Jónsson, sjá Listiðnaður 2.

Ríkisborgararjettur.

1. Björg Þorláksdóttir fer þess á leit, að fæðingjarjettur sinn megi gilda hjer á landi, þrátt fyrir langa dvöl erlendis. Brjef 20. jan. (Nd. 61).
2. A. Hjemgaard á Seyðisfirði fer þess á leit, að sjer verði veittur íslenskur ríkisborgararjettur. 3 fskj. (Nd. 239).
3. Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um beiðni frá A. Hjemgaard um veiting ríkisborgararjettar. Brjef 28. febr. (Nd. 282).
4. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir skrifstofustjóra frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar fyrir Jetvald Lorang Jacobsen og Einar Andreas Olsen Færseth, ásamt umsóknum beggja með fylgiskjölum. Brjef 7. febr. (Ed. 15).

Ríkismerki Íslands. Brjef sendiherra Íslands í Khöfn, dags. 22. okt. 1927, ásamt skrá, er hann hefir samið yfir þá staði, sem hann leggur til, að fáni og ríkismerki Íslands verði sent til, handa ræðismönnum Íslands og Danmerkur, til viðbótar þeim stöðum, er áður hafa fengið slík merki. Með brjefi forsrh. 14. febr. (Nd. 234, i).

Ritstyrkur, sjá Björg Þorláksdóttir.

Runólfur Stefánsson, sjá Markaður 2, Síld 4.

Saga íslenskra kvenna, sjá Bandalag kvenna.

Saltfiskur. Fjármálaráðuneytið sendir fjhn.:

1. Brjef frá h/f Kveldúlfi, dags 9. nóv. 1927,
2. Eftirrit af brjefi ráðuneytisins til lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 14. s. m., og
3. Brjef lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 14. febr.,

snertandi aðflutningsgjald af óverkuðum saltfiski, er nefnt hlutafjelag hefir flutt inn frá Færeyjum til verkunar hjer. Ennfr. erindi Kristjáns Einarssonar, dags 13. s. m., um sama efni. (Nd. 245).

Samband ísl. heimilisiðnaðarfjelaga, sjá Heimilisiðnaður 4.

Samband norðlenskra kvenna fer þess á leit, að því verði veittur styrkur eins og að undanförnu, eigi minni en 500 kr. Brjef 10. jan. 1 fskj. (Nd. 12).

Samband starfsmanna ríkisins.

1. Samband starfsmanna ríkisins fer þess á leit, að starfsmenn ríkisins verði fyrst um sinn undanþegnir öllum tekjuskatti, eða a. m. k. þeim 25% tekjuskattsauka, sem nú er í ráði að leggja á skattþegnana. Brjef 8. febr. (Nd. 306).

2. Sama sækir um ríkisábyrgð á byggingaláni handa starfsmönnum ríkisins í Reykjavík, alt að 20 þús. kr. á hverja íbúð. Brjef 6. mars. (Nd. 298).

Sjá ennfr. Launamál 6.

Sameining síma og pósts, sjá Símamál.

Sameining Tungu og Ísafjarðarkaupstaðar.

1. Fjölmennur kjósendafundur í Eyrarhreppi mótmælir innlimun Tungu í Ísafjarðarkaupstað. Símsk. 4. febr. (Nd. 170).
2. Símskeyti Tryggva A. Pálssonar, dags. 8. febr., viðvíkjandi sameiningu Tungu og Ísafjarðarkaupstaðar. (Nd. 196).
3. Símskeyti bæjarfógetans á Ísafirði til allshn., dags. 14. febr., viðvíkjandi sameiningu Tungu og Ísafjarðarkaupstaðar. (Nd. 222).

Samvinnufjelag Ísfirðinga sækir um ríkissjóðsábyrgð á láni til bátakaupa fyrir fjelagsmenn, alt að $^4/_5$ af kaupverði hvers báts, samtals alt að 400 þús. kr. Brjef 14. jan. 1 fskj. (Nd. 78).

Sandgræðsla. Fundargerð almenns safnaðarfundar að Nesi í Selvogi, 16. des. 1927, um uppgræðslu Strandarkirkjusands. 1 fskj. (Nd. 339). Sjá ennfr. Búnaðarfjelag Íslands 4.

Sanitas, sjá Iðjufjelag Íslands.

Sauðnaut. Vigfús Sigurðsson Grænlandsfari sækir um 25 þús. kr. til þess að flytja inn lifandi sauðnaut frá Grænlandi. Brjef 18. jan. (Nd. 63).

Sendiherra Dana, sjá Gin- og klaufaveiki.

Sendiherra í Kaupmannahöfn, Sjá Ríkismerki.

Siglufjarðarkaupstaður, sjá Hafnir og lendingabætur 3.

Sigríðarstaðaskógur, sjá Skógrækt.

Sigríður Blöndal, sjá Eftirlaun og styrktarfje 10.

Sigurbjörn Árnason á Akranesi sækir um 20 þús. kr. lán til kartöfluræktar í stórum stíl. Brjef 2. febr. (Nd. 132).

Sigurbjörg Sveinsdóttir, sjá Blindrastyrkur.

Sigurborg Kristjánsdóttir, sjá Húsmæðraskólar 5 og 6.

Sigurður Baldvinsson, sjá Vigfús Einarsson.

Sigurður Danielsson, bóndi á Kolviðarhóli, sækir um lán til húsabóta þar. Brjef 2. nóv. 1927. 1 fskj. (Nd. 18, I).

Sigurður Greipsson, sjá Íþróttir 4.

Sigurður Hannesson, sjá Eftirlaun og styrktarfje 6.

Sigurður Hlíðar sækir um 12—15 hundruð króna styrk til þess að sækja dýralæknamót í Oslo. Brjef 23. nóv. 1927, með brjefi atvmrn. 24. jan. (Nd. 53).

Sigurður Jónsson á Stafafelli í Lóni ber sig upp undan ránum færeyskra fiskimanna í varpi og selalátrum og krefst skaðabóta og aukinna strandvarna. Brjef 10. febr. (Nd. 333).

Sigurður Jónsson verkfræðingur, sjá Námsstyrkur 39.

Sigurður Magnússon, sjá Eftirlaun og styrktarfje 11.

Sigurður Sigurðsson, sjá Nýbýli.

Sigurður Thoroddsen, sjá Námsstyrkur 40.

Síldarstöð, sjá Síld.

Síldarverksmiðja, sjá Síld.
Síld.
1. Otto Tulinius býðst til að selja ríkinu síldarstöð í Hrísey og koma þar á fót síldarvinsluverksmiðju, sem tilbúin sje fyrir 15. júlí n. k. Brjef 17. jan., með brjefi atvmrn. 5 fskj. (Nd. 203).
2. Skýrsla Jóns Þorlákssonar um rannsókn á kostnaði við að byggja fullkomna síldarverksmiðju á Norðurlandi. Með brjefi atvmrn. 2. febr. 8 fskj. (Nd. 156).
3. Fundarsamþykt verkamannafjelagsins Dagsbrúnar 9. febr. viðvíkjandi skipulagi á síldarframleiðslu og tryggingu á greiðslu verkakaups. (Nd. 263).
4. Erindi Runólfs Stefánssonar til sjútvn. Nd. viðvíkjandi tolli á síld. Brjef 15. febr. (Nd. 232).
5. Skýrsla frá atvmrn., dags. 19. mars, um veitt leyfi til að kaupa síld til bræðslu af erlendum skipum. (Nd. 320).

Símamál.
1. Áætlun yfir tekjur og gjöld landssímans fyrir árið 1929, ásamt brjefi landssímastjóra, dags. 17. okt. 1927, og 2 fskj. (Nd. 18, viii og xiv).
2. Erindi aðalpóstmeistara, dags. 18. okt. 1927, og landssímastjóra, dags. 31. s. m., bæði um sameiningu síma og pósts. Með brjefi atvmrn. 24. jan. (Nd. 50).
3. Erindi nefndar þeirrar, er skipuð var 29. sept. 1927, samkv. tilætlun síðasta Alþingis, til þess að rannsaka, hvernig hagkvæmast yrði ráðin bót á húsnæðisskorti landssímans og póststofunnar í Rvík. Dags. 12. jan., með brjefi atvmrn. 23. jan. 1 fskj. (Nd. 49).
4. Erindi landssímastjóra, dags 13. jan., ásamt erindi Gunnlaugs Briems, dags. 20. s. m., um endurbætur á rekstri landssímans. Með brjefi atvmrn. 28. jan. (Nd. 80).
5. Erindi landssímastjóra, dags. 13. jan., um nýja bæjarsímamiðstöð í Reykjavík. Með brjefi atvmrn. 28. jan. (Nd. 81).
6. Erindi landssímastjóra, dags. 14. jan., um aðskilnað síma og pósts í Belgíu. Með brjefi atvmrn. 28. jan. (Nd. 79).
7. Atv.- og samgmrn. sendir samgmn. Nd. afrit af brjefi landssímastjórans, dags. 22. febr., viðvíkjandi framkvæmd símaverka á þessu ári. Með brjefi 28. febr. (Nd. 284).
8. Brjef landssímastjóra, dags. 12. mars, um húsnæðisþörf landssímans. Með brjefi atvmrn. 21. mars. (Ed. 42).
9. 104 alþingiskjósendur í Lýtingsstaðahreppi fara þess á leit, að veitt verði fje á árinu 1928 til þess að leggja símalínu frá Víðimýri fram í Lýtingsstaðahrepp. Dags. í nóv. 1927. (Nd. 181).
10. Jón A. Jónsson alþm. skorar á fjvn. Nd. að taka upp í fjárlögin 45 þús. kr. fjárveitingu til símalagningar frá Ögri til Snæfjalla. Brjef 10. febr. (Nd. 218).

Sjógeymir, sjá Sjóveita.
Sjómannafjelag Vestmannaeyja skorar á Alþingi að samþykkja frv. það um

lengingu hvíldartíma á togurum, sem nú liggur fyrir þinginu, og sömuleiðis frv. um atvinnuleysistryggingar. Brjef 1. mars. (Nd. 300).

Sjóveita til fiskþvottar. Þingm. Vestm. sækir fyrir hönd hafnarnefndar Vestmannaeyja um alt að 50 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til þess að koma þar upp sjógeymi og sjóveitu til fiskþvottar. Brjef 4. febr. (Nd. 171).

Sjúkrahús og læknissetur.

1. Tillögur frá forstöðumanni heilsuhælisins á Vífilsstöðum um fjárveitingar til hælisins árið 1929. Brjef 9. nóv. 1927. (Nd. 18, ii).
2. Heilsuhælisfjelag Norðurlands fer þess á leit, að veitt verði til byggingar Kristneshælis alt að 10 þús. kr., gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Brjef 30. jan. (Nd. 108).
3. Sjúkrahúsfjelag Stykkishólms sækir um styrk til sjúkrahúsbyggingar. Brjef 28. jan., með brjefi dómsmrn. 14. febr. (Nd. 227).
4. Þingm. Vestm. sækir fyrir hönd bæjarstjórnarinnar þar um 20 þús. kr. styrk til þess hægt sje að útbúa sjúkrahúsið með nauðsynlegum tækjum. Brjef 4. febr. 3 fskj. (Nd. 172).
5. Stjórn Heilsuhælisfjelags Norðurlands sendir yfirlit um fjárreiður Kristneshælis. Brjef 5. mars. (Nd. 312).

Sjúkrastyrkur.

1. Umsókn um að styrkur Evu Hjálmarsdóttur til heilsuhælisdvalar erlendis megi haldast óbreyttur. Brjef 12. jan., umsögn landlæknis, dags. 2. febr. (Nd. 92).
2. Halldór Briem sækir um 2000 kr. til þess að leita sjer lækninga við sjóndepru. Brjef 28. jan. 1 fskj. (Nd. 88).
3. Laufey Valdimarsdóttir sækir um 1200 kr. styrk fyrir hönd Unnar Vilhjálmsdóttur kennara, sem dvelur í Svíþjóð sjer til heilsubótar. Brjef 3. febr. (Nd. 165).
4. Unnur Ólafsdóttir sækir um utanfararstyrk til þess að leita sjer lækninga. Brjef 8. febr. 2 fskj. (Nd. 192).

Skaðabætur vegna sóttvarna. Jón Kristjánsson á Akureyri sækir um 4000 kr. til nokkurra bóta á tjóni, sem hann varð fyrir 1924 vegna taugaveiki og sóttvarnarráðstafana í sambandi við hana. Brjef 11. jan. (Nd. 10).

Skagaströnd, sjá Hafnir og lendingabætur 7.

Skálar, sjá Hafnir og lendingabætur 1.

Skáldstyrkur, sjá Guðmundur Kamban.

Skálm, sjá Álftavershreppur.

Skeiðahreppur, sjá Vegamál 14.

Skemdir af jökulhlaupi, sjá Jóhann Jóhannsson.

Skemdir af sjávargangi, sjá Ólafur Þorvaldsson.

Skemtanaskattur, sjá Þjóðleikhús.

Skjólgarður í Krossavík, sjá Hafnir og lendingabætur 9.

Skógrækt.

1. Áætlun skógræktarstjóra um útgjöld við skógræktina 1929, ásamt brjefi sama, dags. 3. okt. 1927, með tilmælum um fjárveitingu til að girða Sigríðarstaðaskóg (Nd. 18, xliii, a og b).

2. Skógræktarstjóri sendir nokkur skjöl, er varða byggingu íbúðarhúss á Hallormsstað. (Nd. 18, xliii, c).

Skólagjöld. 140 aðstandendur og fjárhaldsmenn Reykjavíkurnemenda í mentaskólanum skora á þingmenn Reykjavíkur að beita sjer fyrir afnámi skólagjalda, en sje enginn kostur á afnámi þeirra, þá verði þau a. m. k. lækkuð til mikilla muna. Brjef 20. febr. (Nd. 275).

Skriðdalshreppur, sjá Dýralæknar 3.

Skrifla, sjá Raforkustöðvar 2.

Skúli Þórðarson, sjá Námsstyrkur 41.

Sláturfjelag Suðurlands sækir um 25 þús. kr. styrk og alt að 70 þús. kr. lán til þess að koma upp niðursuðuverksmiðju. Brjef 29. febr. 4 fskj. (Nd. 301). Sjá ennfr. Iðjufjelag Íslands.

Slysatrygging.

1. Stjórn Slysatryggingar ríkisins sendir allshn. Nd. umsögn sína um frv. um breytingu á slysatryggingalögunum og um meðlagða ályktun Fiskifjelagsdeildar Dýrafjarðar viðvíkjandi iðgjöldum slysatryggingarinnar. Brjef 28. febr. (Nd. 285).
2. Forseti Fiskifjelagsins sendir álit allshn. Fiskiþingsins um breytingar á slysatryggingalögunum. Með brjefi 27. febr. (Nd. 278).

Slysavarnafjelag Íslands.

1. Slysavarnafjelag Íslands sækir um 10 þús. kr. styrk. Brjef 2. febr. (Nd. 195).
2. Sama sendir sjútvn. Nd. spurningar viðvíkjandi radiomiðunarstöðvum, er það hefir sent sjerfræðingum til úrlausnar, ásamt svörum þeirra Th. Krabbe, O. B. Arnars og G. Briems. Brjef 25. febr. (Nd. 280).

Smjörlíkisgerðin Ásgarður, sjá Gin- og klaufaveiki 8.

Snæfjöll, sjá Símamál 10.

Soffía Guðlaugsdóttir, sjá Leiklist 3.

Sóttvarnir, sjá Skaðabætur vegna Sóttvarna.

Spákonufellssókn, sjá Kirkjur 1.

Staðarfell, sjá Húsmæðraskólar.

Stefán Kristinsson, sjá Launamál 5.

Steinþór Guðmundsson, skólastjóri á Akureyri, sækir um 2500 króna utanfararstyrk til þess að kynna sjer reynslu annara þjóða um notkun kvikmynda í þarfir fræðslu og menningar. Brjef 11. jan. 1 fskj. (Nd. 32).

Stórstúka Íslands.

1. Stórstúka Íslands sækir um 30 þús. króna árlegan styrk til útbreiðslustarfs og 15 þús. króna tillag í Minningarsjóð Sigurðar Eiríkssonar. Brjef 5. nóv. 1927. 1 fskj. (Nd. 18, xlv).
2. Brynleifur Tobíasson fer þess á leit, að veittar verði 300 kr. til alþjóðaskrifstofunnar í Lausanne gegn áfengisbölinu. Brjef 26. sept. 1927. (Nd. 18, xxvii).

Strandarkirkjusandur, sjá Sandgræðsla.

Strandferðir.

1. 32 búendur í Borgarhafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu skora á Alþingi að veita 2000 kr. til bátaferða, aðallega til flutninga í Borgarhafnarhrepp og Lón. Brjef 20. jan. (Nd. 216).
2. Brjef atv.- og samgmrn. til samgmn., dags. 6. febr., um styrk til flóabáta. (Nd. 190).
3. Pjetur Ottesen alþm. sendir samgmn. skýrslu um ferðir Hvalfjarðarbátsins síðastl. ár og mælir með því, að honum verði veittur sami styrkur framvegis og verið hefir. Brjef 17. febr. 1 fskj. (Nd. 340).

Stúdentafjelag Reykjavíkur.

1. Stúdentafjelag Reykjavíkur fer þess á leit, að tekinn verði upp í fjárlög 1929 venjulegur styrkur til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins. Brjef 25. jan. (Nd. 133).
2. Sama skorar á neðri deild Alþingis að fella þáltill. þá, er fyrir deildinni liggur, um háskólanám annara en stúdenta og um meistara- og doktorspróf. Brjef 12. apríl. (Nd. 335).

Stýrimannaskólinn.

1. Tillögur forstöðumanns stýrimannaskólans um fjárveitingar til skólans 1929. Brjef 1. nóv. 1927. (Nd. 18, xx).
2. Erindi skólastjóra stýrimannaskólans, dags. 1. nóv. 1927, um radiomiðunartæki fyrir skólann. Með brjefi dómsmrn. 19. mars. (Ed. 40).

Sundkensla, sjá Ólafur Pálsson.

Sundlaugar.

1. Samþyktir frá þremur almennum hreppsfundum í Barðastrandarsýslu, þar sem skorað er á Alþingi að veita styrk til sundlaugarbyggingar á Reykhólum, eigi minni en helming byggingarkostnaðar laugar og skýlis. Brjef 12. jan. 6 fskj. (Nd. 221).
2. Jón A. Jónsson alþm. sækir fyrir hönd u. m. f. Bolungarvíkur um styrk til þess að fullgera sundlaug í Bolungarvík. Brjef 14. febr. 4 fskj. (Nd. 230).
3. Íþróttafjelagið Huginn á Seyðisfirði sækir um alt að 3000 kr. styrk til sundlaugarbyggingar. Brjef 29. febr. 2 fskj. (Ed. 33).

Sveinbjörn Sveinsson, sjá Laxveiði 2.

Sveinn Árnason, sjá Markaður 5.

Sveinn Jónsson, sjá Námsstyrkur 42.

Sveinn Víkingur, prestur á Dvergasteini, sækir um 4000 kr. til húsabóta þar. Brjef 12. jan. (Nd. 65).

Tollur á síld, sjá Síld 4.

Torfi Jónsson, sjá Gististaðir 2.

Tómas Hallgrímsson, sjá Markaður 8.

Tryggvi Pálsson, sjá Sameining.

Tunga, sjá Sameining.

Tungufoss, sjá Virkjun.

Undirbúningsnefnd alþingishátíðar, sjá Hljómsveit Reykjavíkur 2, Lúðrasveit Rvíkur 2. Vegamál 18.
Unnur Ólafsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 4.
Unnur Vilhjálmsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 3.
Uppgötvanir, sjá Pjetur Jóhannsson.

Úlfljótsvatnssókn, sjá Þingvallaprestakall.
Útvarp.
1. Erindi útvarpsnefndarinnar, dags. 30. jan., um kostnað við ríkisrekstur útvarps, með brjefi atvmrn. 4. febr. (Nd. 182).
2. Fjelag viðvarpsnotenda sendir áskoranir um útvarpsmálið, er samþyktar voru á fundi fjel. 17. febr. Brjef 21. febr. (Nd. 271).

Valdimar Jónsson, sjá Byggingarlóð.
Valgarður Thoroddsen, sjá Námsstyrkur 40.
Varðskip.
1. Brjef skipstjórans á Þór, dags. 29. nóv. 1927, um skip, sem staðin hafa verið að veiðum í landhelgi, en komist undan varðskipinu vegna þess hve það er ferðlaust og seint í vöfum. Með brjefi dómsmrn. 20. jan. (Nd. 24).
2. Erindi frá skipstjórum varðskipanna, Óðins og Þórs, um launakjör þeirra. Brjef 1. febr. 1 fskj. (Nd. 117).
3. Erindi frá stýrimönnunum á Óðni og Þór um launakjör þeirra. Brjef 6. febr. (Nd. 186).
4. Stjórn Vjelstjórafjelags Íslands gerir athugasemdir við frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim. Brjef 21. febr. (Ed. 22).
5. Erindi frá Vjelstjórafjelagi Íslands viðvíkjandi launakjörum vjelstjóra á varðskipum ríkisins. Brjef 22. febr. (Nd. 269).
6. Forseti Fiskifjelagsins sendir sjútvn. Nd. tillögur Fiskiþingsins um landhelgigæslu. Brjef 25. febr. (Nd. 276).

Vatnsnes, sjá Hafnir og lendingabætur 5.
Veðdeildarlán, sjá Bankamál.
Veðurskeyti, sjá Veðurstofan.
Veðurstofan.
1. Erindi veðurstofunnar, dags. 16. sept. 1927, um hveramælingar, ásamt viðbótarerindi frá sömu stofnun, dags. 21. nóv. s. á., um kostnað við þær. Með brjefi atvmrn. 25. jan. (Nd. 69).
2. Breski konsúllinn í Reykjavík fer þess á leit, að veðurspár veðurstofunnar verði sendar út á ensku. Brjef 3. des. 1927, ásamt brjefi atvmrn. 28. febr. 1 fskj. (Nd. 283).
3. Erindi forstöðumanns veðurstofunnar viðvíkjandi útgjöldum veðurstofunnar á síðastliðnu ári. Brjef 6. febr. með brjefi atvmrn. 8. febr. (Nd. 206).
4. Tíu skipstjórar af Akranesi lýsa óánægju sinni yfir veðurspám veðurstofunnar nú upp á síðkastið, einkum frá s. l. nýári, og skora

á þing og stjórn að rannsaka, á hvern hátt bót verði á þessu ráðin. Brjef 18. febr. (Nd. 266).

5. Þingm. Vestmannaeyinga sendir umkvörtun frá formönnum og útvegsmönnum, vegna óáreiðanleika veðurskeytanna á yfirstandandi ári. Brjef 22. febr. (Nd. 273).
6. 9 skipstjórar úr Keflavík lýsa óánægju sinni yfir því, hve veðurspár veðurstofunnar reynist óáreiðanlegar og óska, að bót verði á ráðin sem fyrst. Brjef 23. febr. (Nd. 286).

Vegamál.

1. Tillögur vegamálastjóra um fjárveitingar til vegamála árið 1929, ásamt brjefi vegamálastjóra 8. nóv. 1927. (Nd. 18, xi).
2. Skýrsla sama um brúargerðir árið 1927. Brjef 23. ág. 1927. (Nd. 18, xiii).
3. Vegamálastjóri leggur til, að endurgreiðsla til Rangárvallasýslu vegna kostnaðar af Holtaveginum 1922—24 verði bundin því skilyrði, að fjenu verði varið til umbóta helstu sýsluvegum í sýslunni. Brjef 2. apríl. (Ed. 50).
4. Sameiginlegur fundur verkamannafjelagsins Fram og Verslunarmannafjelags Seyðisfjarðar skorar á Alþingi að veita 100 þús. kr. til akbrautarlagningar yfir Fjarðarheiði. Símsk. 18. jan. (Nd. 16).
5. Fundargerð sameiginlegs fundar Verslunarmannafjelags Seyðisfjarðarkaupstaðar og verkamannafjelagsins Fram, dags. 15. jan., með áskorun til Alþingis um fjárveitingu til akbrautar yfir Fjarðarheiði. 1 fskj. (Nd. 240).
6. Bæjarstjórinn á Seyðisfirði sendir ályktun bæjarstjórnarinnar þar, er samþ. var á fundi 6. febr., um akfæran veg yfir Fjarðarheiði. (Nd. 242).
7. Erindi vegamálastjóra, dags. 23. febr., viðvíkjandi akvegi yfir Fjarðarheiði. Með brjefi atvmrn. 29. febr. 1 fskj. (Nd. 290).
8. Hreppsnefnd Dyrhólahrepps í Vestur-Skaftafellssýslu beiðist þess, að þing og stjórn hrindi í framkvæmd lagning bílfærs vegar með tilheyrandi brúm á svæðinu í og úr Mýrdal, yfir Eyjafjallasveitir að Seljalandi. Brjef í des. 1927. (Nd. 6). Samhljóða erindi frá hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps (Nd. 94), Vestur-Eyjafjallahrepps og Hvammshrepps (Nd. 82).
9. 90 kjósendur úr Rangárvallasýslu skora á Alþingi að veita fje til brúargerðar á Þverá. Brjef í des. 1927. (Nd. 70).
10. 85 kjósendur í Austur-Landeyjahreppi skora á Alþingi að veita fje til brúargerðar á Þverá. Brjef 30. des. 1927. (Nd. 287).
11. 76 kjósendur í Rangárvallasýslu skora á Alþingi að veita fje í næstu fjárlögum til brúargerðar á Þverá. (Nd. 7).
12. Fundargerð almenns hreppsfundar á Búðum 13. jan. um raflýsingu Búðaþorps og akbraut frá Búðum að Kirkjubóli. (Nd. 36).
13. Hreppsnefnd Búðahrepps sækir um 6000 króna styrk úr ríkissjóði til akbrautar frá Búðum að ræktunarsvæðinu á Kirkjubóli. Brjef 14. jan. (Nd. 38).

14. Skeiðahreppur sækir um styrk til tveggja vegarspotta á Skeiðum. Brjef 6. mars 1927, með brjefi atvmrn. 28. jan. 2 fskj. (Nd. 83).
15. Sýslumaðurinn í Árnessýslu beinir til stjórnarinnar eftirriti úr gerðabók sýslunefndarinnar þar, þar sem skorað er á þing og stjórn að gefa eftir Flóavegarlánið. Brjef 14. sept. 1927. 2 fskj. (Nd. 18, vi).
16. Umsögn vegamálastjóra um 5. lið 22. gr. fjárl.frv. 1929 (Flóavegarlán). Brjef 2[illegible]. febr. 3 fskj. (Nd. 272).
17. Guðm. Björnsson sýslum. fer þess á leit fyrir hönd sýslunefnda Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að sýslusjóðunum verði endurgreiddur kostnaður sá, er þeir hafa haft af viðhaldi Borgarfjarðarbrautar. Brjef 4. febr. Umsögn vegamálastjóra 20. febr. (Nd. 211).
18. Undirbúningsnefnd alþingishátíðar 1930 fer þess á leit, að tekin verði upp í fjárlög 1929 heimild fyrir stjórnina til þess að fullgera fyrirhugaða Þingvallabraut upp Mosfellsdal fyrir 1930, og taka til þess lán, ef á þarf að halda. Brjef 21. febr. (Nd. 279).
19. Erindi skólastjórans á Eiðum, dags. 31. des. 1927, um bílveg frá Eyvindará að Eiðum. Með brjefi dómsmrn. 23. jan. (Ed. 4).
20. Ólafur Sveinsson vitavörður sækir um styrk til þess að gera akfæra leiðina frá Grindavík til Reykjanesvita. Brjef 28. sept. 1927, með brjefi atvmrn. 23. jan. 1 fskj. (Nd. 47).
21. Hólshreppur í N.-Ísafjarðarsýslu sækir um styrk til ræktunarvega í hreppnum. Brjef 10. febr. 4 fskj. (Nd. 253).
22. Umsögn vegamálastjóra um sjö erindi (Nd. 6, 7, 16, 38, 70, 82, 94) snertandi vegamál. Brjef 17. febr. 1 fskj. (Nd. 252).

Verslunarmannafjelag Seyðisfjarðar, sjá Vegamál 4 og 5.

Verslunar- og viðskiftafræði, sjá Háskólinn 3.

Verslunarráð Íslands mótmælir einkasölufrumvörpum þeim, er fyrir þinginu liggja. Brjef 22. mars. 4 fskj. (Nd. 328).

Vigfús Einarsson sækir fyrir hönd Sigurðar Baldvinssonar póstmeistara um alt að 20 þús. kr. lán úr viðlagasjóði, gegn 2. veðrjetti í húsi hans á Seyðisfirði, til þess að standa straum af viðgerðarkostnaði hússins. Brjef 4. apríl. (Nd. 342).

Vigfús Sigurðsson, sjá Sauðnaut.

Vilhjálmur Ásmundsson í Vogshúsum í Selvogi ber sig upp undan usla, er Færeyingar geri með skothríð í selalátrum fyrir Vogshúsalandi og kringum þau. Brjef til sýslumannsins í Árnessýslu 20. mars. (Nd. 331).

Virkjun. Símskeyti sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 15. jan., viðvíkjandi virkjun Tungufoss í Eystri-Rangá. Með brjefi atvmrn. 8. febr. (Nd. 205).

Vitamál.

1. Tillögur vitamálastjóra um fjárveitingar til vitamála árið 1929. Brjef 2. og 3. nóv. 1927. 2 fskj. (Nd. 18, x).
2. Forseti Fiskifjelagsins sendir tillögur Fiskiþingsins um vitamál, ásamt brjefi vitamálastjóra, dags. 27. jan., og brjefi skipstjórafjelagsins Ægis 1. febr. Brjef 27. febr. (Nd. 277).

3. Erindi vitamálastjóra, dags. 10. febr., um útgáfu á íslenskri leiðsögubók við siglingar. Með brjefi atvmrn. 15. febr. (Nd. 261).
4. Fiskifjelagið beinir þeim tilmælum til sjútvn. Nd., að hún flytji á þessu þingi frv., er fari í þá átt, að hreppsfjelögum verði gert að skyldu að viðhalda lendingar- og innsiglingarmerkjum á veiðistöðvum innan hreppsins. Brjef 1. mars. (Nd. 291).
5. Aðalfundur Fiskifjelagsdeildarinnar á Ísafirði skorar á Alþingi að veita á árinu 1929 ekki minni upphæð til vitabygginga en veitt er í fjárlögum yfirstandandi árs. Símsk. 15. mars. (Nd. 317).

Viðimýri, sjá Símamál 9.
Víðvarp, sjá Útvarp.
Vífilsstaðahæli, sjá Sjúkrahús og læknissetur.
Vjelstjórafjelag Íslands, sjá Varðskip 4 og 5.
Vjelstjóraskólinn. Tillögur forstöðumanns vjelstjóraskólans um fjárveitingar til skólans 1929. Brjef 23. nóv. 1927. (Nd. 18, xxvii).
Vogshús, sjá Vilhjálmur Ásmundsson.

Yfirsetukonur, sjá Ljósmæðrafjelag.
Yfirsetukvennaskóli. Tillögur landlæknis um fjárveitingar til yfirsetukvennaskólans árið 1929. Brjef 14. nóv. 1927. (Nd. 18, xxii).

Þingmálafundargerðir.
Af Akureyri, ein, 2. jan. (Ed. 8).
Úr Árnessýslu, þrjár, 14. og 15. jan. (Nd. 39 og 89).
Úr Barðastrandarsýslu, fjórar, 20. og 22. des., 13. og 16. jan. (Nd. 143 og 307).
Úr Dalasýslu, ein, 16. jan. (Nd. 41).
Úr Eyjafjarðarsýslu, tvær, 30. des. og 2. jan. (Ed. 7).
Úr Austur-Húnavatnssýslu, ein, 13. jan. (Ed. 10).
Úr Vestur-Húnavatnssýslu, ein, 14. jan. (Nd. 35).
Úr Ísafjarðarkaupstað, ein, 29. des. (Nd. 29).
Úr Norður-Ísafjarðarsýslu, tvær, 13. jan. (Nd. 114) og 25. jan. (Almennur fulltrúa- og hjeraðsfundur að Ögri). (Nd. 209).
Úr Vestur-Ísafjarðarsýslu (Fundargerð þing- og hjeraðsmálafundar V.-Ísf. 15. jan.). (Nd. 40).
Úr Norður-Múlasýslu, ein, 30. des. (Nd. 27).
Úr Suður-Múlasýslu, tvær, 10. des. og 10. jan. (Nd. 28, Ed. 6).
Úr Austur-Skaftafellssýslu, ein, 7. jan. (Nd. 60).
Úr Snæfellsnessýslu, tvær, 11. og 14. jan. (Nd. 58).
Úr Strandasýslu, þrjár, 20., 21. og 25. jan. (Nd. 142).
Úr Vestmannaeyjum, ein, 12. jan. (Nd. 23).
Úr Norður-Þingeyjarsýslu, ein, 28. des. (Nd. 67).
Úr Suður-Þingeyjarsýslu, ein, 4. jan. (Nd. 75).

Þingvallabraut, sjá Vegamál 18.

Þingvallaprestakall.
1. 45 kjósendur í Þingvallasókn beiðast þess, að Þingvallaprestur haldi brauði sínu óskertu, og mótmæla jafnframt þeim friðunarráðstöfunum á Þingvallalandi, sem fyrirhugaðar eru í frv., er fyrir þinginu liggur. Brjef 9. mars. (Nd. 315).
2. 33 kjósendur í Úlfljótsvatnssókn beiðast þess, að Þingvallaprestakall verði látið haldast óbreytt framvegis. Brjef 9. mars. (Nd. 314).
3. Sóknarnefnd Úlfljótsvatnssóknar sendir mótmæli gegn niðurlagningu Þingvallaprestakalls. Brjef 12. mars. (Nd. 327).

Þingvellir. Guðm. Davíðsson sendir allshn.:
1. Hluta af skýrslu frá Þingvöllum 1923 til stjórnarráðsins.
2. Brot úr ritgerð. (Nd. 259).

Þjóðleikhússjóður. Stjórn þjóðleikhússjóðsins ræður Alþingi eindregið frá því að samþykkja frv. til laga á þskj. 348, um viðauka við lög um skemtanaskatt og þjóðleikhús. Brjef 3. mars. (Nd. 295).

Þjóðmenjasafnið. Tillögur þjóðmenjavarðar um fjárveitingar til Þjóðmenjasafnsins árið 1929. Brjef 4. nóv. 1927. (Nd. 18, xxxvi).

Þjóðmenjavörður, sjá Gunnsteinsstaðakirkja.

Þjóðskjalasafn. Tillögur þjóðskjalavarðar um fjárveitingar til Þjóðskjalasafnsins árið 1929. Brjef 1. nóv. 1927. (Nd. 18, xxxii).

Þorkell Jóhannesson mag. art. sækir um 1200 kr. styrk til þess að rannsaka fornar starfsmenjar, er varða hagsögu þjóðarinnar. Ódags. brjef. 1 fskj. (Nd. 202).

Þorkell Þorkelsson, sjá Jarðfræðirannsóknir.

Þorleifur Jónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfje 14 og 15.

Þormar, sjá Geir.

Þór, sjá Varðskip.

Þórey Pálsdóttir mótmælir eignarnámi á eignarjörð sinni, Reykhólum í Reykhólahreppi. Brjef 21. febr. (Nd. 270).

Þórður Flóventsson fer þess á leit, að hann fái að halda styrk þeim, er hann hefir haft að undanförnu til þess að kenna silunga- og laxaklak. Brjef 27. ág. 1927. (Nd. 18, xl) Sjá ennfr. Laxveiði 5.

Þórólfur Beck, sjá Hafnir og lendingabætur 10.

Þverá, sjá Vegamál 9—11.

Ægir, skipstjóra- og stýrimannafjelag, sjá Miðunarstöð, Vitamál 2.

Ögur, sjá Símamál 10.

Ölgerð, sjá Iðjufjelag Íslands.